Alþingi 1921.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Ár 1921, þriðjudaginn 15. febrúar, var þrítugasta og þriðja löggefandi Alþingi, sem er tuttugasta og fjórða aðalþing í röðinni, en fertugasta og áttunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist, sett í Reykjavík.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 1 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Árni Björnsson, prófastur að Görðum á Álftanesi, steig í stólinn og lagði út af Matt. 7, 24—30.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Landskjörnir þingmenn.

1. Sigurður Eggerz,	2. landsk.	þm.
2. Sigurður Jónsson,	3. —	—
3. Guðjón Guðlaugsson	4. —	—
4. Hjörtur Snorrason,	5. —	—
5. Guðmundur Björnson,	6. —	—
6. Sigurjón Friðjónsson,	1. landsk. vara-	þm.

B.

Kjördæmakosnir þingmenn.

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Hallsson, 2. þm. N.-M.
4. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
5. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
6. Eiríkur Einarsson, 1. þm. Árn.
7. Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang.
8. Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv.
9. Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang.
10. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
11. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
12. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
13. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
14. Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf.
15. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
16. Jón Þorláksson, 3. þm. Reykv.
17. Karl Einarsson, þm. Vestm.
18. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.

19. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
20. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
21. Magnús Pjetursson, þm. Str.
22. Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf.
23. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
24. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
25. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
26. Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M.
27. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
28. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
29. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
30. Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn.
31. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
32. Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M.

Þessir þingmenn voru ókomnir til þings:

1. Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K.
2. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
3. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
4. Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.*)

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra Jón Magnússon og las upp opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1921, svo látandi:

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: *Að Vjer samkvæmt 18. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1921.*

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem sitja eiga á þinginu, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amalíuborg, 4. janúar 1921.
Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.
Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

Opið brjef
er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1921.

Þá las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa til þess að setja Alþingi, svo hljóðandi:

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: *Vjer viljum hjer með veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1921.*

Ritað á Amalíuborg 4. janúar 1921.
Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.
Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

Konungsbrjef
um
setning Alþingis.

Síðan mælti

forsætisráðherra (J. M.): Þá hefir hans hátign konungurinn beðið mig að bera Alþingi konunglega kveðju sína, og væntir hann þess, að sjer og hennar hátign drotn-

*) E. Þ. kom til þings 16. febr., J. S. og Þór. J. 22. s. m., en G. Sv. kom aldrei, sakir sjúkleika.

ingunni auðnist að heimsækja Ísland á þessu ári.

Að svo mæltu er Alþingi sett.

Þá stóð upp **Sigurður Stefánsson**, þm. N.-Ísf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir það með níföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra (J. M.): Þá vil jeg biðja elsta þingmanninn, háttv. 3. landsk. þm. (S. J.), að ganga til forsetasætis og gegna forsetastörfum, þar til kosning hefir farið fram á forseta sameinaðs þings.

Aldursforseti (S. J.) gekk þá til forsetastóls og kvaddi sjer til aðstoðar, sem fundarskrifara, þá

Guðmund Björnson, 6 landsk. þm. og
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.

Rannsókn kjörbrjefa.

Skiftust nú þingmenn í kjördeildir og urðu í

1. deild:

Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,
Halldór Steinsson,
Hjörtur Snorrason,
Jakob Möller,
Jón Baldvinsson,
Pjetur Þórðarson,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
Sigurður Jónsson,
Sigurður Stefánsson,
Þorleifur Jónsson og
Þorsteinn Jónsson.

2. deild:

Einar Árnason,
Eiríkur Einarsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Guðfinnsson,
Guðmundur Ólafsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Karl Einarsson,
Magnús Kristjánsson,
Ólafur Proppé,
Pjetur Jónsson,
Stefán Stefánsson,
Sveinn Ólafsson og
Þorleifur Guðmundsson.

3. deild:

Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðmundur Björnson,
Gunnar Sigurðsson,
Hákon Kristófersson,
Jón Auðunn Jónsson,
Jón Þorláksson,
Magnús Guðmundsson,
Magnús Jónsson,
Magnús Pjetursson,
Pjetur Ottesen,
Sigurður Eggerz og
Sigurjón Friðjónsson.

Kjörbrjefadeildir skiftu með sjer kjörbrjefum þann veg, er lög mæla fyrir, að fyrsta deild fjekk annari, önnur þriðju og þriðja fyrstu.

Var nú fundi frestað.

Kl. 3 var fundinum fram haldið, og höfðu þá kjörbrjefadeildir lokið störfum sínum.

Aldursforseti (S. J.): Fundurinn er settur aftur. Til umræðu er gildi kjörbrjefa, og hefir frsm. 1. kjörbrjefadeildar (S. St.) orðið.

Frsm. meiri hl. 1. kjörbrjefadeildar (Sigurður Stefánsson): 1. kjörbrjefadeild hefir borist kæra frá einum kjósanda í

Reykjavík. Hann kærir út af kosningunni yfirleitt, og er kæran í 4 atriðum. Fyrsta atriðið er um kosningu þingmanns í stað Sveins Björnssonar. Kærandi heldur því fram, að hún hafi dregist of lengi og farið fram með ólöglegu móti. Það hefði átt að vera óhlutbundin kosning, ekki hlutbundin, og hafi þetta getað haft mikil áhrif á úrslit kosninganna. Það er að vísu satt, að bókstafur laganna virðist benda í þá átt, að þingmann í stað Sveins Björnssonar hefði átt að kjósa á undan hinum og með öðru móti. Á þessu byggir kærandi, en færir ekki frekari rök fyrir máli sínu en þau, að þetta sje sinn skilningur. Í þeirri grein laganna, sem þetta atriði fellur undir, er svo kveðið að orði, að þegar autt verður sæti þingmanns, skuli kosning fara eins fljótt fram og henta þykir. Þetta er rúmt lagaákvæði. Það er skiljanlegt, að stjórnin hafi notfært sjer það, þegar svo stóð á sem hjer. Kosning tveggja nýrra þingmanna stóð fyrir dyrum, og þá var eðlilegt að láta kosningu þriðja mannsins fylgjast með. Það verður ekki sagt, að slíkt sje á móti anda laganna, heldur gagnstætt. En það, sem aðallega mælir með þessari aðferð, er hagkvæmi hennar. Hjer í Reykjavík kostar hver kosning kjósendur og þingmannaefni mikið. Kosningabáknið er orðið stórt og kostnaðarsamt, og það er ekki vert að setja það oftar á hreyfingu en brýn nauðsyn krefur. Stjórnin hefir steypt saman þessum kosningum, til þess að firra Reykvíkinga of miklum kostnaði og fyrirhöfn. Og þetta er mikilsvert atriði. Þegar hjer við bætist, að þessi aðferð er í anda laganna og að öllu hagkvæmari, þá má þingið vel við una, þó ekki sje hún í strangasta skilningi eftir lagabókstafnum.

Þá er annað atriði kærunnar, að aukakjörskrá hafi verið ólögleg. Kjörbrjefadeildin var hjer á einu máli. Aukakjörskráin var ekki lögleg. Á hana voru teknir nýir kjósendur, rjett á undan kosningunum, en löglegra hefði verið að þeir hefðu fylgt sömu reglu og aðrir, verið teknir á kjörskrá í maímánuði. En hjer er þó á það að líta, að úr því sem komið var, voru aðeins tvær leiðir færar, að svifta fjölda manna kosningarrjetti, eða taka þá á ólöglega aukakjörskrá. Og þá leiðina verð jeg að álíta heppilegri, þótt ekki geti jeg mælt henni bót að öðru leyti.

Þá er komið að þriðja atriði kærunnar, að kosningu hafi verið lokið meðan óslitinn straumur kjósenda gekk að kjörborði og kaus. Um þetta atriði verður ekkert sagt með vissu. Upplýsingar vantar. Ef þetta atriði ætti að rannsakast til hlítar, yrði að fresta úrskurði um gildi kosningarinnar. Oss þingmönnum er ókunnugt um, hve margir kjósendur hafi mist atkvæði sitt á þennan hátt, en þar sem hvorki kjósendur nje þingmannaefni eiga hjer sök á máli, sje jeg ekki ástæðu til að fresta úrskurði þess vegna.

Um fjórða atriðið, að marga hafi vantað á kjörskrá, og þar hafi verið menn, sem ekki höfðu atkvæðisrjett, er sama að segja og um þriðja atriðið. Upplýsingar vantar.

Það er áreiðanlegt, að þessi kosning hefir marga og mikla galla. Það verður að víta. En hitt er annað mál, hvort þessir gallar sjeu þess eðlis, að kosningu eigi að ógilda þeirra vegna.

Engir þessara galla hafa haft áhrif á úrslit kosninganna, nema fyrsta kæruatriðið. Það getur hafa haft áhrif, en jeg lít svo á, að þar hafi stjórnin haft rjett fyrir sjer, því það á að leggja meiri áherslu á anda laganna en bókstaf þeirra. Þess vegna er ekki ástæða til að ógilda kosninguna. Annað er það, að kjósendur og þingmannaefni eiga hjer enga sök á máli. Það væri hart að hegna þeim fyrir yfirsjónir bæjarstjórnar og landsstjórnar, og þessvegna er ekki rjett að ógilda kosninguna.

Það er enginn efi á því, að bæjarstjórn

hefir kastað mjög höndum að samningu kjörskrár; hundruð kjósenda vantaði þar. Að vísu eru kærur teknar til greina, en það er aðgætandi, að kjósendur hjer í Reykjavík standa þar ver að vígi en aðrir. Þeir eru margir ekki í bænum til þess að gæta rjettar síns og heimta nafn sitt á kjörskrá. Þeir eru út og austur, á sjó og landi, að leita sjer atvinnu, eða stunda atvinnu. En þegar svo í skömmina er komið fyrir bæjarstjórn, þá er von að hún verði „liberal" og setji á kjörskrá, með ólöglegu móti, þá, sem eiga þar heima að lögum. Það væri ef til vill ekkert á móti því, að þingið beindi áskorun til landsstjórnarinnar um að víta aðferð bæjarstjórnarinnar. Jeg ber það ekki upp hjer, jeg er málinu of ókunnugur. Jeg vona, að málið skýrist hjer við umræðurnar, og þá er hægt að taka afstöðu eftir því, sem rjettast þykir.

Frsm. 2. kjörbrjefadeildar (Karl Einarsson): Það var samþ. í þeirri deild, sem jeg mæli fyrir, að taka kosningu háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) gilda. Sumir vildu að vísu fresta úrskurði um kosninguna, aðrir vildu ógilda hana, en það varð ofan á að taka hana gilda. Jeg þarf ekki að færa rök fyrir þessu. Það hefir háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) gert, og vísa jeg til orða hans.

Frsm. minni hl. 1. kjörbrjefadeildar (Benedikt Sveinsson): Herra forseti! Fyrsta kjörbrjefadeild klofnaði um það atriði, er hjer liggur fyrir. — Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir nú lýst áliti meiri hluta deildarinnar, og verð jeg þá að gera grein fyrir áliti minni hlutans.

Kjörbrjefadeildin var sammála um ýms hin einstöku atriði málsins, en um niðurstöðuna gat hún ekki orðið sammála.

Í fyrsta lið kærunnar er það til fundið, að kosið hafi verið í öll þrjú þingsætin með hlutfallskosningu, en að ekki hafi mátt viðhafa þá aðferð um þann mann, sem kosinn var í stað Sveins Björnssonar.

Nú var nýja stjórnarskráin ekki gengin í gildi, þegar Sveinn Björnsson lagði niður þingmensku og tók við sendiherraembættinu. En samkvæmt 53. gr. kosningalaganna á kosning, þegar svo ber undir sem hjer, að fara fram sem fyrst, eða svo fljótt sem henta þykir, og hefði því að sjálfsögðu átt að kjósa mann í sæti Sveins Björnssonar skömmu eftir að hann tók við sendiherraembætti. Þetta kom til umræðu hjer í bænum þegar í haust, bæði manna á milli og jafnvel í blöðum, þótt það væri lítið rætt opinberlega.

En jafnvel þótt hin nýja stjórnarskrá væri gengin í gildi, og einnig hin nýju kosningalög fyrir Reykjavík, er mjög vafasamt, hvort rjett var að beita þeirri kosningaraðferð, sem viðhöfð var. Því að í 11. gr. laga um þingmannakosning í Reykjavík segir svo:

> „Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum".

Hjer er nú vafalaust um uppkosningu að ræða, í stað Sveins Björnssonar, og átti því að fara um þá kosning sem kosning þingmanna í sjerstökum kjördæmum. Það er skýlaust, að þetta er mjög mikilsvert atriði, sem bersýnilega gat haft áhrif á öll kosningaúrslitin. Ef fylgt hefði verið ákvæðum 11. gr. þessara laga, sem eg nefndi, við kosningu í stað Sveins Björnssonar, þá hefði ekki verið nema um tvö þingsæti að ræða við síðari kosninguna. En við það hefði hlutfallið orðið alt annað, og aðrir komist að. Mesti hlutinn einn hefði ráðið kosningu hins eina mannsins, og því ekki komið nema tveir flokkar til greina við síðari kosninguna. Hjer virðist því hafa verið brotið í bág við stjórnar-

skrána og gildandi lagaákvæði, á þann hátt, að áhrif hafi haft á úrslit kosninganna.

Að vísu mun mega finna það til málsbóta, að þessi aðferð hafi verið í anda þeirra laga, sem í vændum voru, um það, hvernig haga skyldi framvegis kosningum í Reykjavík. En harla hæpið er það, að láta anda þeirra laga ráða meir, sem ekki eru í gildi komin, heldur en bein fyrirmæli gildandi laga, — og svo var hjer, þegar kjósa átti í stað manns, sem kosinn var eftir öðrum lögum og eldri ákvæðum. Rjettara virðist að fara eftir ákvæðum þeirrar stjórnarskrár, sem þá var í gildi, og þau hin nýju lögin nutu sín í fullum mæli, þótt svo hefði verið gert. En eins og jeg sagði áðan, hefir þessi meðferð málsins haft bein áhrif á úrslit kosninganna.

Eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók fram, er það og vitanlegt, að aukakjörskrár þær, er kosið var eftir við þessa kosningu, voru ekki bygðar á löglegum heimildum. Það er þegar viðurkent, enda augljóst mál.

Þinginu hefir verið legið á hálsi fyrir að setja ekki sjerstök bráðabirgðalög um þetta. En það var með öllu óþarft. Kosningalögin frá 1915 eru í þessu öldungis einhlít. Því að í 11. gr. þeirra laga stendur, að „í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett, þegar kjörskráin öðlast gildi (1. júlí), en *vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu,* er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett.“

Nú var það vitanlegt, að stjórnarskráin gengi í gildi 1. janúar, og því vitanlegt hverjir fengi kosningarrjett samkvæmt henni. Það var því ekki einungis heimilt heldur og skylt að taka þá á aukakjörskrá í maí. Þetta var ekki gert, og hefir bæjarstjórnin þar með framið lagabrot. Hún hefir síðan reynt að klóra í bakkann á síðustu stundu og semja kjörskrá yfir hina nýju kjósendur. En að tilbúningi þeirrar skrár var kastað höndunum, eigi síður en að samningu aðalkjörskrár, og allir frestir ólöglegir — ekki nógu langir — og eins sá tími, sem skrá þessi lá frammi.

En eins og kunnugt er, mega frestir allir, þegar um aukakjörskrá er að ræða, ekki vera meira en ⅓ skemri en við aðalkjörskrá. Nú er svo ákveðið, að auglýsa skuli hálfum mánuði fyr, hve nær aðalkjörskrá verði lögð fram, en síðan á hún að liggja frammi aðra 14 daga. En kærufrestur er þangað til þrem vikum eftir að kjörskrá var lögð fram. Þetta verða því 5 vikur alls, frá því auglýst er, hvar kjörskrá verði lögð fram og þar til kærufrestur er liðinn. Hjer vill nú svo til, að kjörskrá er auglýst *sama dag sem hún er lögð fram.* Hún liggur frammi *fjóra* daga og *kærufrestur er ekki lengri en þessir 4 dagar.* Hjer er því framið gífurlegt lagabrot. Bæjarstjórnin reyndi að vísu að gera bragarbót, og lengdi kærufrestinn, svo að hann varð alls 9 dagar, enda dengdi kærum svo niður, að þær urðu um 1500, að því er jeg hefi heyrt.

Þó voru margir, jafnvel þingmenn hjer búsettir, sem ekki gátu neytt kosningarrjettar síns, af því að þá vantaði á kjörskrá, þegar til kom, og er þetta rjett til dæmis um frábæra hroðvirkni við samning kjörskrárinnar.

Þegar svo farið er að kjósa, er kosið eftir *fimm* kjörskrám: aðalkjörskrá og aukakjörskrá, og viðbótarskrá við þær hvora í sínu lagi, og loks sjerstakri skrá yfir þá kjósendur, sem kosningarrjett fengu samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá.

Jeg veit ekki, hvort menn þekkja þess dæmi, hjer eða annarsstaðar, að kosið sje eftir 5 kjörskrám við sömu kosninguna.

Þá er þriðja atriði kærunnar, að kjördeildum væri lokað, meðan óslitinn straumur kjósenda gekk að kjörborðinu.

Eins og kunnugt er, var kjósendum, fyrir fjölmennis sakir, skift í 8 kjördeildir. Það er staðhæft í kærunni, að „kjördeildum var lokað, meðan óslitinn straumur kjósenda gekk að kjörborðinu". Það er ekki tekið fram í kærunni, hvort þetta á að skilja alveg bókstaflega, þannig, að *þeirri* kjördeild hafi verið lokað, er hafði óslitið aðstreymi. En það er víst, og enda viðurkent, að kjördeild var lokað meðan óslitinn straumur var að öðrum kjördeildum. Það er hvergi heimilað, enda bersýnilega alrangt, að loka kjördeildum og meina einstökum kjósendum á þann hátt að neyta atkvæðis síns, meðan aðrir borgarar geta óhindrað kosið. T. d. er það um 7. kjördeild, að hægt er að sanna um marga, sem þar ætluðu að kjósa, eftir að búið var að loka henni og innsigla skjölin, en var meinað að kjósa annarsstaðar þótt kosning hjeldi þar áfram. Aftur á móti hafði 8. kjördeild flutt plögg sín yfir í Báruna, svo að þeir, sem þar áttu að kjósa, gátu neytt kosningarrjettar síns. Allir sjá, hve ranglátt þetta er, og mjög verulegt misrjetti.

Í 4. lið kærunnar er kært yfir því, að „kjörskrárnar voru að ýmsu leyti mjög gallaðar, þar sem á þær vantaði ýmsa kjósendur, sem fullan kosningarrjett höfðu".

Þetta eru auðvitað almenn atriði, og ekki hægt að byggja á þessu einu ógildi kosningarinnar. Því að vanti mann á kjörskrá, á hann rjett á að kæra. Hitt er annað, þegar heila hópa vantar á kjörskrá, og fjölda manna á þann hátt bægt frá að kjósa, — samning kjörskrár svo hræmuleg, að hundruð manna vantar.

Jeg verð að leggja áherslu á það, að allur tilbúningur kjörskrárinnar hefir verið meira eða minna ólöglegur, og það svo, að mönnum var jafnvel ekki unt að tryggja rjett sinn. Hjer eru 7—8 þúsund kjósendur, og geta þeir ekki allir kært á fám dögum, og það þessa síst, ef svo mikil þröng er um kjörskrána, að menn eiga undir högg að sækja að komast inn, til þess að líta í hana, eða komast það alls ekki, eins og í vetur.

Það er að vísu ekki nýtt, þótt framin sje lagabrot við kosningar hjer í Reykjavík. En svona stórkostleg hafa þau aldrei áður verið. Síðasta Alþingi ónýtti kosning fyrsta þm. Reykv. (Jak. M.), sem nú er. Það var mikil ástæða til að ætla, að bæjarstjórnin mundi taka sjer fram. En ef marka má það, sem Alþýðublaðið segir fyrir fám dögum, er svo að sjá, sem þessi kosning sje verri en nokkurntíma áður, og hafi alla galla fyrri kosninga, en í stærra mæli.

Jeg veit ekki, hvernig Alþingi líst á blikuna, ef svo heldur fram. Það mun ekki geta látið slíkar lögleysur óátaldar. En fyrir þá, sem staðið hafa að samningu kjörskrárinnar, væri það eftirminnilegast, að kosningin væri gerð ógild með öllu, og þá væri farið að lögum.

Jeg vil því, fyrir hönd minni hluta 1. kjörbrjefadeildar, leggja það til, að kosningin verði gerð ógild, en til vara, að frestað verði úrskurði um gildi kosningarinnar, til að rannsaka nánar kæruatriðin.

Kjörbrjefadeildin var öll samhuga um það, að þingið skyldi víta þau lagabrot, sem framin hafa verið, og að tekin skyldi ákvörðun um það.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er að eins eitt atriði kærunnar, sem snertir mig,

eða þá deild stjórnarráðsins, sem hefir með alþingismálin að gera. Það er 1. liður kærunnar.

Bæði háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafa talið það að minsta kosti óvíst, hvort löglegt hafi verið að láta dragast að kjósa mann í stað Sveins Björnssonar. Háttv. frsm. meiri hluta 1. kjörbrjefadeildar (S. St.) áleit það þó fullkomlega afsakanlegt, og virtist ekki viss um, að það væri ólöglegt. En jeg skildi háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) svo, að hann teldi það með öllu ólöglegt. En þeir skýrðu báðir dálítið rangt frá orðalagi þessarar lagagreinar. Því í 53. gr. kosningalaganna stendur ekki „svo fljótt sem *henta* þykir", heldur *þurfa* þykir. Og það er alt annað. Það hlýtur að þýða það, að kjósa eigi svo fljótt, að maður geti mætt á þingi. Því fyr en á þingi hefir enginn nýkosinn þingmaður rjett.

Nú gat hugsast, að þyrfti að kalla saman þing fyr en 15. febrúar. En þá var alt af hægurinn hjá að kjósa einn þingmann hjer í Reykjavík, og engu spilt, þótt kosningin drægist. Það þurfti ekki lengri tíma til kosningarinnar í Reykjavík en til þess að kalla þingmenn annarsstaðar að til þings.

Þá kemur önnur ástæða, sem að vísu hefir ekki verið nefnd hjer í þinginu, en oft utan þings, en hún er sú, að sömu kjósendur, sem kusu fráfarandi þingmann, hefðu einnig átt að kjósa þann nýja, og skil jeg ekki vel, hvað meint er með því. Þá talaði háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) um eldri heimildir, og að þennan eina þingmann hefði átt að kjósa eftir sömu heimildum og giltu, þegar hinn fráfarandi var kosinn. Eins og breytt stjórnarskrá væri einhver alveg ný heimild. Nei, stjórnarskráin er og verður lifandi heild, og í aðalatriðunum hin sama, þótt nokkrar breytingar sje á henni gerðar. Jeg verð því að segja, að jeg skil ekki þá ástæðu.

En um hitt atriðið er það að segja, að ómögulegt er að vefengja það, að full heimild væri til að fresta kosningunni. Í lögum er alls ekkert því til fyrirstöðu. Og það var ekki einasta heimilt, það var líka í rauninni lögskylt. Því hvað er meint með hlutfallskosningu annað en það, að rjettur hlutanna, minsta og mesta hluta og miðhluta, komi sem best fram. Þingið var búið að segja það ótvírætt, að það vildi fá fram hlutföllin hjer í Reykjavík, og því betur koma þau fram, sem fleiri eru kosnir.

Jeg hefði getað haft tilhneigingu til að láta kosninguna fara fram á hinn veginn, eftir því sem mjer var flutt af einstökum mönnum í haust. Jeg ljet kosninguna á manni í stað hins fráfarna þingmanns bíða, af því að það var rjett, og það eitt rjett að rjettum lögum.

Svo er annað. Því hefir verið haldið fram, að lögin um þingmannakosning í Reykjavík hindri þetta. Það er satt, að í 11. gr. þeirra stendur, að ef um kosningu á einum þingmanni sje að ræða, þá skuli farið að sem í sjerstökum kjördæmum. En jeg hygg, að öllum þingmönnum sje það í minni, hvernig stóð á því, að þetta ákvæði var sett, að það var eingöngu af þeim misskilningi, að ekki væri hægt að kjósa einn þingmann listakosningu. En það er einber misskilningur, því engu síður er hægt að kjósa einn á þann hátt. En þegar skýra á lög, er ekki rjett að lesa bókstafinn eingöngu, heldur verður engu síður að fara eftir anda laganna, eða finna það, sem löggjöfin vill sagt hafa. Þessi ástæða gegn því að taka kosninguna gilda er því alveg rakalaus, eða verri en það, því það hefði verið beinlínis rangt að fara öðruvísi að. Það hefði mátt fóðra það, með bókstaf laganna, en

þó, eftir þeim æðri lögum, rjettara að fara að á þann hátt, sem gert var.

Jeg hefði ekki látið þennan kærupóst koma fram. Það vill svo til að þetta er svo skýrt sem frekast má verða, og jeg hefði óskað þess, þingsins vegna, að önnur eins ástæða hefði ekki verið hjer fram borin.

Hin atriði kærunnar eru mjer óviðkomandi.

Jakob Möller: Það er langt síðan að menn heyrðu, að þessi kæra, sem fram er komin, mundi vera á leiðinni, en það er skamt síðan menn gátu trúað því, að nokkur mundi verða til að bera hana fram. Menn hjeldu, að varla mundi talað um slíkt í alvöru. Það var mesta furða, að nokkur skyldi fást til að bera slíka kæru fram, og það hefir líka sýnt sig, að það varð ekki nema einn maður, sem gat fengið sig til þess að ljá nafn sitt undir hana.

Annars er það um kæruna að segja að hún staðfestir þá reglu, að hjer í Reykjavík kærir hver sá, sem undir verður í kosningu. Kæran er komin fram að undirlagi aðstandenda þess listans, sem ekki kom til greina, og nú er málið sótt af þeim.

Annað atriðið í kærunni er því furðulegra, þar sem efsti maðurinn á þessum umrædda lista átti drjúgan þátt í því í bæjarstjórninni, að aukakjörskráin var gerð svo úr garði sem segir í kærunni og að er fundið. Mjer dettur í hug, að þeir hafi hugsað sem svo, að allur væri varinn góður, að hafa kosninguna gallaða, í von um ógildingu, ef illa færi. Annars eru allir sammála um, að aukakjörskrárnar hafi verið ólöglegar, og ætti því ekki að þurfa að orðlengja um það, eða að telja gallana upp í mörgum liðum, svo sem of stutta fresti og önnur smáatriði. Hitt er meginatriði, að ekki er upplýst, að neinir hafi fengið að kjósa eða verið settir á þessar aukakjörskrár, sem ekki áttu kosningarrjett að lögum.

Það er rjett, að með samningu aukakjörskrárinnar er framið lagabrot. En um það lagabrot stendur svo sjerstaklega á, að lögin eru brotin til þess að bæta úr ranglæti, sem margir menn hefðu annars orðið fyrir. Nú er skiljanlegt, að kært hefði verið yfir þessu, ef ástæða væri til að halda, að það hefði breytt úrslitum kosningarinnar. En svo er alls ekki. Viðbótin við kjósendatöluna mun hafa komið hlutfallslega niður á flokkana. Kærurnar yfir því, að menn vantaði á kjörskrá, komu nokkurnveginn jafnt frá öllum kosningaskrifstofunum.

Enn fremur er á það að líta, að hjer er rætt um að ógilda kosningu fyrir þá hluti, sem yfirkjörstjórn á sök á. Vitanlega lætur bæjarstjórnin semja viðbótarkjörskrána, en það er kjörstjórnin, sem lætur menn kjósa. Og yfirkjörstjórn hefir samþykt þessa ólöglegu kjörskrá. Í fyrra stóðu hjer nokkrir menn og vörðu kosningu mína rjettilega, með þeim rökum, að gallarnir á kosningunni væru kjörstjórn að kenna. Jeg vænti þess nú, að þeir hinir sömu standi nú og með mjer, er svo líkt stendur á.

Um fyrsta atriði kærunnar tel jeg óþarft að tala. Það er eins og hitt, stjórnarvöldunum að kenna, ef þar væri um löglevsu að ræða. En jeg tel það rjett, sem gert hefir verið. Á síðasta þingi voru samþykt lög um hlutfallskosningu í Reykjavík, og tilgangur þeirra laga er að vernda rjett minni hlutans. Það var sjálfsagt, að taka þau lög til greina strax. Hitt hefði verið óforsvaranlegt af stjórninni, ef hún hefði látið kjósa einn þm. fyrst fyrir nýár, og tvo síðar. Það hefði rjettilega mátt telja tilraun til að traðka rjetti minni hl. Og gildir einu, hver sá minni hluti hefði verið.

Þá er 3. atriði kærunnar, um að kosningu hafi verið slitið meðan óslitinn straumur kjósenda kom til að kjósa. Jeg

tel víst, að frsm. minni hl. 1. kjörbrjefadeildar (B. Sv.) hljóti að vita, að það var að eins ein kjördeild, sem þetta kom fyrir í. Annars er kæran svo ógreinilega orðuð, að þm. eru þess vegna að ráða til að fresta úrskurði um gildi kosningarinnar, svo að hægt væri að fá betri upplýsingar. Þetta væri mjög hættuleg braut að leggja út á. Með því væri mönnum gefið undir fótinn að koma fram með ógreinilegar kærur, til þess að bægja mönnum frá þingsetu um stundarsakir. Slíkt væri algerlega óforsvaranlegt. Nú er það upplýst, að þessari einu kjördeild var lokað kl. 11. Vitanlega var það ólöglegt, að þeir, sem eftir áttu að kjósa þar, gátu ekki fengið að kjósa annarsstaðar. En það hefir engin áhrif á úrslitin. Til þess að svo hefði farið, hefðu 439 kjósendur þurft að kjósa í þessari einu kjördeild eftir kl. 11 — og allir að kjósa sama listann. En jeg býst ekki við, að neinn háttv. þm. geri ráð fyrir því, að það furðulega fyrirbrigði hefði komið fyrir, þó að kosningunni hefði verið haldið áfram.

4. atriði kærunnar er hlægilegt. Það er vanhirðu kjósenda að kenna, ef þá vantar á kjörskrá, og í hverju einasta kjördæmi landsins kemur það fyrir við hverja kosningu, að einstakir menn missa atkvæðisrjett, af því að þá vantar á kjörskrá, og hefir aldrei fyr verið krafist ógildingar á kosningu fyrir þá sök.

Jeg verð að halda því fram, að það væri hreint gerræði að ógilda kosninguna fyrir formgalla eina, þar sem úrslitin eru svo skýr. Vjer vitum, að þrír listarnir komu hver að einum manni, og munurinn á atkvæðatölum þeirra var ekki svo mikill, að gallar þeir, sem á kosningunni kunna að vera, geti nokkur áhrif haft þar á. En 4. listinn fjekk svo fá atkvæði, að úrslitin gátu ekki raskast svo, að hann kæmi manni að.

Jeg veit, að þessi kæra er komin fram vegna vonbrigða, sem menn urðu fyrir, ekki að eins í kosningunni, heldur einnig eftir að komið var hingað til þings. Ef nú á að láta stærsta kjördæmi landsins missa þingmenn sína af þingi um lengri eða skemri tíma, og gjalda þannig vonbrigða eins flokks, þá þykir mjer skörin vera farin að færast upp í bekkinn.

Jeg á rjett til að tala aftur, og þá mun jeg, ef þess verður óskað, gera frekari grein fyrir þeim ástæðum, sem jeg hygg, að valdið hafi kærunni.

Sigurður Eggerz: Mjer virtist ræða hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) benda á nokkurn óróa í sálinni, en í málum eins og þessu er meiri þörf á kaldri ró, því í þeim málum sitja þingmenn í dómarasæti.

Háttv. þm. (Jak. M.) sagðist furða sig á því, að kæran kom fram. Jeg verð að segja, að bæði mig og marga fleiri furðaði á þessum orðum hans. Allir virðast sammála um það, að kosningin er svo stórgölluð, að hana má telja alveg ólöglega. En þegar svo er, er varla ástæða til undrunar, þótt kæra komi fram. Jafnvel þótt kosningin yrði tekin gild, á kjósandinn, er kærði, þakkir skilið fyrir að hafa gefið þinginu tækifæri, þó ekki væri til annars en að víta lögleysuna.

Um það virðist ekki einu sinni ágreiningur, að lögleysur hafi verið framdar. Framsögumenn 1. og 2. kjörbrjefadeildar töldu sjálfsagt að víta aðgerðir bæjarstjórnar og kjörstjórnar, og þm. N.-Þ. (B. Sv.) lagði svo mikla áherslu á gallana, að hann taldi þá fullkomna ógildingarsök.

Það er öllum vitanlegt, að aukakjörskráin var samin á ólöglegum tíma. Þetta er alvarlegt atriði og gat vel breytt úrslitum kosningarinnar, þar sem það breytti kjósendatölu að miklum mun.

Jeg vil víkja að einu atriði, sem mjer virðist mjög vítavert, og jeg er viss um, að Alþingi vill ekki láta koma fyrir aftur.

Það er hægt að sanna, að ýmsir kjósendur fengu ekki að greiða atkvæði, enda þótt kosningu væri ekki lokið. Einn kjósandi kom til mín og kvaðst ekki fá að kjósa, þar eð hans kjördeild (8. kjördeild) væri lokuð, en þær, sem opnar væru, hefðu ekki kjörskrár úr hans deild. Og bað maðurinn mig reyna að fá þetta leiðrjett. Jeg sneri mjer til 8. kjördeildar, sem var í Iðnaðarmannahúsinu. Formaður kjörstjórnar þar var Klemens Jónsson, fyrv. landritari. Landritari snerist vel við og bað mig fara með kjörskrárnar yfir í Bárubúð. Það gerði jeg, og þar fjekk maðurinn að kjósa. Annar kom til mín úr 7. kjördeild með sömu málavöxtu. Þar var búið að innsigla kjörskrárnar, og varð engu um þokað, en sá maður kaus ekki. Nú kunna menn ef til vill að segja, að það hafi að eins verið fáir, sem þannig voru útilokaðir frá að kjósa, en um hvað margir þeir hafi verið er ekki hægt að fullyrða neitt, því að fregnin barst út um allan bæ, að menn fengju ekki að kjósa, og veit enginn um, hvað margir þess vegna hafa verið fjarverandi. Þá geta hlutdrægar kjörstjórnir tekið þann sið upp að loka eftir geðþótta og útiloka andstæðinga sína. Vjer megum ekki skapa fordæmi, sem getur orðið hættulegt í framtíðinni. Jeg vona, að háttv. Alþingi sje mjer sammála um það.

Það skein í gegn um ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að hann var deigur í því að ráða til að kosningin væri samþykt. Hann er vanur að tala fastara í þeim málum, sem hann fylgir af fullum hug.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sneri sjer að mjer, og var að tala um vonbrigði. Jeg veit ekki við hvað hann á. Ef hann á við væntanlegt kosningabandalag sitt við stjórnina, þá verð jeg að segja það, að mig undrar það alls ekki. Það er áframhald frá í fyrra. Og jeg býst við áframhaldi. Kosningarnar, sem fram eiga að fara hjer í Sþ. í dag, munu sýna, að hv. þingm. er einn með í því, að gefa stjórninni nokkurs konar traustsyfirlýsingu. Og mjer eru það engin vonbrigði.

Annars geri eg nú ráð fyrir, að háttv. þm. (Jak. M.) hætti að telja sig stjórnarandstæðing. Kosning forseta sameinaðs þings, sem bráðum mun fram fara, verður traustsyfirlýsing til núverandi stjórnar, og býst jeg við, að háttv. þm. eigi drjúgan þátt í henni.

Háttv. þm. (Jak. M.) sagði, að jeg hefði sagt, að kæra þessi skyldi koma fram, en ekki sagði jeg það. En í samtali við hann og Jón Baldvinsson sagði jeg, að kosningin væri svo gölluð, að hún ætti að ógildast ex officio. Í málum eins og þeim, sem hjer er um að ræða, hefi jeg aldrei látið flokksfylgi ráða. Get jeg með tilvísun til fyrri atkvæðagreiðslu sýnt, að jeg hafi í þeim málum greitt atkvæði með andstæðingum mínum.

Að endingu vil jeg leyfa mjer að mælast til, að frestunartill. í máli þessu verði fyrst borin upp. Það er nauðsynlegt, að þingmönnum gefist sem best tækifæri til að rannsaka öll málsatvik, en enginn má byggja atkvæði sitt á órökstuddum sögusögnum.

Aldursforseti (S. J.): Nú er komin fram tillaga, undirskrifuð af 9 þingmönnum, um að ljúka umræðum.

Bjarni Jónsson: Má þjóðin ekki vita umræður í þessu máli?

Aldursforseti (S. J.): Þingsköpin mæla svo fyrir, að tillaga þessi skuli borin upp.

Sigurður Eggerz: Á þá að banna þeim mönnum að tala, sem þegar hafa beðið um orðið?

Aldursforseti (S. J.): Jeg leyfi mjer þá að lesa till., og hljóðar hún svo:

„Undirskrifaðir þingmenn krefjast þess, að greidd sjeu atkvæði um hvort umræðum skuli lokið.

Sigurður H. Kvaran,
Sveinn Ólafsson,
Þorsteinn Jónsson,
Einar Árnason,
Jóh. Jóhannesson,
M. J. Kristjánsson,
Björn Kristjánsson,
Guðm. Ólafsson,
Jón A. Jónsson".

Og verður till. þá borin upp.

ATKVGR.

Till. feld með 19 : 18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. H., B. K., E. Á., E. E., G. B., G. Ó., Jóh. Jóh., J. A. J., P. O., M. K., P. Þ., S. H. K., S. St., S. F., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., S. J.

nei: G. G., G. Guðf., Gunn. S., H. St., H. K., H. Sn., Jak. M., J. B., K. E., M. G., M. J., M. P., Ó. P., P. J., S. E., St. St., Þorl. J., B. Sv., B. J.

J. Þ. greiddi ekki atkv.

Bjarni Jónsson: Hv. frsm. meiri hlutans í 1. kjörbrjefadeild (S. St.) biður mig um að vera stuttorðan, og mun jeg reyna að verða honum að skapi.

Á síðasta þingi varði jeg rjettmæta kosningu, sem þingið sá sjer þó fært að ógilda. Þá voru kæruatriðin svo smávæg, að firnum sætti, að þau skyldu verða tekin til greina, og úrslitin þau, sem raun varð á. Þá var og kært yfir kosningu annars þingmannsins, en hinn ekki nefndur, og virtist því undarlegt, að annar þingmaðurinn gæti verið rjettilega kosinn, en hinn ekki.

Nú er kært yfir allri kosningunni og lagt til, að kosning þessara þriggja þingmanna Reykjavíkur sje ógild dæmd. Virðast og kæruatriðin það merkileg, og ágallar kosningar þessarar það margir og miklir, að undarlegt má þykja, að þingheimur vilji ekki um það ræða og telji kæru þessa markleysu eina.

Mjer finst hún merkileg, og jeg er þakklátur manni þeim, er bar hana fram, svo bæði mjer og öðrum gæfist ástæða til að fara nokkrum orðum um kosningaundirbúning hjer í höfuðborg ríkisins. Hefði kæran ekki komið, hefði alþjóð aldrei fengið að sjá, hversu vel bæjarstjórn vandar til kosninga Alþingis og tryggir rjett kjósendanna. Því er það furðulegt, að þingmönnum skuli hrjóta slík orð um kæru þessa og raun hefir á orðið, og að nokkrir þeir menn skuli finnast inni hjer, er telja hana svo ómerka, að ekki taki að ræða um hana.

Ekkert skal jeg um það fullyrða, hvaða flokkur eða listi stendur bak við kæru þessa. Þó finst mjer ekki ótrúlegt, að hún sje að einhverju leyti runnin undan rifjum sumra þeirra manna, er C-listann studdu, og þá líklega helst þeirra, er Jóni Ólafssyni fylgdu að málum. (*Jak. M.:*) Þetta er rangt!) Jeg fullyrði heldur ekkert um það. En mjer finst óþarfi af þingmönnum að undrast það, að kæran skyldi fram koma, svo hægt væri að víta það landshneiksli, að nefnd, er semja á kjörskrá, dreymi ekki um í maí allan þann fjölda nýrra manna, sem hljóta að komast á kjörskrá, er nýstjórnarskrá gengur í gildi.

Og þegar svo afglöp slíkrar nefndar eru auðsæ, er stráknum Tuma um kent.

Því vil jeg telja það yfirsjón Alþingis, að hafa ekki í lögum sínum ákvæði, er heimili að refsa mönnum þeim, er afglöp fremja í samningi kjörskráa, eins og t. d. hefir átt sjer stað við undirbúning þessarar kosningar, sem yfir er kært. Vildi jeg þessvegna að því styðja, að hægt væri að

sækja slíka menn til sekta, að þeir yrðu t.d. látnir greiða alt að 20 þús. krónum, er þeir hafa sýnt að þeir eru ekki starfinu vaxnir. Slíkir menn seilast djúpt í vasa bæjarbúa, og hefðu gott af því að vera refsað fyrir lögleysur sínar og afglöp. Því það ættu menn að skilja, hvorum fremur ber að refsa, þeim, sem vitlausar kjörskrár semja og ólöglegar, eða hinum, sem kjósa eftir slíkum kjörskrám. Enda er það kunnugt orðið, að svo er kastað höndum til við samning kjörskránna, að margir, sem á þeim eiga að vera, finnast þar ekki, en aðrir innskráðir, sem engan rjett hafa til að vera þar.

Það er svo kunnugt hjer í Reykjavík, að ábyrgðarlausir glamrarar, sem í nefndum sitja, láta sig engu varða rjett einstaklinga og hirða ekkert um, þótt brotin sjeu lög landsins og að engu höfð. Því er maklegt, að slíkir menn verði fyrir refsingu og þeir sjeu víttir.

Hinsvegar skil jeg líka þá þm., sem taka vilja gilda kosningu þessa, þótt ólögleg sje, svo ekki komi niður á saklausum mönnum og að kjördæmið sje þingmannslaust um tíma.

Jeg vil heldur ekki refsa þeim mönnum, sem jeg veit að enga sök eiga á lögleysum þessum, en jeg heimta að hart sje gengið að þeim seku, og að kjörskrárnefndinni verði engin grið seld.

Jeg þykist sjá, að slík áskorun muni þegar komin fram, og þykir mjer vænt um það. Fyrir mjer er aðalatriðið, að þetta geti ekki endurtekið sig oftar.

Mjer er þegar kunnugt hvernig máli þessu muni lykta. Jeg veit það um hugi margra hv. þm., að jeg þykist mega fullyrða, að kosningin verði tekin gild.

En þrátt fyrir það var það nauðsynlegt að kæra þessi kom fram, eins og jeg hefi þegar bent á. Og minna hefði mátt stjórnina á fleiri atriði í þessu sambandi en nefnd voru, eða hverju myndi það sæta, hvernig menn leyfa sjer að fara með lög og rjett þessarar þjóðar?

En hjer varð fljótt yfir sögu að fara, enda þykist jeg hafa orðið við ósk þess háttvirts þm., sem mæltist til við mig í upphafi að vera stuttorður.

Aldursforseti (S. J.): Margir vildu hætta umræðum fyrir lítilli stundu, svo þess vegna beini jeg þeirri ósk minni til þeirra háttv. þm., sem þegar hafa beðið sjer hljóðs, að vera sem orðfæstir í ræðum sínum. Ættum við þá að geta lokið þessum rammaslag áður en langt er á kvöldið liðið, og þessi fyrsti fundur sameinaðs þings lokið störfum sínum í dag.

Jón Þorláksson: Af því að jeg tel mig kunnugri flestum háttv. þm. undirbúningi kosningar þessarar, sem kært er yfir, þykir mjer hlýða að skýra frá ýmsu, er mál þetta upplýsir.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hjelt því fram, er hann var að finna að samningi aukakjörskrárinnar, að nýju kjósendurnir hefðu átt að komast á aukakjörskrá þá, er samin var í maí, og vitnaði í kosningalögin frá 1915, en kosningalögin frá 1915 reyndust ekki einhlít í þessu efni.

Aukakjörskrá skal samin fyrri hluta maímánaðar, en stjórnarskráin var staðfest 18. maí, svo að þótt staðfesting stjskr. hefði frjest þá þegar til Reykjavíkur, sem ekki mun hafa verið, þá er ekki hægt að ámæla nefndinni fyrir það, þó að hún tæki ekki á þessa aukakjörskrá kvenkjósendur þá, er kosningarrjett öðluðust með stjórnarskránni.

Enda átti slíkt ekkert að gera til. Aukakjörskráin lá frammi, kjósendum til athugunar, hinn lögskipaða tíma. Þeir, sem töldu sig hafa rjett til að vera á henni, gátu kært, en engin kæra kom fram frá þeim, sem

öðlast höfðu kosningarrjett samkvæmt stjórnarskránni.

Hjer held jeg að nefndin eigi ekkert ámæli skilið, en sje nú samt svo, þætti mjer trúlegt, að sama ámælið hitti fleiri kjörskrárnefndir á landinu, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók fram.

Þegar svo að leið fram yfir nýár og stjórnarskráin var í gildi gengin og farið var að athuga kjörskrárnar frekar, í sambandi við kosningar þær, er þá stóðu fyrir dyrum, þótti óhæfa að meina þeim mönnum að kjósa, er öðlast höfðu kosningarrjett samkvæmt nýju stjórnarskránni. Var mikið um það rætt, hvaða leið skyldi fara, svo að þessi fjöldi nýrra kjósenda gæti notið rjettar síns. Kom þá til mála að leita til stjórnarráðsins og kveðja það til bjargar máli þessu, á þann hátt, að stjórnarráðið gæfi út bráðabirgðalög, er heimiluðu nýjum kjósendum að komast á viðaukakjörskrá, svo þeir gætu kosið. Þó varð það ekki, heldur tók bæjarstjórnin til sinna ráða og ljet taka þessa nýju kjósendur upp á viðaukakjörskrá.

Við samning þessarar kjörskrár var alls þess gætt, er lög mæla fyrir því til tryggingar, að þeir einir kæmust á kjörskrá, sem kosningarrjett eiga, en óhjákvæmilegt var að stytta fresti, þar á meðal kærufrestinn; hann var færður niður í 9 daga, en lögin munu mæla svo fyrir, að hann skuli vera 1½ vika.

Þegar alls þessa er gætt, er naumast hægt að átelja það, þó að semja yrði viðauka við aukakjörskrána, um fram það, sem lög mæla fyrir, til þess að gefa þessum fjölda kjósenda kost á að neyta rjettar síns, samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá, og einnig þó að upp væru teknir á skrá þessa þeir menn, sem fallið höfðu úr á aðalkjörskrá, en einhverra hluta vegna ekki komið því við að kæra, eins og lögin mæla fyrir, að gera skuli við samningu aukakjörskrár. Þannig var nú undirbúningur þessarar kjörskrár, sem svo mjög er um deilt, og get jeg ekki annað sagt en að mjer finst hann engra ámæla verður. Í bæjarstjórn átti sæti helmingur frambjóðenda, þar af þrír efstir, hver á sínum lista, og tveir á fjórða listanum. Öllum þessum frambjóðendum kom saman um það, að óhæfilegt væri að meina hinum nýju kjósendum að neyta rjettar síns, og voru þannig allir flokkar sammála um að fara þá leið, er jeg hefi nú skýrt frá.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði, að kosið hefði verið eftir 5 kjörskrám. Þetta er ekki rjett. Segja má, að kjörskrárnar hafi verið 9, ein fyrir hverja kjördeild. En þar sem venjulega eru í hverjum kjörstað tvær kjörskrár, eða hlutar af kjörskrá, sem sje aðalskráin og aukaskráin, þá bætist hjer við þriðji hlutinn, framhalds-aukakjörskráin.

Það, sem hjer skiftir aðallega máli, er þetta, hvort Alþingi vill fallast á það, að kjósendum var leyft að njóta rjettar síns við kosningarnar, þó formgallar hafi verið á undirbúningi kjörskránna.

Svo vil jeg ennfremur skjóta því fram hjer, til skýringar og skemtunar, að maðurinn, sem undirskrifað hefir kæruna, er einmitt einn af þeim, sem teknir voru á viðaukann við aukakjörskrána.

Þá er annað kæruatriði, að einni kjördeild hafi verið lokað meðan enn var óslitinn straumur kjósenda. Það er satt, að einni kjördeild var lokað, áður en kosningin í heild var á enda — en þó ekki fyr en að liðnum lögskipuðum fresti. Orðalag kærunnar er óljóst í þessu efni, og mætti máske skilja það svo, sem þessari kjördeild hefði verið lokað meðan óslitinn straumur kjósenda var að henni, en svo var alls ekki, heldur kann að hafa verið óslitinn straumur kjósenda að öðrum kjördeildum. Formaður þessarar undirkjörstjórnar, sem er einn þektasti lögfræðingur bæjarins, heldur því fram, að skoða beri

hverja kjördeild bæjarins á sama hátt og hreppana í sýslunum, og ef svo er (*Bjarni Jónsson*: En það er ekki!) — en ef svo er — segi jeg — án þess að fullyrða nokkuð um það, virðist framkoma kjörstjórnarinnar lögleg. Annars get jeg þessa atriðis aðeins í sambandi við þau ummæli, sem komið hafa frá öðrum um lagabrot í þessu atriði, og til þess að sýna, að lögfræðingarnir sjálfir eru ekki sammála um þetta atriði. Að öðru leyti get jeg fullvissað hv. þm. um það, að tiltölulega mjög fáir kjósendur hafi orðið að hörfa frá fyrir þessar sakir. Það getur ávalt komið fyrir, að menn komi of seint, en það er ekki kjörstjórnanna sök, hafi þær á annað borð fylgt fyrirmælum laganna um biðir og fresti, áður en lokað var.

Jakob Möller: Jeg verð að byrja á því að leiðrjetta það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, að kærumál þetta væri risið út af því, að einn flokkur hefði orðið fyrir vonbrigðum. Það hefir líklega aðeins verið einn maður, sem orðið hefir fyrir vonbrigðunum, og verður því víst að taka vægt á þeim óróa sálarinnar, sem þar er, og ræða það atriði ekki frekar.

Þó vil jeg geta þess aftur, að vitanlegt er, að þessi kæra er runnin frá stuðningsmönnum D-listans, eins og einnig hefir komið greinilega fram í umræðunum hjer.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) fór að blanda inn í þetta afstöðu minni til stjórnarinnar. Út í það mál er óþarfi að fara langt að þessu sinni, það mun skýrast á sínum tíma, auk þess, sem jeg hefi margskýrt það á fundum hjer í bænum. En hins vil jeg þó geta, að þessi háttv. þm. muni sjálfur ekki hafa verið ófúsari en hver annar á það að styðja stjórnina í fyrra, svona með vissum skilyrðum.

Að því er aðalatriðið snertir, að öðru leyti, er mjer það ekki ljóst, hvaða gildi nýjar kosningar ættu að hafa, eða hvernig ætti svo sem að koma þeim fyrir öðruvísi en þeim síðustu. Yrðu þær kosningar ekki hlutbundnar eins og áður? Yrði ekki kosið eftir sömu kjörskrám? Eða á að svifta kjósendurna kosningarjettinum rjett á meðan verið er að kjósa, og gefa þeim hann svo aftur á eftir?

En ef kosningin fer fram á sama hátt og eftir sömu kjörskrám, þá væri ógildingin ekkert annað en skrípaleikur, enda þykist jeg þess nú viss, að mikill meiri hluti geti fallist á að taka kosninguna gilda, þrátt fyrir formgallana.

Gunnar Sigurðsson: Þótt jeg vildi ekki fyrirvaralaust slíta umræðunum, var það ekki af því, að jeg væri í hópi þeirra, sem teygja vilja þetta mál á langinn.

Það er sannanlegt, að á kosningunni voru vítaverðið formgallar. Hins vegar virðast mjer þeir, út af fyrir sig, ekki geta varðað ógildingu, þegar þess er gætt, að atkvæðamunurinn við kosninguna var svo mikill, sem raun var á. Því þótt formsatriðin við kosningar sjeu að vísu mikils virði, þá legg jeg meiri áherslu á efnisatriðið, þau raunverulegu atkvæði, sem greidd eru. Jeg var einn af stuðningsmönnum D-listans, og mótmæli því, sem látið hefir verið hjer í ljós, að sá listi standi bak við kæru þá, sem hjer liggur fyrir, enda sýnir það sig á því, að stuðningsmenn hans eru hver á sinni skoðun hjer í deildinni.

Bjarni Jónsson: Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vildi verja aðgerðir bæjarstjórnar í þessu máli með því, að ekki hefði verið unt að setja margnefnda menn á aukakjörskrá, af því að stjórnarskráin hefði verið óstaðfest. En þetta er hlægilegur „formalismus“. Það var fyrir fram fullvíst, samkvæmt öllum þingræðisregl-

um, að stjórnarskráin yrði staðfest, og þess vegna er þessi vörn háttv. þm. engin vörn.

Frsm. meiri hl. 1. kjörbrjefadeildar (Sigurður Stefánsson): Jeg gat þess í upphafi þessa máls, að kjördeildina hefði að ýmsu leyti brostið upplýsingar í öndverðu.

En þær umræður, sem seinna hafa farið fram, hafa sannfært mig um það, að æðimikil formsástæða hafi verið til þess að taka þetta umrædda fólk ekki á kjörskrá í upphafi, þó seinna hafi komið við þetta formgalli. En í minni þingtíð hefir það tíðkast, að Alþingi hefir ávalt verið „liberalt" í svona kringumstæðum, sem sje þar sem formgallar eru, sem ekki geta ráðið úrslitum. Og út af því skal jeg geta þess, að eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, get jeg fyrir mitt leyti horfið frá ákúrum til bæjarstjórnarinnar út af málinu, enda legg jeg ekki mesta áherslu á formið í þessu máli, heldur á óhagræðið, sem stærsta kjördæmi landsins væri skapað með endurkosningu, þegar ekki er meiri ástæða til hennar en nú er. (*Sig. Eggerz* hlær). Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) má hlæja; jeg er ekki fæddur með þeim ósköpum að geta aldrei látið sannfærast, og þykist heldur ekki vera orðinn svo gamall, að jeg sje vaxinn upp úr því.

Frsm. minni hl. 1. kjörbrjefadeildar (Benedikt Sveinsson): Jeg skal ekki lengja mjög umræðurnar; það er orðið svo áliðið. (*G. Björnson*: Og allir orðnir leiðir). Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði um það, að það mundi hafa getað verið vænlegra til fylgis fyrir stjórnina að láta kosninguna fara fram í tvennu lagi, en þó hefði hún ekki gert það, af því að það væri rangt. Þetta sýnir nú ekki annað en það, hvað hæstv. forsætisráðherra (J. M.) getur enn þá verið spaugsamur, þrátt fyrir alt það, sem á dagana hefir drifið. Kemur það ekki sem best heim við nýafstaðna kosningabaráttu, er það þótti vænlegast hverju þingmannsefninu til kjörfylgis að vera öðrum eindregnari andstæðingur stjórnarinnar.

Það verður ekki varið, að kærufresturinn var miklu styttri en lög heimila. Fyrst fjórir dagar, en síðan var bætt við fimm dögum. Að lögum á hann að vera 23 dagar frá því er aukakjörskrá er auglýst. Varnir háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) eru því gripnar úr lausu lofti, enda vildu hinir þingmenn Reykvíkinga lengja frestinn, og var það nokkur bót í máli. Fyrir bragðið komust allmiklu fleiri á kjörskrá en ella hefði kostur verið, og þótt ekki væri að lögum farið, þá var þó betra fyrir þessa menn að komast á ólöglega kjörskrá en að fara á mis við rjett sinn með öllu.

Þm. (Jak. M.) kvað það ekki upplýst, að nokkrir hefðu kosið, sem ekki hefðu kosningarrjett. Svo var þó — það veit jeg með vissu, og get sannað hvenær sem vill.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að kosningalögin frá 1915 væru alls ekki einhlít, til að búa til kjörskrá eftir þeim. Þau mæla svo fyrir, að taka skuli þá á kjörskrá, sem vitanlegt þykir, að fái kosningarrjett á árinu. Nú var það vitanlegt, að þessir menn mundu fá kosningarrjett á árinu, því að engum datt í hug að efast um, að konungur mundi staðfesta stjórnarskrána. — En það er sitt hvað: lagaákvæði og framfylgd laga. Það má brjóta öll lög, svo að það er enginn ljóður á lögunum frá 1915, þótt kjörstjórn færi ekki eftir þeim.

Þá vildi háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) enn fremur bera í bætifláka fyrir það, að einni kjördeild hefði verið lokað. Bar hann þar fyrir sig skoðun eins lögfræðings. En skoðun þessa lögfræðings mun

víst vera einsdæmi, og sannast þar hið fornkveðna, að einsdæmin eru verst. Það hefir verið venja í Reykjavík, þegar einni kjördeild hefir verið lokað, að þá hafa menn átt kost á að kjósa í annari kjördeild, enda ekki hægt að líkja kjördeildum hjer við kosningar í einstaka hreppum í öðrum kjördæmum. Að skift er í kjördeildir, er að eins gert kjósendum til hægðarauka. Það er hvergi heimilað að loka svo kjördeild, að ekki fái allir að kjósa jafnlengi, enda væri það undarlegt misrjetti þeirra manna, sem allir eru á einni og sömu kjörskrá.

Viðvíkjandi því, sem sami háttv. þm. (J. Þ.) sagði, að kjörskrárnar hefðu ekki verið 5, heldur 9, þá vil jeg geta þess, að mjer finst þetta síst til málsbóta. Hitt er vafasamt, hvað kalla skal sjerstaka kjörskrá. Annars munu þær hafa verið 7: Aðalkjörskrá, viðauki við hana, aukakjörskrá, viðauki við hana, ný viðaukakjörskrá og tvennir viðaukar við hana. Þurfti því að leita í sjö kjörskrám, er nöfnum hverrar um sig var raðað sjerstaklega eftir stafrófsröð. Hitt tel jeg ekki sjerstakar kjörskrár, þótt aðalkjörskrá sje hlutuð sundur meðal kjördeilda, ein fái t. d. A—C, önnur D—G o. s. frv.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að þetta fordæmi, að loka einni kjördeild, drægi ekki neinn dilk á eftir sjer í öðrum kjördæmum. En það er ekki rjett að láta mönnum hjer í Reykjavík haldast uppi að gefa fordæmi að löglausri kosningu. Þingið á að stuðla að því, að lögin sjeu ekki brotin.

Jeg vil í þessu sambandi benda á nýtt, mjög mikilvægt atriði, er ekki hefir verið minst á áður, en enginn getur neitað, að svo miklu skiftir, að kosningaúrslitin gátu orðið alt önnur, ef farið hefði verið um það efni að tilætlun laga.

Vissulega er það tilætlun laganna, að allir kjósendur geti notið kosningarrjettar síns á kjördegi. En með *fyrirkomulagi kosningarinnar var fyrir það girt,* að meira en *þrír fjórðu hlutar* kjósenda *gátu notið rjettar síns. Fjórða hluta allra kjósenda var fyrirfram bægt frá að taka þátt í kosningunni!* Skal jeg nú leiða rök að þessu.

Samkvæmt kosningalögunum má kosningaathöfnin ekki byrja fyr en kl. 12 á hádegi, en vegna þess, að kjörstjórnin þurfti tíma til undirbúnings, áður en hægt var að byrja kosningu, þá var ekki opnað fyr en kl. 12¾. Nú var kosið til kl. 11 í einni kjördeild, en í hinum til kl. 12 eða 12½. 5400 manns nutu kosningarrjettar síns, en ca. 8000 voru á kjörskrá.

Það má kalla að kosning gangi greiðlega, ef 60 kjósendur komast að í hverri kjördeild á klukkustund. Þetta er gömul og ný reynsla. — Nú voru kjördeildirnar aðeins átta. Þótt kosning hefði staðið í þeim öllum til kl. 12 á miðnætti — og lengur er ekki hægt að ætla kjósendum að bíða þess að fá neytt rjettar síns — þá hefðu ekki, frá kl. 1 miðdegis getað kosið fleiri en 5280. En á þeim fjórðung stundar, sem kosningin stóð fyrir kl. 1 miðdegis, gátu kosið 120 kjósendur. Kemur þá út talan 5400, eða nákvæmlega sú tala, sem kosningar neytti. Og þennan tíma, sem næst, stóð kosningin til jafnaðar í öllum kjördeildum, því að það, sem vantaði upp á tímann í einni kjördeildinni, vanst upp við það, sem kosningin stóð fram yfir miðnætti í sumum hinna. Hvenær gátu nú þær 2—3 þúsundir kjósenda, sem eftir voru, neytt kosningarrjettar síns? — Aldrei, því að til þess, að kosningaathöfnin stæði ekki óhóflega langan tíma, hefðu kjördeildirnar þurft að vera 12 í stað 8. En með svona fáum kjördeildum var *gersamlega ómögulegt* annað en bægja minst hálfu þriðja þúsundi frá kosningu.

Hjer er ekki hægt að kenna um áhugaleysi þeirra, er ekki gátu neytt kosningarrjettar síns. Nógu mikið var kappið, nógu margir flokkarnir, blöðin, smalarnir og bifreiðarnar, og þó var kosningin miklu ver sótt hjer heldur en oft gerist úti um land í strjálbygðum hjeruðum. Ástæðan var sú, að menn komust ekki að til að kjósa, og hver neitar, að það hafi haft áhrif á kosningarúrslitin?

Það er að vísu ekki hægt að sanna, *hve margir* það voru, sem *hurfu frá*, en hitt er víst, að fólkið fór í straumum fram og aftur; fjöldi varð frá að hverfa hvað eftir annað, sumir komust að seinna, en aðrir ekki, og einatt *hlutu* tvær til þrjár þúsundir að verða útundan.

Hvernig sem atkvgr. fer í þessu máli, þá skýt jeg því til þingmanna Reykjavíkur að bera fram frumvarp þegar á þessu þingi, sem varnar því, að margar þúsundir kjósenda hjer í bæ verði framvegis sviftar atkvæðisrjetti sínum á þennan hátt.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) kvað það vera gamla reglu í þinginu að taka gilda kosningu, þótt gallar væru á henni, ef sannanlegt væri, að þeir gallar hefðu ekki haft nein áhrif á kosningarúrslitin. Háttv. þm. (S. St.) sjest hjer yfir, heldur en ekki, því að tekin hefir verið gild kosning, þótt þeir gallar væru á, sem algerlega breyttu kosningarúrslitum. Það eru jafnvel dæmi til þess, að þingmaður hafi verið kosinn, þótt hann byði sig aldrei fram. Annað dæmi get jeg nefnt af kosningu, sem fór fram á Vesturlandi. Þar voru tvö þingmannaefni, og hafði annað þeirra meiri hluta atkvæða. Nú er regla að einbrjóta atkvæðamiðana, en á einum kjörstaðnum höfðu þeir verið tvíbrotnir. Meiri hluti Alþingis taldi ógilda tvíbrotnu miðana, og sá var talinn þingmaður kjördæmisins, sem í raun og veru hafði mun færri atkvæði. Hann flaut inn á þing vegna tvíbrotnu seðlanna. Það var því rjett, sem í gamni var sagt, að sá þingmaður væri þá einsdæmi á Alþingi, er hann var hvorki þjóðkjörinn nje konungkjörinn, heldur þingflokkskjörinn.

Jeg verð að halda því fram, að þar sem um margvísleg, gömul og ný og sívaxandi lagabrot er að ræða í svo mikilsverðu máli, sem þingkosningar eru, þá verði að gera það eftirminnilegt þeim mönnum, er því valda. Og því hefi jeg verið svo harður í tillögum mínum hjer í dag.

Aldursforseti (S. J.): Það er nú nokkuð langt liðið á tímann, en jeg ætla þó að prófa, hve stuttorðir menn geta verið, og held því fundinum áfram.

Halldór Steinsson: Það hefir verið venja hjá Alþingi að fara mjúkum höndum um kosningakærur og láta ráðast, hvort úrslitin hefðu getað orðið önnur. Þetta er ekki rjettur siður. Það er skoðun mín, að Alþingi eigi að taka til greina kærur, ef kæruatriðin eru á rökum bygð. Hjer stendur sjerstaklega á, því að eitt atriðið er þannig, að það hefði getað ráðið kosningaúrslitum. Annars er enginn vafi á því, að þessi 4 atriði eru lagabrot, og sannanlegt, að þau eru á rökum bygð. Það átti að kjósa eftirmann Sveins Björnssonar eftir gömlu stjórnarskránni. Það var engin heimild til að semja nýja kjörskrá og bæta inn á hana fjölda manna, heldur átti að kjósa eftir aðalkjörskrá frá í vetur, og aukakjörskrá frá því í vor. Hvert einstakt kæruatriði er að mínu áliti nóg til að vísa kosningunni frá. Kæruna verður að taka til greina, því að hjer er um það að ræða, hvort kosningar til Alþingis eigi yfir höfuð eftirleiðis að fara fram samkvæmt lögum, eða ekki. Jeg held að það væri betra, ef svo á að ganga fram-

vegis, að rökstuddar kærur eru ekki teknar til greina, að taka úrskurðarvaldið af þinginu og fela það t. d. hæstarjetti.

Bjarni Jónsson: Það kom undarlega við hjá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), er hann sagðist hafa sannfærst af hlut, sem hann gat alls ekki sannfærst af. Stjórnarskráin var lögð fyrir tvö þing. Eftir fyrra þingið fór ráðherra með hana til konungs, og því næst var hún lögð fyrir næsta þing. Það var vitanlegt, að hún yrði staðfest. Einasti möguleikinn fyrir því, að svo yrði ekki, var sá, að konungaskifti yrðu, og að sá konungur, sem á eftir kæmi, teldi sig ekki bundinn af staðfesting fyrirrennara síns. Jeg hygg, að engin skynsöm ástæða geri ráð fyrir slíku, enda var slík ástæða þá fyrst fundin upp, þegar á henni þurfti að halda til skálkaskjóls. Ekki nema það bara, að halda að nefndin hefði bundið sig við þetta. Jeg tel það móðgun við mig, að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) skuli hafa snúist á svo mjóum prjóni.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd. Mig furðar á því, að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem talaði með svo miklum þunga um það, hve kosningin væri gölluð, skuli hafa látið sannfærast svona fljótt. Því verður ekki neitað, að kjörskráin var búin til á ólöglegum tíma, eins og sjest á því, að 1500 kærur komu fram. Óvenjulega margir kjósendur, og það gamlir borgarar, voru ekki á kjörskrá. Margir gleyma að athuga, hvort þeir eru á kjörskrá, en það er skylda stjórnarvaldanna að sjá um, að þeir sjeu ekki útilokaðir frá að gæta rjettar síns.

Þótt háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) vildi láta líta svo út, sem það væru aðallega D-menn, sem fyndu gallana á kosningunni, þá er það rangt. Allir flokkar, einnig A, B og C, telja kosninguna ólöglega. Það er enginn vafi á því, að kjósendur hjer í bæ myndu kunna Alþingi þakkir, ef það sæi um, að svo væri frá kjörskrá gengið, að trygt væri, að ótal kjósendur mistu ekki kosningarrjett sinn. Það er sjálfsagt að víta bæjarstjórnina fyrir framkvæmdir hennar í þessu máli. Jeg vil minna forseta á, að jeg óska þess, að till. um frestun kærunnar verði borin fyrst upp.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) var svo hógvær í þessari síðustu ræðu sinni, að jeg finn ekki ástæðu til að bæta við það, sem jeg sagði í fyrstu ræðu minni. Hann sagði, að á síðasta þingi hefði jeg viljað styðja stjórnina. Sá flokkur, sem jeg er í, var sá, sem tók skýrasta afstöðu til hennar, og var í beinni andstöðu við hana. Á þinginu var stór flokkur, annar en sjálfstæðisflokkurinn, sem skoraði á mig að vera áfram í stjórninni, en jeg vildi það ekki, og má því háttv. þm. (Jak. M.) ekki halda því fram, að fyrir eigin vonbrigði hafi jeg snúist á móti stjórninni.

Jón Þorláksson: Það var háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), sem sagði, að í janúarmánuði hefðu verið teknir menn á kjörskrá, án kosningarrjettar. Þetta er ekki rjett. Þess var gætt mjög vandlega að taka ekki á kjörskrá aðra en þá, sem kosningarrjett áttu. Þau ummæli, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hafði um þetta, tel jeg hann ekki geta staðið við. Það er talað um 1500 kærur, en það er enginn mælikvarði á það, hvort kjörskrá sje illa samin. En 670 voru teknir inn á kjörskrá, og það er sá rjetti mælikvarði. Hann sagði, að óslitinn straumur kjósenda hefði verið að öllum kjördeildum til kl. 11, og á því bygði hann það, að margir hefðu orðið frá að hverfa. En það var að eins í einni kjördeild óslitinn straumur til kl. 11, í hinum komu kjósendur dræmt frá kl. 8, og voru því lítil brögð að því, að menn yrðu frá að hverfa, án þess að geta kosið.

Frsm. minni hl. 1. kjörbrjefadeildar (Benedikt Sveinsson): Að eins örstutt athugasemd til skýringar. Það er alls ekki ofsagt, að mörgum hafi verið gert ókleift að neyta kosningarrjettar síns. Kosningin hófst ekki fyr en kl. 1, og síðan var kosið látlaust til kl. 11—12, en samt áttu um 3 þús. kjósendur eftir ókosið. Þessir kjósendur hefðu ekki getað kosið, þó þeir væru allir af vilja gerðir, tíminn leyfði það ekki. Það er að vísu vitanlegt, að sumir þessara manna hafa ekki hirt um að neyta rjettar síns, en hinir hafa líka verið margir, sem ekki gátu, þótt þeir vildu. Jeg kom fjórum sinnum til að kjósa og varð frá að hverfa, en kl. 8 komst jeg loks að. Þá var kjósendastraumurinn strjálari, en þó var kosið stanslaust. Það er víst, að margir hafa ekki verið jafnúthaldsgóðir, enda var komið drápsveður um kvöldið og illfært gangandi mönnum, þótt fullröskir væru, en ófært konum og gamalmennum. Það er með öllu óhæft að haga kosningum svo, að fólk þurfi að vera á rölti langt fram yfir háttatíma, enda vilja fáir svo mikið á sig leggja. Jeg hefi tekið það fram áður, að *nær þrjár þúsundir kjósenda neyttu ekki rjettar síns og gátu ekki neytt hans.* Þetta verður ekki kent áhugaleysi, því að kosningaundirbúningur hafði verið mjög mikill. Í öðrum kjördæmum er kosningaþátttakan yfirleitt miklu meiri, og má það undarlegt heita, þar sem hjer mun þó mest um fjör og áhuga við kosningar, og menn eru fluttir hjer ókeypis á kjörstað, en í öðrum stöðum tíðkast slíkt ekki, heldur verða menn sumstaðar jafnvel að fara heilar dagleiðir, um fjöll og annað torleiði, til þess að komast á kjörstað.

Um kjörskrárnar þarf jeg ekki að tala langt mál. Allir virðast sammála um, að þeim hafi verið mjög ábótavant, og þó að ekki væru teknar til greina af 1500 kærum nema 670 — sem að vísu er allálitleg tala og sýnir, hve vandlega hefir verið í pottinn búið, — þá er það engin sönnun þess, að ekki hafi vantað fjölda kjósenda annara. Jeg veit um marga merka og mæta menn, sem vantaði á kjörskrá, og þar á meðal einn háttv. þm., sem hjer er staddur, og má eftir því geta sjer til um vandvirkni þá, sem þar hefir átt sjer stað.

ATKVGR.

Till. frá frsm. minni hl. 1. kjörbrjefadeildar (B. Sv.) um að fresta úrskurði um gildi kosningar þeirra Jóns Þorlákssonar og Magnúsar Jónssonar var feld með 29 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: G. Guðf., Gunn. S., H. St., H. Sn., S. E., Þorst. J., B. Sv., B. J., S. J.

nei: E. Á., E. E., G. G., G. B., G. Ó., H. K., Jak. M., Jóh. Jóh., J. A. J., J. B., J. Þ., K. E., M. G., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. O., P. Þ., S. H. K., S. St., S. F., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., B. H., B. K.

Till. frá frsm. meiri hl. 1. kjörbrjefadeildar (S. St.) um að taka gilda kosningu Jóns Þorlákssonar og Magnúsar Jónssonar, og till. frá frsm. 2. kjörbrjefadeildar (K. E.) um að taka gilda kosningu Jóns Baldvinssonar, var samþ. með 25 : 6 atkv.

Till. frá 1. kjörbrjefadeild, svo látandi: Alþingi ályktar að skora á stjórnina að víta frágang bæjarstjórnar Reykjavíkur á kjörskránum, sem samdar voru 1920", var samþ. með 29 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., J. A. J., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. O., P. Þ., S. E., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. H., B. K., E. Á., E.

E., G. G., G. B., G. Guðf., G. Ó., Gunn. S., H. K., H. Sn., Jak. M., S. J.

nei: K. E., S. H. K., S. St. S. F.

J. B., J. Þ., M. G. og P. J., greiddu ekki atkv., og tók forseti ástæður þeirra gildar. H. St. skoraðist og undan að greiða atkv. og færði til ástæðu, er forseti tók ekki gilda.

Eiðar unnir.

Þá ljet aldursforseti hina nýkjörnu þingmenn, þá Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Magnús Jónsson, vinna eið að stjórnarskránni.

Kosning forseta.

Því næst ljet aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut

Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

með 22 atkv.

Sigurður Eggerz fjekk 2 atkv. og Bjarni Jónsson 1. atkv., en 13 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti tók við fundarstjórn og ljet fram fara kosningu varaforseta sameinaðs Alþingis, og hlaut kosningu:

Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.

með 26 atkv.

Björn Kristjánsson hlaut 1 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst var gengið til kosninga á skrifurum sameinaðs þings. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram þrír listar. Var á A-listanum Björn Hallsson, á B-listanum Eiríkur Einarsson og á C-listanum Jón Auðunn Jónsson.

A-listinn hlaut 9 atkv.
B- — — 16 —
C- — — 11 —

en 2 seðlar voru auðir.

Lýsti forseti því kjörna skrifara sameinaðs þings, þá

Eirík Einarsson, 1. þm. Árn., og
Jón Auðun Jónsson, þm. Ísaf.

Kjörbrjefanefnd.

Að því loknu ljet forseti kjósa kjörbrjefanefnd, að viðhafðri hlutfallskosningu. Einn listi var borinn fram, með nöfnum 5 alþingismanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi í nefndina, og lýsti forseti þá rjett kosna í kjörbrjefanefnd, en þeir voru þessir:

Björn Hallsson,
Gunnar Sigurðsson,
Sigurður Stefánsson,
Bjarni Jónsson og
Magnús Kristjánsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir.

1. Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 3. — —
3. Guðjón Guðlaugsson, 4. — —
4. Hjörtur Snorrason, 5. — —
5. Guðmundur Björnson, 6. — —
6. Sigurjón Friðjónsson, 1. landsk. varaþm.

B. Kjördœmakjörnir.

1. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang.
4. Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
7. Karl Einarsson, þm. Vestm.
8. Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sigurður Jónsson 3. landsk. þm., tók forsetasæti og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Hjört Snorrason 5. landsk. þm., og Sigurð Hjörleifsson Kvaran 2. þm. S.-M.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut:

Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm. með 12 atkv. Tveir seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og ávarpaði deildina með þessum orðum:

Jeg þakka þá tiltrú, sem mjer hefir enn á ný verið sýnd með því að fela mjer þetta starf, og vil jafnframt bjóða yður velkomna til þings. Það gleður mig að sjá yður alla hjer aftur heila. Jeg vona að starf vort verði þjóðinni til blessunar. Oft hefir verið þörf, en nú er nauðsyn, á þessum erfiðu og vandasömu tímum.

Þá ljet forseti ganga til kosninga um fyrri varaforseta.

Kosningu hlaut

Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv. með 11 atkv.

Karl Einarsson hlaut 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Því næst ljet forseti fara fram kosningu annars varaforseta.

Kosningu hlaut

Karl Einarsson, þm. Vestm., með 9 atkv.

Halldór Steinsson hlaut 1 atkv., en seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Tveir listar komu fram, hvor með nafni eins manns, eða alls jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna skrifara deildarinnar, en þeir voru þessir:

Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M., og

Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.

Sætaskipun.

Að þessu loknu hlutuðu þingmenn, aðrir

en forseti, skrifarar og ráðherrar, um sæti sín, samkv. 7. gr. þingskapanna.

Minning Stefáns skólameistara Stefánssonar.

Þá mælti

forseti (G. B.) Síðan vjer mættumst hjer á þingi síðast, hefir þjóðin mist einn af sínum mætustu mönnum. Er skylt að efri deild Alþingis minnist hans. Þessi maður er Stefán Stefánsson, skólameistari.

Hann var fæddur 1. ágúst 1863 á Heiði í Gönguskörðum, en andaðist að heimili sínu á Akureyri 20 jan. 1921. Hann var þingmaður Skagfirðinga árin 1901—1907, konungkjörinn þingmaður 1909—1915, en forseti efri deildar 1913—1915.

Hjer sitja enn menn, sem unnu með honum á þingi, og um alt land saknar þjóðin þessa mæta manns.

Jeg þakka yður, góðir þingbræður, að þjer hafið ótilkvaddir staðið upp til þess að heiðra minningu þessa merka látna þingbróður.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, fimtudaginn 17. febrúar, voru kosnar fastanefndir samkvæmt 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og fóru kosningar svo:

1. Fjárhagsnefnd.

Tillaga kom fram um að skipa nefndina 5 mönnum. Afbrigði um það leyfð og samþ., og tillagan síðan samþ. í e. hlj.

Forseta barst einn listi og stóðu á honum þessi nöfn:

Björn Kristjánsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Ólafsson,
Sigurður Eggerz og
Sigurjón Friðjónsson.

Fleiri listar bárust ekki, og lýsti þá forseti yfir því, að þeir menn, er á listanum stóðu, væru rjett kjörnir í fjárhagsnefnd.

2. Fjárveitinganefnd.

Kosnir voru á sama hátt á einum lista:

Jóhannes Jóhannesson,
Hjörtur Snorrason,
Einar Árnason,
Halldór Steinsson og
Sigurður Hjörleifsson Kvaran.

3. Samgöngumálanefnd.

Fram kom tillaga um að skipa nefndina 5 mönnum. Afbrigði um það leyfð og samþykt, og tillagan samþ. í e. hlj.

Kosnir voru á sama hátt á einum lista:

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,
Halldór Steinsson,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran og
Guðmundur Guðfinnsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Kosnir voru á sama hátt á einum lista:

Sigurður Jónsson,
Guðmundur Ólafsson og
Hjörtur Snorrason.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Kosnir voru á sama hátt á einum lista:

Björn Kristjánsson,
Karl Einarsson og
Einar Árnason.

6. Mentamálanefnd.

Kosnir voru á sama hátt á einum lista:

Sigurður Jónsson,
Guðmundur Guðfinnsson og
Karl Einarsson.

7. Allsherjarnefnd.

Kosnir voru á sama hátt á einum lista:

Jóhannes Jóhannesson,
Sigurður Eggerz og
Sigurjón Friðjónsson.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg legg hjer fram fyrir hönd dómsmálaráðherra sex frumvörp.

1. Frv. til laga um afnám laga nr. 12, frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis að eins gefin á íslensku.
2. — til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.
3. — til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.
4. — til laga um stofnun og slit hjúskapar.
5. — til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.
6. — til laga um einkasölu á lyfjum.

Enn fremur legg jeg hjer fram önnur sex frumvörp fyrir hönd atvinnumáladeildarinnar, þau sem jeg nú tel:

1. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka einkasölu á kornvörum.
2. — til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.
3. Frv. til laga um breyting á 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905.
4. — til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip.
5. — til laga um hlutafjelög, og
6. — til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

Í þriðja lagi legg jeg fram fyrir hönd fjármáladeildar þrjú frumvörp. Þau eru þessi:

1. Frv. til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.
2. — til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.
3. — til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættmanna.

Jeg hefi ekki neinu við þessa tilkynningu að bæta að þessu sinni.

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., mælti

forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal leyfa mjer að leggja fram fyrir háttv. deild eftirfarandi frv.

1. Frv. til laga um friðun rjúpna.
2. — til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.
3. — til laga um veiting ríkisborgararjettar.

C.

I neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað þing hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi, og þeir þingmenn voru til efri deildar gengnir, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Hallsson, 2. þm. N.-M.
4. Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K.
5. Eiríkur Einarsson, 1. þm. Árn.
6. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
7. Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang.
8. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
9. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
10. Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf.
11. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
12. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
13. Jón Þorláksson, 3. þm. Reykv.
14. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
15. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
16. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
17. Magnús Pjetursson, þm. Str.
18. Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf.
19. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
20. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
21. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
22. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
23. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
24. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
25. Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn.
26. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
27. Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M.
28. Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.

Voru deildarmenn allir á fundi, nema
Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K.
Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.,
er ókomnir voru til þings.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf., tók forsetasæti, til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi þá Magnús Pjetursson, þm. Str., og Þorstein Jónsson, 1. þm. N.-M., sjer til aðstoðar sem skrifara.

Kosning forseta og skrifara.

Var því næst gengið til kosninga á forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Benedikt Sveinsson, þm. N.Þ.,

með 19. atkv.

Sigurður Stefánsson fekk 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn nýkosni forseti tók við fundarstjórn og ljet fram fara kosningu fyrri varaforseta deildarinnar, og var kosinn

Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.,

með 12 atkv.

Magnús Kristjánsson, þm. Ak., fekk 10 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst var kosinn 2. varaforseti deildarinnar, og hlaut kosningu

Bjarni Jónsson, þm. Dala.,

með 10 atkv.

Magnús Kristjánsson hlaut 4 atkv., Pjetur Ottesen 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Var þessu næst gengið til kosninga á skrifurum deildarinnar, og hlutfallskosning viðhöfð.

Einn listi kom fram, og á honum stóðu Magnús Pjetursson og Þorsteinn Jónsson.

Lýsti forseti því rjettkjörna skrifara deildarinnar

Magnús Pjetursson, þm. Str., og
Þorstein Jónsson, 1. þm. N.-M.

Sætaskipun.

Forseti (B. Sv.): Það hefir verið venja í háttv. Ed. að hluta ekki um sæti, nema þess sje óskað. Nú eru að eins þrír nýir þingmenn, og vona jeg, að þeir fái sæti með góðu móti, án þess að um sje hlutað.

Pjetur Ottesen: Jeg óska, að hlutað verði um sæti.

Bjarni Jónsson: Jeg vil biðja hæstv. forseta (B. Sv.) að bera undir deildina þau afbrigði frá þingsköpum, að ekki verði um sæti hlutað.

Forseti (B. Sv.): Þar sem þingsköp mæla svo fyrir, að um sæti skuli hlutað, og þess er óskað af þingmönnum, tel jeg rjett, að svo verði gert.

Var síðan hlutað um sæti deildarmanna, annara en forseta og skrifara.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, fimtudaginn 17. febr., fór fram kosning fastanefnda samkvæmt 16. gr. þingskapanna.

1. Fjárhagsnefnd.

Forseti: Það liggur þá fyrst fyrir að bera undir háttv. deild, hvort 7 menn skuli kjósa í fjárhagsnefnd í stað 5 manna, og þarf til þess afbrigði frá þingsköpunum.

Eiríkur Einarsson: Áður en leitað er atkvæða vildi jeg fara nokkrum orðum um þessi þingskapaafbrigði, sem fram eru komin á 11. stundu.

Jeg er mótfallinn afbrigðum frá þingsköpunum, nema nauðsyn krefji, og álít að þetta þing ætti að byrja varlega í því efni. Hvort ástæða sje til afbrigða nú, er eigi gott að segja, þar sem mörg atriði eru enn óupplýst. Jeg fyrir mitt leyti veit ekki hvort þessari nefnd muni ætlað að hafa til meðferðar jöfnum höndum skatta-, peninga- og bankamálafrumvörpin, eða lausanefnd verði kosin til að fara með eitthvað þeirra, sem er sanni nær. Verði svo, er enn síður ástæða til þessara afbrigða. Einnig má á það líta, að ef menn ekki láta sjer nægja 5 menn í fjárhagsnefnd, svo sem þingsköp mæla fyrir, þá má fylla út nefndina eftir á með 2 mönnum, án afbrigða frá þingsköpum. Þurfi að ljetta nefndarmönnum starf þeirra, sem vel getur orðið, þótt sú nefnd hafi ekki til meðferðar banka- og peningamálin, þá tel jeg þetta fyrirkomulag heppilegra, að láta nægja að hafa 5 menn í nefndinni fyrst í stað, samkv. þingsköpunum, og bæta 2 við síðar, ef nauðsyn krefur.

Af þessum ástæðum þykir mjer óþarft að leita hjer þingskapaafbrigða.

Magnús Kristjánsson: Jeg er því meðmæltur að fjölga mönnum í þessari nefnd, en tel ekki gerlegt að kjósa þá 7 menn nú þegar. Afbrigði frá þingsköpunum tel jeg eigi sjerlega hættuleg, en það er nauðsynlegt, að þingmönnum gefist kostur á að tala sig saman um það, hverjum bæta skal við í nefndina. Jeg skýt því til forseta, að fresta þessari kosningu þangað til síðar, eða að slíta fundinum núna. Jeg fyrir mitt leyti er ekki tilbúinn að greiða atkvæði.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) kvað þessa afbrigðaum-

leitun hafa komið fram á 11. stundu, en jeg vil geta þess, að hún gat alls ekki komið fram fyr. (*E. E.*: Það var engin ásökun í því fólgin!). Það skiftir ekki máli, hvort þetta var meining háttv. þm. Jeg sje ekki, að neitt mæli á móti því, að 7 menn verði kosnir nú í nefndina með afbrigðum frá þingsköpunum, því að það hefir viðgengist að kjósa 7 menn í samgöngumálanefnd, þótt 5 menn eigi að skipa þá nefnd samkv. þingsköpunum. Til þess er heimild gefin til afbrigða frá þingsköpunum, að hún sje notuð þegar henta þykir. Jeg skil það, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að þingmenn væru óráðnir í því, hverja skyldi kjósa í viðbót í nefndina, og jeg styð því tillögu hans, að kosning í þessa nefnd verði skotið á frest, og vænti þess, að hæstv. forseti taki það til greina.

Bankamálin hafa ávalt verið í höndum fjárhagsnefndar, og það var með það fyrir augum, að jeg stakk upp á 7 manna nefnd. Mjer skilst á háttv. þm. Ak. (M. K.) og háttv. 1. þm. Árn. (E. E.), að þeir sjeu mjer sammála í því, að nefndina þurfi að skipa 7 mönnum, en að eins verði að skjóta kosningunni á frest, svo að þm. vinnist tími til að tala sig saman um, hverjir skuli eiga sæti í nefndinni. (*M. P.*: Til þess þarf líka afbrigði frá þingsköpunum). Jeg er alls ekki hræddur við afbrigði frá þingsköpunum. Aðalatriðið er hjer það, að mjer skilst, að þessir háttv. þm. fallist á þá tillögu mína, að rjett sje að nefndin verði skipuð 7 mönnum.

Eiríkur Einarsson: Jeg skal ekki gera það að kappsmáli, hvort kosið sje nú þegar, eða kosningunni verði frestað til morguns, og þá tekið til athugunar, hvernig eigi skal bæta við nefndina, og þó tel jeg það eftir sem áður varhugavert að kjósa 7 menn, í stað þess að hafa þá aðferð, er jeg gat um áðan. Menn þurfa fyrst og fremst að velja í fjhn. með tilliti til málanna sjálfra, sem hún hefir til meðferðar.

Viðvíkjandi þeim orðum mínum, að tillaga fjrh. hefði komið fram á 11. stundu, þá vil jeg geta þess, að í þeim lá engin ásökun. En aðstaðan hjá þingdeildinni er sú sama eftir sem áður, að þm. eru ekki undirbúnir.

Forseti (B. Sv.): Það er tillaga frá hæstv. fjrh. (M. G.) og háttv. þm. Ak. (M. K.), að fresta kosningu nefndarinnar. Til þessa þarf afbrigði frá þingsköpum, en jeg vil þá, að fengnu samþykki stjórnarinnar, bera tillöguna undir atkvæði deildarinnar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð með 13 : 3 atkv., og till. um að fresta kosningu nefndarinnar til næsta dags samþ. með sömu atkvæðatölu.

Fór þá næst fram kosning annara fastanefnda, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram 3 listar, A, B og C, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndirnar. Kosning í hverja nefnd fór því fram án atkvgr.

Í nefndirnar voru kjörnir:

2. Fjárveitinganefnd.

Bjarni Jónsson.	Af A-lista.
Þorleifur Jónsson	
Gunnar Sigurðsson	— B- —
Stefán Stefánsson	
Magnús Pjetursson	
Ólafur Proppé.	— C- —
Magnús Jónsson	

3. Samgöngumálanefnd.

Till. kom fram um að skipa nefndina

7 mönnum. Afbrigði um það leyfð og samþ., og sú till. síðan samþ. í e.hlj. Kjörnir voru í nefndina:

Pjetur Þórðarson.	Af A-lista.
Þorsteinn Jónsson, Gunnar Sigurðsson, Jón Sigurðsson.	— B- —
Gísli Sveinsson, Jón Auðunn Jónsson, Jón Þorláksson.	— C- —

4. Landbúnaðarnefnd.

Hákon Kristófersson.	Af A-lista.
Jón Sigurðsson, Björn Hallsson.	— B- —
Sigurður Stefánsson, Þórarinn Jónsson.	— C- —

5. Sjávarútvegsnefnd.

Pjetur Ottesen.	Af A-lista.
Magnús Kristjánsson, Þorleifur Guðmundsson.	— B- —
Jón Baldvinsson, Einar Þorgilsson.	— C- —

6. Mentamálanefnd.

Bjarni Jónsson.	Af A-lista.
Eiríkur Einarsson, Þorsteinn Jónsson.	— B- —
Magnús Jónsson, Jón Þorláksson.	— C- —

7. Allsherjarnefnd.

Pjetur Ottesen.	Af A-lista.
Stefán Stefánsson, Björn Hallsson.	— B- —
Einar Þorgilsson, Stefán Stefánsson.	— C- —

Kosning fjárhagsnefndar.

Á 3. fundi deildarinnar, föstudaginn 18. febrúar, var kosin fjárhagsnefnd, en þeirri kosningu hafði verið frestað á 2. fundi, eins og áður er getið.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 3 listar, A, B og C, með samtals 7 nöfnum, eða jafnmörgum og kjósa skyldi menn í nefndina. Lýsti forseti þá kjörna í nefndina án atkvgr., en þeir voru þessir:

Hákon Kristófersson.	Af A-lista.
Sveinn Ólafsson, Þorleifur Guðmundsson, Magnús Kristjánsson.	— B- —
Jakob Möller, Jón Auðunn Jónsson, Þórarinn Jónsson.	— C- —

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á 2. fundi deildarinnar, fimtudaginn 17. febr., mælti

forseti (B. Sv.): Mjer hefir borist tilkynning um, að lögð sjeu fyrir deildina af hálfu stjórnarinnar þessi lagafrumvörp:

A.

Af hálfu fjármálaráðherra:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1922.
2. — til laga um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919.
3. — til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.
4. — til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.
5. — til laga um tekjuskatt og eignarskatt.
6. — til laga um fasteignaskatt.
7. — til laga um aukatekjur ríkissjóðs.
8. — til laga um stimpilgjald.
9. — til laga um erfðafjárskatt.
10. — til laga um útflutningsgjald af síld o. fl.
11. — til laga um vörutoll.
12. — til laga um breyting á 1. gr. tollaga, 11. júlí 1911.
13. — til laga um bifreiðaskatt.
14. — til laga um lestagjald af skipum.
15. — til laga um hreppskilaþing.

16. Frv. til laga um verðlag.
17. — til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.
18. — til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi.

B.

Af hálfu atvinnumálaráðherra:

1. Frv. til laga um viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.
2. — til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir.
3. — til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.
4. — til vatnalaga.
5. — til laga um vatnsorkusjerleyfi.
6. — til laga um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64, 28. nóv. 1919.
7. — til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Fjármálaráðherra (M. G.): Eins og hæstv. forseti tók fram, þá eru það að þessu sinni 18. frv., sem jeg legg fram í hinni háttv. deild. Skal jeg ekki telja þau upp hjer, þar sem hæstv. forseti er þegar búinn að því.

Flest þessara frv. hafa þegar fyrir alllöngu verið send hv. þm., og geri jeg ráð fyrir, að þeir hafi kynt sjer þau rækilega. Og vonandi ætti þessi nýbreytni stjórnarinnar, að gefa þm. kost á að kynnast sem flestum af stjórnarfrv. fyrir þing, að leiða til þess, að þingið geti orðið styttra en ella mundi. Vona jeg að þessi nýbreytni mælist vel fyrir.

Að þessu sinni skal jeg ekkert fara út í innihald þessara frv., heldur að eins geta þess, að í hinum framlögðu skattafrv. liggur heilt skattakerfi, en vitaskuld er ekki mikið af sköttum, er teljast mega alveg nýir. Þó er það svo, að ef þessi frv. yrðu samþykt, eins og þau liggja hjer fyrir, yrði töluverð breyting á sköttum vorum. Þannig fellur þá niður ábúðar og lausafjárskattur og útflutningsgjöld öll, nema af síld, en í þess stað kemur almennur fasteignaskattur, lestagjald af skipum og almennur tekjuskattur. Um hin einstöku atriði mun jeg fara nokkrum orðum, er þau koma til 1. umræðu.

Jeg vona, að háttv. Alþingi geti felt sig við þá stefnu, sem kemur fram í þessum frv., og jeg mun eiga erfitt með að sætta mig við verulegar stefnubreytingar. Hinsvegar er jeg að sjálfsögu fús til að samþykkja smærri breytingar, ef jeg sje að þær raska eigi kerfinu. Vil jeg biðja hv. fjhn., sem eflaust mun fá skattafrv. til meðferðar, að bera sig saman við mig um breytingar áður en hún fullræður þær.

Jeg vona að þetta þing sjái nauðsynina á því að samþykkja nú ný skattalög, og láti það eigi dragast úr hömlu, enda færi það í bág við yfirlýstan vilja þingsins 1919 og væri að ýmsu leyti varhugavert.

Að svo mæltu vildi jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki þessi frv. til meðferðar í þessari hv. deild eftir því, sem þingsköp mæla fyrir, og vil jeg um leið gera það að tillögu minni, að fjhn. verði í þetta skifti skipuð 7 mönnum, vegna þess, að fyrirsjáanlegt er, að sú nefnd verði ákaflega störfum hlaðin á þessu þingi. Leyfi jeg mjer að óska þess, að hæstv. forseti beri þessi afbrigði frá þingsköpunum undir hv. deild.

Á 4. fundi deildarinnar, laugardaginn 19. febr., mælti

forsætisráðherra (J. M.): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild:

1. Frv. til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík.
2. — til laga um varnir gegn berklaveiki.
3. — til laga um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Á 5. fundi deildarinnar, mánudaginn 21. febr., mælti

atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir hv. deild:

Frv. til laga um seðlaútgáfurjett o. fl.

Á 15. fundi deildarinnar, laugardaginn 5. mars, mælti

forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að leggja fram fyrir hv. deild:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Enn fremur leyfi jeg mjer að leggja fram fyrir hönd atvinnumálaráðherra, sem ekki er hjer viðstaddur:

Frv. til laga um heimild handa landstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Frumvörp, samþykt sem lög.

I.

Stjórnarfrumvörp.

1. Íslensk lög að eins á íslensku.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um afnám laga nr. 12, frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis að eins gefin á íslensku (A. 26).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Um frv. sjálft get jeg í rauninni látið mjer nægja að vísa til athugasemdanna við það. En mjer þykir rjett að minnast þeirrar baráttu, er lög þau, er frv. fer fram á að nema úr gildi, eru síðasti vottur um. Jeg skal ekki fara lengra aftur í tímann en um miðja 18. öld.

Frá því um miðja 18. öld er það stöðug regla dönsku stjórnarinnar, að öll eða að minsta kosti hin merkustu lagaboð, sem snertu þetta land, voru prentuð á íslensku sjer í lagi og undirrituð af konungi og meðundirrituð af ráðherra. Þetta stóð þangað til í byrjun 19. aldarinnar. Jafnframt þessu var landsyfirdómi með kansellíbrjefi 14. maí 1803 falið að íslenska tilskipanir (danskar) og velja þær, sem hjer ættu við. Þessi ákvörðun stóð þangað til 1831, og koma þá engar aðrar íslenskar þýðingar á tilskipunum, en útleggingar þessar voru prentaðar sem í bók, hver eftir aðra, án undirskriftar.

Svo kemur konungsúrskurður 26. okt. 1831 um að tilskipanir, sem þetta land snerta, skuli jafnskjótt íslenskaðar í Kaupmannahöfn og íslenskan prentuð við hlið dönskunnar á hverri síðari blaðsíðu. Þetta stóð þangað til Alþingi var endurreist. Þá kemur það einkennilega fyrir, að breyting varð til hins verra. Rentukammerið hjelt sjer við hina venjuna, en kansellíið gaf út lögin, sum að minsta kosti, þannig, danskt „frumrit“ á undan, íslenskuna á

eftir, og þar yfir skrifað, að þetta væri útlegging „danska frumritsins“. Þetta er nánar útlistað í bænaskrá, sem Jón Sigurðsson bar fram á þinginu 1847, um að íslenski textinn fái undirskrift konungs og meðundirritun ráðherra. Er þar sýnt fram á hve fráleitt það sje, að lögin sjeu lögð fyrir og afgreidd frá Alþingi á íslensku, og auglýst þannig til eftirbreytni, en danskan sje frumritið og hinn undirskrifaði gildi texti, en hið auglýsta lagaboð óundirskrifuð þýðing.

Um þetta er nánar í Alþt. 1847. Auðvitað var samþ. að biðja um undirskrift konungs undir íslenska textann með undirskrift viðkomandi stjórnarráðs, eins og tíðkast um frumrit laga. Beiðni þessi var endurtekin á þingunum 1849 og 1853, en fjekk enga áheyrn. Þingið 1849 gekk lengra en hin þingin, því að það fór fram á að íslenski textinn einn væri undirritaður. Það var þó gerð sú bót með auglýsingu Alþingis 7. júní 1858, að íslensku þýðinguna skyldi staðfesta af manni, er konungur skipaði til þess, forstjóra íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn.

Enn fór Alþingi 1857 fram á það sama sem þingin 1847 og 1853, og fjekk þá loks bæn þessi áheyrn, því með konungsúrskurði 29. maí 1859 var ákveðið að íslenski textinn skyldi undirritaður af konungi. Eftir þessu voru þá gefnir út tveir textar, íslenskur og danskur, svo að enn var ekki girt fyrir rjettaróvissuna, fyrir utan það, að danski textinn var alls ekki samþ. af Alþingi, og þó stóð þetta lengi eftir að þingið hafði fengið löggjafarvald. 1887 og 1889 samþykti þingið þál. um að einungis hinn íslenski texti af lögunum skuli staðfestur af konungi. Kröfu þingsins 1887 var ekki sint, en ítrekun hennar 1889 hreif, svo að stjórnin lagði fyrir þingið 1891 frv., sem varð að lögum. Samkvæmt þeim lögum staðfestir konungurinn síðan ísl. textann einn, en stjórnarráðið fyrir Ísland skyldi staðfesta danska þýðing á lögunum; á þýðingu þessari skyldu dönsk yfirvöld og dómstólar byggja. Það er sjálfgefið, að enn var ekki fyrirbygt með öllu, að lögunum yrði breytt öðruvísi en íslenskan segði, er danskur hæstirjettur var æðsti dómur í íslenskum málum. Kom svo fram frá þingmanna hálfu á þinginu 1913 frv. um að fella niður ákvæðið um þýðinguna. Það frv. var felt, en neðri deild samþykti þál. um að fella úr Stjórnartíðindunum dönsku þýðinguna. Þetta var gert, en þýðingunum safnað saman sjerstaklega sem í bók, og þær látnar fylgja Stjórnartíðindunum þangað til 1917. Frá og með 1918 var þessu hætt. Nú stendur samt lagaákvæðið, og þótt það sje auðsætt, að það geti ekki átt við, e: 2. gr. umræddra laga, eftir 1. des. 1918, þá er þó rjett að afnema það. En þá er og rjett að afnema öll lögin, því að það er jafnóþarft að taka það fram, að konungur staðfesti að eins íslenska texta laganna, eins og að taka það fram, að Alþingi eigi að semja lögin á íslensku.

Jóhannes Jóhannesson: Mjer finst mál þetta svo augljóst, að ekki þurfi að vísa því til nefndar; þó skal jeg ekki setja mig á móti því, að það verði sett í nefnd, sje það vilji háttv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 7 : 2 atkv.

Á 8. fundi í Ed., fimtudaginn 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 52).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Í lögum þeim, sem hjer er farið fram á að nema úr gildi, er svo ákveðið í 1. gr., að íslensk lög, sem Alþingi hefir samþykt og konungur

staðfest, skuli að eins gefin út á íslensku, en í 2. gr. er svo fyrir mælt, að þýðing ísl. laga á dönsku, sem stjórnarráðið hefir annast, skuli gilda fyrir dönskum dómstólum og stjórnarvöldum. Með sambandslögunum frá 1918 og flutningi hæstarjettar inn í landið virðist nauðsynin á því, að þýðing ísl. laga á dönsku fái lagagildi, alveg fallin niður. Og jafnframt er það líka orðið svo sjálfsagt, að ísl. lög sjeu gefin út að eins á íslensku, að um það virðist engin lög þurfa.

Nefndin leggur því til, að frv. sje samþ. af háttv. deild.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 26. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 26).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 26).

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Frv. þetta hefir verið samþ. óbreytt í háttv. Ed. Þegar jeg lagði það fram, rakti jeg stuttlega sögu þess, er lög þau, sem hjer er farið fram á að nema úr gildi, er síðasti votturinn um. Jeg gat um þá baráttu, sem heyja varð, áður en það fjekst, að íslensk lög væru útgefin á íslensku, og að eins undirskrifuð á íslensku af konungi. Jeg skal samt ekki fara að rifja upp þessa sögu nánar, en láta mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði um þetta í háttv. Ed.

Lög nr. 12, frá 18. sept 1891, mæla svo fyrir, að lög, sem Alþingi samþ. og konungur staðfestir, skuli að eins vera með íslenskum texta. Þessu skipulagi á auðvitað ekki að breyta, en það er svo sjálfsagður hlutur, að það er óþarft að taka það fram í lögum, svo sjálfsagt, að það er jafnvel óviðkunnanlegt að hafa það í lögum.

Hitt ákvæðið, að stjórnarráð Íslands skuli annast löggilda þýðing laganna á dönsku, og þýðing þessi skuli birt í Danmörku, og dómstólar þar og yfirvöld byggja á þeirri þýðingu, það ákvæði getur ekki átt við lengur, ekki eftir 1. des. 1918, að minsta kosti ekki eftir að hæstirjettur var settur á stofn hjer. Það var eðlilegt, einkum eftir sögu málsins, að ákvæðið um löggilta danska þýðingu hjeldist, meðan hæstirjettur í Kaupmannahöfn var æðsti dómur í íslenskum málum, en nauðsynlegt var það varla. Þýðingar þessar voru prentaðar í Stjórnartíðindunum til ársins 1913; þá var því hætt samkvæmt þingsályktun frá Alþingi það ár. En þær voru gefnar út í sjerstakri bók, og látnar fylgja Stjórnartíðindunum til þeirra, er þau áttu að fá að lögum, annars seld. Þetta fjell svo niður frá 1. janúar 1918, ef jeg man rjett. Í framkvæmd breytir því frv. þetta engu.

Jeg tel það rjett, að úr gildi sjeu numin smátt og smátt, eftir því sem hagkvæmt þykir, þau ákvæði í lögum, sem ekki geta samrýmst við aðstöðuna, eins og hún nú er viðurkend með sambandssamningnum, jafnvel þótt þessi ákvæði sjeu ekki lengur framkvæmd.

Að lokum vil jeg geta þess, að mjer finst

óþarft, að málinu sje vísað til nefndar, því það er hvorki flókið nje mjög þýðingarmikið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 26).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 191).

---

2. Sendiherra í Kaupmannahöfn.

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var útbýtt
Frumvarpi til laga um sendiherra í Kaupmannahöfn (A. 43).

Á 6. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það, sem sjerstaklega var haft fyrir augum af Íslendingum, og sjerstaklega reynt að búa um, svo að ekki væri um að villast, þegar sambandssamningurinn var gerður við Danmörku 1918, var það, að í samningnum væri viðurkent fult sjálfstæði og fullveldi Íslands í konungssambandi við Danmörku. Með öðrum orðum, að samningurinn viðurkendi Ísland fullvalda konungsríki í þjóðrjettarsambandi við Danmörku, en ekki í ríkisrjettarsambandi.

Mörg atriði voru þau auðvitað í samningnum, sem þurfti að gæta vel að, að þessu leyti, en ekkert eins og 7. grein sambandslaganna. Orðun aðalefnis þessarar greinar er nú reyndar svo skýr, að ekki ætti að vera hægt um að villast. Þar er sagt: „Danmörk fer með utanríkismál Íslands", þá er þar með viðurkent vald Íslands yfir þeim málum, en svo er bætt við til frekari áherslu: „eftir umboði". Með þessu ákvæði einu er viðurkendur meðal annars sendirjettur Íslands eða jus legationis. Önnur ákvæði í 7. gr. fara í sömu átt, einkum ákvæðið um, að Ísland geti sent sendimenn til að semja um sjerstök íslensk málefni í samráði við utanríkisráðherra. Fyrir mínum augum verður ekki um vilst um heimildir Íslands á utanríkismálunum. Samt hefir sú skoðun komið fram, og það mátti altaf búast við, að hún kæmi fram hjá einhverjum kreddulærðum manni, að með því að fela Danmörku að fara með utanríkismál sín um ákveðinn tíma, takmarkaði Ísland fullveldi sitt um sama tíma, og væri þá ekki ótvírætt, hvort sambandið væri einungis þjóðrjettarsamband. En það, sem tekur af allan efa, er 15. gr. sambandslaganna, eins og hún var hugsuð og eins og hún var orðuð. Mjer er óhætt að fullyrða það, að meginþorri þingmanna 1918 óskuðu þess og ætluðust til þess, að ákvæðið í þessari grein væri framkvæmt á þann hátt, að Danir

hefðu hjer sendiherra, og vjer þar, með það fyrir augum, meðal annars, að með þessu væri lögð áherslan á þjóðrjettarsambandið á þann hátt, að sýnilegt væri öllum heimi. Auðvitað gátum vjer einskis krafist í þessu efni af Dönum. Þeir rjeðu því alveg, eins og vjer, hverskonar sendimann þeir sendu hingað, sendiherra, sendiræðismann eða annan erindreka, eða ljetu vera að hafa hann nokkurn hjer. En eftir því, sem óskir höfðu komið fram um hjá meginþorra þingmanna — fullveldisnefndirnar höfðu beinlínis látið þetta í ljós við mig, og margir aðrir þingmenn, — þá gaf jeg það í skyn við dönsku stjórnina, að því mundi tekið mjög vel hjer á landi, ef Danir sendu hingað sendiherra. Sama hygg jeg muni hafa verið gefið í skyn af hálfu íslenska hlutans af millilandanefndinni. Jeg sagði að vísu ekkert um það, hvort vjer ætluðum að senda sendiherra til Danmerkur, en jeg geri ráð fyrir, að danska stjórnin hafi búist við því, að samskonar sendimaður yrði sendur hjeðan til Danmerkur. Hvernig sem það nú hefir verið, þá sendu Danir hingað sendiherra sumarið 1919. En það drógst þangað til síðastliðið haust, að vjer sendum sendiherra til Kaupmannahafnar. Jeg get ekki neitað því, að mjer fanst, eftir að hingað var kominn danskur sendiherra, að það gæti litið út eins og dálítið gabb, að vera þess hvetjandi, að þvílíkur sendimaður kæmi hingað, en senda ekki samskonar mann þangað. En það verð jeg að segja, að aldrei inti danska stjórnin við mig í þá átt, að hún liti svo á það mál, þótt drægist að senda hjeðan.

Jeg skal nú játa það hreinskilnislega, að í byrjun var jeg einn meðal þeirra fáu þingmanna, sem ekki fanst ríða svo mjög á því að flýta sjer að framkvæma ákvæði 15. gr. á þann hátt, að sendiherra gætti rjettar hvorrar þjóðar hjá hinni, og var það einkum vegna kostnaðar. En hitt var mjer ljóst, að aldrei liði á löngu, áður þessi sendiherrarjettur væri notaður. Og mjer var ljóst, hverja þýðingu það hefði fyrir viðurkenning Íslands meðal hinna fullvalda ríkja, að íslenskur sendiherra sitji í Kaupmannahöfn við hliðina á og sem jafningi sendiherra svo að segja alls heimsins. Ef þetta væri þýðingarlaust tildur, þá hefði afarmikið af allri sjálfstæðisbaráttu vorri verið barátta fyrir marklausu tildri.

Þetta er ekki, og á ekki að vera, aðal erindi sendiherra í Kaupmannahöfn, heldur hitt, að greiða fyrir viðskiftum vorum erlendis. En gerir hann þá nokkurt gagn einmitt í Kaupmannahöfn? Því er óhikað hægt að svara játandi. Fyrir utan það, að jeg tel eðlilegt, að hann starfi að samningum þeim milli sambandsríkjanna, sem getið er um í 12. gr. sambandslaganna, og annars að venjulegum sendisveitarstörfum, þá er gert ráð fyrir því, að hann á margan hátt geti gagnað viðskiftum vorum. Að Kaupmannahöfn sje vel valinn staður fyrir þvílíkan sendimann, hygg jeg að ekki verði neitað. Vjer höfum frá fornu fari mikil viðskifti við Danmörku. Auk þess þykir það ekki ósennilegt, að verslun annara ríkja kunni að fara um Kaupmannahöfn, t. a. m. frá Rússlandi og öðrum Eystrasaltslöndum. En, segja sumir, það þarf ekki sendiherra til þess að gæta viðskifta vorra. Til þess þarf ekki svo fínan mann, og jafnvel telja þeir fínheitin því til fyrirstöðu, að hann geti gert verulegt gagn að þessu leyti. Þetta er hinn mesti misskilningur. Einmitt vegna stöðu sinnar á hann miklu hægra að ná til þeirra manna, sem mest er í varið að ná til, og getur því beint þess vegna unnið málum vorum meira gagn en ella.

Jeg geri ráð fyrir, að menn greini ekki svo mjög á um það, að vjer þurfum að hafa erindreka í Kaupmannahöfn, auk trúnaðarmannsins í utanríkisráðuneytinu,

en ýmsir hafa átalið það, að vera að hugsa um að hafa þar sendiherra. Talið það að eins tildur og óþarfa kostnað.

Jeg þykist nú hafa gert grein fyrir því, að það hafi mikla þýðingu og sje líklegt til gagns, að erindrekinn sje einmitt sendiherra.

Samt sem áður bjóst jeg ekki við því á síðasta þingi, að sendiherra yrði skipaður áður en þetta þing kæmi saman. Jeg bjóst nefnilega ekki við því, að kostur væri á manni, er til þess væri fallinn. Jeg taldi vera leitun á þvílíkum manni, og ekki fært að leggja út í þetta, nema með vel fallinn mann.. Jeg taldi nauðsynlegt, að þessi maður væri duglegur, lipur samningamaður, kunnugur verslun og viðskiftum, vanur að umgangast menn á því reki, er hann þyrfti að eiga viðskifti við vegna stöðu sinnar, og enn fremur, af því vjer höfum ekki ráð á að greiða þau laun, er samsvara þykja stöðunni, nokkrum efnum búinn.

Þegar jeg svo varð þess var í vor, að hr. Sveinn Björnsson mundi ekki ófús að taka að sjer sendiherrastöðuna, þá virtist mjer ekki gerlegt að hafna tækifærinu, og eiga það á hættu að geta ekki fengið vel fallinn mann í stöðuna, þegar af einhverjum ástæðum þætti ekki mega lengur dragast að senda þvílíkan erindreka.

Nú virtist mjer herra Sveinn Björnsson uppfylla öll þessi skilyrði. Hann hafði að mínum dómi sýnt góða hæfileika við fyrsta samninginn við Breta, eftir byrjun ófriðarins, og við för sína til New York um það leyti. Að vísu man jeg það, að nokkur þytur var gerður út af þeim breska samningi, en jeg held, að menn hafi komist á aðra skoðun síðar. Hann hafði mikil málaflutningsmannsstörf, og tók þess vegna, og vegna stórra fyrirtækja, sem hann var við riðinn, allmikinn þátt í viðskiftum og fjármálum. Hann hafði umgengist marga erlenda kaupsýslumenn, einmitt menn á því reki, er búast má við að sendiherra vor hafi einkum viðskifti við. Hann var og talinn efnaður maður. Auk þess var hann áhugamaður um sín störf, og það mun hægt að sýna hinu háa Alþingi fram á, að hann hefir sýnt áhuga í sendiherrastarfinu.

Af þessum sökum lagði jeg það, með samþykki meðverkamanna minna, til við konung, að Sveinn Björnsson væri skipaður sendiherra í Kaupmannahöfn.

Fyrir þessa sök er og þetta frv. nú fram komið.

Bjarni Jónsson: Það er dagur hæstv. forsætisráðherra (J. M.) í dag. Og jeg verð að tala vel um hann, þótt margur brosi, þegar vel er um stjórnina talað. Mjer þótti vænt um, að þetta frv. er fram komið. En hæstv. forsætisráðherra (J. M.) veit, að mjer hefði þótt vænt um frv., þótt það hefði komið fyr. En um það tjáir ekki að tala.

Jeg get vottað það, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) ljet það í ljós í Danmörku, að Íslendingar mundu fagna því, að hingað yrði sendur danskur sendiherra, til þess að aðrar þjóðir sæu, að fullkomin viðurkenning væri fengin á sjálfstæði Íslands frá Dana hálfu. Þetta sama ljetum við sambandslaganefndarmennirnir í ljós við danska ráðherra og meðnefndarmenn vora. Af þessari ástæðu var það, að mjer gramdist, þegar deilt var um það hjer á þingi, hvort senda ætti sendiherra eða ekki. Það var sjálfsögð hæverska að senda Dönum ekki ótignari mann en þeir okkur, og um leið og Ísland uppfylti þessa kurteisisskyldu, sýndi það heiminum, að Ísland hafði jus legationis, hefði rjett til að senda sendiherra eins og það hafði rjett til að veita erlendum sendiherrum móttöku. Jeg vildi vinna að því, að þetta yrði gert þegar í stað, og má vera, að mjer og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hafi borið það

eitt á milli, að jeg áleit brýna nauðsyn að þetta yrði gert undir eins, til þess að ljóslega sæist, að umskifti væri orðin. Það verkar á meðvitund manna og þjóða að sjá perlufesti dingla fyrir augum sjer öld eftir öld, perlufestina Ísland, Færeyjar, Grænland. Það er lengi verið að uppræta þetta álit á Íslandi, og það er ekkert tildur, heimska eða mont að auglýsa heiminum, hvað fólst í viðurkenningu Dana 1918. Það er ekki að eins nauðsynlegt sóma landsins, heldur einnig viðskiftum þess. Það verður að gera heiminum skiljanlegt, að Ísland er fullvalda ríki, og að konungur Íslands og konungur Danmerkur er sitt hvað, þótt sami maður gegni þeim störfum. Á þetta vildi jeg leggja meiri áherslu en hæstv. forsætisráðh. (J. M.) hefir gert, án þess þó að jeg lasti afstöðu hans til þessa máls. Og það endurtek jeg, að þetta mál miðar ekki að eins að því að halda uppi heiðri Íslands, heldur er það hagnaður þess og lífsnauðsyn. Það er lífsnauðsyn að hafa fulltrúa í Kaupmannahöfn, sem er miðstöð verslunar við Eystrasalt. Hann á að geta náð til allra þeirra landa, sem þar að liggja. Hann ætti að geta farið stuttar ferðir í þjónustu landsins til nálægra landa, og sparast við það kostnaður. Og það er ekkert hjegómamál, að hann hafi sendiherratitil. Hann verður að hafa aðgang að öllum mönnum, en það hefir ekki hver óvalinn kaupsýslumaður eða skrifstofustjóri. En sendiherra hefir aðgang að öllum; honum er veitt móttaka hvernig sem á stendur. Nafnið hefir þess vegna meiri þýðingu en menn hafa gert sjer í hugarlund, meiri þýðingu en mörgum hv. deildarmönnum dettur í hug. Sendiherranafnið opnar allar dyr. „Sesam, Sesam, opna þig!“. Og aðgangurinn opnast, enda geta menn sagt sjer sjálfir, að þeir, sem semja við ríki, verða að hafa vissu fyrir því, að sá, sem semur, hafi fult umboð, sje sendiherra.

Jeg þarf ekki að ræða þetta mál meira að sinni. Jeg kem að því síðar. Og þá mun jeg fara fram á ýmsar umbótatill., sem jeg vona, að samþyktar verði. Jeg þóttist heyra það á ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að skoðanir okkar munu falla saman í þeim málum. Okkur hefir borið það eitt á milli, að jeg var óánægður með það, hve lengi drógst að skipa sendiherrann. Mjer þótti konungur Danmerkur eiga það skilið af konungi Íslands, að honum væri sýnd sama hæverska og hann hafði sýnt. Jeg vil ekki vefengja þau orð hæstv. forsætisráðh. (J. M.), að hann hafi ekki fundið fyr vel fallinn mann til starfans, en það mátti finna hann, þótt hæstv. forsrh. (J. M.) tækist það ekki. Jeg segi, að stjórnin hafi ekki þurft annað en rjetta út höndina, og þá hefði komið sendiherraefni á hvern fingur.

Jeg vil ekki ávíta það, sem orðið er, það er þýðingarlaust, en jeg er glaður yfir því, að þetta mál er að komast í framkvæmd, og jeg vona, að frv. megi komast heilt á húfi gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 14 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 59).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Þess er ekki þörf frá nefndarinnar hálfu að ræða þetta mál mikið. Eins og sjest á nál., álítur nefndin, eftir atvikum, rjett að lögfesta þetta skipulag um sendiherra, úr því á annað borð hefir verið gengið inn á

þá braut að veita fje til þessa og skipa mann í stöðuna, þótt nefndin sje hinsvegar ekki sammála um nauðsyn embættisins í sjálfu sjer. Svo mun einnig hafa verið áður um mikinn þorra landsmanna, að þeir hafa ekki komið auga á þessa nauðsyn, en þó mun það allmjög hafa dregið úr óhug ýmissa manna, að valið á manninum í embættið þykir hafa tekist betur en margir gerðu ráð fyrir. Að öðru leyti er málið svo einfalt, að ekki virðist þurfa að fjölyrða um það.

Pjetur Ottesen: Þótt jeg hafi skrifað undir nál. með fyrirvara, ætla jeg ekki að vekja deilur um það hjer nú. Jeg lít nefnilega svo á, að það hefði vel getað beðið að lögfesta embættið, að minsta kosti þangað til ábyggileg reynsla væri fengin fyrir nytsemi þess. En með því að lögfesta þetta er sem sje að miklu leyti kipt burtu þeim tökum, sem þingið getur á því haft, að stilt verði í hóf um fjárframlög til þessa sendiherraembættis, hvað svo sem nytseminni líður. Því þótt ákveða eigi eftir sem áður í fjárlögum laun sendiherrans, mun enginn ganga þess dulinn, að torveldara verði að hafa hemil á um fjárframlagið, eftir að embættið er lögfest, en ella myndi. Þegar deilan stóð um sendiherrann í þinginu 1919, ljet jeg svo um mælt, að mjer þætti framkoma stjórnarinnar benda mjög í þá átt, að hún væri fyrir fram búin að semja um það við Dani, bak við þing og þjóð, að sendiherraembætti skyldi þegar stofnað í Kaupmannahöfn. Þeim ummælum var þá harðlega mótmælt af stjórninni, en nú kom það aftur á móti skýlaust fram í ræðu hæstv. forsrh. (J. M.) á dögunum um mál þetta, að það hefir þó svo verið, og er það gott, að það sanna í því efni er þó loks fram komið.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki rjett hjá háttv. þm. Borgf. (P. O.), að nokkur samningur hafi verið gerður um þetta við stjórn Dana, og er t. d. háttv. þm. Dala. (B. J.) kunnugt um það, og gæti borið það. Hitt er það, að bæði frá blöðum og þingmönnum höfðu komið fram raddir um það, að Íslendingum mundi þykja vænst um það, að hingað yrði sendur maður með þeim diplomatisku virðingum, sem seinna varð úr. Að því leyti var ekkert öðruvísi ástatt um þetta mál en síðar kom fram í blöðum, t. d. um ráðgerðan sendiherra frá Svíþjóð. Annars get jeg vísað til framsöguræðu minnar við fyrstu umræðu, sem einnig er í fullu samræmi við það, sem jeg áður hafði sagt, og getur hv. þm. Borgf. (P. O.) sannfærst um það, með því að lesa ræðuna, sem var skrifuð orðrjett áður en hún var flutt.

Jón Þorláksson: Af því að jeg er mótfallinn þessu frv., þykir mjer rjett að gera örstutta grein fyrir atkvæði mínu. Jeg er þó ekki mótfallinn þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í málinu, úr því þingið hefir einu sinni búið svona í hendur stjórninni, og stjórnin því í rauninni ekki gert annað en að framkvæma ákvæði Alþingis, og framkvæma það vel, að því er valið á manninum snertir. En það er augljóst, að starf eins og þetta er fyrst og fremst, og nærri eingöngu, komið undir því, hvernig maðurinn er, sem gegnir því.

En jeg er á móti frv. af því, að jeg fæ ekki sjeð, að fyrir því hafi, yfirleitt, verið færðar gildar ástæður, að nauðsyn sje að lögfesta þetta sendiherraembætti, eins og nú er ástatt. Það hefir verið sagt, að af því að Danir hafi sent hingað sendiherra, þyrftum við einnig að senda mann til þeirra, jafntiginn. En það ætti þó að vera fljótsjeð, að okkur er alveg ókleift að láta það ráða útsendingu manna frá okkur, hvað aðrar þjóðir sjá sjer fært að senda hingað. Öll ríki veraldar gætu sent

sendiherra til Reykjavíkur, og væri þó engin sanngirni að ætlast til þess, að við gætum sent mann í staðinn, enda ætlast enginn til þess, því allur heimurinn veit, að við erum ekki færir um það, og þess vegna er jafngott að við viðurkennum þetta sjálfir undir eins.

Hin ástæðan, sem fram hefir verið færð, er sú, að nauðsynlegt sje að lögfesta embættið, svo að lagaheimild sje fyrir gjaldskrá þeirri, sem sendiherrann á að fara eftir. En jeg skil ekki annað en að slíka gjaldskrá megi setja með stjórnarráðstöfun.

Að öðru leyti get jeg tekið undir með hv. þm. Borgf. (P. O.) um það, að þegar embættið er lögfest, verður ríkissjóður að borga það, hvað sem það kostar. Það verða skoðuð sem föst, lögákveðin útgjöld, þótt þau sjeu, að nafninu til, ákveðin í hverjum fjárlögum. Það fje, sem nú fer til þeirra starfa, sem hjer er um að ræða, mun vera um 48 þús. kr. Nú er það beinlínis og óbeinlínis viðurkent af hæstv. forsrh. (J. M.), að þetta sje ekki nóg, t. d. þar sem hann talaði um það, að valið á manninum hefði m. a. verið gert með tilliti til þess, að hann hefði þótt fremur efnaður maður, og má því búast við raunverulegum gjaldaauka hvenær sem er.

Yfirleitt má segja, að nægur tími væri til lögfestingarinnar — með þeim fjárhagslegu böggum, sem hún bindur — þegar reynsla væri fengin fyrir nauðsyn embættisins, eða því, hvort gagnið af því væri svo mikið, að menn vildu þess vegna taka á sig þessi fjárframlög.

Eitt atriði er enn þá athyglisvert, s. s. það, að með lögfestingunni er hverri stjórn gefið aðhald til þess að skipa á ný í sætið, undir eins og það kynni að losna. En það er ekki heppilegt að þurfa ef til vill að setja einhvern og einhvern, sem menn væru ekki fullánægðir með, í embætti, þar sem alt er undir manninum komið. Þessir örðugleikar, sem jeg á hjer við, hafa meira að segja komið í ljós undir eins við fyrstu veitingu, því hæstv. stjórn mun hafa dregið veitinguna, að eins af því, að hún kom ekki fyr auga á heppilegan mann, sem hún treysti. En ef hinsvegar hefði verið skylt að skipa þá í embættið undir eins, er eftir því að dæma hætt við, að til þess hefði orðið að veljast einhver, sem stjórnin hefði ekki verið ánægð með. Og mundi það nú ekki geta verið hagkvæmt einnig seinna, að hægt yrði að hafa á sjer samviskusamlegan andvara um veitinguna?

Þá hefir það einnig verið fært fram sem ástæða, að raddir hafi komið fram hjeðan um það, að æskilegt væri, að Danir sendu sendiherra hingað, og væri okkur þess vegna skylt að gera þeim sömu skil. Verið getur þetta, en sjerlega almennar raddir held jeg að þetta hafi ekki verið. Og heilladrýgst mun vera að framkvæma bókstaflega þau ákvæði sambandslaganna, að hvort landið um sig ráði því sjálft, hvernig hagsmuna þess sjálfs skuli gætt í hinu landinu.

Eitt atriði er það svo að lokum, sem jeg get ekki leitt hjá mjer, úr því á það var minst hjer. Það hefir verið talað um væntanlegan sendimann Svía í þessu sambandi, og sagt, að samskonar óskir hafi komið hjeðan um hann og um danska sendimanninn. Jeg verð að segja það, að jeg hefi oft átt bágt með að stilla mig, þegar jeg hefi sjeð þessar „óskir", sem sum blöðin hafa leyft rúm hjá sjer, því það er vitanlegt, að þessar „óskir" stafa frá einum fámennum hóp, en allur almenningur lætur sig þær engu skifta, og er það fjarstæða að tala um almennan vilja í sambandi við þær.

Mjer virðist sjálfsagt, að Svíar hagi þessu máli eins og þeim þykir best henta,

án íhlutunar hjeðan, og blaðaóskir eins og þær, sem hjer er um að ræða, eru auðvitað ekki bindandi fyrir okkur, hvorki að því er snertir Svía nje Dani.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði ekki búist við umræðum um þetta mál í dag. En af því að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir að nokkru leyti skírskotað til mín, skal jeg geta þess, að mjer er kunnugt um það, að enginn samningur hafði verið gerður við Dani um þetta sendiherramál, og engu heitið um það, til nje frá.

Hitt er annað mál, að við ljetum á okkur skilja, að við teldum það hagkvæmt og kurteist, að hingað yrði sendur sem virðulegastur maður. Hitt tel jeg einnig víst, að þrátt fyrir það, þótt engu hafi verið heitið í móti, hafi Danir talið það sjálfsagt, að Íslendinga skorti ekki svo þekkingu á almennum mannasiðum, að þeir færu að senda ótignara mann í staðinn.

Út af því, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að við yrðum, í samræmi við þetta, að senda jafntigna menn til allra þjóða, sem tækju upp á því að senda menn hingað, skal jeg geta þess, að þetta er misskilningur. Því samkv. sáttmálanum er það samningur við Dani, að þeir fari með þessi mál, eins og í umboði Íslands, og þess vegna getur hver einasti danskur sendiherra einnig verið íslenskur sendiherra, þegar svo býður við að horfa.

Nú hvað viðvíkur lagaheimild til að ákveða að sendiherrann taki gjöld fyrir að skrifa upp á leiðarbrjef, þá stend jeg þar nálægt hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) að því leyti, að jeg tel þess enga nauðsyn. Það út af fyrir sig getur verið stjórnarráðstöfun. En sje lagaheimildin til, er minni ástæða að vænta að grautarlegt verði, og minni vonir um að einmitt sparnaðarpostularnir rísi upp og vilji hætta við þetta síðar. Því er rjettara að skipa fyrir um þetta með lögum, svo menn valdi ekki hneykslunum á þessu vandasama starfi.

Sami háttv. þm. (J. Þ.) hjelt að stjórnin mundi freistast til að skipa ver í sætið, ef lög mæltu svo fyrir, að staðan mætti aldrei mannlaus vera. En þar er jeg gangstæðrar skoðunar. Jeg get aldrei skilið, þegar menn tala um skort á mönnum til þess að gegna störfum fyrir þjóðfjelagið. Jeg verð aldrei var við mannfæð þessa, er menn kvarta svo um. Jeg sje heldur ekki að menn skorti, þegar um vandamestu störfin er að ræða. Er þó hjer um minni vanda að ræða en þegar skipa þarf í stjórnarsessinn, og hafa þó tíðast boðist nógu margir, sem ráðherrar vildu vera, og jafnvel eftir að stólarnir urðu þrír, hafa engin vandræði orðið á að skipa í sessinn. Það hafa nógir boðist, og nógu margir fengist til að fylgja þeim að málum. Sjá þó allir, að hjer er um vandasamari störf að ræða heldur en að velja sendiherra til Kaupmannahafnar. Stjórnin hefir í fleiri horn að líta en þessi eini maður, sem nægan tíma hefir til athafna sinna. Það er meiri vandi að skipa fyrir heldur en að framkvæma.

Annars átti jeg ekki von á slíku vantrausti á starfskröftum þjóðarinnar hjá þessum háttv. þm. (J. Þ.), þó að áður hafi við sama tón kveðið hjer í þingsölunum. Jeg hefi aldrei sjeð að menn skorti, þegar um ný eða vandasöm störf hefir verið að ræða, sem skipa þurfti menn til að gegna. Vil jeg í því sambandi minna á það, að vandameira var að skipa þá menn, sem við Dani sömdu um rjettindi landsins 1918, heldur en að senda mann til Kaupmannahafnar í sendiherrastöðu, og fundust þó menn til þess, samstundis og Alþingi leit í kring um sig.

Jeg tel sjálfsagt að taka þá menn, sem fyrir hendi eru, og reynist svo, að Íslendingar sjeu illa færir til að þjóna þjóð sinni, verður þjóðin að sætta sig við það, að betra er að veifa röngu trje en engu.

Áður en jeg lýk máli mínu, vildi jeg beina nokkrum orðum til stjórnarinnar.

Myndi stjórnin telja þennan sendiherra skyldugan til að fara skyndiferðir nokkurar til annara ríkja í erindum stjórnarinnar og þjóðar sinnar, t. d. til Spánar, ef upplýsinga þyrfti að leita um fiskmarkað okkar, hvort stjórnin gæti ekki, er svo stæði á, brugðið þessum manni fyrir sig, t. d. látið hann nú semja við Spán? Því ef stjórnin teldi sendiherrann ekki skyldan að fara slíkar sendiferðir, fyndist mjer sjálfsagt, að ákvæði um það yrði sett í frv. við 3. umr.

Einnig vildi jeg spyrja um það, hvort sendiherraskrifstofan í Kaupmannahöfn gæti ekki haft ræðismannsstörfin með höndum, t. d. að einn skrifarinn væri aðalræðismaður, eða generalconsul, og gæti farið með umboð sendiherrans í forföllum hans. Jeg er ekki svo kunnugur máli þessu, en mjer skilst, að nauðsyn væri á, að þessi ákvæði væru tekin fram í lögunum. Og sje stjórnin mjer samþykk um nauðsyn þessa máls, tel jeg víst, að auðsótt verði við nefndina að koma að breytingartill. við 3. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla að byrja á því að svara þeim spurningum, er síðast komu fram. Jeg tel enga nauðsyn á að setja ákvæði um það í lögin, að senda megi sendiherrann til annara ríkja, þegar þurfa þykir. Mjer finst það liggja í augum uppi, að til manns þessa megi grípa, hvenær sem nauðsyn þykir krefja. Sömuleiðis sje jeg enga nauðsyn til þess að setja ákvæði í lögin um það, að sendiherrann sje ræðismaður, því jeg geri ráð fyrir að sendiherraskrifstofan hafi einmitt þau störf með höndum, svo ekkert sjerstakt lagaákvæði þurfi þar um.

Að öðru leyti þykir mjer ekki nauðsyn til að fara langt út í ástæður fyrir þessu frv. Jeg gerði það áður, er jeg lagði frv fram, og hefi engu við það að bæta.

En mig furðar á mótstöðu þessa frv. nú. Ef menn vilja hafa sendiherra, hvers vegna þá að vera á móti því að heimila það með lögum. Og óneitanlega er það viðkunnanlegra fyrir þjóðina, ef hún telur þörf á að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, að skipa fyrir um það með lögum, eins og það er ólíkt rjettara gagnvart sendiherranum sjálfum heldur en að láta heimildina að eins standa í fjárlögunum. Hver maður vill að sjálfsögðu hafa þetta ákveðið fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Það er sjálfsagt, að ákvæði um laun sendiherra sjeu tekin upp í launalög, þegar þeim verður breytt.

Hvað viðvíkur því, að heimilt væri að ákveða gjaldskrá, þótt þessi lög væru ekki, þá er því til að svara, að stjórnin hefir að vísu gefið út gjaldskrá, en í þeirri von, að fá heimild til þess hjá hinu háa Alþingi, því að án lagaheimildar er varla hægt að krefja gjalds fyrir alt það, er þar þarf að setja ákvæði um. Annars væri hætt við, að þeir, sem gjaldið ættu að greiða, einkum ef það væri svo hátt að um munaði, færðust undan því, vegna þess að lagaheimild vantaði.

Að svo mæltu vona jeg, að háttv. deild lofi málinu að fara áfram.

Gunnar Sigurðsson: Jeg ætla ekki að tala um hina diplomatisku hlið þessa máls, heldur hina praktisku. Jeg sje ekki betur en að þeir menn, sem drepa vilja sendiherrann nú, vegna útgjalda þeirra, sem starfið hefir í för með sjer, sjeu að spara eyrinn en eyða krónunni. Undanfarin ár hafa viðskifti landsmanna verið að mestu bein vörukaup ríkisins við erlendar þjóðir, fyrir milligöngu stjórnar og landsverslunar, og búast má við að svo verði að einhverju leyti í framtíðinni. Sendiherrann

ætti því að koma fram sem ræðismaður, samhliða því að vera sendiherra, og annast stórkaup, bæði fyrir ríkið sjálft og einstök fjelög. Jeg er þess fullviss, að með því að hafa duglegan mann til slíkra starfa, myndi vinnast margfaldlega upp, bæði beint og óbeint, kostnaður sá, er af sendiherrastarfinu leiðir.

Jeg skal í þessu sambandi leyfa mjer að benda á síldarverslunina í fyrra. Þá voru á döfinni samningar milli Rússa, Finna, Þjóðverja og jafnframt allra skandinaviskra ríkja, þ. e. a. s. samningar milli einstakra manna og stjórna þessara ríkja um síldarverslunina, en þá höfðum við engan sendimann, er mætt gæti fyrir okkar hönd og tekið þátt í þessum samningum. Hefðum við þá haft duglegan sendiherra, sem hefði haft verslunarþekkingu, eins og núverandi sendiherra, þá er fullvíst, að hagur landsmanna, er þennan atvinnuveg stunduðu, og gjaldþol þeirra væri annað nú en raun ber vitni um. Það má telja víst, að landsmenn hafi tapað tugum, ef ekki hundruðum þúsunda á því, að hafa engan sendiherra. (*BjarniJónsson:* Segjum miljónum!). Það er einmitt þessi hlið málsins, sem ekki má gleymast, þegar rætt er um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Þó að ekki sje með lögum skipað, að sendiherrann eigi að koma fram sem ræðismaður, þá efast jeg ekki um, að hann muni einmitt koma fram sem slíkur, þegar þurfa þykir, eins og líka hitt, að hann muni ekki neita skyndiferðum í verslunarerindum, t. d. um alla Skandinavíu og svo til Englands. Þess vegna mun óþarft að setja nein sjerstök ákvæði um þetta í lögin, og er jeg um það sammála hæstv. forsætisráðherra (J. M.).

Pjetur Ottesen: Jeg get ekki betur sjeð en að háttv. þm. Dala. (B. J.) hafi sannað það, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) vildi láta hann ósanna, þótt þeir legðu sig báðir mjög í bleyti með það að tala undir rós um þetta atriði málsins. En jeg vil þó benda háttv. þingmönnum á, að athuga dálítið ummæli hæstv. forsætisráðherra (J. M.) 1919 um þetta mál, og þá ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.), er jeg áður mintist á, og trúi jeg þá ekki öðru en þeir komist að raun um, að jeg hafi á rjettu að standa.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Hv. þm. Dala. (B. J.) og háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hafa svarað því, sem svara þurfti, svo þess vegna get jeg verið fáorður. Háttv. 3. þm. Reykv. (J. P.) taldi okkur ekki hafa ráð á því að launa sendiherra til allra þeirra ríkja, sem fundið gætu upp á því að senda hingað slíka menn. En þessu er auðsvarað. Þingið hefir í valdi sínu, hve marga sendiherra það hefir, og hvað miklu fje skal varið til launa þeirra, og jeg ber það traust til fjárveitingavaldsins, að það muni í því efni sníða sjer stakk eftir vexti. Þá sagði sami háttv. þm. (J. P.), að með því að lögskipa starfa þennan, yrði það stjórninni hvöt að skipa samstundis í embættið og einhver færi úr því, og gæti þá farið svo, að stundum væri ekki völ á neinum hæfum manni. Jeg skal nú að vísu játa, að þetta gæti ef til vill komið fyrir, en jeg vil ekki bera það vantraust til komandi kynslóða, að stjórn landsins hefði ekki altaf einhverjum slíkum færum manni á að skipa. Þingið hefir nú einu sinni samþykt þennan sendiherra, og lagafrv. þetta er að eins bein afleiðing af því. Þess vegna virðist mjer það óheppilegt nú að fara að kippa hendinni að sjer aftur. Þingið er búið að viðurkenna nauðsyn sendiherrastarfsins, og úr því það hefir gengið inn á þessa braut, mætti undarlegt heita, ef frv. þetta næði ekki fram að ganga.

Hefi jeg svo ekki fleiru við að bæta, en legg það enn þá eindregið til, að háttv. deild samþykki frv.

Jón Þorláksson: Því hefir verið haldið hjer fram, sem meðmælum með þessu frv., að það væri óaðgengilegt fyrir menn að taka að sjer stöðu, sem ekki væri með lögum tryggð. Þessi ástæða finst mjer ekki rjettmæt. Margar stöður hjer á landi hafa ekki verið skipaðar með lögum, heldur veitt til þeirra fje í fjárlögunum áratugum saman, svo sem forstjórn vegamála, vitamála, og fleira, og hefir ekki sýnt sig, að mannaskifti hafi þar orðið fyrir þá sök, að ekki væri þetta lögtryggðar stöður. Mjer kemur því alls ekki í hug, þótt frv. þetta fjelli, að af því hlytist nokkur breyting á framkvæmd starfsins, meðan sami maður vill gegna því með óbreyttum kjörum.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett hjá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að um margar stöður hafa ekki verið lög sett, heldur veitt til þeirra fje með fjárlögum. En þessu er nú breytt með launalögunum, þannig, að þessar stöður eru nú fastar.

Bjarni Jónsson: Jeg vil gera stuttar athugasemdir um það, sem þeir hafa nú með sjer rætt, háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og hæstv. forsætisráðherra (J. M.).

Mjer finst naumast rjett að bera saman vegamálastjórastörf og sendiherrastöðu, því sá er munur þar á, meðal annars, að enginn vefengir nauðsyn þess, að vegamálastjóri sje í landinu, en sumir telja sendiherrastöðuna ónauðsynlega. Og ef sú stefnan kynni einhverntíma að verða ofan á í einhverju þingi, þá er hægurinn hjá að fella niður lið af fjárlögunum, og leggja embættið niður. Þetta eitt finst mjer næg ástæða til þess að samþykkja frumvarpið.

Gagnvart hæstv. forsrh. (J. M.) vil jeg láta þess getið, að jeg fæ ekki sjeð, að það rýri í nokkru sóma sendiherrasveitar vorrar, þótt þeim sömu mönnum væru á hendur falin önnur og fleiri störf jafnframt. Slíkt er algengt, að sami maður hafi fleiri en eitt starf með höndum, og mætti jeg í því sambandi nefna ekki óvirðulegra dæmi en það, að konungur okkar er 1 maður, en 2 konungar. Er það furðulegt, að nokkur maður skuli geta litið svo á, að það dragi úr sendiherrasómanum við það að ræðismannsstörfin fylgdu.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer skilst á háttv. þm. Dala. (B. J.), að hann vilji fara fram á það, að sett verði á stofn sjerstök ræðismannsstaða, sem sameinuð verði sendiherrastöðunni. Mjer finst þetta ekki nauðsynlegt. Því það hefir verið svo, og mun þannig verða, að þeir, sem þurfa að láta framkvæma eitthvað sjerstakt fyrir sig í Danmörku í þeim efnum, sem ræðismannshjálp þarf til, snúa sjer til skrifstofu íslenska sendiherrans þar. Auk þess er jeg hræddur um, að ef sjerstök ræðismannsstaða yrði stofnuð, þá mundi hún eftir nokkur ár verða skilin frá sendiherrastöðunni og stofnað þar nýtt embætti. En slíkt hlyti að hafa allmikinn aukinn kostnað í för með sjer. Jeg tel því ekki ráðlegt að hallast að þessari uppástungu háttv. þm. Dala. (B. J.).

Bjarni Jónsson: Jeg heyri, að hæstv. forsrh. (J. M.) þekkir mætavel þá taug, sem liggur frá hjartanu til buddunnar, en hún ætti þó ekki mjög að þurfa að særast, ef þessar tvær stöður væru sameinaðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars., var frv. tekið til 3. u m r. (A. 43).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frumv. samþ. með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. H., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., M. J., M. K., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.
nei: E. E., J. S., J. Þ., P. O., Sv. Ó., Þorl. G.

H. K. greiddi ekki atkv.
Fjórir þm. (B. J., M. G., M. P., Ó. P.) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. úthýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 43).

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki ætlan mín að vekja hjer umr. um þetta mál. Jeg skal að eins láta þess getið, að frv. þetta hefir verið borið fram í Nd. og samþykt þar. Er jeg mjög vel ánægður með þær viðtökur, sem það hefir fengið, og vænti jeg, að það gangi til allshn.

Sigurður Eggerz: Það þarf ekki að ganga til allshn.

Halldór Steinsson: Jeg geri það að tillögu minni, að frv. gangi til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 1654) með 8 : 1 atkv.

Á 21. fundi í Ed., laugardaginn 12. mars, var frv. tekið til 2 . u m r . (A. 43, n. 116).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg hefi ekki meira að segja fyrir hönd nefndarinnar en það, sem tekið er fram í nefndarálitinu. Þetta mál átti að mæta nokkrum andróðri í þinginu í fyrra, en, sem betur fer, hefir það haft góðan byr nú, og verð jeg að láta í ljós ánægju mína yfir því, og vona, að það gangi heilu og höldnu gegn um háttv. deild. Jeg hefi gert það sem jeg hefi getað, til að bera þetta mál fram til sigurs, og jeg vona líka, að reynslan sýni það, að hjer hafi verið um nauðsynjamál að ræða.

Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en vænti þess, að því verði vísað til 3. umræðu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 43).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., S. F., B. K., G. G., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., S. E., S. H. K., G. B.

nei: E. Á., G. Ó.

Einn þm. (G. Guðf.) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 192).

3. Hrossasala til útlanda.

Á 2. fundi í Nd.,fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra. (A. 16).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Hjer eru á ferðinni bráðabirgðalög, sem ríkisstjórnin gaf út 31. maí 1920, og virðist því nokkur ástæða til að rekja í fáum dráttum sögu þessa máls.

Árin 1918 og 1919 var stjórnareinkasala á hrossum til útlanda. Reyndist hún svo, að hrossaeigendur voru fremur vel ánægðir með þá tilhögun. Þessi einkasala 1918 komst á fyrir valdboð bandamanna, eins og sjá má af ensku samningunum, en 1919 var það fyrir málaleitun dönsku stjórnarinnar. 1920 lá ekkert slíkt fyrir, enda hugsaði stjórnin sjer ekki að taka að sjer, á sama hátt og áður, útflutning hrossanna, nema að henni bærist eindregnar áskoranir í því efni. En svo leið langt fram á vetur, að engar raddir heyrðust í þá átt, enda munu því hafa valdið hin miklu harðindi og illar horfur um land alt, og bændur því annars hugar, flestir.

Þegar komið var fram undir sumarmál, án þess að nokkur hreyfing kæmi úr nokkurri átt, þorði jeg ekki annað en að gera eitthvað í málinu, áður en það dræjist í eindaga, þó að jeg jafnframt sæi, að ekkert verulegt væri hægt að ákvarða, á meðan skepnur manna voru í voða af fóðurskorti. Mjer var það ljóst, að gjaldeyrir þessi (hrossaverðið), mátti ekki lenda í handaskolum eða hverfa undan.

Hugsaði jeg mjer þá, að eina ráðið til bjargar máli þessu væri að koma á samtökum með öllum eigendum útflutningshrossa. Og til þess að gangast fyrir þeim samtökum hafði jeg augastað á samvinnufjelögunum.

Sneri jeg mjer þá til Sláturfjelags Suðurlands og Sambands íslenskra samvinnufjelaga, og reyndi að fá þau til að ráðast í þetta, þó að mjer væri ljóst, að afarerfitt mundi við þetta að eiga, meðan ekki sá fram úr fóðurskorti, en hitt sá jeg líka, að salan þurfti að vera á einni hönd með aðstoð bænda.

Þrátt fyrir það, þó að útlitið væri afar ískyggilegt og engin trygging fyrir því, að hross lifðu af vorharðindin, tóku þó fjelög þessi málið að sjer. Sjerstaklega var það Sambandið, sem sýndi mikla rögg af sjer. Það sendi skrifstofustjóra sinn til útlanda snemma í maí, til þess að þukla fyrir sjer um hrossasölu og skipakost, því auðsætt var, að allur slíkur undirbúningur þurfti að fara fram sem skyndilegast, úr því sem komið var, ef flytja ætti út 3000—4000 hross.

Aftur á móti unnu bæði fjelögin að því innanlands, Sambandið og Sláturfjelagið, og skiftu með sjer verkum, að safna hrossaloforðum.

Þegar til Englands kom, leið ekki á löngu, að sendimaður næði í tilboð í smærri hross, er var mun betra en fengist hafði þar undanfarin ár. Í Danmörku voru aftur á móti ófáanleg jafnhá tilboð og undanfarin 2 ár, en þó svo há í öll hin betri hross, að hagkvæmara var að selja þau þangað heldur en til Englands. En þó sjerstaklega fyrir þá sök, að til Englands eru hryssur lítt seljanlegar, en Danir fáanlegir að kaupa þær jöfnum höndum, eða því nær eingöngu, ef með þyrfti.

Um 20. maí urðu fullgerðir samningar um sölu á 2000—2500 hrossum til Louis Zöllner í Newcastle, og var Samband íslenskra samvinnufjelaga talinn seljandi. Af þessari hrossasölu mátti $^1/_5$ vera hryssur.

Söfnun hrossaloforðanna heima fyrir gekk dræmt, og sást gjörla, að hæpið yrði að geta fullnægt samningunum við L. Z., og þó engu síður hitt, að geta skift hrossunum eins og heppilegast væri á milli Englandsmarkaðarins og hins danska, nema útflutningur hrossanna væri allur á einni hendi. Gera mátti og ráð fyrir, að ef ekkert yrði aðhafst, gæti t. d. tilboð í 3—400 hross, sem lítið eitt væri hærra, valdið því, að allur hrossamarkaðurinn færi út um þúfur að þessu sinni.

Þessvegna sá stjórnin sjer ekki annað fært en að lögbjóða einkaútflutning ríkisstjórnar á hrossum, á sama hátt og undanfarin ár, og skipa útflutningsnefnd, og naut stjórnin þar að ráða margra viturra manna og kunnugra í þessu efni. Þessar ráðstafanir stjórnarinnar eru bráðabirgðalög þau, sem hjer með eru lögð fyrir þingið.

Þegar eftir að lög þessi voru gefin út, tókust samningar um sölu á 1000—2000 hryssum til Danmerkur.

Hrossasalan fór þá þannig, að út var flutt frá Reykjavík á tímabilinu 26. júlí til 6. okt., til Englands 1936 hross og til Danmerkur 1500 hross, en það verður til samans 3436 hross.

Af hrossum þessum vóru 1575 hestar, en hryssur 1861 (= 3436).

Af öllum hrossunum voru 1303 tryppi 3 vetra, og er það óvenjulega há tala, en þó skiljanleg, því að á þeim tíma var verðið mun hærra en tíðkast hafði áður.

Útborgunarverð á markaði var, á bestu hestum 420 krónur, en á lægstu og ljelegustu hrossum 180 krónur. Að lokum kom svo uppbót á hvert hross, er nam 28 krónum.

Þannig var þá verðið, þegar alt er talið: á besta hesti, 4—8 vetra, kr. 448 og á ljelegasta mertryppi, 3 vetra, 208 kr., og verður ekki annað sagt en betur hafi úrræst heldur en áhorfðist í fyrstu.

Vilji nú Alþingi, að ríkisstjórnin haldi áfram einkasölu á hrossum til útflutnings, er rjett að vísa frv. þessu til nefndar. Því verður ekki afturkallað, sem þegar er búið að aðhafast samkvæmt þessum bráðabirgðalögum.

Vil jeg því leyfa mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Gunnar Sigurðsson: Það er að eins örstutt fyrirspurn til hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) Jeg vildi vita, hvort hann hefir kynt sjer horfurnar á sölu hrossa á næsta ári, hvort kaupendur munu verða þeir sömu, eða hvort stjórnin hefir trygt sjer aðra nýja. Jeg lít svo á, að stjórninni beri að hafa vakandi auga á markaðinum og vita um markaðshorfur hvenær sem er.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg get ekki gefið neinar upplýsingar um framtíðina, enda er ekki kominn tími til þess enn þá. Stjórnin vildi líka vita, hvað Alþingi legði til málanna, því að það hefir úrskurðarvaldið í þessu efni, sem öðru, og henni þótti þessvegna ekki rjett að gefa

neinum kaupanda undir fótinn, meðan alt var óráðið. En jeg get getið þess, að sennilega er hægt að komast að samningum við þann, sem keypti hrossin í Englandi, og jeg hef heyrt það sagt, að sá, sem keypti hrossin í Danmörku, sje ánægður með kaupin, enda þótt hann eigi enn þá eitthvað talsvert óselt af hrossunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1657—8) með 14 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16. n. 98).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti! Frv. þetta er stjórnarfrv., eins og kunnugt er, og var gefið út sem bráðabirgðalög, sem gilda áttu til eins árs. Nefndin hefir leyft sjer að gera þá brtt., að þessi sömu lög verði látin gilda um óákveðinn tíma, en sem heimildarlög.

Í rauninni er þess ekki þörf, að hafa langa framsögu í málinu, en þó vil jeg, til skýringar, leyfa mjer að drepa stuttlega á nokkur atriði. — Í fyrsta lagi er þá þess að geta, að það munu vera eindregin tilmæli margra hrossahjeraða, að einkasölunni sje haldið. Ef bygt er á skýrslu um hrossasöluna síðastliðið ár, sem legið hefir fyrir landbúnaðarnefnd neðri deildar, og á reynslu frá fyrri árum, þá verður ekki annað sjeð en að hrossamarkaðurinn erlendis sje svo þröngur, að hann verði hæglega yfirfyltur. Á þetta benda sölutilraunirnar 1919 og 1920, að þegar óskað hefir verið eftir verðboðum, hafa þau ekki fengist sæmileg, nema því að eins að hrossakaupmönnunum væri um leið trygð einkasala. Með því skilyrði munu einnig horfur á því, að svipað verð haldist áfram. Nefndinni þótti því varhugavert að slá því úr hendi sjer, þegar tillit er tekið til þess verðs, sem nú er. En það er ótvíræð lífsnauðsyn fyrir landbúnaðinn, að markaðurinn haldist góður, enda eru hross nú í tiltölulega bestu verði af landbúnaðarvörum, og mun söluverð þeirra síðastliðið ár hafa numið á aðra miljón króna. Við þetta bætist svo það, að nú má búast við meiri hrossasölu en áður. Því síðast mun allur þorri almennings í hrossahjeruðum alls ekki hafa gert sjer það ljóst, hver voði stóð fyrir dyrum í ýmsum efnum, peningakreppu, verðfalli afurða o. s. frv. Því ef svo hefði verið, er vafalaust, að selt hefði verið snögt um meira en gert var.

Sje nú gert ráð fyrir, að salan verði meiri á næsta sumri en áður, er það augljóst, að ef markaðurinn er þröngur, skiftir það ekki litlu, að kaupendur undirbjóði ekki hver annan, og það var ein af aðalástæðunum til þess að nefndin áleit rjett að heimila stjórninni að hafa einkasöluna á hendi.

En fyrst jeg er á annað borð staðinn upp, get jeg ekki gengið fram hjá einu atriði, sem nefndin hefir athugað og er þýðingarmikið í þessu máli. En það er fyrirkomulag sölunnar innanlands, sem hefir verið mjög á annan veg á ýmsum sviðum en hrossaeigendur hefðu kosið. Hins vegar má segja það um stjórnina, að hún hafi verið að þreifa fyrir sjer til þess, en nú ætti að vera komin sæmileg reynsla til að byggja á. Nefndin gerir ráð fyrir að koma með ákveðnar tillögur í þessu efni, þegar henni þykir fullsjeð, að frv. þetta nái fram að ganga. Þó vil jeg að eins benda á, að bæði má spara fje og gera framkvæmdir einfaldari en nú er, með því að fela störfin og umsjónina hrossaeigendum sjálfum í hverju hjeraði, eða þeim, er þeir kveddu til þess. Enda hefir kostnaðurinn innanlands verið óþarflega mikill, en mundi sjálfsagt geta lækkað um $^1/_5$, ef skynsam-

lega væri að farið. En allur innanlandskostnaðurinn mun hafa orðið fullar 100 þúsund krónur síðastliðið ár. Annað mætti einnig nefna, og það er greiðslumátinn undanfarið. Markaðshaldararnir hafa reitt með sjer svo skift hefir hundruðum þúsunda króna. Af fje því, sem þannig hefir verið tekið út úr bönkunum, hafa verið greiddir háir vextir, síðastliðið sumar um 10 þús. krónur, sem að miklu leyti mætti komast hjá, með því að nota ávísanir.

Eins og brtt. nefndarinnar ber með sjer, er gert ráð fyrir því, að valdið verði hjá hrossaeigendunum sjálfum, þeir ráði sjálfir, eða meiri hluti þeirra, hvort einkasölunni verði haldið áfram og hve lengi.

Að skjóta málinu til sýslunefndanna í hrossahjeruðum landsins virðist einföld og óbrotin aðferð til þess að fá vitneskju um hug hrossaeigenda í þessu máli, og slíkar fyrirspurnir til sýslunefndanna ættu ekki að þurfa að tefja málið neitt. Með þessu yrði líka siglt fyrir það sker, að stjórninni yrði brugðið um það að halda einkasölunni í trássi við meiri hluta hrossaeigendanna.

Því hefir verið skotið fram, að nefndin hafi ekki skilgreint það, hvað hún eigi við með orðinu hrossahjerað. Það virðist þó liggja í augum uppi, að það eru þau hjeruð, sem selja hross til útflutnings, en þau munu vera um 8 á landinu.

Að endingu skal jeg geta þess, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að til ríkiseinkasölu yfirleitt hefir nefndin, sem heild, enga afstöðu tekið, þrátt fyrir þetta mál, og hefir hver nefndarmaður því óbundnar hendur í þeim málum þessvegna.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Hv. frsm. (J. S.) sýndi mjer till. nefndarinnar og álit, áður en því var útbýtt, og hafði jeg þá, eftir fljótan yfirlestur, ekkert sjerstakt við það að athuga. Við nánari athugun hefi jeg þó komist að því, að dálítill vafi geti leikið á því, hvernig það takist, eða reynist í framkvæmdinni, að velti á vilja hrossaeigendanna hvort stjórnin tekur að sjer útflutninginn eða eigi. Það gæti komið fyrir, að atkvæði sýslunefndanna væru ýmsum mismunandi skilyrðum bundin úr hrossahjeruðunum, og gæti þá verið erfitt fyrir stjórnina að ákvarða sig eftir því. Vildi jeg því mega beina því til hv. nefndar, að íhuga það, hvernig ætlast væri til þess, að stjórnin hagaði sjer í slíkum tilfellum, eða hvernig heppilegt væri að bera málið undir sýslunefndir, svo að hjá slíkum vafa yrði komist.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frv. sjálft, því að öll hrossahjeruð munu vera sammála um einkasöluna.

Jeg vildi að eins benda á það, að meiningarlaust virðist vera að bera þetta undir sýslunefndirnar nú sem stendur, þó það geti verið „princip"-mál í framtíðinni, því menn vita fyrirfram hverju þær svara. Þar að auki mundi það tefja fyrir því, sem er aðalatriðið, að geta sem fyrst farið að undirbúa sölu á hrossunum og rannsaka allar markaðshorfur. Og það er þetta, sem jeg vil hjer sjerstaklega brýna fyrir stjórninni. En sýslunefndir þarf ekki að spyrja, því það er óþarfi.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætlaði mjer ekki að lengja umr. að þessu sinni. Það er að eins viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (P. J.) sagði um afskifti sýslunefnda í þessu máli, og skilyrði, sem þær, eða hrossahjeruðin, kynnu að setja, að jeg vildi segja fáein orð.

Jeg geri nefnilega ráð fyrir því, að ekki muni standa á svari sýslunefnda eða hrossahjerað, og að svörin muni verða á einn veg, að allir hlutaðeigendur telji sig samþykka ráðstöfun þessari, þó að því leyti, að rjettast muni, eins og stendur, að láta landsstjórnina hafa hrossasöluna. En

það þykist jeg jafnvel vita, að samþykt þessi yrði ekki að öllu leyti skilyrðislaus, og búast mætti við, að ýmsar kröfur yrðu framsettar stjórninni til athugunar og eftirbreytni. Að minsta kosti er mjer kunnugt um það, að sumir óska að hrossunum verði víðar skipað út á landinu heldur en raun varð á síðastliðið sumar, eða eingöngu hjer í Reykjavík. Það sjest best á skýrslu þeirri um útflutning hrossanna, sem legið hefir frammi til athugunar í landbn., að allur innanlandskostnaður við hrossasöluna hefir orðið undarlega mikill, enda hafa þær raddir heyrst, sem telja hann óþarflega háan. En það verður líklega tækifæri til þess að athuga það betur síðar, svo fram hjá því geng jeg nú.

En einmitt þetta atriði út af fyrir sig ætti að vera nóg til þess, að hróflað væri við gerðum stjórnarinnar í þessu máli, og ósanngjarnt getur það ekki talist, þó að sýslunefndir, eða þeir, sem hjer eiga hlut að máli, beini þeirri ósk til stjórnarinnar, að hún íþyngi ekki landsmönnum með óþarfa útgjöldum á þessu sviði.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) taldi það óþarfa að spyrja hrossahjeruðin eða sýslunefndirnar til ráða í þessu máli, því allir væru sammála um að fela stjórninni hrossasöluna. En þó aldrei nema svo sje, þá getur það ekki talist óþarfi, þó að ýtt sje undir stjórnina, eða henni gefnar bendingar í þá átt, sem best þykir fara, máli þessu til bjargar. Og ekki þarf þetta á neinn hátt að tefja fyrir hrossasölumálinu. Allar þær sýslur, sem hjer eiga hlut að máli, að einni undantekinni, hafa enn ekki haldið aðalfund sinn, en líkindi til að þær geri það áður en langt um líður, svo það ætti að vera nógur tími enn að skjóta máli þessu heim í hjeruðin.

Jeg leyfi mjer í þessu sambandi að kasta fram nokkrum spurningum, er jeg vona að hæstv. atvrh. (P. J.) svari. Það ganga ýmsar sögur um þetta hrossasölumál, sem jeg tel rjett að slegið sje á strax og svarað orðrómi þeim, sem um það gengur.

Jeg heyrði það sagt í sumar, að breska stjórnin hefði gert það að skilyrði um kaup á íslenskum hestum, að ríkisstjórnin hjer hefði söluna í sínum höndum. Þetta hefir samt verið borið til baka, en mjer er ókunnugt um, hverju trúa beri, og þessvegna leyfi jeg mjer að spyrja hvað satt sje í orðrómi þessum. Þá hefir líka verið sagt, að samningurinn um sölu á hrossunum hafi verið undirritaður af hálfu stjórnarinnar áður en bráðabirgðalögin vóru útgefin og staðfest, og einnig hefir heyrst, að hærra tilboð hafi komið í hrossin eftir að samningarnir voru gerðir.

Mjer finst nú ekki ósennilegt, að ýmsum verði í þessu sambandi, og að óupplýstu máli, að álykta sem svo, að breska stjórnin, eða þá Zöllner, muni hafa spilað talsvert mikla „rullu“ í þessu máli, þar sem kunnugt er, að stjórnin einmitt fjekk kol frá Englandi með skipum þeim, sem flutiu út hrossin. Þessvegna leyfi jeg mjer að spyrja svo:

Höfðu ekki kolakaupin nokkra þýðingu í hrossasölumálinu, og voru ekki hagfeldari samningar með verð og farmgjald?

Jeg tel nauðsynlegt, að þessum spurningum sje svarað, svo að menn sjeu ekki úti um sveitirnar að hlaupa með sögur, sem vekja tortrygni og ef til vill spilla fyrir góðu máli.

Jeg get eigi af eigin þekkingu byggt á öðru en því, sem komið hefir fram í landbn., en það er skýrslan, sem jeg mintis á áðan — skýrsla frá einum manni um hrossasöluna síðastliðið sumar.

En hafi verið hrapað að samningum þessum, t. d. verið tap að semja við Breta og samningurinn gerður áður en lögin voru gefin út, þá er auðvitað hjer um mikið atriði að ræða og merkilegt, sem ekki má í hel þegja.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg skal reyna að svara þessum spurningum háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.).

Mjer er ekki kunnugt um, að neitt hafi komið frá bresku stjórninni viðvíkjandi hrossasölunni í sumar, að minsta kosti ekki neitt það, sem úrslit hafi getað haft á hrossasöluna, svo allur sá orðrómur er því uppspuni. En viðvíkjandi samningunum við Zöllner, þá er það rjett, að þeir voru gerðir áður en bráðabirgðalögin voru gefin út, enda skýrði jeg frá því þegar í upphafi við 1. umr. þessa máls. Að vísu var það stjórnin, sem kom þessu til leiðar, og upphaflega var það ætlun hennar að vita hvort hjeruðin sjálf gætu ekki með nógu öruggum samtökum tekið að sjer útflutninginn. En kringumstæðurnar í fyrra vetur og vor voru þann veg lagaðar, að ómögulegt var að fá hjeruðin til að starfa að framkvæmd þessa máls; því það var rjettilega tekið fram hjá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að það þarf að byrja að vetrinum eða snemma vors að undirbúa hrossasöluna fyrir næsta sumar. Nú leið tíminn svo, að málið var í þann veginn að komast í eindaga, svo stjórnin sneri sjer til sambandsfjelaganna hjer, Sláturfjelagsins og Sambands ísl. samvinnufjelaga, og fjekk þau bæði til þess að beita sjer fyrir málið, bæði með því að safna hrossaloforðum innanlands, svo og að grenslast eftir markaði erlendis.

Samband ísl. samvinnufjelaga sendi þegar mann til Englands, og eftir komu hans þangað fjekk hann tilboð frá einum manni um kaup á öllum smærri hestum. Tilboð þetta sendi hann þegar út hingað til umsagnar, en fresturinn var stuttur og ómögulegt að ná nægum hrossaloforðum hjer innanlands á svo stuttum fresti. Þá var komið talsvert fram í maí, svo hjer varð annaðhvort að hrökkva eða stökkva, samþykkja tilboðið eða hafna því, þó að loforð hjeraðanna væru ekki komin. En væri tilboðinu hafnað, mátti búast við að hrossasalan væri eyðilögð þetta sumar. Sá stjórnin því ekki önnur ráð en að samþykkja tilboðið, á þeim grundvelli, að einkasölubráðabirgðalögin kæmu þá þegar. Var samningurinn því gerður 24. maí, en bráðabirgðalögin útgefin 29. maí. Svona er gangur þessa máls rjett sagður.

Viðvíkjandi samningnum við Zöllner, í sambandi við kolainnflutning frá England, get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt. Það er satt, að samningurinn var um hvorttveggja í einu, hrossasöluna og kolakaupin, enda hefir slíkt tíðkast mjög áður. Og jeg hýst við, að hrossaútflutningur til Englands hefði alls ekki tekist nema að hlaða skipin kolum, sem sækja áttu hrossin hingað; að því leyti er kann ske hægt að segja að hrossasalan hafi bygst á kolainnflutningnum, og mín meining er, að hrossasalan hafi einmitt haft óbeinlínis hagnað af þessum samningum. Hitt var líka vitanlegt, að örðugt var að fá útflutningsleyfi fyrir kol frá Englandi, án samninga, svo gera má ráð fyrir, ef samningar hefðu ekki tekist, að hrossasalan hefði farið út um þúfur og landið orðið kolalaust. Og hvað snertir markaðsverð hrossanna, þá leið það alls ekkert við kolaverðið.

Mjer er ekki kunnugt um, að nein hærri tilboð í hrossin hafi komið eftir að samningarnir við Zöllner voru gerðir. En eins og jeg skýrði frá um daginn, þá varð hrossaverðið hærra í Danmörku en í Englandi, vegna þess að Danir voru fúsir á að taka hryssurnar jöfnum höndum með hestunum, eða jafnvel eingöngu, og borga þær hærra verði en Zöllner vildi gefa fyrir hryssur.

Fleiri upplýsingar ætla jeg ekki að gefa við þessa umræðu, en jeg er fús að tala frekar við hv. landbn., óski hún þess.

Gunnar Sigurðsson: Hæstv. atvrh. (P. J.) hefir best sannað, að allur dráttur í

máli þessu er hættulegur. Jeg þykist geta af reynslu talað í máli þessu, og jeg veit að oft hefir svo farið, að í ótíma hefir verið hugsað um hrossamarkaðinn. Það verður að fara að semja um sölu áður en svörin eru komin frá sýslunefndunum. Þessi svör geta líka orðið svo margvísleg, ekki hægt að búast við, að allir verði þar á eitt sáttir, svo alt slíkt getur tafið fyrir framkvæmdum stjórnarinnar og teflt málinu í tvísýnu. Enda álít jeg að ekki geti komið til mála, að sýslunefndir skifti sjer neitt af sölunni erlendis.

Það eru mörg ónauðsynlegri embætti í landinu en þótt hafður væri beinlínis maður til þess að undirbúa hrossasölumálið, safna tilboðum erlendis og yfir höfuð gera alt til að glæða markað og greiða fyrir sölu. Eins og nú standa sakir, er einkasalan heppilegust leið. Af framantöldu greiði jeg atkv. móti því nú að skjóta máli þessu til sýslunefnda, þótt jeg segi ekki með því að slíkt megi gera í framtíðinni, en þó að eins að því er snertir kaup á hrossunum og meðferð innanlands.

Þórarinn Jónsson: Jeg geri mig ánægðan með svör hæstv. atvrh. (P. J.), sjerstaklega þó hvað það snertir, að hærri tilboð í hrossin hafi ekki komið. Jeg var ekki kominn til þings, er 1. umr. þessa máls fór fram, og vissi því ekki hvernig hæstv. atvrh. hafði reifað málið. En eitt atriði, sem hæstv. atvrh. tók fram í svörum sínum til mín, finst mjer ekki nægilega upplýst, og vildi jeg því fá frekari skýringar á því, en það er um kolin í sambandi við útflutning hrossanna. (*Atvrh.*: Jeg get ekki útskýrt það í þingræðu, en nefndinni skal jeg gefa allar þær upplýsingar, sem jeg get). Jæja, jeg geri mig þá ánægðan með það.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði, að hann vildi ekki snúa sjer til sýslunefndanna nú, þá sje jeg ekki að það þurfi að vera neitt hættulegt við það, eða að tefja fyrir málinu. Það þarf ekki lengi að bíða eftir svörunum. Hvort sem hrossahjeruðin eru með einkasölu á hrossum eða ekki, ætti það ekki að taka langan tíma að senda álit sýslunefnda til stjórnarinnar. Og úr því hv. þm. (Gunn. S.) telur það rjett í framtíðinni, þá ætti það eins að vera rjett nú.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta nú. Sleppi að þessu sinni innanlandsútgjöldunum, enda býst jeg við, að mjer gefist tækifæri til að athuga þau nánar síðar.

ATKVGR.

Brtt. 98 (ný 1. gr.) samþ. með 15. shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 108).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 108).

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var þar í landbúnaðarnefnd. Jeg legg til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1652) með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 146).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Jeg ætla ekki að eyða löngum tíma í að tala um þetta mál. Bæði er það, að ýmsir óska eftir að fundur verði sem fyrst búinn, og svo er hitt, að málið liggur ljóst fyrir. Málið kom frá landbn. Nd., og fylgir því ítarlegt nefndarálit. Landbúnaðarnefnd Ed. hefir fallist á frv. og leggur til, að það verði samþ. breytingarlaust. Jeg verð þó að minnast á 2 atriði. Eins og nú er ástatt, þá vil jeg ekki gefa yfirlýsingu um, að jeg greiði atkvæði með einkasölufrv. yfirleitt, sem fram kunna að koma. Þykir mjer varlegra að taka þetta fram strax. Í öðru lagi, að það hefir legið orð á því, að of mikill kostnaður hafi fallið á þessa verslun innanlands. En ef til vill verður tækifæri til að minnast á það síðar. Óska jeg svo, að frv. gangi hröðum fetum gegn um deildina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. og 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., laugardaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 108).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 194).

4. Fjáraukalög 1918 og 1919.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919 (A. 31).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. deildarmenn hafa þegar fengið landsreikningana fyrir árin 1918 og 1919 ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, svörum stjórnarinnar og tillögum yfirskoðunarmanna til úrskurðar. Á þessum gögnum öllum er frv. það bygt, sem hjer liggur fyrir. Jeg held að jeg megi fullyrða, að enginn teljandi ágreiningur sje um aukafjárveitingar milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmanna, svo að jeg vona, að sú nefnd, sem fær frv. þetta til meðferðar, komist ljett út af því, og að það geti orðið samþykt óbreytt.

Athugasemdirnar við landsreikningana bera það með sjer, að hið besta samkomulag hefir verið milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmanna, og jeg held að jeg geti fullyrt, að það hafi aldrei verið eins gott, og athugasemdirnar eru miklu færri nú en venjulegast áður, og verð jeg að telja það vott um góðan frágang reikninganna. Til samanburðar get jeg getið þess, að aths. við reikninginn fyrir 1918 eru 43, og reikninginn 1919 42, en voru t. d. 1917 37, 1916 123, 1915 163 og 1914 258.

Þegar þessari umræðu er lokið, óska jeg að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655), hvorttveggja í e. hlj.

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 73).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það hefir verið venja, þegar fjáraukalagafrv. hefir verið til umræðu, eða afgreitt af fjárhagsnefnd, að því fylgdu till. nefndarinnar út af ágreiningi milli endurskoðenda landsreikninganna og fjármálastjórnarinnar. Þó að þetta hafi þannig verið, þá lítur nefndin svo á, að alveg eins sje viðeigandi, að ýmsar fyrirspurnir eða tillögur komi fram við samþykt landsreikningsins sjálfs, því nánast tekið fjallar fjáraukalagafrv. að eins um umframgreiðslur fram yfir það, sem fjárlög ákveða, eða heimilað er með öðrum lögum.

En það vill nú svo vel til í þetta skifti, að ágreiningurinn milli endurskoðenda og landsstjórnar er svo sáralítill, og þannig vaxinn, að nefndin hefir ekki álitið þörf að gera till. út af honum. Þó eru nokkur atriði, sem jeg mun fyrir nefndarinnar hönd minnast á til frekari árjettingar. Annars vil jeg taka það fram, að endurskoðun landsreikninganna virðist fremur vera reikningsleg en „kritisk", enda má ske heldur ekki veruleg ástæða til þess.

Sú mikla breyting er nú orðin frá 1916 og 1917, að athugasemdirnar við landsreikningana eru ekki nema sárfáar, 1918 43 og 1919 42, en 1916 og 1917 voru þær komnar upp í 260 hæst, að mig minnir, og nú kemur það ekki fyrir, að nokkur till. komi, sem vísi ágreiningnum til Alþingis. Það frekasta sem þær fara er „til athugunar".

Þau atriði, sem nefndin vill sjerstaklega minnast á, eru þessi:

1. Tekjur af Íslandsbanka 1918. Yfirskoðunarmenn telja gjaldið af ótrygðum seðlum vanborgað, og það vanrækt sjerstaklega að gera það upp í hver mánaðarlok, hve mikið er í umferð af seðlum og hver málmforði bankans er, þar sem eftir því verður auðvitað fundið, hvað greiða þarf af ótrygðu seðlunum eftir gildandi ákvæðum. Yfirskoðunarmenn telja, að að eins fyrir desember 1918 hafi bankinn gert þetta, og sje sú upphæð, sem bankanum ber að greiða fyrir þann mánuð, kr. 2719,05, en þann mánuð sje ekkert gjald talið frá bankanum, og bankinn muni byggja á því, að til tryggingar þessum hluta seðlanna nægi eingöngu annar forði en gull. Vekja yfirskoðunarmenn vitan lega athygli á þessu.

Út af þessum ágreiningi hefir nú stjórnin ákveðið að leita úrskurðar dómstólanna, og telja yfirskoðunarmenn — og sömuleiðis nefndin — það fullnægjandi. Hefir stjórnin falið málfærslumanni málið, en lengra er það ekki komið. Leggur nefndin sterka og ríka áherslu á það, að þetta sje gert, og ekki tafið um skör fram.

Þá er smávægileg athugasemd um eftirstöðvar af tekjum og um afrækta greiðslu Miklaholtsprestakalls, sem nefndin hefir ekki heldur fundið ástæðu til að gera sjerstaka till. um, þar sem líka 200 kr. frádráttur hefir orðið á þessu síðastl. ár og verður að líkindum áfram.

Þá eru reikningar Hvanneyrar. Þar ber reikningum skólastjóra og stjórnarinnar ekki saman; skakkar um 583 kr., sem reikningur skólastjóra er lægri en það, sem ávísað hefir verið frá ríkissjóði. Þetta mun vera skiljanlegt af því, að stjórnin ávísar í heilu lagi, og mun afgangurinn því annað hvort hafa fallið í aðra flokka en endurskoðunarmenn tilfæra, eða verið geymdar til næsta árs, og því gerir nefndin heldur enga sjerstaka till. um þetta atriði.

Svo skal jeg að lokum geta þess um eftirstöðvar af innheimtu fje ýmsu, að áherslu verður að leggja á það, að þær náist altaf sem fyrst, enda er þetta mikið

að lagast nú, þannig að þær eru komnar niður úr 46½ þús. árið 1918 í rösk 14 þús. kr. árið 1919, og má það heita mikil lögun á svo skömmum tíma.

Að endingu hefir nefndin fundið reikningsskekkju um 1 krónu, sem brtt. hljóðar um, en af vangá nefndarinnar, eða minni, er brtt. ekki nógu skýr, þar sem hún þurfti að ná til aðaltalnanna í 1. gr. En enga sök á skrifstofan á þessu, og verður væntanlega kostur á að leiðrjetta það.

Held jeg svo, að ekki þurfi að fjölyrða meira um þetta mál.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg hefi ekki mörgu að svara, en skal þó gera nokkrar athugasemdir við þau ummæli, sem fram hafa komið.

Hv. frsm. (Þór. J.) gat þess, að ómögulegt væri að segja, hvort endurskoðunin hefði nú verið framkvæmd eins og áður, eða ekki, og er það rjett, en þó ættu að minsta kosti að vera líkur fyrir því, að svo sje, þar sem sumir sömu menn höfðu hana á hendi nú og áður. Út af athugasemdinni um gjald Íslandsbanka, skal jeg geta þess, að drátturinn á því, að málið væri lagt undir dómstólana, stafar af því, að aðiljar þurfa fyrst að vera sammála um það, hversu munurinn sje mikill, en hann mun vera 60—70 þús. kr. Hefi jeg nú heyrt einhvern áæning af því, að bankinn mundi, ef til vill, ætla að greiða þetta án málssóknar, þó að málið sje annars frá stjórnarinnar hendi fengið í hendur málfærslumanni. Það er ekki svo, að vanrækt hafi verið að reikna út mánaðarlega hvað mikið væri úti af seðlum; það sjest í seðlabókum bankans. Ágreiningurinn er ekki heldur um það, heldur um það, hvernig reikna skuli gjaldið af seðlunum.

Sjálfsagt er að stuðla að því, að eftirstöðvarnar, sem hv. frsm. (Þór. J.) gat um, verði sem minstar, enda er nú mjög lítið óinnheimt.

Um Hvanneyrarskólann er það að segja, að mismunur sá, sem hv. frsm. (Þór. J.) talaði um, stafar af því, að ekki eru allir liðir skólafjárveitinganna tilfærðir hjá yfirskoðunarmönnum, en ekki af því, að neitt standi inni hjá skólastjóra, enda koma athugasemdirnar að því leyti ranglátlega niður, að þessi maður mun vera einn besti reikningshaldari fyrir ríkissjóð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 73 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

3.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 95).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Frumvarp þetta hefir gengið í gegnum háttv. Nd. breytingalítið. Að eins hefir fundist í því einnar krónu reikningsvilla, sem hefir verið leiðrjett. Geri eg því ráð fyrir, að ekki sje fleira við það að athuga. Jeg vona því, að það gangi breytingalaust gegnum þessa háttv. deild.

Jeg skal geta þess, að enginn ágreiningur hefir orðið á milli stjórnarinnar og endurskoðenda landsreikninganna, og því ólíklegt, að miklar umræður verði um fjáraukalagafrv., eins og stundum hefir áður átt sjer stað.

Óska jeg svo, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar, þegar umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 13 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 153).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 95, n. 153).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Brtt. þeim, sem fjhn. hefir gert við frv. á þskj. 153, er þannig varið, að 1. brtt. a. leggur til, að tekin sje upp í fjáraukalögin fjárhæð, sem nemur kr. 20785,12, sem greidd var umfram fjárveiting til póstflutnings 1919, og kr. 13844,15, greiddar umfram veitingu til annara póstgjalda 1918. Lítur nefndin svo á, að þær umframgreiðslur eigi, eins og aðrar umframgreiðslur, að standa í fjáraukalögum. Að síðarnefnda upphæðin hefir eigi komist inn í frv., stafar, að því er upplýst hefir verið, af vangá endurskoðenda landsreikninganna, en um hina upphæðina munu þeir hafa verið í vafa, hvort nauðsyn bæri til að hún stæði í fjáraukalögunum, þar sem þar hefði verið um sjálfsagðan kostnað að ræða. En þar sem nú í frv. hafði verið tekin — og eftir till. endurskoðenda — samskonar umframgreiðsla fyrir árið 1918, þótti fjhn. sjálfsagt, að svo yrði einnig gert um þessa.

Brtt. 1 b. snertir Gerðatangavitann. Til þessa vita eru í fjárlögunum fyrir 1918 og 1919 veittar 6000 kr. síðara árið, en notaðar kr. 8922,82 fyrra árið og kr. 4578,25 hið síðara ár. Nú eru í fjáraukal.frv. þær 6000 kr., sem veittar eru síðara árið, dregnar frá þeim kr. 8922,82, sem notaðar voru fyrra árið, í stað mismunarins, kr. 1421,75, á því, sem veitt og notað var hið síðara ár, og sem að eins gat komið til frádráttar að rjettu lagi.

2. brtt. er að sumu leyti leiðrjetting á röngum tilvísunum í landsreikninginn, sem líklega eru prentvillur. Á niðurfærslu nefndarinnar á umframgreiðslu til skógarvarða 1918 stendur svo, að ónotaðar eru þar 2000 kr. af veittu fje til skógarvarða 1919, og er það í samræmi við þá meginreglu, sem fylgt hefir verið við samning fjáraukalagafrumvarpsins, að þær sjeu dregnar frá umframgreiðslu frá fyrra ári. Til ferðakostnaðar fiskimatsmanna eru taldar greiddar kr. 673.00 umfram veitingu 1919 í fjáraukalagafrv., en þetta er alveg rangt. Á hinn bóginn hafði verið greitt umfram veiting til síldarmatsmanna þ. á. kr. 1023.00, og með því að draga frá þeirri upphæð kr. 349.90, sem ónotaðar voru af veittu fje til ferðakostnaðar fiskimatsmanna árið áður, er fengin sú upphæð (kr. 673.00), sem í fjáraukal.frv. stendur, og er því bersýnileg villa.

Að niðurstöðutölur frv. breytast við þessar leiðrjettingar, leiðir af sjálfu sjer.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg hefi ekki haft tíma til að athuga þessar brtt., en býst við að þær sjeu rjettar, að öðru leyti en því, að mig undrar það nokkuð, að tekið er eitthvað af brtt. upp, sem yfirskoðunarmenn hafa ekki gert aths. um. Út af þessu vil jeg spyrja hv. nefnd

um það, hvort nefndin vilji víkja frá þeirri reglu, að taka þær einar upphæðir til aukafjárveitingar, sem yfirskoðunarmenn hafa gert athugasemdir við.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg skal geta þess, að það er einungis ein upphæð, sem þetta á við um, sem er greiðsla umfram fjárveiting til póstflutnings 1919, kr. 20785.12.

Fjármálaráðherra (M. G.): Ber þá að skilja háttv. frsm. (S. F.) svo, sem skylda stjórnarinnar sje að athuga, hvort yfirskoðunarmenn hafi gert aths. um alt, sem athugavert er?

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg hefi skilið það svo, sem þetta ætti ekki að vera bending til stjórnarinnar, heldur til yfirskoðunarmanna landsreikninganna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 153,1.a. samþ. með 14 atkv.
— 153,1.b. samþ. með 14 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 153, 2. samþ. með 14 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
9. gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 21. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 165).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 165).

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 165, n. 202).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg þarf nú raunar varla að standa upp, og verð því ekki langorður.

Frv. er komið frá Ed., og hefir hv. Ed. gert breytingar á fjórum atriðum.

Við 5. gr. hefir verið bætt inn í umframgreiðslu fyrir árið 1919; þó að óþarfi sje að taka þetta upp í fjáraukalög, þar sem lagaheimild er fyrir þessari greiðslu samkvæmt öðrum lögum, þá hefir þó Ed.-nefndin gert það vegna þess, að samskonar umframgreiðsla var tekin upp í frv. fyrir árið 1918, og hefir því nefndin heldur tekið þetta upp til samræmis, heldur en að fella hina töluna niður. Að öðru leyti hefir nefndin tekið upp í þessa grein, undir „önnur gjöld", umframgreiðslu á árinu 1918, kr. 13.844,15. Er þessi liður sjálfsagður, en hafði skotist undan endurskoðunarmönnum landsreikninganna, og því ekki verið athugað hjer í þessari hv. deild.

Viðvíkjandi 8. gr., tölul. 8. b., hefir verið færð niður umframgreiðsla á launum skógarvarða fyrir árið 1918 um kr. 200.00, þar sem það hafði sparast á þeim lið árið áður.

Og að lokum er það við sömu gr. ferðakostnaður síldarmatsmanna. Hafði hann verið færður út með rangri tölu, sem orsakaðist af því, að í prentuninni hafði ruglast saman ferðakostnaður síldarmatsmanna og fiskimatsmanna.

Fleira hefir nefndin ekki að athuga, og leggur til að frv. verði samþ. eins og það liggur hjer fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 205).

---

5. Landsreikningurinn 1918 og 1919.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919 (A. 34).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. er, eins og öllum mun kunnugt, tekið eftir landsreikningunum fyrir árið 1918 og 1919, og með því að engin misklíð er milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmanna Alþingis um neina fjárhæð, vona jeg að frv. verði samþ. óbreytt. Aðalstarf nefndar þeirrar, sem fær mál þetta til meðferðar, verður því það, að sannreyna, að upphæðirnar sjeu rjett tilfærðar eftir landsreikningunum, og skil jeg ekki annað en að svo sje.

Frv. óska jeg að verði vísað til fjárhagsnefndar, þá er þessari umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655), hvorttveggja í e. hlj.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 127).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það liggur fyrir að þessu sinni frv. til laga um samþykt stærri landsreiknings en nokkru sinni áður. Samlagningartölurnar velta hjer á tugum miljóna, en hafa aldrei áður komist hærra en að ná hálfum öðrum tug. Ekki er þó ástæða til að halda þessu mjög á lofti, því að verulegur hluti upphæðanna er lán, tekin og endurgreidd, og nema þau, á hvorri hlið reikningsins, fullum tveim fimtu. Þetta er einmitt það, sem einkennir svo mjög þennan landsreikning, 27 miljónir gjaldamegin, og þar af 12 miljónir vextir og afborganir lána.

Engan þarf annars að furða á þessu, sem athugar þau mörgu og þýðingarmiklu fjesýslufyrirtæki ríkisins á þessum árum, svo sem skipakaup og rekstur landsverslunar.

Reikningslega hefir fjárhagsnefnd ekkum þetta skírskotað til nál. á þskj. 127. meðferð hennar á því get jeg þess vegna um þetta skírskotað til nál. á þskj. 127. Hún leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en í því þarf eigi að liggja það, að hún hefði eigi kosið aðra niðurstöðu. Jeg vil í þessu sambandi benda á 19. gr., óvissu útgjöldin. 1914 og 1915 voru þau áætluð 18.000 kr., en urðu 44.000 kr., eða meira en tvöföld við áætlun. 1916 og 1917 var áætlun 30.000 kr., en reikningur yfir 300.000 og þess vegna tíföldun. 1918 og

1919 var áætlun 40,000 kr., en reikningur þessi yfir 470,000, og er þá áætlunin nær tólffölduð.

Þessi gífurlegu stökk frá áætlun til reiknings stafa vitanlega af þeim margvíslega erfiðleika og dýrtíðarerfiðleikum, sem meira eða minna óvart hafa sótt að. Hjá þeim varð eigi komist, og þýðir lítið að benda þar á einstaka útgjaldaliði, þótt óvænt hafi háir orðið. Af þeim skal jeg til athugunar nefna kostnað við lögnám á ull 1918 og 1919, sem varð yfir 140,000 kr., og hefir nefndin að vísu fengið skýringu á þessum lögnámskostnaði, sem hún tekur gilda.

Um einstök atriði skal jeg svo eigi fjölyrða frekar og þykist ekki þurfa þess, en um aðalniðurstöðuna hefi jeg vísað til nál.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg hefi engu að svara háttv. frsm. (Sv. Ó.), enda leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt. Háttv. frsm. (Sv. Ó.) nefndi 22. gr., en hefir sennilega átt við 19. gr., sem er um óviss útgjöld; það hefir líklega verið mismæli. Það er rjett, að sá útgjaldaliður hefir aukist og farið mjög fram úr áætlun. Nú var það sjerstaklega eignarnámið á ull, sem hækkaði lið þennan um 130 þús. kr., en það fje er nú alt endurgreitt, og má í raun og veru draga það frá. Auk þessa liðs eru ýmsir aðrir stórir liðir, sem ekki varð komist hjá, t. d. sendinefnd til London út af síldarsölu, vera Björns Sigurðssonar þar, kostnaður af Tjörnesnámunni o. fl.

Jón Þorláksson: Jeg var þessa dagana að kynna mjer, hvað Sigurður Eggerz, fyrverandi fjármálaráðherra, hafði sagt um afkomu ársins 1919 og fjárhag landssjóðs þá. Jeg reyndi síðan að bera saman hvernig þetta hefði komið heim við veruleikann. Jeg bjóst við því satt að segja, að niðurstaða hans yrði önnur en þáverandi ráðherra, en jeg komst brátt að raun um, að það er mjög erfitt að sjá af landsreikningunum, hvernig rekstur landsbúsins hefir gengið, hvort halli eða afgangur hefir orðið á árinu. Það kemur að vísu fram upphæð á reikningunum, sem nefnd er tekjuafgangur eða tekjuhalli, en það eru alt aðrar tölur en menn eru vanir að tákna með því heiti. Áður fyr, meðan allur rekstur ríkissjóðs var óbrotnari og einfaldari, var auðvelt að sjá þetta, en nú er alt orðið flóknara. Landið er farið að reka viðskifti, taka lán, og ekki sjest á landsreikningnum hvort afgangur er eða ekki. Háttv. þm. hafa engin önnur gögn um þetta en skýrslu ráðherra í þingbyrjun, því reikningurinn hefir verið saminn með fullkominni fyrirlitningu fyrir því, að ná þessari niðurstöðu. Það má benda á, að vextir og afborganir er ekki aðgreint, en er það þó sitt hvað, og sjerstaklega er ílt að átta sig á þessu þegar afborganir fara fram úr því sem umsamið er. Þessir liðir heyra ekki saman og eiga að vera aðgreindir.

Með landsreikningnum fylgir skýrsla yfir eignir og skuldir ríkisins. Jeg fór að kynna mjer hana, en af henni verður ekki sjeð, hvernig rekstur ríkisins hefir gengið, að minsta kosti ekki nema að bera hana lið fyrir lið saman við skýrslu fyrirfarandi árs. Í þessa skýrslu eru teknar eignir, sem breytast ár frá ári, en eru landsreikningnum óviðkomandi. Þetta eru ýmsir sjóðir, og jafnvel varasjóður Landsbankans með talinn. Þessi skýrsla endar á því að gefa upp einhverja upphæð sem eign, aðra sem skuld, en enginn er nokkru nær hvort halli eða afgangur hefir verið á árinu. Landsreikningarnir eiga að sýna, hvort tekjur hrökkva fyrir gjöldum, og á þeim er ófært form, ef ekki er hægt að sjá þetta fyrirhafnarlítið eða fyrirhafnarlaust. Jeg vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh. (M. G.), hvort hann hafi ekki fundið til þessa, og hvort ekki mundi hægt að kippa því í lag.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) kvartaði undan því, að hann gæti ekki fundið af landsreikningnum hvort tekjuafgangur væri eða ekki. Jeg skil þetta vel, ef hann vill ekki verja dálitlum tíma til þess að rannsaka þetta. Ástæðan til þessa er annars sú, að tekjuafgangur getur ekki komið fram á reikningnum þegar lán *eru tekin*, því að *lánin* verður að *færa til* tekna, en afborganir til gjalda. Annars er alls ekki svo erfitt að finna þetta. Hv. þm. (J. Þ.) þarf að eins að bera saman fáeinar tölur og draga frá og leggja við, eftir því sem við á. Auðvitað mætti búa til sjerstakan reikning, sem sýndi það, er háttv. þm. óskar, en slíkan reikning getur hver einstakur svo hæglega búið til, eins og jeg þegar hefi getið um. En á meðan fjhn. og yfirskoðunarmenn landsreikninganna og Alþingi hafa ekkert haft við form reikningsins að athuga, þá hefi jeg enga ástæðu fundið til að breyta þessu, en jeg get skilið, að dálítið sje erfitt fyrir ókunnuga að átta sig á reikningnum, því að í frv. er hann mjög dreginn saman, eins og venja er til, enda er svo um alla aðalreikninga, t. d. bankareikninga og reikninga Eimskipafjel. Íslands, að ef fá á skýrslur um ýms atriði, verður að leita í reikningum og skjölum, sem aðalreikningurinn er bygður á.

Jón Þorláksson: Jeg ætla ekki að fara að vekja langar umræður um þetta mál, en verð þó að geta þess, að mjer fanst svar hæstv. fjrh. (M. G.) ófullnægjandi, þar sem hann hefir ekki fundið þennan annmarka, og finnur ekki ástæðu til að bæta úr, nema sjerstök tillaga komi frá fjhn. og endurskoðunarmönnum. Auðvitað geta menn, sem þessum málum eru kunnugir, fundið út tekjuafgang eða halla, en þó því að eins, að þeir hafi skýrslu þá, er fjrh. (M. G.) gat um, og þá yrði að gera það með samanburði og frádrætti á 50—60 tölum. Jeg ætla alls ekki að gera hjer eða nú grein fyrir því, hvaða form jeg vilji hafa á landsreikningnum. Það tjáir ekki að skírskota til annara stofnana, eins og t. d. Eimskipafjelagsins; tekjuhalli og gróði sjest á öllum slíkum reikningum. Jeg tel nauðsyn bera til þess að gera breytingu á þessu, svo að fjárhagsafkoma landssjóðs verði öllum almenningi ljós, og hefi jeg *enga trú á*, að *þetta lagfærist af sjálfu sjer*, á þann hátt, að lán og greiðslur af lánum geti horfið út úr landsreikningnum fyrst um sinn.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er misskilningur hjá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) að það þurfi svo mikinn frádrátt og samlagning til þess að fá það upplýst, er hann óskar, því að alt er flokkað niður í reikningnum, og það þarf að eins að taka niðurstöðurnar í hverjum flokki.

Það er ekki rjett, að jeg vilji engar breytingar gera á forminu, nema tillaga í þá átt komi frá fjhn. og endurskoðendum. Jeg meinti auðvitað, eða ætlaði líka að nefna, þingið sjálft. En þótt þessi 3. eða sjerstaki reikningur komi (*J. Þ.*: Jeg hefi aldrei talað um neinn 3. reikning!) — jeg gat ekki skilið orð háttv. þm. öðruvísi — þá er einmitt svipaður reikningur til í landsreikningnum eins og nú er, en annars er alhægt að athuga þetta dálítið nánar síðar.

Jakob Möller: Jeg ætla ekki að blanda mjer í þessa deilu. Að eins skal jeg geta þess, að fjárhagsnefndin sá sjer ekki fært að athuga landsreikninginn „kritiskt", og til þess hafði hún engan tíma. Hún hefir að eins sannfært sig um, að reikningslagafrv. það, sem hjer liggur fyrir, sje rjett, samkvæmt landsreikningunum, eins og þeir eru birtir með athugasemdum yfirskoðunarmanna.

En út af einni athugasemdinni vildi jeg þó leyfa mjer að gera fyrirspurn til hæstv.

fjármálaráðherra (M. G.). Það er 41. aths. við reikninginn 1919. Þar er þess getið, að í skýrslum um eignir og skuldir ríkisins, sem reikningnum fylgi, sje varasjóður landsversl. talinn kr. 2044208.96, en í reikningi landsverslunar sjálfrar sje hann talinn 2182972.56, og er mismunurinn þannig kr. 138763.60. Í svörum ráðh. er sú grein gerð fyrir þessum mismun, að hann stafi af því, að landsverslunin hafi litið svo á, að ríkissjóður ætti að bera kostnað við sykur- og matarskömtun 1917—18 og greiða helming erindrekakostnaðar í Ameríku, en stjórnin talið að landsverslunin ætti að bera þennan kostnað. — Þessi kostnaður virðist nú vera allhár, og í raun og veru virðist hann eiga heima í 19. gr. — óvissum útgjöldum í landsreikningnum — því hjer er vitanlega um útgjöld ríkisins að ræða, öllu fremur en landsverslunarinnar. Reikninga landsverslunarinnar hefir nefndin ekki haft neitt tækifæri til að athuga, og væri því ástæða til að spyrja, hvort þar væru fleiri slíkar upphæðir færðar til gjalda, sem í raun og veru ættu heima í „óvissum útgjöldum" ríkissjóðs, sem vissulega hafa þó þessi árin orðið freklega það, sem við mátti búast. Þau hafa verið áætluð 40 þús. kr. bæði árin, en orðið yfir 470 þús., og óviss útgjöld þó í raun og veru færð til gjalda á fleiri liðum, t. d. að minsta kosti 22. gr. — En það, sem jeg þó aðallega ætlaði að spyrja um, er það, hvernig þessi upphæð, þessar kr. 138763.60, sundurliðist; hvað sje kostnaður við matarskömtun og hvað hálfur erindrekakostnaður í Ameríku. Er ekki ósennilegt, að hv. þm. þyki það þess vert að fá vitneskju um kostnaðinn við matarskömtunina, þar sem slík skömtun á sjer nú stað. Þá er og fróðlegt að fá að vita nákvæmlega um erindrekakostnaðinn, t. d. til samanburðar við „kostnaðinn við veru Björns Sigurðssonar í London", sem varð um 30 þús. kr. hvort árið, en hjer er að eins hálfur erindrekakostnaðurinn í Ameríku væntanlega allverulegur hluti af þessum 138 þús.

Jeg get nú búist við því, að hæstv. fjrh. (M. G.) hafi ekki þessar tölur á reiðum höndum, eða „í höfðinu", en vænti þess þá, að hann gefi þessar upplýsingar við 3. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er varla hægt að búast við því, að jeg hafi allar tölur, sem um kynni að verða spurt, á reiðum höndum, þar sem ekki er á þetta minst í nefndarálitinu. En það get jeg sagt strax, að þessi mismunur er að sumu leyti kostnaður við seðla á árinu 1918 og að sumu leyti hálfur kostnaður af erindrekasendingu til Ameríku. Landsverslunin leit svo á, að hún ætti ekki að borga kostnaðinn við erindreka nema að hálfu leyti, en stjórnin áleit rjettara að hún borgaði hann að öllu leyti, með hliðsjón af því, að landsverslunin borgaði engan kostnað af veru Björns Sigurðssonar í London. Um þessa upphæð er annars enginn ágreiningur, en ástæðan til þessa ósamræmis er sú, að reikningur landsverslunarinnar var gerður áður en landsreikningurinn var tilbúinn. Jeg man nú ekki í bili þær tölur, sem hjer er um að ræða, en mun geta upplýst það við 3. umr.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) virtist álíta að útgjöld ríkissjóðs væru sett á landsverslunarreikninginn. Um það má ef til vill deila, en jeg held því fram, að svo sje ekki, en þótt svo væri, er það varla höfuðsök, þar sem verslunin er eign ríkissjóðs. Annars hjelt jeg ekki, að hv. þm. (Jak. M.) kærði sig um að láta afkomu landsverslunar líta betur út en hún segir sjálf. En kannske þetta sje eitthvað að breytast hjá hv. þm.

Jakob Möller: Það verður auðvitað ekki um það deilt, að kostnaðurinn við

seðlaskömtunina er „útgjöld ríkissjóðs", en ekki landsverslunar. Seðlaskömtun hefði vel getið verið nauðsynleg, og átt sjer stað, þó að engin landsverslun hefði verið, og hefði þá auðvitað ekki orðið hjá því komist að telja kostnaðinn með gjöldum ríkissjóðs. Sama er í raun og veru um erindrekakostnaðinn að segja.

Jeg hefi annars ekkert sjerlegt að athuga við orð hæstv. fjrh. (M. G.), en þætti að eins gott að fá nákvæma skýrslu um þennan kostnað við 3. umr. Jeg skil að þetta hafi komið hæstv. fjrh. (M. G.) á óvart, en jeg hafði búist við, að að þessu yrði vikið í framsögu, og fjármálaráðherra þá gert viðvart um það fyrirfram. Hinsvegar álít jeg, að ekki hafi verið hægt að koma fram með það í nál., þar sem hjer er í raun og veru ekki um athugasemdir við sjálfan landsreikninginn að ræða.

Magnús Kristjánsson: Það þýðir lítið að minnast frekar á þetta mál, þar sem hæstv. fjrh. (M. G.) hefir skýrt rækilega frá því. En þessi mismunur milli reikninganna er þannig tilkominn, að landsverslunin leit svo á, að kostnaðinn við sendingu erindreka vestur bæri ekki að færa henni til útgjalda, þar sem sú sending væri meira í þágu kaupmannastjettarinnar en hennar sjálfrar. En hinsvegar var auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að hæstv. stjórnarráð ákvæði að greiða slíkan kostnað af varasjóðnum. Sama er að segja um kostnaðinn við seðlakerfið. Það var ekki tekið upp vegna landsverslunarinnar, heldur gert þjóðinni í hag, vegna yfirvofandi skorts á nauðsynjavarningi. Þessvegna eru þetta bein gjöld ríkissjóðs, en ekki landsverslunarinnar.

En nú hefir orðið samkomulag um þetta. Hæstv. stjórn hefir nú ákveðið, að þessi kostnaður skuli tekinn af varasjóði landsverslunarinnar. Jeg hefi ekkert við það að athuga; þetta er auðvitað ekki annað en flutningur úr einum vasanum í annan á sömu flíkinni, en hitt er eðlilegt, að hver þessara stofnana vilji hafa sína reikninga út af fyrir sig og sem nákvæmasta.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Þetta er að eins örstutt aths.

Það verður ef til vill af einhverjum litið svo á, að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hafi með aths. sínum sakað fjhn. um það, að hún hafi vanrækt að koma fram með till. um formshlið reikningsins. Jeg tel hann þó eigi hafa gert það. En af því að þessi skilningur liggur nærri, vil jeg benda á það, að nál., sem að vísu er stutt, beinist aðallega að þeirri reikningslegu hlið, en eigi að forminu, að efni en ekki formi, enda lítil ástæða til að ætla fjhn. að fara að leita að öðru formi landsreikninga en notað hefir verið, svo hlaðin störfum sem hún er, og svo óviss sem leitin gat orðið.

Fjármálaráðherra (M. G.): Samkvæmt ósk háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) mun jeg reyna að hafa á reiðum höndum hinar umbeðnu tölur við 3. umr. Annars skiftir það ekki miklu máli, eins og jeg hefi tekið fram, hvar þessar upphæðir eru færðar, hvort heldur hjá landsverslun eða ríkissjóði. En það er auðvitað mál, að ef landsverslun væri engin til, þá yrði slíkur kostnaður við erindreka erlendis og þess háttar greiddur úr ríkissjóði.

Viðvíkjandi háttv. frsm. (Sv. Ó.) vil jeg geta þess, að það eru ekki nema fáar tölur, ekki nema 2—3 póstar, á landsreikningnum, sem þarf að athuga og rannsaka, til þess að ljóslega sjáist, hvort tekjuafgangur eða tekjuhalli er. Jeg fæ því ekki sjeð, að formið á landsreikningnum sje ófullkomið, eða að ástæða hefði verið fyrir nefndina að gera tillögur um

formsbreytingu. Og ef slíkar till. koma ekki hjer fram, tel jeg það vott um það, að háttv. þingmenn sjeu samþykkir því formi, sem nú er á landsreikningnum.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 34).

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg ætlaði að eins að svara fyrirspurn háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um sundurliðunina á aths. á þskj. 140. Seðlakerfið kostaði kr. 42062,70 fyrir bæði árin, 1918 og 1919. Hálfur erindrekakostnaðurinn fyrir bæði árin var kr. 90927,32. Þar við bætist vaxtamismunur landsverslunarinnar, sem er kr. 5773,58. Þennan vaxtamismun hafði landsverslunin fært til gjalda hjá sjer.

Þegar þessar 3 upphæðir eru lagðar saman, kemur út sá mismunur, sem nefndur er í athugasemdunum.

Jeg skal út af aðfinslum háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) geta þess, að jeg hefi athugað málið svolítið, og sjeð að það er ekkert á móti því, að hafa það fyrirkomulag, sem hann talaði um. Og svo framarlega sem jeg á eftir að búa út landsreikning aftur, þá mun jeg láta fylgja skilagrein, sem sýnir, hvort ríkissjóður hefir haft ábata eða halla á síðasta ári. Þetta er mjög lítil fyrirhöfn, og er því sjálfsagt að gera það.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 34).

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. hefir gengið gegnum háttv. Nd., án breytinga, og vildi jeg leyfa mjer að óska þess, að því, að umræðu þessari lokinni, verði sömuleiðis í þessari háttv. deild vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 14 atkv.

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 34, n. 176).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg hefi ekki annað að segja um þetta frv. fyrir hönd fjárhagsnefndar en að hún ræður til að það verði samþ. óbreytt. En viðvíkjandi eignaskýrslu ríkisins, sem fylgir landsreikningi, vil jeg benda á, að skip þess eru færð með sama verði ár eftir ár, en það álítur nefndin ekki rjett. Það er að minsta kosti mjög ólíklegt, að skipin svari nú til þess verðs, sem bókfært er, og virðist því rjettara að afskrifa eitthvað af því og telja til árlegra útgjalda. Þá álítur nefndin líka, að þar sem ríkissjóði er talið til eignar mikið fje í landsverslun-inni — sem í sjálfu sjer er rjett — þá ætti að fylgja landsreikningi (þ.e. eignaskýrslunni) greinargerð fyrir þessu fje, — eins og t. d. grein er gerð sjerstaklega fyrir viðlagasjóði — að minsta kosti ágrip af eignaskrá landsverslunarinnar, og helst aðalársreikningi hennar líka.

Þetta er tekið fram til bendingar fyrir stjórnina.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg á dálítið erfitt með að skilja, að fylgja þurfi greinargerð sú, er háttv. frsm. (S. F.) talar um, því að vitanlega fer hjer fram endurskoðun, sem við aðra slíka reikningsfærslu. Sje jeg ekki betur en að hjer standi líkt á og um marga aðra sjóði, svo sem Ræktunarsjóð og kirkjujarðasjóð, en þar er slíkrar greinargerðar ekki krafist. Býst jeg ekki við, að við þetta ynnist annað en fyrirhöfnin, og gæti auk þess auðveldlega orðið til að valda ruglingi.

Hvað snertir færslu skipanna, þá er þar að eins beitt reglu, sem altaf hefir verið fylgt. Jeg get annars fallist á, að rjettara væri að færa skipin niður, en þó vildi jeg gjarna fá að vita, hvaða reglu háttv. nefnd hefir hugsað sjer að fylgt yrði í því efni. Að vísu eru skipin nú bókfærð með lægra verði en þau voru keypt fyrir, en þó býst jeg ekki við, að hægt væri nú að selja þau fyrir bókfært verð, enda er þess ekki að vænta, eins og nú er ástatt.

Jeg skal því að síðustu endurtaka það, að jeg hefi ekkert á móti því, að skipin verði færð niður, en þætti að eins gott að fá vitneskju um, eftir hvaða reglu menn hafa hugsað sjer það.

Sigurður Eggerz: Jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að því er sjerstaklega snertir athugasemd háttv. frsm. (S. F.) um landsverslunina, þá var hún ekki borin undir atkvæði í nefndinni.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Það, sem jeg sagði viðvíkjandi því, að fært yrði niður verðið á skipunum, þá var það að eins til athugunar fyrir hæstv. stjórn eftirleiðis. En hvað greinargerð viðvíkur fyrir landsversluninni, þá var það ekki meiningin, að hún kæmi fram sem trygging fyrir rjettri reikningsfærslu, til viðbótar við sjálfsagða endurskoðun, heldur til hægðarauka fyrir þingmenn, sem vilja gera sjer ástand hennar ljóst.

Að því er kemur til athugasemdar hv. 2. landsk. þm. (S. E.), þá skal jeg kannast við það, að það voru ekki nein samtök eða atkvæðagreiðslur um þetta í nefndinni, en bæði jeg og fleiri í nefndinni litu svo á, að heppilegra væri að hafa það eins og jeg hefi nú þegar bent á.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 31. fundi í Ed., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 34).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 206).

---

6. Friðun rjúpna.

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var útbýtt
Frumvarpi til laga um friðun rjúpna (A. 32).

Á 5. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J.M.): Eins og kunnugt er, er rjúpan alfriðuð frá 1. febr. til 20. sept. ár hvert, og auk þess hina tíma ársins sjöunda hvert ár, samkv. l. nr. 59. 10. nóv. 1913. Fyrsta árið, sem þær voru alfriðaðar, var árið 1915, og ættu þær þá að vera aftur friðaðar árið 1922. Nú í haust frjettist það úr öllum áttum, eða að minsta kosti frjetti jeg það víða að, af Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi, að varla sæist rjúpa.

Af Austurlandi hafði jeg að vísu engar frjettir um þetta, en ganga mátti að því vísu, að líkt ástatt væri þar. Um fækkun rjúpunnar má eflaust mikið kenna mikilli veiði veturinn 1918—19, en aðalástæðan er þó óvenjumiklir snjóar og hörkur tvo undanfarna vetur. Það er talið, að nokkuð mundi rjúpan hafa og fallið veturinn 1918—19, en það lítur svo út, sem hún hafi svo að segja gerfallið síðastl. vetur. Því var það, að það ráð var tekið í haust að gera rjúpuna alfriðaða þá þegar með bráðabirgðalögum frá þeim tíma sem lögin komu út, eða frá 26. nóv. f. á. til friðunarársins 1922.

Jeg vona, að háttv. deild sje mjer samdóma um, að rjett hafi verið að gera það sem gert var, og að friðuninni beri að halda til loka þessa árs. Jeg er hræddur um, að svo hefði farið, ef þetta hefði ekki verið tekið til bragðs, að gengið hefði verið allvasklega fram í því að reyna að ná í þær fáu rjúpur, sem eftir eru, og mjer er ekki grunlaust um, að eitthvað hafi verið reynt til þess, þrátt fyrir friðunina. En sjálfsagt hefir það verið í miklu minna mæli en annars hefði verið. Það er sennilegt, að þessi sjerstaka friðun og þessi mildi vetur geri það að verkum, að rjúpunni fjölgi fljótt aftur, og það gæti farið svo, að ekki sýndist þörf að halda friðuninni lengur en til hausts 1922, en það sæist þá þegar næsta vetur, og mætti láta þingið 1922 um það.

Jeg skal vekja athygli á því, að sektarákvæði þessa frv. eru nokkru harðari en ákvæði hinna almennu fuglafriðunarlaga. Það er auðvitað á valdi hinnar háttv. deildar, hvort frv. þetta skuli fara í nefnd, en varla ætti að vera þörf á því.

Guðjón Guðlaugsson: Eg þykist viss um, að allir sjeu þakklátir hæstv. stjórn fyrir frv. þetta. Er enginn efi á því, að brýn nauðsyn er á því að lengja friðunartíma rjúpunnar, en jeg vil taka það fram, að jeg álít of skamt farið í þessu frv., vil helst, að nú þegar sje ákveðið að friðunin skuli ná til ársloka 1922. Vitanlega getur næsta þing framlengt tímann, ef því þykir þörf.

Jeg geri ráð fyrir, að frumvarpi þessu, þótt umfangslítið sje, verði vísað til landbúnaðarnefndar, og tel þá rjett, að friðunartíminn verði lengdur um eitt ár. Eins gott að taka lengri tímann strax. Auk þess mætti og íhuga, hvort ákvæði þessi gætu ekki átt heima í hinum almennu fuglafriðunarlögum.

Það hefir ekki reynst jafnmikið gagn að þessum friðunarlögum og búast hefði mátt við, að því er rjúpuna snertir. Jeg þekki það, að það ár, sem rjúpur hafa verið ófriðaðar, hafa allir hert sig í líf og blóð til þess að drepa sem allra mest, áður en friðunin gengi í gildi.

Betra virðist mjer að friðunarárið væri miðað við fardagaárið, en ekki almanaksárið, svo að rjúpan væri alfriðuð yfir veturinn það ár, sem friðunarlögin eru í gildi, og þá væri girt fyrir það, að heil hersing manna færi út til að skjóta rjúpuna einmitt um það leyti, sem lögin eiga að fara að verka. Sem sagt, sje jeg ekkert á móti því, að málið fari í nefnd, og mun leggja til að framlengja friðunartímann til 1. jan. 1923 í stað 1922.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekkert á móti því, að máli þessu verði vísað

til nefndar, en virðist það samt ekki nauðsynlegt. En ef hin almennu friðunarlög verða tekin til meðferðar, þá er sjálfsagt að vísa því til nefndar. Jeg sje ekki ástæðu til þess að ákveða nú þegar, að friðunartíminn skuli vera lengri en frv. gerir ráð fyrir, því ef þinginu 1922 sýnist ástæða til þess, eftir upplýsingum utan af landinu, getur það framlengt friðunartímann. En bæði er það, að rjúpunni fjölgar mjög ört, ef hún ekki er drepin, og nú er um mildan vetur að ræða, svo ekki er víst, að þörf þyki að framlengja friðunartímann.

Hvað það snertir, að hafa friðunartímann yfir allan veturinn, eins og háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) mintist á, þá er það atriði, sem vert er fyrir væntanlega nefnd að athuga, en óþarfi að ræða um það nú.

En það verð jeg að segja hv. nefnd, að ef farið verður að taka upp almennar breytingar á fuglafriðunarlögunum, þá er ekki víst, hvernig þessu frv. reiðir af, og á undanförnum þingum hafa ekki í neinu máli verið jafnsundurleitar skoðanir og í þessu máli, og jafnmikið verið deilt um. Og þar sem fyrir þessu þingi liggja svo mörg áríðandi frumvörp, þá verða menn að stilla sig um að fást við það, sem vel getur beðið, og tefja ekki tímann að ástæðulausu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1652) með 9 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 94).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Nefndin hefir fallist á frv., það sem það nær, en kemur fram með breytingu við það, sem getur um á þskj. 94.

Eins og kunnugt er, þá er friðun rjúpna frá 1. febr. til 20. sept. árlega, og auk þess sjöunda hvert ár, miðað við almanaksárið, en þetta fanst nefndinni miður heppilegt, af sömu ástæðum og bent var á hjer í hv. deild við 1. umr. Það er bæði óeðlilegt, og nær auk þess ekki markmiði sínu, því að með því móti eru rjúpur aldrei friðaðar heilan vetur. Það er bæði eðlilegra og álitlegra til góðs árangurs, að friðunarárið sje fastbundið við þann tíma, sem brtt. nefndarinnar fer fram á.

Það komu, með rjettu, fram raddir um það við 1. umr., að rjúpum mundi hafa fækkað mjög á síðastliðnu ári, bæði af völdum manna og náttúrunnar, og er því fremur ástæða til að ganga svo frá frv. þessu, að friðunarlögin komi að sem bestum notum. Brtt. má einnig telja það til gildis, að verði hún samþ., ljettir það eftirlitið með því, að lögum þessum sje hlýtt, og þó að eftirlitið kunni að vera talið röggsamlegt nú, getur það sjálfsagt staðið til bóta.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en mælist til þess, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. nái fram að ganga, með brtt., og verði svo vísað til 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er nefndinni þakklátur fyrir það, sem hún hefir gert. Það er mjög skynsamlegt, þó jeg fyrir mitt leyti hefði óskað að þessi fyrsti friðunartími, samkvæmt bráðabirgðalögunum, hefði verið lengdur. Jeg læt það þó vera, því að það er hægt að lengja hann seinna. Svo er breytingin, sem nefndin hefir gert á friðunartímanum, mjög heppileg.

En jeg stóð upp sjerstaklega til þess að spyrja lögfræðinga deildarinnar, hvort það sje formlega rjett að hafa tvenn lög um sama efni, sem ákveða sitt hvor. Þessi friðunarlög ákveða, að friðunartíminn 7. hvert ár nái frá 1. október til 30. sept.

árið eftir, en í hinum almennu fuglafriðunarlögum er gert ráð fyrir, að hann sje almanaksárið. — Jeg vil því spyrja, hvort eigi þurfi að gera breytingu á hinum almennu fuglafriðunarlögum, hvað þetta atriði snertir. Því mjer skilst, að hjer sjeu tvenn lög um sama efni, meðan þetta ákvæði hinna almennu fuglafriðunarlaga er ekki felt úr gildi.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta kom til tals í nefndinni, en þar var enginn lögfræðingur. Fanst okkur það geta staðist, því að í hinum almennu friðunarlögum er aðeins ákveðin friðun rjúpna 7. hvert ár. Gæti því þessi brtt. okkar skoðast sem nánara ákvæði um það, hvernig friðunarárið skyldi telja.

Jóhannes Jóhannesson: Það hefði, ef til vill, verið rjettara að taka það fram í fyrirsögn frv., að í því væri að ræða um breytingu á fuglafriðunarlögunum, og að þar með væri úr gildi numið hið fyrra ákvæði um friðunartíma rjúpna. Því að, eins og frsm. gat um, felst í þessu frv. breyting á þeim lögum, og væri rjettara að geta þess í fyrirsögninni. Jeg segi þetta nefndinni til athugunar, áður en frv. kemur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14. atkv.

Brtt. á þskj. 94 samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 3. umr. (107, 111).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Út af umræðum, sem urðu hjer í deildinni við 2. umr. málsins, hefir landbúnaðarnefnd leyft sjer að koma fram með brtt. á þskj. 111, við fyrirsögn frv. Ef sú brtt. verður samþ., verður bert, að þetta frv. er breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59, frá 10. nóv. 1913. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vona að brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 111 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13. shlj. atkv. og afgr. til Nd. með fyrirsögninni

Frv. til laga um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 120).

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. var lagt fyrir háttv. Ed. og tók þar dálítilli breytingu. Hún var í því fólgin, að ársfriðunartíma rjúpunnar var breytt. Nú er hann 7. hvert ár, hluta úr vetri, sumar og fram á næsta vetur. En eftir þessu frv. er til þess ætlast, að hann sje heilan vetur í einu. Það mun gert með það fyrir augum, að vetrarhlutann á undan friðunartímanum keppist menn við að skjóta fuglinn, og taki síðan aftur til óspiltra málanna, þegar friðunartímanum ljettir af næsta vetur. Jeg vil ekki um það dæma, hver tíminn er heppilegri; á það má líta misjöfnum augum. En á eitt má benda í þessu sambandi, og það er, að friðunartíminn eftir þessu frv. er eitthvað styttri, en miklu munar það ekki.

Þetta mál þyrfti að athuga í nefnd, og þyrfti þá sjerstaklega að bera það saman

við almenn friðunarlög, til þess að fullkomið samræmi verði þar á milli. Í háttv. Ed. mun það hafa farið til landbúnaðarnefndar, og er sjálfsagt, að svo verði einnig hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1657—8) með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 19. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 159).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Af nefndarinnar hálfu hefi jeg ekki annað að taka fram í þessu máli en það, sem stendur í nál. á þskj. 159. Breytingin, sem nefndin fer fram á, er á því bygð, að nefndinni þótti friðunartíminn of stutur. Jeg vona að háttv. deild samþ. frv. með þessari breytingu, og sje svo ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.
Brtt. 159 samþ. með 18 : 1 atkv.

1. gr. þar með ákveðin.
3. og 4. gr., sem verða 2. og 3. gr., samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 177).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 31. fundi í Ed., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til einnar umr. (A. 177).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hv. Nd. hefir gert þá breytingu á frv., að hún hefir lengt friðunartíma rjúpnanna til 1. okt. 1924, eða um 1¾ ár. Landbúnaðarnefnd hefir athugað þessa breytingu og getur fallist á, að þessi lenging friðunartímans geti verið nauðsynleg, vegna þess, hve mjög rjúpum hefir fækkað, bæði af völdum manna og náttúrunnar, síðastl. ár. Nefndin ræður því hv. deild til að samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 207).

---

7. Veiting ríkisborgararjettar. (Meulenberg).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var útbýtt
Frumvarpi til laga um veiting ríkisborgararjettar (A. 49).

Á 5. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.) Hinn kaþólski prestur Jóhann Martin Meulenberg hefir sótt um að fá íslenskan ríkisborgararjett. Hann er fæddur í Þýskalandi. Vegna

langrar dvalar utan Þýskalands hefir hann mist þar borgararjett. Jeg þykist ekki þurfa að mæla með þessu frv. Maðurinn er að góðu kunnur, og jeg er þess fullviss, að hann sækir um þennan rjett af hlýjum hug til Íslands. Mjer er mikil ánægja að bera fram þetta fyrsta frv. um að veita útlendingi íslenskan borgararjett, og jeg er í engum vafa um það, að hin háttv. deild tekur þessu frv. vel. Jeg verð samt að telja rjett, að frv. sje athugað í nefnd, af því að það er í fyrsta sinn, sem um þvílíkt mál er fjallað hjer, og væri máske rjett, að nefnd athugi, vegna framtíðarinnar, hver skilyrði alment skuli fyrir hendi, er þessi rjettur er veittur erlendum manni. Jeg skal taka það fram, að mjer hefir ekki þótt nauðsynlegt, vegna stöðu umsækjanda, að láta bera málið undir bæjarstjórn Reykjavíkur, en það hefir verið borið undir borgarstjóra, sem auðvitað hefir ekkert við það að athuga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 155).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg hefi, fyrir hönd allsherjarnefndar, engu að bæta við aths. stjórnarinnar við frv. og nefndarálit á þskj. 155, en óska að málið nái fram að ganga, fyrst gegnum þessa deild og svo gegnum Nd.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., laugardaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 49).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 49).

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Af því að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) er hjer ekki staddur í deildinni, þá leyfi jeg mjer að óska þess, að hv. deildarmenn leyfi máli þessu fram að ganga. Frv. þetta er svo lítið, að ástæðulaust virðist að vísa því til nefndar. Það er, eins og kunnugt er, komið frá Ed., og var þar í allshn., og ætti fyrir því að liggja að lenda hjer í nefnd, þá er það að sjálfsögðu, samkvæmt þingsköpum, allshn., sem við því á að taka. Það er svo sjálfsagt, að maður sá, er frv. ræðir um, fái ríkisborgararjett, að um það ætti ekki að þurfa að deila.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 49).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 49).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 219).

---

8. Vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip (A. 18).

Á 5. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Frv. þetta er samið af stjórn samábyrgðarinnar og hefir verið borið undir Fiskifjelag Íslands; enda flutt af þess hvötum. Ætla jeg ekki að fara neitt nánar út í þetta mál, að svo stöddu, því að jeg hygg að athugasemdirnar aftan við frv. sjeu nægileg skýring málsins. Það mun hafa verið sjávarútvegsnefndin, sem lagði það til að lög þessi væru endurskoðuð, enda var líka full þörf orðin á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1653) með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 81).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg get að mestu látið mjer nægja að vísa til nefndarálitsins um frv. þetta og aths. við það, en skal þó drepa að eins lauslega á nokkrar af breytingum þeim, er frv. gerir á lögunum frá 1909.

1. gr. frv. hefir inni að halda aðalbreytinguna, sem gerð hefir verið, en hún er sú, að sjálfsábyrgðin fellur burt, og þá einnig hin gagnkvæma ábyrgð. Þá verður sú breyting á b. lið 2. gr. sömu laga, að felt er burt skilyrði það, sem þar er gert fyrir beinni vátrygging, og í öðru lagi trygt alt verð skipanna, í stað $^{8}/_{10}$ hluta verðs. Loks er stjórn samábyrgðarinnar, í niðurlagsorðum greinarinnar, gefið meira svigrúm en áður, svo að hún getur nú t. d. tekið að sjer ábyrgð skipa, sem eru á leiðinni upp til landsins.

Eins og getið er um í nefndarálitinu, þá hefði nefndin helst óskað, að starfsvið fjelagsins yrði stækkað svo, að það gæti tekið öll íslensk skip í samábyrgðina, en hún kannast hinsvegar við, að þetta muni vera ókleift að sinni.

Hvað breytingum þeim viðvíkur, sem verða við 3. gr. frv., þá er þar um að segja, að skip hafa stækkað svo og veiðarfæri hækkað í verði, að hámark það, sem hjer er sett, er í rauninni ekki hærra, heldur lægra, en í hinum upprunalegu lögum.

Að því er snertir 4. gr. þá er hún eðlileg afleiðing þess, að sjálfsábyrgðin fellur burt.

Um 5. gr. get jeg látið mjer nægja að vísa til nefndarálitsins. Þar er það tekið fram, að ákvæðið um, að 2% af tryggingarfjárhæðinni verði eigi bætt nema svo standi á, sem getur um í a-lið 5. gr., hafi átt að falla niður, en hafi svo slæðst inn af ógáti. Var sú breyting einmitt fyrirhuguð, samkvæmt ráði forstjóra sambandsins. Hann benti á, eitt sinn er hann kom á nefndarfund, að þetta skyldi falla burt, og sagði að hann hefði skrifað við þetta „reglugerðarákvæði“ í uppkasti sínu að lögunum.

Hvort nauðsynlegt er að hafa ákvæði eins og fyrri breytingartillögu nefndarinnar, skal jeg láta ósagt. En ekki getur sakað, að það sje tekið fram berum orðum í lögunum, að ef vátryggjandi bíði tjón á eign sinni við það að bjarga einhverju meira verðmæti, sem einnig hafi verið vátrygt í samábyrgðinni, þá skuli honum greitt það að fullu.

Annars vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, að breytt sje hjer um orð, og í stað „endurgreiðist að fullu" komi „greiðist að fullu", og verði borið þannig upp til atkvæða, því að hjer er ekki um endurgreiðslu að ræða í eiginlegum skilningi.

Í 6. gr. er að eins um þá breytingu að ræða, að stjórn samábyrgðarinnar má láta falla niður sjórjettarpróf, ef henni virðist það með öllu óþarft, og verður ekki sjeð, að nein hætta geti stafað af því.

Í 7. gr. er að eins í einum stað skotið inn „gerðardóm". Hefir þetta orð sjálfsagt fallið burt í prentun laganna 1909, og er hjer því að eins um leiðrjettingu að ræða.

Um 8. og 9. gr. vísa jeg eingöngu til nefndarálitsins.

Um 10. gr. er það að segja, að 2000 kr. í stað 1000 kr., eins og er í lögunum, er víst síst of langt farið. Og hvað þá breytingu snertir, að í stað orðanna „yfirdómi landsins", komi „hæstarjetti ríkisins", þá er hún sjálfsögð, úr því farið var að breyta lögunum á annað borð.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um frv., en óska, að því verði vísað til 3. umr. með þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar sjeu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 atkv.

2., 3. og 4. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 81,1 (með þeirri aths. að orðið „endurgreiðist" verði greiðist) samþ. með 14 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

6. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 81,2 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

8.—11. gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 101).

Frsm. (Karl Einarsson): Með því að það hefir ekki komið fram nein brtt. við frv., þá sje jeg ekki neina ástæðu til að ræða það frekar, en óska að það verði afgreitt til Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 101).

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1658) með 16 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 179).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Frv. þetta er að efni til alveg óbreytt frá því er það var lagt fyrir þingið.

Þær breytingar, sem háttv. Ed. gerði á frv., tvær að tölu, eru, á öðrum staðnum leiðrjetting á villu, sem slæðst hefir inn í 5. gr. frv., en í hinum staðnum, í 7. gr., málsrjetting, að í staðinn fyrir „gerðardóm" í 12. gr. laganna komi „gerðardómi".

Með frv. þessu eru gerðar allverulegar breytingar á lögunum frá 1909 um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip. Má yfirleitt telja, að þær sjeu til mikilla bóta, enda hafa kringumstæðurnar breyst mjög síðan lög þessi voru samin, og því síst vanþörf á að breyta ýmsum atriðum.

Það hafa þegar fyrir löngu komið fram óánægjuraddir og umkvartanir um ýms ákvæði laganna.

Á þinginu 1917 flutti sjávarútvegsnefnd Nd. frv. um breytingar á þessum lögum. Það frv. náði ekki samþykki deildarinnar, þó að þm. hinsvegar viðurkendu fúslega, að þörf væri á ýmsum breytingum á lögunum, og varð niðurstaðan sú, að frv. var vísað til stjórnarinnar, og henni falið að undirbúa málið.

Breytingar þær, sem hjer liggja fyrir, ganga að sumu leyti lengra en breytingarnar 1917, en aftur er öðrum af þeim breytingum, er þá var farið fram á, slept, t. d. þeirri, að nema í burtu ákvæðið undir staflið 6 í 7. gr., „ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóni", að þá megi draga frá alt að 20% af skaðabótafjenu. Það er óneitanlega hart, að slík ráðabreytni skipstjóra skuli bitna svo hart á skipseiganda eða útgerðarmanni, sem er sýkn saka, og valdið honum svo miklu eignatjóni. En aftur á móti er þetta allverulegt tryggingarákvæði fyrir vátryggingarfjelagið, að því leyti, sem það er aðhald og sterk hvöt fyrir útgerðarmanninn um að velja ábyggilegan og góðan skipstjóra á skip sitt.

En breytingar þær, sem hjer liggja fyrir, ganga aftur á móti lengra að því leyti, að sjálfsábyrgðin er feld burtu úr lögunum, og jafnframt hin gagnkvæma ábyrgð vátryggjenda. Þetta er gert með breytingunni við 2. gr., og með því að fella burtu 6. gr. laganna. Þessi ákvæði hafa alla tíð verið óvinsæl af vátryggjendum.

Þetta var óneitanlega mikilsvert tryggingarákvæði fyrir sjóðinn, að minsta kosti meðan verið var að koma fótum undir hann, en þar sem forstöðumaður Samábyrgðarinnar telur fjelagið standa á traustum grundvelli, þótt þessari gagnkvæmu ábyrgð sje í burtu svift, þá sjer sjávarútvegsnefndin ekki ástæðu til að vera á móti henni, því að sú breyting er að ýmsu leyti til mikilla bóta.

Enn fremur er sú breyting gerð við 2. gr. laganna, að í stað þess að fjelagið er nú bundið við það að taka eingöngu ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland, eða í þjónustu við þær, eða til flutninga hjer við land, þá er því breytt þannig, að fjelagið tekur *„aðallega"* ábyrgð á skipum, sem ætluð eru til þess, en þar með er það ekki útilokað, að ábyrgðin geti einnig náð til skipa, sem fara landa á milli, t. d. með afla sinn, og er það mikil bót, og því frem-

ur, sem slíkar siglingar eru venjulega hættuminni en siglingar með ströndum landsins.

Þá er í 3. gr. ábyrgð ríkissjóðs á því, að fjelagið fullnægi skuldbindingum sínum, hækkuð úr 200 þús. kr. upp í 800 þús. kr., og nokkur ákvæði, sem nú eiga ekki við, um aukaiðgjöld, feld niður úr þessari grein.

Við 5. gr. laganna er sú breyting gerð, að nú má tryggja afla og veiðarfæri á hverju einstöku fari fyrir alt að 10.000 kr., en áður var hámarkið 5000 kr.

Við 7. gr. er sú breyting, að feld eru í burtu ákvæðin um það, að ávalt skuli borga 2% frá af tryggingarupphæðinni, þó ekki yfir 3000 kr., og að tjón, sem ekki næmi 2% af tryggingarupphæðinni, alt upp að 300 kr., skyldi ekki bætt.

Heppilegra er talið að taka ákvæði um þetta upp í reglugerð, ef þess er álitin þörf.

Þá er 9. gr. laganna þannig breytt, að nú er það lagt á vald stjórnarinnar, hvort sjórjettarpróf skuli haldið út af tjóni, sem bóta er krafist fyrir. En áður var svo ákveðið, að það skyldi ávalt gert. Reynslan hefir sýnt, að þetta er í mörgum tilfellum óþarft, en hefir ávalt í för með sjer kostnað og fyrirhöfn.

Þá er í 13. gr. felt í burtu ákvæðið um að framkvæmdarstjóra Samábyrgðarinnar sje veitt staðan til 5 ára í senn, og jafnframt er í burtu felt annað ákvæði, sem nú er orðið dauður bókstafur.

Þá er loks upphæðin í 16. gr., 1000, breytt, þegar um er að ræða ágreining, er upp kann að koma milli fjelagsins og annara vátryggingarfjelaga, sem endurtryggja í því, og leggja skal ágreininginn í gerð. Hún hefir verið hækkuð upp í 2000 krónur.

Þá hefi jeg gert nokkra grein fyrir helstu breytingunum.

Að lokum skal jeg geta þess, að frv. þetta hefir, eftir því sem frá er skýrt í athugasemdunum, verið borið undir stjórn Fiskifjelags Íslands, og hún tjáð sig samþykka því í öllum greinum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (101).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 284).

---

9. Eiðaskóli.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs (A. 27).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Í lögunum um alþýðuskóla á Eiðum er svo mælt fyrir, að haust og vor skuli haldið búnaðarnámsskeið við skólann, 3—4 vikur í senn. Þegar skólinn tók til starfa, kom það í ljós, að

dómi skólastjóra, að það væri óheppilegt að tvískifta þessu námi, í stað þess að hafa það í einu lagi, og þá á vorin. Telur skólastjóri hagfeldara að hafa það aðeins á vorin, enda kostnaðarminna fyrir utanskólanemendur, og koma meira að gagni fyrir þá, ef námið væri í einu lagi og aðeins á vorin. Hefir hann því farið fram á þessa lagabreyting, og með því að jeg tel ástæður hans og tillögur á rökum bygðar, hefi jeg komið fram með frv. þetta.

Hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) hefir sagt mjer frá, að hann teldi og þörf annarar breytingar á lögum þessum. Eins og þau gera ráð fyrir, eru þar tveir fastir kennarar, skólastjóri og aðstoðarkennari. Auk þess er gert ráð fyrir tímakenslu. Nú er vitanlega ekki auðvelt að fá marga tímakennara svo langt upp í sveit. Við skólann er því nú, fyrir utan kenslukonu í hannyrðum, einn kennari, sem kalla má fastan tímakennara, með umsömdum, föstum launum, sem eru talsvert lægri en laun hins fasta aðstoðarkennara. Þessi fasti tímakennari hefir þó jafnmikið starf sem aðstoðarkennarinn. Er því sanngjarnt, að hann fái sömu laun. Hreinlegast mundi að bæta við öðrum aðstoðarkennara, og það er lagt til í öðru frv., sem stjórnin leggur fram í dag. Jeg býst við, að þetta frv. fari til háttv. mentamálanefndar, og að hún taki það til athugunar, hvort ekki sje rjett að breyta þessu atriði, einnig í sjálfum lögunum um skólann. Jeg skal bæta því við, að þegar tímakennarinn var ráðinn, þá var búist við því, að hann hefði tekjur af því að veita forstöðu gróðrarstöðinni á Eiðum. En það starf er víst niður fallið.

Úr því að jeg fór að minnast á Eiðaskólann, þá þykir mjer rjett að skýra frá því, hvernig hinni fyrirhuguðu húsbyggingu þar líður. Háttv. þm. hefðu mátt búast við því, að hið fyrirhugaða nýja skólahús þar væri nú að minsta kosti langt á veg komið, og því er ekki að neita, að það er afarnauðsynlegt að koma því upp, svo fljótt sem auðið er, svo nauðsynlegt, að varla er hægt að segja, að skólinn komi meira en að hálfum notum fyr en húsið er bygt. Stjórnin gerði og þegar í fyrra vetur ráðstafanir til þess, að hægt væri að byrja á byggingunni þá með vorinu. Teikning og kostnaðaráætlun var gerð, og búist við, eftir því, að húsið mundi kosta um 200,000 kr. Keyptur var viður til hússins og smiðir ráðnir. En þegar að því kom, að byrja skyldi á byggingunni, þá kom það í ljós, að kostnaðurinn mundi verða miklu meiri en áætlað var, og hefir húsameistari sagt mjer, að hefði húsið verið bygt í sumar og vetur, þá mundi kostnaðurinn hafa numið hátt á 3. hundr. þús.kr. Þá var það og ljóst, að fjárhagsástæður hlutu að versna mjög, svo hætt var við byggingunа að sinni. Mest af viðnum var selt með dálitlum hagnaði, nema máttarviðir, og smiðirnir fengu annan starfa, án kostnaðar fyrir húsbygginguna.

Yfir höfuð leist stjórninni að hætt yrði við allar kostnaðarsamar framkvæmdir, sem á nokkurn hátt yrði auðið að komast af án. Það er ekki gert ráð fyrir, að neitt verði átt við þessa byggingu í sumar. Það er aðeins hugsanlegt, að það megi undirbúa hana frekar næsta vetur. Mjer hefir þótt það mjög ilt, að húsbyggingin varð að farast fyrir, því að mjer er fyrir margra hluta sakir ant um þennan skóla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 1653) með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 63, 75).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Eins og sjest af nefndarálitinu hefir nefndin fallist á frv. og lagt til að hv. deild samþykki það óbreytt.

Eins og kunnugt er, veldur tíðarfarið því, að örðugt er að eiga við jarðræktarnám á Norður- og Austurlandi, nema að vorlagi. Enn fremur er það augljóst, að minna gagn verður að kenslu, ef hún er slitin sundur. Er því einsætt að hafa heldur eitt langt námsskeið að vorinu, í stað stuttra námsskeiða haust og vor, eins og fyrst var til ætlast.

Jeg sje, að hjer er komin fram brtt. við frv. Er hún ef til vill komin fram vegna orða hæstv. forsætisráðherra (J. M.) við 1. umr. frv. Nefndin athugaði þetta, en leit svo á, að þessi ákvæði ættu fremur heima í launalögunum. En nú hefir allsh. litið öðruvísi á, og mun mentamálanefnd eigi gera þetta að þrætuefni, heldur fallast á brtt.

Jóhannes Jóhannesson: Allsherjarnefnd var falið að athuga breytingar á launalögunum. Hún sá brátt, að þær snertu ekki aðalgallann á lögunum, og auk þess ekki að vita, hvar numið yrði staðar, ef farið yrði að breyta launalögunum nú. Fyrir því leyfði nefndin sjer að koma fram með brtt. á þskj. 75. Hún lítur svo á þetta ákvæði um fjölda kennaranna, að það eigi heima í lögum um skólann. Launalögin ákveða ekki fjölda kennara við skólana yfirleitt, heldur að eins fjárhæð launa þeirra. Og í raun og veru er þetta ekki annað en að lögfesta það fyrirkomulag, sem er. Vonar nefndin því, að bæði hæstv. landsstjórn og Alþingi geti fallist á breytingartillöguna.

Úr því að hæstv. dómsmálaráðherra (J. M.) er hjer viðstaddur í deildinni, vil jeg nota tækifærið til að leyfa mjer að minna hann á, að lengur en til sumarsins 1922 má alls ekki dragast að bygt verði skólahús á Eiðum, svo að það verði tilbúið þá um haustið, er skólinn tekur til starfa. Og ef húsið á að vera tilbúið til kenslu haustið 1922, verður hið bráðasta að hefja undirbúninginn, og nú í sumar að viða að efni og gera annað það, er til flýtis má verða verkinu, svo að sjálft húsið megi byrja að reisa svo snemma vorið 1922, sem vinnufært verður, og verkamenn og efni þá að vera til taks. Þetta leyfi jeg mjer að vænta, að hæstv. dómsmálaráðherra (J. M.) hafi hugfast, og láti allan nauðsynlegan undirbúning málsins fara fram í tæka tíð.

Forsætisráðherra (J. M.): Það ræður að líkindum, að því fer fjarri, að jeg sje á móti brtt. Eins og hv. frsm. (S. J.) tók fram, mæltist jeg heldur til þess við 1. umr., að brtt. kæmi fram. Það er rjett hjá hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), að ákvæðið á heima í þessum lögum. En frv. þetta var snemma samið, og þá hafði þessu ekki verið hreyft. Fyrir því var þetta atriði ekki tekið upp í frv. En jeg er þakklátur báðum nefndunum fyrir undirtektir þeirra.

Við 1. umr. málsins skýrði jeg frá, hvernig gengið hefði með húsbygginguna. Skoðun mín í því efni fer mjög saman við skoðanir hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.). En þar sannast samt, að af engum verður heimtað meira en hann getur. Mjer blandast ekki hugur um, að mesta nauðsyn er á að byggja, ef auðið er.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj atkv.

Brtt. 75,1 samþ. án atkvgr.

— 75,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 87, 91).

Jóhannes Jóhannesson: Þegar allsherjarnefnd kom fram með brtt. við 2. umr., láðist að athuga, að þegar feld var burt 3. málsgr. 4. gr., vantaði ákvæði um tímakenslu við fyrirhugað vornámsskeið. Þessvegna kom fram brtt. 91, sem fer að nokkru leyti saman við 3. málsgr. 4. gr. laganna, með hliðsjón af brtt., sem samþ. var við 2. umr.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að nefndin hefir mikið verkefni fyrir höndum, og þarf því heldur að hraða störfum, ef afgreiða á öll þau mál, sem fyrir liggja. Við flýtirinn vill oft skorta vandvirkni, en jeg vona að hv. deild afsaki þetta.

Forsætisráðherra (J. M.): Það má vera, að rjettara sje að gera í lögunum ráð fyrir stundakenslu, en um gróðrarstöðina heyri jeg sagt, að hún sje ekki lengur starfrækt, svo að á forstöðumanni hennar er má ske ekki svo mikið að byggja.

Þetta skiftir litlu máli, en væri rjettast að segja: Auk þess skal sjeð fyrir nauðsynlegri tímakenslu við vornámsskeiðið á Eiðum, eða eitthvað þess konar.

Jóhannes Jóhannesson: Það er kunnugt, að gróðrarstöðin á mikið ræktað land kring um Eiða, og hús. Hún hefir að vísu ekki verið rekin síðustu árin, en jeg vona að hún verði rekin framvegis og skipaður fastur forstöðumaður við hana.

ATKVGR.
Brtt. 91 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 100).

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Því er líkt farið með þetta frv. og frv. næst á undan, að það er komið frá hv. Ed. Það hefir að vísu tekið talsverðum breytingum þar, að því leyti, að 2. gr. hefir nokkuð verið breytt. Eftir núgildandi lögum er þar 1 skólastjóri og 1 kennari, en það hefir orðið að taka enn fastan aukakennara, sem hefir eins mikið að gera og hinn, og því ekki annars kostur en gjalda honum sömu laun, eða láta hann sæta sömu kjörum og hinn.

Jeg vænti þess, að hv. deild láti frv. ganga til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 1659), hvorttveggja með 15 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 216).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er nú ekki alveg viss um, að það þurfi að vitna svo mikið í það, að Eiðaeign hafi verið gefin ríkissjóði. Þessi gjöf hefir orðið ríkissjóði býsna kostnaðarsöm. Önnur breytingin, sem þetta frv. fer fram á, er mjög meinlaus. Hin er tekin hjer upp, sjerstaklega fyrir þá sök, að út lítur fyrir, að frv. um breyting á launalögunum, sem hafði þetta ákvæði að innihalda, meðal annars, nær líklega ekki fram að ganga.

Hvort sem breytingin, sem gerð var á frv. í Ed., gengur fram eða ekki, þá hefir það engin áhrif á kenslukrafta skólans, þareð kennarinn er þar, eftir sem áður, með fastri og ákveðinni tímakenslu. Hjer er bara að ræða um það, hvort eigi að borga honum, sem vinnur eins mikið og

fyrri kennarinn, jafnmikil laun. Þetta er ógn lítið atriði fyrir ríkissjóð. Þegar fellur verð á vörum og dýrtíðaruppbót minkar, þá verður munurinn á þessu kaupi ekki ýkjamikill. Jeg sje ekki, að það sje sanngirni við þann mann, sem verið hefir svo lengi í embætti og rækt stöðu sína svo vel, að láta hann bera minna úr býtum en hinn kennarann, fyrir jafnt starf. Og það er alls ekki óþarfi að hafa 3 fasta kennara, eins og skólinn er nú skipaður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. — — — 18 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 100).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 294).

---

10. Aukatekjur ríkissjóðs.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt
frumvarpi til laga um aukatekjur ríkissjóðs. (A. 9).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Eins og vikið er að í ástæðunum fyrir þessu frv., ber að skoða aukatekjurnar sem borgun af hálfu ríkisborgaranna til ríkissjóðs fyrir það, að hann launar embættismönnum, er svo framkvæma ýms verk fyrir borgarana. Þegar nú ríkið verður að borga þessum embættismönnum miklu hærri laun en áður var, er það ekki nema eðlilegt, að borgun fyrir verk þeirra hækki eitthvað. Á þessu er frv. þetta bygt, en hækkunin, sem frv. gerir ráð fyrir, er þó ekki hlutfallslega eins mikil og launahækkun embættismanna, og sumstaðar er engin hækkun, einkum þar, sem stimpilgjaldið nær til.

Jeg legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til fjárhagsnefndar til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 190).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg skal ekki tefja háttv. deild með langri ræðu, einkum þar sem engar brtt. liggja fyrir, utan nefndarinnar. En í nál., þótt stutt sje, er gerð grein fyrir meðferð málsins í nefndinni, en hún leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá stjórninni. Verði ekki óskað einhverra annara skýringa, mun jeg ekki fjölyrða frekar um þetta, enda er óþolið orðið mik-

ið í deildinni, eins og við er að búast, eftir allan vaðalinn í dag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
14.—23. -- — — 19 — —
24.—30. -- — — 21 — —
31.—34. -- — — 20 — —
35.—45. -- — — 20 — —
46.—50. -- — — 18 — —
51.—64. -- — — 21 — —
65.—68. -- — — 19 — —

Fyrirsögn frv., fyrirsögn kaflanna og kaflaskiftingin samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 9).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 9).

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 9, n. 291).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að taka margt fram um frumvarpið. Nefndin er sammála um, að sjálfsagt sje að hækka aukatekjurnar, því að verðgildi peninga er mikið lægra nú en þegar lögin um aukatekjur voru sett 1911, eða það, sem fæst fyrir peninga, hefir stígið í verði. Auk þess hafa laun starfsmanna ríkisins mikið hækkað, og virðist því eðlilegt, að þeir, sem kaupa þurfa þessi verk þeirra, borgi einnig meira fyrir þau.

Hækkun þá, sem frv. fer fram á, telur nefndin hæfilega mikla. Hún er að vísu ekki hlutfallslega jafnmikil og hækkunin á launum embættismanna, en nefndin álítur einmitt rjett að hafa hana minni, því að gera má ráð fyrir, að laun þeirra fari úr þessu lækkandi, dýrtíðaruppbótin minki.

Gert er ráð fyrir, að tekjuaukinn, sem frv. þetta gefur, muni nema 30 þús. kr., og jeg er á því, að ekki sje hægt að afla ríkissjóði sanngjarnari tekjuauka á þessu þingi. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Nefndin mælir hið besta með frv. og leggur til að það verði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—68. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 9).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 325).

11. Verslun með áburð og kjarnfóður.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti (A. 38).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Frv. þetta er borið fram samkvæmt ósk Alþingis og Búnaðarfjelags Íslands, og hefir stjórn Búnaðarfjelagsins samið það.

Kaup á fóðurbæti hafa aukist mjög á seinni árum, en sjerstaklega mun mönnum minnistætt vorið í fyrra í þessu sambandi, því að þá var varið fje svo miljónum skifti í fóðurbætiskaup. En af þessu sjest, hve mikilsvert er, að slík vara sje ósvikin og óskemd. Þetta ár hefir og talsvert verið keypt af fóðurbæti, einkum síld. Því þarf líka að gefa gaum. Með frv. er að vísu einkum átt við útlendan fóðurbæti, en þó eru þar líka reglur um tryggingar á síld og síldarmjöli innlendu og fleiri innlendum fóðurefnum.

Jeg vona, að frv. verði vel tekið, og býst við, að því verði vísað til landbúnaðarnefndar, að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj atkv., og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1652) með 11 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 71).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Meðferð landbúnaðarnefndarinnar á þessu máli sjest á þskj. 71. Nefndin leggur til, að hv. deild samþ. frv. með breytingartill. nefndarinnar. Allar breytingarnar, nema sú síðasta, eru orðabreytingar til betra máls. Það vill verða hjer, sem oftar, þegar þýtt er úr erlendu máli, að íslenskan er ekki eins góð og ætti að vera. Þar með er jeg ekki að segja, að nefndinni hafi tekist að laga málið á frv. sem þurft hefði. Hún tók helst þau orð og setningar, sem merktu sig úr að einhverju leyti í þessu atriði. Jeg þarf ekki að taka hjer til meðferðar hvert einstakt atriði; málið liggur svo ljóst fyrir. Síðasta breytingin er efnisbreyting, sem sje við 9. gr. Sektarákvæðið virtist nefndinni alt of lágt. 10 kr. sekt aftrar engum frá að hafa brögð í tafli. Kaupandinn á að vísu rjett á að fá uppbót, eftir mati, ef varan reynist öðruvísi en tilskilið er, en þá er eftir að ákveða sektirnar fyrir samningsbrot, og önnur brot gegn fyrirmælum laganna. Nefndin leggur því til, að sektarákvæðið hækki, þannig, að lágmarkið tífaldist, en hámarkið tvöfaldist.

Jeg álít ekki þörf á að tala um þetta neitt nánar, nema þá ef umræðurnar gefa sjerstaka ástæðu til þess.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg er þakklátur nefndinni fyrir meðferð hennar á frv. Breytingarnar eru ekki stórvægilegar, helst málsbætur, og er jeg þakklátur fyrir þær. Uppkastið, sem stjórnin fjekk, þurfti mikið að laga að orðalagi.

Breytingin við 9. gr., um að sektarákvæðið hækki, hefir við rök að styðjast, því sekt kemur varla fyrir, nema fyrir svik, og er þá sennilega rjettmætt að hafa 100 kr. lágmarkið. Viðvíkjandi 3. og 4. brtt. er jeg ekki sammála nefndinni. Jeg lít svo

á, að rjettara sje að hafa „getur“ en „skal“, því að það sje heppilegra að hafa ekki skipun, heldur heimild til að gefa út eyðublöð og reglur um hvað eina. Ef prentuð væru eyðublöð fyrir fram, gæti sumt af þeim reynst alveg óþarft. Þá væri það óþarfa kostnaður. Það er best að hafa þetta eftir því, sem reynslan bendir til að þurfi. Að öðru leyti gerir lítið til, hvort ákvæðið er haft, en stjórnin hagaði þessu þannig til, með sparnaðinn fyrir augum.

Frsm. (Sigurður Jónsson): Nefndinni er ánægja að heyra, að hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) er ánægður með störf nefndarinnar í þessu máli. Hvort vera skal „getur“ eða „skal“ í brtt. við 4. og 6. gr., er ekki mikið áhugamál fyrir honum, en nefndin verður að halda fast við þessi atriði.

ATKVGR.

Brtt. 71,1.a. samþ. með 11 : 1 atkv.

— 71,1.b.—c. feldar með 8 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. H. K., S. J., G. Ó., H. Sn., S. E., G. B.

nei: S. F., B. K., E. Á., G. G., G. Guðf., H. St., Jóh. Jóh., K. E.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj.atkv.

Brtt. 71,2.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 71,2.b. — — 12 — —

— 71,2.c. — — 11 — —

— 71,2.d. — — 11 — —

— 71,2.e. talin fallin með atkvgr. um brtt. 71,1.b.—c.

— 71,2.f. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 71,3 samþ. með 9 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., S. E., S. J., S. F., B. K.

nei: G. G., H. St., S. H. K., E. Á., G. B.

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 71,4 samþ. með 8 : 2 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

7. og 8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 71,5 samþ. með 8 : 4 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 96, 102).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Jeg lýsi hjer með yfir því, að brtt. á þskj. 102 er, af alveg sjerstökum ástæðum, tekin aftur. Aðrar brtt. hafa ekki komið fram, og sje jeg því ekki ástæðu til að tala frekar um málið, en vænti þess, að hv. deild samþykki það og leyfi því að ganga til háttv. neðri deildar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 96).

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1657—8) með 15 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 144).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Ákvæði frv. þessa eru ný í löggjöfinni. En nauðsynin fyrir að setja þessi ákvæði er brýn. Ýmiskonar svik hafa komið upp í vörum þeim, sem gengið hafa kaupum og sölum sem fóðurbætir. Um þetta hefir einatt verið kvartað, og oft gert að blaðamáli. Þessum tilgangi frv. er náð með því, að þegar tilbúinn áburður, eða fóðurbætir, er keyptur, er seljanda gert að skyldu að gefa út tryggingarskjal, þar sem tilkynt sje, hvernig varan sje, og hvert efnainnihald hennar er.

Getur kaupandi tekið eða látið taka sýnishorn af vörunni til rannsóknar á efnainnihaldi hennar, ef þörf þykir.

Vel má raunar búast við því, að lög þessi verði fyrst um sinn að nokkru pappírsgagn, þar sem eins og stendur er ekki fyrir seljanda unt að gefa upp efnainnihald á sumum vörum, þar sem efnarannsókn er ekki til, en við hinu má jafnframt búast, að þetta lagist smámsaman, og undir öllum kringumstæðum ætti þetta strax að veita seljanda það aðhald, að hann ekki leiki sjer að selja skemda vöru, og verður því nefndin að telja, að það þegar í stað tryggi mikið rjett kaupandans.

Út í einstakar greinar frv. þýðir ekkert að fara frekar en jeg nú hefi gert. Þó skal jeg, um leið og jeg minnist á brtt., drepa á einstaka liði í 2. gr.

8. liður 2. gr. ræðir um lifur, sem seld er til fóðurbætis. Nefndin hefir komist að því hjá þeim helstu lifrarfræðingum, er skipa þetta þing, að hún sje illa fallin til sölu og ilt eða ómögulegt að ákveða nokkuð um samsetning eða efnishluta hennar. Myndi því aldrei vera hægt í tryggingarskjali að gera þetta tæmandi. Þrátt fyrir þetta, hefir þó nefndin ekki viljað fella úr þennan lið, því vel getur kaupandi og seljandi komið sjer saman um kaupin á einhverjum grundvelli. Undir 10. liðnum, um síldarmjöl, er að eins tekið fram, hvort það sje unnið úr nýrri eða saltaðri síld. Þar er ekki gert ráð fyrir því, að það skemmist í gerðinni, sem einatt vill þó verða, og er það því oft bæði brent og trjeð malað saman við. En ef því líkt kemur fyrir, telst það auðvitað sem skemd vara, og fellur þá undir síðustu málsgrein 2. gr.

Breytingartillagan við 1. og 2. gr. byggist á því, að frv.greinarnar ákveða, að þar sem ekki sje gefið út tryggingarskjal eða skriflegur samningur, þá gildi munnlegt umtal. Þetta telur nefndin alveg þýðingarlaust, og myndi að eins leiða til reksturs og málaþrætu, og ekkert yrði sannað.

Leggur því nefndin til, að þar sem ekki sje fyrir hendi tryggingarskjal eða skriflegur samningur, þá sje ætíð litið svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvílir sönnunarskyldan á seljanda. Er þetta nýtt aðhald fyrir hann, sem tryggir kaupandann.

Fleira sje jeg ekki að þýði að taka fram, að svo stöddu.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg er að mestu leyti samþykkur nefndinni og meðferð hennar á þessu máli, og get fallist á þær breytingar, er hún gerði.

Hvað því viðvíkur, að örðugt muni að fullnægja ákvæðum þess, svo sem rannsókn á lýsi og síldarmjöli, þá vil jeg geta þess, að það er ógnar auðveld efnarannsókn á þessum vörum.

Um lifrina kannast jeg við, að það mundi tæplega svara kostnaði að gera þá efnarannsókn á henni, sem að gagni kæmi fyrir kaupanda. Jeg legg þessvegna aðaláhersluna á niðurlagsorð liðsins, að lifrin sje ekki svikin með vatni. Hún er nefnilega einmitt á þann hátt mest svikin.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg veit, að þörf er á lögum um þetta efni, en jeg býst við, að erfitt verði að framkvæma þau. Hæstv. atvrh. (P. J.) gat þess, að erfitt væri að ákveða, hvaða ástand lifrarinnar væri átt við í síðustu málsgr. 2. gr., en áleit, að helst væri það skemd á lifrinni, ef vatn væri í henni eða sjór. En það getur verið svo um lifur, að hún sje orðin laus við allan sjó, en um næsta straum kemur enn á ný vatn úr henni. Jeg hefi haft á hendi lifrarkaup í 14—15 ár, keypt lifur að hausti og sett í föt, og á vorin tappað burt öllu vatni, en þegar hún hefir staðið enn á ný, hefir komið vatn úr henni aftur. Sje lifrin seld um stórstraum, er ógerningur að ná úr henni vatni, og þegar svo er, þyrfti að tilgreina hvað lifrin væri gömul, ef vel ætti að vera. Annars held jeg, að óheppilegt sje að hafa lifur fyrir fóðurbæti, því að þegar búið er að bræða úr henni lýsið, er ekki annað eftir en tægjur, og eru þær ekki meltanlegar nokkurri skepnu. Þær eru þá svo harðar, að þær eru notaðar í gangstíga kringum bræðsluhúsin.

Jeg hefi saknað þess í þessu frv., að ekki er minst á síldarkökur sem fóðurbæti. Þegar búið er að pressa lýsið úr síldinni, verða eftir kökur, sem síðan eru þurkaðar og malaðar, og þá fæst síldarmjöl. Fyrir vestan eru þessar kökur álitnar betri fóðurbætir en mjölið, enda eru þær ódýrari og þægilegri til gjafar skepnum.

Jeg mun ekki koma með brtt. við frv., en jeg vildi benda á, hve erfitt er að ákveða gæði lifrarinnar, og ef vel ætti að vera, þyrfti að tilgreina hverskonar lifur seld væri, ýsu, flyðru, þorska eða hákarlalifur. Auk þessa vildi jeg aðallega vekja athygli á því tvennu, að lifrin er óheppilegt skepnufóður, og er betra að láta þá, sem lýsisbræðslu hafa, fleyta hana og selja lýsið; ennfremur, að síldarkökur eru heppilegri en síldarmjöl, því þar sparast þurkun og mölun, því hvorttveggja er ónauðsynlegt um fóðurbæti.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil aðeins beina því til nefndarinnar, að prentvilla er í frv., og vona jeg að það verði lagfært, en ef til vill hefir nefndin þegar tekið eftir þessu.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Mjer þykir það þess vert, að háttv. nefnd taki til athugunar atriðin, sem hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) benti á. Jeg get ekki dæmt um það, hvort lifur sje heppileg til fóðurbætis eða ekki, en jeg veit, að menn sækjast eftir henni í því skyni, og þykir hafa reynst vel, enda munu vera í lifrinni næringarefni, sem ekki eru í lýsi. En um þetta þori jeg ekki að fullyrða, og geri það ekki að kappsmáli.

Það verður að teljast skemd á lifur. ef

vatn er í henni, en ef seljandi hefir tappað af henni samviskusamlega, verður hann ekki sakaður, þó að síðar komi vatn í lifrina. Ákvæðið kemur því að eins til greina, að rannsókn fari fram rjett á eftir kaupunum.

Mig brestur kunnugleik til þess að dæma um síldarkökur, og eins var um þá, er sömdu frv., en jeg sje ekki betur en að það megi skjóta þeim inn í frv. í upptalningunni.

Jón Þorláksson: Jeg vil ekki rengja það, að þörf sje á löggjöf um þetta efni, en mjer hefir komið til hugar, hvort hjer sjeu ekki fleiri ákvæði en rjett er. Jeg held, að mörg af þeim ákvæðum komist aldrei lengra en á pappírinn, og er leiðinlegt að búa til lög, sem engin von er um að framkvæmd verði. Jeg þekki ekki þetta mál svo, að jeg þori að dæma um það af sjálfs míns viti, en jeg sakna þess í upplýsingum stjórnarinnar og í nál., að fá vitneskju um hvort frv. hefir verið borið undir menn, sem bera verulegt skynbragð á verslunarhlið málsins. Jeg veit, að búnaðarfjelag Íslands hefir verið kvatt til, en það er mjer ekki næg trygging. Það fjelag þekkir þá hlið, er að kaupendum veit, en ekki er síður nauðsynlegt, að einhverjir hefðu verið til kvaddir af hálfu seljenda.

Jeg vil skjóta þeim spurningum til hv. frsm. (Þór. J.), hvort átt sje við öll kaup og sölu, þegar talað er um þá, sem versla með síld, eða hvort að eins sje átt við þá, sem reka verslun samkvæmt leyfi. Jeg hefi ekkert við efni greinarinnar að athuga, ef að eins er átt við þá, sem reka löggilda verslun, en ef það á að ná til allra, sem kunna að kaupa og selja þessa vöru, tel jeg það varhugavert. Það er kunnugt, að einstaka menn safna saman úrgangssíld um síldartímann og fylla steinolíuföt með henni og selja síðan. Jeg tel það óheppilegt, ef ákvæði 2. gr. og 4. gr. eiga að ná til þessa, og nú vil jeg forvitnast um, hvort svo sje eða ekki.

Frsm. (Þórarinn Jónsson) Hæstvirtur atvinnumálaráðh. (P. J.) hefir svarað hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) og þarf jeg ekki miklu við að bæta. Jeg álít það ekki rjett að banna sölu á lifur til fóðurbætis, og þótt ákvæði gr. sjeu heldur ströng, fljótt á litið, getur seljandi altaf forsvarað sig, þótt gallar komi fram eftir á, sem ekki var á hans valdi að bæta úr. Jeg trúi háttv. þm. (J. A. J.), er hann lýsir breytingu þeirri, er á lifrinni verður um stórstraum, en ef menn taka það með í reikninginn, þegar selt er, ætti það ekki að koma í bága við ákvæði frv.

Nefndinni var ókunnugt um síldarkökur, þekti ekki annað en síldarmjöl, en sjálfsagt er að bæta síldarkökunum inn í, og er það auðgert. Það má setja þær aftan við 9. lið 2. gr.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) óttaðist að frv. yrði pappírslög. Jeg drap á, að svo mundi líklega verða fyrst í stað, en síðar meir ættu þau að geta komið fyllilega til framkvæmda, en nú er það erfitt eða ómögulegt.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem háttv. þm. (J. Þ.) drap á, um söluna, skal jeg geta þess, að jeg hefi litið svo á, og jeg held, að nefndin sje mjer sammála, að frv. nái til allrar sölu, en ekki að eins til þeirrar, sem kaupmenn reka. Háttv. þm. (J. Þ.) mintist á minstu seljendurna, þá er safna síld um síldartímann í fáein föt, og selja síðan, og vildi hann ekki, að ákvæðið næði til þeirra. Jeg held, að það sje engu síður nauðsynlegt, því einmitt við þessa sölu hafa komið fram mikil svik. Menn hafa kastað í þessi föt allskonar rusli, og selt síðan bændum sem góða vöru. Það er þess vegna nauðsynlegt, að ákvæði nái til þessa. Um flokkun síldar er það að segja, að til

mun að eins 1 flokkur, útflutningssíld, og yrði þá sú síld, sem ekki er útflutningssíld, í 2. flokki.

Jeg gleymdi að geta þess áðan, að nefndin ætlast til, að lögin verði prentuð í nokkrum eintökum og send ókeypis um landið. Það vill farast fyrir, að hreppstjórar lýsi á hreppskilaþingum öllum þeim lögum, sem almenning varða, en það er nauðsynlegt, að menn hafi fulla þekkingu á þeim, og að nokkur eintök sjeu til í hverri sveit.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil aðeins árjetta það, sem jeg sagði áður, að það er erfiðara að fara rjett með lifur en margur heldur. Háttv. frsm. (Þór. J.) sagði, að það væri fullnægjandi, ef tappað væri af vatni og lifrin ekki blönduð annarlegum efnum, en jeg hefi nú sýnt fram á, að ómögulegt er að segja með vissu, hvenær lifrin er orðin vatnslaus. Jeg held því, að lögin nái varla tilgangi sínum, að þessu leyti. Jeg held einnig, að erfitt verði að segja til, hvers konar lifur seld er. Togarar og stærri mótorbátar veiða allskonar fisk í einu og hirða lifrina alla, en aðgreina ekki, enda yrði það allmikil töf.

Þá er að minnast á það ákvæði, að tilgreina eigi veiðitíma. Jeg held að það verði erfitt og ómögulegt að gera það með nokkurri nákvæmni. Menn veiða látlaust, og gæta þess ekki að aðgreina afla eins dags frá öðrum, enda ekki þægilegt, og gætu þeir þá ekki gefið aðrar upplýsingar en þær t. d., að þessi lifur væri veidd frá 15. júlí til 30. ágúst. Þetta ákvæði nær því ekki tilgangi sínum, fremur en lögin í heild sinni. Tilgangur þeirra er sá, að bæta vöruna, en jeg sje ekki að það verði gert annarsstaðar en á pappírnum, eftir þessu frv.

Jeg vil bæta við þeirri ósk, að eintök af lögunum verði send í allar veiðistöðvar, auk þess sem þau verða send til bænda, því seljendum er ekki síður nauðsynlegt að vita, hvernig þeir eiga að haga sjer, en kaupendunum. Báðir verða að þekkja lögin, ef viðlit á að vera til, að þau komi að einhverjum notum. Jeg veit, að vara þessi er mjög svikin, en seljendunum verður yfirleitt ekki eins um kent og almennt er gert.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg vildi segja nokkur orð út af athugasemd háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), um það, hvort frv. þetta hefði verið borið undir þá menn, er versla með fóðurbæti. Jeg get skýrt frá því, að stjórnin hefir ekki borið þetta mál undir slíka menn. Henni var ekki ljóst, hvert helst væri að snúa sjer í því efni. Þetta frv. er sniðið eftir samskonar lögum í Danmörku, og með hliðsjón af lögum í Svíþjóð. En þau lög eru vafalaust gerð með aðstoð fagmanna og bygð á margra ára reynslu. Þeir, sem versla með fóðurbæti þann útlendan, sem talinn er upp í 2. gr., og sömuleiðis með áburð þann, sem talinn er upp í 1. gr., hafa oft efnagreiningarskýrslur. Svo var um kaupmenn þá, er einkum höfðu kjarnfóður útlent á boðstólum í fyrra. Þess vegna rekst hjer ekkert á, en annars er auðvitað ekkert á móti því, að nefndin beri sig saman við fagmenn í þessu efni, heldur þvert á móti. En til hins finst mjer engin ástæða, að bera það undir kaupmenn sjerstaklega, enda eru hjer þeir menn á þingi, sem hafa nóga kaupmannsþekkingu í þessu máli, eins og t. d. háttv. þm. Ak. (M. K.) og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), sem t. d. eru báðir vel kunnugir öllu því, er lýtur að sölu á síld.

Jeg geri ráð fyrir, að þar sem er um fóðurbæti að ræða, þá verði það ekki eingöngu löggiltar verslanir, sem þar koma til greina, heldur einnig einstakir framleiðendur. Menn þurfa ekki að kaupa borgarabrjef til þess að selja sína eigin framleiðslu.

En þegar verslað er með tilbúinn áburð (útlendan), þá verður hjer víst að eins að

ræða um kaupmenn, stærri verslunarfyrirtæki og verksmiðjur. Frv. nær þá fyrst og fremst til kaupmanna og verksmiðja.

Jeg er annars þakklátur, að þetta frv. verður lagað sem best í hendi hjer í deildinni, því að jeg kannast við það, að það er gagnslítið að setja það í lög, sem ekki verður framfylgt. En þess ber að minnast, að þetta eru að eins tryggingarlög, en ekki bönd á frjálsri, svikalausri verslun.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil taka í sama streng og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) með það, að þessi lög verða ekki annað en pappírslög fyrst um sinn. Alþingi hefir líka ávalt verið sjerlega duglegt að unga út lögum, sem illa eru haldin og sjaldan eða aldrei verður framfylgt úti um landið.

Annars er þetta þarft frv., því að mikið er svikið af þeim vörum, sem hjer ræðir um. En mjer finst oflítill aðdragandinn að þessu, þótt lögin sjeu allítarleg, en ekki að sama skapi praktisk.

Jeg er frv., því miður, ekki eins kunnugur og skyldi, hefi að eins haft tíma til að athuga það á meðan á þessum umræðum hefir staðið. En jeg held þó, að erfitt verði að framfylgja ýmsum ákvæðum þess. Þegar um einkaviðskifti er að ræða, þegar hönd selur hendi, þar verða þau altaf flókin. Í 2. gr. frv., 5. lið, stendur um lýsi, að gefa skuli tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti sjeu í því að minsta kosti. Hugsum oss nú til dæmis, að á einni verstöð austan fjalls hafi einn formaður 1 fat af lýsi til skepnufóðurs til sölu. Hann hefir ekki vit á því, hve mikil fita er í lýsinu, nje heldur sá bóndi, sem af honum vill kaupa. Og hvernig væri svo hægt að koma sektarákvæðunum við hjer?

Jeg held, að það sje að minsta kosti nauðsynlegt, eins og sakir liggja, að vekja menn til umhugsunar um þetta mál. Sektarákvæðin, sem mjer virðast vera of há, má auðvitað ávalt færa niður, og ýmislegt í frv., sem mætti fara öðruvísi, má auðvitað laga með brtt. við 3. umr.

En á frv. var þörf, og jeg er þakklátur hæstv. stjórn fyrir það, að hún skuli hafa komið með það.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) var að tala um það, að ilt væri að fullnægja ákvæðum 9. liðs í 2. gr., um að ‚tilgreina veiðitímann', hvenær síldin væri söltuð, þar sem ekki væri svo hægt að tilgreina á hvaða degi hver einstök tunna væri söltuð. Jeg lít svo á, að auðvitað eigi ekki að fara að tilgreina hvern einstakan dag, heldur að eins tímabilið í heild sinni.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) tók í þann streng, að frv. þetta mundi reynast pappírslög. Það má vel vera, að svo fari fyrst um sinn. Háttv. þm. (Gunn. S.) vildi hafa praktisk not af þeim. En þau praktisku not, eða það praktiska snið, má þó ekki verða til þess, að þau missi alt gildi sitt, en það væri gert talsvert í þá átt, ef sektarákvæðin væru færð niður. Þau verða að vera. Og samkv. ákvæðum 1. gr. getur verið um samning að ræða, án þess að þetta tryggingarskjal sje látið af hendi eða gefið út.

Jón Þorláksson: Jeg hefi nú fengið þær upplýsingar, sem jeg bað um, og fengið að vita, að sá skilningur liggi í orðunum „verslað er með", að þar sje að ræða um öll kaup og sölu á þessum vörum. Jeg bjóst við þessu eftir 2. gr., en ef málið hefði síðar komið fyrir dómstóla og ekki hefði verið minst á þetta hjer, þá er jeg ekki í neinum vafa um það, að sá skilningur hefði þar verið lagður inn í orðin, að eingöngu væri átt við kaupskap þeirra, er hefðu verslunarleyfi. Mjer finst, að þegar verið er að ræða um svona mikilsvert laganýmæli í verslunarmálum, þá megi ekki láta það ríða í bág við þekkingu vora

á verslunarefnum. Ennþá er tími til stefnu, og jeg vil skjóta því til nefndarinnar, að hún, milli 2. og 3. umræðu, leggi málið undir dóm verslunarfróðra manna, t. d. Verslunarráðs Íslands. Og jeg vil ennfremur beina því til nefndarinnar, hvort henni þykir hagkvæmt að setja samhljóða ákvæði um kaup og sölu á þeim fóðurbæti, sem er verksmiðjuvara, og á sjávarafurðum, sem framleiðendur selja beint til skepnufóðurs. Jeg fæ ekki sjeð, að rjett sje að krefjast jafnmikilla skrifta milli einstakra manna og milli kaupmanna og viðskiftavina.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Þessar bendingar, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir gefið nefndinni, munu verða athugaðar til 3. umræðu.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að kannast við það, eins og háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að jeg hefi ekki getað gefið mjer tíma til að athuga þetta frv. fyr en nú á meðan á umræðum hefir staðið. En út af þeim athugunum og orðum hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir mjer blandast hugur um, að tímabært sje að afgreiða þetta frumv. nú þegar. Jeg vil þess vegna lýsa því yfir, að þótt jeg greiði því atkvæði til 3. umræðu, þá er ekki sagt að jeg greiði því atkvæði út úr deildinni. Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) benti rjettilega á það, að í frv. er óeðlilega blandað saman sölu innlendra sjávarafurða til fóðurs við útlendan fóðurbæti.

Jafnvel fyrirsögn frv. virðist mjer athugaverð, ef í því á að standa alt, sem nú er þar. Fyrirsögnin um sölu á tilbúnum áburði og fóðurbæti gefur í skyn, að hjer sje um tvent ólíkt að ræða: Áburðinn annarsvegar og fóðurbæti hins vegar.

En svo er í 2. gr. talið til fóðurbætis lýsi, lifur og síld, sem eftir mati því, sem þar er nefnt, virðist geta verið á öllum stigum skemdar. Slíkar vörur geta fremur heitið *fóðurspillir* en *fóðurbætir*. Að vísu er grýtt síld, lifur og ljelegt lýsi stundum notað til fóðurs í harðæri og fóðurskorti, en er þá neyðarúrræði og skepnum hættulegt, nema mesta varhygð sje á höfð. Alkunnugt er líka, að gripir drepast af þess kyns fóðri, eða veikjast mjög, ef skamtur af því er stór.

Annað eins fóður og þetta mætti nefna *fóðurauka*, en engri átt nær að nefna það *fóðurbæti*, og yfirleitt virðist mjer að þessum fóðuraukategundum ætti að útrýma úr frv., og eigi að telja þær með kjarnfóðri, innlendu eða útlendu, sem meta ætti, nema um ætilega og ógrýtta síld væri að ræða.

Annars er jeg ekki undir það búinn að koma með brtt. við frv. þetta. Ef til vill geri jeg það við 3. umr. En frv., eins og það nú liggur fyrir, hefir, að mínu áliti, ekki fengið nægilegan undirbúning til þess að verða að lögum, óbreytt.

Sigurður Stefánsson: Frsm. (Þór. J.) hefir talað þrisvar, og er því dauður, svo að jeg verð að segja nokkur orð út af ummælum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þar sem hann var að tala um fóðurspilli, og mótmælti því, að þrátt lýsi eða legin síld gæti verið fóðurbætir. Það er nú reynsla margra manna, að varla sje til svo þrátt lýsi, að ekki megi notast við það sem fóðurdrýgindi. En það er rjett hjá háttv. þm. (Sv. Ó.), að allrar varúðar verður að gæta í þessu efni. Annars skiftir það engu máli, hvort það er kallað fóðurbætir eða fóðurauki; hitt er nú föst málvenja.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) athugaði það rjettilega, að hjer er ekki gerður greinarmunur á löggiltum verslunum og viðskiftum manna á milli, en úr slíku má bæta.

En alt þetta mun nefndin að sjálfsögðu taka til greina og athuga fyrir 3. umr.

Gunnar Sigurðsson: Þetta er að eins örstutt athugasemd.

Það er alveg meiningarlaust að láta fyrirmæli þessara laga gilda jafnt um þá, er versla í mjög stórum stíl, og hina, þar sem að eins hönd selur hendi.

Viðvíkjandi sektunum, þá get jeg þar ekki verið sammála hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) Þær eru mjög sanngjarnar við þá, sem mikið versla, en ekki við hina.

Annars virðist mjer alt vera að ganga í það horf, að breytingar verði á frv. fyrir 3. umr., og þá svo frá því gengið, að allir muni geta felt sig við það.

Jón Sigurðsson: Að eins örfá orð til háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hann sagði í fyrri ræðu sinni, að mönnum mundi oft ekki hægt að gefa upp neitt ákveðið um efnainnihald fóðurbætis, og nefndi t. d. lifur. En það er einmitt tekið fram á öðrum stað í frv., að sje seljanda ókunnugt um það, þá eigi hann að taka það fram, og geri hann það, kemur sektarákvæðið auðvitað ekki til greina.

ATKVGR.

Brtt. 144,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 144,2. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

3.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. með 14 : 1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 167).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg leyfi mjer að æskja þess, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá, uns komnar eru fram brtt., sem nefndin hyggur að gera.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 167, 266).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það hefir nú dregist talsvert lengi, að mál þetta kæmi á dagskrá til 3. umr., því athugasemdir komu nokkrar við 2. umr. frá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) Nefndin hefir nú athugað þessa brtt. hv. þm., og samkvæmt till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) leitað umsagnar Verslunarráðs Íslands. Verslunarráðið hefir orðið við þeim tilmælum og sent landbn. álit sitt með brjefi dags. 2. þ. m. Verslunarráðið telur æskilegt, að hjer komist á mat á tilbúnum áburði og fóðurbæti, eins og tíðkast með erlendum þjóðum, þó að hjer sjeu ólíkir staðhættir; býst samt við, eins og nefndin, að ekki verði full not af slíku þegar í byrjun, en hefir ekki á móti því, að frv. verði að lögum.

Þetta álit Verslunarráðsins kemur heim við skoðun nefndarinnar, og leggur hún því til, að frv. nái fram að ganga með þeim breytingum, sem nefndar eru á þskj. 266. Þó býst nefndin við því, að þessi lög geti fljótlega haft meiri þýðingu en menn búast við. Að hjer þyrftu sjerstök ákvæði, er næðu til þeirra manna, sem versluðu með vörur þessar án verslunarleyfis, hefir Verslunarráðið ekkert minst á, og verður því nefndin að vera sömu skoðunar og áður um það, að slíkt sje óþarft.

Nefndin hefir leyft sjer að gera nokk-

urar breytingar við frv., og eru þær framkomnar á þskj. 266.

Fyrsta brtt. er um það, að færa lágmarkið úr 500 kg. niður í 200 kg., til tryggingar fyrir sölu á tilbúnum áburði.

Um þennan tilbúna áburð er það að segja, að hann er oftast keyptur af einstökum mönnum í smáum stíl, og þá alloftast notaður til ýmsra tilrauna, svo að rjettara þótti að færa lágmarkið niður. Það er sjaldan, að einstakir menn kaupi 500 kg. í einu, en eins nauðsynlegt, að trygging sje fyrir því, að áburðurinn sje ósvikinn, þó að ekki sje keypt mikið af honum. Nefndinni var líka kunnugt um, að búnaðarfjelagsstjórnin hafði lagt til, að lágmarkið væri lægra en fram kom í stjfrv. Og þó að lágmarkið komist niður fyrir það lágmark, sem nefnt er í 2. gr., að því er snertir fóðurbæti, þá er það samt rjettmætt.

Þá er önnur brtt. við 2. gr., þar sem lagt er til, að ákveðið sje við sölu síldar hvað mikill síldarþungi sje í hverri tunnu. Þessi breyting stafar af því, að nefndinni er kunnugt um, að síld er oft seld til fóðurbætis þannig, að í ílátunum er alt að ⅓ salt, og þó að það megi skoðast sem sönnun þess, að varan sje þá síður skemd, þá verður þó tiltölulega lítill þungi síldarinnar.

Þá hefir verið tekin til greina till. frá háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) um síldarkökurnar. Nefndinni var ekki kunnugt um þær áður, en hefir nú, að fengnum upplýsingum, bætt þeim inn í 2. gr.

Þá er og breyting við 6. gr. Í þeirri grein er ákveðið hvernig skuli tekin sýnishorn, en ekki hver eigi að tilkynna það. Hefir nefndin bætt þar inn í, að seljandi annist tilkynninguna.

Þá hefir nefndin leyft sjer að breyta fyrirsögn frv. þannig, að í staðinn fyrir „fóðurbæti" komi kjarnfóður. Þykir nefndinni það fallegra orð, enda tíðkast það víða til sveita. Af þessari breyting leiðir svo, að „fóðurbæti" er breytt í kjarnfóður, alstaðar þar sem það kemur fyrir í frv.

Þá var mikið talað um það við 2. umr., að fella úr frv. lifrina, en nefndin sá enga ástæðu til þess. Þó erfitt sje að gefa út tryggingarskírteini fyrir gæðum hennar, er þó ekki loku fyrir það skotið, að menn geti ekki á einhvern hátt komið sjer saman um það, er stundir líða, hvernig varan eigi að vera, og reynsla seljanda og kaupanda skeri þar úr, á hverju skuli byggja.

Að lokum vil jeg taka það fram, þó að nefndin hafi ekki sett það í frv., að stjórnin lætur prenta svo mikið af lögum þessum, að hún geti að minsta kosti sent 4—5 eintök í hvern hrepp, svo almenningi gefist kostur á að kynnast þeim sem best.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það var aðallega út af lágmarks-breytingartill. nefndarinnar við 1. gr., að jeg kvaddi mjer hljóðs.

Það er rjett, að stjórnin færði upp lágmarkið á þeim vörum, sem heimtuð er trygging fyrir. Það var, ef jeg man rjett, 300 kg. hjá Búnaðarfjelaginu. Það, sem stjórnin meinti með þessu 500 kg. takmarki, var það, að hún bjóst við að menn myndu trassa að útvega sjer þessi tryggingarskírteini, hvað sem lögunum liði, þegar um kaup væri að ræða í smærri stíl, eða neðan við þetta 500 kg. lágmark. Það eru að vísu til menn, sem kaupa innan við 500 kg. af tilbúnum áburði, en fáir held jeg þeir sjeu. En úr því að þetta var fært niður, virðist mjer sem nokkur ástæða hefði verið til að færa líka niður lágmarkið í 2. gr. Það er um kraftfóðrið. Það kaupa menn að jafnaði í smærri stíl, að þyngdinni til, að jeg hygg.

Annars ætlaði jeg ekki að gera lág-

marksbreytingar þessar að neinu kappsmáli. en vildi að eins benda á þetta. Viðvíkjandi orðabreytingum nefndarinnar sje jeg enga ástæðu til að tala.

En um síldina er það að segja, að aldrei verður hægt að sannprófa það, hvað mikið salt er í tunnunum, því saltið verður oftast að pækli og ilt að rannsaka það.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi svara hæstv. atvrh. (P. J.). Nefndin er á gagnstæðri skoðun, hvað snertir verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti. Áburðurinn er seldur í smærri stíl til tilrauna, og þarf því að vera ósvikinn. En hvað fóðurbæti snertir, eru sjaldnast keyptar undir tvær síldartunnur í einu, og þar þá komið lágmarkið. Enda er lágmarkið á tilbúnum áburði fært niður samkvæmt ósk skólastjórans á Hvanneyri, og hann tók ennþá dýpra í árinni, hann vildi jafnvel færa það niður í 100 kg.

Viðvíkjandi síldinni er það að segja, að eins og mikið er keypt af henni, þá er það ekki þýðingarlaust að gera tryggingarskilyrði, hvað mikill þungi síldar sje í tunnunni.

Fleira þykist jeg ekki þurfa að segja, en leyfi mjer að leggja til, að frv., með þessum breytingum nefndarinnar, fái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 266,1. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 266,2.a. og b. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 266,3. samþ. með 14 : 3 atkv.
— 266,4. samþ. án atkvgr.
— 266,5. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 266,6 (við fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed. með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 296).

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 16. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Sigurður Jónsson): Þetta mál hefir verið rætt í landbúnaðarnefndum beggja deilda. Var það fyrst rætt í landbúnaðarnefnd þessarar háttvirtu deildar, og síðan í landbúnaðarnefnd neðri deildar. Þar voru gerðar á því smávegis breytingar; sumar þeirra voru til skýringar, aðrar gera hvorki til nje frá, en svo eru líka nokkrar, sem beinlínis eru til hins lakara. Þannig er t. d. fyrirsögn frv. breytt, þar sem orðið „kjarnfóður" er sett í staðinn fyrir orðið „fóðurbæti", Slík breyting getur ekki talist til bóta, því að margt getur verið fóðurbætir, þótt ekki sje beinlínis hægt að kalla það kjarnfóður.

En þessar breytingar eru svo litlar, að ekki er hægt að telja þær beinlínis efnisbreytingar. Landbúnaðarnefnd efri deildar leggur því til, að frumvarp þetta verði samþykt, eins og það liggur nú hjer fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.

(Sjá A. 335).

---

12. Póstlög.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64, 28. nóv. 1919. (A. 40).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Þetta frv. skýrir sig sjálft, svo jeg get verið fáorður. Það er samið af aðalpóstmeistara landsins, og greinargerðin sömuleiðis. Hefi jeg því engu við það að bæta, sem þar er tekið fram. En af því að frv. hefir talsverðan fjárauka í för með sjer, álít jeg rjett, að því sje vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15. shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 14 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 40. n. 185).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Frsm. (Jakob Möller): Fjárhagsnefnd flytur nokkrar brtt. við frv. þetta, eins og háttv. þdm. sjá, og hefir mjer verið falið að gera nokkra grein fyrir þeim.

Eins og háttv. deildarmenn hafa sjeð, er þeir hafa kynt sjer frv., þá er þar farið fram á talsverða hækkun á burðargjöldum öllum, frá því, sem nú er, þ. e. tvöföldun í flestum greinum, og meira.

Nefndinni dylst það ekki, að full þörf sje fyrir að hækka gjöldin, því að útgjöldin við póstflutningana hafa vaxið gífurlega síðustu ár.

Árið 1918 voru útgjöldin 167 þús., en tekjur 185 þús., 1919 voru útgjöldin 200 þús., en tekjur 212 þús., 1920 gjöld 424 þús., en tekjur 278 þús. 1916 og 1917 var hlutfallið líkt og tvö fyrri árin, en aðalhækkun gjaldanna hefir orðið á síðasta ári, sem stafar af hækkuðum launum og dýrtíðaruppbótum.

Það má nú vitaskuld gera ráð fyrir því, að þetta færist saman aftur, smátt og smátt, eftir því sem dýrtíð minkar í landinu. Og meðfram í þeirri von gat nefndin ekki fallist á svo mikla hækkun burðargjaldanna sem stjórnarfrv. fer fram á, að minsta kosti ekki svona alt í einu.

Nefndin áleit t. d. sjerstaklega varhugavert, að svo stöddu, að hækka svo mjög burðargjald fyrir almenn brjef; hún taldi vafasamt, að svo mikil hækkun gæti náð tilgangi sínum, vegna þess, að hún gæti valdið því, að mjög mikið kipti úr öllum brjefasendingum, en sem stendur er burðargjald almennu brjefanna einmitt drýgsta tekjulind póstsjóðsins. En í öðru lagi þótti nefndinni, eins og drepið er á í nál., óviðkunnanlegt, að burðargjaldið sje hærra innanlands en til útlanda. Og rjett er að geta þess, að póstmeistari hefir fallist á tillögu nefndarinnar um lækkun á þessum gjöldum.

1. brtt. er aðeins orðabreyting, og þarf því ekkert um hana að tala.

Sú brtt., sem jeg get helst búist við, að ágreiningur verði um, er till. um að halda óbreyttu burðargjaldi blaða og tímarita. Um þetta var þó enginn ágreiningur í nefndinni. — Það verður að viðurkenna það, að blöðum og tímaritum hefir að undanförnu verið ívilnað mjög mikið í burðargjöldum, og jeg verð að líta svo á, að sú gífurlega hækkun á þeim burðargjöldum, sem farið er fram á í frv., brjóti alveg í bág við stefnu þingsins að undanförnu. — Það mætti nú, ef til vill, segja, að það „kæmi vel á vondan", að það skyldi lenda á mjer að mæla á móti þessari hækkun. En jeg geri það þó óhikað, bæði vegna þess, að jeg veit, ef til vill betur en flestir aðrir þm., hve lítill gróðavegur blaða- og tímaritaútgáfa er hjer á landi, yfirleitt, en á hinn bóginn snertir þetta mál miklu minna mig og minn hag en annara blaðaútgefenda.

Hækkun sú á þessum burðargjöldum, sem farið er fram á í frv., nemur að meðaltali 150%, og mundi hún því verka beinlínis sem þungur skattur á þau blöð, sem mikið er sent af út um landið. Mundi þessi „skattur“ t. d. nema alt að 4000 kr. á þeim vikublöðunum, sem útbreiddust eru, og geta allir sjeð, að ekki meiri stórgróðafyrirtæki muni um minna muna.

Víða í öðrum löndum hafa póstafgreiðslur á hendi útsölu og innheimtu alla fyrir blöðin, þannig, að heita má, að póstsjóður ábyrgist greiðslu andvirðis þeirra. Þetta er blöðunum afarmikils virði, og þó er gjaldið, sem þau þurfa að greiða fyrir þetta, hverfandi. Þessu fyrirkomulagi verður tæplega við komið hjer á landi, sakir strjálbygðar. Hjer verður því ekki um það að ræða að ívilna blöðunum á annan hátt en með lágu burðargjaldi, og vill nefndin því eindregið mæla með því, að það verði gert framvegis sem hingað til, og það, meðfram, líka fyrir þá sök, að póstsjóð getur hvort sem er aldrei munað það miklu, þó að burðargjöld þessi verði hækkuð, jafnvel þó að um tilfinnanlega hækkun sje að ræða fyrir blöðin. Mjer telst svo til, að á hækkun þeirri, sem frv. fer fram á, mundi póstsjóður græða um 15 þús. á ári, miðað við tekjur hans árið 1918—19; er það raunar eins og ‚dropi í hafinu‘, miðað við útgjöld hans. — Þá má líka benda á það, að í raun rjettri ætti þetta að koma öllum almenningi til góða.

Flestir menn á landinu kaupa blöð, og ef flutningsgjald yrði hækkað, þá mundi halli verða á blaðaútgáfu, og ættu þá kaupendur að borga þeim mun meira fyrir blöðin, því vitanlega væri ekki annað fyrir blöðin að gera en hækka verðið að sama skapi.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta.

Jeg geri ráð fyrir því, að mönnum kunni að virðast undarleg sú tillaga póstmeistara, að burðargjald fyrir símapóstávísanir skuli vera helmingi hærra en fyrir almennar ávísanir, og skal jeg geta þess, að nefndin átti líka bágt með að fella sig við það, þó að hún hafi ekki flutt neina brtt. þar að lútandi. Póstmeistari færir þá ástæðu fyrir þessu, að póstsjóður hafi tapað á þessum ávísunum, sakir misritana á ávísanaupphæðunum, og færir líkur fyrir því, að slíkt tap geti orðið tilfinnanlegt póstsjóði. Nefndin á að vísu bágt með að fallast á það, að ekki ætti að vera kleift að koma í veg fyrir slíkar misritanir, en vildi þó láta þetta hlutlaust fyrir sitt leyti. — Þá aðra ástæðu færði póstmeistari líka fyrir því, að sanngjarnt væri að gera þennan mun á símaávísunum og öðrum póstávísunum, að póstsjóður fengi töluverða vexti af öðru póstávísanafje, áður en það væri borgað út aftur, en símapóstávísanir yrði að greiða svo að segja samstundis. Annars geri jeg ekki ráð fyrir, að nefndin mundi leggjast fast á móti brtt. um þetta atriði, sem vel gæti komið frá einhverjum háttv. þm. til 3. umr.

Jeg held, að það sje svo ekki fleira, sem fram þarf að taka, og vil jeg ekki vera að tefja tímann með því að fara nánar út í einstakar greinar frv. eða aðrar smávægilegri brtt. nefndarinnar, sem háttv. þdm. fyrirhafnarlítið geta áttað sig á.

Það er rjett að láta hækkunina á burðargjöldunum ganga í gildi sem fyrst, en hins vegar verður að hafa hæfilegan fyrirvara til þess að tilkynna hana út um land, og hefir nefndin orðið að breyta því ákvæði frv.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg held, að jeg hafi engar athugasemdir að gera við brtt. nefndarinnar, nema eitt atriði. Jeg held, að hinar einstöku brtt. sjeu ekki verulegar nema á einum stað, ekki síst,

hafi það verið með samkomulagi við aðalpóstmeistara að lækka burðargjald fyrir almenn brjef. — Það er tillagan um, að fella alveg niður burðargjaldshækkunina á blöðum og tímaritum. Jeg hefi ögn kynt mjer, hve miklu póstgjöldin fyrir blöð og tímarit hafa numið 1920, og er það um 20 þús. kr. Ef borgað væri undir sama þunga af blöðum og tímaritum eftir tillögum stjfrv., þá næmi það 48 þús. kr. Mismunurinn yrði því 28 þús. kr. tekjuauki, sem gera mætti sjer von um eftir frv. Að vísu mætti þó búast við, að meira mundi verða sent af blöðum sem bögglasendingar með skipum, og yrðu þá tekjurnar eitthvað minni, en flutningskostnaður þá einnig minni fyrir póstsjóðinn.

Það er auðvitað á valdi þingsins að gefa blöðunum áfram hina afarmiklu ívilnun í burðargjaldi. Allur flutningskostnaður hefir margfaldast síðan flutningsgjald það, sem nú gildir, var sett. Stjórnin vildi hækka burðargjald blaða nokkuð í samræmi við önnur burðargjöld. Auk þess hygg jeg, að með hinum lágu gjöldum muni menn minna hlífast við að senda blöðin landveg heldur en í böggl-um með skipum. Það hefir komið fyrir það tilfelli, að t. d. heill hestburður af Morgunblaðinu hefir verið fluttur landveg í verstu færð, alla leið frá Norðfirði til Skagafjarðar og Húnavatnssýslu. (*M. P.*: Póstskipin koma á Sauðárkrók). Það stóð þá sjerstaklega á; það var þá sjómannaverkfall í Danmörku, og skipið, sem átti að koma, og fara norður um land, kom ekki. En líkt gæti líka komið fyrir af öðrum ástæðum.

Jeg hefi nú gert grein fyrir, hverju það nemur fyrir tekjur póstsjóðsins að fella niður burðargjaldshækkun þessa. En stjórnin gerir hana ekki að neinu kappsmáli, enda þótt blöðin sjeu henni yfirleitt lítt sinnuð. Þingið veit sennilega, hvað það gerir, ef það vill ívilna blöðunum.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja þetta, og held að jeg hafi tekið alt fram, sem máli skiftir.

Ólafur Proppé: Það má sjá á nál., að póststjórnin á sökina á því, að í undirbúningi frv. hefir verið gengið nokkuð langt með hækkanir á póstgjöldum.

Brtt. nefndarinnar fara þar í miðlunaráttina. Sjerstaklega er það með burðargjaldið undir almenn brjef. Nefndin hefir ekki farið þar lægra en að það samsvari burðargjaldinu til útlanda. (*Atvrh.*: Það var ekki fyllilega víst, hvað það yrði, er frv. var samið). Nú, þá má gera ráð fyrir, að stjórnin sætti sig við það.

Aðalástæða stjórnarinnar fyrir þessum hækkunum er sú, hvað flutningskostnaður hefir aukist gífurlega. Hann nemur um 200 þús. kr. síðasta ár, og er það aðallega með landpóstum, því að kostnaður við póstflutning með skipum er hverfandi. Þetta er stór upphæð, og ekki gott að segja hvenær hún lækkar, en að hún lækki á komandi ári, tel jeg líklegt. Jeg lít svo á, að allar hækkanir á póstgjöldum verði til óhagnaðar fyrir póstsjóðinn.

Það er ekki langt síðan, að þjóðin fór að skilja tilgang póstsambandanna og nota þau. Það er ekki mannsaldur síðan, að flest brjef bárust á skotspónum manna í milli, og það má búast við, að meiri hluti þjóðarinnar taki þessa aðferð upp aftur, ef burðargjöldin verða hækkuð. Jeg vildi í sambandi við þetta minnast á, að símatekjurnar hafa lækkað, síðan símagjöldin og leiga á símum var hækkuð. Ritsímastjórinn skýrði mjer frá því, að hlutfallið milli teknanna á undan og eftir hækkuninni væri 4 : 3,2, eða með öðrum orðum 20% lækkun. Ritsímastjóri var mjer sammála um það, að fólk væri hvatt til að spara símanotin með því að taxtarnir væru hafðir svo háir. Og þessi sparnaður bendir til þess, að komið sje að hámarkinu, og

að mínu áliti hefir verið of langt farið. En það er mjög erfitt að draga þar rjetta línu um þau takmörk, er voru hagfeldust.

Ef tillögur póststjórnarinnar næðu fram að ganga, þá gæti það orðið til að rýra tekjur póstsjóðs, en nefndin hefir sjeð, hvað í húfi er, og stilt í hóf hækkuninni á flestum sviðum.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um frv. alment, en háttv. frsm. (Jak. M.) mintist á eitt atriði, sem jeg mun koma með brtt. við, ef nefndin ekki gerir það. Jeg á við, að eftir frv. á burðargjaldið undir símapóstávísanir að hækka um 100% frá burðargjaldi undir almennar póstávísanir. Þetta er svo gífurleg hækkun, að jeg býst ekki við, að menn mundu senda símapóstávísanir, nema í brýnustu þörf, og mundi það því áreiðanlega verða til að rýra tekjur póstsjóðs og landssímans. Það munu árlega vera sendar 4—5 þús. ávísanir um símann og nemur um 15 þúsund kr. tekjum með þeim 3 kr. taxta, sem nú er símagjald ávísananna, og auk þess 60 aurar undir 100 kr. í burðargjald. Þá er kostnaðurinn orðinn svo mikill, að þar yfir má hann ekki fara, og hækkunin komin svo langt, að bersýnilegt tap verður á því að halda henni áfram.

Póstmeistari færði það sem ástæðu fyrir þessari hækkun, að upphæðir hefðu missímast og að póstsjóður hefði tapað á því, en hann nefnir ekki hvað þær hafi verið miklar. Landssímastjóri kveður þetta vera lítilræði, og ef samkomulag hefði getað orðið, eða fram á það hefði verið farið, þá mundi þetta hafa fengist að nokkru endurgreitt. Það næmi máske nokkrum hundruðum króna árlega, og máske engu. Jeg ætla að láta þetta standa núna, en mun koma með brtt. við 3. umr., ef nefndin ekki gerir það.

Símagjaldið fyrir þessar ávísanir er líka óeðlilega hátt; 3 kr. hvort sem það er styttra eða lengra. Í viðtali ljet landssímastjóri það í ljós, að hann mundi ekki hafa á móti, að það væri lækkað um 50%, eða úr 3 kr. niður í 2 kr. Vildi jeg vísa því til hæstv. atvrh. (P. J.) hvort hann eigi sæi ástæðu til þess, að gjald þetta yrði lækkað, eins og landssímastjóri telur hæfilegt.

Frsm. (Jakob Möller): Hæstv. atvrh. (P. J.) taldi tekjurnar af blaðasendingum síðasta ár hafa numið 20 þús. kr. Má vera að þetta sje rjett. En satt að segja datt nefndinni ekki í hug svo stórt stökk, en því miður hafði hún ekki tækifæri til að athuga, hve miklar tekjurnar hefðu orðið þetta ár. 1918 voru þær kr. 8795,10, 1919 kr. 9927,90, — hækkun rúmlega 1000 kr. Nefndin gerði ráð fyrir, að þær mundu hafa hækkað í svipuðu hlutfalli á árinu 1920, eða í svipuðu hlutfalli og aðrar pósttekjur. En eftir því, sem hæstv. atvrh. (P. J.) fullyrðir, þá ættu blaðaburðargjöld að hafa tvöfaldast á árinu 1920. Mjer er ekki kunnugt um, að blaðaútgáfa hafi aukist á þessu ári, heldur þvert á móti. En jeg segi auðvitað ekki, að það geti alls ekki átt sjer stað, að burðargjöldin hafi aukist svo mjög, sem hæstv. atvrh. (P. J.) segir, en nefndin miðaði við tekjurnar 1919.

Jeg þarf ekki mörgu öðru að svara, því að í rauninni erum við hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) sammála í öllum greinum, eins og sjá má af fyrri ræðu minni. Þó að mjer finnist það raunar ekki eins miklu máli skifta og honum, hvort burðargjald símapóstávísana verður hækkað eins og frv. fer fram á. Jeg tel það sjerstaklega óviðfeldið, en hygg að það verði tæplega eins tilfinnanlegt og hann virðist gera ráð fyrir. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að nefndin komi fram með neina brtt. um þetta, en hins vegar get jeg lýst því yfir, að jeg mun greiða atkvæði með slíkri tillögu.

Annars skal jeg ekki lengja umræðurnar meira en orðið er.

ATKVGR.

Brtt. 185,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 185,2.a.I. samþ. með 23 shlj. atkv.
— 185,2.a.II. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 185,2.a. III. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 185,2.a.IV samþ. án atkvgr.
— 185,2.b. samþ. með 19 : 1 atkv.
— 185,2.c. samþ. með 18 : 5 atkv.
— 185,2.d. samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 185,3. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 223, 232).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Ólafur Proppé: Eins og jeg gerði ráð fyrir við 2. umr., þá hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 232, um símapóstávísanir. Jeg leiddi þá rök að því, að ranglátt væri að hafa gjaldið 100% hærra fyrir þær.

Aðalástæða póstmeistara fyrir þessari hækkun er sú, að póstsjóður hafi beðið mikinn halla af misritunum þessara ávísana. En af blaðagreinum, sem komið hafa nú á síðustu dögum, og af samtali, sem jeg hefi haft við landssímastjóra, þá hefi jeg komist að raun um, að þessi halli er ekki nærri því eins mikill og af hefir verið látið. Það eru að eins örfáar misritanir, sem um hefir verið að ræða, og venjulega hægt að lagfæra þær, áður en langt hefir liðið. Auk þess nemur hallinn ekki meiru en 100 kr. frá því fyrsta, og er því varla teljandi, samanborið við veltu póstsjóðs á þessum ávísunum, sem mun vera um 4 milj. árlega. Ekki er heldur því til að dreifa, að símapóstávísanir hafi nokkurn forgangsrjett fram yfir aðrar ávísanir, því að þær eru afgreiddar eftir þeirri röð, sem þær koma, og þurfa ekki að vera 100% dýrari þess vegna.

Jeg tók það fram við 2. umr., að landssímastjórinn væri því ekki mótfallinn, að símagjaldið væri lækkað úr 3. kr. niður í 2 kr. Hann sagði, að frá hans hálfu væri ekkert því til fyrirstöðu, ef hæstv. stjórn vildi svo vera láta. En verði nú lækkun gerð, sýnist ekki ástæða til að hækka símapóstávísanir samtímis um 100%.

Jeg hefi ekki talað við alla þm. úr hv. fjhn., en jeg get fullyrt, að háttv. frsm. hennar (Jak. M.) er með brtt. minni, og jeg býst við, að svo sje einnig um hina.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) gerir lítið úr þeirri hættu, sem sje á misritun ávísananna. Það er ekki rjett ályktað hjá háttv. þm. (Ó. P.), þó oftast hafi tekist að ná inn eftir á því, sem þannig hefir verið ofborgað. Það eru mörg sýnishorn þess, að hættan er fyrir hendi.

Það er rangt og ósæmilegt, eins og gert var í blaðagrein nýlega, að kenna skeytingarleysi símastöðvanna um, ef

slíkt á sjer stað. Það getur altaf komið fyrir, að tölur raskist í meðferðinni eitthvað, án þess að símaþjónum verði svo mjög um kent. Nú er fjárhagur manna á völtum fótum, og þá getur þetta orðið tilfinnanlegt og örðugra hjer eftir að fá villur ætíð leiðrjettar og ofborgaðar upphæðir endurborgaðar. Hitt er rjett, að hallinn hefir ekki orðið meiri en samtals 100 kr. af þessum skakkaföllum, enn sem komið er. Það er ekki rjett, að kenna þessar misfellur að sjálfsögðu því, að símafólkið ekki standi yfirleitt sæmilega í stöðu sinni.

Í fyrsta lagi getur ruglingur oft átt sjer stað, án þess að það geti við gert. Stundum eru nefndar of háar eða of lágar upphæðir, og villan kemst oft ekki upp fyr en búið er að borga eftir misnefninu.

Í öðru lagi vill til, að sama ávísunin sje send tvisvar sinnum. Pósthúsið getur þá ekki vitað, hvort þær eiga að vera tvær, eða hvort hin sama hefir verið tvísend af vangá.

Í þriðja lagi gera þessar ávísanir póstsjóði að jafnaði meiri kostnað og óþægindi vegna þess að hann þarf að greiða þær fyrir fram. En annað póstávísanafje hefir póstsjóður stundum legið með um tíma hjer í Reykjavík, og fengið þar uppbót nokkra í vöxtum.

Jeg ætla ekki að gera það að neinu kappsmáli, þótt varatill. á þskj. 232 verði samþ. En jeg vil gera það að kappsmáli, að öll hækkun verði eigi feld niður.

Jeg get fallist á, að símagjöldin fyrir ávísanirnar verði lækkuð niður í 2 kr. Landssímastjóri fjelst á, í samtali við mig, að það væri sanngjarnt, og jeg þori að segja fyrir hönd allrar stjórnarinnar, að hún muni ekki vera á móti því, ekki síst ef hækkunin á burðargjöldunum kemst fram, en annars ekki.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg gat þess við 2. umr., að nefndin átti í raun og veru ilt með að fella sig við það okur, sem frv. gerir ráð fyrir á símapóstávísunum. Og þó hún hafi ekki gert neinar breytingar á þessu, þá hafa nefndarmenn allir að sjálfsögðu óbundið atkv. um brtt. á þskj. 232.

Það var að eins eitt atriði í ræðu hæstv. atvrh. (P. J.), sem jeg vildi gera nokkra athugasemd við. Hann segir, að ekki sje hægt að kenna póstafgreiðslunni, ef hún borgi út tvísendar ávísanir. En nú er vitanlegt, að hver ávísun hefir sitt númer, sem stendur á handritinu, sem sent er. Það getur því ekki verið um tvísenda ávísun að ræða, nema það sje þá sama handrit, með sama númeri. Meðan jeg fæ ekki betri skýringu, verð jeg að halda þessum skilningi.

Lækkanirnar verða annars að mætast á miðri leið. Ef símagjaldið færist niður í 2 kr., þá á aukagjaldið að lækka um 50%. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þá er ekki ástæða til að hafa neitt aukagjald.

Magnús Pjetursson: Jeg er fylgjandi brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) á þskj. 232. Það, sem meðal annars veldur því, er, að jeg er líkast til nokkuð kunnugri þessu máli heldur en ýmsir aðrir þm., vegna þess, að jeg hefi haft dálítil póstafgreiðslustörf með höndum. Meiri hlutinn af póstávísunum eru símaávísanir, og það getur því varðað allmiklu að gera þeim misjafnt undir höfði.

Hæstv. atvrh. (P. J.) talaði um, að mikil hætta væri á misritunum. Jeg skal benda á þá leið, að krefjast þess að merkið Tc., sem svo margir kannast við, sje sett á símapóstávísanir, til þess að tryggja þær gegn misritun.

Jeg rengi það ekki hjá hæstv. atvrh. (P. J.), að ávísanir sjeu stundum tvísendar, en það þarf ekki að koma fyrir. Því eins og háttv. frsm. (Jak. M.) tók fram, ætti hún þá að vera með sama númeri. Einkum

er það þó óhugsandi, að pósthúsið borgi sömu ávísun tvisvar.

Hæstv. atvrh. (P. J.) segir, að símaávísanir verði oft að greiða jafnsnemma og þær koma. Jeg veit, að póstávísanir út um land verða oft að liggja lengi, án þess að afgeiðslan geti borgað þær, vegna þess að fje fæst ekki úr póstsjóði, en fyr er ekki hægt að borga.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það má vel vera, að misfærslur með símaávísanir mætti eitthvað tryggja meira, en oft hefir gengið illa að fá leiðrjettingar, og hefir póstmeistari sjálfur sagt mjer, að stundum hafi farið meira en ár í það að fá leiðrjetta ofborgun á símaávísun.

Út af orðum háttv. þm. Str. (M. P.) skal jeg að eins geta þess, að nú er látið liggja miklu meira fje í póstsjóðum úti um land en áður, einmitt til þess að standa straum af þeim útborgunum, sem hann var að tala um.

Ólafur Proppé: Jeg get verið stuttorður. Háttv. þingmenn hafa gert hjer altof mikið úr misfærslunum milli pósts og síma. En sannleikurinn er sá, að þetta munar örlitlu, eða einum 100 kr., eftir upplýsingum símastjórans sjálfs. Auðvitað væri ekkert á móti því, að þessum upphæðum væri skift milli pósts og síma, einkum þar sem síminn mun hafa um 15 þús. kr. beinar tekjur af þessum ávísunum.

ATKVGR.

Brtt. 232. (aðaltill.) samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., B. J., E. Þ., B. Sv.

nei: J. A. J., J. S., M. G., M. K., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorst. J., Þór. J., E. E.

Gunn. S. og B. H. fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 259).

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (259, n. 331).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. er stjórnarfrv. og fer fram á nokkra hækkun á burðargjöldum með póstum. Er sú hækkun aðallega á brjefum og ábyrgðargjöldum, því að hv. Nd. hefir felt niður þá hækkun, sem upphaflega var farið fram á á burðargjaldi undir blöð og tímarit.

Það mætti nú segja, að þessi gjöld væru nægilega há fyrir, og sumir láta jafnvel í ljós, sem vel getur haft við rök að styðjast, að tekjuauki af þessari hækkun sje eigi vís, því að brjefasendingunum muni fækka, menn muni meir forðast að nota póstinn, þá er burðargjöld hækka. En jeg hygg nú,

að varla sje hætta á því. Þessi hækkun er svo lítil, að ekki virðist varhugavert þessvegna að samþykkja frv.

Póstlögunum hefir verið breytt alloft, svo að auk laganna frá 1907 gilda nú þrenn önnur, frá 1914, 1919 og 1920. Ef þetta frv. verður samþ., eins og fjhn. leggur til, þá er svo ráð fyrir gert, að öll þessi lög verði færð saman í eitt og gefin út í heild, og er það mikið hagræði. Mætti þá og ef til vill vonast eftir því, að næstu þing ljetu lögin óbreytt fáein ár.

Enda þótt nefndin hafi ekki gert neina brtt., þá vill hún vekja athygli hv. deildar á því, að breytingin í 1. gr. frv. á 21. gr. l. frá 1907 fer ekki vel við. Virðist fara betur á því að skjóta þessu inn í framan við síðustu málsgrein heldur en að láta það koma á eftir. Taldi nefndin ekki ástæðu til að láta frv. flækjast milli deilda fyrir þessa sök eina, en vonast til, að þetta megi lagfæra í prentun, þá er lögin verða gefin út.

Annað en þetta þarf jeg ekki að taka fram, nema óska, fyrir hönd nefndarinnar, að hv. deild samþ. frv.

Sigurður H. Kvaran: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla þessu frv. á neinn hátt. En mig langar til, í sambandi við það, að minnast á meðferð stjórnarvalda landsins á brúkuðum frímerkjum.

Enn sem komið er hefir víst engum dottið í hug annað en viðtakandi brjefs ætti þau frímerki, sem á brjefinu eru. Sama er að segja um frímerki á böggulsendingum og vörutoll af póstbögglum. Því að svo segir í vörutollslögunum, að þetta gjald skuli viðtakandi greiða í frímerkjum, en þau skal líma á böggulinn „og stimpla þau á venjulegan hátt“. Nú hefir sú skipun verið gefin út á liðnu ári af póststjórninni, að þessi frímerki megi ekki afhenda, heldur skuli þau send suður til Reykjavíkur, til þess þar að verða götuð og þar með ónýtt. Sama er um stimpilmerki þau, sem á eru límd á pósthúsum.

Nú vil jeg spyrja: Hafa starfsmenn landsins ekkert þarfara að gera en að ónýta eigur manna? Og er rjett af háyfirvöldum þessa lands að ganga á undan í því að taka með valdi eigur manna og ónýta? Jeg verð að mótmæla þessu og krefjast þess, að landsstjórnin banni að þessu sje haldið áfram. Þetta er, hvort sem er, alveg skýlaust lagabrot, og svo virðist, sem stjórnin ætlist ekki til, að þetta sje gert, því að í frv. því um vörutoll, sem stjórnin hefir nú lagt fyrir þingið, er þetta ákvæði, sem jeg nefndi, alveg óbreytt.

Ástæður þær, sem póststjórnin færir fyrir þessu, met jeg að engu. Það gæti komið til álita, hvort póstgjaldið væri of lágt, af því að viðtakandi bögglanna eignast verðmæti um leið og hann borgar. Við því er það að gera að hækka gjöldin, en láta hvern halda sínu. Þá vil jeg benda á, að póststjórnin tekur allar póstávísanir og leggur undir sig frímerkin af þeim og selur. Nú heldur hún því fram, að of mikið af notuðum frímerkjum komi til framboðs, ef menn fái frímerkin fyrir vörutollinn og stimpilgjaldið, og muni það spilla fyrir sölu þeirra frímerkja, sem póststjórnin selur ónotuð. En því gatar hún ekki fyrst þau frímerki, er hún sjálf hefir lagt undir sig til eigin hagsmuna? En aðalatriðið er þetta, að póststjórnin hefir enga heimild, fremur en neinn annar, til þess að taka mína vöru og ónýta, til þess að sín vara gangi betur út, hvort sem það eru starfsmenn póststjórnar eða landið sjálft, sem hlut á að máli.

Jeg hefi hreyft þessu hjer, í þeirri von, að stjórn landsins láti eigi viðgangast, að svo sjeu brotin lög á mönnum, þá er henni hefir verið bent á það.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Enda

þótt þetta mál, sem hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) ræddi um, lúti undir mig, þá er mjer ókunnugt um það, og er jeg því ekki viðbúinn að gefa nein svör fyrir stjórnarinnar hönd. Þetta hefir aldrei verið undir mig borið, hvorki af póststjórninni, nje heldur hafa einstakir menn kvartað yfir því. En jeg tel mjer vitanlega skylt að kynna mjer þetta.

Sigurður H. Kvaran: Jeg gleymdi að taka það fram, að hjer liggur einmitt frammi erindi frá einum af frímerkjakaupmönnum þessa lands, þar sem hann kvartar yfir þessu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 259).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 362).

---

13. Erfðafjárskattur.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um erfðafjárskatt (A. 2).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. gerir litla breytingu á gildandi erfðafjárskattslögum, og er vikið allnákvæmlega að breytingunni í aths. við frv., svo að jeg get sparað mjer að ræða um þetta hjer, en skal að eins geta þess, að aðalbreytingin er í 2. gr., um gjald af arfi, sem fellur til niðja og maka. Þessi breyting hefir fremur litlar tekjur í för með sjer, 15—25 þús. kr. á ári.

Jeg legg til að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 18 shlj atkv.

Á 32., 33. og 34. fundi í Nd., dagana 1., 2. og 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2. n. 182, 209, 210).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Jakob Möller): Fjárhagsnefnd hefir orðið sammála um að leggja það til, að frv. þetta verði samþykt með þeim breytingum, sem nál. fylgja, þó að nefndin í rauninni geri ekki ráð fyrir, að það verði mjög afdrifamikið. Breyting sú, sem stjórnin fer fram á til hækkunar á skattinum, nær að eins til eins erfðaflokksins, sem sje nánustu erfingja, og hún er mjög lítil. Aðalbreytingin verður að teljast fólgin í þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til að tryggja betur en áður rjett framtal til skattsins. Þó virtist nefndinni, að ef

framfylgt væri þeim lögum, sem nú eru til, þá mætti það takast eins vel eins og samkv. þessu frv. Það er mest undir því komið, hvernig lögunum er framfylgt, en vitanlega getur eins brostið eitthvað á í því efni, þó að lögunum verði breytt.

Nefndin hefir orðið ásátt um að bera fram þá brtt., sem hjer liggur fyrir á þskj. 182, um að fósturbörn njóti sama rjettar og önnur kjörbörn, eða þurfi ekki að svara hærri skatti en niðjar arfleiðanda.

Þetta kemur til af því, að það er mjög fátítt hjer á landi, að menn ættleiði börn, en hitt aftur mjög algengt, að menn taki að sjer börn til fósturs án þess og ali þau upp, og vilji yfirleitt að öllu leyti gera eins vel til þeirra eins og kjörbörn væru. Nefndin finnur ekki ástæðu til að gera greinarmun á því, eða hvetja til þess, að sá síður takist hjer upp að ættleiða börn. Nefndin var í nokkrum vafa um það, hvort taka þyrfti fram í lögunum, að þetta ætti að eins við þau fósturbörn, sem eru arfleidd með arfleiðsluskrá, en sá ekki ástæðu til þess, vegna þess, að fósturbörn eru ekki arfgeng að lögum, nema þau sjeu þá arfleidd í arfleiðsluskrá.

Nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu til hinna brtt., sem liggja fyrir, hvorki með eða móti.

Brtt. á þskj. 209 fer fram á þá breytingu á 1. lið 2. gr., að þar komi einnig „af fjórðungshluta". Nefndin telur þar farið inn á aðra braut, en finnur þó ekki ástæðu til að leggja á móti þeirri tillögu.

Eins er það um brtt. á þskj. 210, sem einn nefndarmanna er flm. að. Nefndin telur það litlu máli skifta, hvort sú till. verður samþ. eða ekki, en nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um hana.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og er það af þeirri ástæðu, að jeg er þessari tilhögun yfirleitt mótfallinn. Jeg hefi þó ekki viljað bregða fæti fyrir frv., en hinsvegar hefi jeg ekki sjeð mjer annað fært en að koma fram með brtt. við 12 gr., og er hún á þskj. 210. Hún er ekki efnismikil, en fer að eins fram á það, að útnefning sú, sem ákveðin er í 12 gr., fari ekki fram nema í sjerstökum tilfellum. Jeg hefði helst viljað halda í gamla fyrirkomulagið að öllu leyti, en jeg sá enga von til þess að menn fjellust á það, en vænti að háttv. deildarmenn geti greitt þessari brtt. atkv. sitt. Jeg vil geta þess, að jeg hefi borið hana undir hæstv. fjrh. (M. G.), og hefir hann ekki haft neitt við hana að athuga.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) á brtt. á þskj. 209, og jeg vil mælast til þess, að henni verði tekið með velvild. Hún fer fram á það, að lögin skerist ekki í leikinn, þó að einhver vilji gera öðrum erfingjum jafnhátt undir höfði og börnum sínum, en í frv. er gert ráð fyrir því, að hærra gjald renni í ríkissjóð af slíkum arfi. Þessi brtt. fer í líka átt og brtt. nefndarinnar, en hún nefnir til fósturbörn, en það getur orkað tvímælis, hvaða börn eigi að nefna svo.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg verð að þakka hv. nefnd fyrir undirtektirnar, þó að mjer hafi skilist, að það hafi þótt álitamál í nefndinni, hvort frv. ætti að ná fram að ganga eða ekki. Jeg verð að halda því fram, að frv. sje ekki eins þýðingarlítið og margir vilja telja. Tekjuaukinn af því verður talsverður, því að sá erfðafjárskattur, sem frv. nær til, er tíðastur. Það hefir þess vegna ekki lítið að segja, hvort skatturinn hækkar um $\frac{1}{4}$ eða $\frac{1}{10}$ á þúsundi.

Jeg get ekki talið brtt. nefndarinnar til bóta, heldur þvert á móti. Orðið „fósturbarn" er óákveðið hugtak, sem ekki er gott að taka föstum tökum. Mjer þætti gaman að vita, hve lengi barnið þyrfti að vera hjá einhverjum til þess að geta kallast fósturbarn hans. Sumir vilja telja þau ein

fósturbörn, sem koma til fósturforeldra kornung, á fyrsta eða öðru ári, aðrir, ef þau hafa verið hjá fósturforeldrum megnið af æskunni o. s. frv. Um kjörbörn er öðru máli að gegna. Um þau leikur enginn efi, og þau erfa eins og skilgetin börn. Jeg get því ekki talið þessa breytingu til bóta; hún er ruglingsleg og óskýr.

Eins og háttv. þm. Barð. (H. K.) gat um, hefi jeg ekkert á móti brtt. hans, og þarf jeg ekki að ræða hana.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vill gefa mönnum leyfi til að setja aðra erfingja jafnhátt lífserfingjum og vill, að löggjöfin leggi ekki hærri skatt á þá. Menn eiga að ráða því sjálfir með erfðaskrá sinni, hvaða skatt erfingjar skuli greiða af fjórðungsgjöfum. Af þessu yrði talsverður tekjumissir, og auk þess yrði gengið út fyrir þann grundvöll, sem erfðafjárskatturinn byggist á. Jeg veit ekki til, að í neinu landi sje öðrum erfingjum gert jafnhátt undir höfði og lífserfingjum. Jeg verð því að leggjast á móti þessari brtt., eins og brtt. nefndarinnar. Þær gera frv. ruglingslegra og valda auk þess tekjumissi.

Frsm. (Jakob Möller): Hæstv. fjrh (M. G.) kvartaði um það, að „fósturbarn" væri „óákveðið hugtak", og skilst mjer því, að rjett sje að gera grein fyrir því, hvað nefndin skilur við það hugtak. Það er í þessu sambandi ekkert annað en það, sem svo er kallað í arfleiðsluskrá. Það kemur ekki þessu máli við, hvort börnin hafa verið lengri eða skemri tíma hjá fósturforeldrum, heldur hitt, hvort samband fósturforeldra og barna er orðið svo náið, að foreldrar vilji kalla þau *fósturbörn* sín og veita þeim þann rjett, sem því þá kann að fylgja. Þetta ákvæði vill nefndin setja, til þess að öll fósturbörn njóti að þessu leyti sama rjettar og sú tegund fósturbarna, sem „kjörbörn" eru kölluð og „ættleidd" hafa verið, eins og kallað er. Jeg skal játa það, að mjer er ekki um þann sið, þetta löghelgaða barnahnupl, og sje ekki ástæðu til þess að hvetja menn til að taka hann upp, meira en gert er þegar.

Jeg get fallist á, að fósturbörn teljist að eins þau, sem svo eru nefnd af fósturforeldrum í erfðaskrá, og ef sá skilningur er lagður í orðið, þarf það engum ruglingi að valda.

Magnús Kristjánsson: Mjer virðast brtt. á þskj. 182 og á þskj. 209 ekki geta orðið sþ. hvor út af fyrir sig, heldur ætti brtt. á þskj. 209 að vera brtt. við till. á þskj. 182. Jeg hefi ekkert á móti því að sú till. nái fram að ganga við 3. umræðu, ef brtt. á þskj. 182 verður samþykt nú.

Um brtt. háttv. þm. Barð. (H. K.) ætla jeg ekki að fjölyrða. Mjer liggur hún í ljettu rúmi, en þó að nefndin hafi ekki sjeð ástæðu til að taka hana á sína arma, hafa allir nefndarmenn óbundnar hendur um það mál.

Jón Þorláksson: Út af ummælum háttv. þm. Ak. (M. K.) vil jeg getа þess, að jeg hefi beðið hæstv. forseta (B. Sv.) að bera tillögu mína upp á eftir tillögu nefndarinnar, ef hún verður samþ., og láta hana koma þar inn, sem við á.

Viðvíkjandi ummælum hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) um fjórðungsgjöfina, vil jeg taka það fram, að hún á því að eins að bera sama skatt og arfar til lífserfingja, að hún sje gefin í einu lagi, en ekki smágjafir hingað og þangað. Þetta held jeg að orki varla tvímælis eftir tillögu minni, og þarf því ekki að valda misskilningi.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) vill telja þau ein fósturbörn, sem svo eru nefnd í arfleiðsluskrá, og er þá skýrt, hvað við er átt. En

jeg held, að fáir hefðu skilið þetta að fyrra bragði. En með þessari skýringu finst mjer brtt. enn fráleitari. Menn geta ákveðið skattinn með því að kalla þá, sem þeir arfleiða, fósturbörn, og eftir skýringu háttv. þm. (Jak. M.) gildir það einu, hvort börnin hafa nokkurn tíma hjá þeim verið eða ekki.

Frsm. (Jakob Möller): Það er ekki nefndin, heldur stjórnin, sem hefir leitt asnann í herbúðirnar með kjörbörnunum. Mönnum er í sjálfsvald sett að ákveða skattinn, með því að ættleiða þá, sem þeir vilja arfleiða. En nefndin hefir ekki viljað hlaða undir þessa ættleiðslu, og hefir því komið með tillögu sína. Ef kjörbörnin hefðu ekki verið, hefði tillaga nefndarinnar aldrei komið fram. Nefndin sjer ekki ástæðu til að gera greinarmun á kjörbörnum og fósturbörnum, en það vill stjórnin, og í því liggur ágreiningurinn.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg sje ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en jeg held, að það sje einsdæmi í löggjöf landanna, að gera fósturbörnum og kjörbörnum jafnhátt undir höfði. Ef háttv. þm. er mjög illa við kjörbörnin, álít jeg að hann hefði heldur átt að taka þau undan, í stað þess að setja fósturbörnin jafnhátt. Og að því skyldi jeg ganga.

Frsm. (Jakob Möller): Það getur verið að lögin geri þennan mismun, en jeg treysti mjer ekki að gera mun á ást og umhyggju manna til kjörbarna og fósturbarna. Ef foreldrar kalla einhver börn fósturbörn sín í arfleiðsluskrá, sýna þau þar með, að þau vilja gera þeim jafnhátt undir höfði, og er rjett að leyfa þeim það, án þess að skylda þau til að ræna börnunum frá rjettum foreldrum.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg fór ekkert inn á það svið, hvaða ást og umhyggju fósturforeldrar sýna fósturbörnum sínum; jeg ræddi málið að eins frá lagalegu sjónarmiði. En það er vitaskuld fjarstæða, að það út af fyrir sig, hvort barn er kallað í arfleiðsluskrá fósturbarn eða ekki, sje mælikvarði fyrir ást og umhyggju foreldranna, er fóstrið veita, og þetta sýnir ekki heldur neitt um, hvort sambandið milli uppeldisbarns og uppeldisforeldra er innilegt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 182 samþ. með 17 : 6 atkv.

— 209 samþ. með 14 : 11 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

3.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 210 samþ. með 15 : 5 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

13.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 240).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 240).

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 14 atkv.

Á 48. fundi í Ed., laugardaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 240, n. 334).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Í frv. þessu eru litlar breytingar gerðar á gildandi lögum um erfðafjárskatt. Skatthækkun er aðallega á niðjaarfi. Aftur er dregið úr skattinum með því að fjölga þeim, sem skatt greiða eftir þeim flokki, sem lægstur verður, þrátt fyrir skatthækkunina. Undir þann flokk eru talin kjörbörn, fósturbörn, og þeir, sem fá fjórðungsgjöf. Orðið fósturbarn hefir ekki fengið neinn fastan skilning í lögum, og veldur því nokkrum örðugleikum að ákveða, hvað felst í hugtakinu fósturbarn. Þar undir mundu börn talin, sem arf eða gjöf taka samkv. arfleiðsluskrá. En nokkuð erfitt er að ákveða, hver börn sjeu fósturbörn af þeim börnum, sem taka arf samkv. skyldleika. Í því efni er ekki hægt að ákveða, að barn sje fósturbarn, þótt það hafi verið [illegible] tíma hjá viðkomandi arfleiðanda, en að líkindum verður að leggja aðalálhersluna á, hvaða vilji hafi komið fram hjá arfleiðandanum, til þess að taka barnið að sjer til uppeldis og fósturs, hvort sem það hefir verið hjá honum skemri eða lengri tíma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 240).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 372).

---

14. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra (A. 35).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þar sem frv. þetta er svo að segja með sama sniði og frv. um lífeyrissjóð embættismanna, þá get jeg orðið mjög skammorður.

Frv. er að mestu leyti eins og uppkast það, sem var sent stjórninni af fræðslumálastjóra. Þó er hjer ekki gert ráð fyrir

að ekkjum eða börnum kennara verði greiddur nokkur styrkur úr ríkissjóði. Sá stjórnin sjer ekki fært að binda ríkissjóði þyngri bagga af fræðslumálum barna en þegar er orðið.

Það virðist einsýnt, að breytingar þær, sem hjer eru á orðnar, horfa til bóta. Mega kennarar heita vel haldnir í þessu efni, og betur en embættismenn, þar sem styrktarsjóður þeirra er nú orðinn 50.000 kr., eða jafnstór sjóði embættismanna,þótt þeir sjeu fleiri en kennarar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 11 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 35, n. 99).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Breytingar þær, sem allshn. hefir gert við frv., eru mjög smávægilegar. Það er að eins sú fyrsta, sem er efnisbreyting. Hún fer fram á að sleppa ákvæðinu um það, að ef árslaun sjeu hærri en 3000 kr., þá greiðist ekkert gjald af því, sem fram yfir er. Virðist sú breyting bæði rjettmæt og sjálfsögð.

2. og 3. breyting eru í rauninni að eins málsrjettingar, þar sem numin eru burt orð og ákvæði, sem ekki geta komið til greina, eftir að þær breytingar eru á orðnar, sem frv. ber með sjer.

Að öðru leyti vísar nefndin málinu til umsagnar og atkvæða háttv. deildar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 99,1. samþ. með 11 shlj. atkv,

3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 99,2. samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 99,3.a.—b. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

9.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 106).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 106).

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. hefir gengið í gegnum háttv. Ed. og að eins tekið þar örlitlum breytingum. Aðalinntak frv. er að stofna samskonar lífeyrissjóð fyrir barnakennara og ekkjur þeirra, eins og með frv. um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra. Stofnsjóðnum verður svo viðhaldið með því að leggja

ákveðna hundraðstölu af launum kennara í sjóðinn. Þeir eiga sinn eigin sjóð, sem er um 50 þús. kr., og byrja þeir því með eins háum sjóði eins og lífeyrissjóður embættismanna. Annars er frv. sniðið eftir frv. um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, og vildi jeg leyfa mjer að óska þess, að því verði vísað til allsherjarnefndar, því að þar var það í efri deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 15 : 1 atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, 143, n. 227).

Frsm. (Þjetur Ottesen): Það er gerð svo góð grein fyrir frv. þessu í aths. stjórnarinnar við frv., að ekki virðist ástæða að fara neitt verulega út í einstök atriði þess.

Styrktarsjóði kennara, sem stofnaður var með lögum 1919, hefir nú verið breytt í lífeyrissjóð, sem bygður er á sama grundvelli og lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra. Stofnfje hvorttveggja sjóðanna er jafnhátt, 50.000 kr., því að samkvæmt brjefi fræðslumálastjóra og þeirra manna, er undirbjuggu frv., er styrktarsjóður barnakennara nú orðinn 50 þús. kr. Gjald til sjóðsins er hið sama og hjá embættismönnum, en í lífeyri er útborgað eftir þessu frv. 25%, en útborgun úr lífeyrissjóði embættismanna er 27 %.

Þetta stafar, að því er jeg held, af því, að sumir eldri kennarar fá greitt eftir eldri ákvæðum, og af hlífð við sjóðinn, og er hann því að þessu leyti betur tryggður.

Breyting sú, er háttv. Ed. hefir komið fram með, er að fella burtu hámarkið af fje því, sem greiða skal af í lífeyrissjóð, en það er kr. 3000. Samskonar breyting var gerð á frv. um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Þá er og sá munur á þessum tveim frv., að í frv. um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra er haldið í dálitlar leifar hins gamla eftirlaunafyrirkomulags, þannig, að auk lífeyrisins er ekkjum embættismanna og börnum þeirra ákveðinn dálítill styrkur úr ríkissjóði. Nú hefir háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) flutt brtt. um að koma þeim ákvæðum inn í frv. þetta. Um þetta ákvæði er það að segja, að allshn. vildi helst að allar þessar gömlu eftirlaunaleifar væru burtu numdar, en hefir þó ekki enn gengið lengra í þessu efni en það, að hún hefir gert till. um að fella burtu styrkinn til ekknanna, en láta styrkinn til barna halda sjer, og þar þá upphæð, sem stjórnin lagði til, en sem háttv. Ed. tvöfaldaði. Það sjest á brtt. háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), að honum hefir þótt ósamræmi milli þessara tveggja frv., en það ætti nú að hverfa að miklu leyti við till. allshn. Það sjest á greinargerð stjórnarinnar við frv., að henni hefir hrosið hugur við að binda ríkissjóði slíkan bagga, með því að taka þessi ákvæði upp í frv. Bæði er hjer um mjög fjölmenna stjett að ræða, sem í hlut á, og svo eru kennarar ekki nema að nokkru leyti starfsmenn ríkisins, þar sem þeir fá nokkurn hluta launa sinna úr bæjar- og sveitarsjóðum, og er nefndin stjórninni sammála um það, að ekki geti komið til mála að taka þessi ákvæði upp í frv.

Jeg held svo, að jeg þurfi ekki að fjölyrða frekar um þetta frv. Það liggur ofurljóst fyrir, og jeg vænti þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þorsteinn M. Jónsson: Orsakir þess, að jeg flutti brtt. á þskj. 143, eru þær, að

mjer virtist barnakennarar verða fyrir misrjetti í samanburði við aðra opinbera starfsmenn. Frsm. (P. O.) sagði, að barnakennarar væru ekki nema að nokkru leyti starfsmenn ríkisins, og stjórninni bæri því ekki eins skylda til að hlynna að þeim sem öðrum starfsmönnum, en sú skoðun virðist mjer vera ærið hæpin. Ríkið viðurkendi barnakennara sína starfsmenn árið 1917, með því að veita þeim dýrtíðaruppbót sem öðrum starfsmönnum sínum. Síðan hefir þessi viðurkenning orðið ljósari á ýmsan hátt. Og þótt sveitarsjóðir launi þeim að nokkru leyti, þá er það alls engin sönnun þess, að þeir sjeu ekki starfsmenn ríkisins. Starfið er þeim veitt af ríkisstjórninni og meiri hluta launa sinna fá þeir úr ríkissjóði. Það er full sönnun fyrir rjettmæti skoðunar minnar í þessu efni. Og það er svo með fleiri starfsmenn ríkisins, að þeir fá ekki öll laun sín úr ríkissjóði. Þótt stjettin sje fjölmenn, þá getur ekki komið til mála að beita hana frekar misrjetti af þeirri ástæðu.

Jeg sný mjer þá að brtt. mínum.

1. brtt. mín fer fram á það, að í stað þess að útborgist 25%, þá verði útborgað 27%. Þessi krafa er svo sanngjörn, að varla verður á móti henni mælt. Þar sem kennarar greiða sama í lífeyrissjóð og aðrir starfsmenn ríkisins, þá virðist rjettmætt að þeir fái einnig sama hundraðshluta útborgaðan úr lífeyrissjóði sínum. Háttv. allshn. hefir lagst á móti ýmsum ákvæðum í frv. um lífeyrissjóð embættismanna. Nái þær tillögur að ganga fram, þá mun jeg koma með brtt. við frv. það, sem hjer er um rætt, og samræma það við frv. um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Viðvíkjandi því, að menn leggi í sjóð til þess að tryggja sjálfa sig og konuna, en ekki börnin, þá skil jeg ekki þá hugsun, sem felst þar að baki. Hvað verður um börnin, ef foreldrarnir falla frá? Ef ekki eru eftir skilin því meiri efni, þá lenda þau á sveitina. Það er fjarstæða, og óhæfilegt, að nokkur maður sje skyldur til að tryggja sjálfan sig og konuna sína, en alls ekki börnin sín. Samkv. frv. um lífeyrissjóð embættismanna, þá greiðir ríkissjóður styrk til barna þeirra embættismanna, er falla frá, meðan börnin eru í ómegð. Verði þetta ákvæði að lögum, þá verður hið sama að ganga yfir börn þeirra starfsmanna, er heita barnakennarar. Annars eru þeir misrjetti beittir. En löggjöfin er að leitast við að vera sjálfri sjer samkvæm, og beita hvergi misrjetti eða órjetti.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það var út af orðum háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), að jeg tek til máls. Hann sagði, að stjórnin áliti barnakennarana ekki starfsmenn ríkisins. (*Þorst. J.*: Það var háttv. þm. Borgf. P. O.). Jæja, en háttv. þm. (Þorst. J.) tók það upp. Jeg man ekki hvernig þetta er orðað í aths. við þetta frv., en fyrir mjer vakti, að laun þeirra koma ekki að öllu leyti úr ríkissjóði.

Jeg er því alveg mótfallinn, að ekkjum og börnum kennara verði lögákveðin eftirlaun, því að launafúlgan til þeirra er þegar orðin mjög tilfinnanlega há, og má þar engu við bæta, ef hófs skal gætt. Mín tilætlun með frv. var einungis sú, að gera ekkjutrygginguna innlenda, til að spara saman fje, en alls ekki að breyta öðru, og allra síst að auka gjöld ríkissjóðs, sem sannarlega voru nóg fyrir.

Háttv. þm. (Þorst. J.) skildi ekki, að kennarar fá að eins 25% af því fje, er þeir greiða í lífeyrissjóðinn, en embættismenn 27%. Þetta er uppástunga kennara sjálfra. Ástæðan til þess er sú, að ýmsir eldri kennarar eiga að njóta styrks úr þessum sjóði, en kennarar voru óvissir um, hver áhrif það hefði á sjóðinn, og óskuðu því 25%. Það er engin ástæða fyrir stjórnina til að amast við 27%, ef sjóðurinn þolir það. Mjer finst rjett, að hv. þm. (Þorst.

J.) geymi till. sína til 3. umr., en taki hana ekki aftur, því að jeg ann honum þeirrar sanngirni, að sjá fyrst hvernig fer um frv. um lífeyrissjóð embættismanna.

Þorsteinn M. Jónsson: Jeg þarf eiginlega ekki að svara hæstv. fjrh. (M. G.) neinu. Það var að eins eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Hann taldi það ástæðu fyrir því, að stjórnin hefði ekki farið lengra, að kennarar fengju ½ eða ⅓ af föstum launum sínum úr ríkissjóði, hitt fengju þeir úr öðrum sjóðum. En þeir fá þó meira úr ríkissjóði, því að úr honum fá þeir greidda alla aldursuppbót og dýrtíðaruppbót. Hvað því viðvíkur, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að ríkissjóður gæti ekki borgað, þá má það vel vera, en það verður þá að skera víðar niður en þar, sem barnakennarar eiga hlut að máli.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. þm. (Þorst. J.) hefir rangt eftir það sem jeg sagði. Jeg talaði ekkert um, að ríkissjóður gæti ekki borgað. Skora jeg á háttv. þm. að gæta þess, að fara ekki með ósannindi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 143,1 feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., Jak. M., J. B., J. S., M. J., M. K., M. P., Þorl. J., Þorst. J., E. E.
nei: H. K., J. A. J., J. Þ., M. G., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., S. St.

Þrír þingmenn (B. Sv., Ó. P. og P. J.) voru fjarstaddir.

Brtt. 143,2.—4. tekin aftur.

4.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 106).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 411).

---

15. Lestagjald af skipum.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt
Frumvarpi til laga um lestagjald af skipum. (A. 4).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. er nokkurs konar samloka við fasteignaskattsfrumvarpið, og jeg álít, að þau eigi að fylgjast að, enda eru þau bygð á sama grundvelli, og svipuð ákvæði í báðum. Frv. er í raun rjettri gamall kunningi þessarar háttv. deildar, því að það var samþykt hjer 1919, en dagaði uppi í háttv. Ed., eða rjettara sagt, var þá í raun rjettri tekið inn í 55. gr. aukatekjulaganna.

Jeg vænti því, að frv. verði vel tekið hjer og að því verði vísað til fjárhagsnefndar, þegar þessi umræða er á enda.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 275, 285).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg hefi ekki mikið um þetta mál að segja, umfram það, sem fram er tekið í nál. Í nál. átti að vera brtt., en hún fjell niður, og kemur hjer fram á þskj. 285.

Eins og sjá má af nál., þá leggur nefndin það einhuga til, að frv. nái fram að ganga, þó með þeim breytingum, að skattskyldan verði færð úr 12 tonnum niður í 5 tonn, en að jafnframt færist skattgjaldið niður úr 2 kr. í kr. 1,50. Leit nefndin svo á, að þetta væri í samræmi við þær breytingar, sem hún hafði áður gert á frv. til laga um fasteignaskatt.

Niðurfærslan á lestagjaldinu nemur auðvitað mestu af stóru skipunum, og gengur nefndin þess ekki dulin, að sú breyting hennar muni rýra tekjur ríkissjóðs dálítið. En með því að færa skattskyldumarkið úr 12 tonnum niður í 5, hefir nefndin viljað draga úr þessari rýrnun. En skýrslur þær, sem nefndin hefir haft í höndum, eru ekki svo ábyggilegar, að af þeim sje hægt að segja fyrir víst, hvað tekjuaukningin verði mikil af þessari niðurfærslu. En nefndin sá sjer ekki fært að fara lengra en niður í 5 tonn.

Fyrir hönd nefndarinnar, finn jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., eða brtt. nefndarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 275,1 samþ. með 14 : 4 atkv.

Brtt. 285 samþ. með 13 : 5 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17. shlj. atkv.

Brtt. 275,2 samþ. með 16 : 3 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 275,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv.
6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 298).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 298).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 11. shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 298, n. 396).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþ. eins og það kom frá Nd., þó með þeirri breytingu, að fella burtu 5. gr., en þar er ákvæði um, að skattinn megi hækka og lækka í fjárlögum. Með þessu ákvæði virðist nefndinni, sem of mikið los mundi koma á skattalöggjöfina, og trygging borgaranna fyrir því, að sköttum yrði ekki hlaðið á þá, að lítt yfirveguðu máli, væri þá mjög rýrð. Sannleikurinn er, að ef þetta ákvæði stæði yfirleitt í skattalöggjöfinni, þá mætti við seinustu umræðu fjárlaganna í Ed. koma inn stórvægilegum breytingum á skattalöggjöfinni með einni breytingartillögu, og ef svo háttv. Nd. samþykti fjárlögin í lokaflaustrinu, sem vant er að vera hjer á þinginu, þá mætti koma stórverulegum skattabreytingum í kring á tveim sólarhringum, ef alt gengi með fjörugum afbrigðum, eins og oft vill verða.

Jeg skal taka það fram, að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á stjórnarfrv. í Nd., eru, að skatturinn er færður niður í kr. 1,50, úr 2 kr., en hins vegar tekin undir skattinn skip, sem eru ekki undir 5 smálestum. Að því leyti nær skatturinn til fleiri skipa. Jeg leyfi mjer svo að mæla með því, að frv. nái fram að ganga, með þeirri breytingu, sem nefndin leggur til, að gerð sje á því. Jeg skal taka það fram, að það var af vangá, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) skrifaði undir með fyrirvara.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg þarf að eins að segja fáein orð út af till. háttv. nefndar, um að fella burtu ákvæði frv. um að breyta megi skattinum með fjárlagaákvæði. Þetta skil jeg sem sje á alt annan veg en nefndin. Jeg lít á þetta sem tryggingarráðstöfun, er miði að því að vekja hvert þing, sem skattinn hækkar, til umhugsunar um það, að ástæða sje til að athuga, hvort ekki sje hægt að komast hjá hækkuninni, með því að draga úr gjöldunum. Þessi aðvörun kemur ekki fram á hverju ári, ef lögunum er breytt, því að þá standa þau óhreyfð, þar til þeim er breytt aftur. Samskonar ákvæði og þetta eru víða í skattalöggjöf annara landa, og þykja styðja að heilbrigðu íhaldi í fjáreyðslu.

Guðmundur Ólafsson: Það ber mjög lítið á milli mín og háttv. nefndar, eða öllu heldur það eitt, að jeg vil að frumvarpið sje samþykt óbreytt, en hún leggur til að 5. gr. þess falli burtu. Að því er snertir 5. gr. frv., þá skal jeg geta þess, að jeg hallast að skoðun hæstv. fjrh. (M. G.) í því efni. Jeg tel það óþarfa vafstur, þótt annaðhvort þurfi að hækka eða lækka þetta gjald eitthvað fyrir eitt ár, að þurfa þá að fara að rjúka í lögin og breyta þeim. En sá leiði siður hefir einmitt viðgengist undanfarið, að þeim lögum, sem gefa ríkissjóði tekjur, hefir verið breytt árlega, svo að sömu lögin hafa ekki verið í gildi nema á milli næstu þinga. En ákvæði 5. gr. mundi koma í veg fyrir þetta og veita nokkra vörn gegn sífeldum breytingum á þessum lögum. Jeg tel því þetta ákvæði kost á lögunum, því annars er viðbúið, að þau yrðu undirorpin einhverjum breytingum á hverju þingi.

Sigurður Eggerz: Jeg er algerlega á gagnstæðri skoðun í þessu máli og hæstv.

fjármálaráðh. (M G.). Jeg held, að þessi greiði aðgangur til þess að breyta skattalöggjöfinni mundi verða til þess, að menn yrðu örari á útgjöldin, og samviskan yrði svo sveigð á hinum langa undirbúningstíma fjárlaganna í Nd. með því, að á seinasta augnabliki mætti hækka tekjurnar. Það skapar svo ótrúlega kyrð í mannssálinni, þegar hún er að syndga, að vita af einhverju, sem mögulegleiki sje til að afplána syndirnar með í síðasta augnabliki.

Einar Árnason: Það var að eins fyrirspurn til háttv. nefndar eða frsm. (S. E.) viðvíkjandi fasteignaskattsfrv. því, sem hv. nefnd hefir til meðferðar. Jeg vildi spyrja hana, hvort hún hefði tekið afstöðu til samskonar ákvæðis í því frv.

Sigurður Eggerz: Jeg get svarað háttv. þm. (E. Á.) því, að nefndin hefir gert samskonar breytingu á fasteignaskattsfrumvarpinu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er misskilningur, að fjárlagafrv. þurfi ætíð að fara í sameinað þing, ef þetta ákvæði kemst í lög og verður notað. Annars má líka geta þess, að fjárlög fá engu vandaminni undirbúning en önnur lög. Það getur því ekki verið um neinn rugling eða hringlanda að ræða. Það er alveg jafnljett eða jafnerfitt að fá breytingu á fjárlagafrv. og öðrum frv.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla ekki að deila lengi um þetta atriði við hæstv. fjármálaráðherra (M. G.). Að eins vil jeg með tilvísun til þess, sem jeg hefi áður tekið fram, benda á, að með einni breytingartillögu við fjárlögin við síðustu umr. í Ed. mætti breyta skattalöggjöfinni, ef þetta ákvæði kæmist inn í hana, ef fjárlögin yrðu svo samþ. við eina umr. í Nd. En hvar er tryggingin fyrir borgarana, ef þessi flughraði yrði innleiddur?

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get ekki gengið inn á þessa skoðun háttv. 2. landsk. þm. (S. E.). Það er, eins og allir vita, almenn regla um öll frv., að hægt er að koma að brtt. til síðustu stundar, og þar gilda sömu reglur um fjárlagafrv. og önnur frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 396 samþ. með 12 : 1 atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 58. fundi í Ed., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 413).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 413).

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 454).

---

16. Vörutollur.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um vörutoll (A. 46).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer er það ljóst, að ýmsum hv. þm. muni bregða í brún, er þeir sjá, að stjórnin vill halda vörutolli áfram, en ekki taka upp verðtoll. En ástæðurnar til þess eru tilfærðar í aths. við frv., og vil jeg leyfa mjer að vísa til þeirra, til þess að losna við að taka þær upp aftur hjer. Vona jeg, að þær nægi til að sannfæra hv. deildarmenn um, að sú leið er ekki fær, að taka upp verðtollsstefnuna, þótt hún fljótt á litið sje sanngjarnari. Umsagnir lögreglustjóranna í þessu efni eru talandi vottur, og þeir tala af reynslu, og hún er jafnan talin ólygnust.

Þótt jeg eindregið fylgi vörutolli fremur en verðtolli, er jeg þó alls ekki blindur fyrir því, að vörutollurinn hefir sína galla, sjerstaklega eins og hann hefir verið. En í því frv., sem hjer liggur fyrir, hefir einmitt verið reynt að bæta úr þeim, með því að búa til nýjan flokk með allháum tolli, og veita heimild til, þar sem sjerstaklega stendur á, að setja tollinn niður.

Að öðru leyti er frv. lítið breytt, en öll hin gildandi vörutollslög dregin saman í eina heild.

Jeg veit það vel, að það er leitt að þurfa að taka aðflutningsgjald af öllum aðfluttum vörum, en eins og nú er, sje jeg ekki nokkurn möguleika á að losna við það.

Jeg minnist þess, að þegar hið núgildandi aðflutningsstimpilgjald var lögleitt í fyrra, var það meðal annars gert í þeim tilgangi, að sannreyna með því, hvernig verðtollur gæfist hjer á landi. Nú er þessi reynsla komin, og hún mælir sannarlega ekki með þessari skattaleið.

Þegar þessi umræða er á enda, legg jeg til, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar, og skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, nema andmæli komi fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655), hvorttveggja í e. hlj.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 183, 203).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg hefi í rauninni litlu við að bæta nál. fjárhagsnefndar. Nefndin hefir orðið sammála um það að halda enn í vörutollsfyrirkomulagið, jafnvel þótt ýmsum nefndarmönnum væri það óljúft og teldu rjettara, að nú væri byrjað á verðtollsfyrirkomulagi. Annars eru aðalbreytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv., að skift er öðruvísi niður í flokkana en áður. Einkum hefir nefndin viljað koma öllum

útgerðar- og búnaðartækjum í 2. flokk, þó þau hafi áður verið í 6. flokki, og því verið tolluð óeðlilega hátt. Hins vegar leggur nefndin til, að hækkað verði gjaldið á 6. fl., þannig, að lagðar verði 10 kr. á 10 kg. í stað 3 kr. áður. Sömuleiðis hefir nefndin lagt til, að sett verði 1 kr. gjald á hvert kg. í póstbögglum, en að öðru leyti hefir nefndin ekki breytt frv., eins og sjá má á þskj. 183, og þarf jeg því ekki að fjölyrða um það, en get snúið mjer að brtt. á þskj. 203. Mjer finst þær helst til fljótfærnislegar og ekki falla vel inn í frv., og ekki heldur rjettmætar. Svo eru sum orðatiltækin nokkuð óákveðin, t. d. þar sem talað er um smíðaáhöld. Þar gætu t. d. heyrt undir allskonar stóriðjuáhöld, hvort sem háttv. flutningsm. ætlast til þess eða ekki. Annars mun fjárhagsnefnd athuga þær til 3. umr., og væntanlega koma sjer saman við háttv. flm.

Hins vegar finst mjer 3. liður brtt. sjálfsagður, og þykist mega fullyrða, að öll nefndin sje meðmælt þeirri brtt.

Fleira þarf jeg svo ekki að segja, annað en það, sem sjálfsagt er öllum sjáanlegt, að millifærslan milli flokkanna hefir nokkurn tekjumissi í för með sjer fyrir ríkissjóð, en hjá því varð ekki komist, þar sem nefndin sá sjer ekki fært að hækka svo á öðrum liðum, sem tekjumissinum næmi.

Jón Sigurðsson: Eins og tekið hefir verið fram, á jeg, ásamt öðrum þm., brtt. á þskj. 203, og hefir háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) fundið henni ýmislegt til foráttu, einkum flokkuninni. Það má vel vera, að raða hefði mátt eitthvað betur í greinarnar, en alveg kemur það þó í sama stað niður, hvar hver tegund stendur, innan hverrar gr. eða innan hvers flokks, ef menn eru á annað borð sammála um flokkana. En brtt. kom í upphafi fram af því, að okkur flutningsmönnum virtist nefndin hafa í tillögum sínum gætt öllu meira hagsmuna sjávarútvegsmanna en landbúnaðarins, þar sem þeir tína fjölmargt af nauðsynlegum vörum fyrir útgerðina í 2. fl., en nálega ekkert tilheyrandi landbúnaðinum, sleppa t. d. nálega öllum heyvinnuvjelum, kerrum, vögnum, skilvindum og mörgu fleira. Annars greinir menn á um notkun orðanna, sem hjer er um að ræða, og af þessum mismunandi skilningi er skoðanamunurinn að nokkru leyti sprottinn. Jeg veit ekki til þess, að jarðyrkjuverkfæri geti talist önnur en þau, sem notuð eru til þess að brjóta jörðina eða vinna að henni á annan hátt, svo að hún geti gefið uppskeru, en alls ekki þau verkfæri, sem notuð eru til þess að hirða afrakstur jarðanna á eftir,svo sem sláttuvjelar og fleiri heyvinnuvjelar. Annars hefir þetta mál í heild sinni þá þýðingu fyrir búnaðinn, að með því að setja þessi áhöld í skaplegan gjaldaflokk, er ýtt undir þá ráðleitni bænda að vinna sem mest að unt er með vjelum. Það er þessi stefna, að vinna sem mest með vjelum, sem þingið á að styðja, bæði með þessari lagasetningu, sem hjer er um að ræða, og öðrum, því að hún er eitt af undirstöðuatriðum þess, að búnaðurinn komist í gott horf og beri sig vel. Annars þarf jeg ekki að fjölyrða um þetta meira að sinni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg þarf í sjálfu sjer ekki að blanda mjer inn í þann reipdrátt, sem hjer hefir að sumu leyti komið fram milli sjávar og sveita, um flokkun ýmsra vörutegunda, en vil að eins benda á það, að sú tilfærsla milli flokka, sem farið hefir verið fram á, mun hafa í för með sjer um 100 þús. króna tekjurýrnun á ári fyrir ríkissjóð. Jeg vildi því leyfa mjer að skjóta því til háttv. nefndar, hvort ekki mætti hækka eitthvað gjaldið í 2. flokki, og mætti það þá sennilega ekki vera minna en upp í 1 krónu.

Jeg veit tæplega, hvað nefndin á við með orðinu „járngirði", undir staflið d,

(*Margir*: Það er gjarðajárn). Nú, jæja, en jeg hefi aldrei fyr heyrt það orð um gjarðajárn. Jeg hjelt að gjarðajárn heyrði undir smíðajárn, því að úr því eru aðallega smíðaðar gjarðir. Jeg man ekki betur en að jeg teldi svo, meðan jeg var sýslumaður og hafði vörutollsinnheimtu með höndum. Þó skal jeg ekki um það þrátta.

Þá eru það brtt. þeirra háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) og háttv. þm. Borgf. P. O.), sem mjer þykir vera með nokkuð almennum orðum. Og vildi jeg skjóta því til háttv. fjhn., ef brtt. þessar verða samþyktar, hvort hún sjái sjer ekki fært að draga úr þessari upptalning og fella sumt af því niður, t. d. „sleðar". Það getur valdið misskilningi, því mjer vitanlega er mjög lítið flutt inn af sleðum, nema þá barnasleðum, og ættu þeir að vera í öðrum fl. Sömuleiðis ætti orðið „strengingartækjum" að falla burt. Það er altof óákveðið. Einnig skilst mjer, að 2. liður brtt. á sama þskj. megi falla burt, því að í nál. eru einmitt jarðyrkjuáhöld nefnd, svo að þessa þarf eigi.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Háttv. flm. brtt. á þgskj. 203, háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.), sagði eitthvað á þá leið, að meira hefði gætt hagsmuna sjávarútvegarins en landbúnaðarins í nál. fjhn. á þskj. 183, og þess vegna hefði hann gerst flutningsmaður að þessari brtt. En jeg get fullvissað hann um, að það var alls ekki meiningin að gera þar upp á milli, enda leit nefndin svo á, að með orðunum „og öðrum jarðyrkjuáhöldum" væri fullkomið jafnræði þar á milli, og að nálega flest landbúnaðarverkfæri kæmust þar undir, eins og líka háttv. flm. (J. S.) hefir að nokkru leyti játað. Get jeg því ekki betur sjeð en að 2. lið brtt. sje algerlega ofaukið, því að „sáðvjelar" og „áburðardreifarar" hljóta að komast undir jarðyrkjuáhöld.

Nefndin athugaði líka, hvort skilvindur ætti að taka í 2. fl., en af þeim er nú greiddur vörutollur, þetta frá 1.50 upp í 2 kr., af þeim allra stærstu, svo að nefndin sá það ástæðulaust að taka þær í þennan flokk, með því líka, að þá hefði verið jafnmikil ástæða að taka ýmislegt fleira, t. d. saumavjelar.

Jeg býst nú við, að fjhn. taki þetta til athugunar fyrir 3. umr., og ýmsir nefndarmenn líta svo á, að ef bætt væri aftan við „jarðyrkjuáhöldum" — „svo og heyvinslu-, smjör- og ostagerðaráhöldum", þá sje þar með öllum landbúnaðaráhöldum náð.

Þá var það hæstv. fjrh. (M. G.). Honum fanst kenna nokkurs reipdráttar milli sjávarútvegarins og landbúnaðarins, en þetta hlýtur að vera misskilningur, eins og jeg hefi áður tekið fram. Hann sagði, að haga yrði svo orðavali frv., að það gæti fallið saman við vöruskrárnar. Þetta hefir nefndin einmitt athugað og fanst óþarfi t. d. að taka gaddavír sjerstaklega, þar sem sljettur vír er líka notaður til girðinga. Þess vegna valdi hún „girðingavír", og taldi, að undir þá skilgreining gætu báðar þessar vírtegundir fallið. Nefndin sá líka, að hún yrði að taka fleiri vírtegundir í 2. flokk, en þeir hafa flestir sjernefni, eins og t. d. ýmsir vírar tilheyrandi skipum og útgerð.

„Járngirði" er það sama og á farmskrám er nefnt „Baandjern" = efni í gjörð, og ætti þessi skilgreining ekki að valda neinum misskilningi.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði brtt. á þskj. 203 með nokkuð almennum orðum. Fjhn. mun nú reyna fyrir 3. umr. að samræma þetta betur, reyna að fella saman það, sem saman á, og reyna að gera lögin svo úr garði, að allir megi við una. Og jeg vil taka það fram aftur, áður en jeg sest niður, að frá nefndarinnar hálfu er alls ekki um

neinn reipdrátt að ræða milli atvinnuvega landsmanna.

Jón Þorláksson: Ef það er rjett, sem einhver sagði áðan, að allar brtt. sjeu samþyktar hjer í hv. deild, þá gefur að skilja, að til lítils er að malda í móinn. Þó get jeg ekki látið þessar brtt. fram hjá mjer fara án þess jeg minnist nokkrum orðum á 6. flokk og póstbögglana. Í 6. flokki er um svo mikla hækkun að ræða, frá því sem er í stj.frv., að jeg get ekki látið það óumtalað. Jeg skal að vísu játa, að 3 kr. gjald stj.frv. var full lágt, en hitt er líka harðneskja hjá nefndinni, að hækka það upp í 10 kr., eða meira en þrefalda gjaldið, og ýmsar þær vörur eru þó í 6. fl., sem tæplega verðskulda þetta. Jeg myndi þó ekki hafa gert þetta að umtalsefni, ef jeg sæi ekki, að það myndi draga þann dilk á eftir sjer að hækka toll á póstbögglum fram úr allri sanngirni. Það hlýtur að vekja óánægju manna í milli, að þurfa að leysa út með 5 kr. böggul, sem vegur ekki nema 5 kg. og hefir lítið verðmæti að geyma. (*Bjarni Jónsson*: T. d. dagblöð). Þetta á t. d. við um muni, sem hafa verið sendir utan til aðgerðar, og verður ekki sjeð annað af frv. en að greiða eigi toll þennan, þótt í böggl-unum sje ekki sú vara, sem tollskyld er samkv. 1. gr. frv.

Þess vegna vildi jeg spyrja hæstv. fjrh. (M. G.), hvort það sje meiningin að greiða þennan toll, án tillits til þess, hvað böggl-arnir hafa að geyma, því ef svo er, þá kemur þetta sjerstaklega illa niður á dagblöðum, en versnar þó svo við nál., að við það er ekki hægt að una, og væri þá vitanlega rjettara að samþ. þetta eins og stj.frv. hefir það.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal þegar svara þessari fyrirspurn. Mín meining var sú, að þær vörur, sem eru undanþegnar tolli, verði ekki tollskyldar, þó að þær komi í póstbögglum.

Magnús Kristjánsson: Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi segja, án þess að lengja umr. að neinum mun. Mjer þykir leitt, að það skuli koma fram svo órökstuddar aðfinslur við starf nefndarinnar, eins og lesa má út úr orðavalinu á brtt. á þskj. 203, sem háttv. flm., 2. þm. Skagf. (J. S.) árjettaði nokkuð í ræðu sinni. Nefndin hefir þó ekkert til saka unnið; hún hefir að eins sagt um þessa brtt. (203), að hún væri ankanalega orðuð og kæmi tæplega heim við efnið. Undarlegt að slíta í sundur náskylda flokka og skjóta þar inn í ólíkum tegundum. Hitt hjelt jeg, að þeim ætti að vera ljóst, þessum háttv. þm., að þessi upptalning þeirra er alls ekki tæmandi. Og það er misskilningur hjá þeim hv. flm., að nefndin hafi verið á móti því að telja verkfæri þessi í lægri flokki. En svo held jeg, að hann sje nú vafasamur þessi gróði fyrir landbúnaðinn, sem þeir byggja á með sinni uppástungu. Annars vil jeg mótmæla þeim orðum, sem fallið hafa í garð nefndarinnar frá háttv. flm., því að þau eru vægast sagt óbilgjörn.

Þá var það háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), með póstbögglana. Jeg lít nú svo á, að þessi hækkun nái ekki til blaða, nje annars þess, er þm. nefndi. Yfirleitt held jeg, að nefndin hafi reynt að koma vörutollinum í viðunanlegt horf, en hitt var henni vitanlega ljóst, að upptalning og flokkun á vörum getur altaf verið deiluatriði, enda er jeg þeirrar skoðunar, að verðtollur sje heppilegri grundvöllur til þess að byggja á heldur en vörutollur.

Það má vel vera, að brtt. á þskj. 203 nái fram að ganga, en þó hefði jeg talið betur farið, að háttv. flm. hefðu orðið við beiðni háttv. frsm. (J. A. J.) um að fresta henni og reyna að lagfæra þetta fyrir 3.

umr. En eins og hún er nú, get jeg ekki annað en greitt atkv. á móti henni.

Jeg ætlaði að vera stuttorður, og læt því hjer staðar numið.

Jón Sigurðsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka aftur til máls, en háttv. þm. Ak. (M. K.) knúði mig til þess. Bæði hann og háttv. frsm. (J. A. J.) hafa tekið mjer óstint upp, að jeg sagði að okkur flm. hefði þótt nefndin hafa sjávarútveginn fullmikið í huga, en jeg meinti ekki, að hún hefði gert það vísvitandi. En þegar um þessi mál fjalla eingöngu menn, sem kunnir eru öðrum atvinnuvegi landsins, þá er ekki nema eðlilegt, að þeir hafi þann atvinnuveginn fremur í huga, og skjótist yfir ýmislegt hinum tilheyrandi.

Annars finst mjer að þessir háttv. þm. sjeu nokkuð hörundssárir út af upptalningu okkar og niðurröðun; en hví lagfæra þeir þá ekki orðaval sinna eigin upptalninga í nál.? Mjer finst hálfundarlegt að sjá hjá þeim „húsapappa“ á milli „járnbrautarteina“ og „akkera“; mjer skilst, að „húsapappi“ sje þarna ekki á rjettum stað, og svona mætti fleira telja.

Þess vegna verð jeg að líta svo á, að þessar aðfinslur nefndarinnar hljóti að vera af einhverjum öðrum toga spunnar en vandlætingu yfir orðavalinu, því aðallega hefir þessi litla og meinlausa brtt. okkar verið nídd fyrir upptalninguna, og því bætt við, að alt þetta mætti taka upp með almennari orðum. Jú, mikið rjett, en þá er horfið frá stefnu frv., að telja sem allra flest með sjernöfnum. En annars finst mjer, að hjer sje verið að deila um keisarans skegg.

Og úr því jeg er staðinn upp, vil jeg benda á það, að undir þetta geta ekki heyrt kerrur og vagnar. Það eru flutningatæki, en ekki sjerstaklega landbúnaðartæki. Þá virðist það óþarfi að segja, að við höfum eingöngu verið að tína til þau áhöld, er heyrðu landbúnaðinum til, því að sumt er þó í okkar upptalningu, sem eingöngu er notað við sjávarútveginn. (*Magnús Kristjánsson*: Hvernig er með þessa vatnshrúta?). Það er það, sem á dönsku er kallað „Vædder“, og er eins konar dæla.

Ólafur Proppé: Herra forseti! Jeg skal reyna að vera fáorður, en langar þó til með nokkrum orðum að lýsa afstöðu minni til þessa frv.

Eins og sjá má af nál. og brtt. á þskj. 203. hefir frv. tekið talsverðum breytingum, frá því að það kom frá hæstv. stjórn, og finst mjer, að fæstar þeirra miði til nokkurra bóta, nema síður sje. Jeg er sammála hæstv. fjrh. (M. G.) um það, að breytingar þessar rýri tekjur ríkissjóðs, en muni ekki að sama skapi fyrir einstaklingana, þó að úr sje dregið. Þetta eru smámunir fyrir hvern einstakan, en safnast þegar saman kemur.

Jeg vildi benda háttv. fjhn. á það, samræmis vegna, að undir staflið l. ætti hún að bæta við fleiri sýrum, t. d. til smjörlíkis- og ostagerðar, því að sjálfsagt er að greiða vörutoll af þeim vörum sem öðrum.

Jeg fyrir mitt leyti get vel felt mig við vörutollshækkun nefndarinnar á póstbögglum; sje ekkert á móti því, að hann hækki úr 3 kr. upp í 10 kr., úr því að bækur, blöð og tímarit eru undanskilin. Það var alkunnugt fyrir stríðið að fara þessa leið — að nota póstböggla — til þess að flytja inn í landið mestu firn af alls konar óþarfa vörum, sem hver einstaklingur gat pantað eftir vöruskrá erlendra skrumara. Og þó að slíkur innflutningur takmarkaðist að miklum mun á meðan á ófriðnum stóð, hefir hann þegar byrjað aftur, og ekki í neitt smáum stíl. Hefi jeg nú fyrir satt, að með síðustu ferð Gullfoss hafi slíkir bögglar skift hundruðum, sem þannig komu í póstinum, og þótt þetta sjeu að mestu leyti fánýtar vörur, sem fá-

fróður almenningur glæpist á, þá er þó hjer um tugi þúsunda að ræða, sem sólundað hefir verið út úr landinu. Ef þetta póstbögglagjald yrði sett svo hátt, gæti jeg trúað, að talsvert myndi draga úr þessum innflutningi, því að sjálfsagt þætti mörgum nóg að greiða 10 kr. fyrir böggul, sem hefði ekki einu sinni svo mikið verðmæti inni að halda.

Hvað snertir brtt. á þskj. 203, þá get jeg ekki felt mig við hana, og greiði því atkvæði á móti henni, enda þó að jeg geti viðurkent, að flest af upptalningu þeirri, sem þar er nefnd, heyri til framleiðslunni, og sje jeg ekki ástæðu til að kippa því út úr öðru samhengi. Einstakir menn vinna sáralítið við þetta, en ríkissjóður tapar talsverðu þegar alt kemur saman.

Út af því, sem deilt hefir verið um vírinn, skal jeg geta þess, að á ensku er skipavír nefndur: *Wirerope-steel or iron,* sljettur girðingavír: *fencing-wire* og gaddavír *barbed-wire.*

Þorleifur Guðmundsson: Jeg ætla nú ekki að fara að ræða frv. þetta, enda hefi jeg þegar tekið afstöðu um það í nefndinni.

En af því að mjer þótti kenna nokkuð mikils norðanbelgings í ræðu háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.), þá neyddist jeg til að standa upp, því að orðum hans get jeg ekki tekið þegjandi. Ekki þó svo mjög vegna sjálfs mín, heldur vegna meðnefndarmanna minna.

Háttv. þm. (J. S.) ljet þau orð falla, að nefndin hefði haft sjávarútveginn meira í huga, enda sje hún þannig skipuð, að þeir menn hafi litla þekkingu á landbúnaði. Þessu verð jeg að mótmæla, því að í nefndinni eiga sæti gamlir og góðir bændur, sem vissu vel hvað þeir voru að gera.

En um brtt. á þskj. 203 vil jeg segja það, að mjer finst hún hafa á sjer nokkuð mikinn orðhengilshátt.

Það var athugað í nefndinni, hvort orðið „jarðyrkjuáhöld" næði ekki einnig yfir heyvinslutæki, og voru allir sammála um það. Og bygði jeg þá ályktun mína á því, að á Suðurlandi teljum við það einnig að yrkja jörðina að slá hana og hirða af henni heyið, og munu hinir nefndarmennirnir hafa bygt á því sama, og ber jeg eins mikið traust til landbúnaðarþekkingar þeirra eins og háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.), því að þeir hafa engu síður vanist landbúnaði en hann, og sumir að líkindum lengur.

Sveinn Ólafsson: Jeg þarf raunar ekki miklu hjer að svara.

Það er áreiðanlega misskilningur hjá hv. flutningsm. brtt. á þskj. 203 (J. S.), að fjárhagsnefnd hafi gert sig seka um hlutdrægni í meðferð þessa máls, eða skort þekkingu til að skipa því. Í nefndinni sitja menn, sem vel eru kunnugir hvorutveggja, sjávarútvegi og landbúnaði, og ætti því ekki að kenna þar vilhylli til annarshvors atvinnuvegarins. Jeg get tekið það fram um sjálfan mig, að jeg bý á sjávarbakka, og hefi lengst um búið. Mjer er hvortveggja þessara atvinnuvega jafnkær og kunnur, og hefir aldrei dottið í hug að gera upp á milli þeirra.

Jeg veit, að nefndin mun þess albúin að taka til greina flest af því, sem brtt. á þskj. 203 stendur. En brtt. er þannig orðuð, að hún fellur illa inn í 2. lið 1. gr. frv., og því óhjákvæmilegt að breyta greininni enn, ef till. verður samþ. En hins vegar má, með því að bæta örfáum orðum inn í greinina, fullkomlega ná öllu því, sem brtt. fer fram á, og þætti mjer æskilegast, að háttv. flm. tækju aftur brtt., eða ljetu fresta atkvgr. um hana til næstu umr. Gæti nefndin þá breytt greininni í samræmi við óskir flm., svo eigi þyrfti brtt. að koma undir atkv.

Út af þeim ummælum hæstv. fjrh. (M.

G.), að brtt. og flutningur margra vörutegunda undir sama flokk dragi úr tekjum ríkisins, þá er því að svara, að tekjuauki mikill kemur aftur á öðrum liðum, t. d. á 6. lið 1. gr., og á hækkun póstbögglagjalda.

En sem sagt, jeg stóð einkum upp til þess að vekja athygli hv. flm. á því, að nefndin mun fúslega taka hana til greina, og jafnframt til að hvetja þá til að reka ekki að óþörfu eftir henni við þessa umr.

Þórarinn Jónsson: Jeg stend upp til þess að undirstrika það, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði um brtt. á þskj. 203. Jeg er samþykkur efni þeirrar brtt., og mun nefndin taka hana til greina fyrir 3. umr., ef háttv. flm. vilja nú taka hana aftur. Þá vil jeg örfáum orðum minnast á póstbögglafarganið, sem geisilega hefir farið í vöxt nú hin síðari árin. Tel jeg ekkert happ að því, og er því algerlega samþykkur ákvæði 2. gr. um póstbögglagjaldið, ekki síst ef það gæti dálítið vanið menn af því að panta þannig heila og hálfa hestburði af skrani og óþarfa frá útlöndum. Veit jeg þess dæmi, að póstbögglar, sem einn unglingur fekk í einu með pósti, voru hátt upp í klyfjar á hest. Veldur þetta ekki litlum töfum við póstafgreiðsluna, og því sannarlega þörf á að venja menn af þessu.

Pjetur Ottesen: Jeg hefði veigrað mjer við því að koma fram með þessa brtt., ef jeg hefði vitað, að út af henni mundi verða sá úlfaþytur hjer í háttv. deild, eins og nú hefir fram komið. En eftir því, sem fram hefir komið hjá háttv. fjhn., þá hefir hún talið sig samþ. efni till., en þótt niðurröðunin óviðfeldin. Getum við gert það nefndinni til geðs að taka aftur till. nú, svo að hún geti komið fram með brtt. til 3. umr.

Annars vil jeg skjóta því til nefndarinnar, að mjer finst ekki síður ástæða fyrir hana að athuga niðurröðunina í stj.frv. sjálfu en í till. okkar, því að þar er sannarlega ekki minni ruglingur í niðurröðun, eins og líka bent hefir verið á.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Það eru örfá orð út af niðurröðuninni í 2. fl. Jeg hefi ekki haldið því fram, að röðunin í stj.frv. væri góð. En fjárhagsnefnd vildi þó ekki breyta henni, vegna þess, að svona hefir röðunin í þessum flokki verið um mörg ár. Og við hjeldum, að menn mundu fljótari að átta sig á lögunum, ef sú gamla röðun hjeldist og ekki væri breytt til. En hitt skal jeg taka fram, að við sáum einmitt, að betur hefði farið, ef breytt hefði verið allri niðurröðun í 2. fl.

ATKVGR.

Brtt. 183,1.a. samþ. með 17 : 1 atkv.
— 183,1.b. — — 20 shlj. atkv.
— 183,2.a. — — 20 shlj. atkv.
— 183,2.b. — — 21 shlj. atkv.
— 183,2.c. — — 14 shlj. atkv.
— 183,2.d. — — 16 shlj. atkv.
— 183,2.e. — — 14 : 2 atkv.
— 203,1.—2. tekin aftur til 3. umr.
— 183,2.f. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 183,2.g. — — 18 shlj. atkv.
— 203,3. tekin aftur til 3. umr.
— 183,2.h. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 183,2.i. — — 15 shlj. atkv.
— 183,2.j. — — 16 shlj. atkv.
— 183,2.k. — — 17 shlj. atkv.
— 183,2.l. — — 16 shlj. atkv.
— 183,3. samþ. án atkvgr.
— 183,4. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 183,5.a. — — 16 shlj. atkv.
— 183,5.b. — — 15 shlj. atkv.
— 183,6.a. — — 16 shlj. atkv.
— 183,6.b. — — 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 : 1 atkv.

Brtt. 183,7 samþ. með 15 : 3 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 17 : 2 atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 183,8. samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ með 19 shlj. atkv.

Brtt. 183,9. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 183,10.a. samþ. án atkvgr.
— 183,10.b. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt., samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr. samþ með 19 shlj. atkv.

Brtt. 183,11. samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 183,12. samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt., samþ með 18 shlj. atkv
12.—13. gr. samþ með 16 shlj. atkv.

Brtt. 183,13.a.—b. samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt., samþ. með 19 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 19 shlj atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 : 1 atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 263, 203, 268, 279).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Brtt. á þskj. 279 á að koma í staðinn fyrir brtt. á þskj. 203, frá háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) og háttv. þm. Borgf. (P. O.), sem þeir, við 2. umr. málsins, frestuðu að láta koma til atkv. Vonast jeg til þess, að þeir hafi ekkert við þessa tillögu nefndarinnar að athuga, og telji hana fullnægjandi.

Þá eru brtt. á þskj. 268, frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Nefndin hefir ekki tekið neina ákveðna afstöðu til þeirra. Í þessum brtt. eru engar efnisbreytingar, nema lítilsháttar í 2. till., þar sem allir munir, sem sendir eru til útlanda til aðgerðar, skuli vera undanþegnir vörutollinum. Fjárhagsnefnd setti inn í frv., að allir þeir munir, er innlendar stofnanir sendu til aðgerðar, skyldu undanþegnir tolli, og hún setti þetta ákvæði vegna þess, að forstöðumenn ýmsra stofnana hafa farið fram á þetta við stjórnina, að fá slíka undanþágu um muni stofnananna. Stjórnin hefir að undanförnu veitt slíkar undanþágur. Sýnist nefndinni því rjettara að lögfesta þetta fyrirkomulag. En nefndin mun ekkert skifta sjer af því, hvort hin háttv. deild vill láta þessa undanþágu ná til einstakra manna eða ekki.

Í 1. brtt. mun einn stafur hafa fallið niður, og er það líklega prentvilla: Krydsfine fyrir Krydsfiner.

3. og 4. brtt. eru ekki efnisbreytingar, því að blöð og bækur eru undanþegnar vörutolli, og legg jeg enga áherslu á, hvort þær brtt. ná fram að ganga eða ekki.

Jón Þorláksson: Jeg þakka háttv. frsm. fjárhagsnefndar (J. A. J.) ummælin um brtt. mínar.

1. tillagan er ekki efnisbreyting, held-

ur orðabreyting, og tekur hún þá yfir allar tegundir trjespóna.

2. tillagan er hjer fram komin vegna þess, að við 2. umr. málsins var samþ. svo hátt gjald af póstbögglum, að mjer fanst það ósanngjarnt að greiða svo hátt gjald af munum, er koma úr aðgerð, en þeir eru, eins og menn vita, margir sendir í pósti, og jeg sá ekki annað ráð, til þess að kippa þessu í lag, en að láta slíka muni vera tollfrjálsa.

3. og 4. brtt. eru til þess að koma á samræmi á ákvæðunum um undanþágu frá póstbögglagjaldi.

Það er sjálfsagt mál, að ef 2. og 3. brtt. mín ná ekki fram að ganga, þá tek jeg 4. brtt. aftur, því að hún er þá óþörf.

ATKVGR.

Brtt. 203 tekin aftur.
— 279 samþ. með 20 : 1 atkv.
— 268,1 samþ. án atkvgr.
— 268,2 — með 13 : 3 atkv.
— 268,3 — — 13 : 4 atkv.
— 268,4 — án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 295).

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Jeg legg til að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 12 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 295, n. 381).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Eins og háttv. deild sjer, hefir nefndin komið með nokkrar brtt. við vörutollslögin.

1. brtt. er að færa upp í 1. fl. hverfisteina, kvarnarsteina, hefilspæni og sag, með því að þessar vörur eru svo verðlausar, en sumar þungar í vigt. Ennfremur gólf- og veggjaplötur, sem eru vara, sem er nýlega farið að flytja að landinu. Er hún þung í sjer, en verðmætari en tígulsteinar, sem eru undanþegnir vörutolli. Loks leggur nefndin til, að tunnuhlutar og girði sje flutt upp í þennan flokk, í því skyni að hlynna að tunnugerð hjer á landi. Svo leggur nefndin til, að blikki sje bætt við í 2. fl. — það hefir áður verið undir tolltaxta síðasta fl. —, með því að útlit er fyrir að farið verði að sjóða niður kjöt til útflutnings, og hefir Sláturfjelag Suðurlands keypt áhöld í því skyni. Rafmagnsvjelar og rafmagnsáhöld eru svo dýr vara, að nefndinni þykir ótækt að þær vörur standi í 2. fl., og vill að þær heyri undir síðasta fl., eins og verið hefir.

En svo leggur nefndin til, að tollurinn fyrir 2. fl. sje hækkaður úr 75 aurum upp í 1 kr., með því þær breytingar, sem gerðar hafa verið, rýra svo mikið vörutollinn. Þá leggur nefndin til, að tolleiningin í 6. flokki sje færð úr 10 kg. niður í 1 kg., því að samkvæmt síðustu málsgrein 7. gr. mundi hálfur þessi tollur tapast, ef toll-

eining væri 10 kg. Þá kann nefndin eigi við, að gull og silfur sje undanþegið vörutolli, sem nota á sem tryggingu fyrir bankaseðlana. Þegar slík vara er innflutt, getur innheimtumaður ekki vitað, til hvers silfrið og gullið á að nota. Þess vegna leggur nefndin til, að „ósmíðað gull og silfur" sje undanþegið vörutolli, eins og hráefni yfirleitt. Orðin „til beitu", í 7. gr. í aths., eru óviðkunnanleg og óþörf, því að tollinnheimtumaðurinn getur heldur ekki vitað, til hvers síld á að notast, sem inn er flutt, og eigi er hætta á, að óþarfa síld sje aðflutt.

Brtt. undir 4. lið c. er að eins orðabreyting, til þess að færa málsgreinina til betra máls.

Við 5. lið, 2. gr., vill nefndin athuga, að hún getur alls ekki fallist á svo háan vörutoll af póstbögglum, eins og Nd. leggur til, en vill, að móttakandi greiði venjulegan vörutoll af þeim vörum, sem í póstbögglunum flytjast, ef viðtakandi sannar fyrir póstafgreiðslumanni, hvert sje innihald póstbögglanna..

Loks er síðasta breytingin við 2. gr., 2. málsgr. Nefndinni virðist sjálfsagt, að viðtakandi vörupakka eigi frímerkin, sem búið er að stimpla, og ætlast til, að póst húsið eyðileggi þau ekki meir við stimplunina en nauðsynlegt er til að tryggja, að þau sjeu ekki notuð aftur sem óbrúkuð frímerki.

Að öðru leyti vísar nefndin til nál. á þskj. 381, og sjerstaklega til þess, sem þar er sagt um röskunina á grundvelli vörutollslaganna.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get þakkað nefndinni meðferð hennar á frv., og skal ekki verða fjölorður. Mjer skilst, eftir 1. brtt. nefndarinnar, að hún ætlist til, að tunnuhlutar teljist til 1. flokks, en heilar tunnur til 2. flokks. (*B. K.*: Já). Mjer þykir það dálítið undarlegt, að það skuli vera mismunandi tollur á tunnum, eftir því hvort þær eru slegnar sundur eða eigi, og jeg vildi gjarna vita, á hverju nefndin byggir þetta. Það er alveg rjett hjá nefndinni í 3. brtt. að færa niður tolleininguna, og er nauðsynlegt vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru í Nd. Gull og silfur væri sett tollfrítt í frv., með tilliti til þess, að Landsbankinn fengi seðlaútgáfurjettinn, og yrði þá ekki erfitt að hafa eftirlit með innflutningi á því, þareð það væru ekki aðrar stofnanir, sem fengju það sent hingað. Annars er jeg ekkert á móti brtt. nefndarinnar.

Annars vil jeg um þetta frv. taka það fram, að vegna hinna stöðugu breytinga, sem þing eftir þing hafa verið gerðar á flokkaskiftingunni í vörutollslögunum, eru allar innheimtur miklu örðugri en ella mundi, og yfirleitt verður að segja, að allar þessar færslur milli flokka hafa til muna skemt lögin.

Þessu hefir verið breytt meira og minna á hverju þingi, og er leitt, ef haldið verður áfram að flytja upp í 1. flokk, og það mun sýna sig, að nú kemur næst í Nd. heil runa af vörutegundum, sem á að flytja upp í 1. fl., því að það er altaf svo, að einhverjir þingmenn hafa eitthvað á hjarta, sem þeir gjarna vilja láta lækka toll á. Nú er 2. flokkur orðinn heil blaðsíða, en var áður að eins nokkrir liðir.

Frsm. (Björn Kristjánsson): Hæstv. fjrh. (M. G.) spurði hversvegna nefndin hefði flutt tunnuhluta og gjarðir upp í 1. flokk, en ekki heilar tunnur, og var það af því, að hjer eru reistar verksmiðjur, og ætlaðist nefndin til, að þær fengju efnið með lægra tolli, því að það veitir atvinnu við að setja tunnurnar saman. Þar að auki er það venja að flytja inn tunnur ósamsettar, nema því að eins, að þær sjeu fluttar fullar af einhverju öðru, og koma þá í 1. fl. sem umbúðir. Sú var að minsta

kosti venja, þegar jeg var fyrir norðan, að kjöttunnur komu ósamsettar. Hvort deildinni þykir þetta næg ástæða, verður hún að skera úr með atkvæði sínu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg efast mjög um, að tunnuefni geti talist tunnuhlutar, því að efnið er hægt að flytja inn í stórum bútum, kanske heilum trjám, og enginn veit eða getur sagt um, hvort þetta eigi að nota í tunnur. Jeg leyfi mjer því að óska, að nefndin taki þessa brtt. aftur.

Frsm. (Björn Kristjánsson): Nefndin leggur enga áherslu á þetta, og biður því forseta að bera þetta upp í tvennu lagi, þ. e. efnið og gjarðirnar sjerstaklega. Annars getur nefndin tekið aftur „tunnuhluta og járngirði".

ATKVGR.

Brtt. 381,1 samþ. með 12 shlj. atkv., með þeirri ath., að orðin „tunnuhlutum, járngirði" falli úr.

— 381,2.a. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 381,2.b. — — 11 — —
— 381,2.c. — — 8 — —
— 381,3 — — 12 — —
— 381,4.a. — — 11 — —
— 381,4.b. — — 11 — —
— 381,4.c. — án atkvæðagreiðslu.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 381,5.a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 381,5.b. — — 13 — —

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

3.—16. gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 58. fundi í Ed., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 412).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 412).

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 412).

Jón Auðunn Jónsson: Þetta frv. hefir tekið nokkrum breytingum í háttv. Ed. Vörutegundir hafa dálítið verið færðar á milli flokka, og ein vörutegund tekin út úr 2. flokki.

Þrátt fyrir þetta, var þó fjhn. á einu máli um það, að gera ekki breytingar á frv. nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 : 1 atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 455).

---

17. Stofnun og slit hjúskapar.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun og slit hjúskapar (A. 23).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir hlýða að rekja stuttlega sögu þessa máls, meðal annars vegna þess, að nú eiga ýmsir menn sæti á Alþingi, sem ekki áttu það 1917, er það var upp tekið, og af hinu, að svo má virðast, sem áhugi háttvirtra þm. á því, hin síðari árin, sje varla samur sem hann var við upptökin.

Á þinginu 1917 báru þáverandi 2. þm. Árn., Einar Arnórsson prófessor, og núverandi þm. V.-Sk. (G. Sv.) fram þingsályktunartillögu um endurbætur á gildandi löggjöf um hjúskaparslit og afstöðu foreldra til barna.

Aðalástæðu fyrir þessari tillögu töldu flutningsmenn vera þá, að mörgum hafi þótt ýmsir ágallar vera á löggjöfinni um afstöðu foreldra til barna, einkum afstöðu óskilgetinna barna til föður og föðurættar.

Hefir verið hreyfing um þetta mál á hinum síðari árum meðal kvenna og kvenfjelaga, og konur, líklega af hálfu kvenfjelags eða kvenfjelaga hjer, höfðu snúið sjer til annars flutningsmannsins, háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Af hvötum kvenna var þessu því hreyft á þingi 1918. En eins og getið var fekk málið meira umfang hjá flutningsmönnunum þegar í byrjun, og við meðferðina á þinginu enn frekara. Þingsályktun sú, er samþykt var, skorar á stjórnina að leggja fyrir þingið, svo fljótt sem auðið sje, frumvarp til laga um stofnun og slit hjúskapar og afstöðu foreldra til barna.

Um sama leyti var allmikil hreyfing um þessi efni annarsstaðar á Norðurlöndum. Nefndir störfuðu þar að undirbúningi nýrrar löggjafar, er væri að miklu leyti samkvæm fyrir öll löndin, og sumpart voru að koma út ný lög um þetta efni. Það var gert ráð fyrir því á þinginu 1917, að þessi löggjafarstarfsemi væri höfð til hliðsjónar, og að leitað yrði til lagadeildar Háskólans um undirbúning þessarar nýju lagasetningar hjer.

Í byrjun ársins 1918 var svo leitað aðstoðar lagadeildarinnar um þessa lagasetningu, og ljet deildin hana í tje. Aðalstarfið hafði kennari sá, er þessi efni heyrði undir, núverandi hæstarjettardómari L. H. Bjarnason, en hinir kennararnir voru með í verki, líkt eins og átti sjer stað um lögræðislagafrumvarpið á sínum tíma.

Frumvörp þessi eru yfirleitt samkvæm nýrri lagasmíð annara Norðurlanda, og eru hjer um bil óbreytt að efni og búningi, eins og lagadeild Háskólans hefir gengið frá þeim. Í aths. stjórnarinnar við frumvörpin er getið breytinganna.

Frumvörpin voru lögð fyrir þingið 1919. Þau eru öll saman allmikill lagabálkur, svo að ekki var að furða, þótt þingið það ár gæti ekki lokið við þau. Aftur lagði ráðuneytið frv. óbreytt fyrir þingið 1920, en það þing var svo stutt, að ekki voru tiltök að athuga þau til fullnustu og fá þau samþ. Nú eru þau hjer fram borin í þriðja sinn.

Eins og jeg hefi tekið fram, er það eftir beinni kröfu Alþingis sjálfs, að frv. eru fram borin, og þau eru til orðin á þann hátt, sem Alþingi ætlaðist til, sniðin eftir hinni nýju löggjöf Norðurlanda og Þýskalands, eins og Alþingi ætlaðist til 1917. Það virðist því ekki nema sjálfsagt, að hið háa Alþingi nú í ár, er frumvörpin eru lögð fyrir í þriðja skifti, reki nú síðasta smiðshöggið á þau. Fyrir utan það, að skoða mætti það gabb af þinginu, ef það væri að heimta frv. lögð fyrir, um ákveðin efni, og vildi svo ekki sinna þeim, þegar til kæmi. Slíkt samir ekki löggjafarþingi, því að það er allmikill kostnaður við prentun á frv., sem ekki er vert að vera að leika sjer að. Að vísu hefir verið reynt að gera kostnaðinn við uppburð umgetinna

frv. sem minstan, eins og þau bera með sjer, og vona jeg, að hið háa þing virði viðleitni ráðuneytisins í þá átt.

Þetta, sem jeg nú hefi sagt, snertir öll þrjú frv., en það á við um mörg önnur frv., sem borin eru hjer fram í ár, að stjórnin verður að mega krefjast þess, að hið háa þing sýni þeim alla alúð og sinni þeim á undan þingmannafrv., því að þau eru, yfirleitt, komin fram eftir beiðni og hvötum þingsins sjálfs.

Um það frv., sem hjer liggur nú fyrir til umræðu, skal jeg láta mjer nægja að taka það fram, sem hjer segir, og stuttlega drepa á aðalnýmæli frv.

Það er hið fyrsta nýmæli, að athöfn sú, er venjulega er kölluð trúlofun, en frv. nefnir festar, sje ein út af fyrir sig rjettgæf. Festar voru hjer til forna, en í nokkuð annari merkingu. Trúlofun gefur að vísu rjettarþýðing samkvæmt konungsbrjefi 14. júlí 1740, ef kona verður þunguð af völdum unnusta síns, en ekki þekkjast dæmi til þess, að nokkur kona hafi notað þetta lagaákvæði. Það virðist vera í samræmi við rjettarmeðvitund nútímans, að samningurinn, festar, sje rjettgæfur, eins og eru yfirleitt samningar þeir, sem ekki eru á móti siðsemi og lögum.

Dálítil breyting er gerð á hjónabandsskilyrðunum. Giftingaraldur karlmanns er nú 20 ár, en konu 16. Aldursmarkið er í frv. hækkað upp í 21 og 18 ár, og þykir það, að öllu athuguðu, rjettara, með því að menn þroskast seinna í köldu löndunum en í hinum heitari. Þá eru sjúkdómar, sem ekki var áður hjónabandshindrun, gerðir að vígsluskilyrði, og eflaust með fullum rökum. Þá er breytt lýsingu til hjónabands. Það nýmæli er tekið upp, að prestur megi, með samþykki biskups, neita að vígja hjónaefni, sem heimting eiga á kirkjuvígslu. Þetta er að vísu miður frjálslegt í garð hjónaefna, en varla mun þetta koma oft fyrir hjer, og svo er hitt, að líklegt er að hjónaefni mundu fyrir því geta fengið kirkjuvígslu, að borgaralegri vígslu ótalinni.

Í frumvarpinu er gerður greinarmunur á ógildisástæðum og ógildingarástæðum og skilnaðarástæðum. Ógildingarástæðurnar og ógildisástæðurnar eiga sammerkt í því, að þær hafa verið fyrir hendi áður en vígslan fór fram, en skilnaðarástæðurnar koma yfirleitt á eftir. V. kaflinn er um ógilding hjónabandsins. Eftir gildandi lögum veldur ógilding hjónabands því, að litið verður svo á, sem ekkert hjónaband hafi stofnað verið, en eftir þessu frv. er litið svo á, að hjónabandið sje ógallað þangað til það er ógilt, og hafi sömu þýðingu fyrir börn og þriðja mann, eins og ógallað væri, frá vígslu til ógildingardóms. Það liggur í augum uppi, hversu miklu mannúðlegri og rjettari þessi regla er, einkum fyrir börnin og það hjóna, sem saklaust er. Ákvæðin um skilnað að borði og sæng eru svipuð því, sem nú viðgengst, en aðalmunurinn er sá, að tími sá, er hjónin þurfa að vera skilin að borði og sæng, áður en þau, eða annað þeirra, geta krafist lögskilnaðar, er styttur um 2 ár, eða í frv. heimtað aðeins 1 ár, í stað þess, að nú eru það 3 ár. Ákvæðin um lögskilnað eru annars svipuð því, sem nú viðgengst í framkvæmd.

Um meðferð hjúskaparmála, svo sem yfirleitt er gert um hvatvetna, eru greinilegar reglur. Jeg skal láta þess getið, að jeg hefi að vísu veitt því eftirtekt, að allsherjarnefnd Ed. 1919 var ekki ánægð með búning þessa frv. og hinna tveggja, er samferða urðu, og óskaði að búningurinn yrði bættur. Jeg hefi ekki þóst þurfa að taka þessa ósk til greina, vegna þess, að mjer finst með öllu forsvaranlegt af stjórninni að leggja frv. fyrir þingið í þeim búningi, er lagadeild Háskóla Íslands hefir sniðið og saumað. Jeg geri

ráð fyrir því, að það, sem þáverandi allsherjarnefnd hafi helst þótt miður viðkunnanlegt í orðavali frv., það sjeu nöfnin á ýmsum hugtökum, er þar koma fyrir. Það er nú einu sinni svo, að þingið hefir einatt þóst þurfa að laga málið á frv., ekki síst stjórnarinnar, stundum sjálfsagt með góðum ástæðum, stundum máske ástæðulítið, eða ástæðulaust. Jeg minnist þess, að einn þm. fann mjög að tveimur orðatiltækjum í frv, sem jeg bar fram sem þingmaður fyrir nokkrum árum, og gerði jeg það að gamni mínu að bera þetta undir þáverandi íslenskukennara mentaskólans, og taldi hann það gott mál. Jeg minnist þess og, að mjer hafði orðið á að setja í stjfrv. nýlega „að eiga rjett á", en þessi háttv. deild þurfti að leiðrjetta þetta og setja: „eiga rjett til". Þar með vil jeg alls ekki segja, að ekki sje ástæða til að bæta í einhverju um búning frv. þessari. Viðleitni þingsins, að vanda sem best lagamál, er mjög virðingarverð, og efast jeg ekki um, að þeirri háttv. nefnd, er um þetta mál fjallar, takist að orða það svo, að hinu háa Alþingi líki. Að eins vona jeg það, að þær breytingar, sem gerðar verða, verði til bóta.

Og hvað sem öðru líður, vona jeg, að það komi ekki fyrir, að oftar þurfi að bera fram á Alþingi þau þrjú frumvörp, sem hjer um ræðir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 11 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 211, 225).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Það er mikið og merkilegt mál, sem hjer liggur fyrir háttv. deild, enda hefir málið fengið mikinn og góðan undirbúning. Þó hefir sá undirbúningur eigi farið fram hjer á landi að mestu leyti, heldur úti á Norðurlöndum með frændþjóðum vorum. Þar hafa milliþinga- og milliríkjanefndir unnið að málinu árum saman. Í athugasemdunum við frv., þegar það var lagt fyrir Alþingi 1919, er getið um þann undirbúning, sem málið hefir fengið hjer á landi, og sömuleiðis er getið um það í nál. á þskj. 211, sem jeg vona að háttv. þdm. hafi kynt sjer.

Eins og tekið er fram í nál., hefir nefndin ekki gert margar nje miklar efnisbreytingar á frv. En aftur á móti hefir hún fundið sig knúða til að bera fram allmargar orðabreytingar, sem hún vitanlega telur til bóta, en gerir þó eigi að kappsmáli, að þær gangi allar fram. Því er svo farið um þetta frv., að í því er ýmislegt, sem erfitt er að koma orðum að. Þar eru mörg hugtök, sem áður voru varla til orð yfir í íslensku lagamáli, og hefir þeirri reglu verið fylgt við samningu frv. að reyna að nota jafnan eitt og sama orð yfir sama hugtak. Sum af þessum orðum, svo sem t. d. orðið „gjörgengur", „ógengi" o. fl., hafa nefndinni eigi líkað allskostar, og kosið fremur að segja sömu hugsun með fleiri orðum. En þetta er auðvitað ávalt nokkurt álitamál. Annars sje jeg ekki ástæðu til að ganga gegn um brtt., því að efnisbreytingarnar eru skýrðar í nál., en um orðabreytingarnar tel jeg varla þörf að ræða.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki mikið að athuga við meðferð hv. allshn. á þessu frv. Jeg sje, að hún hefir lagt mikla vinnu í það, enda hefir það tekið hana talsvert langan tíma. Jeg býst, sem sagt, ekki við, að mikill ágreiningur verði milli mín og nefndarinnar. En af því, að jeg fekk ekki nál. fyr en í morgun, og

hefi ekki haft tíma til að athuga það eins vel og jeg hefði viljað, vildi jeg mega biðja hæstv. forseta (G. B.) að fresta umr. til morguns.

Jeg var byrjaður að lesa nál. og brtt. nefndarinnar, og virtust mjer vera nokkur atriði, sem vert væri að athuga nánar. Orðabreytingarnar geta jafnan verið álitamál. Sumir hafa talið það rjett að reyna að finna eitt orð fyrir hugtak, eins og Jón rektor Þorkelsson, en aðrir íslenskumenn, svo sem Konráð Gíslason, hafa einatt mörg orð um hugtak. En það er annað, sem þarf að athuga. Stundum getur það, sem að eins virðist vera orðabreyting, falið í sjer efnisbreytingu, og svo virðist mjer vera um sumar orðabreytingar hv. nefndar. Jeg skal fyrst nefna 8. brtt. nefndarinnar. Sú brtt. er við 16. gr. og gerir að vísu ekkert annað en flytja orðin „nema óþunguð sje af völdum bónda síns" aftur fyrir. Í frv. er hugsunin þessi: Ekkja má ekki giftast fyr en 10 mánuðir eru liðnir frá láti bónda hennar. Það er aðalreglan. Þó má ekkjan giftast áður en þessir 10 mánuðir eru liðnir, sje hún óþunguð af völdum bónda síns, eða samvistum þeirra hafi verið slitið áður en bóndi hennar ljest, og 10 mánuðir liðnir frá samvistaslitum. Í brtt. er þessari hugsun ruglað þannig, að reglan um 10 mánaða bið frá samvistaslitum er sett við hliðina á hinni 10 mánaða biðinni, og undantekning gerð frá báðum ákvæðunum, ef kona er óþunguð. En þessi undantekning á ekki að vera frá reglunni um 10 mán. frá samvistaslitum, því að það verður að skoða jafnt forsönnun (præsumptio) fyrir því, að konan sje ekki þunguð af völdum manns síns, hvort sem liðnir eru 10 mánuðir frá dauða hans eða frá samvistaslitum.

Þá leggur nefndin til, að síðari málsgr. 10. greinar falli burt. Jeg efast um, að það sje rjett. Samskonar ákvæði mun vera í sænsku lögunum, og er sett með ráðnum huga. Og ekki virðist athugavert að hafa þessa heimild til undanþágu, ef læknadeild Háskólans álítur það hættulaust in casu. En jeg legg samt ekki mikla áherslu á þetta.

Jeg legg meiri áherslu á, að 19. gr. fái að standa óbreytt. Þar eru talin upp öll skilyrði þess, að lýsing megi fara fram. Og jeg held að það sje ágætt. Greinin er líka í samræmi við samskonar ákvæði annarsstaðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð voru, áður en nýju lögin komu í gildi, gefin út giftingarbrjef og þar talin upp öll skilyrði. Hygg jeg, að það sje mikilsvert, að þetta sje nákvæmlega fram tekið. Frv. byggir minna en áður á svaramönnum, en vígslumönnum hefir stundum orðið hált á því, að þeir hafa ekki í tíma gætt nógu vel vígsluskilyrðanna.

Jeg er ekki viss um, að 13. brtt. nefndarinnar sje vel athuguð. Þar er það sagt ógilt, ef hjón eru gefin saman „af öðrum en lög standa til". Þetta mætti skilja svo, að það væri annar en sá, sem ætti að gefa þau hjón saman, og gæti hann samt verið löglegur vígslumaður. En tilgangurinn er eflaust ekki sá að gera slíkt hjónaband ógilt. Nú er t. d. nóg, að það sje sóknarða safnaðarprestur, sem gefur hjón saman, enda þótt það sje ekki sá prestur, sem það verk ber að rjettu.

Annað vildi jeg ekki segja að sinni, en mjer þætti vænt um, ef hæstv. forseti (G. B.) sæi sjer fært að fresta umræðum til morguns.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var fram haldið 2. umr. (A. 23, n. 211, 225).

Forseti (G. B.): Af því að þetta frv. er svo langt og umfangsmikið, vil jeg

leyfa mjer að skifta umr. í tvent. Það er fyllilega leyfilegt, samkvæmt þingsköpum. Verða því fyrst tekin til umr. og atkvgr. 4 fyrstu kaflarnir, eða 39 fyrstu gr. frv.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg verð að segja nokkur orð út af ræðu hæstv. forsrh. (J. M.) í gær. Nefndin hefir ekki getað borið sig saman um þær aths., sem hann gerði við brtt., vegna þess, að einn nefndarmanna er veikur. En okkur hinum kom saman um að falla ekki frá brtt. um að nema burt síðari málsgr. 10. gr. Þessi málsgr. er í dönsku lögunum, en hvorki í þeim sænsku nje norsku.

Sama er að segja um brtt. við 19. gr. Nú eru lýsingar orðnar heldur fátíðar, en þrátt fyrir það, er engin ástæða til þess að fæla menn frá þeim, með því að vera óþarflega strangur í kröfum um skilríki. Nefndin telur nóg að heimta ábyrgð svaramanna á því, að skilyrðin sjeu fyrir hendi, og vitanlega fylgir embættisábyrgð þess, sem athöfnina fremur, að alt sje löglegt. Aftur virðist það óþörf skriffinska að heimta jafnan öll skilríki skrifleg, svo að prestur, sem hefði skírt og fermt dóttur sína, yrði að gefa henni vottorð úr kirkjubókinni, til þess að hann mætti lýsa með henni. Hæstv. forsrh. (J. M.) var að tala um, að prestar hefðu brent sig á að gefa hjón saman, sem vanti lögleg skilríki. Jeg hygg, að það hafi nú ekki verið oft, og helst ekki nema í því að gefa saman hjón, er annaðhvort þeirra stóð í sveitarskuld, en nú hefir ákvæðunum, sem bönnuðu að gefa þann í hjónaband, er sveitarstyrk hafði þegið, verið kipt úr löggjöfinni. Vitaskuld er gott og þægilegt að hafa öll skilyrðin talin upp í einu, eins og gert er í 19. gr. frv., en einkum var þó ástæða til þess, ef ólöglærðir vígslumenn ættu að framkvæma vígsluna, eins og frv. gerir ráð fyrir. En það vill nefndin einmitt taka burt úr frv., og þá er miklu minni ástæða til að rígskorða þetta svo mjög.

Það gæti verið, að það þyrfti að orða betur 13. brtt. nefndarinnar, sem á við 35. gr.: „Nú eru hjónaefni gefin saman af öðrum en lög standa til, og er sú athöfn þá ógild". Forsætisráðherra (J. M.) gat þess til, að þetta mætti skýra svo, að hjónavígslan væri ógild, ef annar framkvæmdi en sá, sem bar að gefa saman þessi hjón. Nú er í 11. brtt. sýslumönnum og bæjarfógetum gert að skyldu að vígja alla, jafnt menn utan hjeraðs sem innan. Þetta gæti því ekki átt við borgaralega vígslu. Enda átti nefndin með orðunum: „öðrum en lög standa til" vitanlega við menn, sem ekki hefðu lagalegt vald til að framkvæma athöfnina. Og ef þeir vígja, þá á vígslan að vera ógild. En þeir, sem vald hafa til þessa, eru sýslumenn, bæjarfógetar, prestar þjóðkirkjunnar og löggiltir forstöðumenn annara trúarfjelaga. En vel getur verið að þetta mætti orða skýrara.

8. brtt., sem á við 16. gr., getur verið að sje ofurlítil efnisbreyting, og mun nefndin athuga það til 3. umr. Jeg man svo ekki að hæstv. forsrh. (J. M.) kæmi með fleiri aths. við þennan kafla, sem nú liggur fyrir.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held enn þá, að rjettara sje að halda 19. gr. eins og hún er í frv. Ef mjer hefir verið rjett skýrt frá, og jeg hygg það rjett vera, þá er þetta samhljóða Norðurlandalögunum og frumvörpunum. Þetta er af nokkru atriði, nefnilega, að skilyrðin sjeu hjer öll þau sömu, því að oft kemur það fyrir t. a. m. að sænskur maður kvongast í Danmörku o. s. frv. Þegar undanþága er fengin frá lýsingu, þá verður vígslumaður að heimta þessar sannanir, áður en vígsla fer fram.

Og svo er annað. Þessi lög gera ráð fyrir minni skyldum, er hvíli á svaramönnum, en áður, og að hjónaefni gefi líka upplýsingar sjálf.

Jeg legg ekki neina áherslu á það, hvort veitt skuli undanþága, ef geðveikur maður vill ganga í hjónaband. Jeg sje samt ekki, að slíkt ætti að geta orðið nokkuð hættulegt, ef sú undanþága væri að eins veitt samkvæmt ráði læknaráðs háskólans, því að hverjum ættum vjer fremur að treysta til að sjá slíkum sökum borgið? En eins og jeg hefi áður sagt, þá legg jeg litla áherslu á, hvort sú breyting nær fram að ganga. Öðru máli er að gegna um 19. gr. Jeg álít, að frv. sje spilt, ef þær breytingar, sem háttv. allsherjarnefnd hefir gert við hana, verða teknar til greina. Það má ekki gera lítið úr samræmi, að þessu leyti, við lög annara Norðurlanda, úr því vjer erum á annað borð að líkja eftir þeim, eða taka þau upp.

Jeg held, að háttv. frsm. (Jóh. Jóh.) hafi ekki minst neitt á 8. brtt. (*Jóh. Jóh.*: Það er verið að taka hana til athugunar. Getur hugsast, að komi fram viðaukatill.). Ef háttv. nefnd vill athuga þá brtt., þá mun rjettast að sleppa henni nú og taka hana svo til athugunar við 3. umr.

Jeg gat um það í gær, að jeg væri ekki á móti 11. brtt., og man nú ekki eftir, að jeg hafi meira að segja að sinni.

Halldór Steinsson: Jeg hefi, því miður, ekki haft nægan tíma til þess að athuga frv. gaumgæfilega, nje breytingar þær, sem nefndin hefir gert á því. Þó varð jeg fljótt var við, að nefndin hefir gert breytingar á því, í því augnamiði að reyna að koma í veg fyrir útbreiðslu ýmsra hættulegra sjúkdóma. Í 10. gr. frv. er það ákveðið, að leyfð skuli undanþága, með ráði læknaráðs Háskólans, þar sem er að ræða um bann gegn því, að geðveikur maður eða hálfviti megi giftast. Jeg er í fylsta máta sammála háttv. nefnd í því, að fella þessa undanþágu niður. Jeg álít, að í slíkum efnum sje það hrein og bein fjarstæða, að nokkur undantekning eigi sjer stað. Jeg er annars ekki sammála hæstv. forsrh. (J. M.) í því, að það sje nokkur ástæða að leggja svo mjög mikla áherslu á það, að þessi lög verði í fullu samræmi við erlenda löggjöf, þar sem mörgu í þessum efnum er öðruvísi farið hjer hjá oss.

Í 11. gr. er það ákveðið, að ekki megi vígja mann,sem haldinn sje af næmum kynsjúkdómi, flogaveiki eða holdsveiki, nema hinu hjónaefna sje það kunnugt, og læknir hafi lýst sjúkdómshættunni fyrir báðum. Í þessari gr. tel jeg fyrra ákvæðið sjálfsagt, en síðari hluti greinarinnar gerir hana, að mínu áliti, að mestu þýðingarlausa. Sökin er nefnilega sú, að hjer er auðsæilega lögð öll áhersla á hjónaefnin, en ekkert tillit tekið til afkvæma þeirra. En þetta tel jeg hreinustu kórvillu. Þegar ræða er um hjónabandið frá heilbrigðislegu sjónarmiði, þá verður, að mínu áliti, að taka fyrst og fremst tillit til afkomendanna. Hjer verður að vera „absolut" bann en ekki „relativt". Ef því þessi grein á að verða annað en bókstafirnir tómir, þá verður að fella burtu síðara ákvæði hennar.

En nú koma hjer fleiri sjúkdómar til greina en þessir þrír, sem hjer hefir verið minst á, og sem er all-óárennilegt að ganga með í hjónabandið. Einn þeirra sjúkdóma er berklaveikin illræmda. Jeg álít, að maður, sem ber opna smitandi berkla í sjer, drýgi hreint og beint glæp gegn þjóðfjelaginu með því að giftast. Hann kæmi til að vera daglega samvistum við óvita börn, sem ekki geta varið sig, en eru hins vegar mjög smitnæm. Í þeim efnum verður að krefjast þess af þeim fullorðnu og heil-

vita, að þeir sjái ungu óvitunum borgið. Þessari skæðu sýki verður aldrei útrýmt í þessu landi, nema lögð sje sjerstök áhersla á að vernda börnin gegn henni. En þá er vitanlega mest undir því komið, að foreldrarnir sjeu hraustir. Það er varla hægt að hugsa sjer haganlegri gróðrarstöð fyrir þennan fjanda mannkynsins en sjúka móður í hóp ungra barna sinna. — Það væri sannarlega full nauðsyn, að það væri fastákveðið í löggjöf hvers lands, að slíkt fólk mætti alls ekki gifta sig. Jeg veit annars ekki, hvort háttv. nefnd er á sömu skoðun og jeg í þessu efni, og því slæ jeg þessu hjer fram, sem minni persónulegu skoðun, nefndinni til leiðbeiningar.

Í 16. gr. frv. er það ákveðið, að kona, sem er manni gefin, megi ekki giftast aftur fyr en liðnir sjeu 10 mánuðir frá slitum fyrri hjúskapar og samvista, nema óþunguð sje af völdum bónda síns. Jeg held, að það væri rjettast að sleppa þessum enda og láta 10 mánaða ákvæðið duga.

Í fyrstu málsgr. 38. gr. frv. á að verða sú orðabreyting, að í staðinn fyrir „landssjóð“ komi „ríkissjóð“.

Í 40. gr. er talað um, að ef hjónaband ríði í bág við fyrirmæli 12., 14. og 15. gr. um of náinn skyldleika, þá skuli ógilda það með dómi. Aftur á móti stendur í 42. gr., að krefjast megi ógildingar á hjónabandi, ef þau fyrirmæli hafi verið brotin, sem þar eru talin upp. Jeg vil að sú breyting verði þar á, að sama ákvæði gildi um þessa bresti og í 40. gr., nefnilega að þá *skuli* ógilda hjónabandið með dómi.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Hæstv. dómsmálaráðherra (J. M.) lagði mikla áherslu á það, að ekki væri skert samræmið við löggjöf Norðurlanda, um lýsingarskilyrðin. En jeg verð að líta svo á, að hæstv. dómsmálaráðherra hafi sjálfur brugðið frá þeirri reglu, þegar hann gerði á frv. þær breytingar, sem gefa jafngreiðan aðgang að undanþágu frá lýsingu og áður var — eins og líka nefndin álítur alveg rjett. Útkoman er því sú, að lýsingar verða hreinustu undantekningar eftirleiðis, eins og þær eru nú, því að það veldur hvorki fyrirhöfn nje kostnaði að ráði að kaupa sjer leyfisbrjefið. Það er einmitt í þessu, sem liggur aðalósamræmið milli vorra hjónabandslaga og annara Norðurlandaþjóða, að hjer á landi er miklu greiðari aðgangur að því að losna við lýsingu. Eftir dönskum lögum um þetta efni getur konungur að eins veitt undanþágu frá lýsingu, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Eftir norskum lögum má að eins sleppa lýsingu, þegar annað hjónaefna liggur á banasæng. Og eftir sænskum lögum er þessi undanþága að eins heimiluð, ef annað hjónaefna er sjúkt, eða ef maðurinn er kallaður í stríð. Þegar við berum þessi ákvæði saman við ákvæði um sama efni í íslenskum lögum, þá sjáum við fljótt, að hjer er um miklu meiri mismun að ræða en þótt slept sje að heimta öll þau vottorð og skilríki, sem 19. gr. frv. ræðir um. Jafnframt liggur það í augum uppi, að ef þessum ákvæðum yrði haldið og stranglega framfylgt, þá yrði það til þess, að aldrei yrði lýst með hjónaefnum hjer á landi, en jeg geri ekki ráð fyrir, að hæstv. dómsmálaráðherra (J. M.) vilji leggja neinn þröskuld í veg þeirra, sem vildu halda þeirri góðu og gömlu venju.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, vil jeg taka það fram, að þar sem enginn læknisfróður maður á sæti í allsherjarnefndinni, þá taldi hún það tæplega ráðlegt að gera á frv. miklar breytingar í þessum efnum. Við vitum, að álits hinna bestu lækna var leitað um þetta, og samkvæmt þeirra ráði voru svo þau ákvæði sett, sem hjer er um að ræða. Að því er snertir umyrði hans um börnin, þá vil jeg leyfa mjer að vekja athygli hv.

þm. (H. St.) á því, að öll börn fæðast ekki í hjúskap, og hætt er við, að eftir því sem þessi ákvæði yrðu gerð strangari, þá fjölgaði lausaleiksbörnunum að sama skapi, en þeim er sjaldnast betur borgið.

Jeg tel rjettast að geyma brtt. við 16. gr. til 3. umr. og taka hana þá til nýrrar yfirvegunar. 8. brtt. hefir verið tekin aftur, og jeg hefi þá ekki meira að segja um þetta efni að sinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki fallist á rök háttv. frsm. (Jóh. Jóh.) um 19. gr. frv. í sambandi við lýsinguna. Mjer finst það ekki koma þessu máli við, hvort undanþágan er gerð þrengri eða rýmri.

Jeg skal ekki orðlengja um þetta atriði. Það er öllum ljóst, hvað hjer er um að ræða. Það er ætlast til, að þessi vottorð liggi fyrir hendi þegar lýsing fer fram, í staðinn fyrir eins og fyr var, áður en vígsla færi fram.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Það var ekki meining mín að gera neina breytingu á þessu. Sá, sem framkvæmir vígsluna, ber ábyrgðina á því, að hjer sje alt í lagi. Og við litum svo á, að hjónaefni fái undanþágu hjá þeim valdsmanni, sem gæfi þau saman.

Halldór Steinsson: Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) sagði, að nefndin hefði ekki sjeð neina ástæðu til að breyta þessari gr., sem lýtur að undanþágunum, og kvað það atriði hafa verið borið undir lækna og vandlega íhugað af þeim. Nú er mjer ekki kunnugt um, að þetta hafi verið borið undir nokkurn íslenskan lækni. Jeg tel þess fulla þörf, að þetta sje borið undir íslenska lækna, og löggjöf vor í þessu efni bygð á úrskurði þeirra, því að það er kunnugt, að það stendur öðruvísi á hjer en erlendis um ýmsa sjúkdóma og varnir gegn þeim, t. d. holdsveikina.

Þá sagði háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), að þetta fólk myndi auka kyn sitt, þótt ekki í hjúskap, og engin bót mundi vera að stuðla að vexti þess með of hörðum lögum. Það er rjett, að með því móti gætu lausaleiksbörnin orðið eitthvað fleiri, en hitt mun háttv. þm. (Jóh. Jóh.) samdóma mjer um, að þau verði þó aldrei eins mörg og hjónabandsbörnin ella. Tel jeg þetta fulllangt sótt sjá háttv. frsm. (Jóh. Jóh.).

ATKVGR.

um I.—IV. kap.

Brtt. 211,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 211,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 211,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 211,4 samþ. án atkvgr.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 211,5 (fyrirsögn II. kap.) samþ. án atkvgr.

4.—5. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 211,6 samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

8.—9. gr. (verða 9.—10 gr.) samþ. með 13 shlj atkv.

Brtt. 211,7 samþ. með 12 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 10 : 2 atkv.

Brtt. 211,8. tekin aftur.

12.—16. gr. (verða 13.—17. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,9. samþ. með 11 shlj. atkv.

17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

18. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,10. (ný 19. gr., verður 20. gr.) samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., S. E., S. J., S. F., B. K., G. G.
nei: G. Guðf., H. Sn., S. H. K., E. Á., G. B.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

20.—29. gr. (verða 21.—30. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 211,11. (ný 30. gr., verður 31. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

31.—33. gr. (verða 32.—34. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,12. samþ. án atkvgr.

34. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,13. samþ. með 10 shlj. atkv.

35. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

36.—39. gr. (verða 37.—40. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (G. B): Þá kemur til umræðu síðari hluti frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að benda hinni háttv. nefnd á, að brtt. við 42. gr. 1. lið er efnisbreyting. Breytingin er aðallega gerð til að forðast orðið „gjörgengur", og í staðinn fyrr það er sett .... „mátti því eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum". En frv. hefir eigi að eins fyrir augum það ógergengi — ef jeg mætti hafa það orð — heldur yfirleitt.

Nefndin hefir rjettilega og viðkunnanlega sett í stað „makar" „annað hjóna" og „hitt hjóna". Jeg vil að eins benda hinni háttv. nefnd á, að mjer hefði fundist rjettara, að hún hefði einnig í 3. og 4. lið 42. gr. haft „hitt hjóna" sökum samræmisins.

Þá vill nefndin, samkvæmt 17. brtt.b. við 45. gr. frv., setja „sanngjarnar" í stað „hæfilegar". Dálítill munur er á þessu. Þetta „sanngjarna" verður fremur persónulegt mat dómarans sjálfs, en „hæfilegt" meira alment mat. Jeg sje eigi hvaða ástæðu nefndin hefir haft til að setja hjer „sanngjarnar" í stað „hæfilegar", þegar litið er á 3. brtt., þar sem talað er um *hæfilegar* bætur fyrir ráðspjöll.

Lakari þykir mjer þó brtt. 17 c. við 45. gr. Samkvæmt þessari brtt. vill nefndin fella niður ákvæðið, að bæturnar skuli miða við kjör beggja. Nefndin virðist ekki hafa tekið eftir því, að í þessu frv. eru skaðabætur ekki að eins miðaðar við kjör þess, sem fyrir skaðanum verður, eins og annars er gert yfirleitt í einkamálum, heldur tekin upp sú stefna, að miða þær einnig við kjör hins, sem bæturnar á að greiða.

Þessi regla er einnig tekin upp í hinum sifjafrv. Úr því jeg nefni hin sifjafrv. vil jeg leyfa mjer að taka það fram, að jeg vona þess fastlega, að frv. um óskilgetnu börnin komi bráðlega frá háttv. nefnd, því að það frv. átti fyrst og fremst fram að ganga af þessum frv.

Jeg vil benda hv. nefnd á, að í 25. brtt. stendur: „55 eða 56. gr.", en á að vera „55. eða 57. gr." (*Jóh. Jóh.*: Það er prentvilla). Það mætti leiðrjetta þetta, ef forseti vildi leyfa það.

Þá er brtt. nefndarinnar við 2. málsgr. 56. gr. Jeg hefi ekkert verulegt að athuga við breytinguna sjálfa, eins og hv. nefnd eflaust hugsar hana. En með brtt. er felt burtu upphafið á annari málsgr., og hefir það sjálfsagt ekki verið tilætlunin. Úr þessu mætti bæta með því að færa upphaf 2. málsgr. upp, og bæta aftan við fyrri málsgr.

Þá held jeg, ef jeg hefi ekki hlaupið yfir neitt, að jeg hafi ekkert að athuga fyr en kemur að 74. gr. Við aðra málsgr. þeirrar gr. gerir nefndin efnisbreytingu, sem jeg geri ráð fyrir, að hún hafi ekki ætlað að gera. Jeg ímynda mjer, að ekki þurfi annað en benda nefndinni á þetta, og þá muni hún taka þessa brtt. aftur. Í brtt. nefndarinnar er málsgr.orðuð svo: „Áskilinn styrkur fellur niður, giftist styrkhafi á ný". En þetta er ekki það, sem við er átt. Nei, meiningin er, að öll framfærsluskylda falli niður. (*Jóh. Jóh.*: Það er auðvitað meiningin).

Það sem jeg nefndi áðan, að athugavert væri við brtt. við 56. gr., kemur aftur fyrir í 76. gr. Mætti bæta úr því á sama hátt, að flytja 1. málslið 2. málsgr. upp í 1. málsgr.

Jeg held það sje þá ekki fleira, sem jeg hefi að athuga við brtt. nefndarinnar. Flest af því, sem jeg hefi haft við þær að athuga, er mjög smávægilegt. — Jeg skal að eins geta þess að lokum, að rjettara hefði verið að hafa eitthvað í fyrirsögn IX. kap., sem benti til þess, að hann væri að sumu leyti til bráðabirgða. „Ýmisleg ákvæði" má þó duga.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Nefndin hefir ekki getað borið sig saman um þetta atriði, því að einn nefndarmanna mætti ekki á fundi í morgun. Ástæðan fyrir því, að nefndinni þótti betra í 17. brtt. við 45. gr. að setja „sanngjarnar" í stað „hæfilegar" var, að þá yrði tekið tillit til kjara beggja hjónaefna. Ef „hæfilegar" hefði staðið, þá hefði verið miðað við kjör þess, sem fyrir órjettinum varð, en með því að hafa „sanngjarnar" þá er miðað við ástand beggja. (*Forsrh.*: Óskýrara). Meining nefndarinnar var ekki önnur en þetta. Nefndin leit svo á, að orðin, sem sett eru í stað „gjörgengi", nái því, sem átt er við með því orði, en það orð er vandskilið. Jeg hugsa, að fæstir skilji það, sem lesa greinina, eins og hún er orðuð í frv., í fyrsta sinn.

Það er prentvilla í a. lið 25. brtt., en jeg vona, að forseti láti leiðrjetta hana, og beri brtt. rjett upp. Þar á að standa: eða 57. gr., en ekki eða 56. gr. Jeg býst við, að öll nefndin sje sammála um, að rjett sje, að orðin í 56. gr. annari málsgrein: „skifti skal gera eftir öllum kjörum foreldra" sjeu færð upp, og tilheyri 1. málsgr. sömu greinar. Brtt. 30, b. lið, við 74. gr. skal jeg taka aftur til 3. umr. Hæstv. dómsmálaráðh. (J. M.) benti á, á öðrum stað, sem sje 32. brtt. við 76. gr., að orðin „skiftinguna skal gera eftir öllum kjörum foreldra", skuli færast upp og tilheyra 1. málsgr. sömu greinar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki fallist á, að „sanngjarnar bætur" svari til „hæfilegar bætur", og að það komi skýrt fram, að það miðist við kjör beggja hjónaefna. Þetta er, eins og frsm. (Jóh. Jóh.) tók fram, nýtt ákvæði, og jeg mundi helst

óska, að það stæði eins og það er í frv. En annars ætla jeg að mælast til, að háttv. frsm. (Jóh. Jóh.) geymi brtt. 17 b og c til 3. umr. (*Jóh. Jóh.*: Tek aftur brtt. 17, b og c liðinn).

ATKVGR.

um V.—IX. kap.

Brtt. 211,14. samþ. með 10 shlj. atkv.

40. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 225. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 211,15.a.—b. samþ. án atkvgr.

41. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,16. (ný 42. gr., verður 43. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

43.—44. gr. (verða 44.—45. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,17.a samþ. án atkvgr.
— 211,17.b. og c. teknar aftur.

---

45. gr. (verður 46. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 211,18. samþ. án atkvgr.

46. gr. (verður 47. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

47. gr. (verður 48. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,19 (ný 48. gr., verður 49. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

49.—50. gr. (verða 50.—51. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 211,20. samþ. án atkvgr.

51. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,21.a.—b. samþ. án atkvgr.

52. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

53.—55. gr. (verða 54.—56. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,22. samþ. með 10 shlj. atkv.

56. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 211,23.a. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 211,23.b. samþ. án atkvgr.

57. gr. (verður 58. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 211,24. samþ. án atkvgr.

58. gr. (verður 59. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,25.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 211,25.b. samþ. án atkvgr.

59. gr. (verður 60. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,26.a.—b. samþ. án atkvgr.

60. gr. (verður 61. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

61.—62. gr. (verða 62.—63. gr) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,27 (ný 63. gr., verður 64. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

64. gr. (verður 65. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,28. samþ. án atkvgr.

65. gr. (verður 66. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
66.—70. gr. (verða 67.—71. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,29. samþ. án atkvgr.

71. gr. (verður 72. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
72.—73. gr. (verða 73.—74. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,30.a. samþ. án atkvgr.
— 211,30.b. tekin aftur.

74. gr. (verður 75. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 211,31. samþ. án atkvgr.

75. gr. (verður 76. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,32.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 211,32.b. samþ. með 11 shlj. atkv.

76. gr. (verður 77. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,33.a. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 211,33.b. samþ. með 11 shlj. atkv.

77. gr. (verður 78. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,34. samþ. með 12 shlj. atkv.

78. gr. (verður 79. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,35. samþ. án atkvgr.

79. gr. (verður 80. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 211,36. samþ. án atkvgr.

80. gr. (verður 81. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
81. gr. (verður 82. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,37. (ný 82. gr. verður 83. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

83.—84. gr. (verða 84.—85. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,38.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 211,38.b. samþ. án atkvgr.

85. gr. (verður 86. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,39 samþ. án atkvgr.

86. gr. (verður 87. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
87.—90. gr. (verða 88.—91. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,40 samþ. án atkvgr.

91. gr. (verður 92. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
92. gr. (verður 93. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,41. samþ. án atkvgr.

93. gr. (verður 94. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,42. samþ. án atkvgr.

94. gr. (verður 95. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

95. gr. (verður 96. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,43 samþ. án atkvgr.

96. gr. (verður 97. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
97.—99. gr. (verða 98.—100. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,44 samþ. án atkvgr.

100. gr. (verður 101. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,45.a. og b. samþ. án atkvgr.

101. gr. (verður 102. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,46 (fyrirsögn IX. kap.) samþ. með 12 shlj. atkv.

102. gr. (verður 103. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,47 samþ. án atkvgr.

103. gr. (verður 104. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
104. gr. (verður 105. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,48 samþ. án atkvgr.

105. gr. (verður 106. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,49 samþ. án atkvgr.

106. gr. (verður 107. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
107. gr. (verður 108. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 211,50 samþ. án atkvgr.

108. gr. (verður 109. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

109. gr. (verður 110. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 211,51 samþ. án atkvgr.

110. gr. (verður 111. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og I. og III.—VIII. kafla samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 250, 251, 272).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Allsherjarnefnd hefir fallið frá að koma fram með brtt. við 19. gr. í stað þeirrar, sem hún tók aftur við 2. umr. Það er ekki vegna þess, að hún sje að nokkru leyti efnisbreyting, og í sjálfu sjer kunni nefndin betur við brtt. eins og hún var, heldur en frv.gr., en hún breytti dálítið hugsun frv.greinarinnar. Hæstv. dómsmálaráðh. (J. M.) lagði allríka áherslu á, að greinin í frv. næði fram að ganga óbreytt, og vill nefndin ekki gera þetta að neinu kappsmáli. Hinsvegar vil jeg með nokkrum orðum minnast á brtt. nefndarinnar á þskj. 272.

1. brtt. er tilvitnun, sem sett er aftan við 1. málsgr. 19. gr., í 25. gr. Nefndinni þótti það viðkunnanlegra, því að hún áleit, að oft yrði farið framhjá lýsingu eftir 25. grein.

2. brtt., sem er við 26. gr., er orðabreyting, eins og háttv. deild sjer, að þar kemur „ríkissjóður“ í stað „landssjóður“.

3. brtt., sem er við 36. gr., að eftir orðunum „lög standa til“ bætist „að gefi saman hjón“, því að hitt gæti orkað tvímælis, hvort hjer væri átt við þann, sem yfirleitt

hefir ekki vald að lögum til að gefa saman hjón, eða þann, sem ekki ætti að lögum að gefa saman þessi hjón.Með þessu fanst okkur vera girt fyrir allan misskilning.

4. brtt., sem er við 39. gr., er sjálfsögð vegna þess, að nú liggur fyrir þinginu breyting á aukatekjulögunum, og þar er gjaldið hærra en í frv., og fanst okkur því rjettara, í stað þess að ákveða nokkurt sjerstakt gjald, að vísa til aukatekjulaganna á hverjum tíma.

5. brtt., við 48. gr., er einnig einungis orðabreyting, og eins og háttv. deild sjálfsagt sjer, er 6. og 7. brtt. sömuleiðis orðabreytingar. 8. brtt. er orðabreyting, og kemur hún í stað þeirrar brtt., sem nefndin tók aftur við 2. umr. Okkur þótti hún ekki nógu vel orðuð þá, og gæti ef til vill misskilist, en nú er hún þannig orðuð, að hún getur ekki skilist nema á einn veg. 9. brtt. er einnig orðabreyting; þar hefir orðið „til“ slæðst inn í, en á þar alls ekki heima, og fellir brtt. það niður.

Jeg skal geta þess, að allsherjarnefnd hefir athugað brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.) á þskj. 251. Jeg býst ekki við, að meiri hluti nefndarinnar sje till. fylgjandi, að minsta kosti ekki seinni hlutanum. Hann bætir við nýju sjúkdómstilfelli, berklaveiki, og hefi jeg ekkert við það að athuga. En mjer finst það nokkuð viðurlitamikið og hart að gengið að heimta vottorð af öllum brúðhjónum. Sem betur fer, eru menn hjer yfirleitt heilsuhraustir, og jeg vona að það haldist, og er læknisskoðun þá óþarfa fyrirhöfn og kostnaður, einungis vegna þess, að maður og kona ætla að ganga í hjónaband; það því fremur, sem háttv. flm. tillögunnar (H. St.) gat þess við 2. umr., að þetta væri meira gert fyrir afkomendurna en sjálf brúðhjónin. Jeg get því ekki sjeð, að þetta nái tilætluðum tilgangi. Því að þótt fólki sje bannað að giftast, er því ekki þar með bannað að auka kyn sitt, og yrði því afleiðing sjúkdómanna hin sama fyrir afkomendurna. Jeg er því þakklátur, að háttv. forseti (G. B.) hefir haft góð orð um að bera upp í tvennu lagi till. á þskj. 251.

Halldór Steinsson: Brtt. sú, sem nú birtist á þskj. 251, er bein afleiðing af því, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls, og í fullu samræmi við það. Hún fer fram á, að ekki sjeu vígð hjónaefni, nema þau sanni með læknisvottorði, að þau sjeu ekki haldin af holdsveiki, flogaveiki, næmum kynsjúkdómum eða smitandi berklaveiki. Það er kunnugt, að Ísland er langt komið með að útrýma holdsveikinni, og má það því undarlegt heita, ef við nú, er við stöndum við takmarkið, förum að opna nýjar dyr, með því að leyfa holdsveikum að ganga í hjónaband. Enn sem komið er, er lítið um kynsjúkdóma; þeir hafa þó breiðst nokkuð út á síðustu og verstu árum, og það allört. Jeg er sannfærður um það, að eftir 10—20 ár verða þeir landlægir hjer, ef ekki er hafist handa og reistar skorður gegn þeim. Hjer er spor stigið í þá átt með þessari breytingartillögu. — Berklaveikin er algeng, bæði hjer og annarsstaðar, og er sú veiki, sem flest fólk drepur, bæði hjer á landi og í útlöndum. Það er nú vaknaður talsverður áhugi gegn útbreiðslu hennar og til að útrýma henni. Þar til dæmis má nefna milliþinganefnd þá, sem skipuð hefir verið. Árangurinn af starfi nefndarinnar er sá, að hún hefir lagt fyrir þingið frv. til laga um útrýming berkla. Þegar nú að komið er á þennan rekspöl, þá er það hvöt til að setja þetta atriði í hjúskaparlögin, til þess að styðja að útrýmingunni. Þess er og að gæta, að við megum ekki einskorða okkur við núlifandi kynslóð; við verðum að byggja upp og hugsa fyrir börnunum. Á það verðum við

að leggja aðaláhersluna, þegar um útrýmingu berklaveikinnar er að ræða. Ef þeim, sem ganga með opna berkla, er leyft að giftast og auka kyn sitt og vera návistum við börnin, þá er það besta leiðin til að útbreiða veikina. Háttv. frsm. (Jóh. Jóh.) sagði, að nefndinni hefði þótt það hart fyrir hjónaefni að þurfa að láta lækni skoða sig, og verða að leggja fram vottorð, er sannaði heilbrigði þeirra. En jeg held, að nefndin hafi ekki athugað þetta nákvæmlega, því, hvort veit hún ekki, að hvert einasta mannsbarn verður að leggja sig undir læknisskoðun. Allir í barnaskólum, kvennaskólum, Mentaskólanum, Verslunarskólanum o. s. frv., alt frá þeim lægsta til hins æðsta skóla. Og er það þá nokkuð meira, þó að hjónaefni þurfi að fá vottorð hjá lækni? Þetta er í fullu samræmi við gildandi löggjöf í heilbrigðismálum. Jeg geri það að engu kappsmáli, hvort tillagan er borin upp í einu eða tvennu lagi, en jeg álít, að þeir, sem fylgja fyrri hlutanum, hljóti einnig að vera meðmæltir þeim síðari, og muni því samþ. tillöguna í heild sinni. Ef sjúkum mönum er bannað að giftast, þá er það áríðandi, að þeir leggi fram vottorð því til sönnunar, að þeir sjeu heilbrigðir. Því að hver á annars að sjá hvort þeir eru sjúkir eða heilbrigðir? Ekki er prestinum fært að sjá það. Ákvæðið er algerlega þýðingarlaust, ef ekki fylgir vottorð.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg býst við, að jeg greiði atkvæði með brtt. á þskj. 251, þótt jeg reyndar sje ekki allskostar ánægður með hana. Lífið er svo margbreytilegt, að margt getur komið fyrir, sem ekki er með öllu rjett að banna. Samt sem áður er þetta góð regla, — því að jeg lít á þetta sem reglu —, en það vantar einungis að leyfa megi undantekningar undir vissum kringumstæðum. T. d. ef flogaveikur maður vill giftast konu, sem engar líkur eru til að geti átt barn. Hvað væri á móti því? Hjer vantar möguleikann til þess að geta gert undantekningar. En þar sem þetta er til 3. umr. hjer nú, er ekki hægt að gera breytingar á því hjeðan af, en jeg vonast til, að þær verði gerðar í háttv. Nd. Jeg er því meðmæltur aðalreglunni, og mun því, eins og áður er sagt, greiða atkvæði mitt með brtt. á þskj. 251, í því trausti, að breyting verði gerð á þessu í háttv. Nd.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg sje, að till. á þskj. 251 er borin fram af umhyggju fyrir ófæddri kynslóð, og það er sjálfsagt, að hún á mikinn rjett á sjer. En jeg verð þó að álíta, að þeir eigi mestan rjett á sjer, sem uppi eru, og mjer virðist till. ganga nær rjetti þeirra en jeg get vel sætt mig við. Allir vita, að fólk er mjög viðkvæmt í ásta- og hjúskaparmálum, einkum í æsku, og það hefir orðið mörgum að gæfutjóni og heilsutjóni að verða fyrir vonbrigðum í þeim efnum. Ef nú þess háttar vonbrigði bætast ofan á heilsubrest, getur það haft afleiðingar, sem ilt er að vera valdur að. Þessi aths. mín á einkum við berklaveikissjúklingana, og er til ábendingar um, að athugavert sje að ganga mjög ríkt eftir heilbrigðisvottorðum, þegar um giftingu þeirra er að ræða. En þó álít jeg hitt engu síður viðsjárvert, að heimta að alt fólk í landinu, sem vill giftast, sje lagt undir kynferðissjúkdómsskoðun, á meðan þeir sjúkdómar eru ekki tíðari en þeir eru enn. Þótt jeg geti gengið inn á fyrri hluta tillögunnar, mun jeg greiða atkvæði mitt á móti þeim síðari. Það þýðir það, að þessi heilbrigðisatriði verða þá aðallega á ábyrgð vígslumanna og svaramanna, sem geta, eins og líka hvert hjónaefni sem er, heimtað heilbrigðisvottorð af lækni, ef eitthvað grunsamlegt er við heilsufarið.

Halldór Steinsson: Það er fyrst viðvíkjandi 2. þm. S.-M. (S. H. K.). Jeg játa það fúslega, að það geta komið fyrir tilfelli, að hættulaust sje að vígja mann og konu, sem ganga með slíka sjúkdóma. En jeg sje ekki hvernig hægt er að koma því svo fyrir, að það skemmi ekki regluna. Jeg skal fúslega ganga inn á einhverjar breytingar, ef háttv. þm. (S. H. K.) getur búið svo um, að vel fari.

Háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F..) misskilur meiningu mína, ekki síður en háttv. frsm. (Jóh. Jóh.). Jeg verð enn að álíta, að þetta verði einungis pappírslög, ef það á að banna að vígja fólk, sem veikt er af þessum sjúkdómum, en heimila svo ekkert vottorð, er sanni það, að fólk þetta sje í raun og veru heilbrigt. Jeg get ekki skilið, hvernig svo glöggir menn sem þessir eru báðir, geta misskilið jafneinfalt atriði og þetta er. Jeg álít, að það sje þá miklu hreinlegra að vera á móti brtt. í heild sinni.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vil benda háttv. þm. Snæf. (H. St.) á það, að vígslumönnum er skylt að fullvissa sig um það, áður en þeir vígja hjónaefni, hvort þau sjeu haldin af næmum sjúkdómi. Og að þeir geta neitað vígslu, ef þeir hafa ástæðu til að ætla, að annaðhvort hjónaefna sje haldið af slíkum sjúkdómum. Mjer finst það hart, ef maður, sem vissa er fyrir að ekki gangi með neinn sjúkdóm, þurfi að fá læknisvottorð, til þess að ganga í hjónaband. Mjer finst nægileg trygging í því fólgin, að embættismaðurinn, að viðlagðri embættisábyrgð, eigi að heimta að fyrirmælum laganna sje hlýtt.

Misskilningurinn er því á hlið hv. þm. Snæf. (H. St.), en ekki okkar, mín og hv. 1. landsk. (S. F.).

Halldór Steinsson: Jeg sje að jeg á bágt með að samfæra háttv. frsm. (Jóh. Jóh.). Embættismaður sá, sem vígslu framkvæmir, hefir engin tök á að sanna, hvort hjónaefnin sje haldin af næmum sjúkdómum, t. d. holdsveiki, berklaveiki, flogaveiki, — að jeg nú ekki nefni kynsjúkdóma. Hvernig á vígslumaður að sjá það utan á hjónaefnunum, hvort þau ganga með kynsjúkdóma eða eigi? Hann sagði, að heilbrigðir menn þyrftu ekki læknisskoðunar við. En þess er nú samt krafist. Hvert barn í barnaskólanum er skoðað, hver nemandi í alþýðuskólum landsins o. s. frv., svo það er þessvegna engin ástæða til að undanskilja frá þessari skyldu þá, er ganga inn í hjónabandið og eiga í vændum að auka kyn sitt.

Guðmundur Guðfinnsson: Mjer líkar yfir höfuð vel brtt. nefndarinnar í þessu máli. En jeg stóð að eins upp til að lýsa því yfir, að mjer finst nokkuð hart að gengið í seinni hluta brtt. á þskj. 251, og þetta ákvæði þar hefir ekki eins mikla þýðing og skyldi.

Ef t. d. annað hjónaefna skyldi vera haldið af kynsjúkdómi, og lækni ætlað að skera úr því með lauslegri skoðun, þá er honum með því lagðar þær skyldur á herðar, sem hann getur ekki fullnægt. Það er sem sje ekki unt að ákveða með fullri vissu, hvort menn hafi kynsjúkdóma, t. d. syfilis, nema með mjög nákvæmri rannsókn.

Jeg held því, að best væri að samþykkja fyrri hluta brtt. á þskj. 251, en fella síðari hlutann niður.

ATKVGR.

Brtt. 251, fyrri hl. („Nú er — vígja það") samþ. með 14 atkv.

— 251, síðari hl. („enda skal — sjúk-

dómnum“) feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., S. H. K., S. J., G. G., H. St., H. Sn., G. B.
nei: S. E., S. F,. B. K., E. Á., G. Guðf., G. Ó., Jóh. Jóh.

Brtt. 272,1 samþ. án atkvgr.
— 272,2 — án atkvgr.
— 272,3 — með 10 shlj. atkv.
— 272,4 — án atkvgr.
— 272,5 — — —
— 272,6 — — —
— 272,7 — — —
— 272,8 — með 12 shlj. atkv.
— 272,9 — án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 287).

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. u m r. (A. 287).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16. shlj. atkv.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki þörf á langri framsögu um þetta mál. Það hlýtur að vera orðið háttv. deildarmönnum kunnugt, þar sem það hefir legið tvisvar fyrir þinginu áður. Skal vísað til hinna ítarlegu athugasemda við frv. 1919.

Á frv. hafa verið gerðar allmiklar breytingar í háttv. Ed., en þó aðallega orðabreytingar. Jeg sje ekki ástæðu til að fara sjerstaklega út í hinar einstöku brtt., vil að eins nefna eina eða tvær. Um það, að hverju leyti ákvæði frv. eru aðallega frábrugðin núgildandi lögum um þetta efni, er best að vísa til greinargerðar þáverandi prófessors Lárusar H. Bjarnason, sem hann hefir samið um leið og hann samdi frv. Það er sjerstaklega eitt af hinum þremur sifjalagafrv., sem jeg hefði óskað, að yrði hraðað eins og unt er, sem sje frv. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Vona jeg, að það komi bráðlega úr háttv. Ed., og verði afgreitt sem lög frá þessu þingi.

Jeg álít breytingu 20. gr. þessa frv. á 19. gr. stjfrv. ekki vera til bóta. 19. gr. stjfrv. er í samræmi við hjónabandslög Norðurlanda, þar sem talin eru upp skilyrðin, sem eiga að vera fyrir hendi, þá er lýsing á að fara fram. Það er ekki rjett, að þetta sje óþörf skriffinska, því að með þessu er betur trygt, að ekki sje brotið út af fyrirmælum laganna. Jeg vil biðja háttv. allsherjarnefnd hjer að athuga vel þetta atriði, því að ef háttv. allsherjarnefnd Ed. hefði gert það, efast jeg um, að hún hefði gert þessa umræddu breytingu. Að vísu gerir hún ráð fyrir leyfisbrjefum til hjúskaparlýsingar, en það breytir ekki miklu í þessu efni.

Auk þess held jeg, að ef frv. verður samþ. óbreytt, eins og það er afgr. frá háttv. Ed., þá verði fólki, sem haldið er einhverjum sjúkdómum, gert erfiðara fyrir að ganga í hjónaband heldur en gert er nokkursstaðar annarsstaðar.

Að öðru leyti hefi jeg ekkert að athuga við frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 287, n. 398).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Eins og sjest á nál., hefir nefndin ekki fundið neina ástæðu til þess að breyta frv. Það var vel búið undir meðferð þingsins, og nefndin getur fallist á brtt. Ed. Hjer er um mikla rjettarbót að ræða. Sum ákvæðin eru ný, en sum gömul, en voru að eins til á víð og dreif í mörgum lagaboðum, og voru því mjög óaðgengileg fyrir menn, t. d. tafði það mjög fyrir allri kenslu í lögfræðisdeild Háskólans. Það ber því að hraða þessu máli eins og hægt er, og rjettast að hallast að frv. óbreyttu.

Forsætisráðherra (J. M.): Þótt háttv. nefnd hafi ekki gert þær breytingar, er jeg mintist á við 1. umr. hjer í deildinni, þá verð jeg að segja, að jeg er mjög ánægður með meðferð þessa máls af hálfu Alþingis. Að eins vildi jeg nota tækifærið, til þess að geta þess, að jeg vona, að háttv. nefnd taki hinum öðrum sifjamálafrv. eins vel og þessu.

En, sem sagt, að því er snertir frv. það, er hjer liggur fyrir, þá er jeg mjög ánægður með það, eins og það nú er.

ATKVGR.

1.	gr.	samþ.	með	20	shlj.	atkv.
2.— 6.	—	—	—	20	—	—
7.— 18.	—	—	—	19	—	—
19.— 26.	—	—	—	19	—	—
27.— 40.	—	—	—	20	—	—
41.— 50.	—	—	—	19	—	—
51.— 61.	—	—	—	19	—	—
62.— 81.	—	—	—	20	—	—
82.—102.	—	—	—	18	—	—
103.—111.	—	—	—	19	—	—

Fyrirsögn frv. og kap. þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21. shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 287).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17. shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 456).

---

18. Einkasala á tóbaki.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi (A. 6).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (M. G.): Í ástæðunum fyrir þessu frv. eru færð rök að því, að vjer þurfum tiltölulega háa skatta, vegna staðhátta hjer á landi, og því sje það ekki undarlegt, þótt vjer í einhverju verðum að víkja af alfaraleiðum í skattamálum, og það því fremur, sem sá skatturinn, sem víðast gefur mest, sem sje tekjuskatturinn, hlýtur að gefa oss tiltölulega minni tekjur en annarsstaðar, vegna þess, að eiginlegir auðmenn eru hjer engir, og það eru vitaskuld þeir, sem mest hleypa tekjuskattinum fram. Jeg get vel búist við, að ýmsum muni þykja farið út á hála braut í þessu frv., og hrópa upp um einokun, eins og svo oft heyrist. En jeg verð þar til að svara, að fyrir mjer er þetta mál ekki afgert með þessu eina orði, þótt það hafi illan hljóm í íslensku máli. Fyrir mjer vakir hin brýna nauðsyn á að útvega tekjur, og hjer sýnist mjer vera útvegur

til þess að ná 5—6 hundruð þús. kr. á ári, án þess að landsmönnum sje verulega íþyngt eða atvinna tekin af mörgum. Jeg sje eigi betur en að vjer getum vel haft á hendi tóbaksverslunina sjálfir, eins og svo margar aðrar menningarþjóðir heimsins, og jeg sje ekki betur en vjer getum það að óskertum heiðri. Hjer er um vörutegund að ræða, sem ekki telst til nauðsynjavara. Reyndar skal jeg játa það, að nærri lætur, að tóbak sje nauðsynlegt mörgum af oss, en það er þó í tölu þeirra vara, sem hið opinbera hefir eigi siðferðisskyldu til að sjá um lágt verð á. Og jeg get alls ekki undir það tekið, sem jeg býst við að sumir kunni að halda fram, að eigi sje fært að láta landið versla með neinar vörur, því að á öllu verði tap. Landsverslunin, sem nú er, hefir einmitt sýnt það, að þetta er ekki rjett, enda er það svo, að einasti tilgangurinn með frv. þessu er að auka tekjur ríkissjóðs, og ef jeg hefði enga trú á, að landsverslun gæti grætt fje, hefði mjer aldrei dottið í hug að flytja þetta frv.

Jeg hefi heyrt raddir um það, að ýmsum mundi þykja það óviðeigandi, að ríkissjóður hefði tekjur af áfengi, og væru því mótfallnir landssjóðssölu á því. En þetta er fyrir mjer alveg ný kenning, því að jeg minnist ekki að hafa heyrt það, að bannmenn væru mótfallnir vínfangatolli, og hefir hann þó runnið í ríkissjóð. Jeg leit svo á, að jeg mundi gera bannmönnum þarft verk með flutningi þessa máls, því að jeg fæ ekki skilið annað en að landsverslun með áfengi sje betur trúandi til að flytja eigi meira inn en með þarf af þessari vöru, heldur en nokkrum öðrum. Því hefir og verið hreyft, að undarlegt sje að taka áfengi til lyfja undan lyfjasölunni, en þar til er því að svara fyrst og fremst, að þetta frv. var samið á undan lyfjasölufrv., og hafði jeg þá enga hugmynd um, að það mundi fram koma, og í öðru lagi því, að spíritus er hjer á landi notaður til eldsneytis og iðnaðar, og þann hluta alengis er alls engin ástæða til að taka með lyfjum. Nú er auðvitað óhentugra að skifta þessu, og þegar það er athugað, að meðalaspíritus þarf ekki að verða neitt dýrari, þótt landið versli með hann en nú er hann, get jeg ekki með mínum besta vilja sjeð, að með þessu frv. sje að neinu leyti höggið nærri bannhugmyndinni, enda get jeg fullvissað alla háttv. þm. um, að það var alls eigi tilgangur minn.

Jeg skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta frv., en get þess, að jeg hefi áætlað tekjur af frv. um 640 þús. kr. á ári.

Að síðustu geri jeg það að tillögu minni, að þessu frv. verði, að aflokinni þessari umræðu, vísað til fjárhagsnefndar.

Pjetur Ottesen: Örstutt athugasemd. Mjer kom það kynlega fyrir sjónir, þegar jeg las þetta frv., að sala á áfengi skyldi vera sett á bekk með sölu á tóbaki. Og því kynlegra þótti mjer það, þar sem mjer hafði borist í hendur frv. um einkasölu á lyfjum. Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) gaf að vísu þær upplýsingar, að ekki hefði verið kominn skriður á það mál þegar þetta frv. var samið. En þó svo hafi verið, þá tel jeg alls ekki rjett að blanda þessu saman. Hjer er bannland, og það áfengi, sem inn verður flutt, er að mestu leyti flutt inn sem lyf, og á þess vegna að hlíta að öllu leyti sömu reglum. Hjer er, ef til vill, miðað við vínanda til brenslu og iðnaðar, en jeg sje ekki, að þær vörutegundir heyri heldur undir tóbaksverslun, eða eigi að rekast með henni. Hitt liggur miklu nær, og er enda sjálfsagður hlutur, að innflutningur á þessum vínanda sje hafður í sambandi við lyfjasöluna. Jeg vil þess vegna benda þeirri nefnd, sem fær mál þetta til meðferðar, á þá leið, til að sam-

rýma þetta, að kippa ákvæðinu um áfengi úr frv., og setja það í lyfjafrv., og láta það sæta sömu meðferð og önnur lyf.

Magnús Jónsson: Jeg tek hjer til máls vegna þess, að mjer þykir ekki hæfa, að svo merkilegt mál komi fram, án þess að um það sje rætt. Á yfirborðinu sýnist þetta frv. að eins sauðmeinlaus og lofsverð tilraun til að afla landinu tekna — ½ milj. kr. tekna. Allir geta orðið á einu máli um það, að þess er ekki vanþörf. En hjer er annað, sem er aðalatriðið. Hjer stingur ný stefna upp höfðinu. Þetta er fyrsti selshausinn, sem kemur hjer upp úr gólfinu, og á hann á að berja. Ef það verður ekki gert, getur verið, að hjer fari fram slík Fróðárundur, að þetta þing verði lengi í minnum haft. Og þess verður þá ekki getið að góðu, því að nýja stefnan er ill stefna. Þetta frv. er komið fram til þess að afla landssjóði tekna með einkasölu, og einskis annars. Það er að vísu ekki eins dæmi, að stjórnin hafi haft einkasöluheimild, en það hefir verið gert í öðrum tilgangi. Einkasala verður ekki rjettlætt með öðru móti en því, að byrgja þurfi landið að nauðsynjavörum, eða losa þurfi verslun einhverrar vörutegundar úr heljargreipum. Þau skilyrði eru ekki fyrir hendi. Jeg veit ekki til, að tóbaksverslun sje í höndum neinna hringa hjer á landi, og jeg býst við því, að nóg sje af þeirri vöru hjer og verði nóg í framtíðinni, en hinsvegar er þjóðin ekki í voða, þótt hana vanti. Þá er vínið, og mjer verður á að spyrja: Er nauðsynlegt að byrgja bannlandið að áfengi? Skrítið væri það.

Jeg ætla ekki að fara frekar út í þessa sálma að sinni. Jeg fæ eflaust tækifæri til þess síðar. En jeg vildi víkja nokkrum orðum að útfærslunni. Mjer þykir það einkennilegt, að landið, sem ætlar að reka tóbaksverslun og hafa ágóða af henni, skuli þar að auki leggja toll á tóbak. Jeg sje ekki, hvað við það er unnið að taka úr einum vasanum og láta í hinn, eða leggja toll á sjálfan sig. Þetta eru vafningar, óþarfa fyrirhöfn. En vafningar og óþarfa fyrirhöfn einkenna þetta mál, og þess vegna á tollurinn á verslun landsins ef til vill ekki illa við. Hjer er verið, að óþörfu, að hrinda af stað umsvifamiklu verslunarbákni. Hjer er verið að binda fje landsins í óþarft fyrirtæki. Hjer er verið að íþyngja landssjóði að óþörfu, með skrifstofukostnaði, mannahaldi og fleiru. En með þessu er ekki alt sagt. Alvarlegri hætta er á ferðum. Það er ætlast til þess, að verslunin beri sig. Það er sennilegt, en ekki víst. Ef hún tapar, er það tap þjóðarinnar, en ef hún græðir, er hætta á því, að fleiri og fleiri vörutegundir verði látnar sæta sömu meðferð, að sá, sem tók litla fingurinn, taki alla hendina. Frjáls verslun, heilbrigð viðskifti eru í veði.

Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) talaði mikið gegn „spekulations-lánum" þegar hann skýrði frá fjárhag landsins. En nú ber sami hæstv. ráðherra (M. G.) fram frv. um, að landið „spekuleri" og taki lán í því skyni. Hann heldur því fram að vísu, að þessi verslun sje viss verslun, en hvenær er verslun alveg viss, hæfilegur ágóði fyrirfram öruggur? Aldrei, verslun verður altaf „spekulation" að einhverju leyti.

Jeg hefi sýnt fram á, að frv. er óþarft, jeg hefi sýnt fram á, að stefna frv. er skaðleg, og jeg hefi bent á það, að einkenni þess eru vafningar og krókaleiðir. Landssjóður þarf ½ miljón kr. tekjuauka, og stjórnin vill fá hann af tóbaki og áfengi. En hvers vegna ekki að hækka tollinn, í stað einkasölu? Það er óbrotnara, einfaldara og í alla staði óhætt. Um þetta atriði vona jeg að ræða nánar síðar. Og jeg vona, að háttv. deild slái svo á selshausinn, að honum skjóti ekki upp aftur.

Þá er eitt atriði, sem athuga þarf í

þessu sambandi, og á það hefir háttv. þm. Borgf. (P. O.) bent. Það er, hvernig hæstv. stjórn hefir hjer sett á einn bekk tóbakið og vínið. Mig hefði ekki undrað það, þó að stjórnin bæri fram eitthvert frv. um áfengi. Jeg hafði jafnvel búist við því, að hún mundi fara fram á umbætur á bannlögunum eða framkvæmd þeirra. En nú hefir það komið í ljós, að jeg hefi borið of mikið traust til stjórnarinnar í þessu efni. Hún hefir að vísu flutt frv. um áfengi, en það frv. er um, að landið taki kaupmannsgróða af sölu þess.

Með þessu, að setja vínið hjer á bekk með tóbaki, verður ekki annað sjeð en hæstv. stjórn komi að þeirri hugsun, að vínið skuli skoðast sem nautnavara. Hver maður úti um land, sem les þetta frv., hlýtur að spyrja: Er búið að afnema bannlögin? Því að þar sem búið er að setja vínið á bekk með nautnavöru, þá hlýtur það að rugla skilning manna í þessu efni. Þetta minnir á gömlu orðin, sem Lúther voru eignuð: „Wein, Weib und Gesang“. Hjer er bara, upp á íslenska vísu, orðið „tóbak og brennivín“. Það er sagt, að til sjeu þeir menn, sem hafa haft ágóða af því að selja vín, síðan aðflutningsbannið komst á. Þessir menn hafa hingað til ekki haft neinn heiður af því. Nú þykir mjer hið opinbera vera sett „óhuggulega“ nærri á bekk með þessum mönnum, svo að það er ekki ófyrirsynju, að tekið er fram í aths., sem fylgja þessu frv., að tilgangur þess sje alls ekki sá, að spilla bannlögunum. Þetta, að setja vínið á bekk með tóbaki, er því athugaverðara, sem hjer liggur fyrir þinginu frv. til laga um einkasölu á lyfjum, og þar á þetta frv. heima. Hæstv. fjrh. (M. G.) gat þess, að hann hafi ekki vitað, að það frv. væri á ferðinni, er þetta frv. var samið. Það bætir alls ekki úr skák. Mjer finst full ástæða til, eftir sem áður, að fá þessu breytt, úr því komið er fram frv. um einkasölu á lyfjum. Þar á þetta frumvarp heima.

Mjer lýst svo gæfuleysislega á þetta barn, að líklega væri rjett að binda ekki fyrir naflastrenginn á því, en af því að það er eitthvað harðýðgislegt og heiðinglegt við það að láta börnin deyja svona úti á hjarninu, og kurteisi þykir að láta einhverja nefnd fá svona frv. til meðferðar, þá vil jeg ekki leggja á móti því, að nefnd verði látin athuga það, enda treysti jeg því, að meingallar þess komi æ því skýrar fram, sem það er gerr athugað.

Jeg vildi skora á háttv. fjárhagsnefnd, ef þetta frv. kæmi til hennar, og ef hún ætlar að leiða þennan grip inn í höllina, að hún leiði hann að minsta kosti á rjettan bás.

Jakob Möller: Það er eiginlega alveg óþarft að jeg standi upp. En svo er mál með vexti, að þótt það muni vera talin sjálfsögð kurteisi á þingi að hleypa málum til 2. umr. og í nefnd, þá get jeg ekki, að því er þetta frv. snertir, greitt því atkvæði mitt, að það verði látið fara til nefndar. Þetta frv. er í raun rjettri fullkomin óhæfa. Eins og allir vita, þá er bannaður innflutningur á áfengi til landsins. Og það er reynsla undanfarinna ára, að innflutningur áfengis til landsins er miklu meiri en sæmir. Háttv. stjórn hefði átt að koma með einhverjar till., er færu í þá átt að hefta innflutninginn, en hún kemur nú með frv., sem fer í þá átt, að ríkissjóður fái gróðann af þessum innflutningi, því meiri, sem innflutningurinn yrði meiri. Athugum afleiðingarnar af þessu. Þær eru þær, að í stað þess að skerpa andvara stjórnarinnar til eftirlits, þá má gera ráð fyrir því, að ef frv. yrði að lögum og vínfangaverslunin gerð að tekjulind fyrir ríkissjóðinn, þá mundi það verka „demoraliserandi“ á landsstjórnina í því efni. Jeg fæ ekki betur sjeð en að af

leiðingin af þessu yrði ennfremur sú, að bráðlega kæmi till. um að bæta við nýjum víntegundum, þangað til alt væri komið aftur í gamla horfið. Það væri þó miklu betra að bíta hausinn af skömminni og afnema bannlögin hreinlega.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Vegna tóbaksverslunarinnar er engin ástæða til að koma þessu frv. fram; tekjunum má alveg eins vel ná með hækkuðum tolli, og þá aðferð á að hafa, til að fá tekjur af munaðarvöru í ríkissjóð. Lengra skal jeg ekki fara út í þá sálma, að þessu sinni, enda stóð jeg upp eingöngu í því skyni að gera í fáum orðum grein fyrir atkvæði mínu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. þm. Borgf. (P. O.) þarf jeg litlu að svara. Hann talaði mjög hóflega, en virtist gleyma því, að áfengi er ekki að eins flutt inn í landið til lyfja og brenslu, heldur einnig til iðnaðar. Til þessa fer eins mikið og til lyfja.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) þarf jeg að segja nokkur orð. Hann sjer í frv. þessu selshaus, og er hræddur um, að af honum hljótist Fróðár-undur eða jafnvel heimsendir. Hann verður að viðurkenna það, að slík einkasala, sem frv. þetta fer fram á, er alls ekki nein ný bóla, og því er það undarlegt, að hann skuli verða svona hræddur. Það var ekki málaður svona svartur fjandi á vegginn, þegar kolaeinokunin var á döfinni árið 1913, eða steinolíueinokunin árið 1917. Háttv. þm. (M. J.) sagði, að tilgangurinn með þessu frv. væri sá að birgja bannlandið með víni, en lýsti því þó yfir, að ekki ætti að afnema bannlögin. Annaðhvort fer hann hjer vísvitandi með rangt mál, eða hann skilur alls ekki „motiv" þessa frv.. Hv. þm. (M. J.) og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) eru báðir sammála um það, að ekki megi taka kaupmannságóðann, heldur eigi að taka toll af tóbakinu. Jeg fæ ekki skilið annað en að þetta sje mælt af áhuga fyrir því, að kaupmannsgróðinn fari til kaupmannanna, en ekki til ríkisins. (*Jak. M.*: Kaupmannságóðinn verður að engu í höndum ríkisins). Þessir háttv. þm. halda, að slíkt bákn þurfi að setja upp, að það geti alls ekki borið sig. Hjer er þess að gæta, að það er mjög umsvifalítið að versla með tóbak, það þarf lítið fje að binda í því, og mjög er auðvelt að fá tóbakið lánað til 6 mánaða.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, að hjer væri stjórnin að taka „spekulations"-lán. Nei, það er lán til verslunar, og jeg gat þess í ræðu minni í gær, að slíkt lán mætti gjarna taka. Ennfremur sagði hv. þm. (M. J.), að vegna þess, að frv. væri bæði talað um einkasölu á tóbaki og áfengi, þá sýndi það, að vín væri skoðað nautnavara. Þetta, sem í raun og veru er ekki annað en fyndni, fellur máttlaust til jarðar við athugun þess, að tilgangur frv. er alls ekki sá, að afnema bannlögin. Tilvitnunina til Lúthers skil jeg alls ekki í þessu sambandi; hjer er, að minsta kosti, hvorki um konur eða söng að ræða. Jeg hefi aldrei orðið þess var, að það hefði ill áhrif á bannmenn, að tekinn væri tollur af víni, og skil þessvegna ekki hversvegna þeir vilja ekki kaupmannságóða. Vínandi er hjer seldur á 15—16 kr., en kostar í innkaupi 6 kr. Hversvegna hefir þetta ekki „generað" bannmenn? Það er fyrst þegar ríkissjóður á að fá ágóðann, að samviskan slær þá.

Háttv. þm. (M. J.) spáði frv. þessu stuttra lífdaga. Við sjáum nú til. Vissara er nú samt að binda fyrir naflastrenginn á því, þetta getur orðið allra efnilegasta barn með tímanum.

Hjá hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) er hver hlutur jafnan annað hvort alveg óhæfur eða ágætur, meðalvegur er ekki til hjá hon-

um. Þetta frv. hefir nú verið svo óheppið að lenda óhæfumegin. Jeg mótmæli því algerlega, að meiningin hafi verið sú að flytja meira vín inn í landið en viðgengist hefir, koma svo með frv. um að bæta við víntegundum, og loks koma með frv. um að afnema bannið alveg. Háttv. þm. gaf það greinilega í skyn, að stjórnin vildi flytja inn meira vín, til þess að geta grætt meira. Það er ósæmileg getsök, að stjórnin ætli að brjóta landslög, til að ná peningum í ríkissjóð.

Magnús Jónsson: Þetta er að eins örstutt svar. Ef jeg hefði setið í sæti háttv. þm. Borgf. (P. O.) eða annarsstaðar, jafnfjarri hæstv. fjrh. (M. G.), þá gæti jeg skilið, að honum hefði misheyrst, en þar sem jeg nú sit rjett hjá honum, er mjer gáta hvernig hann gat misskilið orð mín svo hrapallega.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að jeg hefði sagt, að tilgangur frv. væri að birgja landið með víni. Jeg sagði einmitt, að það væri *ekki* tilgangurinn, og gæti ekki verið tilgangurinn. Jeg sagði, að einkasala gæti verið afsakanleg, þegar um bjargráðaráðstöfun væri að ræða, svo að birgja þyrfti landið að nauðsynjum, sem kaupmenn ættu erfitt með að útvega, eða ef ná þyrfti vörum úr einhverjum heljargreipum; en hjer er hvorugu því til að dreifa. Hjer er alveg nýtt á ferðinni, sem sje það, að taka einkasölu á vörum, eingöngu og að eins í þeim tilgangi að ná í peninga í ríkissjóð. Jeg tel það alls ekki óhæfu, að ríkissjóður fái kaupmannaágóðann, en jeg átti við það, að ágóðinn yrði sennilega rýr, ef framkvæmdir væru allar í höndum stjórnarinnar. Það er miklu umsvifaminni aðferð, og um leið öruggari tekjustofn, að hækka tollinn en setja alt þetta „apparat“ af stað.

Hæstv. fjrh. (M. G.) spurði, hversvegna það hefði svo miklu verri áhrif á bannmenn að taka kaupmannaágóðann heldur en að tolla vínið. Það er viðurkent, að flytja verður inn „spíritus“ til lyfja o. fl., og það er ekkert athugavert við það, að lagður sje á það tollur, en hitt mundi skapa mikla erfiðleika. Það er gamalt orðtak, sem segir, að það sje lakur kaupmaður, sem lasti sína vöru. Freistingin alt af sú, að láta verslunina ganga vel, og ríkissjóðinn fá tekjur. Hjer á ríkið að verða slíkur kaupmaður, en ekki vil jeg þar með segja, að landsstjórnin vilji eggja menn til að brjóta landslög, en það hlýtur að gera stöðu hennar mjög hála og varhugaverða. Jeg er hissa á því, að nokkur fjármálaráðherra skuli vilja fara þessa leið. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að ef gróðinn lenti hjá kaupmönnum, þá „generaði“ það ekki bannmenn. Hvernig vill hann sanna það? Víst hefir það „generað“ bannmenn. En þeir eru bara vandlætingarsamari þegar landsstjórnin á í hlut en prívatmenn. Hjá henni verður alt að fara fram með sem fegurstum hætti, og auk þess eigum við hjer á Alþingi betri aðgang að stjórninni og hennar aðgerðum en einstökum mönnum og þeirra atvinnu.

Jakob Möller: Því er nú einusinni þannig farið, að ef maður á annað borð tekur til máls, til að eiga orðastað við hæstv. fjrh. (M. G.), þá verður maður altaf að taka til máls í annað sinn, til þess að leiðrjetta einhvern misskilning hans. Jeg sagði aldrei, að meining stjórnarinnar með þessu frv. væri sú, að stuðla að auknum innflutningi áfengis, heldur hitt, að ríkisverslun með áfengi, í gróða skyni, mundi verka „demoraliserandi“ á hvaða stjórn sem væri. Ekki einmitt hæstv. núverandi stjórn, sem enginn veit hve lengi kann að „lifa“, heldur miklu fremur eftirkomendur hennar. — En úr því, að jeg er nú staðinn upp aftur, þá skal jeg geta þess, að líkur eru til, að stjórnin geri sjer of glæsilegar vonir

um tekjur af þessari verslun. Mjer er sagt, að stjórnin hafi í útreikningum sínum ekki tekið tillit til hlutfallanna milli máls og þunga vínanda, og ætti áætlun hennar því að vera skökk, að því er snertir verðið og væntanlegan hagnað á sölunni.

Að því er tóbakið snertir, þá hygg jeg betra að ná inn tekjuaukanum með tollum en með einkasölu. Landsverslun með tóbak verður aldrei annað en milliliður. Tóbakssalar, sem nú selja tóbak í smásölu, kaupa af verksmiðjum og heildsölum erlendis, sem ríkisverslunin mundi líka verða að kaupa af. Landsverslunin mundi aldrei fá tóbak mun lægra frá verksmiðjum en kaupmenn fá það nú. Sá ágóði, sem kaupmenn nú hafa af verslun þessari, mundi því mestallur, ef ekki allur, fara í kostnað við ríkisverslunina, eða sem því svarar, og sá ágóði, sem ríkið hygst að hafa af sölunni, hlyti því að verða viðbótarálagning á vöruverðið frá því, sem nú er. Jeg tel því betra að láta kaupmenn halda allri tóbaksversluninni framvegis, og hækka þi heldur tollana, í stað þess að skjóta þarna inn ríkisheildsölu sem millilið, sem verða mundi all-„umsvifamikil“ stofnun, þó að ekki sje gert ráð fyrir því í frv., því að útibúum mundi sennilega komið upp víðsvegar um land, og þannig leggjast óþarfur kostnaður á vörurnar.

Að lokum þætti mjer þó fróðlegt að heyra, hversu mikið kapp stjórnin hygst að leggja á, að þetta frv. nái fram að ganga, enda ekki ósennilegt, að það kynni að hafa einhver áhrif á atkvæðagreiðslu um það, ef hæstv. stjórn þætti það mjög miklu skifta.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki blanda mjer í deilur hæstv. fjrh. (M. G.) og annara þingmanna. Mjer skilst, að það, sem liggi til grundvallar fyrir þessu frv. stjórnarinnar, sje aukning á tekjum ríkissjóðs. Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) halda því fram, að þessum tekjuauka megi ná með hækkuðum tollum. En jeg hygg, að ef farin er sú leið, sem stjórnin vill í þessu máli, þá þurfi ekki að hækka tollana, heldur muni stórsöluágóðinn vega upp á móti þeirri hækkun, en kaupmenn halda smásöluhagnaðinum jafnt eftir sem áður.

Um einkasölu á áfengi eru aftur nokkuð skiftar skoðanir. Á þingmálafundi, sem haldinn var á Ísafirði, voru bannmenn sumir með einkasölu, en aðrir á móti. Mörgum þykir svo, sem ríkisstjórnin hafi nokkuð lagt inn á ótroðnar brautir með þessu einkasölufrv. En jeg vil geta þess, að víða erlendis er slík ríkiseinkasala á ýmsum vörutegundum, t. d. bæði á Spáni og Ítalíu.

Mjer þykir það nokkuð kynlegt, ef eigi ætti að leyfa frv. að koma í nefnd, því að róleg yfirvegun mun sýna, að hjer er um tekjuauka að ræða fyrir ríkissjóð, en bannlögunum ekkert tjón unnið.

Sigurður Stefánsson: Jeg tel það helgustu skyldu þingsins að auka tekjur ríkissjóðs. Því er það, að þau frumvörp, sem að þessu miða, mega vera gölluð — já meingölluð — til þess að þingið megi hafna þeim athugunarlítið, eða án þess að laga þau. Aldrei er meiri þörf fyrir tekjuaukningu en einmitt nú á þessum hörmungarárum. Og hlýt jeg því að telja það virðingarvert, af hvaða stjórn sem er, að leita tekjuauka í ríkissjóð á allan heiðarlegan hátt. Mjer finst þetta frv. stjórnarinnar í alla staði heiðarlegt, og því tel jeg nokkuð hart að orði kveðið að kalla það óhæfu. (*Jak. M.*: Jeg stend við það). Jeg tel stjórnina hafa fundið þá leið, sem beinast lá fyrir til tekjuaukningar, og mun þess vegna greiða frv. atkvæði mitt með glöðu geði, enda þótt jeg vilji ekki fylgja stjórninni beinlínis út á einokunarbrautir. Bann-

vinir hafa haldið því fram, að ófært sje, að ríkissjóður græði á áfengissölu í bannlandi. En Ísland er alls ekki bannland í þeim skilningi. Það er og hefir verið opið fyrir öllu því áfengi, sem frv. ræðir um. Það er enn fremur nokkur freisting fyrir stjórnina að taka í sínar hendur áfengissöluna, því að innflutningur þeirrar vöru hefir stórum aukist á síðustu árum. Hann hefir aukist úr 7000 lítrum, fyrsta árið eftir að bannlögin gengu í gildi, upp í ca. 100.000 lítra 1920. Það er í anda bannlaganna að leitast við að takmarka þennan innflutning, en ekki hitt, að berjast gegn einkasölu á honum.

Því er haldið fram, að kostnaðurinn við ríkiseinkasöluna verði mikill. Það getur vel verið. En þó eru slíkt tómir spádómar og getgátur, því að enginn getur um það fullyrt strax. Jeg hygg, að verslunarágóðinn geti orðið allmikill, þótt ekki sje lagt á vörur þessar nándarnærri eins mikið og nú er gert, eftir því sem stjórnin upplýsir, þar sem hún segir, að vínandi, sem kostar í innkaupi kr. 6.00 pr. lítra, sje hjer seldur á kr. 16.00.

Um það atriði, að tekjuaukanum mætti ná með hækkuðum tollum á þessum vörum, er það að segja, að þeir eru nú þegar ærið háir, og ef þeir væru hækkaðir að mun, gæti slíkt haft það í för með sjer, að minna væri keypt af þessum vörum, en við það rýrnuðu tekjurnar. Jeg tel því ekki rjett af þinginu að hafna þessu frv., enda eru þetta ekki lög, sem þurfa að standa um aldur og æfi. Það má breyta þeim og jafnvel afnema þau síðar, ef illa gefast. (*Jak. M.*: Þá er víst betur farið en heima setið!). Maðurinn er nú eitt sinn þannig gerður, að hann getur sjeð sig um hönd, og það getur þingið líka.

Jeg legg því til, að málið sje rækilega athugað í nefnd, því að þetta er þjóðþrifa mál. Og jeg fæ alls ekki sjeð, að það snerti bannlögin, og kemur það því undarlega fyrir, að bannvinir skuli hjer sjá draug um hábjartan dag.

Magnús Kristjánsson: Mjer hefði fundist vel á því fara, að umræður hefðu ekki orðið langar í þetta sinn, en jeg finn mig þó knúðan að taka til máls, vegna þeirra fáránlegu skoðana og kenninga, sem komið hafa fram hjá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Mjer finst selshauslíking hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) talsvert smellin. En mjer finst hún tæplega geta átt við frv. stjórnarinnar; hún gæti miklu fremur átt við hv. 4. þm. Reykv. sjálfan. Fróðárundrin hafa gerst við síðustu kosningar hjer í Reykjavík. Selshausinn er kominn á þingið. Og hann virðist nú ekki skilja, að það sje nokkur munur á guðfræði og verslunarfræði. Ástæða hans fyrir því að vera á móti frv. er meðal annars sú, að salan geti gengið svo vel fyrir stjórninni, að hætt sje við, að hún taki þá að sjer sölu á fleiri vörutegundum. En í seinni ræðu sinni hjelt hann því fram, að ríkið mundi tapa á einkasölunni. (*M. J.*: Sagði hvorugt). (*Jak. M.*: Skilur ekkert í málinu). Háttv. þm. (Jak. M.) ætti að geta þagað þangað til hann getur fengið orðið á eftir, þótt hann sje bæði málsnjall og málgefinn. Jeg hefi þá sýnt fram á það, að hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) er kominn í beina mótsögn við sjálfan sig. Annars ætla jeg ekki að leggja málinu sjerstakt liðsyrði að þessu sinni, en að eins benda á öfgarnar.

Jeg vil og minnast á þá einokunargrýlu, sem sífelt er verið að hampa framan í þingmenn og kjósendur. Mjer finst það hreinasta oftraust á skilningsleysi almennings að rugla saman einokun fyrri alda og einkasölu nú. Á tímum einokuninnar fór allur hagur af versluninni út úr landinu, en einkasölufrv. stjórnarinnar eru beinlínis framkomin til þess að bjarga hag landsins. Jeg held, að svona grýlur hljóti að vera

bornar fram gegn betri vitund. Jeg skal ekki fara út í einstök atriði frv. Slíkt er ekki leyfilegt við þessa umræðu. En vil að eins geta þess, að jeg er á sömu skoðun og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að óþarft sje að hafa sjerstakan toll á þessum vörutegundum, tóbaki og áfengi, ef ríkið tekur sölu þeirra í sínar hendur.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) kom fram með nokkrar athugasemdir, öllu hógværari en vandi hans er. Hjelt hann því fram, að ef ríkið tæki söluna í sínar hendur, kæmi fram óþarfa milliliður. Þetta er algerlega sagt út í loftið, því að þótt sumir kaupmenn hafi keypt vörurnar frá útlöndum, þá hafa þeir gerst milliliðir, bæði sem stórsalar og smásalar. Það er því hjer ekki um fjölgun milliliða að ræða.

Loks var hv. þm. (Jak. M.), að dylgja um það, að útsölustaðir fyrir þessar vörur myndu verða víðar en hjer í höfuðstaðnum. Er það í samræmi við skoðanir þm. (Jak. M.), sem aldrei sjer annað en Reykjavík.

Að lokum vil jeg svo eindregið leggja til, að málinu verði vísað til nefndar til ítarlegrar rannsóknar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get ekki verið að gera hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) það til geðs, að segja honum núna, hversu mikla áherslu jeg legg á þetta mál. Jeg skil vel, hvað hann meinar með þessu. Hv. þm. (Jak. M.) kvartaði yfir, að jeg hefði misskilið hann, og bið jeg hann forláts á því, en vil jafnframt biðja hann um að tala framvegis svo greinilega, að hægt sje að skilja hann.

Að öðru leyti tel jeg ekki ástæðu til að ræða frekara um málið á þessu stigi, en nú tel jeg ekki einungis bundið fyrir naflastrenginn, heldur og barnið laugað og lagt í reifar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 15 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 184 (meiri hl.), n. 186 (minni hl.).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Meiri hluti fjhn. hefir gert nokkrar verulegar breytingar á frv. því, sem fyrir liggur, og eru þær sumpart gerðar í því skyni að gera fyrirhugaðan verslunarrekstur einfaldari, en sumpart eru þær þess eðlis, að álagningu á einkasöluvörurnar er breytt, lagt minna á áfengi, en meira á tóbak. — Aðrar breytingar eru eingöngu orðabreytingar og skifta ekki miklu máli, nema breytingin við 11 gr., um að hafa hámarksverð ætíð ákveðið, en ekki aðeins heimild til að ákveða það, eins og frv.stj. fór fram á.

Af 7 nefndarmönnum hafa að eins 5 ritað undir nál., en jeg þykist mega fullyrða, að 6. nefndarmaðurinn er meiri hlutanum sammála, enda lýsti hann yfir samþykki sínu í nefndinni við meiri hl., áður heim færi í páskaleyfi. Aðeins 1 nefndarmaður hefir farið aðra leið, og kemur fram með sjerstakt álit, er fer í öfuga átt við álit meiri hlutans. Aðalástæða hans virðist vera sú, að hann treysti stjórninni ekki til þess að reka verslunarfyrirtækið svo vel, að hagnaður yrði að. Það gefst ef til vill tækifæri til þess að athuga það nánar síðar.

Jeg vil geta þess, að stefna meiri hl. er óháð afstöðu þeirra einstöku nefndarmanna til einkasölu yfirleitt; sumir nefndarmenn hallast að henni, aðrir telja óháð og frjáls viðskifti eiga hvarvetna að ráða,

en þessi skoðun hefir orðið að víkja og verið látin víkja fyrir þörf ríkisins á auknum tekjum. Það er ekki efa undirorpið, að einkasala á þessum vörutegundum hlýtur að vera arðvænleg, ef sæmilega er á haldið, og það án þess að vörurnar verði dýrari en alment gerist.

Áætlun sú um tekjuaukann, sem lesa má í aths. við stj.frv., hefir breyst talsvert við breytingar nefndarinnar. Bæði er það, að nefndin gerir ráð fyrir lækkun á álagningu vínfanga, og eins munu hafa slæðst villur í áætlun stjórnarinnar um innflutning á vínanda. En þó vil jeg fullyrða, að áætlunin er nærri lagi. Jeg hefi farið aðrar leiðir en stjórnin, til þess að fá út sömu upphæð tekna. Jeg hefi bygt á innflutningi áranna 1915—'17, í stað þess að stjórnin miðaði við árin 1917—'20, og eins byggi jeg á hærri álagningu á tóbaki, eða 35% á munntóbaki, neftóbaki og reyktóbaki, í stað 20% í áætlun stjórnarinnar, og 45% á vindlum og vindlingum, í stað 30%. En jeg miða líka við lægra innkaupsverð en stjórnin, eða verð það, sem var 1915—'17, í stað þess að stjórnin miðar við 1917. Af samanburði þessara ára má sjá, að meðalinnflutningur þessara ára hefir verið sem næst 40 þús. kg., og nær ⅙ af því vindlar og vindlingar.

Af skýrslunum má ráða, að innflutningur þessi sje nokkuð meiri á venjulegum tímum, því að á árinu 1916 er hann yfir 120 þús. kg., og 1919 hefir hann einnig farið fram úr nefndri meðaltalsupphæð. Jeg byggi því mína áætlun á 120 þús. kg. og meðalverði fyrir árin 1916 og 1917, sem er nálægt 3 kr. Auðvitað hefi jeg þá lægri tölu en stjórnin, en jeg hefi þá líka hærri hundraðstöluálagningu, og ætti með því móti áætlun mín að vera vissari. Aftur er meðaltalsverð á vindlum og vindlingum þessi ár 12 kr., en stjórnin, sem miðar við ár 1917, telur það 16 kr. Jeg fæ nú út, að tekjurnar af einkasölu tóbaksins, miðaðar við 30 og 35%, verði 213 þús. kr. Þetta er því mjög nærri því, sem áætlunin í frv. stjórnarinnar sýnir, og tel jeg ugglaust, að upphæðin verði eigi minni.

Að tóbak verði dýrara við þetta fyrirkomulag, getur ekki komið til tals. Þegar miðað er við 3 kr. meðalverð á 1 kg. tóbaks, annars en vindla, verður það, með þessari 35% hækkun, 4 kr. og 5 aura á kg., og sje svo bætt við það tolli, þá nemur verðið rösklega 8 kr. Sjá því allir, að það er ekki óveruleg álagning, sem þarf til þess að ná því verði, sem nú er á tóbaki, en það mun vera sem næst 20 kr. kg. — Væri hinsvegar bygt á því verði, sem stjórnin áætlar, og miðað er við árið 1917, mundu auðvitað tekjurnar af einkasölunni, eftir sama hlutfalli, verða meiri, eða því sem næst 284 þús. kr.

Að því er snertir hagnaðinn af einkasölu á vínföngum og vínanda, þá er erfitt að gera áætlun um hann, og jeg sje mjer því síður fært að leggja fram ábyggilega áætlun, þar sem nefndin leggur til, að öll vínföng og vínandi til lyfja og læknisdóma verði seld án nokkurs hagnaðar. Nú liggja engar skýrslur fyrir um það, hve mikið vín er notað til lyfja og læknisdóma, og hve mikið fer til annars. Hins vegar er öllum ljóst, hversu gífurlega allur innflutningur á vínföngum og vínanda hefir aukist síðustu árin, á árunum1917 til 1918 úr 9.700 lítrum upp í 17.600 lítra. Og mjer dylst ekki, að þessi aukning innflutnings stafar meira af misbrúkun áfengis en af vaxandi þörf til lyfja. Að ætlast á það, hve mikið af þessu sje nauðsynlegt lyfjabúðum, er ekki hægt með neinni nákvæmni. Með því að reikna með 60% álagningu og miða við meðalverð síðustu ára, en gera ráð fyrir þriðjungi vínandans til annars en lyfja, hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að álagningin myndi nema 96—100 þús. kr. Á þennan hátt hefi jeg þá komist að því, að aðaltekj-

ur ríkisins af einkasölu á tóbaki og áfengi mundu geta orðið 3—400 þús. kr., en það fer auðvitað nokkuð eftir því, hvort miðað er við innflutningsverð 1917, eins og stjórnin gerir í aths. sínum við frv., eða við árin 1915—'17, eins og jeg geri. — Auðvitað er þetta áætlun. Þó mun þessi upphæð ekki geta orðið minni en 300 þús. kr. Með þessu er auðvitað nokkuð dregið úr áætlun stjórnarinnar, og jeg býst við því, að þeir, sem fastast fylgja því frv., sjái eftir því, hve mikið er felt undan, þar sem lyfin eru. En nefndin varð að líta hjer á fleira en tekjuaukann. Óeðlilegt virðist að hækka lyfin að mun í verði, með álagningu á efni þeirra, og yfirleitt munu bannmenn allir álíta illa viðeigandi að nota slíka vöru til að afla landinu tekna með, (*M. G.*: Ekki allir!). Jæja, þá meiri hluti. (*M. G.* og *M. P.*: Nei! nei! alls ekki). Og að slíkt væri ógerlegt vegna kaupenda þeirra, sem lyfjanna þurfa að neyta. Þetta er þá sú fjárhagslega niðurstaða. Tekjurnar nema að minsta kosti 300 þús. kr., og er það upphæð, sem ekki verður fengin með öðru móti, án þess að gjaldendur finni óþægilega til þess. Tóbak gæti jafnvel orðið að mun ódýrara en venjulegt er, ef stjórnin leyfði ekki altof háa álagningu hjá smásölukaupmönnum. Hún ætti ekki að fara fram úr 30%, og miða jeg þá að sjálfsögðu við 30% af því verði, sem tóbak er búið að fá með álagningu ríkisstjórnar og tolli. Verðið færi ekki með því móti fram úr 10 kr. á kg., og talið eftir verðlagi því, sem jeg hefi bygt á, en nú má telja útsöluverð hjer um 20 kr. á kg.

Því hefir verið haldið fram af ýmsum, sem hafa beyg af frv. þessu, að verslunarreksturinn yrði svo dýr, að ekki mundi svara kostnaði að fást við hana, að stórfje þyrfti til að reka hana, og að vaxtamissir af því, ásamt starfsmannalaunum, mundi eta upp ágóðann að mestu.

Jeg hefi athugað hve miklu innflutningur nemur síðan frá 1910, og miðað við 120 þús. kg., sem mun fara mjög nærri meðalinnflutningi nú. Virðist mjer, eftir fyr nefndu meðalverðlagi fyrir 1916 og 1917, að innkaupsverð tóbaksins alls nemi um 566 þús. kr. Jeg skil nú ekki í, að sú upphæð þyrfti ávalt að standa föst í þessum varningi; og nægilegt virðist mjer að ætla útistandandi og rentulausan árlangt ⅓ af upphæðinni. Sje nú miðað við 600 þús. kr. innflutningsverð, þá er þriðjungur þar af 200 þús. kr., sem eiga að renta sig með 5%, og gerir það 10 þús. kr. í ársvexti. Annars er alls ekki auðgert að áætla kostnaðinn við verslunarreksturinn nákvæmlega, síst meðan óákveðið er, hve miklar birgðir eiga að vera til á hverjum tíma og hverjar reglur eiga að gilda um útsölu.

Áætla mætti 10 þús. kr. í mannhald og til skrifstofuhalds, eða fyrir framkvæmdarstarfið, og nægilegt virðist að leggja ofan á 10 þúsund fyrir öðrum útgjöldum, svo sem húsaleigu og rýrnun. En eftir þessu ætti samlagður rekstrarkostnaður að nema 30,000 kr. um árið. Jeg veit, að svona áætlun er ekki nákvæm, en hún er sennileg, og tekjurnar munu þó ná 300 þús. kr. eða jafnvel mun meiru.

En það er fleira en sjálf hagnaðarvonin, sem fyrir mjer vakir, þegar jeg mæli með þessu frv. Jeg álít, að ávinningur verði einnig á öðrum sviðum. Alt eftirlit með sölu vínfanga og vínanda verður mun auðveldara, og það eitt er mikilsvert atriði. Mjer blandast ekki hugur um það, að sú aukning innflutnings á vínföngum, sem síðustu ár hefir átt sjer stað, stafar af misbrúkun, en ekki af vaxandi þörf. Einnig er það mikilsvert, að með slíkri einkasölu má fyrirbyggja það taumlausa okur, sem beitt hefir verið stundum við sölu þessa varnings. Það ætti ekki að geta komið fyrir, að tóbak verði selt því ógegndarverði, sem undanfarið hefir átt sjer stað. Það er alkunna,

að 1917—18 var tóbakspundið stundum selt á 25 kr. eða 50 kr. kg. En það er alveg augljóst af verslunarskýrslunum, að tóbakspundið, með tolli og öllum kostnaði, var ekki meira en 3—4 kr. virði, komið í hús hjer á landi. Ef til vill þarf ekki að gera ráð fyrir svo gegndarlausu okri hjer eftir, en hugsanlegt væri það þó, ef mjög þrengdi að, og lítið væri fyrir af vörunni.

Því hefir verið haldið fram á móti þessu frv., að einstakir menn yrðu með því sviftir atvinnu, og er þar átt við tóbakssalana. Þetta er að nokkru leyti rjett, en ekki allskostar. Úr því að gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin annist heildsöluna, en smásalar hafi á hendi útbýtinguna, þá er hjer að eins um takmörkun að ræða. Og jeg lít svo á, að þótt nokkuð rýrnaði atvinna fárra heildsala við þetta, þá sje enginn skaði skeður. Slík atvinna verðskuldar enga sjerstaka viðurkenningu frá hendi þjóðfjelagsins, og hefir ekki verið því til mikilla þrifa.

Jeg skal þá víkja nokkrum orðum að nál. minni hl. Jeg hefi að vísu minst á það áður, en að eins í svip.

Ástæður minni hl. gegn frv. eru sjerstaklega þær, að stjórnin sje þess ekki umkomin að reka þessa verslun svo, að ágóði verði af henni, og í öðru lagi það, að hún muni ekki geta rækt eftirlitið með innflutningi víns, svo að ekki verði misbrúkað, frekar en nú. Mjer skilst, að því er snertir þetta eftirlit, að þá muni það verða mun auðveldara, þegar stjórnin, eða trúnaðarmenn hennar, hafa það á hendi. Þessi vínsala hefir verið í höndum lyfjabúða og lækna, því nær án alls eftirlits, enda er það opinber leyndardómur, að sumir þessir aðiljar hafa misbrúkað mjög leyfið til útláta á vínanda og áfengi.. Mætti hjer benda á tilfelli, þar sem í tveim læknishjeruðum, sem eru svipuð að mannfjölda, hafa verið notaðar áfengisbækur svo tugum skiftir í öðru, en að eins tvær til þrjár í hinu á jafnlöngum tíma.

Háttv. minni hl. leggur líka áherslu á það, að tóbak verði dýrara en ella með einkasölufyrirkomulagi. Jeg þykist áður hafa leitt rök að því, að svo þurfi ekki að vera, heldur megi þvert á móti gera ráð fyrir lægra verði.

Þá telur minni hl. fyrirsjáanlegt, að kostnaðurinn við rekstur tóbaksverslunarinnar muni gleypa því sem næst allan ávinning. Jeg held nú, að við stöndum álíka vel að vígi með að fullyrða nokkuð um þetta. En líkurnar eru ekki á hlið minni hl., enda mundi ekki svo kappsamlega varinn ímyndaður rjettur kaupmanna til að versla með tóbakið, ef ekki væri þar um arðsama verslun að ræða, og jeg þykist hafa leitt góðar líkur að því, að 10% af ágóðanum nægði ríkisversluninni í rekstursskostnað.

Þá vil jeg minnast á þær mótbárur, að hættara sje við tollsvikum, ef einkasölustefna nær að sigra. Jeg held nú að flestir sjeu sammála um það, að hættan verði einmitt minni. Það er að minsta kosti víst, eins og stjórnin bendir á í aths. við frv., að kostur verður á því að einkenna svo tóbakið, að ekki verði hægt að flytja inn tóbak í blóra við ríkisstjórnina, nema með margfaldri hættu á, að uppvíst verði. Líklegasta leiðin til varnar tollsvikum virðist mjer einmitt vera sú, að hafa einkasölu og einkenna allan varninginn ákveðnu merki.

Að svo mæltu skal jeg ekki tefja þá meira í svip, er vilja koma fram með mótmæli gegn þessu frv.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Háttv. frsm. meiri hl. (Sv. Ó.) sagði það í enda ræðu sinnar, að minni hlutinn hjeldi því fram, að tóbak, ef einkasala yrði á því, mundi verða dýrara en það nú er. Þetta er

misskilningur. Jeg hefi aldrei haldið því fram, að einkasölu á tóbaki mætti ekki reka svo á „normal"-tímum, að tóbakið yrði ódýrara heldur en þegar viðskiftin, eins og nú er, eru einna örðugust og óhagstæðust, sem þau geta verið. En það er einmitt þessi misskilningur, að miða arðinn af einkasölunni við það ástand, sem nú er, sem nál. meiri hl. byggist á, í stað þess að miða við eðlilegt ástand viðskiftanna, eins og jeg hefi gert í mínu nál.

Háttv. frsm. meiri hl. (Sv. Ó.) benti til þess með ummælum sínum, að umr. í nefndinni hefðu mikið snúist um einkasölustefnuna yfirleitt og þær óvinsældir, sem hún ætti að mæta, en sannleikurinn er nú sá, að um það var lítið rætt. Aðalatriðið í þessu máli er það, hvort varan verði dýrari með einkasölufyrirkomulagi, eða ekki, og jeg er sannfærður um það, að hún verður hvorttveggja, og verslunin að öllu leyti óhagstæðari. Hjer verður tóbakseinkasalan, eins og til hennar er stofnað, óþarfur milliliður, sem hlýtur að hafa í för með sjer óþarfan kostnað. Um samkeppni verður vitanlega ekki að ræða, og það hlýtur að verka á vörugæðin til hins verra. Er fyrir þessu óvefengjanleg reynsla. Jeg veit að vísu, að til eru þeir menn, sem segja að þetta geri ekkert til, tóbak sje ónauðsynjavara, og því saki það ekkert, þó að það sje bæði vont og dýrt; en að þessari skoðun get jeg ekki hallast.

Það er bæði rangt og villandi, eins og gert er í nál. meiri hl., að miða einkasölu tóbaks hjer við tóbaks-„monopól" erlendis. Gróðinn, sem orðið hefir á tóbaks-„monopol" annara landa, er ekki sprottinn af versluninni, heldur af framleiðslunni, iðnaðinum, sem ríkin hafa tekið í sínar hendur. Jeg sje, að hæstv. fjrh. (M. G.) hristir höfuðið, en það er algerlega óþarfi fyrir hann, því að þetta er reynsla, sem eigi þýðir að mæla á móti. — Einkasalan, út af fyrir sig, hefir verið reynd víða, og hvergi gefist vel. Hjer verður einkasalan að eins óþarfur milliliður, því eins og öllum háttv. þm. er kunnugt, þá hafa smásölukaupmennirnir fengið tóbakið frá sömu verksmiðjunum sem ríkið hlýtur að fá það frá. Fram hjá þessari staðreynd kemst meiri hluti nefndarinnar með því að villa sjer sýn og miða alt við ástandið eins og það nú er, en gæta þess eigi, að jafnskjótt sem viðskiftin komast í eðlilegt horf, þá verður hjer um enga heildsölu á tóbaki að ræða. Þá hlýtur verslunin að komast í sama horf og áður var, að kaupmenn kaupi vörur sínar yfirleitt beint frá útlöndum, tóbak sem annað, nema þá því að eins, að einstakir heildsalar geti boðið eins góð kjör, en þá yrði heldur ekki um að ræða þá gífurlegu heildsöluálagningu, sem allar gróðavonir ríkiseinokunarinnar byggjast á.

Um það, hvort þetta er nefnt einkasala eða einokun, læt jeg mig engu skifta, það er að eins heimskuleg deila um orð, og fylgjendum þeirrar stefnu er guðvelkomið, fyrir mjer, að skreyta hana eins fallegum nöfnum og þeim getur hugkvæmst. Hinsvegar er það í augum uppi, að þessi einkasala er nákvæmlega sama eðlis og gamla einokunin.

En, eins og jeg sagði áður, þá var það ekki aðallega eða fyrst og fremst ímugustur á einokunarstefnunni, er olli því, að jeg skildist frá nefndinni, heldur hitt, að frv. kom þannig úr garði gert frá hæstv. stjórn, að mjer virtist það ógerningur að samþykkja það, að svo stöddu. Áætlanirnar, sem stjórnin hefir gert um tekjurnar af einkasölunni, eru bygðar á skökkum tölum, sem stafar af misskilningi á tölum verslunarskýrslna, eins og flestum háttv. þingdm. vafalaust er nú kunnugt orðið. Og af þessum misskilningi stafar það, að gert er ráð fyrir helm-

ingi meiri innflutningi árlega á spíritus og cognaki heldur en hann er, eða 66,000 lítra í stað 34.000. Auk þess er ónákvæmni í útreikningi á spíritusverðinu, bæði í innkaupi og útsölu, eins og jeg hefi sýnt í áliti mínu. Veldur þetta hvortveggja því, að tekjurnar af vínfangaversluninni mundu ekki verða nema lítill hluti þess, sem stjórnin áætlar, eða „bruttó"-tekjurnar að eins um 100 þús. kr. í stað 437 þús., sem stjórnin gerir ráð fyrir. Hinsvegar er jeg sannfærður um, að það eru einmitt þessar miklu tekjur af vínfangaversluninni, sem stjórninni hefir leikið hugur á sjerstaklega, og verð jeg að efast um, að hún hefði talið það tiltækilegt að ráðast í fyrirtækið, ef aðallega hefði átt að byggja á tekjunum af tóbaksversluninni, sem í áætlun stjórnarinnar eru, að heita má, hverfandi í samanburði við hitt.

Enn var það að athuga við frv., að það lá engin áætlun fyrir um rekstrarkostnað þessarar fyrirhuguðu verslunar, hvorki beinan nje óbeinan, kaupgjald, vexti, rýrnun og skemdir á vörubirgðum o. s. frv. Jeg veit, að það er að vísu hægt að ná svo og svo miklum tekjum af slíkri verslun sem þessari, með því að leggja bara nógu mikið á, og skeyta því engu, þótt sú álagning fari fram úr öllu hófi, eins og háttv. meiri hluti nefndarinnar gerir.

Háttv. frsm. meiri hl. (Sv. Ó.) hjelt því nú að vísu fram, að álagningin mundi samt eigi verða meiri en hún er hjá heildsölum, en mig undrar það stórlega, ef hann vill halda því fram í alvöru, að heildsalaálagning á venjulegum tíma sje 40—50%. Þetta er slík fásinna, að um það er ekki orðum eyðandi. Hvort slík álagning hefir átt sjer stað, það skal jeg ekkert fullyrða um. Þó þykir mjer það ekki líklegt, nema þá í alveg einstökum tilfellum. Og það er alveg víst, að slík álagning getur ekki átt sjer stað á venjulegum tímum; því hlýtur verslunarsamkepnin að aftra; þó að ekki væri um neina samkepni að ræða milli kaupmanna, þá mætti háttv. frsm. meiri hl. (Sv. Ó.) þó minnast kaupfjelaganna. eða hvar væri gagnið af þeim, ef slíkt okur gæti átt sjer stað? Háttv. frsm. meiri hl. (Sv. Ó.) gerði einnig ráð fyrir því, að það mætti fá rekstrarfje fyrir 5% vöxtu. Það er, sem sje, óbrigðul regla að gera ráð fyrir, að útgjöldin við þetta fyrirtæki verði eins lítil og hægt er að hugsa sjer á hagstæðasta tíma, en tekjurnar eru miðaðar við okurálagningu, sem ekki getur átt sjer stað nema á allra örðugustu viðskiftaárum, en þeim fylgja þá venjulega líka háir vextir.

Mjer skildist svo á háttv. frsm. (Sv. Ó.) að meiri hlutinn gerði ráð fyrir því, að tekjurnar af vínfangaversluninni yrðu um 100 þús. kr., þrátt fyrir það, þótt tekið væri tillit til skekkjunnar, sem var í útreikningum stjórnarinnar. Þetta fæ jeg ómögulega skilið, þar sem meiri hlutinn leggur þó líka til, að álagningin minki. Hann ráðgerði álagninguna 60% á iðnaðarspíritus og ágóðalausri sölu lyfjaáfengis, en stjórnin gerir ráð fyrir 100% álagningu, og reiknast mjer því svo, með því að ganga út frá tölum stjórnarinnar, að breyttu breytanda, að tekjurnar verði 100 þús. kr. með 100% álagningu, líka á því, sem fer til lyfja. Raunar getur þessi áætlun meiri hl. þó ef til vill staðist, ef það er tilætlunin að taka brennsluspíritusinn hjer með og okra á honum líka, en sje það tilgangurinn, er vikið frá því áliti þingsins, sem áður hefir verið, að brennsluspíritus sje nauðsynjavara, sem ekki megi leggja mikið á.

Jeg gat þess áður, að stjórnin hefði ekki að eins gengið út frá of miklum innflutningi á spíritus, heldur hafi hún gert of mikinn mismuninn milli innkaupsverðs og útsöluverðs hjá lyfsölum, en sökum þess, að jeg býst við, að þessu atriði verði mótmælt

síðar, geymi jeg mjer rjettinn til að færa rök að því.

Hv. deild hefir nú hjer fyrir framan sig brtt. frá mjer og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem fer fram á hækkun á áfengis- og tóbakstolli. Er þessi brtt. borin fram af mjer, fyrst og fremst til þess að sýna, að hægt sje að ná sömu tekjuupphæð með tollhækkun, án þess þó, að varan hækki í verði, ef það annars væri unt með ríkiseinkasölu. Brtt. hækkar tollinn á sterkum drykkjum um 3 kr. á lítra, en taki ríkið einkasölu áfengis í sínar hendur, er líka gert ráð fyrir 3 kr. álagningu, án þess að varan þurfi að hækka í verði. Ef slík álagning í raun og veru gæti átt sjer stað, án þess að útsöluverð yrði um leið að hækka, þá má auðvitað alveg eins taka þetta af lyfsölunum í tolli, því að þeir verða að selja vöruna því verði, sem þeim er skamtað, ef rjett er að þeim farið. Um tóbakstollinn er það að segja, að sje hægt að ganga út frá 45% heildsalaálagningu, þá ætti að vera í lófa lagið að færa heildsalaálagninguna það niður, sem tollhækkuninni svarar, með því blátt áfram að setja hæfileg takmörk fyrir því, hve mikið megi leggja á vörur í heildsölu.

Auk allra þeirra ástæðna, sem mæla á móti einkasölu, og jeg hefi tekið fram í nál. mínu og hjer að framan, get jeg enn nefnt það, að enda þótt háttv. frsm. meiri hl. (Sv. Ó.) teldi hægt að fá rekstrarfje gegn 5%, þá gæti samt farið svo, að kostnaðurinn yrði talsvert mikill, eins og á mörgu öðru, sem ríkið hefir haft með höndum, t. d. hrossasölunni. Ennfremur er það að óttast, að smyglun verði mikil, ef vörurnar eru seldar dýru verði, að minsta kosti hefir sú orðið reynslan erlendis. Að lokum skal jeg víkja að því, sem einhver háttv. þm. drap á við 1. umr. þessa máls, að þetta mætti reyna, t. d. í 1—2 ár, og sjá hvernig það hepnaðist. Það er að vísu rjett, að það er leyfilegt, og jafnvel sjálfsagt, að gera margt til reynslu, en hjer held jeg að reynslan gæti ef til vill orðið fulldýr. Þætti mjer eigi ósennilegt, að stórtap yrði á einkasölunni til að byrja með, bæði vegna þess, að eigi yrði nægilega gert fyrir rýrnun á vínanda, sem oft verður geysimikill, og líka sökum reynsluleysis þeirra manna, sem við þessa verslun fengjust. Með tóbaksvörur allar er afar vandfarið, og gætu orðið stórskemdir á slíkum vörubirgðum hjá versluninni, og stórtjón af hlotist. Þetta gæti raunar lagast með tímanum, en þó mætti svo vera, að komið væri inn á þá braut að selja æ dýrara og dýrara, til að vinna upp hallann, sem orðið hefði, og það er einmitt þessi hætta, þessi misnotkun af ríkisins hálfu, sem jeg óttast mest, að af einkasölunni geti hlotist.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg sje það af nál. meiri og minni hl. fjhn., að nefndin hefir haft allmikið við þetta frv. að athuga. En þótt svo sje, verð jeg að vera hv. nefnd þakklátur fyrir, að svo mikill meiri hluti hennar, sem raun er á orðin, hefir haldið saman um frv.

Jeg skal fyrst snúa mjer að áliti háttv. meiri hl., og verða þá fyrst fyrir mjer ummæli hans um, að eigi sæmi í bannlandi að gera sölu áfengis að tekjulind fyrir ríkissjóð. Þetta get jeg nú alls eigi skilið, svo lengi sem áfengi er tollað, því að jeg er svo heimskur, að jeg skil eigi, að það sje ósæmilegra að taka við ágóða af sölu ákveðinnar vöru en taka við tolli af sömu vöru.

Og nefndin fylgir heldur ekki þessari kenningu sinni nema aðeins um lyfjaáfengi, því að hún er samþykk því að selja með ágóða áfengi til brenslu og iðnaðar, þótt hún fari þar nokkru skemra en frv. Hin raun-

verulega ástæðu til, að lyfjaáfengi er undantekið hjá nefndinni, hlýtur því að vera önnur en sú, að ósæmilegt sje að hafa ágóða af áfengissölu, og jeg get ekki fundið aðra ástæðu en þá, að vilja ljetta undir með þeim, sem þurfa lyfjaáfengis með, og þessa ástæðu skil jeg og virði, því að það er að sjálfsögðu mannúðlegt að vilja ekki íþyngja sjúklingum. En þetta mun nú vera meira í orði en á borði, því að hjer er um svo örlitla upphæð að ræða, að hún er alveg hverfandi í samanburði við aðrar byrðar, er sjúkdómar valda, t. d. legukostnað og læknishjálp. Jeg held t. d. að 3—4 kr. á ári á sjúkling hafi í þessu efni svo örlitla þýðingu, að alls engin ástæða sje til að gera neinn úlfalda úr því. Jeg veit ekki betur en að áfengi sje í ýmsum hinna algengustu lyfja, svo sem joðáburði, brjóstdropum og kínadropum, og jeg verð að segja það, þótt það þyki kannske goðgá, að yfirleitt get jeg ekki vorkent þeim, sem sker sig í fingur og fær sjer joðáburð, eða þeim, sem fær kvef og kaupir brjóstdropa, eða þeim, sem fær magaverk og tekur inn kínadropa, þótt þeir borgi t. d. 10 au. meira fyrir glasið en ella mundi. Þetta tek jeg fram til að verja frv. mitt, en ekki af því, að jeg ætli að berjast á móti brtt. meiri hl. nefndarinnar, enda mun þar vera við svo mikið ofurefli að etja, að mjer sje það ekki fært.

Brtt. nefndarinnar eru 11 talsins, en þar af eru 5 um að breyta orðinu „landsstjórn“ í „ríkisstjórn“, og er það breyting, sem jeg sje ekkert á móti, þótt mjer reyndar sýnist hún lítilfjörleg, og liggur við, að jeg undrist það, að nefndin skuli þá vilja halda orðinu „landsreikningur“ og hafi ekki stungið upp á að kalla það „ríkisreikning“.

B.-liður 2. brtt. sje jeg ekki að sje til bóta, því að eftir honum lítur út fyrir, að landlæknir eigi að gera tillögur um tóbakssöluna, en það er væntanlega að eins tilætlunin, að hann geri till. um áfengissöluna. Þessa brtt. sje jeg því ekki ástæðu til að samþykkja.

Aðalbrtt. er vitaskuld 7. brtt., en um hana hefi jeg í raun og veru talað áður, að því er áfengið snertir, og sleppi því, en um tóbakið er það að segja, að jeg er dálítið ragur við að hækka það svona mikið, þótt jeg reyndar slái ekki hendinni á móti tekjuaukanum.

Hinar brtt. sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um, en vil að eins geta þess, að jeg sje ekki ástæðu til breytinga á sektaákvæðum frv.

Þá sný jeg mjer að áliti háttv. minni hl., sem vill fella frv., eins og við var að búast, eftir undirtektum hans við 1. umr. Jeg get slept að tala um það, hvort rjett sje, að landsstjórn taki að sjer slíka verslun sem þessa. Um það atriði voru svo miklar umræður við 1. umr.

Eftir því, sem jeg skil nál. háttv. minni hl., virðast mjer ástæður hans einkum tvær. Fyrst og fremst, að ríkið eigi alls ekki að taka að sjer einkasölu, eða einokun, eins og háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) kallar það. Jeg skal taka það fram, að það er mikill munur á þessum tveimur orðum, og má alls ekki blanda þeim saman. Einokunin gamla bygðist á valdboði útlendrar stjórnar, en hjer tekur þjóðin sjálf einkasölu á þessum tilteknu vörum. Það er sá mikli munur, sem er milli þess, að fara sjálfir einir með verslun sína eða láta aðra fara *eina* með hana.

Önnur ástæðan er sú, að þetta muni gefa svo litlar tekjur, nema verðið sje sett gífurlega upp. Jeg get vísað til þess, sem háttv. frsm. meiri hl. (Sv. Ó.) sagði. Eftir hans útreikningi mundu tekjurnar nema 300 þús. kr. Mótbára háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) byggist annars aðallega á því, að útreikningur minn í aths. við frv. sje rangur, bæði um innkaupsverð, útsöluverð og innflutning á vínanda. Jeg skal

nú strax játa það, að eitt þessara atriða er að því leyti rjett, að innflutningur er talinn í 8°, en tekjuáætlunin bygð á 10° spíritus, en þannig stendur á þessu, að burtu fjell við prentun frv., í fjarveru minni í haust, athugasemd um það að gera mætti ráð fyrir, að þessi munur jafnaðist, með hagnaði á sölu suðuspritts og iðnaðarspírituss, því að ekkert af því er talið meðal hins innflutta vínanda 1917 og 1918, og á árinu 1919 að eins frá 12. ágúst til ársloka, vegna þess, að tollur var enginn á þessum vörum til þess tíma. Innflutningur á suðu- og iðnaðarspíritus á þessum 4½ mán. 1919 eru um 50,000 lítrar. Ef því mætti dæma eftir líkum, mætti gera innflutninginn 120,000 lítra á ári. Mjer dettur þó ekki í hug að ganga svo langt. Jeg geri innflutninginn að eins 60,000 lítra af suðuspritti og 40,000 af spir. conc. Með 4 kr. verði á suðuspritti og 6 kr. verði á meðalaspíritus, hvorttveggja að meðtöldum tolli, kostar þetta 480 þús. kr., og ágóðinn yrði þá jafnhár með 100% álagningu. Þessi innflutningur er mjög lágt áætlaður, og þó er upphæðin meiri en jeg hefi ráðgert, en mismuninn setti jeg á móti rýrnun og ef til vill minkuðum innflutningi eða minni álagningu. Skýrsla mín um innkaupsverð og útsöluverð er hárrjett, og tjóar ekkert fyrir háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) að andmæla henni, því að jeg get sannað hana hvenær sem er með reikningum frá verksmiðjunum. Háttv. minni hluti (Jak. M.) segir, að brennsluspíritus sje einkum notaður til eldsneytis af efnalitlu fólki; en þetta er rangt, því að það er einkum efnaðra fólkið, sem notar hann hlutfallslega meira, því að hann er dýrt eldsneyti. Með þessum athugasemdum er í raun og veru öll bygging minni hlutans hrunin, og þarf ekki að fara meira út í ástæður hans. Þó skal jeg geta þess, að jeg hygg, að í verslun þessari þurfi alls ekki að festa mikið fje, og að rekstur hennar þurfi ekki að verða dýr. Jeg held, að ekki mundi betra að hækka toll á tóbaki og vínanda en taka að sjer þessa sölu. Því að verði tollur hækkaður frá því, sem nú er ráðgert, er hætt við tollsvikum, og sennilega kveður nokkuð að þeim nú. En t. d. með merkjum á vindlum og umbúðum um tóbak er líklegt, að hægt væri að koma töluvert í veg fyrir tollsvik, ef ríkiseinkasala væri tekin. Jeg skal að sönnu játa það, að þetta mál lítur ekki eins vel út í mínum augum með brtt. nefndarinnar og það gerði eftir frv. eins og það kom frá minni hendi, því að það var einmitt mjög lokkandi að ná álitlegum upphæðum í ríkissjóð, án þess að landsmenn þyrftu að greiða verulega meira fyrir umræddar vörur. Þessi fríða útsýn myrkvast nokkuð við það, að verðlag á tóbaki hækkar töluvert við tillögur nefndarinnar, en aftur á móti hlýtur meðalaspíritus að lækka í verði, þar sem á að selja hann ágóðalaust til lyfjabúða, og svo hámarksverð að koma. Það verður þá ekki sagt, að þetta frv. hafi ekkert gott gert, og sennilega rennur þá upp sú tíð, að spíritus, cognac og portvín verði ódýrara hjer á Íslandi, í sjálfu bannlandinu, heldur en nokkursstaðar annarsstaðar, og þá minkar víst hættan á misbrúkun þess, og sjálfsagt lækkar þá verð á öllum lyfjum, sem vínandi er í!! En við sjáum nú til, og ef til vill verður tækifæri til að minna á þessi orð mín einhverntíma síðar.

Háttv. minni hluti (Jak. M.) segir, að einkasala á tóbaki hafi gefist illa alstaðar þar sem hún hafi verið reynd, en „fabrikation“ gefist vel. Það er mjög erfitt að aðgreina tilbúninginn og söluna í þeim löndum, sem hvorttveggja er haft um hönd. En vill háttv. þm. (Jak. M.) með þessum orðum sínum leggja til, að bannaður verði innflutningur á tilbúnu tóbaki

og tilbúningur lögskipaður hjer? Því að ekki getur hann ætlað sjer að fara að rækta hjer tóbak.

Jón Þorláksson: Þetta frv. er borið fram af hæstv. stjórn sem tekjuaukafrv. Jeg skal viðurkenna, að sá tilgangur frv. er alveg rjettmætur og nauðsynlegur. En frv. er ekki eins vel undirbúið eins og ætlast hefði mátt til um jafnmikilsvert nýmæli. Þetta á sjerstaklega við um þær greinar, sem ræða um áfengi. Hæstv. fjrh. (M. G.) viðurkennir, að athugasemd hafi fallið niður, sem hefði getað skýrt málið. Jeg hefi sem sje leitað árangurslaust að því í greinargerðinni, hvort brennsluspíritus eigi að fylgja með öðru áfengi í frv. eða ekki. Í nál. háttv. meiri hluta er ekki heldur hægt að finna þetta, en af umræðunum má skilja, að það hafi verið tilætlun stjórnarinnar að láta brennsluspíritus falla undir frv., þótt hann sje ekki tekinn með í áætlun stjórnarinnar í aths. við frv. Jeg get að minsta kosti ekki fundið það. Þessi villa gerir það óhægra að átta sig á tölunum, eins og þær liggja fyrir. Hæstv. stjórn gerir ráð fyrir bráttótekjum, sem nema tæpum 650 þús. kr. Þótt kostnaður verði talsverður, þá væri hjer um ½ milj. kr. tekjur fyrir landssjóð að tefla, sem erfitt væri að slá hendi á móti, ef áætlunin væri rjett. Jeg sakna í nál. háttv. meiri hluta, að gerð sje grein fyrir þeirri tekjuvon, sem landssjóður á í frv. eftir brtt. nefndarinnar. Það er lítil nærgætni við aðra þm. að láta það bíða framsögunnar að gera grein fyrir slíkum atriðum, svo þeir verði þá að henda allar tölur á lofti. Sjerstaklega þar sem hjer er um meginatriði að ræða, því að frv. er komið fram til þess eins að afla landssjóði tekna. Jeg reyndi að henda á lofti ummæli hv. frsm. meiri hlutans (Sv. Ó.) um þetta. Og niðurstaðan var sú, að jeg er í sömu óvissunni um, hvort taka á brennsluspíritus með, og hver tekjuvon er í honum, eftir brtt. nefndarinnar. Miðað við verslunarskýrslur 1915—17 verða tekjurnar af tóbakseinkasölunni 213 þús. kr., eftir áætlun hv. frsm. (Sv. Ó.) En áætlun um tekjur af áfengissölunni gerði hann á þá leið, að 20 þús. lítrar með 60% álagningu muni gefa 96 þús. kr. tekjur. Þegar jeg heyrði þessar tölur, varð jeg í sömu óvissunni eftir sem áður, um það, hvort brennsluspíritus ætti að vera með eða ekki. Ef hann á ekki að vera með, og að eins er átt við ómengaðan vínanda, þá getur áætlunin um lítratöluna ekki náð neinni átt, og það því síður, ef stj.frv. um að takmarka stórum spíritus til iðnþarfa verður samþykt. En ef meiningin er að telja brennsluspíritus með, þá vil jeg benda á, að í verslunarskýrslum 1917 er líterinn á kr. 1.77. Ef nú er haldið útreikningi háttv. frsm. (Sv. Ó.), 96.000 kr. hagnaði af 20.000 lítr., þá ætti hagnaðurinn að vera nær 5 kr. af lítra, sem nær ekki heldur neinni átt, ef verið er að tala um brennsluspíritus. Það er því auðsætt, að hvort sem hann er talinn með eða ekki, þá nær útreikningurinn engri átt. Ef að eins er tekinn ómengaður vínandi, þá getur hagnaðurinn aldrei farið fram úr 30 þús. kr. á ári. Um það, hvað sje hægt að leggja á brennsluspíritus, liggja engin gögn fyrir, hvorki frá stjórninni nje öðrum. En eftir því verði, sem var á brennsluspíritus fyrir stríðið, hygg jeg, að ekki sje hægt að leggja mikið á hann, nema með því að hækka mikið verð hans. En eins og mönnum er kunnugt, er brennsluspíritus aðallega notaður sem eldsneyti, jafnhliða steinolíu, á „prímusa“ hjá efnalitlu fólki í sjóplássum.

Eftir till. meiri hlutans get jeg því ekki gert neitt úr hagnaðinum af áfengisversluninni; jeg held, að hann sje enginn eða lítill, nema að brennsluspíritus sje talinn með, en það kemur ekki skýrt fram, hvort það er tilætlun nefndarinnar eða ekki. Jeg hefi borið fram brtt. með háttv. 1. þm.

Reykv. (Jak. M.) um tollhækkun á þessum vörum, og ætla jeg að fylgja henni fram, ef þetta frv. gengur ekki gegnum deildina. Mjer hefir reiknast svo til, að sú tollhækkun, sem við stingum upp á, nemi um 300 þús. kr., eða nákvæmar 290 þús. kr., og þar hefi jeg reiknað með tölum stjórnarinnar. Þessi tollhækkun er nettó, og jeg verð að álíta hana hærri en bráttótölu þeirrar upphæðar, sem fæst með einkasölu eftir frv. stjórnarinnar og skýringum hv. frsm. (Sv. Ó.) á því. Hann telur 213 þús. kr. ágóða af tóbaki, og einhverja vafasama upphæð af áfengi, öðru en því, sem ætlað er til lyfja.

Mergur þessa máls er sá, hvort hagkvæmara sje að ná svipaðri upphæð á þennan hátt eða hinn, með einkasölu eða tolli. En það er sýnilegt, að upphæðirnar verða svipaðar, hvor leiðin sem farin verður, enda bera till. og álit nefndarinnar það með sjer, að útsjeð er um alla von um ½ milj. kr. ágóða, eins og stjórnin ætlaðist til í upphafi.

Ríkissjóður þarfnast tekna, og spurningin er að eins um það, hvernig á að taka þær. Og jeg verð að telja það misráðið að taka upp nýja stefnu, og að margra áliti óeðlilega og jafnvel hættulega, þegar ekkert er við það unnið fyrir ríkissjóð, því að eins og það var dregið í efa við 1. umr., að ágóði af einkasölunni yrði svo nokkru næmi, eins er hægt að draga það í efa nú, og það með meiri ástæðum, því að málið hefir skýrst. Jeg verð að vera á móti þessari leið, því að jeg tel stefnuna andstæða því, sem þetta land fyrst og fremst þarf að gæta, til þess að von sje um að það fái staðist fjárhagslega sem sjálfstætt ríki. Jeg tel einu vonina til þess þá, að allri opinberri starfsemi sje haldið innan sem þrengstra takmarka, og dugnaði og framtakssemi einstaklingsins leyft að njóta sín sem best. En hjer er stefnt í gagnstæða átt; hjer er farið fram á að þenja starfsemi þess opinbera út á nýtt og óþekt svið, og þá jafnframt farið fram á verulega fjölgun þeirra manna, sem taka laun sín úr landssjóði. Jeg vona, að enginn villist á því, þó að laun þessara starfsmanna verði ekki borguð út af ríkisfjehirði, því að fyrir gjaldendurna gildir einu, hvort peningarnir lenda í vösum þeirra á leið sinni í landssjóðinn, eða þeir fara fyrst inn í ríkisfjárhirsluna og svo jafnharðan úr henni aftur til launagreiðslu. Jeg held, að það sje fullmikil bjartsýni, að gera að eins ráð fyrir einum forstjóra. Hann mun þarfnast aðstoðarmanna og endurskoðunarmanna, og fer því frv. þetta í öfuga átt við þá stefnu, sem nú ætti að ríkja, því að það fjölgar starfsmönnum þess opinbera. Auk þessa fjölgar það öðrum starfsmönnum, sem sumum þykir nóg af fyrir. Það eru verslunarmenn.

Það var bent á það hjer í deildinni um daginn, að sú stjett væri orðin fullfjölmenn fyrir ekki stærra land, og taldi jeg það að vísu ósannað, en gat ekki mótmælt því. Nú er farið fram á að fjölga þeim enn meira. Það er áreiðanlegt, að þetta frv. verður ekki til þess að fækka þeim, sem versla með tóbak, heldur bætir það við heildsalahópinn, og jeg get tekið undir það með háttv. frsm. (Sv. Ó.), að það sje stjett, sem ekki eigi að hlynna sjerstaklega að með lögum, og því síst ætti ríkið að auka tölu þeirra og launa þá eins vel, nei, betur en aðra starfsmenn sína. Forstjóri á að hafa 10 þús. kr. laun, og er það hærra en starfsmenn ríkisins hafa, þeir, sem best eru launaðir. Það hefir þegar vakið allmikla óánægju meðal embættismanna, að verslunarmenn í þjónustu ríkisins hafa yfirleitt verið betur launaðir en þeir. En menn hafa þó sætt sig við þetta, fyrir þá sök, að þessir menn voru taldir hafa óvissa atvinnu, sem þyrfti því að vera betur borguð. En nú á að fara að stofna föst verslunarembætti með hærri launum

en hæstu embættislaunum, og þykir mjer þá ekki ólíklegt, að óánægjan láti aftur á sjer bera, og það með meiri rökum en fyr. Og gæti hún komið fram í ákveðnum kröfum um hækkun launa embættismanna. Og jeg lái embættismönnum það ekki. Þeir hafa á hendi mikilsverð störf, á þeim hvílir þung ábyrgð, og þeir hafa varið mörgum bestu árum æfi sinnar til þess að afla sjer nægilegrar þekkingar, til þess að geta haft þessi störf á hendi. En svo eru ólærðir menn, sem lítinn undirbúning þurfa, teknir og settir á sama bekk, jafnvel ofar en hæstlaunuðu embættismenn. Hámarkslaun eru 9500 kr., að 2 embættum undanteknum, en forstjórinn á að hafa 10 þús. kr. laun. Jeg býst við því, að varla verði hægt að fá hæfan mann fyrir minna kaup en þetta, svo að það er ekki fært að ákveða launin lægri, en það má komast hjá því að stofna embættið, og gefa þar með tilefni til óánægju.

Einnig má búast við því, að þetta veki óánægju á annan hátt, svo sem út af því, hverjir eigi að fá tóbak í smásölu, til þess að hafa atvinnu af því. Þar að auki eru ýmsir, sem álíta þessa vöru yfirleitt flestum öðrum óþarfari, og ríkinu þá væntanlega miður vel sæmandi að fást við verslun með hana. Auk þess er tóbakið, ekki síður en ýmsar aðrar nautnavörur, oft misbrúkað. Enda er það alkunnugt, ekki síst hjer í Reykjavík, að þráfaldlega hefir verið kvartað um þessa misbrúkun, einkum að því er snertir unglinga, og væri þá ekki viðfeldið, að ríkið sjálft færi að halda henni uppi.

Þá er enn eitt atriði, sem athuga þarf, og það er kostnaðurinn við reksturinn, sem meiri hlutinn áætlar 30 þús. kr. En þar virðist bersýnilega vera villa í því, sem bygt er á, svo sem að ekki þurfi að hafa fyrirliggjandi vörur nema fyrir svo sem 200 þús. kr., og að annað stofnfje þurfi ekki að hafa. Þar er slept tolli af fyrirliggjandi birgðum, en tilætlunin mun þó vera að greiða hann, jafnóðum og inn er flutt. Ekki er heldur gert ráð fyrir útistandandi skuldum hjá viðskiftavinum eða smásölunum úti um alt land, áhættu o. fl. Auk þess er kostnaðurinn við fólkshald verslunarinnar langt of lágt reiknaður með 10 þús. kr., því sennilega þarf fleira fólk en forstjórann einan. Ef eitthvað verður svo lagt til hliðar handa versluninni sjálfri, eins og gert er ráð fyrir, má sjálfsagt gera ráð fyrir því, þegar tillit er tekið til alls þess kostnaðar, sem jeg hefi getið um, að tekjur ríkissjóðs sjálfs fari ekki mikið fram úr 200 þús. kr., í stað ½ milj., sem gert var ráð fyrir í stjfrv.

Mjer finst því, að hæstv. stjórn ætti, eftir undirtektum nefndarinnar, að geta fallið frá frv. og sætt sig við það að fá sömu tekjurnar, eða nokkru meiri, með tolli.

Magnús Kristjánsson: Áður en jeg sný mjer að málinu sjálfu, langar mig til að gera eina ofurlitla athugasemd við háttalag sumra háttv. þm. Það virðist svo, sem ræður sumra þeirra sjeu miðaðar við það, að þingið ætti að sitja alt árið, eða þá að nokkrir örfáir þingmenn hafi einkaleyfi til þess að teygja lopann sem lengst, algerlega að ástæðulausu, og það ekki síst þeir, sem annars þykjast vera mest á móti allri einokun, og á þetta þó ekkert sjerstaklega við umræðurnar í dag.

Jeg ætla þá að byrja á þeim, sem síðast settist, háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Hann kvartaði mikið um það, að áætlanir nefndarinnar væru ónógar, og starf hennar ófullnægjandi. Þessu verð jeg að mótmæla, því að þótt skýrslur, sem hann mintist á, um hagnað af versluninni, væru ekki í nefndarálitinu, komu þær skýrt fram í framsögunni og aths. við frv. Hinsvegar má máske segja, að þær sjeu ekki, frekar en aðrar áætlanir, alveg óyggjandi, og

mun háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sennilega kannast við það af eigin reynslu, að slíkt geti komið fyrir. Sami háttv. þm. (J. Þ.) talaði einnig um það, að mjer skildist, að sjálfstæði landsins gæti stafað hætta af samþykt þessa frv. Jeg þarf ekki að fara nákvæmlega út í þetta, enda mun háttv. þm. (J. Þ.) hafa sagt það í spaugi, þar sem jafnvitur maður á í hlut.

Ennfremur talaði hann um það, að varhugavert væri, að ríkið festi mikið fje í þessu, eins og nú væri ástatt um gjaldeyri. Þetta er rjett eins og hann haldi, að kaupsýslumenn þeir, sem annars mundu versla með vöruna, þyrftu ekkert að greiða fyrir hana, ekkert fje að festa í henni. En líklega kemur það nokkurn veginn í sama stað niður, hvaðan peningarnir koma, sem til þess ganga, frá ríkinu eða einstökum kaupmönnum. Ekki var það heldur rjett, sem hann sagði um verðlagið og álagninguna. Hann virtist rígbinda sig þar við hámarkið 75%, en gleymdi því, að hjer má fara alt niður í 25%, og verður það varla kölluð nein íþynging fyrir neytendurna, frá því, sem nú á sjer stað.

Annars er dálítið einkennileg framkoma andstæðinga þessa frv., ekki síst háttv. þingmanna Reykjavíkur, en þeir munu þykjast vera að framkvæma vilja og óskir sinna kjósenda. Í mínu kjördæmi munu einnig vera margir andvígir þessu frv., og mörgum þeirra mun stórum mislíka fylgi mitt við það, en samt mun jeg fylgja fremur sannfæringu minni og því, sem jeg álít heildinni fyrir bestu, og væri vel að það gerðu sem flestir.

Það er ekki alveg rjett að tala um, að þetta sje svo rígbundið og einskorðað, og þess vegna sje ástæða til að efast um heppilegar framkvæmdir. Annars ætlaði jeg ekki að fara frekar út í þetta, að eins vekja eftirtekt á því, að þessar staðhæfingar háttv. þm. (J. Þ.) eru ekki á neinum rökum bygðar.

En svo vildi jeg víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. fjrh. (M. G.). Hann virðist ekki allskostar ánægður með gerðir nefndarinnar og hefir víst búist við, að hún mundi skila frv. frá sjer án breytinga. Mjer finst þetta til nokkuð mikils mælst, enda finst mjer að hæstv. fjrh. (M. G.) geti verið ánægður með það, að nefndin hefir aðhylst stefnu frv., og ekki gert aðrar breytingar en þær, sem hún taldi miða í þá átt, að þessari stefnu væri betur borgið og að málið fengi betri byr í gegn um háttv. deild.

Þá var það annað atriði, sem hæstv. fjrh. (M. G.) áleit ekki sem heppilegast í brtt. nefndarinnar, en það er um verðlagið. Jeg vil nú benda á þennan mun: í öðru tilfellinu er lagt á innkaupsverð vörunnar, en í hinu á vöruna með tolli. Og þá geta menn sjeð, að hækkun verður ekki eins gífurleg, þar sem miðað er við vöruna án tollsins. Má því ganga út frá, að þetta sje ekki svo fjarri sanni, og að þessi hækkun komi rjettlátlega niður. (*Fjrh.*: Þetta var líka í stj.frv.).

Jeg vil nú reyna að vera stuttorður, en ætla þó að drepa á fáein smáatriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Hann virtist leggja aðaláhersluna á það, að ekki væri mikið leggjandi upp úr áliti meiri hluta nefndarinnar, því að það væri bygt á skökkum grundvelli, þar sem hún miðaði ekki við núverandi ástand. Þetta breytir engu, því að þó að miðað væri við ástandið eins og það er, myndi breytingin á verðlagi koma jafnt fram.

Þá hjelt sami háttv. þm. (Jak. M.) því fram, að með ríkiseinkasölu yrði varan áreiðanlega lakari, en þetta er algerlega ósannað mál, og ekki minstu líkur til þess.

Þá vildi hann og gera minna úr þessum

hagnaði verslunarinnar, af því ekki yrði flutt inn óunnið efni til muna. Mjer finst þetta einmitt ekki ósennilegt, að flutt verði óunnið efni inn, til þess að vinna úr hjer, enda sje jeg ekki hvað ætti að vera því til fyrirstöðu. Ekki er iðnaður okkar svo margbrotinn, að okkur farist að leggja á móti framþróun hans.

Þá sagði hann enn fremur, að stj. yrði að eins óþarfa milliliður. Jeg skal nú að vísu játa, að mjer væri kærara að ríkið hefði ekki aðeins tekið heildsöluna að sjer, heldur líka smásöluna; en ástandið getur varla að þessu leyti orðið verra en verið hefir, og auk þess er mikið unnið við það að hafa hámarksverð á þessum vörutegundum, er ríkið tekur einokun á.

Að endingu skal jeg aðeins minnast örfáum orðum á brtt. þessara tveggja háttv. þm. Reykv. (J. Þ. og Jak. M.), sem álíta betra ráð til þess að bæta fjárhaginn og auka tekjur ríkissjóðs sje það að hækka tollinn, og verð jeg þá að bæta því við, að slík till. mundi varla hafa getað komið frá öðrum þm. Jeg skil vel, að þeim sje það áhugamál, þessum háttv. þm., að fella frv. og halda svo, að stefnan sje kveðin niður. En þeim verður ekki kápan úr því klæðinu, að stefnan verði kveðin niður, þó að þeim tækist að fella frv. í þetta sinn. Því trú mín er, að sjerhvert gott málefni hljóti að sigra að lokum, og svo mun einnig verða um þetta. En að hækka tolla á tolla ofan, getur ekki þýtt annað en að stuðla að því, að einstakir menn græði á kostnað fjöldans. Þess vegna er jeg staðráðinn í því að greiða atkvæði á móti þessari tollhækkun, hvernig sem að öðru leyti kann um frv. að fara.

Gunnar Sigurðsson: Það er að eins í sambandi við meginatriði þessa máls, að jeg vil gera nokkra grein fyrir atkvæði mínu. Þetta frv. markar nýja stefnu í verslunarlöggjöf ríkisins, og eigi nokkurt mál að leggja undir dóm íslenskra kjósenda, þá eru það einkum og sjer í lagi slík mál sem þetta frv. Þess vegna greiði jeg atkvæði móti þessu frv. — móti því að það fái fram að ganga á þessu þingi. Jeg vil með því tryggja mjer það, að geta rætt við kjósendur mína um þetta mál á þingmálafundum og víðar.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg ætlaði, þegar jeg kvaddi mjer hljóðs, að svara þeim háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) og 3. þm. Reykv. (J. Þ.) nokkrum orðum, enda hafa þeir aðallega snúist í móti frv. og því, sem jeg hafði fram að bera því til gildis. En nú er svar mitt að því leyti óþarft orðið, að háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir tekið flest það fram, sem jeg vildi sagt hafa.

Ein aðalástæðan hjá hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) gegn brtt. meiri hl. við stj.frv. þetta er sú, að bygt sje á núverandi ástandi um verðlag tóbaks, og talnaútkoman því álitlegri og fegurri, og þess vegna megi gera ráð fyrir, að á „normal"-tímum verði niðurstaðan lakari. Þessu hefir nú háttv. þm. Ak. (M. K.) þegar svarað, og hefi jeg litlu þar við að bæta, enda tók jeg það fram í framsöguræðu minni, að meiri hl. hefði ekki bygt á núverandi ástandi um verð og innflutning, heldur meðaltali þriggja ára, 1915—17, og efði hann þóst komast að rjettari niðurstöðu og ábyggilegri með því móti. Hitt er vitanlegt, að verðlag hefir lækkað síðan að stórum mun, en það þarf engu að breyta um niðurstöðu meiri hl. Þetta vildi jeg taka fram, til að fyrirbyggja misskilning.

Þeirri tilgátu, að lakari vörur yrðu fluttar inn undir ríkiseinkasölu en ella mundi, þarf jeg ekki að svara; því hefir verið af öðrum svarað.

Jeg þarf heldur ekki að minnast á tvísýnuna um að *versla* með tóbak og ávinninginn af tóbaksiðnaði, þar sem hann er

stundaður. Hjer er að þessu sinni að eins um tóbaksverslun að ræða, sem bersýnilega getur verið ríkinu arðvænleg og landsmönnum haganleg. En eftir frv. er vel hægt að taka upp tóbaksiðnað, hvenær sem þess verður óskað og ríkið hefir tök á því.

Sami háttv. þm. hjelt því einnig fram, að ríkiseinkasalan mundi eigi hafa betri aðstöðu til innkaupa á tóbaki en kaupmenn, heldur skifta við sömu heildsöluhús og þeir erlendis. Þetta skiftir ekki miklu máli, því að vitanlgt er, að ríkið þarf ekki að standa að baki einstökum mönnum með að ná í haldkvæm sambönd erlendis frá fyrstu hendi. En það er annað, sem meira máli skiftir, og það er það, að heildsala sú, sem verið hefir á þessum vörutegundum hjer, hverfi undir ríkið og ágóði hennar í ríkissjóð. Fáir heildsalar og margir smásalar hafa notið þessa hagnaðar undanfarið í ríkum mæli, það verður ekki dulið, en þarna á ríkið að taka sinn bróðurhluta, og getur það án þess að neytendum vörunnar verði tilfinnanlegt.

Þá mintist sami háttv. þm. (Jak. M.) á vexti þá, 5%, er jeg gerði ráð fyrir af rekstrarfje tóbaksverslunarinnar, og taldi þá langt of lága. Þetta má vel vera. Hvorugur okkar getur um það sagt, hvort vextir verða hærri eða lægri eftirleiðis. En verði verslun þessi rekin eins og hæstv. stj. gerir ráð fyrir, með varasjóðsfje landsverslunar, þá er sama hvort ríkið telur sjer vexti 1% hærri eða lægri.

Mjer kom dálítið á óvart hvað háttv. sami þm. (Jak. M.) lagði mikla áherslu á, að þessi 45% álagning á vindla, sem jeg nefndi, og þó í öðru sambandi, væri óheyrilega mikil og fjarri öllum sanni. Jeg ætla nú að benda honum á, að þetta hlýtur að vera á einhverjum misskilningi bygt hjá honum, einkum þegar litið er á álagning þá, sem verið hefir á munntóbaki og neftóbaki núna síðari árin, eða 1919 og 1920. Það mun láta nærri, að tóbak hafi kostað 4 kr. kg. í innkaupi, og verður það með tolli 8 kr., en meðalútsöluverð mun hafa verið um 20 kr. á kg. Þarna verður því, ef hann vildi athuga það, nálægt 150%, og er þá ekki með sanngirni hægt að segja að langt sje farið, þegar gert er ráð fyrir 45% álagning á vindla og vindlinga í heildsölu ríkisins, og það á verð vörunnar, kominnar í hús hjer á landi, en án tollsins.

Að öðru leyti get jeg leitt hjá mjer annað það, er hann hafði að athuga við ræðu mína; því er, eins og jeg hefi tekið fram, að mestu leyti svarað af öðrum.

En jeg ætla að skjóta hjer inn í einu atriði, sem svari við aðfinslum hæstv. fjrh. (M. G.). Það er rjett hjá honum, að fallið hefir niður í brtt. nefndarinnar dálítil athugasemd, þar sem á að standa: *með ráði landlæknis, að því er kemur til áfengissölu.* Þessi setning hefir fallið aftan af, og var ekki athugað, fyr en prentuninni var lokið. En þetta má auðveldlega leiðrjetta, áður en frv. þetta verður prentað næst.

Þá vil jeg víkja máli mínu til háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og fyrirspurnum þeim, er hann beindi til mín, viðvíkjandi brensluvínandanum: hvort þessir 20 þús. lítrar, sem jeg gerði ráð fyrir að lagt yrði á, væru bæði til iðnaðar og brenslu.

Jeg tók það fram, að jeg sæi mjer ekki fært að gera glögga áætlun í þessu efni, af því að hjer liggja engar skýrslur fyrir, er greina í sundur vínanda til lyfja annars vegar og hitt, sem til iðnaðar fer. En mjer þykir trúlegt, að þetta sje of lágt áætlað, og get því fallist á, samkvæmt skýrslu hæstv. fjrh. (M. G.), að tala þessi muni hækka, og þá um leið tekjurnar líka. En vitanlega geri jeg ekki ráð fyrir sömu álagningu á hvorttveggja, vínanda, sem er ómengaður talinn, og brensluvínanda.

Um tollhækkun í stað einkasölu, sem

háttv. sami þm. (J. Þ.) lagði svo mikið upp úr og áleit ábyggilegri fyrir ríkissjóð en einkasölu og **líklegri** til að gefa hæ[illegible] drýgri tekjur, þarf jeg ekki að svara, þar sem háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir hrakið þær fjarstæður allar. En jeg get auðvitað tekið í sama strenginn, og gefið þá yfirlýsingu, eins og hann, að jeg mun greiða atkvæði móti tollhækkuninni, og jeg get bætt því við, að jeg geri það líka vegna þess, að jeg þykist vita, að eftir því sem tollarnir eru hækkaðir, því hættara er við tollsvikunum, en fyrir þau er girt með ríkiseinkasölunni, svo sem fært er.

Sami háttv. þm. (J. Þ.) fann að kostnaðaráætlun minni við rekstur þessarar verslunar, taldi hana altof lága og vildi að minsta kosti tvöfalda hana. Það þýðir ekkert að deila um þetta, enda liggur það ekki fyrir að ákveða neitt um það. Nefndin hefir að eins gengið út frá því, að verslun þessa eigi að reka á sem allra einfaldastan hátt og með sem minstum kostnaði. Að það þurfi að kosta 50 þús. kr. á ári, finst mjer fjarri öllum sanni; enda veit jeg ekki, við hvað hann getur miðað það, nema þá ef vera skyldi t. d. móvinslufyrirtæki hjer í Reykjavík eða önnur braskfyrirtæki bæjarins, þar sem alt ríður um þverbak. Hann fann líka að því, að hjer væri verið að fjölga starfsmönnum um þörf fram, og lögfesta embætti handa verslunarmönnum, sem sæu sjer best farborða sjálfir. En honum gleymdist það, að um leið og ríkið tekur einkasöluna í sínar hendur, ættu úr sögunni að hverfa heildsalarnir, sem hingað til hafa verslað með þessar vörur.

Jeg skal svo ekki að óþörfu lengja umræðurnar. Vil þó minna á það, út af ummælum hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að jeg sje ekki ástæðu til að fresta málinu vegna þess, að þörf sje á að bera það undir kjósendur. Jeg held, að það sje fyrir fram vitað, að þorri kjósenda í landinu muni styðja þessa stefnu yfirleitt og fagna henni.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Jeg sný mjer þá að háttv. frsm. meiri hl. (Sv. Ó.) og háttv. þm. Ak. (M. K.).

Jeg get ekki neitað því, að jeg hafði skemtun af ræðu hv. frsm. (Sv. Ó.). Hann sannaði greinilega í ræðu sinni og till., að hann hafði ekki miðað við ástandið nú, heldur miðað við verðlag 1917. En um leið vísar hann til þess, að þessi álagning á tóbak, 45%, geti staðist samanburð við ástandið nú. En hann gætir þess ekki, að nú hefir verið einokun og innflutningsbann á tóbaki, alt fram að þessu. Þeir miða í raun og veru við ástandið nú. (*M. K.*: Ekki rjett!) Þetta er rjett. Sannleikurinn er sá, að þessir tveir háttv. þm. miða ýmist við ástandið nú eða ástandið áður, alt eftir því hvort heppilegra er fyrir útreikninga þeirra.

Í raun og veru hefi jeg ekki miðað við verðlagið á neinum ákveðnum tímum, heldur við það, að á venjulegum tímum, þegar hin frjálsa samkepni fær að njóta sín, þá hverfur álagningin á tóbaki hjá heildsölunum. Það er og hreinasti misskilningur hjá hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að heildsölunum fækki við þessa ráðstöfun. Slíkum heildsölum getur ekki fækkað, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir eru ekki til. Það eru engir heildsalar til hjer, sem eingöngu versla með tóbak. Þegar tímarnir breytast, og það verður innan skams, þá geta allir kaupmenn fengið tóbak beint frá erlendum verksmiðjum með þeim kostnaði, er ekki mun nema meira en 2—3%. Það sem því hjer er til samanburðar, er annarsvegar 2—3%, en hinsvegar 45%.

Allir ættu því að geta sjeð, að hjer er um nýjan millilið að ræða í versluninni, sem gerir verslunina dýrari að miklum mun, jafnvel þótt till. stjórnarinnar, er fer fram á 30%, verði samþ.

Þessir hv. þm. (Sv. Ó. og M. K.) hafa það á móti tollhækkuninni, að hún bæti aðstöðu einstakra kaupmanna til þess að leggja meira á vöruna, þeir muni leggja á sama hundraðsgjald, hversu hár sem tollurinn verður. Það liggur næst að halda, að þessir hv. þm. (Sv. Ó. og M. K.) gangi hjer út frá því, að kaupmenn leggi líka á tollinn. Mjer þykir það satt að segja undarlegt, hversu hv. þm. Ak. (M. K.) hefir gleymt fyrra lífi sínu, eða man hann þá ekki lengur, að verslunin stjórnast af því, hvað mikið kostar að versla. Kaupmenn binda sig ekki við ákveðið hundraðshlutfall, heldur við hitt, að þeir geti haft sem mest viðskifti, og þó hagnast eins og þeir þurfa til að geta framfleytt sjer og sínum og staðist allan kostnað. Þetta eru lög frjálsrar samkepni, sem þm. (M. K.) ætti ekki að hafa gleymt, þótt nú sje hann orðinn ærið blindaður af einokunum. Það er því engin ástæða fyrir kaupmanninn að hækka álagningu, þótt tollurinn sje hækkaður.

Það er nú víst orðinn siður hjer að týna athugasemdum, það hafa gert bæði hæstv. fjrh. (M. G.) o. fl. Hann var annars góður, að finna hana. En þó verð jeg að halda því fram, að sú athugasemd hjálpar honum lítið. Þó brensluspíritusinn eigi að bæta upp hallann, þá er innflutningurinn af honum ekki nægilega mikill til þess, því að eftir því, sem jeg kemst næst, mun innflutningur alls spíritus vera um 45—50 þús. lítrar, að brensluspíritus með töldum. Jeg verð nú líka að telja það dálítið vafasamt, hvort hæstv. fjrh. (M. G.) hafi nokkurn tíma haft þessa athugasemd, hygg heldur, að hann hafi gripið til brensluspíritusins í einhverju fáti, nú þegar á þing kom, til að bæta upp hallann að nokkru leyti.

Það hlýtur að vera langt frá rjettu lagi, að innflutningur af brensluspíritus nemi 50 þús. lítrum, því að fyrstu 2 ársfjórðungana 1920 var innflutningurinn að eins 11 þúsund lítrar, og hefir innflutningurinn þó væntanlega þá verið óhindraður að mestu. Enn er það dálítið einkennilegt, að hvorki hæstv. fjrh. (M. G.) eða þeir hv. þm., er vilja láta brensluspíritusinn bæta upp hallann, gæta þess, að innflutningur vínanda mundi minka, ef lögin næðu fullkomlega tilgangi sínum, sökum fullkomnara eftirlits með bannlögunum, og að brensluspíritusinn mundi því eigi gera meira en vega þann mismun upp. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að jeg reyndi til þess að snúa mig frá brensluspíritusnum með því að bera því við, að hann væri notaður til eldsneytis af fátæklingum. Það er ekki rjett, að jeg sje með því að snúa mig út úr neinu. En undanfarandi þing hafa litið svo á, að ekki ætti að leggja á brensluspíritus, sem annan vínanda, og því var enginn tollur á hann lagður fram að 1919, og þá að eins lágt gjald. Það verður því hjer breytt frá stefnu undanfarandi þinga, ef á að fara að leggja á hann jafnt sem annan spíritus.

Þá vildi hæstv. fjrh. (M. G.) vefengja, að jeg færi rjett með innkaupsverð á spíritus. Það sannaði nú lítið hjá honum, þó að hann berði sjer á brjóst og segði, að þar væru „faktúrurnar", því að það er ekki nægilegt, að vita hvað hann kostar erlendis, heldur verð hans komins hjer í hús, að viðbættum flutningskostnaði, tolli og rýrnun. Flutningskostnaður og tollur hefir nú að sönnu verið tekinn með, en hann hefir gleymt rýrnuninni, sem oft getur orðið alt að helmingi, og því eigi tekið hana með þegar hann samdi frv.

Háttv. fylgismenn þessa frv. fara líka á snið við sannleikann, þegar þeir eru að tala um það, hve vel tóbakseinkasalan hafi reynst erlendis. Sannleikurinn er sá, eins og jeg hefi áður tekið fram, að tóbakseinkasalan ein út af fyrir sig hefir gefist illa, t. d. í Japan, þar sem hún var afnumin aftur eftir 4 ár. En þar, sem einokun á tóbaks-

iðnaðinum hefir fylgt með, hefir einkasalan tekist betur, en þó sýnist það auðs ut, að það hljóti að vera tóbaksiðnaðinum að þakka.

Um það, hvort þetta eigi að heita einkasala eða einokun, er algerlega þýðingarlaust að þrátta. Hitt er aftur á móti eigi rjett, að segja, að munurinn stafi af því, að einokunin hafi verið valdboðin og lögð á okkur af annari þjóð, en þessa einkasölu leggjum við á okkur sjálfir, af fúsum og frjálsum vilja. Þessi mismunur gerir hvorki að rjettlæta eða órjettlæta einokunarnafnið. Fyrst og fremst er hjer við að athuga, að einokunin var lögð á okkur, ekki af annari þjóð, heldur af löglegri stjórn landsins, konungi vorum, sem þá var einvaldur, og því einn um löggjafarvaldið. Það var því löggjafarvald þjóðarinnar, sem kom fornu einokuninni á, og sama verður nú, komist hún á; að eins þessi breyting, að löggjafarvaldið er nú komið í hendur þingsins ásamt konungi. — Orðið getur því eigi verið breyttrar merkingar sökum þessarar ástæðu. — En annars skiftir þessi orðaleikur engu máli.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get ekki verið sammála hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) um það, að eigi sje hægt að afgreiða málið sökum þess, að það hafi eigi verið borið undir kjósendur. Frv. var búið svo snemma, og sent þm., að það átti að vera hv. þm. auðvelt að bera það undir kjósendur, ef þeir hefðu viljað.

Um skekkjuna, sem hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir fundið, vil jeg segja honum það, að jeg ann honum mjög vel að njóta gleðinnar af þessari uppgötvun sinni, því að jeg hefi nú þegar rekið 3 skekkjur ofan í hann í hinum sama útreikningi. Jeg get auðvitað eigi sannað, að þessi athugasemd hafi gleymst, en hann getur heldur eigi sannað hið gagnstæða. En það ætti að vera augljóst, að jeg get ekki borið siðferðislega ábyrgð — þó sú lagalega ábyrgð hvíli á mjer — á því, þegar jeg er utanlands. En aðalatriðið er það, að jeg hefi sýnt, að niðurstaðan hjá mjer er rjett.

Ef það er rjett hjá hv. sama þm. (Jak. M.), sem mjer er ekki kunnugt um, að einokun sje nú þegar á tóbaki, þá er það einmitt ástæða fyrir því, að ríkið taki við henni. Var þetta einmitt ein af aðalástæðunum, sem fram voru færðar fyrir einkasölunni á steinolíu 1917.

Þá sagði sami hv. þm. (Jak. M.), að spíritus rýrnaði oft og einatt um helming. Má vera, að þetta komi fyrir, en umsjónarmaður áfengiskaupa hefir þó sagt mjer, að rýrnunin væri venjulega mjög lítil, sjaldan meiri en 2—4 lítrar á tunnu. En þó að rýrnunin væri þetta, sem hv. þm. (Jak. M.) sagði hana, þá skiftir það engu, því að seljandi eða skipið, er vöruna flytur, eiga að bera hallann við hana, því að hún stafar annaðhvort af slæmum umbúðum eða illri meðferð í skipinu. Annars held jeg, að okkur hv. þm. (Jak.M) beri ekki svo mikið á milli um innflutning á brennsluspíritus, því hann sagði hann vera um 45 þús. lítra. (*Jak. M.*: Ekki rjett, jeg sagði, að allur spíritusinnflutningur mundi vera um 45—50 þús. lítra!). Þetta er nú svo mikil fjarstæða, að það er líkt hugsandi, að hv. þm. (Jak. M.) geti sagt þetta í alvöru, því að 1919, þegar brennsluspíritus var fyrst tollaður, var allur innflutningurinn rúmlega 116 þús. lítrar. Og það sannar ekkert mál hans, þótt hann vitni í innflutninginn 1920, því að þá voru innflutningshöftin komin til sögunnar, og kemur hann því — sennilega óvart — með eina ástæðuna enn fyrir því, að þau hafi komið að gagni.

Annars get jeg bætt því hjer við, að aðalástæðan til þess að tolla brennsluspíritusinn var sú, að hann er drukkinn. Sami hv. þm. (Jak. M.) sagði, að jeg hefði ekki haft „faktururnar" við þegar jeg samdi frv. Það

er nú talsvert hart, að hann skuli leyfa sjer að koma fram með þessa staðhæfingu, en það vill nú svo vel til, að jeg get sannað honum það með 2—3 vitnum, að jeg hafði þær við hendina, og nú hefi jeg þær í vasanum og get sýnt þær.

Gunnar Sigurðsson: Jeg leyfi mjer að mótmæla þeirri staðhæfingu háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að það sje fyrirfram vitað, að kjósendur sjeu með frv.; að minsta kosti veit jeg það, að í mínu kjördæmi er það algerlega ósannað. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að vel hefði mátt leggja þetta fyrir kjósendur á þingmálafundum. Þessu er nú því til að svara, að jeg hjelt fund með mínum kjósendum áður en stj.frv. kom, og sumir hafa alls enga þingmálafundi haldið. Það er að vísu rjett, að stjfrv. kom í fyrra lagi, en það fylgdi sá böggull skammrifi, að það var lagt mjög ríkt á að gæta þeirra vandlega og flíka þeim helst sem minst. Þó mun hafa verið leyfilegt að minnast þeirra lauslega á þingmálafundum.

Annars sýnist mjer, að hættulaust sje að fresta þessu máli, þareð undirbúningur þess getur nú eigi talist góður, og dýrt að ráðast í fyrirtækið eins og sakir standa.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það er nú búið að taka nær því alt fram, sem jeg vildi hafa sagt. Þó var það ein setning, sem hraut af vörum háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), sem jeg vildi minnast dálítið á. Hann var að tala um lögmál hinnar frjálsu samkepni og sagði, að verðlagið miðaðist við það í hvert sinn, hvað kaupandi vildi greiða fyrir vöruna eða fyrir hversu mikið verð væri hægt að koma vörunni út. Það getur nú verið mikið satt í þessu hjá honum, en jeg vil um leið benda honum á annað lögmál hinnar frjálsu samkepni, og það hljóðar svo: Þegar fleiri eru orðnir um að selja einhverja vörutegund heldur en samsvari kaupendafjöldanum, eða framboð á henni meira en eftirspurn, þá lýsir hin frjálsa samkepni sjer í því, að seljendurnir mynda samtök sín á milli, til þess að halda verðinu uppi. Er þetta lögmál hinnar frjálsu samkepni engu ómerkara en hitt, og eigi síður athugavert fyrir þjóðfjelagið.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Má vera, að mjer hafi gleymst að geta um þetta, en háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gleymdi líka ráðinu gegn þessu. — Það eru, guði sje lof, kaupfjelögin. Þeirra er verkefnið að taka hjer í taumana og standa á móti þessum samtökum.

Hæstv. fjrh. (M. G.) stóð held jeg nokkuð höllum fæti, þegar hann var að tala um, hver bæri kostnaðinn af rýrnuninni á spíritusnum, og hjelt því fram, að hann lenti á seljanda. Jeg vil benda honum á, til þess að hann fái óvilhallan aðilja, að fara til steinolíufjelagsins og grenslast um þetta hjá því. Það hefir einmitt orðið, eða að minsta kosti mun hæstv. stjórn hafa látið því haldast uppi að selja olíuna svo dýrt sem það hefir gert, einmitt sökum rýrnunar, sem það hefir orðið að bera — eða að minsta kosti borið við. Sama mundi gilda um spíritusinn. Rýrnunin lenti á kaupanda, ef ílátið væri óbrotið.

Af því að hæstv. fjrh. (M. G.) þóttist hafa fundið þrjár skekkjur hjá mjer, þá verð jeg að benda honum á það, að í útreikningum hans er raunar tæplega hægt að tala um skekkjur, og liggur nær að segja, að þeir sjeu hringlandi vitlausir, og er það líka viðurkent af samnefndarmönnum mínum, að minsta kosti að nokkru leyti, þar sem þeir einmitt hafa hækkað álagninguna á tóbak, til að vinna upp hallann, en gera þó ráð fyrir helmingi minni tekjum af einkasölunni en hæstv. fjrh. (M. G.). — Jeg hefi haldið því fram, að þótt suðuspritt væri talið með, þá yrði spíritusinnflutningurinn ekki nándar nærri eins mikill og gert er ráð fyrir í útreikn-

ingum stjórnarinnar. Og jeg efast heldur ekki um, að hæstv. fjrh. (M. G.) hefði búið sig þannig undir þessar umræður, að hann hefði getað sannað það með tölum, ef það yfirleitt næði nokkurri átt. En hann hefir í þess stað látið nægja ágiskanir út í loftið.

Þó að spíritusinnflutningur 1919 hafi verið 116 þús. lítrar, en að eins 53 þús. næsta ár á undan, þá er ekkert hægt að ráða af því um innflutninginn á brennsluspíritus, og það nær auðvitað engri átt, að aukningin hafi stafað af brennsluspíritus, svo neinu nemi. Árið 1919 var t. d. flutt inn 14 þús. lítrar af portvíni og þess háttar, en árið á undan að eins 3 þús. lítrar, og stafar sú aukning væntanlega ekki af brennsluspíritus. — Árið 1917 voru fluttir inn 15 þús. lítrar af suðuspritti, og tel jeg vel í lagt, að það hafi verið helmingi meira næstu árin, og styðst þar við skýrslur um tvo fyrstu ársfjórðungana 1920. Það er rangt, að innflutningshöftin hafi nokkur áhrif getað haft á innflutning þá ársfjórðunga. Fyrst og fremst var um engin innflutningshöft að ræða fyrsta ársfjórðunginn, og því hefir að minsta kosti verið haldið fram, bæði af hæstv .fjrh. (M. G.) og öðrum, að þess væri ekki að vænta, að innflutningshöftin gætu verkað á innflutning fyrstu mánuðina eftir að þau voru lögleidd.

Hæstv. fjrh. (M. G.) þykist hafa hrakið tvö atriði fyrir mjer, en það er helber misskilningur. Hann hefir ekkert hrakið af því, sem jeg hefi sagt. Jeg get bent á enn fleiri skekkjur hjá honum en jeg hefi þegar gert. Hann reiknar t. d. með því verði, sem hæst hefir verið á spíritus, og byggir á því til frambúðar. Það nær auðvitað engri átt. En við það, að verðið lækkar, minka tekjurnar. Um útsöluverðið vil jeg líka taka það fram, að í frv. er það of hátt reiknað á meðalaspíritus. Útsöluverð lyfsala er ákveðið eftir þunga, þetta 15—16 kr. kílóið, og verður það um 13—14 kr. líterinn. Hæstv. fjrh. (M. G.) reiknar verðið á lítra 15—16 kr. Það er reyndar hærra verð, þegar selt er í smæstu smáskömtum, en það kemur ekki til greina hjer, þar sem að eins er um heildsölu að ræða. Jeg held því fram, að alt, sem jeg hefi sagt hjer, standi enn óhrakið.

Pjetur Ottesen: Það var að eins örstutt athugasemd. Jeg mintist á það við 1. umr., hversu hjáleitt það er hjá stjórninni að blanda saman einkasölu á tóbaki og áfengi. Það er þeim mun óviðfeldnara, sem samtímis er komið fram frv. um einkasölu á lyfjum, og það er vitanlegt, að mestur hluti þess áfengis, sem inn er flutt, er fluttur inn sem lyf.

Hæstv. fjrh. (M. G.) færði það til afsökunar, að þetta frv. hefði verið samið áður en ráðið var, að hitt frv., um einkasölu á lyfjum, yrði lagt fyrir þingið; en sú afsökun nær harla skamt.

Jafnframt því, sem nefndin tók frv. til meðferðar, þá hefði hún átt að taka þetta atriði til yfirvegunar og bæta fyrir yfirsjón stjórnarinnar. Þetta hefir nefndin gert að eins að nokkru leyti, þar sem hún hefir lagt til, að áfengi til lyfja verði selt án hagnaðar, en látið að öðru leyti við svo búið standa. En jeg mun þó greiða atkvæði með frv., því að mjer er kunnugt um, að frv. verður breytt í háttv. Ed., ef frv. um lyfjasöluna verður samþ. þar, og veit jeg, að nefnd sú í Ed., sem hefir lyfjasölufrv. til meðferðar, mun leggja það til, að áfengið verði tekið með lyfjunum, og mun jeg því greiða atkv. með frv. til Ed.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta eða lengja umræðurnar frekar, en vil aðeins bæta því við, að þó að jeg sje eindregið fylgjandi frjálsri verslun, og öll einokun sje eitur í mínum beinum, þá er það einungis af hinni knýjandi þörf til

að afla ríkissjóði tekna, að jeg get verið með þessu frv., og því, að jeg sje ekki færa leið til þess að ná tekjum af tóbakinu í ríkissjóð, fram yfir það, sem nú er, með öðru móti en þessu.

ATKVGR.

Brtt. 184,1.a. samþ. án atkvgr.
— 184,1.b. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. H., H. K., J. A. J., J. B., J. S., M. G., M. K., P. O., S. St.
nei: Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., P. Þ., B. Sv.
Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Brtt. 184,2.a. samþ. án atkvgr.
— 184,2.b. tekin aftur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 2 atkv.

Brtt. 184,3 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14:13 atkv.

Brtt. 184,4 (ný 4. gr. í stað 4. og 5. gr.) samþ. með 15 : 3 atkv.
— 184,5 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, (verður 5. gr.) samþ. með 14 : 2 atkv.

Brtt. 184,6.a. (25 til 75) samþ. með 15 : 7 atkv.
— 184,6.b. (síðari málsgr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, (verður 6. gr.) samþ. með 15 : 7 atkv.

Brtt. 184,7 samþ. með 16 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, (verður 7. gr.) samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 184,8 samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, (verður 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 184,9 (ný 10. gr., verður 9. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 184,10 (ný 11. gr., verður 10. gr.) samþ. með 15 : 2 atkv.
Brtt. 184,11 samþ. með 14 : 2 atkv.

12. gr., svo breytt, (verður 11. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.
13. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 15 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 10 atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 234).

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Eins og jeg hefi vikið að í nál. mínu, þá verð jeg að líta svo á, — jafnvel þó að háttv. deild fallist á að það geti verið álitlegt til að afla ríkissjóði tekna, að ríkið hafi einka sölu á tóbaki — að það verði þó að hinu leytinu að teljast mjög varhugavert, eftir því sem sakir standa nú, og ekki síst þegar á það er litið, að vilji mikils meiri hl. þessarar háttv. deildar stefnir að því að banna algerlega innflutning á einstökum óþörfum vörutegundum, til gjaldeyrissparnaðar í landinu. Ef horfið yrði að því ráði að reka tóbaksverslun sem gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð, þá get jeg ekki betur sjeð en að þetta myndi rekast

hvað á annað, því að ef banna á innflutning á nokkrum vörum, til að spara erlendan gjaldeyri, væri fyrst og fremst sjálfsagt að banna innflutning á vindlum og vindlingum, sem óþarfa vöru, og mundi þá ágóði verslunarinnar rýrna að miklum mun. En ef á hinn bóginn á að gera þetta að gróðafyrirtæki, er hætt við að hugsað yrði minna um gjaldeyrissparnaðinn heldur en að afla ríkissjóði tekna. En það er þó þungamiðja þessa gjaldeyrismáls, að landið reyni að tryggja sig sem best út á við.

Það vakir þess vegna fyrir mjer, hvað sem menn annars kunna að segja um þetta mál, að eins og sakir standa, sje það í alla staði óviðeigandi, að frv. þetta nái fram að ganga, að þessu sinni. Vil jeg því afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því, að svo verður að líta á, að ef horfið yrði að því ráði að banna innflutning til landsins á einhverjum óþörfum vörutegundum, sakir gjaldeyrisskorts, þá atti slíkt innflutningsbann ekki síst að ná til sumra tóbaksvara, en af því leiddi, að lítil von yrði um teljandi tekjur af einkasölu tóbaks í næstu framtíð, þá telur deildin rjettara að fresta framkvæmdum þessa máls og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Leyfi jeg mjer svo að afhenda hæstv. forseta þessa rökstuddu dagskrá og vænti að hann beri hana upp til atkv. á sínum tíma.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg hafði nú raunar ekki búist við því, að miklar umræður mundu hefjast um þetta mál nú. Það var svo ítarlega rætt við 2. umr.

Ekki er það undarlegt, að háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) vill afgreiða það með dagskrá. Hann vill vinna því geig á hvern þann hátt, sem verða má, og tískan að afgreiða málin þannig er lýðkær orðin.

Dagskrána rökstyður hann með því, að vegna væntanlegra innflutningshafta á óþarfa- og munaðarvöru, tjái ekki að lögbjóða einkasölu á tóbaki og áfengi, og því verði að fresta framgangi þessa frv.

Til andsvara þessu vil jeg benda á það, að þótt landsstjórnin hafi einkasölu á tóbaki og áfengi, þá er henni algerlega sjálfrátt að takmarka innflutning á þessum vörum. Og er þá ekki ósennilegt, að hún mundi fara líkt að og háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) benti á, að takmarka innflutninginn einmitt á þeim tegundum tóbaks, t. d. vindlum og vindlingum, sem minst eru notaðar og minst saknað. (*B. J.*: En sem mestur gróðinn er af!). Enda þótt einn háttv. þm. taki nærri sjer, að vindlar sjeu hjer bannaðir, og honum sje þar nokkur vorkunn, þá býst jeg ekki við, að gert verði svo mikið úr því, að það ráði atkvæðum.

Jeg ætla ekki að fara hjer að rifja upp gamlar væringar frá 2. umr. málsins. Þó get jeg ekki látið hjá líða að minnast á það, að við 2. umr. var vefengd áætlun mín um rekstrarkostnað tóbaksverslunarinnar, og sagt að hún væri alt of lág. Jeg ætlaði þennan kostnað 30,000 krónur. Síðan hefi jeg athugað þetta mál nánar, og hefi við þá athugun komist að þeirri niðurstöðu, að áætlun mín væri síst of lág, heldur miklu fremur of há.

Tóbaksverslunin mundi að eins verða einn liður í landsversluninni, og hann ekki mjög mikilsverður eða umsvifamikill. Jeg get því búist við, að 2. liður áætlunarinnar, 10 þús. kr. til starfsmanna, geti færst niður að miklum mun. En jeg tel það hins vegar sjálfgefið, að landsverslunin haldi áfram.

Jeg sje því enga ástæðu til þess að fresta þessu máli, eða fara að ráðum hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), þótt af góðum

huga kunni að vera gefin, og vænti þess, að enginn villist á þessari dagskrá.

Jón Baldvinsson: Þegar frv. þetta var til 2. umr. hjer í háttv. deild, þá ætlaði jeg að taka til máls, en frestaði því, sökum þess, að það stóð á takmörkum að deildin gæti afgreitt málið þann dag.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að jeg tel aðalstefnu frv. rjetta, þá, að ná tekjum í ríkissjóðinn með verslun. En þótt jeg telji þá stefnu rjetta, sem fram kemur í frv., þá er jeg þó ekki samþykkur öllu því, sem í frv. þessu stendur. Jeg er óánægður yfir því, að áfengi skuli vera blandað hjer saman við. En þó get jeg greitt frv. atkvæði mitt, og er það af sömu ástæðu og háttv. þm. Borgf. (P. O.), þeirri, að líðurinn um áfengið muni verða niður feldur úr frv. í háttv. Ed., sem fullar líkur eru fyrir að verði.

Annars finst mjer frv. þetta ná helst til skamt, þar sem í því er að eins gert ráð fyrir heildsölu á tóbaki, en ekki smásölu líka. Jeg held að það hefði verið heppilegra, að skrefið hefði verið stigið fult. Það væri bæði ilt og óþægilegt fyrir verslunina, að hverjum vindlingi og tóbaksnefi, sem keypt væri, fylgdu þau ummæli frá seljandanum, að verðið væri nú svona og svona hátt, vegna þess að ríkið hefði söluna með höndum, og að þeir gætu sjálfir útvegað þessar vörur fyrir miklu minna. Þetta hefir komið á daginn, að því er landsverslunina snertir. En til þess að koma í veg fyrir þetta, þá tel jeg að betra hefði verið að taka skrefið alveg, úr því lagt var út á þessa braut á annað borð.

Háttv. samþm. minn og sessunautur (Jak. M.) gat þess, að þessi verslun væri óþarfa milliliður. Líklega þá af því, að þessi fyrirhugaða verslun mundi ekki ná betri kaupum en nú gerist og gengur. Þetta tel jeg mjög vafasamt. Jeg hygg, að sá, sem hefir á hendi innkaup á einhverri vörutegund fyrir heila þjóð, hljóti að komast að langsamlega betri kaupum heldur en einstakir menn. Og þegar svo þar við bætist, að slíkur kaupandi er svo áreiðanlegur, að tryggari viðskifti er ekki hægt að fá, þá ætti það að vera hverjum manni auðsætt, að jafnvel þótt hjer væri um nýjan millilið að ræða, þá ætti varan samt ekki að verða dýrari neytendum.

Enn átti það að vera ástæða gegn frv., hjá minni hl. nefndarinnar, að með þessu væri bætt við nýju kaupmannsstarfi og fjölgað kaupmönnum, því að það væri enginn heildsali í landinu, sem verslaði með tóbak eingöngu. Mjer finst nú þetta sagt dálítið svipað og presturinn sagði, sem sór það, að hann þekti ekki einn staf í galdrabókinni, en sagði svo síðar, að hann þekti ekki einn, heldur alla. Það er svo í raun og veru, að nærri því hver einasti heildsali í landinu verslar með tóbak, meira og minna. Það mundi því ekki verða lítill vinnukraftur, sem sparaðist hjá flestum heildsölum landsins, ef landið tæki tóbaksverslunina í sínar hendur.

Einhver háttv. þm. sagði á dögunum, að kaupmenn væru alt of margir. Og þó jeg vilji ekki gera öll hans orð að mínum, þá var þó mikið rjett í þessu. Og hjer er einmitt um að ræða spor í þá átt að fækka starfsfólki við verslunarstörf.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hjelt því fram, að þetta frv. markaði aðra stefnu en þetta ríki yrði annars að hafa, ef það vildi halda sjálfstæði sínu. Jeg er hjer alveg á gagnstæðri skoðun. Jeg hygg, að frv. marki einmitt þá stefnu, sem þetta ríki á að hafa, til þess að halda fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Því að með því að samþykkja frv. eru kraftar sameinaðir, vinna spöruð og ríkinu aflað tekna á hagkvæman hátt.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði ennfremur, að laun starfsmanna við landsverslunina væru óvenju há, og hefðu vakið óánægju meðal annara starfsmanna, er ættu við lægri laun að búa. Þó játaði nú þessi háttv. þm. (J. Þ.), að þetta væri eðlilegt, sökum þess, að stöður við landsverslunina væru veittar til skemri tíma; en eftir að háttv. þm. (J. Þ.) er þannig búinn að gera þessa ástæðu sína að engu, vill hann þó byggja á henni til þess að fella frv. En jeg held, að þeir menn, sem fengist hafa við verslun fyrir sjálfa sig nú á undanförnum árum, hafi tekið sæmilega há laun. Og hver borgar þeim þessi laun? Það er þjóðin sjálf, sem þessi laun borgar, og jeg fæ ekki sjeð, að á því sje mjög mikill munur, hvort þjóðin sjálf eða ríkissjóður borgar. Og það veit jeg víst, að í góðum verslunarárum hafa kaupmenn ekki látið sjer nægja jöfn laun og starfsmenn landsverslunarinnar hafa, heldur tekið þau miklu hærri af þjóðinni, og þá er þetta beinn sparnaður.

Þá hefir því verið haldið fram gegn þessu frv., að slík verslun mundi festa fje landsins og veikja lánstraust þess. Jeg held að þessi verslun muni ekki veikja lánstraustið að neinu ráði, því að það er mikill munur á láni til verslunarfyrirtækja yfirleitt og lánum til fastra mannvirkja, brúa, vita o. s. frv., þar sem fjeð þarf að sitja fast lengi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið, en mun greiða frv. atkvæði mitt, þótt jeg sje ekki ánægður með sum atriði þess.

Mest er undir því komið, að valdir sjeu góðir menn til forstöðu fyrirtækisins, og væri betur, að það val tækist ekki ver en valið á þeim mönnum, er nú starfa við landsverslunina.

Bjarni Jónsson: Háttv. þingsveinn S.-M. (Sv. Ó.) vildi vorkenna mjer einum manna, ef tóbaksins misti við í landinu. En honum er óhætt að fara fram skynsamlega í þessu máli; jeg mun þar ekki leggja stein í götu hans.

Annars furða jeg mig á því ofurmagni fjármálavits, sem fram hefir komið hjer í þinginu í því, meðal annars, að vilja banna innflutning til landsins á súkkulaði og ávöxtum, sem er viðurkend sjúkrafæða, og gera það til sparnaðar, en vilja þó í sömu andránni setja upp verslun með tóbak og brennivín, til þess að græða á.

Því fje, sem til þeirrar verslunar er lagt, er þó sannarlega ekki varið til framleiðsluauka eða gjaldeyris fyrir landið. Úr því hvorugu mun rætast, þótt menn reyki og drekki í landinu.

Jeg get því ekki verið með þessu frv., og síst nú. En hvað seinna kann að verða, þegar hagur landsins breytist — um það skal jeg ekkert segja nú. En úr því stjórnin sá ástæðu á annað borð til þess að banna innflutning á ýmsum vörutegundum, þá var sjálfsagt að taka tóbakið þar með, því að það er svo stórvægilegur liður, að hann einn hefði getað vegið á móti allri runu stjórnarinnar. Og það var rjett. En hitt getur ekki gengið, með heilu viti og heilum sóma, að stjórnin taki í sínar hendur sölu á þessum höfuðóþarfa nú, til þess að græða á honum.

Jeg skal ekkert um það segja, sem háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) hjelt fram, að tekjur landssjóðs eigi að koma af verslun. Jeg veit, að hans flokkur hallast að því, að atvinnurekstur dragist sem mest í hendur ríkisins. En af því leiðir þó ekki, að ríkið eigi nú að taka í sínar hendur slíkan atvinnuveg sem þennan, er orkað getur tvímælis um, hvort talist geti sómasamlegur, undir þeim kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi. Þetta nægir mjer, að minsta kosti, til þess að vera á móti frv.

Jeg hygg, að ef það er rjett, sem heyrst hefir, að mjög erfiðlega gangi að senda

póstávísanir til nauðsynlegra greiðslna í útlöndum, og að svo þröngt sje um gjaldeyri, að þurft hafi að fá umlíðan hjá erlendum póstsjóði, þá hygg jeg, segi jeg, að annað sje nær en að binda fje landsins í tóbaki og brennivíni. Öðru máli væri að gegna, ef hjer væri um bjargráð að ræða og fjenu varið til matvörukaupa í neyð. En að binda nú fje í tvísýnt gróðafyrirtæki, nær engri átt, ef þessar sögusagnir eru sannar, sem jeg áðan gat um.

Jeg veit ekkert um, hvort landsverslunin muni halda áfram, og skal engu spá í því efni. En ef það yrði að ráði, að hún hjeldist enn, þá hygg jeg þó, að varla geti komið til mála að binda í henni meira fje en nú er þar.

Jeg held því að háttv. þingsveinn S.-M. (Sv. Ó.) megi breyta skoðun í þessu máli, og láta þar rjett rök ráða, en ekki hlífð eða brjóstgæði við mig eða aðra háttv. þm.

Forseti (B. Sv.): Jeg heyrði ekki gjörla hversu háttv. þm. Dala. (B. J.) ávarpaði háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), en heyrðist svo sem hann nefndi hann þingsvein. Ef svo hefir verið, þá vil jeg vekja athygli háttv. þm. Dala. (B. J.) á því, að þetta er ekki rjett ávarp, samkvæmt þingsköpunum. (*B. J.*: Víst nefndi jeg manninn þingsvein, en sveinn er maður, og þingsveinn er þá sama og þingmaður). Þetta er orðaleikur, sem óátalið mundi, þótt leikinn væri einu sinni í glettingum, en hitt gegnir engu, að gera slík ávörp að þingvenju.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Jeg bjóst að vísu ekki við löngum umræðum um dagskrána. En þó er jeg þakklátur bæði hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) fyrir ummæli þeirra. Ræður þeirra upplýstu málið talsvert, umfram það, sem áður var.

Mjer kom það í rauninni alls ekkert á óvart, að háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) væri einkasölufrv. fylgjandi, enda þótt hann hefði slíkt ekki mjög á oddi í janúar síðastliðnum. Jeg býst einnig við, að hann sje því fylgjandi, að tóbakseinokunin verði ein deild landsverslunarinnar, því að hann mun vilja halda landsversluninni áfram.

En jeg efast hins vegar um, að allir háttv. þingmenn hafi búist við því, að afstaða hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) til þess máls væri af sama toga spunnin. Það hefir ekki komið fram enn þá, svo mjer sje kunnugt, að landsverslunin eigi endilega að halda áfram. En til þess, að kostnaðaráætlun þessa háttv. þm. (Sv. Ó.) geti staðist, þá verður hann að ganga út frá því, að sú verslun haldist framvegis. Og þá er það alveg rjett, að útgjöldin sparast. En það, sem jeg talaði um þetta mál við 2. umr., byggði jeg á því, að tóbakssalan yrði rekin sem sjerstakt fyrirtæki, án nokkurs tillits til þess, hvort landsverslunin heldur áfram eða ekki.

Þessi háttv. þm. (Sv. Ó.) talaði og um það við 2. umr., að sem rekstrarfje mætti taka varasjóð landsverslunarinnar, með að eins 5% vöxtum. En þótt hægt væri að fá fjeð með þessum kjörum, þá verða vextirnir samt í raun og veru hærri. Þm. (Sv. Ó.) veit vel, að ríkissjóður skuldar fje, sem hann þarf að greiða af hærri vexti. Þetta fje gæti ríkissjóður greitt með varasjóðnum, og sparað sjer með því mikið fje. Það er því alveg það sama og ríkissjóður láni landsversluninni fjeð með hærri vöxtum.

Jeg sagði, að ef ríkið leggur í þetta fyrirtæki, þá mundi tóbaksinnflutningur síðar verða takmarkaður. Og jeg þykist ekki hafa slegið því fram út í bláinn. Stjórnin hefir nú samið skrá yfir óþarfar vörur, er hún bannar innflutning á, en á þeirri skrá eru engar tóbakstegundir taldar með. Þykir mjer ekki ósennilegt, að þetta standi að einhverju leyti í sambandi við það, að

ríkinu er ætlað að taka sölu á þessum varningi í sínar hendur.

En setjum nú svo, að stjórnin hallist að því að takmarka tóbaksinnflutninginn, t. d. með því að flytja ekki inn vindla og vindlinga, ja, þá mundi líka hagnaðurinn af versluninni minka nærri um helming. Má greinilega sjá það af aths. við stj.frv., og gengið er þar út frá þeirri álagningu, sem ráðgerð er í frv.

Verða þá eftir, af þessum ráðgerða hagnaði af fyrirtækinu, einar 100 þús. krónur brúttó. Og sýnist mjer þá að minsta kosti lítið girnilegt að ráðast í fyrirtækið.

Það er annað mál, ef brúka á tóbaksverslunina til að fleyta landsversluninni yfir einhverjar torfærur, ef menn eru hræddir um, að hún standi höllum fæti, og liggi lífið á að bjarga henni. Því að ef tóbakssölufrv. verður samþykt, þá væri landsverslun haldið áfram að nokkru leyti, og þá yrði hægt, þegar betur bljesi, að bæta fleiri vörum við.

Jeg hafði ekki hugsað mjer að fara neitt út í þá sálma, hvort landsverslun skuli haldið áfram eða ekki, en að eins rökstyðja þá dagskrá, sem jeg hefi fram borið, á þeim grundvelli, að undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, sje sú stefna ekki rjett, þegar heftur er innflutningur á öðrum vörum, að gera tóbaksverslunina að gróðafyrirtæki ríkissjóðs, hvað sem annars kynni að verða ofan á um landsverslunarstefnuna.

Gunnar Sigurðsson: Jeg gat um það við 2. umr. þessa máls, að jeg áliti, að rjett væri að bera þetta mál undir kjósendur, því að svo framarlega, sem það á við um nokkurt mál, þá á það við um þetta, þar sem um alveg nýja stefnu í löggjöfinni er að ræða.

Það er alt öðru máli að gegna, þó að landsstjórninni hafi verið gefin heimild til einkasölu á steinolíu. Þá var það, eins og menn vita, gert til þess að hamla á móti hring, og er slíkt rjett og sjálfsagt.

Við höfum líka haft fordæmi á þessu þingi, með kornvörufrumvarpið, þar sem Ed. vísaði því til umsagnar sýslunefnda, og við það hafa allir getað unað. Hvort sem það er afgreitt á þann hátt, eða eins og dagskráin fer fram á, skiftir eigi máli.

Mig furðar á því, að þeir sem hafa andmælt tóbakssölunni, skuli ekki hafa tekið fram, hvaða vandkvæðum það er bundið að geyma vindla og vindlinga. Þeir mega ekki vera í raka, þá mygla þeir, og ekki í ofmiklum hita, þá skrælna þeir.

Jeg vildi gera þá fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort hún hafi gert nokkra ráðstöfun til að fá húsnæði, eða hvort hún ætlar í þessari dýrtíð að byggja eða leigja hús.

Svo er annað, sem er þessu samfara, að það er óhugsandi, að þessi verslun sje í höndum annars manns en þess, sem hefir haft langa og varanlega æfingu í meðferð þessarar vörutegundar.

Jeg hafði við 2. umr. hugsað mjer að bera fram rökstudda dagskrá í þessu máli, en bar hana ekki fram, af því, að jeg taldi víst, að frv. mundi falla, en úr því að þessi dagskrá hefir komið fram, mun jeg greiða atkvæði með henni, og vil ráða öðrum háttv. deildarmönnum að gera það líka, hvort sem þeir eru með tóbakseinkasölu eða ekki.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get verið stuttorður, og sje heldur ekki ástæðu til að ræða þetta mál mikið nú, þar sem svo mikið var talað um það við 2. umr.

Mjer kemur það undarlega fyrir, að háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) skuli mæla með innflutningshöftum á þessari vöru. Jeg veit ekki betur en að háttv. þm. (Jak. M.) sje flutningsmaður að frv., sem fer fram á, að öll innflutningshöft verði afnumin.

Jeg skal annars benda á það, að tekjur frv., hvort sem menn hugsa sjer þær með tolli eða einkasölu, verða að engu, ef bannaður er innflutningur á tóbaki. (*J. p.*: Til hvers er þá verið að stofna til fyrirtækisins?) Það verður ekki stofnað til þess, ef bannaður yrði innflutningur á tóbaki. Jeg hjelt, að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) áliti stjórnina ekki svo vitlausa, að fara að stofna embætti svona út í bláinn.

Menn blanda hjer altaf saman landsversluninni og einkasölunni, og ætti að vera óþarft að endurtaka það, að þetta mál skiftir landsverslunina ekki neinu; þetta er bara fundið upp til að spilla fyrir frv.

Út af orðum háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) skal jeg taka það betur fram en síðast, að flestir þingmenn, aðrir en hann, hafa borið þetta mál undir kjósendur sína, og þó að jeg vilji taka mikið tillit til hans og Rangæinga, þá finst mjer, að hann hefði getað látið það bíða að halda þingmálafund með þeim, þangað til frv. kom, sem mun hafa verið í des. f. á., eða þá haldið aukafund með þeim, þar sem um svona mikilsvarðandi mál var að ræða.

Hann talaði líka um, hversu erfitt væri að geyma vindla. Jeg hefi oft geymt vindla lengi, og get lofað háttv. þm. (Gunn. S.) því, að hann skal ekki fá myglaða vindla, þegar hann fer að kaupa einkasöluvindla.

Um það, að fá yrði mann, sem vanur væri vindlaverslun, er það að segja, að ekki er annar vandinn en að ráðgast við hann um valið á manninum, og ef hann gæfi einhverjum meðmæli, þá væri sjálfsagt að taka hæfilegt tillit til þess.

Jón Baldvinsson: Mjer heyrðist háttv. samþm. minn, 1. þm. Reykv. (Jak. M.), láta þau orð falla, að það liti svo út, sem jeg væri á annari skoðun nú en í janúarmánuði. Því er til að svara, að jeg minnist þess ekki að hafa þá sagt neitt um þetta mál. Þá var aftur á móti mikið talað um landsverslun alment, og því haldið fram, að hún ætti að starfa áfram í frjálsri samkepni við kaupmenn, til þess að vinna sjer álit meðal þjóðarinnar og sýna það, að hún þyrfti ekki að nota sjer einkasöluheimildir, til þess að geta staðist samkepnina. Hjer er um alt annað að ræða. Engum myndi detta í hug, að landið færi að halda uppi samkepnisverslun með tóbak, til þess að landsmenn fengju það með lægra verði. Ef við þeirri verslun er hreyft af ríkinu, þá hlýtur það að vera með því að taka einkasölu á tóbaki, til að afla ríkissjóði tekna.

Það er því alt annars eðlis en ef landsverslunin hjeldi áfram með verslun á nauðsynjavörum í frjálsri samkepni, eins og verið hefir, til þess að halda niðri verði, og er það í fylsta samræmi við það, sem jeg hefi áður sagt um það mál.

Jeg ætlaði ekki að gera neinn samanburð á mönnum þeim, er stjórna landsversluninni núna, en gerði að eins þá almennu athugasemd, að það væri mikið undir því komið fyrir fyrirtækið, að hæfir menn veldust til að stjórna því.

Magnús Jónsson: Það er eins með mig og háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að jeg tók ekki til máls við 2. umr., til þess að eyða ekki tímanum, með því að segja þá álit mitt, ef frv. skyldi falla.

En nú finst mjer ástæða til að benda háttv. deild á það, að um leið og hún sleppir frv. til Ed., þá á hún ekkert vald á því aftur til sín.

Jeg vildi því spyrja háttv. þm., hvort ekki fari hrollur um þá, ef á að fara að leggja út í slíkt fyrirtæki nú, á þessum háskatímum, og eiga það á hættu, að sá tekjustofn bregðist, sem talinn hefir verið einna vissastur fyrir ríkissjóð; hvort ekki sje eins gott að hafa hann vissan, eins og að gera hann óvissan. Jeg veit, að háttv.

þingmenn muni kannast við, að það getur verið varasamt að finna nýjar aðferðir til að ná tekjum í ríkissjóðinn, því að hversu vel sem það er undirbúið, þá sannast það hjer: „Greindur nærri getur, en reyndur veit þó betur“. Reynslan ein getur skorið úr því, hvort ástæða sje til að samþ. þetta frv. nú, þó að þau ummæli sjeu viðhöfð, að umhyggju fyrir því að afla ríkissjóði tekna sje hjer um að ræða.

Hjer hefir maður margprófaða gamla leið. Á maður þá að fara að yfirgefa hana og taka aðra nýja leið? Yfirgefa gamla og vissa aðferð og taka aðra nýja og vafasama? Þetta vil jeg biðja þá háttv. þdm., sem samþyktu frv. við 2. umr., að leggja sjer á hjarta, áður en þeir afgreiða málið úr deildinni. Er það forsvaranlegt, nú á þessum tímum, að gera vissasta tekjustofninn að þeim óvissasta?

En ofan á þetta bætist, að málið er illa undirbúið, og jeg held, að það sje varla hægt að segja, að það sje yfirleitt ljóst, hvorki fyrir hæstv. stjórn nje fyrir háttv. deild. Mjer finst ekki auðvelt fyrir þm. að átta sig á því, fyr en fyrir liggur nákvæm áætlun um rekstrarkostnað fyrirtækisins, og nákvæmt yfirlit yfir, hvað miklar birgðir þarf að liggja með. Jeg hafði vænst þess, að nákvæmlega hefði verið til tekið, hve mikið fje ætti að verða fast í tóbaksbirgðum, en ekki að eins ágiskun, eftir því sem stjórnin hugsar sjer, 50 þús. krónur eða svo.

Mjer finst ástæða til að rannsaka vandlega líka, hvað mikið fje fyrirtækið má búast við að hafa útistandandi hjá kaupmönnum, og er þó vert að athuga það á tímum þeim, sem nú eru. Jeg hefi ekki reynslu fyrir mjer í þessu efni, en jeg hefi orð manna fyrir því, að erfitt sje að ná fje inn núna, þó að það sje hjá góðum mönnum. Jeg gæti trúað því, að það yrði svipað með landsverslunina á tóbakinu, og að hjer yrði um stórfje að ræða. Jeg hefði óskað ítarlegri greinargerðar fyrir kostnaðinum við verslunina heldur en hv. frsm. nefndarinnar (Sv. Ó.) gerði. Hann taldi það, að til þess að spara hefði nefndin lagt til, að skipaður yrði 1 forstöðumaður og 2 endurskoðunarmenn. En þó að þeir ætli að spara á þennan hátt, og þetta sje fyrirskipað, þá kæmi mjer það ekki undarlega fyrir, þó að fljótlega risi þar upp skrifstofubákn. Mjer þótti það dálítið kynlegt, er háttv. frsm. (Sv. Ó.) mintist á, að þetta gæti verið samfara landsversluninni, sem nú er. (*Sv. Ó.*: Mætti hugsa sjer það).

Nú, mætti hugsa það. En meðan ekki er búið að lögákveða, að landsverslunin skuli halda áfram, þá er það ekki hægt, og það verður að skoða hana út af fyrir sig.

Svo vildi jeg að eins minnast á eitt atriði, sem kom hjer fram við 1. umr. málsins, sem sje, að samhliða tóbakinu skuli líka vera selt áfengi. Það virðist eins og þeim hafi þótt tóbakið of þurt, og því hafi þurft áfengi með því. Nefndin hefir svo lagt sínar blessunarhendur yfir þessa tilhögun, og verið með því. Jeg skil ekki í því, að háttv. þm. Borgf. (P. O.) skuli láta sjer nægja, að hann hefir frjett, að þessu muni verða kipt í lag í Ed. (*P. O.*: Vissu). (*M. P.*: Engin vissa).

Það er ekki vissa fyrir, hvernig fara muni um nokkurt mál í Ed., fyr en hún hefir í raun og veru lagt sinn dóm á það og afgreitt það. Fyrir mitt leyti get jeg aldrei verið viss um það, hvernig háttv. Ed. fer með málin, fyr en þau eru samþykt úr þeirri deild. Það er ekki rjett, að háttv. þm. (P. O.) samþykki frv., ef hann í raun og veru er á móti því. Eða hvar eru takmörkin, ef á að treysta slíku, þótt jafnvel menn hefðu vissu fyrir því.

Jeg trúi því ekki, fyr en jeg horfi á það, að þeir háttv. þingmenn, sem álíta það hneykslanlegt, láti frv. fara svona úr deild-

inni. Ef það verður samþykt, þá er því þar með slegið föstu hjer í deildinni, að vín og tóbak skuli sett á sama bekk sem munaðarvara. Hitt er annað mál, hvort aðrir taka í taumana og lagfæra það. Það er ekki þeirra dygð, sem hjer samþykkja það.

Svo er það eitt, sem ekki hefir verið minst á. Það er sá annmarki á þessari nýju leið til að afla ríkissjóði tekna, hvað mikið vald stjórninni er fengið í því efni. Það hefir ávalt verið siður að ákveða, hvað miklar tekjur ríkissjóður skyldi hafa af tollvörum.

En eins og hjer er, þá eru mjög víð takmörk frá því lægsta til þess hæsta, sem stjórnin má leggja á vöruna, og þó eru takmörkin, ef til vill, sett of þröng, því að verslun er jafnan verslun, og gengur upp og ofan. Þetta, að setja það í vald stjórnarinnar að ákveða sjálf ríkissjóðstekjur af ákveðnum vörum, er bein afleiðing af þessari aðferð að ná tekjunum. Þá vil jeg heldur, að Alþingi nái þeim með þeim hætti, að það geti sjálft skamtað ágóðann, en það er með tolli.

En ef verðið á tóbakinu á að fara eftir þörf ríkissjóðs, og stjórnin á að ráða því, hve mikil álagningin verður, þá býst jeg við, ef þröngt verður í búi, að gripið verði til heimildarinnar, og verði farið að okra á versluninni.

Það verður ekki um það deilt, hvort það muni græðast á þessari verslun, það er ekki annað hægt, þar sem einokun verður á vörunni. En hitt er álitamálið, hvort varan verður dýrari og gefi sömu tekjur í ríkissjóð, með þessari aðferð eða hinni.

Hæstv. fjrh. (M.G.) talaði um það í sambandi við dagskrána, sem hjer liggur fyrir, að ríkissjóður mundi missa tekjur, hvort sem þær væru teknar með tollum eða á þennan hátt, ef heftur væri innflutningur á þessari vöru, og því kæmi það ekki málinu við. Ríkissjóður misti tekjur sínar jafnt, hvort fyrirkomulagið sem væri. En þetta er ekki rjett, af tveim ástæðum. Það fyrra er, að það er munur út af fyrir sig, hvort ríkissjóður verslar með vöruna eða sjálf þjóðin, þegar heftur er innflutningur á henni, svo hin síðari, hin móralska hlið. Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) benti á það, að það væri eins og stjórnin hefði forgangsrjett að gjaldeyri, sem væri fyrir hendi, og það gæti verið skaðlegt.

Ef farið er út úr gjaldeyrisskorti að hefta innflutning, og síðan verslun komið á fót með þá vöru, sem hefta ætti, og þó síðar væri takmarkaður innflutningur á henni, þá er munur á því, hvort tekjurnar nást með verslunarbraski eða tollum. Um tolla er víst, að hverju er gengið, en ef þetta yrði, þó það yrði að eins takmarkað um þriðjung, þá mundi kostnaður við verslunina sá sami, og væru því líkur til þess, að ekki yrði kipt úr innflutningnum sem annars. Yfirleitt er þetta svo bundið, ef ríkissjóður hefði einkasöluna, að hann gæti trauðla heft innflutning á vörunni.

Gunnar Sigurðsson: Jeg ætla að eins að svara hæstv. fjrh. (M. G.) örfáum orðum. Hann lofaði mjer og öðrum ómyglуðum vindlum, en jeg efast um, að hann geti staðið við það loforð. Aðalatriðið er, hvort hugsað hafi verið fyrir góðu húsnæði, og er mikið undir því komið, hvort þessi tilhögun getur talist viturleg eða ekki. Eins og jeg tók fram áður, þarf að vera vist hitastig á tóbakinu, því að það þornar, ef hitinn er of mikill, myglar, ef hann er of lítill og raki kemst að því. Jeg er hræddur um, að slíkt húsnæði, sem yrði að vera með miðstöðvarhitun, fáist varla nema með afarkostnaði.

Jeg lagði það til, að málinu yrði frestað, fyrst af því, að það er ekki undirbúið sem skyldi, og í öðru lagi af því, að þetta er

mikilsvert mál, ný stefna er hafin, og þjóðinni hefir ekki gefist tækifæri til þess að taka afstöðu til málsins.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil ekki tefja umr. og ætla þessvegna ekki að svara öllu því, sem að mjer hefir verið varpað, eða gegn frv. sagt. Jeg tel það ekki þess vert. Það er ljóst, að sumar ræður, sem hjer hafa verið haldnar, sjerstaklega ræður háttv. 1. og 4. þm. Reykv. (Jak. M. og M. J.), eru haldnar vegna kjósenda, og eiga að færa þeim heim sanninn um það, að þm. verji hagsmuni þeirra.

Það hefir ýmislegt komið fram, sem virðist mæla á móti niðurstöðu nefndarinnar, svo sem það, að nú verði að takmarka innflutning, og rýrni þá tekjur af tóbakssölunni við það. Það er rjett að minna á það, að þegar lög eru sett, er gert ráð fyrir, að þau gildi til margra ára, en innflutningshöft og aðrar tálmanir, sem nú kunna að verða gerðar á viðskiftum, standa að eins stutta stund. Jeg get ekki sjeð, að það hafi mikla þýðingu fyrir haldkvæmi frumvarpsins, þótt tekjurnar rýrnuðu um nokkra mánuði, vegna takmarkaðs innflutnings. Þær mundu vaxa aftur þegar hömlurnar væru leystar. Auk þess vil jeg benda á það, að lögin eiga ekki að ganga í gildi fyr en 1922, og má þess því vænta, að ekki dragi innflutningshömlur úr tekjunum, því að líklegt er, að takmörkunum verði lokið þegar verslunin byrjar, ef eitthvað óvænt er ekki í aðsigi.

Það hefir verið um það rætt, að viðurlitamikið væri að festa fje landsins í tóbaksverslun, þegar gjaldeyrisskortur væri og þarfir ríkissjóðs miklar. Þetta umtal hefði við rök að styðjast, ef ekkert eða lítið fengist í aðra hönd, en þegar þess er gætt, að þetta fje ber ágæta vexti, verða ummælin veigaminni. Fjeð, sem fest verður, nemur auk þess ekki miklu, því að tóbaksversl-

un þarf ekki mikið rekstrarfje, og hefi jeg fært líkur fyrir því við 2. umr.

Jeg sje, að háttv. þm. Dala. (B. J.) er ekki nærverandi, enda er hann vanur að vera ókyr í sætinu. Jeg vildi minna hann á það, að á honum situr síst að tala um þessa fjáreyðslu, eða að fest sje óhóflega mikið fje. Hann hefir aldrei verið nein fyrirmynd um meðferð fjár úr ríkissjóði. Jeg man ekki betur en að hann vildi taka 10—20 miljón kr. lán 1917, til þess að láta landssjóð kaupa og hagnýta vatnsrjettindi fyrir austan heiðar. Jeg vil ekki fást um það, þótt hann hreyti að mjer óvirðingarorðum og óþinglegum slettum; slík titlatog eru vanaleg af honum, því að hann telur sjer alla ósvinnu heimila, en á þessu tekur enginn mark, enda hefir forseti vítt þetta.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) talaði hroll, sem komið hefði í sig og aðra við þetta mál. Það getur verið, að hann sje kulsælli en aðrir þm., og fer það að líkum, en *hrollinn* hefi jeg eigi sjeð á öðrum deildarmönnum. Hjer hafa verið lík einkasölumál á ferðinni áður, á stríðsárunum, og hefir þessa hrolls aldrei orðið vart fyrri. Sami háttv. þm. (M. J.) sagði, að verið væri að gera vissasta tekjuliðinn *óvissastan*, en það eru víst fáir, sem líta eins skökkum augum á það eins og háttv. þm. (M. J.). Ef þessi tóbakssala verður óviss, þá er mörgu hætt. Yfirleitt hefir einkasala ekki reynst svo, heldur þvert á móti, og hefir það berlega komið í ljós á stríðsárunum, og sjerstaklega hjá þeim, sem haft hafa einkasölu án lagaheimildar, hafa sölsað hana undir sig, vegna sjerstakrar aðstöðu eða erfiðleika annara, og beitt henni af lítilli nærgætni við almenning.

Háttv. þm. (M. J.) taldi, að með frv. yrði opnuð leið að okri, og gaf í skyn, að stjórnin mundi haga sjer svo. Hann kallaði líka tóbaksverslunina *einokun*. Jeg skil

við orðið einokun þjakandi og ósanngjarnleg viðskifti. En að væna stjórnina þess, að hún misbeiti heimildinni í einkasölulögunum, til þess að kúga eða þjaka skiftavini sína, virðist vera harla djarft og varla sæmilegt. Jeg vil minna háttv. þm. (M. J.) á það, að takmörk fyrir álagningu eru sett í frv.; stjórnin má ekki leggja minna á en 25%, og ekki meira en 75%. Hjer eru skorður, sem hv. þm. (M. J.) hefir ef til vill ekki tekið eftir, enda hættir honum við að tala stundum áður en hann hugsar, eða að kríta ofurlítið liðugt. Þessi álagning er smámunir einir, í samanburði við álagningu, sem þekst hefir hjer undanfarið á ýmsum vörum. Það er ómótmælanlegt, að hún hefir ekki að eins verið 100—150%, heldur jafnvel í stöku tilfellum 500—600% á stríðsárunum.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar; jeg stóð upp af því, að jeg var til þess neyddur, og ef til vill verð jeg að standa upp aftur síðar, ef háttv. þm. halda áfram mótmælum sínum.

Magnús Jónsson: Jeg var hissa á því, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skyldi fara að tyggja hjer sömu tugguna, og hv. þm. Ak. (M. K.) hefir áður japlað á, um kjósendaræður. Það má alt af slá þessu fram, en það er orðið heldur dauft, því að slagorðið er farið að eldast og ganga í barndómi. Það er ekki nema eðlilegt, að þm. haldi fram sömu skoðun á þingi og fyrir þing, og ber sjerstaklega á því þegar kosningar eru nýafstaðnar. Jeg heyri háttv. þm. skírskota oft til vilja þjóðarinnar eða jafnvel hreppanna, og eru það ekki síður kjósendaræður, og jeg efast um, að hreppapólitíkin sje veglegra form fyrir kjósendaræðum en önnur.

Þá vík jeg mjer að málinu sjálfu. Það er látið í veðri vaka, að þetta sje bjargráðaráðstöfun. Það munu fáir halda því fram í alvöru, að frv. sje fram komið til þess að birgja landið af nauðsynjavöru; tilgangurinn er gróði, kaupmannshagnaður. Frv. á því ekkert skylt við bjargráðaráðstöfun.

Ummælum mínum um vissar eða óvissar tekjur má svara með því að fara í kringum sjálfan sig. Tekjurnar eru vitanlega vissar ef selt er nógu dýrt, en ef verðinu er haldið nákvæmlega innan þeirra takmarka, sem í frv. eru sett, verða þær óvissar, ef miða má við það, hvernig gengið hefir í frjálsri samkepni, og verður einkasalan varla happadrýgri. Það má ekki miða við það, hvað einstaka menn hafa okrað á stríðsárunum, og taka það fyrir mælikvarða á verslunarstjett landsins. Það eru alt af misjafnir sauðir í mörgu fje, og þeir nota sjer neyðina til að okra. Það er alt af hægt að telja fram slík dæmi, en þau sanna ekkert, af því þau eru undantekningar, eins og t. d. spilin, sem seld voru á 20 kr., af því þau fengust ekki í öðrum stöðum. Jeg vil ekki fara út í þetta nánar, en það má altaf hampa einokun, á kostnað frjálsrar samkepni, með öfgadæmum.

Allir eru sammála um þarfir ríkissjóðs, en jeg held, að tollurinn sje vissari tekjugrein, og varan verði auk þess ódýrari.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) bar það upp á mig, að jeg hefði haft í frammi ósæmilegar aðdróttanir í garð stjórnarinnar, en því verð jeg að mótmæla. Jeg gat þess til, að reynt mundi verða að beita álagningu á fremsta hlunn, og tel jeg það afsakanlegt fyrir fjármálaráðh., ef fjárhagur er þröngur. Og þó að reynt sje að halda sjer við takmörk þau, sem í frv. eru sett, en jeg efast um, að það verði hægt, nema með litlum gróða, þá má benda á það, að þau takmörk eru rúm og hætt við, að stjórnin haldi sjer heldur að hæstu álagningu en lægstu, og þá er komið þvingað og óhagstætt verslunarfyrirkomulag, þó að

ekki sje hægt að telja það ósæmilegt af hálfu stjórnarinnar.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Mjer skildist það á hæstv. fjrh. (M. G.), að hann dróttaði að mjer blekkingum og tvískinnungi viðvíkjandi innflutningshöftum. Því verð jeg að mótmæla. Þegar þau voru hjer til umr., bar jeg fram rökstudda dagskrá, þess efnis að eins að taka af allan efa um það, að ekki mætti hefta innflutning á þörfum vörutegundum, en hún var feld af stjórninni og fylgifiskum hennar. Það var því sýnilegt, að háttv. deild vildi hafa innflutningshöft. Jeg býst ekki við því, að jeg verði þess megnugur að breyta þeim vilja, og fyrir mjer vakir að eins að vinna að því, að þau innflutningshöft, sem verða, verði sem óskaðlegust og, ef unt væri, eitthvert gagn að þeim. Þessvegna hefi jeg borið fram frv. um þetta efni; það er í raun og veru að eins tilgangurinn með því, að taka af allan efa og ákveða höftin á óþarfa einum. Þó að frv. sje frá minni hendi að eins um afnám laganna frá 8. mars, þá geri jeg ekki ráð fyrir því, að þau verði afnumin, án þess að eitthvað komi í staðinn. Hins vegar hefi jeg aldrei gefið í skyn, eða reynt að blekkja menn með því, að jeg væri innflutningshöftum fylgjandi í nokkurri mynd. Hæstv. fjrh. (M. G.) hefði getað sagt sjer þetta sjálfur, ef hann hefði lesið meira en fyrirsögn frv. Ósamræmið er þessvegna ekki hjá mjer, það er í höfði hæstv. fjrh. (M. G.). En jeg vona, að þessi orð mín verði til þess, að hæstv. fjrh. (M. G.) leggi út í það að lesa meira en fyrirsögnina, og þá vænti jeg þess, að ósamræmið hverfi úr höfði hans. Eins vil jeg benda hæstv. fjrh. (M. G.) á það, að ef ástæða er til að takmarka innflutning, þá á tóbak ekki að vera undanþegið. En ef lítið verður flutt inn af því, verður gróðinn af versluninni lítill eða enginn. Þetta ættu menn að geta skilið.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á um sárt að binda eftir hæstv. fjrh. (M. G.), og get jeg ekki látið vera að kenna í brjósti um hann. Afstaða hans er aumkunarverð. Hann eyðir krafti sínum og skynsemi til þess að reyna að verja frv., en fær þær þakkir hjá höfundi þess, að hann sje að spilla fyrir því. Hæstv. fjrh. sagði, að þetta frv. væri sett í samband við landsverslunina, til þess að spilla fyrir því, en það var einmitt hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem fyrstur gerði sig sekan í þeirri goðgá.

Jeg þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. En jeg vil benda háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á það, að það er ekki mikið samband milli tóbaksverslunar og vatnsrjettinda, og þó að menn telji fært að taka lán til að virkja fossa, þá get jeg ekki heimtað af sömu mönnum, að þeir vilji taka lán til þess að reka tóbaksverslun.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg gleymdi að svara háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), um húsnæðið, enda álít jeg það ekki eins mikið aðalatriði og hann. Það hafa ekki verið gerðar ráðstafanir til þess að útvega húsnæðið; það er ekki vani að smíða neglurnar á undan bátnum, en jeg tel vafalaust, að ekki muni standa á því, ef til framkvæmda kemur.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) talaði áðan eins og hann væri fylgjandi innflutningshöftum, og á jeg ekki sök á því. Það er útúrsnúningur hjá sama hv. þm. (Jak. M.), að jeg hafi verið að óvirða háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), og nenni jeg ekki að elta ólar við þess konar röksemdaleiðslu. Háttv. þm. (Jak. M.) verður að fyrirgefa mjer það, þó að jeg geti ekki eytt tíma mínum til þess að svara öllu því, sem frá honum kemur, enda hefi jeg grun um það, að háttv. þm. (Jak. M.) sje eins kunnugt um það eins og mjer og öðrum, að það er ekki alt eins merkilegt eins og það er mikið fyrirferðar.

Jeg verð að viðurkenna, að jeg var hissa á háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) og þeim framförum, sem hann hefir tekið. Við 2. umr. óð hann hjer elginn og talaði um einokun, selshausa og annað þess konar, en nú er að eins orðinn eftir hrollur í háttv. þm. (M. J.). Hann gat þess til, að stjórnin mundi hækka verð á tóbaki upp úr öllu valdi, og er ósköp vandalítið að búa til getsakir, en það er ekki á valdi háttv. þm. (M. J.) að rökstyðja það fremur en annað. Stjórnin á ekki að hirða ágóðann sjálf, og hún fer varla að brjóta lög af ágirnd fyrir hönd ríkissjóðs. Eins er það misskilningur að tala um gjaldeyrisskort í þessu sambandi. Það þarf að greiða fyrir tóbakið, hvort sem landið verslar með það eða einstakir menn, svo það kemur að því leyti í sama stað niður.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá frá 1. þm. Reykv. (Jak. M.) feld, að viðhöfðu nafnakalli, með 14 : 13 atkv., og sögðu

já: B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., P. Þ., Þorl. G., Þorst. J., B. Sv.

nei: B. H., H. K., J. A. J., J. B., J. S., M. G., M. K., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J. Þór. J.

Frv. samþ. með 14 : 13 atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 234).

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 234).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Sigurður Eggerz: Það er alls ekki ætlan mín að halda langa ræðu að þessu sinni. Frv. þetta kom fram í Nd. frá hæstv. stjórn, og er kryddað bæði einokun og brennivíni. Jeg hefi þegar áður lýst afstöðu minni til þessarar einokunarstefnu stjórnarinnar, þá er kornfrv. hennar var til umræðu hjer í háttv. deild, og þarf því ekki að fara frekar inn á það almenna atriði nú.

Jeg skal þó taka það fram, að jeg tel ekki neina vissu fengna fyrir því, að ríkissjóður fái meira í sinn hlut með þessu lagi heldur en með tollunum, sem mætti enda hækka. Það er engum efa bundið, að af þessu hlyti að leiða talsverðan kostnað til húsagerðar, því að eins og kunnugt er, verða vindlar og vindlingar að geymast í jöfnum hita, því þeir þola ekki raka, og yrði því að vanda vel til þeirra húsakynna, sem þeir ættu að geymast í. Þá gæti og vel svo farið, að valið á þeim manni, sem gera ætti innkaupin á vörum þessum, tækist ekki sem best, og myndi það ekki auka hagnaðarvon ríkissjóðs. — Hygg jeg yfirleitt, að slíkar tekjur muni, er til lengdar lætur, reynast óvissari en þær, er fengist geta með tollunum. Auk þess vita allir, að fjárhag landsins er þann veg farið nú, að síst virðist ástæða að stofna til slíks kostnaðar, úr því að oss rekur enginn nauður til. Tel jeg víst, að því fje, sem verja yrði til stofnunar slíkrar verslunar, yrði betur varið á annan hátt.

En svo er líka önnur hlið á þessu máli, sem jeg tel ekki varða minstu, en það er *bannhlið* málsins.

Jeg verð að segja það, að mjer þætti það engin furða, þótt bannmenn yrðu ekkert hrifnir af því að vita af víninu í þessum fjelagsskap, enda ljeti það að líkindum. Mjer finst eðlilegast, þar sem áfengi er jafnan skoðað sem lyf og talið til lyfja, að það fylgdi frv. því, til einkasölu á lyfjum, sem fram er komið, en kæmi ekki til greina hjer.

Jeg er í engum efa um, að það er hreinasti óþarfi, hve mikið fer af áfengi til iðnaðar. Það er líka auðsjeð á því, hve miklar tekjur eru áætlaðar í frv. af þessari verslun, að það er beint gert ráð fyrir, að traðkað verði bannlögunum í þessu efni — en allir ættu að sjá, hve slíkt er óviðeigandi.

Jeg þarf svo ekki að lýsa afstöðu minni til þessa máls frekar að sinni. Jeg er eindregið á móti því; í fyrsta lagi af því, að það er einn angi einokunarstefnunnar, og í öðru lagi af því, að það særir mig sem bannmann að sjá þessar aðfarir stjórnarinnar.

Það var annars dálítið skringileg sjón, sem jeg sá í dag í anddyri alþingishússins sjálfs. Það var fullur maður, sem var að staupa sig þar í makindum. Jeg varð í fyrstu dálítið hissa á þessu hátíðahaldi, en datt svo í hug, að maðurinn væri líklega bara að drekka minni stjórnarinnar og þessa frv. hennar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) hefir nú látið uppi skoðun sína á þessu frv., og kemur hún mjer reyndar ekki á óvart, en jeg vil benda honum á það, að jeg var meira „loyal" gagnvart honum, þegar jeg var formaður fjhn. í Nd. og hann fjármálaráðherra, heldur en hann reynist mjer nú. En um þetta skal jeg ekki fást.

Háttv. 2. landsk. (S. E.) segir, að þær muni reynast litlar tekjurnar af þessu frv., þótt fram gangi, en jeg get ekki gengið inn á það. Það hefir sýnt sig, að það er hægt að græða á slíkum verslunum, og jeg er í engum vafa um, að það er ekki síður hægt, þótt reksturinn sje í stórum stíl.

Og það er ekki hægt að segja annað en að flest sje til tínt, þegar það er talið til foráttu frv., að stjórnin geti ekki útvegað sjer húsnæði til að geyma tóbak, eins vel og tóbakssalar nú. (*S. E.*: Það er hægt, en það kostar peninga). Vitaskuld, en það kostar líka peninga hjá þeim, sem nú versla með þessa vöru.

Þá talaði háttv. 2. landsk. (S. E.) um það, hve illa gæti farið, ef valið á verslunarstjóranum mistækist. En jeg tel víst, að það yrði ávalt hægt að losna við þann mann, ef svo færi, og ætti það því tæplega að geta orðið mikill hængur á þessu máli. Það er auðsjeð á annari eins röksemdaleiðslu og þessari, að hjer er ekki að ræða um mótstöðu gegn þessari stefnu, heldur er það „pólitík", sem skaut nú upp höfðinu hjá andstæðing stjórnarinnar. — Það leiðir vitanlega ekki til neinna aukinna fjárgreiðslna erlendis, þótt landsstjórnin taki að sjer þessa verslun og komi þar í stað kaupmanna.

Þá mintist háttv. þm. (S. E.) á bannhlið málsins, í sambandi við drykkjurút, er hann kveðst hafa sjeð. En þar er jeg hræddur um, að háttv. þm. (S. E.) hafi yfirsjest í ályktun sinni, því að mjer finst líklegast, að maðurinn hafi fremur verið að drekka minni háttv. þm. (S. E.) en stjórnarinnar, úr því að hann sýndi honum flöskuna, en henni ekki.

Háttv. þm. (S. E.) vildi að áfengi væri talið til lyfja og látið fylgja frv. um einkasölu þeirra. Það sem vakti fyrir mjer í þessu efni, var það, að áfengi er sumpart notað til lyfja, sumpart til eldsneytis og sumpart til iðnaðar. Það er því alls ekki rjett að telja það alt meðal lyfja. Auk þess sje jeg ekki betur en að það ætti að vera styrkur fyrir bannmenn, að stjórnin tæki alla vínpöntun í sínar hendur. Annars vissi jeg ekki um lyfjafrv., þá er þetta frv. var í undirbúningi.

Það er annars fjarri því, að hægt sje að bera þessa einkasölu saman við einokunina gömlu, eins og sumir eru svo oft að stagast á. Þetta á ekki í neinu sammerkt við hana. Hún var til orðin fyrir kúgun

erlendra ríkja, en sú einkasala, sem hjer er um að ræða, er til orðin af fúsum vilja landsmanna sjálfra.

Annars álít jeg, að ekki sje ástæða til að fara frekar út í þetta frv. nú, en jeg vil að eins að lokum endurtaka það, að ef jeg hefði verið form. fjhn., þá hefði jeg ekki talið rjett að standa upp og andmæla frv. á þessu stigi málsins.

Sigurður Eggerz: Hæstv. fjrh. (M. G.) hóf ræðu sína með því að kvarta um, að jeg hefði reynst minna „loyal“ gagnvart sjer en hann gagnvart mjer áður, er jeg skipaði hans sess og hann minn. Jeg fæ nú ekki sjeð, að það sje hægt að leggja loyalitets-mælikvarða á það, sem hjer er um að ræða. Jeg er á móti þessu frv. stjórnarinnar, af því að jeg álít það skaðlegt þjóðinni, og get jeg ekki sjeð, að þetta sje neitt undrunarefni, þó að þingmenn, í þessu sem öðru efni, fylgi sannfæringu sinni. Yfirleitt hefir mjer ekki verið brugðið um „unloyalitet“ í garð andstæðinga minna, og jeg hygg, að ekki sje heldur nein ástæða til þess nú. Allra síst finst mjer það sitja á hæstv. fjrh. (M. G.) að vera margorður um þetta efni, því að jeg man ekki betur en að hann snerist varla mjög „loyalt“ við máli einu, sem var á döfinni, þegar jeg var fjármálaráðherra, og kallað var Öskjuhlíðarfarganið. Þá hafði stjórnin veitt nokkrum fátækum mönnum atvinnu við grjótnám, og nam hallinn á vinnunni 40000 kr., og var auk þess ekki hægt að sjá fyrir í byrjun, að kostnaðurinn yrði nokkur, enda má vera að salan á grjótinu hafi farið svo á endanum, að ekkert tap hafi orðið á henni. Þá skrifaði hæstv. fjrh. (M. G.), þá skrifstofustjóri, nefndarálit um þetta efni, þar sem stjórninni var mjög legið á hálsi fyrir framkvæmdir sínar í þessu efni.

Aftur á móti verð jeg að segja það, að mjer finst jeg hafa verið vonum vægari í garð þessarar hæstv. stjórnar. Jeg hefi látið fjöldann allan af axarsköftum hennar óátalin. — Hefir hæstv. fjrh. (M. G.) heyrt nokkuð til mín um húsið við Geysi? Hefir hann nokkurn tíma heyrt mig minnast á hrossakaupin og fleira af því tægi? (*Forseti*: Jeg verð að biðja háttv. þm. að halda sjer við málið). Þetta er að halda sjer við málið, úr því hæstv. fjrh. (M. G.) fór að minnast á „loyalitet“. Annars get jeg vel skilið það, og virt til vorkunar, þótt hæstv. forseti vilji ógjarna láta angra stjórnina.

Nú er hæstv. fjrh. (M. G.) einnig kunnugt um, að jeg hefi altaf staðið á móti einokun. Þar við bætist svo, að jeg tel mjög vafasamt, að nokkur gróði verði á þessum rekstri. Valið á manninum gæti ávalt mishepnast, og þá of mikið í húfi, er alt er á eins manns hendi.

Hvað snertir umyrði hæstv. fjrh. (M. G.) um húsið, þá er það ekki svo að skilja, að ekki sje hægt að koma upp viðunandi húsakynnum, en það kostar peninga. Ef landsverslunin á að verða einkasali á tóbaki, þá þyrfti að reisa bæði stór og vönduð hús til þeirrar vörugeymslu, og gæti það vel orðið tilfinnanlegur kostnaður.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar inn á þetta mál nú.

Halldór Steinsson: Jeg geri ráð fyrir, að þessu máli verði vísað til fjárhagsnefndar; en þar sem hjer er um tvö óskyld efni að ræða, einkasölu á tóbaki og áfengi, þá vil jeg vekja athygli þeirrar nefndar, sem væntanlega fjallar um málið, á því, hvort ekki muni nauðsynlegt, að hún taki það þegar til athugunar, og vinni að því að skilja þessi tvö efni að. Nú er komið fram annað frv. um einkasölu á lyfjum, og tel jeg því rjettast, að fjhn. skili áfenginu þangað, sem það á rjettilega að vera — nefnilega til lyfjanefndar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg þarf ekki að vera langorður, því að háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) hefir ekki í ræðu sinni farið neitt inn á efni málsins, en var að tala eitthvað um hrossakaup og húsbygging við Geysi, og ætla jeg ekki að svara því. Eitthvað mintist þó háttv. þm. (S. E.) á, að reisa þyrfti stórhýsi til að geyma í tóbakið, og þann kostnað, sem því fylgdi. Jeg sje nú ekki betur en að möguleikar ættu að vera á því að fá hús leigð til þessa, engu síður en handa landsverslun öll stríðsárin og hingað til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 13 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 234, n. 278 (meiri hl.), n. 292 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Friðjónsson): Þó að fjárhagsnefnd klofnaði í þessu máli, var það reyndar í bróðerni og á þann hátt, að jeg hugsa, að samvinna í nefndinni verði góð hjer eftir eins og hingað til. Það, sem á milli bar, ætla jeg líka að hafi tæplega verið eins mikið og ætla mætti af áliti minni hluta nefndarinnar. Jeg skildi það svo, að minni hlutinn væri ekki á móti því að afla ríkissjóði tekna af tóbaki, en hann vildi ekki gera það á þennan hátt, heldur með auknum tolli. Hvort meðnefndarmenn mínir í meiri hlutanum geta gengið inn á þá braut, veit jeg ekki, en fyrir mig get jeg sagt, að mjer þykir tóbakstollurinn, eins og hann nú er, eitthvert allra ósanngjarnasta skattgjald, sem þjóðin á við að búa, og því jeg alls ekki fært að auka hann. Og jeg tel þetta frv. einmitt fram komið til þess að reyna að fá meiri tekjur af tóbakinu, án þess að útsöluverðið hækkaði, því að mín ætlun er, að sá tekjuauki, sem landið fær af þessu frv., eigi frekar að koma frá því, sem sparast á verslunarútgjöldum en frá verðhækkun í útsölu. Jeg lít svo á, að samfara framkvæmd slíkra laga og hjer er gert ráð fyrir verði að koma reglugerð um hæfilega álagningu smásalanna, og að úr þeirri átt komi einkum hinar áætluðu tekjur.

Annað, sem kom til tals í nefndinni, var um áfengi, sem flutt er inn til iðnaðar. Jeg leit þar á eins og minni hlutinn, að hæpið væri að leggja mikinn toll á það áfengi. Á annað þarf jeg ekki að minnast, áfenginu viðkomandi, því að innan nefndarinnar varð samkomulag um að fá lyfjanefndinni áfengið til umsagnar.

Aðalágreiningurinn er um það, hvort ganga eigi inn á einkasölubrautina. Því er minni hlutinn algerlega mótfallinn. Jeg get sagt það, að jeg er fylgjandi frjálsri verslun, eins og nú standa sakir, í aðalatriðunum. En undantekningar get jeg vel hugsað mjer frá þessari meginreglu. Jeg álít t. d. alveg rjettmætt, að ríkið taki í sínar hendur einkasölu á vörutegundum, sem þegar áður er komin einokun á, eins og nærri lætur, að hjer sje nú á steinolíu. Sama vil jeg telja að gildi, eða geti gilt, í þeim tilfellum, þegar ríkið vill afla sjer sjerstaklega mikilla tekna af einhverri vissri vöru, eins og hjer er um að ræða. Jeg get enn fremur hugsað mjer fleiri tilfelli, þar sem rjett væri að reyna þetta, eins og t. d. það, er hjer lá fyrir á þessu þingi, um einkasölu á kornvöru. Yfirleitt lít jeg á einkasöluhugmyndina svo, sem hún sje á tilraunastigi, og að rjett sje að reyna hana, en eigi í stórum stíl í fyrstu. Eftir fenginni reynslu mundu þá síðari tímar haga sjer, ganga áfram eða aftur á bak, eftir því sem reynslan benti til.

Jeg vil að eins minnast á tekjurnar, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður fái eftir

þessu frv. Eftir frv. stjórnarinnar eru þær áætlaðar 200 þús. kr., áður en kostnaður er dreginn frá. En í frv., eins og það kemur frá Nd., er álagningin hækkuð um ⅓, og ættu þá tekjurnar, samkvæmt því, að vera kringum 300 þús. kr.; þar frá dregst svo kostnaður. Um þennan útreikning hefi jeg ekkert frekar að segja.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Áður en jeg fer að tala um efni þessa máls, verð jeg að biðja hæstv. forseta að taka ekki hart á mjer, þótt það, sem jeg segi, hafi meira 1. eða 3. umr. blæ. Það er sem sje orðin nálega venja hjer í þessari háttv. deild að tala ekkert, eða lítið, við 1. umr., og þess vegna er ekki hægt að komast hjá að tala alment um málið við 2. umr., og allra síst í þessu máli, þar sem engar brtt. liggja fyrir frá minni hlutanum.

Minni hl. hefir ekki getað orðið sammála meiri hlutanum í aðalatriðinu, það er, hvort frv. þetta eigi fram að ganga eða ekki. Hins vegar hafa báðir nefndarhlutarnir komið sjer saman um að fella vínið burtu.

Þó að þetta frv. sje eitt síns liðs, þá er það hlekkur í allstórri einokunarkeðju, sem stefnir að því að koma versluninni undan frjálsri samkepni, sem tryggir framþróun verslunarhæfileika landsmanna, inn í kyrstöðuástand, þar sem öll framtakssemi, aukið víðsýni og viljaþrek manna visnar og verður að engu. Samfara þessu er opin leið til allskonar siðleysis, samfara pólitiskri afturför, sem af þessari stefnu getur leitt fyr eða síðar.

Á yfirborðinu er látið líta svo út, að þetta sje gert út úr neyð, til þess að útvega þurfandi ríkissjóði auknar tekjur. En ef *það* væri eina ástæðan, þá hlyti stjórnin að hafa getað fallist á, að tekjurnar af þessum vörum mætti fá með öðru móti, svo góð rök hafa verið færð fyrir því, bæði innan þings og utan, að alt eins hægt væri að ná þeim með tolli. Vísa jeg í þessu sambandi til brjefs Verslunarráðs Íslands 21. febr. þ. á. til þingsins, og umræðnanna í Nd.

Verslunarhæfileikar og þekking landsmanna í verslun er enn í bernsku, og hefði því ekki veitt af, að þeir hæfileikar hefðu mátt þróast í friði áfram, þangað til verslunarstjettin hefði staðið jafnfætis við aðrar þjóðir í þekkingu og framtakssemi á þessu sviði. Það er ekki heldur von, að þessi þjóð sje langt komin í þroskanum á þessu sviði, því ekki eru liðin nema um 67 ár síðan verslunin var gefin frjáls. Það verður því ekki sagt um þekkingu Íslendinga á verslun, eins og segja má um þekkingu þeirra á sjómensku og landbúnaði, að hún sje hold af þeirra holdi.

Verslunaránauð vors einvalda konungs var vitanlega rekin, á þeim tíma, í besta tilgangi. Það var skoðun vitrustu manna þá, að sú verslun væri landinu hollust. En sú skoðun reyndist röng, eins og reynslan hefir sýnt. Jeg efast ekki um, að núverandi stjórn álíti það sama, eins og einvaldskonungur vor þá, en jeg efast ekki heldur um, að sú skoðun muni reynast skökk, ef nokkur reynsla fæst á því. Jeg held, að það sje jafnvel að fara úr öskunni í eldinn, ef stofna á nú til nýrrar einokunarverslunar. Það mun reynast því skaðlegra sem valdið yfir slíkri verslun er nær oss. Og á þeirri braut verður fjármálaþekkingarleysið og þróttleysið aðalþröskuldurinn. Vil jeg að eins benda á sem dæmi, að vjer erum ekki enn farnir að skilja muninn á *tölu*-endurskoðun og fullkominni endurskoðun (Kritisk Revision) á fjárhagsfyrirtækjum, endurskoðun, sem rannsakar *stjórn* og *rekstur* fyrirtækjanna. Þannig eru 2 aðalpeningastofnanir landsins settar, að þær hafa 2 *tölu*-

endurskoðendur hvor, sem eiga að leita að, hvort starfsmenn bankanna hafi ekki vanreiknað t. d. 2 aura á þessum stað eða hinum. Það er öll endurskoðunin. Hitt er alls ekki endurskoðað, hvernig stjórn bankanna fer að, eða hvernig bankarnir eru reknir. Það eina, sem menn vita um, er, ef þeir fara beinlínis í strand. Þegar þessu er þann veg farið, þá eru bankastjórarnir fullkomlega einvaldir. Þegar maður lítur á sjálft stj.frv., 5. gr., þá stendur þar, að ráðherrann skipi „2 menn til að hafa á hendi endurskoðun *allra reikninga* verslunarinnar". Það eru þessir gömlu *tölu*-endurskoðendur. En þar er ekki minst á það, að nokkur maður eigi að rannsaka *stjórnsemina eða rekstur fyrirtækisins,* heldur að eins reikningana. Nei, hjer á að skapa nýja einveldis-holu, sem engin mannleg vera hefir tækifæri til að athuga, hvort sje vel eða illa rekin, eða hvernig hún beitir einveldi sínu. Jeg segi þetta ekki stjórninni til áfellis, heldur til að sýna fram á, að vjer erum ekki enn undir það búnir að elta stórþjóðirnar í slíkum málum, því að þær hafa vitanlega öll skilyrði til að láta sjer verulegt eftirlit fara fram með slíkum stofnunum, og alveg ábyggilegt eftirlit. Og í slíkum löndum er ennþá stjórn, sem menn *verða* að taka tillit til.

Það er mjög líklegt, að stjórnin hafi ekki gert sjer næga grein fyrir kostnaðinum við þennan verslunarrekstur. Tóbaksvörur eru mjög vandgeymdar, og sína aðferðina þarf við hverja. Þannig þarf að geyma vindla við jafnan hita, sem munntóbak og rjóltóbak þolir ekki. Vindla þarf iðulega að umstafla. Reyktóbaki hefir mönnum hjer ekki tekist að halda óskemdu í 6 mánuði. Það geta því ekki nema fagmenn átt við slíka geymslu á hverjum geymslustað. Annars getur varan orðið óseljanleg.

Þar sem minni hlutinn leggur til, að frv. nái ekki fram að ganga, er engin ástæða til að tala um einstakar greinar þess.

Leyfi jeg mjer að vísa til nefndarálitsins að öðru leyti. Þar er tekið fram, að minni hlutinn fallist á að fella spíritussöluna úr þessu frv.

Jeg skal að endingu taka fram, að flest sem jeg hefi hjer sagt, hefi jeg sagt fyrir minn eigin reikning, án þess að hafa borið það undir hinn hluta minni hlutans, því að mig langaði til að setja fram mína skoðun á máli þessu. Jeg vona, að hin háttv. deild muni ekki vilja ganga lengra í einokunaráttina en þegar er orðið. Hjer er nú einkasala á steinolíu. Þau lög voru einungis samþykt sökum þess, að einokun var þegar orðin á þessari vörutegund. Annars hefðu þau aldrei verið samþykt. Mjer virðist, að þjóðin ætti fyrst um sinn að láta sjer nægja að hafa einkasölu á steinolíu. Spreyta sig á því og sjá hvernig það reynist, og bæta þá við fleiri vörutegundum, ef það skyldi reynast vel.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Friðjónsson): Það var eitt atriði háttv. minni hl., sem jeg vildi einkum minnast á, og það er samanburðurinn á einkasölunni og gömlu einokuninni.

Á þessu tvennu er mikill munur. Ágóðinn af einokuninni gömlu rann allur út úr landinu, en af þessari einkasölu rennur hann í ríkissjóð og til almennings þarfa. Að öðru leyti er ekki mikil ástæða til að svara því, sem háttv. þm. (B. K.) sagði. Hann lagði áherslu á, að ef versluninni væri komið í þetta horf, þá mundi hljótast vanblessun af því. Þetta er að eins spádómur, sem mjer virðist lítið gerandi með, enda er hægurinn hjá að kippa öllu í lið-inn aftur, ef illa fer. Hann tók það fram, að mikill vandi væri að geyma tóbak svo, að það skemdist ekki. En jeg hugsa að starfsmenn ríkisins geti leyst þann vanda

af hendi álíka og einstakir kaupsýslumenn. Einnig sagði hann, að endurskoðun mundi verða mjög ábótavant, ekki síður en hingað til; það væru að eins endurskoðaðir reikningarnir en ekki starfsrækslan, og mætti því til samanburðar nefna endurskoðun landsverslunarinnar. Þetta er ekki rjett, því að fyrst og fremst hefir stjórnin heimild til að láta endurskoða starfsrækskluna, engu síður en sjálfa reikningana, og eflaust mundi hún setja reglur þar að lútandi.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg stend illa að vígi með að taka þátt í umræðum, af því að jeg gat ekki verið viðstaddur frá byrjun, og heyrði því ekki nema seinni hlutann af ræðu háttv. frsm. minni hl. (B. K.), og mun jeg því verða að láta mjer nægja að svara því, er jeg heyrði, og svo nefndarálitinu. Minni hlutinn telur þetta frv. algerða stefnubreytingu í skattamálum, og það alvarlega. Það sje byrjun á einokun. Það er þá einokun nokkuð víða, og mætti þar til nefna Svíþjóð, Frakkland, Spán, Austurríki, Ítalíu og fleiri lönd. Það er nú erfitt að trúa því, að þetta sje skoðun háttv. minni hl., og öllu líklegra virðist, að þetta sje ekki nema tilraun til að slá á strengi, sem illa hljóma í eyrum manna. Þessu máli hefir verið hreyft á mörgum þingmálafundum í flestum kjördæmum, og hafa ekki risið veruleg mótmæli á móti þessu, nema á örfáum stöðum. Það nær því engri átt að halda því fram, að mál þetta sje ókunnugt alþjóð, enda er það einfalt mál. Til að skýra það þarf ekki annað en spyrja kjósendur, hvort þeir vilji einkasölu á þessum vörum eða ekki. Vitaskuld er hægt að vefja þetta í þær umbúðir, að hið sanna komi ekki í ljós, heldur líti svo út sem einoka eigi alla verslun, en það hefir aldrei verið og verður aldrei minn tilgangur. Sú viðbára, að hætt sje við, að illa veljist maður til að standa fyrir versluninni, er einskisverð. Vitaskuld getur valið mistekist. Alt getur mistekist. En það fer þá að verða fátt, sem hægt er að ráðast í, ef æfinlega á að vera trygging fengin fyrirfram um að mistök sjeu útilokuð. Það er oft svo, að stórtjón getur hlotist af, ef mistök verða, en það er ekki hætt við allar framkvæmdir fyrir því. Háttv. frsm. minni hl. (B. K.) talaði um, að endurskoðun reikninga verslunarinnar myndi verða ófullnægjandi. Jeg held að jeg megi fullyrða, að þessu ákvæði sje eins fyrirkomið í lögunum um einkasölu á steinolíu, og var hann þó ráðherra, er þau voru borin fram hjer á þingi. Það er auðvitað, að stjórnin hefir heimild til að láta gagnrýnisendurskoðun á reikningum verslunarinnar fara fram þegar henni sýnist nauðsynlegt, og þarf alls ekki að taka það fram í lögum. Það er broslegt að heyra það af vörum háttv. minni hluta, að svo erfitt sje að geyma vindla og tóbak, að landsverslun muni ekki geta það. Það er broslegt fyrir þá, sem daglega ganga fram hjá fjölda búðarglugga hjer í bænum, þar sem vindlar og tóbak er í hrúgum við rúðurnar, þar sem hiti og kuldi kemst mjög vel að, en jeg veit ekki til að það skemmist. Jeg hefi sjálfur geymt tóbak, bæði vindla og reyktóbak, lengur en sex mánuði, án þess, að það hafi skemst minstu vitund. Háttv. minni hluti sagði enn fremur um steinolíulögin, að rjett væri, að tilætlunin hefði verið að reyna þau fyrst. Jeg var frsm. þeirra í Nd. á sínum tíma, og veit því vel, að tilgangur nefndarinnar þar var að fá reynslu á einkasölu á einni vörutegund, en það hefir ekki verið hægt að útvega sjer þessa reynslu, vegna styrjaldarinnar undanfarið. Það sýnist því ekkert vera á móti því að taka tóbak í staðinn og reyna það. Jeg verð að segja það, að mjer þótti það glæsilegt að geta náð

um ½ milj. kr. tekjum með þessu frv., með einkasölu á tóbaki og víni, án þess, að þessar vörur hækkuðu neitt verulega í verði. Að sönnu hefir þessi hugmynd mín þegar verið skemd til muna, en þó ekki svo, að jeg vilji ekki halda frv. fram. Það er undarlegt, að ekki skuli mega leggja á spíritus hjer á landi eins og annarsstaðar, og í háttv. Nd. hefi jeg sýnt fram á, að álagning, eins og frv. gerir ráð fyrir, mundi sama og engu muna sjúklinga. Vísa jeg til þessara ummæla. Jeg segi þetta til að verja frv., en eigi til að ráðast á brtt. nefndarinnar, sem líklega væri árangurslaust, þótt jeg reyndar viti, að það eru margir, sem gjarnan vildu halda frv. fram óbreyttu.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það eru að eins örfá orð. Frsm. meiri hl. (S. F.) taldi það óvarlegt að hækka toll á tóbaki, og gekk út frá því, að þeim tekjum væri hægt að ná með einkasölu. En hjer er eins að gæta, að við einkasölu mundi varan hækka að mun. Því er nú svo farið, að flestir stærri kaupmenn fá vöruna beint frá verksmiðjunum, milliliðalaust, og legðist þá þannig á vöruna 15—20% í aukakostnað.

Það er fátt, sem jeg kæri mig um að svara hæstv. fjrh. (M. G.) Hann talaði um „monopol"-lönd. Reyndar hafði jeg sjálfur minst á þau, í því sambandi, að ekki væri ástæða fyrir okkur að elta þau. Við erum fámennir, og aðstaðan er alt öðruvísi hjá okkur en annarsstaðar. Hann sagði, að það hefði verið borið undir fjölda marga þingmálafundi. Í mínu kjördæmi var það borið undir 4 fundi, á þann hátt, sem hann sjálfur talaði um, og vildi enginn þeirra ríkiseinokun, og kom það ljóst fram á öllum fundunum. Þetta hefir ekki reynst svo einungis í ár, heldur og á fundum undanfarandi ára, þegar á það mál hefir verið minst. Jeg get því miður ekki sagt um, hve víða slíkt hefir átt sjer stað, því að jeg hefi ekki lesið þingmálafundargerðirnar, en jeg get ímyndað mjer, að það sje víðar, því að í mínu kjördæmi var engin „agitation" á móti, og kom álit manna því frjálst fram.

Hæstv. fjrh. (M. G.) er bjartsýnni en jeg, þar sem hann heldur, að hægt sje að fá hæfa menn í þessar stöður. En við erum fátækir að mönnum og höfum ekki þekkingu á verslun, því að við höfum einungis verslað í 67 ár, og þar að auki óttast jeg, að slíkar stöður verði veittar í pólitisku augnamiði, fremur en með tilliti til hæfileika mannsins. Það er rjett, sem hann sagði um það, að stjórnin hefði heimild til að láta endurskoða eftir því, sem hún vildi, en jafnvíst er það, að alveg er vanrækt að nota þá heimild. Þar ber raun vitni, því að aldrei hefir verið litið eftir þeirri stofnun, sem nú er rekin af landsins hálfu. Um rekstrarkostnaðinn skal jeg ekki deila. Um það er ekki hægt að segja með vissu, hvorki af eða á, en jeg er hræddur um, að hann mundi verða meiri, eins og við allan opinberan rekstur, heldur en hjá kaupmönnum, sem einungis draga að sjer smátt og smátt, eftir þörfum. Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja. Jeg tek það fram, að jeg er andstæður þessari einokun, af því að jeg er á móti einokun yfirleitt, en þetta er einn hlekkur í einokunarkeðjunni.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg tek undir með háttv. minni hlutanum, að opinberum rekstri verði að fylgja „kritiskt" eftirlit, og þess verði að krefjast með lögum. Jeg skal ekki þræta um, hvort stefna þessi hefir mikið fylgi eður eigi, því að sitt segir hver, en hitt er víst, að hún hefir lítið fylgi þar, sem jeg þekki til. Með því er þó alls ekki sagt, að rjett sje að vera á móti henni. Í mínum augum er aðalatriðið:

Hvað höfum við upp úr þessu? Áætlun stjórnarinnar hlýtur að breytast, þar sem áfengið er tekið burt. Jeg hefði óskað, að háttv. meiri hluti hefði nú komið fram með greinargerð, er gerði mönnum ljóst, hve miklum tekjum þeir byggjust við. Því að vitaskuld verða menn, eins og nú er ástatt, að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir kasta burt tekjuaukafrv. Í því trausti að slík greinargerð komi fram fyrir 3. umr., mun jeg greiða frv. atkvæði mitt að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg skal taka það fram, viðvíkjandi greinargerðinni fyrir því, hve mikið mundi hafast upp úr þessu, að jeg vísaði til stjfrv. Þar eru áætlaðar tekjur af tóbaki 63,571,00 kr., og af vindlum og vindlingum 142,560,00 kr., eða til samans rúmar 200 þús. kr. En þess má geta, að Nd. hækkaði álagninguna um rúml. ⅓, svo að nú er gert ráð fyrir rúmum 300 þús. kr., en frá því dregst svo kostnaðurinn. Önnur skilríki hefi jeg ekki, og jeg býst við, að hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) hafi spurt vegna þess, að hann hafi ekki haft stjfrv. við hendina.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. frsm. minni hl. (B. K.) óttaðist það mjög, eftir orðum hans að dæma, að forstaða þessarar tóbaksverslunar mundi verða gerð að pólitiskum bita, en við það get jeg ekki verið hræddur, jafnvel þótt jeg viðurkenni möguleikann á, að stjórn kunni að misbrúka stöðu sína. En ef ekki er gerlegt að leggja út í fyrirtæki, sem fyrirsjáanlega mun borga sig, einungis fyrir þá sök, að komið gæti fyrir, að forstaða þess yrði veitt manni af pólitiskum ástæðum, þá held jeg að fátt sje gerlegt. Og jeg er ekki minstu vitund hræddur við þetta fyrir mitt leyti. Hins vegar býst jeg ekki við, að háttv. þm. (B. K.) hafi meint þetta til mín.

Gagnvart ummælum háttv. þm. (B. K.) um, að við kynnum ekki að versla, þá vil jeg halda því fram, að við kunnum það, en ef svo væri ekki, þá væri einmitt sjálfsagt að taka upp algerða einokun. (*B. K.*: Erum að læra það, en það er ekki fullært).

Háttv. þm. (B. K.) sagði, að þetta einkasölufrv. væri liður úr einokunarkeðju, sem stjórnin vildi koma á, en því neita jeg ákveðið. Þetta frv. er einungis komið fram til þess að afla landinu tekna. Lyfjasölufrv. er flutt að tilhlutun landlæknis, einungis frá heilbrigðislegu sjónarmiði, en kornvörufrv. til þess að tryggja landbúnaðinn. Þetta einokunarhjal er því draugur, sem hjer með er algerlega kveðinn niður.

Fyrirspurn háttv. þm. Sunnmýlinga (S. H. K.) mun jeg reyna að svara við 3. umræðu.

Sigurður Eggerz: Jeg skal lýsa ánægju minni yfir því, að vínið hefir verið tekið út úr frv. þessu, því að á það lagði jeg mikla áherslu, og finn jeg eigi ástæðu til að fara frekar út í það, þar sem líka 2 háttv. nefndir hafa fallist á það. En það var þetta frv. um einkasölu á tóbaki, sem jeg vildi fara örlítið frekar út í, þrátt fyrir það, þótt háttv. frsm. minni hl., 2. þm. G.-K. (B. K.) hafi gert það vel.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það væri hart, ef það yrði þessu frv. að fótakefli, að efasamt væri, hvort hægt væri að skipa nógu færan mann til þess að standa fyrir þessari stóru tóbaksverslun. — En það er nú svo með þetta, eins og alla einokun, að mjög mikið vald er lagt í eins manns hendur, og það viðurkenna allir, að mikil hætta er á ferðum, ef valið mistekst, og slíkt getur altaf komið fyrir. En sje um frjálsa

verslun að ræða, þá dregst sá aftur úr, sem ekki þolir samkepnina, og slitnar að lokum aftan úr lestinni.

Hvað snertir geymsluna, þá er það vitanlegt, að mjög verður að vanda hana, þegar um svona stóra heildsölu er að ræða. En það er öðru máli að gegna með smásöluna, því að þá þarf venjulega ekki að geyma vörurnar nema tiltölulega stuttan tíma. — Jeg skal geta þess, að jeg er ekki einungis á móti þeim ástæðum, sem færðar eru fram fyrir frv. þessu, heldur og að jeg er á móti einkasölu alment. — Jeg tel því mjög efasamt, hvort ástæða sje til að víkja frá hinni almennu, frjálsu samkepni, inn á þessa einokunarbraut, þegar líka engar líkur eru til þess, að ríkissjóður fái meiri tekjur með þessu fyrirkomulagi en með því að halda gömlu tollleiðinni. — Líka veit enginn um þann kostnað, sem þessi verslun hefir í för með sjer. — Tollleiðin er líka miklu einfaldari. Jeg sje því enga ástæðu fyrir því, að rjettara sje að fara hina leiðina, og því fremur, sem stjórnin á mjög erfitt með að segja, hvað á henni græðist, því að vitanlega kemur það undir innkaupum, og svo því, hvernig versluninni er stjórnað o. fl. — Af þessu leiðir, að frv. þetta getur alls ekki talist nauðsynlegt af því, að það tryggi ríkissjóði tekjur. — Líka má segja, að engin ástæða hafi verið til að samþykkja kornvörufrv. fyrir þá sök, að það væri til tryggingar fyrir landbúnaðinn, því að hann mátti tryggja á ýmsan annan hátt. Hið sama er og að segja um lyfin.

Það var sniðugt hjá hæstv. fjrh. (M. G.) að halda því fram, að þessi frv. væru ekki komin fram af einokunarstefnu hjá stjórninni, því að ómögulegt er annað að segja en að hæstv. stjórn standi á einkasölugrundvellinum, og þetta kemur best fram í korneinkasölufrv. — Jeg skal svo eigi fara frekar út í þetta mál. Jeg hefi bara sagt þetta til þess að sýna fram á, að þetta frv. er ekki komið fram einungis af þeim ástæðum, að það eigi að auka tekjur ríkissjóðs.

Jóhannes Jóhannesson: Það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, og jeg hefi ekki heyrt hreyft, það er rekstrarfje það, sem reka á þessa verslun með.

Í 3. gr. frv. stendur, að stjórninni sje heimilt að taka lán til rekstrar þessarar verslunar. Jeg þykist nú sjá, að hið íslenska ríki þurfi að taka lán til annars, ennþá nauðsynlegra en reka verslun. Jeg vil því spyrja hæstv. stjórn, hvort hún geti útvegað fje, ekki að eins til hins óumflýjanlega, heldur og til að reka þessa verslun.

Mjer finst mjög varhugavert að banna innflutning á tóbaki árið 1922, nema því að eins, að stjórnin hafi nægilegt fje til verslunarrekstrarins.

Jeg er yfirleitt mótfallinn einkasölu, því að jeg tel frjálsa verslun hið hollasta. En fjárhag ríkisins er nú svo farið, að jeg gæti gengið á svig við þessa skoðun mína, ef um fjárvon er að ræða af þessu frv. stjórnarinnar, og stjórnin treystist til þess að hafa nægilegt fje til verslunarrekstrarins. Annars tel jeg mjög varhugavert að banna öðrum innflutning á þessum vörutegundum.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) var mjög ánægður yfir því, að ákvæðið um vínið hefði verið felt burt úr frv. En jeg get þá ekki skilið, hvers vegna samviska þessa háttv þm. (S. E.) hefir hingað til getað þolað það, að ríkissjóður hefir tekið toll af víni og spíritus, því að eðlismunur getur ekki á því verið, hvort peningar koma í ríkissjóðinn vegna söluhagnaðar eða tolls á sömu vöru. Það er einkennilegt, að bannsamviskan slær nú fyrst háttv. þm. (S. E.).

Mín skoðun er sú a þessu máli, að bannmálinu væri unnið þarft verk með því að taka vínsöluna í hendur ríkisins, og jeg veit, að margir bannmenn líta svo á.

Það er harla kátleg ástæða gegn frv., að það sje svo vandasamt að versla með tóbak, að vart sje ætlandi, að nokkur maður sje til þess fær. Hjer þarf að eins að benda á, að hver strákur telur sjer fært hjer að setja upp tóbaksverslun.

Það má vel vera, að hægt væri að hækka tollinn enn, en ekki er jeg viss um það, og víst er um það, að síðast þegar hann var hækkaður, þótti hann svo hár, að ófært mundi að hækka.

Og þess ber að gæta, að þeim mun meir, sem hann yrði hækkaður, því örðugra mundi það verða að verjast tollsvikum, að minsta kosti hefir oftast viljað verða sú reyndin á, þar sem um tollaðar vörur er að ræða.

Þá kvartar háttv. þm. (S. E.) undan einokunar-tilhneigingu stjórnarinnar og segir, að einkasala á korni sje óhæf vegna þess, að því sama, sem ná hafi átt með henni, megi ná með ýmsum öðrum aðferðum. Tilætlunin með þessu var nú sú, að bjarga landbúnaðinum, en það hefir verið reynt síðan land bygðist, en ekki fundist örugt ráð. Nú segist hv. 2. landsk. þm. (S. E.) hafa ótal ráð, og skora jeg þá á hann að benda á eitt þeirra, og er það ekki mikils krafist fyrst ráðin eru ótal. En ætli honum verði ekki samt skotaskuld úr þessu? Og þegar þessi háttv. þm. (S. E.) er að fjargviðrast yfir einokunarstefnu stjórnarinnar, þá getur mjer ekki annað en dottið í hug lögin um einkasölu á steinolíu og afstaða hans til þess máls.

Viðvíkjandi fyrirspurn háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) skal jeg láta þess getið, að jeg hafði aðallega hugsað mjer að nota varasjóð landsverslunarinnar til þess að reka með þessa verslun. Landsverslunin dregur nú óðum saman seglin, og á varasjóð, sem til þess mætti nota. Ef það fje skyldi ekki hrökkva, þá er ekki annað fyrir hendi en að taka lán, en að því mundi aldrei mikið kveða, því að allar stærri tóbaksverslanir erlendis eru vanar að gefa 6 mánaða „credit".

Ef einhver er hræddur um, að lög um þetta verði til þess, að meira verið flutt inn í landið af tóbaki, þá tel jeg það fjarri sanni. Það ætti aldrei að verða meiri innflutningur og gjaldeyrisekla af þessu, þótt stjórnin taki að sjer verslunina, en þótt hún sje í höndum einstakra kaupmanna. Það ætti einmitt miklu fremur að verða hægara að takmarka innflutninginn, ef hann er í höndum stjórnarinnar.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg get verið þakklátur hæstv. fjrh. (M. G.) fyrir hans góðu undirtektir að koma með verulega rekstrar-og stofnkostnaðaráætlun til 3. umr. Það er engu síður þörf á þeim áætlunum en tekjuáætlun.

Þá er og annað, sem mjer finst mönnum hafa láðst að minnast á hjer, en það er kaup forstjóra verslunarinnar. Að jafnaði, þegar ræða er um skipun manns í einhvern starfa, verður háttv. þm. skrafdrjúgt um þetta atriði, og furðar mig því stórum á því, er hjer þykir ekki hlýða að gera svo mikið sem minnast á það. Yfirleitt þykir mjer hjer vera stór brestur á, um áætlun stofns- og rekstrarkostnaðar þessa fyrirtækis. Get jeg ekki verið þakklátur háttv. frsm. meiri hl. (S. F.) fyrir afrek nefndarinnar í þeim efnum. Jeg tel það mjög æskilegt, að meiri hl. nefndarinnar gerði sjálfstæða kostnaðaráætlun um þetta mál, svo hægt verði að skoða það frá sem flestum sjónarmiðum. Er sjerstök ástæða til að óska þess, að háttv. meiri hl. geri nánar grein fyrir þessu máli, úr því sá nefndarhlutinn ræður háttv. deild til að

ganga að þessu. Það er ekki eins mikil ástæða til þess, að minni hl. geri þetta, en þó væri það einnig æskilegt.

Þó að hjer liggi fyrir nokkrar tölur frá stjórninni, þá er ekki hægt að byggja mikið á þeim, þar sem alt er hjer enn í graut, og tóbaksverslunin í sambandi við áfengisverslunina. Að mínu áliti hefir því engin fullnægjandi greinargerð komið hjer fram ennþá.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla mjer ekki að þreyta háttv. deild með því að tala frekar um bannið.

Hæstv. fjrh. (M.G.) beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvað jeg vildi láta gera fyrir landbúnaðinn, úr því að jeg sæi ótal leiðir honum til hjálpar. Það kennir hjer misskilnings hjá hæstv. fjrh. (M. G.). Jeg sagði aldrei, að jeg sæi ótal leiðir honum til bjargar, en hitt sagði jeg, að eins vel mætti fram koma við hann þeirri hjálp,sem fyrirhuguð væri, með frjálsri verslun eins og með einokun, því að hún hefði sjaldan orðið til allmikilla þrifa hjer á landi.

Þá mintist hæstv. fjrh. (M. G.) á steinolíulögin og afstöðu mína til þeirra. Jeg hlýt að minna hæstv. fjrh. (M. G.) á það, að þá stóð alt öðruvísi á en nú. Þá var einokun fyrir, knúin fram af nauðsyn, og í því máli varð þá að fara eftir reglunni alkunnu: „Með illu skal ilt út reka“. Það var, með öðrum orðum, neyðarúrræði á ófriðartímum, sem þar var um að ræða.

Hvað annars kostnaðinn snertir, þá er það ekki svo auðvelt, að svo stöddu máli, fyrir nefndina að leggja fram ítarlega kostnaðaráætlun, en hinsvegar er auðsætt, að ómögulegt er að reka þessa verslun, nema með talsverðu fjármagni, sem verja yrði bæði til tryggingar og rekstrar verslluninni. Og þegar hægt er að afla ríkissjóði talsverðs fjár með sköttum, án þess að leggja út í nokkurn aukakostnað, þá á jeg bágt með að sjá, að nokkur ástæða sje til þess að velja þessa leið, nema það sje að eins markmiðið að þrengja þessum einokunarófögnuði upp á þjóðina.

Jeg veit, að það verður ekki hjá því komist að taka talsvert lán handa landinu, til þess að geta klofið hinar brýnustu nauðsynjar, en með það fje verður að fara mjög gætilega. Og jeg verð að telja það mjög varasamt, á svo erfiðum tímum, að ráðast, að nauðsynjalausu, í fyrirtæki eins og þetta, sem binda verður í mikið fje, og tel jeg það eitt næga ástæðu til að fella frv., þótt einokunin kæmi þar alls ekki til greina.

Þá kemur það atriði einnig til sögunnar, að herða yrði á tollgæslunni. En jeg verð að játa það, að í því efni er jeg búinn að öðlast svo mikla reynslu, að jeg þykist geta fullyrt, að langt verði þangað til tollgæsla hjer á landi kemst í það horf, að hún reynist einhlít.

Hæstv. fjrh. (M. G.) benti á það, að hægt yrði að nota varasjóð landsverslunarinnar til að reka með þessa verslun, en jeg hygg, að þessa fjár þurfi einhversstaðar frekar með.

Jeg ætla svo ekki að eyða fleiri orðum um þetta, en vil að eins bæta því við, að ef þetta frv. verður felt, og eitthvað greiðist til, þá skal ekki standa á mjer með að hækka tollinn á tóbaki, og það svo, að upp vinnist, og meira til, það, sem hjer tapast.

Einar Árnason: Jeg ætlaði að eins að gera örlitla fyrirspurn til hv. frsm. minni hl. (B. K.). Gæti nú að sönnu fallið frá því, vegna þeirra orða, er fjellu hjá hv. 2. landsk. þm. (S. E.) í enda ræðu hans. Jeg hafði nefnilega ekki tekið eftir, að minni hl. kæmi fram með neina tekjuaukatillögu, ef frv. stjórnarinnar yrði felt. En háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) benti á, að tilætlun minni hl. væri sú, að hækka ætti tóbakstollinn. Jeg verð nú að segja það, að mjer

þykir heldur hafa skift um hljóð í háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) síðan 1917. Þá flutti jeg frv. um hækkun á tóbakstollinum, sem hann var þá mjög andvígur, vegna þess, að af því leiddi að eins aukin tollsvik, og var tollurinn ekki eins hár þá eins og hann er nú orðinn. (*B. K.*: Ástandið var þá öðruvísi en nú). Það er satt, að ástandið var öðruvísi þá en nú, að því leyti, að ríkissjóði liggur enn meira á auknum tekjum nú en á þeim tíma, en ástæðurnar eru hinar sömu og þá, að tilhneigingin til tollsvika er vafalaust engu minni nú. Hækkun á tollinum gæti því ekki, eftir fyrri kenningu hv. þm. (B. K.), orðið ríkissjóði neinn tekjuauki.

Andstæðingar þessa frv. í Nd. fluttu þó frv. um tekjuauka í staðinn, ef það yrði felt, og var það allrar virðingar vert. En hjer er ekkert þess háttar sýnilegt frá hv. minni hl.

ATKVGR.

Brtt. 278,1.a. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 278,1.b. samþ. án atkvgr.
— 278,1.c. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 278,2. samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 278,3. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 278,4. samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 278,5. (ný 7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 278,6.a.—b. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 278,7. (ný 10. gr.) samþ. án atkvgr.

11.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 278,8, breytt fyrirsögn, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. Sn., H. St., Jóh. Jóh., S. H. K., S. J., S. F., E. Á., G. G., G. Guðf., G. B.
nei: K. E., S. E., B. K.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 310).

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg lofaði við aðra umr. þessa máls háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) að gefa við þessa umr. yfirlit yfir, hvað jeg áliti, að ríkissjóður mundi hafa upp úr einkasölu á tóbaki á ári, og hve mikill kostnaður mundi af því verða. Háttv. þm. (S. H. K.) er nú kunnugt um, að jeg hefi ekki haft mikinn tíma til þessa, og jeg vona, að hann virði mjer til vorkunar, þótt skýrslan verði ekki eins nákvæm eins og hann kynni að óska. Jeg geng út frá, að inn flytjist um 80.000 kg. af tóbaki og um 30.000 kg. af vindlum og vindlingum, því að þetta er hjer um bil meðaltal innflutnings árin 1917—'19. Verðið miða jeg við árið 1917, og kostaði þá kg. af tóbaki hjer um bil 4 kr., hingað komið, og vindlar að meðaltali ca. 16 kr. kg. En verðið er mikið hærra nú. En ef

miðað er við verðið 1917, kostar tóbakið .. .. kr. 320.000,00
og vindlar og vindlingar — 480.000,00

Samtals kr. 800.000,00

auk tolls. Ef nú yrði lagt 40% á tóbak og 50% á vindla, yrði hagnaðurinn í ríkissjóð brúttó
a) af tóbaki .. .. kr. 128,000,00
b) af vindlum og vindlingum — 240,000,00

Samtals kr. 368,000,00

Þess má geta, að verð á þessum vörum er hærra nú en 1917, og þarf því ekki svona mörg % til að ná sama hagnaði. En þá er hin hlið málsins. Samkvæmt þessu, sem hjer er sagt, kostar tóbak og vindlar án tolls .. .. kr. 800,000,00
en tollur af því er
a) af vindlum.. .. .. — 240,000,00
b) af tóbaki .. .. — 320,000,00

eða samtals kr. 1,360,000,00

Hina síðasttöldu fjárupphæð þarf verslunin að greiða árlega, og jeg geng út frá, að hún þurfi að hafa jafnan ¼ þessa fjár í veltunni, og tel jeg af þeirri upphæð 6%. Verður það sem næst 20,000,00 kr. á ári, en til húsaleigu og ýmsra gjalda 15,000,00 kr. Til launa geri jeg ráð fyrir ca. 20 þús. kr. Framkvæmdarstjóri með 8—10 þús. kr. laun, skrifstofum. með 5—6 þús., og pakkhúsmaður með 4 þús. kr. Svo að nettóhagnaður með þessum reikningi ætti að verða rúmar 300 þús. kr.

Jeg tek það fram, að til þess að hafa þennan hagnað, sem hjer er gert ráð fyrir, þarf ekki vegna hins háa verðs, sem nú er á tóbaki og vindlum, að leggja eins mörg % á og hjer er gert ráð fyrir. Auðvitað get jeg ekki ábyrgst þessa áætlun. Það getur enginn. En jeg hefi samið hana eftir því, sem jeg áleit hana rjettasta og sanngjarnasta.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 : 3 atkv. og endursent Nd. með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um einkasölu á tóbaki.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 310).

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 310, n. 416 (meiri hl.)).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi litlu að bæta við nál. á þskj. 416. Mál þetta hefir orðið fyrir dálítið óvæntri meðferð í háttv. Ed., og get jeg eigi fallist á, að sú breyting, sem það hefir þar tekið, sje til bóta, og það því síður, þar sem tvísýna er á, að fyrirhuguð breyting á einkasölu áfengis nái fram að ganga í Ed. En meðan svo er, þá er ekki hægt að gera ráð fyrir þeim tekjuauka, sem upphaflega var ætlast til, að frv. þetta gæfi. Fjhn. vill þó, að frv. nái fram að ganga óbreytt. Er þar nálægt 200 þús. kr. tekjuauki tryggður með þannig löguðu skattgjaldi, að gjaldendur verða einna minst varir við, að greitt hafi verið.

Þegar frv. var afgreitt hjeðan til háttv. Ed., voru margir, sem æsktu einmitt þeirra breytinga, sem frv. varð þar fyrir. Býst jeg því við, að þeir muni ennþá fúsari að greiða því atkvæði sín nú. Tel jeg svo eigi þörf á að fjölyrða meira um þetta mál, því að það hefir verið rætt hjer allrækilega áður, og mjer liggur við að segja: meira en þörf var á.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal taka það fram, að enda þótt frv. hafi verið skemt og rangt hafi verið að aðgreina spíritusinn frá því, þá er þó bót að því, og tekjurnar, 200 þús. kr., eru áreiðanlega áætlaðar fremur lágt, ef heimild frv. til álagningar er notuð. En ef tekjurnar eiga að verða til muna meiri, þyrfti meiri álagningu, og mundi tóbakið þá hækka í verði, en það mundi það einnig gera, ef frv. yrði tekið aftur, því að margir háttv. þm. hafa lýst því yfir, að þá mundu þeir verða því fylgjandi, að tóbakstollurinn yrði hækkaður. En hvað svo sem verður um frv. hjer í háttv. deild, þá er víst, að meiri hl. háttv. þm. er því fylgjandi.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Jeg ætla ekki að stofna til óþarfra umr., en frá mínu sjónarmiði er frv. enn óaðgengilegra nú en það áður var, þar sem tekjuvonin er nú enn minni en upphaflega.

Þó að meiri hl. fjhn. geri ráð fyrir, að þetta og vínfangaverslunin, ef til hennar kemur, verði rekin saman, þá verða þetta alt að einu 2 stofnanir með tvöföldum starfrækslukostnaði, og honum alltilfinnanlegum.

Álít jeg miklu vænlegra, að tóbakstollurinn væri hækkaður, því að með því væru tekjurnar vissar, og engin áhættan.

En hjer er í raun og veru um tvöfalda áhættu að ræða, bæði þá,sem leiðir af venjulegum viðskiftum, og einnig þá, sem leiðir af eðli og fyrirkomulagi þessarar verslunar. Jeg er heldur ekki í neinum efa um það að nefndin hefir áætlað tekjurnar altof háar, nema verð á tóbaki hækki mikið frá því, sem það mundi vera í frjálsri samkepni. Hitt dugir ekki, að miða verðið við verslunina, eins og hún nú er, því að hún er í raun og veru ekki frjáls.

Hákon Kristófersson: Að eins nokkur orð til að gera grein fyrir atkv. mínu.

Jeg fylgdi þessu frv. þegar það fór hjeðan úr þessari deild, en nú lítur það talsvert öðruvísi út, og með tilliti til þeirra breytinga, treysti jeg mjer eigi til þess að greiða því atkvæði mitt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. H., E. Þ., J. A. J., J. B., J. S., M. G.

nei: M. P., P. Þ., Þorl. G., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. Þ., M. J., B. Sv.

Einn þm. (Þorl. J.) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 460).

19. Tollagabreyting.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (A. 47).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg verð skammorður um þetta frv. Læt mjer nægja að geta þess, að hækkanir þær, sem hjer er farið fram á, snerta að tiltölulega litlu

leyti eiginlegar nauðsynjavörur, og þær ná einkum til vara, sem ekki hefir verið hækkaður tollur á síðan heimsstyrjöldin hófst. Jeg játa fúslega, að jeg hefði mjög gjarnan viljað losna við að þurfa að flytja þetta frv., en það er svo erfitt að útvega nægar tekjur nú á dögum, að fleira verður með að taka en gott þykir.

Þegar þessi umr. er á enda, vona jeg, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) í e. hlj.

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 74, 82, 85).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Eins og nál. fjárhagsnefndar ber með sjer, hefir nefndin, að einum nefndarmanni undanteknum, orðið sammála um það að leggja til, að frv., eftir atvikum, næði fram að ganga. Þessi orð — eftir atvikum — bera það hinsvegar með sjer, að allir nefndarmenn hafa ekki verið allskostar ánægðir með frv. í öllum atriðum. Jeg skal geta þess, að sumir nefndarmenn voru í öndverðu andstæðir hækkuninni á kaffi og kaffibæti, eins og t. d. hv. þm. Barð. (H. K.). Það er „princip"-mál fyrir mörgum í nefndinni að hækka yfirleitt ekki toll á þeim vörutegundum, sem að einhverju leyti gætu talist nauðsynjavörur.

Annars ber að geta þess í þessu sambandi, að í skattafrv. hæstv. stjórnar kemur að nokkru leyti fram stefnubreyting, „princips"-breyting, í tolla- og skattamálunum, það að sneiða sem mest hjá óbeinum sköttum, tollum, en taka upp beina skatta, og þessi stefna er í eðli sínu hyggileg og rjettlát, og hefir fylgi mitt og fleiri manna í fjárhagsnefnd, en þó munum við enn um langan tíma verða að styðjast, að talsvert miklu leyti, við tollana jafnframt, og ráða því ýmsar ástæður. Fjárhagur og kröfur ríkissjóðs til fjárframlaga heimta mikið fje, en hinsvegar erum við svo efnalitlir, á móts við ýmsar aðrar þjóðir, að við þolum ekki og getum ekki tekið alt með beinum sköttum.

Jeg gat þess áðan, að ýmsir væru andvígir hækkun kaffitollsins (og það er jeg líka, undir venjulegum kringumstæðum), og hafa þeir fært fram fyrir máli sínu aðallega það, að kaffi væri nauðsynjavara. En kaffi er samt, að mínu áliti, ekki nauðsynjavara, nema að *nokkru leyti*. Það er að vísu satt, að einkum í kauptúnum þarf einhvern slíkan drykk, ekki síst þar sem fólkið lifir mestmegnis á allskonar þurmeti og fiski. En þó mun mega finna aðra drykki, sem heppilegri væru og hollari, og væri meira að segja æskilegt, að teknir væru upp í staðinn fyrir kaffi. Vil jeg þar fyrst og fremst nefna te, sem er bæði ódýrara og hollara en kaffi.

Annars er það um kaffitollinn að segja, að hann verður alls ekki eins ægilegur og andstæðingar hans vilja vera láta. Eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið hjá ýmsum húsmæðrum, munu úr 1 pundi af kaffi og ½ pundi af kaffibæti fást 130—150 bollar af kaffi, og þessvegna verður hver kaffibolli ekki tollaður með nema ⅓ eyris, og getur það ekki talist nein frágangssök.

En aðalástæða þess, að nefndin fellst, eftir atvikum, á þessa hækkun, er sú, að henni er það fullljóst, að þau tekjuaukafrv., sem nú liggja fyrir, geri varla betur en að vega upp á móti því, sem þeim er ætlað, eins og tímarnir eru nú, og fylsta útlit fyrir, að þau langt frá því nái áætluðum tekjum í ríkissjóð. Þessvegna er í rauninni ekki hægt, með góðri samvisku, að vera á móti því, að tekjur ríkissjóðs

verði hækkaðar, eftir því sem brýn þörf er á, og á sanngjarnan hátt. Og ósanngjörn getur þessi hækkun varla talist, ekki hærri en hún er, og þegar þess er gætt, hvað hún kemur tiltölulega jafnt niður. Að vísu þóttist nefndin sjá það, að gera mætti, ef til vill, ýmsar smábreytingar á þessu frv., með því að færa til liði og breyta innbyrðis, en þó hefðu þær breytingar numið svo litlu, að ekki þótti borga sig að leggja út í þær. T. d. stakk einn nefndarmaður upp á því, að hækka toll á sódavatni um helming, en sú hækkun myndi hafa numið innan við 100 kr. árlega; enn fremur hvort ekki mætti hækka sykurtollinn, en á móti því voru eiginlega allir nefndarmenn, enda verður óhikað að telja sykur nauðsynjavöru, sem þessvegna á ekki að hækka toll á, samkvæmt því, sem jeg drap á áðan, heldur vinna að því, að sykurtollurinn verði afnuminn með öllu.

Eftir innflutningi árið 1917 mun þessi tollhækkun gefa af sjer um 240,000 kr., en þar frá má þó draga talsverða fjárupphæð, þar sem svo stendur á, að innflutningur á því ári var óvenju mikill. Þetta er nú að eins um þann lið frv., sem brtt. hafa komið fram við. Annars skal jeg ekki fara út í frv. í heild sinni. Tollhækkunina á 8° vínanda hygg jeg, að allir muni geta fallist á, sömuleiðis á tei, tegrasi, súkkulaði og kakaódufti. Að eins getur verið ágreiningur um kaffitollinn.

Pjetur Ottesen: Eins og hv. frsm. fjhn. (J. A. J.) tók rjettilega fram, þá hefir stjórnin með skattafrv. þeim, er hún nú hefir lagt fram, í vissum atriðum markað nýja stefnu í skattamálum. Það er mörkuð sú stefna að afla ríkissjóði, meira en nú er og verið hefir, tekna með beinum sköttum. Lög um tekjuskatt hafa að vísu verið hjer á landi í full 40 ár, en þær tekjur, sem landssjóður á þann hátt hefir fengið, hafa að eins verið óverulegur hluti landssjóðsteknanna, þangað til breyting var gerð á þeim lögum 1917, að auk þess, sem skatturinn var hækkaður, var hann einnig tekinn af tekjum af landbúnaði og sjávarútvegi.

Nú hefir stjórnin enn lagt fyrir þingið frv. um breytingu á þessum lögum, og er ætlast til, að þar sje svo um hnútana búið, að skatturinn nái til allra tekna og eigna, með þeim undantekningum, er í frv. getur. Greinilegast er þessi stefna mörkuð með frv. því um fasteignaskatt, er stjórnin flytur, og á, ef það frv. nær fram að ganga, að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn.

Jeg er alveg samþykkur stjórninni hvað þessa stefnu snertir. En jeg get einnig tekið undir það, sem hv. frsm. (J. A. J.) sagði, að þess verði langt að bíða, eins og hjer er högum háttað, að hægt verði að ná öllum tekjum ríkissjóðs með beinum sköttum. Það er mjög líklegt, að alllengi verði enn að halda í þá tekjustofnana, sem drýgst hafa mjólkað ríkissjóðnum, tollana. En að því ber samt sem áður að vinna í framtíðinni, að sú stefna, sem hjer er á ferðinni, fái að ráða í skattamálum vorum í framtíðinni, þó að þess sje nú ekki kostur, nema að örlitlu leyti, að fella niður gömlu tekjustofnana, eins og hag ríkissjóðs er nú komið. Með hliðsjón af því, sem aukning hinna beinu skatta mundi væntanlega auka tekjurnar, þá virðist þó, að frekara en ella hefði nú verið hægt að gæta hófs í því að hlaða svo á einstaka tollstofna eða vörutegundir, og það einkum þá, er fátækasti hluti þjóðarinnar verður að nota mikið, og getur tæplega án verið. En það er síður en svo, að þessa hafi verið gætt. Áþreifanlegast virðist mjer það koma fram í 8. og 9. lið frv. þess, er hjer liggur fyrir. Þar er sem sje gert ráð fyrir því að tvöfalda kaffitollinn, hækka hann úr 30 aurum á tvípundinu upp í 60 aura, og eru þau rök færð fyrir þessu í aths. við frv., að þessi tollur hafi enn ekk-

ert verið hækkaður síðan fyrir styrjöldina. En það er alls ekkert einsdæmi með þessa vörutegund, því að það eru fleiri vörutegundir, eins og t. d. sykur, sem enn hefir ekki verið hækkaður tollur á. En á það ber að líta, að einmitt þessar vörutegundir, kaffi og sykur, eru áður þrauttollaðar, og virðist mjer alls ekki fært að hlaða meiru í þá tollstofna en nú hvílir á þeim.

Jeg hefi því leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 82. Mönnum þykir ef til vill undarlegt, að jeg skuli ekki hafa komið með brtt. við 9. lið, sem er um toll á brendu kaffi, en jeg sje enga ástæðu til að hlífa þeim mönnum við tollhækkun, sem ekki nenna að hafa fyrir því að brenna kaffið sjálfir.

En hvað viðvíkur sjálfum kaffitollinum, þá ber á það að líta, að í öngþveiti því, sem þingið hefir verið í undanfarin ár, um að afla landssjóði tekna, þá hefir aldrei þótt gerlegt að ráðast í að hækka tollinn á kaffi, því af öllum nauðsynjavörum, sem til landsins flytjast, hefir kaffið borið hæstan toll. Jeg segi, að kaffið sje nauðsynjavara, þótt engan veginn sje þar með sagt, að ekki sje hægt að nota þá vöru óhóflega, en það er ekkert einstakt um þessa vörutegund. Það er álit alls almennings, styðst við reynsluna, og að því er jeg best veit, einnig álit margra lækna, að fólk, einkum við sjávarsíðuna, sem bæði á erfitt eða ómögulegt með að afla sjer mjólkur, og á einnig þröngt í búi með feitmeti, sje nauðsyn á að hafa kaffi til drykkjar. Það er heldur ekki hægt að benda á, hvað ætti að koma í staðinn. Hv. frsm. (J. A. J.) benti á te, sem væri ágætur drykkur. Jeg efast ekki um, að þetta sje sannfæring hv. frsm. (J. A. J.), en nú er það svo, að þótt te, um marga ára skeið, hafi verið á boðstólum jafnframt kaffinu, þá hefir það fengið mjög litla útbreiðslu. Auk þess er vafasamt, hvort te sje nokkuð ódýrara. Og nú er það enn fremur svo, að það er oftast fátækara fólkið, sem fer á mis við það að geta veitt sjer mjólk, feitmeti og aðrar nauðsynjavörur. Þessvegna verður naumast móti því mælt, að hjer er ráðist á garðinn, þar sem hann er lægstur, að rjúka nú í að tvöfalda þennan geysiháa toll, og er það einhver mesti ógreiði, sem hægt er að gera þessu fólki nú á tímum, og má beinlínis kalla það harðýðgi gagnvart því, eins og nú standa sakir.

Mig furðar á því, að hv. fjhn. skuli hafa getað fallist á þessa till. stjórnarinnar, því þótt það hafi ekki staðið eins ljóslifandi fyrir hæstv. stjórn eins og fyrir mjer og mörgum fleiri, hvað þessi hækkun kemur hart niður á fátækari hluta þjóðarinnar, þá undrar mig, að 7 manna nefnd skyldi geta lagst á sömu sveif í þessu máli og hæstv. stjórn. Vitanlega er hægt að segja, að nauðsyn beri að afla ríkissjóði tekna. Þetta er hverju orði sannara, en frá mínu sjónarmiði er það svo ófær leið að hækka kaffitollinn, að jeg hefi ekki viljað með brtt. minni fara neinn meðalveg. Kaffitollurinn er, eins og jeg hefi áður tekið fram, þegar svo hár, að ekki er á það bætandi. Og tekjuaukanum má eins ná á annan hátt, þótt kaffitollurinn stæði í stað, eins og brtt. mín fer fram á. Jeg hefi að vísu ekki enn bent á neinn tekjuauka, er koma ætti í stað þessarar hækkunar, enda varla hægt að ætlast til þess, að mjer ynnist tími til þess, þar sem að eins eru tveir dagar síðan málið kom úr nefnd. En það er ekki þar með sagt, að jeg geti ekki bent á tekjuauka, sem hagfeldari er almenningi, en gefur ekki minni tekjur en þessi hækkun mundi nema, og verði brtt. mín samþ. mun jeg sýna lit á því. Jeg vænti þess að hv. deildarmenn athugi þetta mál vandlega, áður en þeir samþ. þessa hækkun.

Hv. frsm. (J. A. J.) gat þess að lokum, að tollurinn væri ekki svo tilfinnanlegur, og að hann hefði talað við nokkrar kunningjakonur sínar hjer í bæ, sem hefðu fært

sjer heim sanninn um þetta, með því að jafna hækkuninni niður á hvern kaffibolla, og yrði þá útkoman sú, sem hann nefndi. Þetta er að vísu lofsverð viðleitni til að styðja þann málstað, en jeg held nú samt, að þessi kaffibollareikningur verði ekki þungur á metunum.

Hákon Kristófersson: Eins og hv. frsm. (J. A. J.) tók fram, gat jeg ekki orðið samnefndarmönnum mínum með öllu samferða um þetta mál. Og eins og samnefndarmaður minn rjettilega tók fram, þá var ósamkomulagið bundið við 8. lið frv., liðinn um hækkun tolls á óbrendu kaffi og kaffibæti. Jeg lít svo á, að þessi tollhækkun hafi í för með sjer allmikinn útgjaldaauka hjá fátækari hluta þjóðarinnar, og er í því alveg sammála hv. þm. Borgf. (P. O.).

Hv. frsm. (J. A. J.) sagði, að nefndin hefði litið svo á, að varla væri hægt að leggja mikinn toll á nauðsynjavörur. Jeg er þar alveg á sama máli, og álít, að tollaálögur ættu að koma sem mest niður á óþarfavarningi, en jeg tel efamál, hvort hægt er að telja kaffi óþarfavarning, þegar tillit er tekið til þess, hve mikið er notað af því, sjerstaklega við sjávarsíðuna. Það er því með tilliti til þess, að jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, þar sem 8. liður 1. gr. einmitt fer fram á hækkun tolls á þeirri vörutegund. Viðvíkjandi þeim ummælum hv. frsm. (J. A. J.), að vjer gætum þá drukkið meira te í stað kaffi, þá vil jeg benda á það, að slíkt mundi ekki afla ríkissjóði tekna, því að því minna, sem drukkið er af kaffi, því minni verður tollurinn. Þessi ályktun hv. frsm. (J. A. J.) er því einskisvirði, nema svo sje tilætlast, að þessi mikla tollhækkun eigi að verða til þess, að minna verði flutt inn af kaffi. Ef sú væri meiningin, þá sjá allir, að tollhækkunin yrði ríkissjóði ef til vill til skaða, en ekki til að auka tekjur hans, eins og jeg tel, að stjórnin hafi þó gengið út frá.

Hv. frsm. (J. A. J.) reyndi að leiða rök að máli sínu, með því að sýna, hve lítil álagningin yrði á hvern kaffibolla að meðaltali. Jeg hefi að vísu enga húsmóðurreynslu í þessu efni, en svo mikið þori jeg þó að fullyrða, að þessi útreikningur nær engri átt. Jeg fæ ekki skilið, að hægt sje að telja því líkt sull kaffi, eins og ef 150 bollar eiga að fást úr 1 pundi af kaffi og ½ pundi af exportkaffi. Það mætti áreiðanlega færa þetta niður um helming, og mundu þó fáir telja gott. Þetta getur því ekki rjettlætt það, að tollurinn sje hækkaður úr 30 aurum upp í 60 aura pr kíló. Annars er það auðvitað rjett hjá hv. frsm. (J. A. J.), að ríkissjóður fengi hjer tekjur, og vil jeg síst mæla á móti því, en það verður að athuga, að tekjuaukinn sje rjettilega fenginn. Og því er hitt, sem jeg hefi áður bent á, að ekki sje hægt að telja tollhækkuninni það til gildis, að sú sje meiningin, að minna verði flutt inn.

Hv. frsm. (J. A. J.) benti enn fremur á, að ef þessi tollhækkun næði ekki fram að ganga, þá yrði að finna eitthvað annað, sem aflaði landssjóði sama tekjuauka og kaffitollurinn. Þetta er auðvitað rjett, en mætti þá ekki eins benda á það, að spara hefði mátt miklu meira á ýmsum útgjaldaliðum síðustu árin, og að spara má meira eftirleiðis.En satt að segja hefir hvorki hv. Alþingi nje hæstv. stjórn gætt nauðsynlegs hófs, hvað útgjöldin snertir; því er nú komið að því, að bæta verður sköttum á þá gjaldstofna, sem þegar eru tollaðir svo mikið, að vart sýnist við bætandi.

Hv. frsm. (J. A. J.) gat þess, að varhugavert væri, vegna ríkissjóðs, að setja sig á móti þessu frv. Þetta er satt, en þess verður hjer að gæta, að sá tollur, sem er á þessari vörutegund, sem hjer ræðir um, er einhver allra hæsti tollurinn eins og er.

Jeg sagði hv. samnefndarmönnum mínum, að fyrirvari minn fælist í því, að jeg mundi, ef mögulegt væri, aðhyllast þær

brtt. er fram kynnu að koma við þennan lið frv. Nú eru fram komnar 2 brtt. Önnur er á þskj. 82, frá þm. Borgf. (P. O.), og fer fram á það, að í stað 60 aura tolls, eins og frv. fer fram á, komi 30 aurar. Hin er á þskj. 85, frá hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), og fer fram á það, að tölul. 8., 9. og 10. verði alveg feldir burt. Mjer þykir þessir hv. þm. báðir fara of langt. Jeg vildi færa tollinn upp í 45 aura, og hefði kunnað betur við, að þessir hv. þm. hefðu farið eitthvað áleiðis til samkomulags. Háttv. þm. Borgf. (P. O.) hygst munu koma fram með till. til að bæta upp hallann við niðurfærsluna síðar. Og jeg ber hið fylsta traust til hans í því efni.

Jeg er því í vanda staddur, þar sem jeg hafði búist við, að brtt. mundu reyna að miðla málum. Þetta er nú alt orðið á annan veg. Jeg get ekki fylgt þeim hv. þm., er komið hafa fram með þessar brtt., þar sem jeg vil ekki standa algerlega á móti stjórninni í því að auka tekjur landsins, þótt það komi niður á þeim tekjustofni, sem síst skyldi. En að fara eins langt og frv. gerir ráð fyrir, tel jeg mjer ekki fært.

Vinur minn, hv. þm. Borgf. (P. O.) spyr, hversvegna jeg hafi ekki komið fram með tillögu sjálfur. Til þess er því að svara, að jeg bjóst við miðlunartillögu frá honum; hann hafði einmitt sagt mjer frá því, að á því væri von. Þekki hann að því, að vera sæmdarmann, og því ekki annar líklegri til að leggja það til mála, er betur má fara, en hann.

Annars mun jeg sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á málið; get að eins tekið það fram nú, að jeg vil styðja að allri þeirri tekjuaukning, er byggist á sanngjörnum grundvelli.

Jón Baldvinsson: Það munu flestir vera sammála um það, að sú aðferð, að ná tekjum með tollum af nauðsynjavörum, sje ranglát.

Og í raun og veru eru allir tollar ranglátir. Í sveitar- og bæjarfjelögum hefir það verið reglan, að jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum.Sú leið er sanngjörn, ef hún er samviskusamlega þrædd, þó að játa verði, að nokkrir erfiðleikar sjeu á þeirri framkvæmd sumstaðar. En gagnstætt þessari leið eru tollarnir á nauðsynjavörum. Þeir eru nokkurskonar nefskattur, sem allir verða að borga, og koma oftast harðast niður á fátæklingunum og ómagamönnunum. Þessi tolllög gera ráð fyrir háum tolli á kaffi, enda þótt háttv. þingmenn viðurkenni, að kaffi sje nauðsynjavara. Við sjávarsíðuna er það svo, að litla mjólk er að fá, og hún jafnframt svo dýr, að örðugt er að kaupa eins mikið af henni og þyrfti. Hjer í Reykjavík er það svo, að mjólkin selst ekki á sumum tímum árs, þegar mest er af henni, og er hún þó miklu minni en allir læknar telja þörf á.

Kaffið er komið í staðinn, og því er auðsætt, að hjer er um nauðsynjavöru að ræða. En auk þess kemur þessi tollur ranglátlega niður á landsbúa á tvennan hátt. Fyrst og fremst kemur hann meira niður á sjávarsíðufólkinu en sveitunum, og auk þess kemur hann ranglátlega niður innbyrðis á sjávarsíðufólkið, því að fátæklingurinn verður jafnt að greiða hann sem efnamaðurinn. Og fátæki maðurinn með barnahópinn verður að greiða margfalt hærri skatt, jafnvel að tiltölu, en ómagalausi efnamaðurinn. Þetta er ranglæti, og því gengur aðaltill. mín út á það að fella burtu toll af kaffi og sykri, eða með öðrum orðum, 8., 9. og 10. lið í tolllögunum.

Jeg var, satt að segja, að bræða það með mjer, hvort jeg ætti að koma fram með brtt., sökum þess, að jeg er svo andvígur tollum, að jeg hefði vel getað greitt atkvæði móti öllu frv. En jeg bjóst ekki við,

að það mundi koma að miklu haldi, og því kom jeg fram með brtt., og til vara með þá till., að tollurinn skyldi ekki hækka frá því sem nú er.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) hefir komið fram með brtt. við 8. lið, sem fer fram á það, að tollur á óbrendu kaffi standi í stað. Jeg tel það óheppilegt, að till. skyldi koma fram, því verði hún samþykt, skapar hún misrjetti. Hjer í Reykjavík mundi þorrinn af neytendum borga kaffið með hærra verðinu, því að það er mest keypt hjer brent. (*M. J.*: Brent hjer?). Sumt brent hjer, sumt erlendis, og jeg hygg, að kaupendum verði erfitt að greina á milli, hvort heldur er, og tel óvíst, að kaupmenn skýrðu þeim frá því.

Háttv. frsm. fjhn. (J. A. J.) sagði, að það væri ekki órjettmætt að tolla ónauðsynjavörur, og taldi kaffið í þeim flokki, en játaði þó jafnframt, að fólk í sjávarþorpum þyrfti einhverrar hressingar í stað mjólkur, kaffi eða annað. Jeg sje því ekki betur en að hann hafi viðurkent með því, að kaffi væri nauðsynjavara. Raunar mælti hann mjög sterkt fram með tedrykkju, svo að jeg hefði næstum því getað freistast til að halda, að hann væri umboðsmaður tesala, ef jeg vissi ekki áður, að svo er ekki. Út í tollaútreikning hans skal jeg ekki mikið fara, því að honum hefir verið svarað. Get þó ekki fallist á, að skatturinn sje eins lágur sem hann taldi. Taki maður t. d. heimili með 10 manns, og kaffi drukkið þar 4 sinnum á dag, þá verða það 40 bollar á dag. Tollurinn af kaffibolla, ⅓ eyris, með álagningu, sem altaf á sjer stað, ekki ofhátt reiknaður ½ eyrir. Það verða 20 aurar á dag. Þetta finst mjer ekki vera svo tiltakanlega lágur skattur yfir árið. Þetta ranglæti, sem jeg hefi nú talið, vil jeg fyrirbyggja með brtt. minni, og nái hún ekki fram að ganga, þá með varatill., svo að ástandið verði þó eigi gert verra en það er nú. Annars þykir mjer undarlegt, að háttv. þingmenn skuli gera ráðstafanir til að auka við dýrtíðina, um leið og kvartað er undan kaupgjaldinu og krafist lækkunar á því. Það er þó auðsætt, að því að eins mælir sanngirni með því, að kaupið lækki, að dýrtíðin minki að sama skapi, eða verðið á nauðsynjavörunum.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg vil gera þess nokkra grein, hvers vegna jeg var með kaffitollinum. Aðalástæðan var sú, að ríkissjóður þarfnast tekna, og ekki síst ef eigi er forsjállega á haldið. Jeg veit að vísu, að þessi leið, tollaleiðin, er ekki vinsæl, en jeg sje ekki annan tryggari veg til að afla landinu tekna í náinni framtíð, því að hinir tekjustofnarnir eru meira og minna ótraustir. Tekjuskatturinn t. d., þó að hann sje rjettlátari, er óábyggilegur, því hvar á að taka hann, ef enginn hefir tekjur, hvorki af sjávarútvegi nje landbúnaði? Nauðsynin er því að finna tekjustofn, sem er traustur og varanlegur. Hvað kaffinu viðvíkur, þá er neysla þess svo almenn, að stofninn getur talist traustur. Jeg skal viðurkenna, að væri kaffið eingöngu nauðsynjavara, þá væri tollurinn órjettmætur, en það er ekki nauðsynlegt, og auk þess getur það verið skaðlegur drykkur. (*P. O.*: Það er ekki skaðlegt). Það er ekki rjett, það er skaðlegt, að minsta kosti að áliti flestra lækna.

Auk þess geta menn notað annað til drykkjar, og því er það ekki rjett hjá hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að kaffitollurinn sje nefskattur, sem lagður er á neytendur. Þeir leggja hann sjálfir á sig af fúsum og frjálsum vilja.

Annars mæli jeg ekki fram með kaffitollinum vegna þess, að jeg vilji halda því fram, að hann komi ekki hart niður á mörgum fátæklingnum, eins og tollar yfir-

leitt gera, heldur vegna þess, sem jeg tók áður fram, að tollstofninn er traustur. En jafnframt vil jeg biðja háttv. þingmenn að athuga, að kaffið er, bæði hjer í Reykjavík og annarsstaðar, nautnadrykkur, sem notaður er um skör fram. Og mikið af tollinum myndi borgað af þeim, sem sitja hjer á kaffihúsum, því að nú geta menn varla skrafað svo saman, að þeir sötri ekki kaffi um leið, sjer til lítils gagns.

Að lokum vil jeg vekja athygli háttv. deildar á því, að ef ekki er hægt að fá ábyggilegan tekjustofn, þá er óumflýjanlegt að draga úr útgjöldum, t. d. launum til embættismanna o. fl., því að enda þótt hægt væri að fleyta sjer eitthvað áfram með lánum, þá er sú leið ófær til langframa, og því að eins forsvaranleg nú, að lánunum sje varið til tryggilegra framkvæmda, en ekki notuð sem eyðslueyrir.

Jón Þorláksson: Jeg vildi beina þeirri fyrirspurn til háttv. fjhn., hvort hún hafi þegar tekið afstöðu til tóbakseinkasölufrv. stjórnarinnar.

Stjórnin hefir þar gert ráð fyrir að afla tekna á annan veg en með tollum, afla þeirra með verslun, en raddir hafa komið fram um það, hvort sú leið mundi tiltækileg, eða að minsta kosti heppileg, og margar litið svo á, að giftudrýgra myndi að afla teknanna einvörðungu með hærra tolli. Ef fjhn. hefir nú ekki tekið afstöðu til einkasölufrv., og færi nú svo að það fjelli, og þær tekjuvonir, sem frv. gerir ráð fyrir, brygðust, þá er spurningin sú, hvort nefndin hefir þá ráðið við sig, hvort það skuli verka á tóbakstollinn, þannig, að hann hækkaði svo, að hinn áætlaði verslunarhagnaður næðist með honum, eða hvort hún hefir hugsað sjer að ná tekjuaukanum á annan hátt.

Fyr en afráðið er um þetta, finst mjer erfitt að ræða um tóbakstollinn. Hvað tollunum viðvíkur, þá eru það lítil meðmæli frá mínu sjónarmiði, að þeir sjeu lagðir á ónauðsynlega vöru, eins og nú standa sakir.

Það er sagt, að ríkissjóður muni þurfa um 9 milj. kr., eða sem næst því 100 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Hinsvegar stendur svo á, að viðskiftalíf landsins krefst þess, að ekki sje flutt inn í landið nema það allra nauðsynlegasta. Mjer finst það því vera nokkuð hæpið, hvort rjett sje að leggja þá freistingu fyrir landsstjórnina, að hleypa inn í landið ónauðsynlegum varningi, til þess að forða ríkissjóði frá fjárþroti.

Jeg er hræddur um, að ógerningur muni reynast að afla svo mikilla tekna árið 1922 sem ríkissjóður þarfnast, en þar sem stjórnin gerir sjer vonir um, að þær muni nást, þá finst mjer ábyrgðarhluti að leggjast á móti tillögum hennar til tekjuauka, nema hægt sje að benda á annað, sem gefur viðlíka tekjur. Jeg mun því ekki verða á móti verulegum tekjuaukaliðum í stjórnarfrv., nema jeg geti bent á eitthvað, sem vegur á móti. Um kaffitollinn er það að segja, að eftir innflutningi 1917 á þessari vörutegund, þá nemur brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.) 240 þús. kr. á ári, og jeg sje mjer því ekki fært að vera henni fylgjandi, nema bent verði á aðrar færari og heppilegri leiðir til tekjuaukningar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg veit, að það er vinsælla að vera á móti tollum heldur en með þeim. En samt verð jeg að játa, að jeg skil ekki þá háttv. þm., sem vilja afnema alla tolla, meðan ekki hefir verið sýnt og sannað, að hægt sje að ná nægum tekjum með beinum sköttum.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) virðist álíta, að hægt sje að fara lengra í beinum sköttum heldur en gert er með frv. stjórnarinnar. Jeg held að svo sje ekki. Við samning tekjufrv. var þeirri reglu fylgt, að fyrst væru búin til frv. um beina skatta,

og síðan tollafrv. Alstaðar í beinu skottunum var farið eins hátt og fært þótti, og þó verða tollarnir að vera svona háir, til þess að hafa upp þær tekjur, sem nauðsynlegar eru. Vjer komumst því alls ekki af án tolla.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum væri sanngjarnasta leiðin til þess að ná tekjum fyrir ríkissjóð, og sagði það beina mótsetningu við toll-leiðina. Það kann að vera talsvert rjett í þessu. En hjer við er það að athuga, að niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum er að mestu leyti óframkvæmanleg. Sjálfur játaði þm. (J. B.) að hún væri lítt framkvæmanleg í stærri bæjum, en þegar svo er, þá getur varla verið auðvelt að framkvæma hana um alt landið. Þar að auk fylgja því svo miklir erfiðleikar og kostnaður, að það mundi alls ekki borga sig.

Jeg á erfitt með að taka alvarlega tillögu þessa háttv. þm. (J. B.). Hann fer fram á gífurlega niðurfærslu á tekjunum, talsvert á aðra miljón króna, en bendir ekki um leið á neina leið til þess að bæta í skarðið. Það er ekki nóg að standa upp í þingsal og segja að þetta og þetta sje órjettlátt. Ef það, þrátt fyrir órjettlætið, er óhjákvæmileg nauðsyn, þá verður fyrst að finna aðra rjettlátari leið, áður en menn fordæma. Nú er hjer einmitt að ræða um óhjákvæmilega nauðsyn fyrir ríkissjóð. Hann verður að fá þessar tekjur á einhvern hátt, og það verður að koma utan að, því að í honum sjálfum fæðist ekkert.

Jeg verð því að álíta, að till. sje annaðhvort komnar fram í gamni, eða hv. þm. (J. B.) hafi gleymt, að ríkissjóður þarf tekjur. Jeg get ekki felt mig við þann mikla mun, sem brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.) á þskj. 82 vill gera á tollinum á brendu og óbrendu kaffi, 80 aura kg. á brendu, en aðeins 30 aur. á óbrendu. Jeg sje enga ástæðu til þess að hegna fólki fyrir það að kaupa brent kaffi. Kringumstæður geta oft verið svo á heimilum, að erfitt sje að koma brenslu við.

Jeg er annars þakklátur háttv. fjhn. fyrir að hafa lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. Sjálfum væri mjer vitanlega ljúfast að þurfa ekki að hækka tollana. En það er ekkert undanfæri, ef hægt á að vera að greiða lögboðin gjöld ríkissjóðs. Jeg tæki því þakksamlega, ef háttv. þm. gætu bent á einhverjar betri leiðir, en að vilja aðeins skera niður er óhæfa.

Jeg finn sjerstaka ástæðu til að undirstrika það, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. P.) og hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) tóku fram um, að tekjur manna eru nú svo litlar og óvissar, að ekki má byggja of mikið á tekjuskattinum.

Jeg vona nú, að frv. verði vísað til 3. umr. Þar geta þm. síðan komið með brtt., ef þeir finna aðra hentugri gjaldstofna.

Magnús Jónsson: Þess hefir stundum orðið vart, og nú síðast hjá háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að ræðum þm. er ætluð tvöföld adressa. Annars vegar til háttv. þingdeildar, en hins vegar út fyrir þingsalinn, og hver veit hvert; en sennilega á það að ná til háttv. kjósenda, sem ekki finna sama ábyrgðarþungann hvíla á sjer, þótt ríkissjóði sjeu ætlaðar rýrar tekjur eða slíkt. Jeg get vel trúað, að það mælist vel fyrir að fella tolla, en mjer finst, eins og hæstv. fjrh. (M. G.) að ekki sje hægt að taka alvarlega till. um að fella þá alveg niður, þegar ekki er um leið bent á aðra gjaldstofna. Upphæðin, sem með frv. fæst, er gífurleg, og sá liðurinn, sem helst er farið fram á að fella niður, er áreiðanlega einna vísastur, svo viss, að ef hann bregst, þá má segja, „að svo bregðist krosstrje sem önnur trje“.

Þá er talað er um tolla, kennir oft þess

misskilnings hjá mönnum, að þeir halda að það sje einhver allsherjar regla, að tollur á óþarfa sje sama sem tollur eftir efnum og ástæðum, sem aðallega verði greiddur af hinum ríku, en tollar á nauðsynjum leggist aðallega á hina fátæku.

Mjer þykir gaman að því að sjá skýrslur um það, hverjir aðallega kaupa óþarfann. Jeg er viss um, að þá kæmi í ljós, að það er síður en svo, að óþarfi sje eingöngu keyptur af þeim efnaðri. Og er það ekki einmitt svo, að margir af þeim, sem orðnir eru efnaðir, eru það vegna þess, að þeir hafa ekki keypt óþarfa tollvöru, en aðrir hafa orðið fátækir, vegna þess að þeir hafa keypt of mikið af óþarfanum.

Að vera að deila um það, hvort kaffi sje ónauðsynlegt eða ekki, er í rauninni að deila um keisarans skegg. Það er vitanlegt, að menn hafa lifað án þess um margar aldir, án þess að finna til nokkurrar vöntunar. En á síðari tímum hafa menn vanið sig á það, og það er svipað með það og tóbakið, mönnum finst þeir geti ekki verið án þess.

Nú hefir tóbakstollur verið hækkaður, enda þótt mörgum fátækling finnist hann ekki geta lifað án tóbaks. En ef það er rjettlátt, þá er ekki ranglátt að hækka kaffitollinn. En þegar svo er talað um að tvöfalda hann, þá finst mjer að segja megi „fyr má nú rota en dauðrota“. Jeg vil ekki láta kaffitollinn standa í stað, en það þarf ekki þar fyrir að hækka hann um helming. Jeg ætla samt að greiða frv. atkv. mitt til 3. umr., en get ekki greitt neinum af þeim brtt., sem fram eru komnar, atkv. mitt, af því, að þær fara ýmist fram á að hækka tollinn ekkert, eða þá að fella hann niður.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók af mjer ómakið við að tala um sambandið milli þessa frv. og tóbakseinkasölufrv. stjórnarinnar. Jeg álít það sje erfitt að taka fulla afstöðu til þessa, meðan maður ekki veit um afdrif þess frv. í þinginu. Ef jeg vissi, að það frv. myndi falla, mundi jeg gera brtt. við þetta frv.

Jakob Möller: Jeg er einn í tölu þeirra ólánsömu þm., sem vilja mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga. Jeg veit, að það er vanþakklátt verk að mæla með tollum. En eins og tekið er fram í nál. fjhn., þá verður hjer fyrst að líta á fjárskort ríkissjóðs. Og þrátt fyrir öll þau hjartnæmu orð, sem fallið hafa um ranglæti kaffitollsins og meðferðina á fátæklingunum, þá finst mjer upphæð sú, sem frv. tekur af landsmönnum, ekki eins gífurleg og látið er. Skattur þessi verður sem svarar 15 kr. á meðalheimili á ári. Það er að vísu „líka peningar“, en á seinni tímum hafa menn vanist háum tölum, og mun því varla blöskra þetta. Það mætti t. d. nefna það, að ekki alls fyrir löngu var lagður 15,000 kr. innflutningstollur á trollara, og blöskraði þó víst fáum. Það væri því undarlegt, ef mönnum blöskraði þessi hækkun, sem hjer er farið fram á.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) taldi alla tolla rangláta. Jeg væri því sammála, ef þeir væru eina tekjuleiðin, sem notuð væri fyrir ríkissjóð. En svo er ekki. Þeir eru notaðir ásamt beinum sköttum, og ganga því í áttina til niðurjöfnunar eftir efnum og ástæðum. Í þessu sambandi skal jeg benda á það, að einmitt beinu skattarnir eru miklu tilfinnanlegri á lágum tekjum en tollar, og jeg mun því verða því fylgjandi, að t. d. tekjuskatturinn af lægstu tekjunum verði lægri en ráðgert er í tekjuskattsfrv., en aftur hækkaður meira á hækkandi tekjum.

Jeg ætla ekki að orðlengja um þetta að svo stöddu. En út af fyrirspurn háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) skal jeg taka það fram, að jeg vakti einmitt athygli á því í fjárhagsnefnd, að varlegra mundi að fresta þessu máli, þar til sjeð yrði hver afdrif tóbakseinkasölufrv. yrðu. Aðrir

nefndarmenn töldu ekki fært að hækka tóbakstollinn meira, hvað sem um einkasöluna yrði, en jeg býst við, að hæstv. stjórn geti haft auga með þessu frv., jafnvel þó að það fari út úr þessari deild áður en forlög einkasölufrv. eru ráðin, svo að ekki verði þar með lokuð sú leið að hækka tóbakstollinn meira, ef illa skyldi fara fyrir einkasölufrv.

Einar Þorgilsson: Það hefir ávalt verið, og mun ávalt verða, vandasamt verk að gera út um skattamál þjóðarinnar. Fyrst er það, að brýn þörf er á að afla ríkissjóði tekna, til þess að standast útgjöld sín, en jafnframt er vandi að ráða fram úr því, hvernig á að afla teknanna.

Jeg álít rjett að ganga þá braut að reyna að koma á beinum sköttum sem mest. Þeir yrðu vissulega sanngjarnastir, því að þá gyldi sá, er ætti, frekar en með lausum sköttum.

Hæstv. stjórn berst heldur í þá átt, og er sú viðleitni hennar alveg samkvæm minni skoðun. En jeg álít, að ekki sje hægt að halla sjer meira á þá hlið heldur en hæstv. stjórn hefir gert, því að ekki verður hægt að hugsa sjer að fella algerlega í burtu óbeina skatta, eins og sakir standa nú.

En hæstv. stjórn hefir líka tekið tillit til óbeinu skattanna. En mjer finst hún hafa jafnvel tekið of grunt í árinni, að afla ríkinu tekna með þeim hætti, þareð útgjöld ríkisins eru að svo miklum mun hærri en áætlaðar tekjur samkv. fjárlagafrv., en beinu skattarnir þar ákveðnir feikna háir, og sumir tekjustofnarnir mjög fallvaltir.

Að vísu álít jeg, og ýmsir aðrir, að það sje varhugavert að tolla nauðsynjar. En ástandið er þannig, að ekki virðist vera mögulegt að komast hjá því, að svo komnu máli. Það verður því, að líkindum, að halda uppteknum hætti, meðan útgjöld ríkissjóðs eru svo mikil sem þau eru nú.

Hjer kemur til álita, hvort vara sje nauðsynleg eða ekki. Þeir háttv. þm., sem komið hafa með brtt. við frv. hæstv. stjórnar, halda því fram, að kaffi sje nauðsynlegt. Það mætti kannske segja það, vegna þess, hve almenn notkun þess er orðin. En heldur verð jeg þó að telja það til nautnavöru. Mjer er því ekki eins sárt um það, þó að kaffi verði harðara úti en ýmsar nauðsynlegri vörutegundir.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.), sem á brtt. á þskj. 82, sagði, að læknar álitu kaffi nauðsynlega og holla vöru. Jeg get ekki verið honum sammála um það. Þeir læknar, sem jeg hefi talað við, segja hið gagnstæða. Ekki man jeg heldur til þess, að læknir hafi spurt sjúkling sinn um það, hvort hann drykki kaffi, í þeim tilgangi að ráða honum til að drekka það sjer til heilsubótar. Nei, læknirinn gerir það í því skyni að ráða sjúklingnum til að hætta því, í flestum sjúkdómstilfellum.

Af persónulegri reynslu get jeg sagt, að jeg drekk ekki kaffi, vegna þess, að jeg álít það fremur spillandi en bætandi heilsufar mitt, og svo get jeg hugsað að sje um fleiri. Háttv. flutningsmenn brtt. segja, að kaffi sje nauðsyn vegna þess að ekki sje hægt að finna neitt, sem geti komið í staðinn fyrir það sem drykkur. Jeg get sagt þeim, að jeg drekk vatn, og sakna alls ekki kaffis. Vísindin viðurkenna, að í kaffinu sjálfu sjeu engin næringarefni, en vatnið, og önnur efni, sem blandað er saman við kaffið, svo sem mjólk og sykur, gera það nærandi. Jeg verð því að halda fast við mína skoðun, að kaffi geti ekki talist með nauðsynlegustu vörum.

Á það hefir verið bent, að áætlaðar tekjur ríkissjóðs mundu ekki til að vega á móti útgjöldunum, þegar þau eru áætluð

eins og nú er gert. En af háttv. brtt.-mönnum hefir ekki verið bent á, að finnanlegur sje annar tekjuliður jafnrjettmætur kaffitolli, ef hann er numinn úr gildi eða lækkaður að miklum mun. Jeg sje þess vegna enga ástæðu til annars en að greiða atkvæði með þessari hækkun tollsins, sem frv. fer fram á, meðan ekki er bent á aðra heppilegri leið.

Þá hafa háttv. brtt.-menn talið þessa hækkun tilfinnanlega einstaklingunum. Það skal jeg viðurkenna. Öll útgjöld eru fátæklingum tilfinnanleg. En með tilliti til almennrar brúkunar kaffis, en ekki ofnautnar þess, verður tollhækkunin ekki svo mjög tilfinnanleg. Ef tekið er sem dæmi meðalheimili, 8—10 manna, þá ætti 1 kg. af kaffi og ½ kg. af kaffibæti að nægja. Það, sem er fram yfir þetta, er umfram meðallag. Tollurinn verður því ekki yfir 20 kr. á ári á hvert heimili, eða 2—3 kr. á mann. Þessi tollhækkun getur því ekki talist afartilfinnanleg, þegar litið er á það, að alment hafa menn fleiri peninga handa á milli nú en þegar tollurinn var í fyrstu lagður á, og brúka peninga sína á ýmsum sviðum óvarlegar. Jeg tel því, að ríkissjóð muni meira um hækkunina en hvern einstakling.

Það hefir verið reynt að benda á ágæti kaffis, með því að bera það saman við te. Þessar vörutegundir eru jafngamlar hjer á landi, en þó er kaffið miklu útbreiddara, og á þetta að sýna yfirburði þess. En þessi útbreiðsla mun stafa af því, að kaffið er áhrifameiri drykkur en te, og er því hressingarmeira til nautnar, og útbreiðsla þess er, að því leyti, lík og útbreiðsla tóbaks t. d., að þess er neytt meira í nautnaskyni heldur en til meltingarbóta eða næringar. Kaffi er drukkið mjög í óhófi, bæði á heimilum víða hvar, en sjerstaklega í samkvæmum og kaffihúsum. Jeg sje ekki ástæðu til að hlífa þannig lagaðri vörutegund, og ef hár tollur gæti komið því til leiðar, að minna væri neytt af kaffi, þá tel jeg það vel farið. Ríkissjóður mundi að vísu ekki fá eins miklar tekjur, en þjóðin í heild sinni sparaði sjer þá óþörf útgjöld, og væri þess færari til þess að greiða gjöld til ríkissjóðs á annan hátt.

Jeg hefi nú gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og tollanna í heild sinni. Jeg vildi gjarnan finna leið til þess að losa landið við alla óbeina skatta, en jeg sje ekki, að það sje mögulegt í svip, eða í náinni framtíð. Fasteignaskattur tekjuskattur og innflutningsgjöld verða vart eins há og áætlað hefir verið, og má því ekki skerða tekjustofna ríkisins, ekki afnema einn tekjulið, án þess að benda á annan eins góðan í hans stað.

Jeg ætla ekki að tala meira að sinni. Jeg býst við, að til þess verði tækifæri síðar, og mun jeg þá, ef til vill, leggja eitthvað meira til málanna en jeg nú hefi gert.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg vil geta þess, að prentvilla hefir slæðst inn í frv. Í 3. lið fyrstu gr. stendur % (prócent) í stað ° (gráðu). Nefndin leit svo á, að ekki þyrfti brtt. til lagfæringar. Það er hægt að lagfæra þetta á skrifstofunni. Jeg hefi talað við hæstv. fjrh. (M. G.) um þetta, og er hann á sama skoðun.

Þá vil jeg svara örfáum orðum þeim hv. þm., sem hafa flutt brtt. við frv.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) leit svo á, að ekki þyrfti að hlífa brendu og möluðu kaffi, tollurinn á því gæti verið svo sem frv. ákveður. En jeg verð að vera á þeirri skoðun, að ef kaffitoll bæri að lækka yfirleitt, þá ætti eins að lækka toll á þessu kaffi, því að það er alkunna, að sjómenn og kaupstaðarbúar kaupa það engu síður, og jafnvel meira. (*P. O.*: Það má brenna það heima). Jeg efast um, að það svari kostnaði að kaupa hingað áhöld til þess, og að kaffið verði eins ódýrt, brent og malað hjer heima, og það er nú fáanlegt frá útlöndum.

Annars þykir mjer vænt um að heyra, að flestir háttv. þm. eru á sömu skoðun og nefndin um það, að varhugavert sje að fella niður tollinn eða lækka hann frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Menn hafa viðurkent það, að kaffi er ekki eingöngu nauðsynjavara, það er meðfram munaðarvara, og háttv. tillögumenn hafa ekki bent á aðrar leiðir rjettlátari, til þess að afla ríkinu tekna. Enginn efast um þörf ríkissjóðs á tekjum, og þess vegna býst jeg ekki við að brtt., sem fram eru komnar, fái mikið fylgi.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) gat þess, að kaffi væri orðið svo útbreytt hjer í Reykjavík og víðar, að það væri farið að útrýma mjólkinni, og það jafnvel á þeim tímum, sem hún er fáanleg; hún seldist ekki öll. Slíkt ætti ekki að vera meðmæli með kaffinu, eða knýja menn til að lögvernda það með lágum tolli. Munaðarvaran útrýmir nauðsynjavörunni, og þá rísa upp menn, sem vilja vernda hana á allan hátt. Jeg skil þetta ekki. Ef þetta er satt, að kaffið sje að útrýma mjólkinni, þá ætti frekar að hækka tollinn enn meir, heldur en að lækka hann eða afnema. Jeg hygg, að barnaheimilin hefðu betra af því að fá dálítinn mjólkursopa en að drekka kaffi fjórum sinnum á dag. Að öðru leyti verð jeg að líta á brtt. á þskj. 85 á sama hátt og háttv. fjrh. (M. G.) og aðrir þm., sem talað hafa. Till. fer fram á að fella niður stóran tekjulið, án þess að benda á neitt í þess stað, og það verð jeg að kalla fljóthugsað og grunnhugsað, svo maður nefni það ekki barnaskap. Jeg held, að þessi till. sje frekar sprottin af misskildum „principum“ en rólegri yfirvegun.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir tekið af mjer ómakið að svara háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), um afstöðu nefndarinnar um einkasölu á tóbaki og áfengi. Það var rjett hjá honum, að nefndin hefir enga afstöðu tekið, en jeg hefi athugað, hvort fært yrði að fella þetta frv., og þá sjerstaklega hina ráðgerðu hækkun kaffitollsins, þó að hitt frv. yrði samþ., og komist að þeirri niðurstöðu, að það yrði ekki hægt. En verði einkasölufrv. felt, verður að byggja í þess stað, og það verulega, því að jeg býst ekki við, að hægt verði að hækka toll af tóbaki svo nokkru nemi.

Jón Baldvinsson: Jeg gerði grein fyrir því áðan, hvernig á því stæði, að kaffi væri orðin almenn nevsluvara hjer og víðar. Mjólk er orðin svo dýr, að almenningi er ókleift að kaupa hana, og auk þess fæst hún ekki tímum saman á hverju ári, nema að litlu leyti. Allir þeir, sem eitthvað hafa dvalið hjer í Reykjavík og víðar við sjávarsíðuna, vita að þetta er rjett. Öllum þorra almennings er kaffið þess vegna nauðsynlegt, og þá sjerstaklega þeim, sem fátækastir eru.

Það var ekki rjett hjá háttv. frsm. (J. A. J.), að jeg hefði sagt að kaffið væri að útrýma mjólkinni. Erfiður búskapur og lítið graslendi í nánd við Reykjavík hafa gert það að verkum, að hjer hefir ekki fengist nóg mjólk eða nægilega ódýr. Kaffið hefir því ekki útrýmt mjólkinni, heldur að eins komið í hennar stað hjá fjölda manna. Þetta vita allir, háttv. frsm. (J. A. J.) líka, og þess vegna er óþarfi að ræða það frekar.

Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) og aðrir háttv. deildarmenn hafa ekki viljað taka brtt. mína alvarlega. Þeir hafa ekki skilið, að nokkur vildi lækka eða afnema tolla, nema bæta við öðrum nýjum, eða hækka enn meir þá, sem fyrir eru. Jeg get ekki að því gert, þó að skilningur þeirra sje ekki þroskaðri en þetta, en hitt get jeg fullvissað þá um, að brtt. er borin fram í fullri alvöru. Jeg bjóst að vísu ekki við, að hún næði fram að ganga, jeg gat, því miður, ekki borið það traust til háttv.

þm., en till. er fram komin sem aðvörun. Hún á að vera hinu háa Alþingi bending um það, að til eru menn, sem líta svo á, að tollarnir eigi að hverfa úr sögunni, og þeim mönnum fjölgar óðum. Það get jeg fullvissað hæstv. fjrh. (M. G.) og aðra um.

Háttv. þm., sem hafa talað á móti till. minni, hafa verið svo rígbundnir við tollana, að þeir hafa ekki skilið, hvers vegna jeg benti ekki á aðrar leiðir, benti ekki á að hækka aðra tolla. Þó að þeim auðnist ef til vill ekki að skilja það, ætla jeg að segja þeim, að maður, sem er á móti tollum, bendir ekki á tollhækkun til þess að afla landinu tekna. En jeg get bent á aðrar leiðir. Hið háa Alþingi getur hækkað tekjuskattinn á háum tekjum, og fengið þar fyllilega í það skarð, sem till. mín heggur í tekjur ríkissjóðs. Sá skattur er rjettlátur, ef skynsamlega er að farið, þó að hann sje það ekki í frv. stjórnarinnar.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Jeg geri mjer ekki von um, að till. mín nái fram að ganga, en hinum tilgangi sínum getur hún náð, að vera aðvörun, að benda háttv. þm. á, að tollarnir eru á fallanda fæti.

Pjetur Ottesen: Því var skotið að mjer áðan, að ekki væri vert að teygja umræður lengi úr þessu, því að háttv. þm. mundi vera farið að langa í kaffi, eftir alt þetta kaffital. Jeg vil ekki hindra það, að hv. þm. geti fullnægt þessari löngun sinni, og ætla þess vegna að eins að skjóta örfáum orðum að háttv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.). Hann talaði um kaffið og áhrif þess af miklum lærdómi og sjálfsreynslu, og gat þess jafnframt, til þess að byggja ekki eingöngu á sjálfum sjer, að læknar ráðlegðu sjúklingum sínum stundum að drekka ekki kaffi. Nú vil jeg spyrja háttv. þm (E. Þ.) hvort honum sje ekki kunnugt um, að læknar, undir vissum kringumstæðum, ráðleggja mönnum að neyta ekki kjöts, fisks, rúgbrauðs og ýmsra annara fæðutegunda? En jeg geri ráð fyrir, að háttv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.) álíti þó vörur þessar engu að síður nauðsynjavörur.

Fjármálaráðherra (M. G.): Að eins örstutt athugasemd, út af ræðu háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Hann benti á þá leið, að hækka tekjuskattinn á háum tekjum. En ef engar háar tekjur verða? Hvað þá? Það er ekki útlit til þess, að mikið verði um háar tekjur, og hækkunin yrði þess vegna að eins á pappírnum, ríkissjóður nyti þar einskis góðs af.

Annars held jeg, að háttv. þm. (J. B.) talaði öðruvísi og bæri fram aðrar till., ef hann ætti að bera ábyrgð á fjárhag ríkisins, og segi jeg það honum til lofs en ekki lasts.

Einar Þorgilsson: Jeg stend upp út af fyrirspurn háttv. þm. Borgf. (P. O.) til mín. Hann spurði hvort jeg vissi ekki til, að læknar hefðu ráðlagt mönnum að neyta ekki kjöts eða annara nauðsynlegra fæðutegunda. Slíkt getur vitanlega komið fyrir í einstöku sjúkdómstilfellum, en mjer er ekki kunnugt um, að læknar telji kaffi nauðsynlegra en þessar fæðutegundir, og ef um það væri að ræða að leggja einhverja þeirra niður, þá er jeg ekki í vafa um, að kaffið yrði nefnt fyrst, af öllum skynbærum mönnum.

Úr því jeg stóð upp á annað borð, þá get jeg drepið á eitt atriði, sem mjer láðist að geta áðan. Kaffitollur hefir ekki verið hækkaður um langt skeið, og er þessi hækkun því í raun og veru að eins munurinn á verðgildi peninga nú og áður. Hækkunin nemur ekki því, sem nú fæst minna fyrir hverja krónu en áður var, og er þess vegna engin hækkun í raun og veru, heldur er að eins tekið tillit til pen-

ingagildisins, og tollhækkunin því samsvarandi.

Jeg þykist ekki þurfa að orðlengja þetta frekar, en jeg get endurtekið það, sem svar til háttv. þm. Borgf. (P. O.), að hvorki læknum nje leikmönnum getur í alvöru komið til hugar að telja kaffið jafnnauðsynlegt og viðurkendar, ágætar, innlendar fæðutegundir.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð um brtt. 85, er of seint var fram komin, og samþ. með 14 : 1 atkv.

Brtt. 85 (aðaltillagan) feld með 18 : 1 atkv.
— 82 feld með 15 : 3 atkv.
— 85 (varatill.) feld með 17 : 2 atkv.

1. gr. samþ. með 18 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 47).

Magnús Pjetursson: Jeg hefi setið hjá og hlustað á umræðurnar um þetta frv. við 2. umr. málsins. En nú get jeg ekki lengur orða bundist, þegar jeg sje, með hve miklum flýti á að hraða þessu máli gegnum deildina, sem raun er á orðin.

Jeg get ekki skilið það hjá háttv. fjhn., hvers vegna hún er að slíta þetta frv. út úr þeirri keðju, sem skattafrv. stjórnarinnar mynda, og hraða því svo gegnum deildina, án þess að deildarmenn geti fengið yfirlit yfir skattafrv., og án þess þeir geti gert sjer í hugarlund, hvernig hinum frv. reiðir af. Mjer finst, að hún hefði átt að sleppa að koma með þetta frv., fyr en deildarmönnum er kunnugt um tillögur nefndarinnar um hin frv.

Jeg hefði kunnað betur við, að nefndin hefði hagað sjer eins og hæstv. stjórn, er, eftir því sem hæstv. fjrh. (M. G.) hefir sagt, hafði samið þetta frv. síðast, og því ætti að skoðast sem nokkurskonar viðbót eða uppfylling á hinum skattafrv. Jeg hefði því viljað, að nefndin hefði haft sömu aðferð og hæstv. stjórn. Jeg get gert mjer í hugarlund, að ýmsir háttv. deildarmenn mundu hafa komið með brtt. við þetta frv., ef því hefði ekki verið hraðað svona.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vakti máls á því við 2. umr., að það væri ekki gott að taka afstöðu til þessa frv., fyr en útsjeð væri um, hvernig frv. stjórnarinnar um tóbakseinkasölu reiddi af hjer í þinginu, og ef það fengi ekki framgang, þá gæti jeg hugsað, að einhverjir háttv. deildarmenn vildu hrófla við þessu frv.

Það getur vel verið, að jeg hefði komið með brtt. við frv., hefði það ekki verið drifið svona fljótt á dagskrá. En úr því það er komið á dagskrá, þá er of seint að koma fram með brtt.

Jeg vil taka það fram, til að fyrirbyggja allan misskilning, að það er ekki meining mín, að jeg muni andmæla frv. í heild sinni eða einstökum greinum þess að þessu sinni. En jeg vildi skjóta því til hæstv. forseta deildarinnar (B. Sv.), hvort hann vildi ekki taka málið af dagskrá, og hugsa jeg, að fleiri háttv. deildarmenn muni einnig æskja þess. Jeg skildi ekki, hvers vegna frv. væri flýtt svona, og hvers vegna gert er ráð fyrir, að lögin gangi strax í gildi, nema ef svo væri, að stjórnin ætlaði sjer að ná strax í þann tekjuauka, sem frv. gerir ráð fyrir. En ef svo er, þá get jeg ekki betur sjeð en að þetta sje ein hringavitleysa. Jeg veit ekki, hvernig á að taka toll af þeim vörum, sem bannað er

að flytja inn í landið, nema stjórnin ætli að hætta við viðskiftahöftin og afnema viðskiftanefndina, en annars hjelt jeg, að hún mundi halda í hana meðan þingið leyfir. En eins og nú stendur á, held jeg þ[illegible] að þessu frv. liggi ekkert á.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frv., en jeg get ekki talið það sanngjarn að flýta frv. svona, og þvinga þar með deildina til að afgreiða það, nema ef það væri af hræðslu við það, að einkasölufrv. hlekkist á, og eigi því með þessu að binda þingmenn og láta þá ekki eiga annars úrkosta en að samþ. það frv.

Ólafur Proppé: Jeg stend upp, ekki vegna þess, að jeg taki ekki í sama streng og háttv. þm. Str. (M. P.), heldur til að undirstrika það enn betur.

Það undrar mig mjög, með hvað miklum hraða á að flýta þessu frv. gegnum deildina. Jeg varð ekki svo lítið hissa í gærkveldi, þegar jeg sá, að frv. þetta átti að koma til 3. umr. í dag. Vegna veikinda gat jeg ekki verið við 2. umr. frv. En af brtt. og atkvgr., sem fram fór, mun mega ráða, hvernig deildin fari með frv. Jeg vildi því að eins gera stutta athugasemd. út af ástæðum þeim, sem færðar eru fyrir frv.

Það er þá fyrst, að greinargerð stjórnarinnar fyrir frv. er ekki æðilöng; hún getur ekki verið styttri. Aðalástæðan, sem frv. er talin til gildis, er verðfall peninga, og það er líka eina ástæðan. Ef þetta frv. hefði komið fram á þingunum 1917—18, eða jafnvel 1919, þá hefði þetta mátt til sanns vegar færa, og greinargerðin því verið rjett. En jeg efast um, að nú sje hægt að telja hana rjettmæta. Dýrtíðin hefir nú náð hámarki sínu, og mun því ekki hjeðan af vera að tala um verðhækkun á vörum, heldur verðlækkun eða verðhækkun á peningum.

Jeg vil því segja, að þessi ástæða stjórnarinnar komi ekki til greina, og tel því að frv. komi eftir dúk og disk.

Jeg vildi svo leyfa mjer að minnast dálítið á einstakar greinar frv. (*Forseti*: Jeg vil minna háttv. þingmann á, að þetta er 3. umr., og haga sjer eftir því). Jeg var sökum veikinda ekki við, er málið var til 2. umr., og vona, að hæstv. forseti og háttv. deild gefi það til leyfis, að jeg tali um frv. í einstökum atriðum. Það er þá fyrst um tollinn af áfengi, að sú grein gefur beint tilefni til að æskja þess, að frv. sje tekið af dagskrá, þar sem kunnugt mun, að á ferðinni er frv. frá stjórninni um einkasölu á áfengi. Sama er að segja um tollinn á tóbaki. Það er ekki gott að samræma það, að ríkið taki bæði toll og hafi ríkiseinkasölu á þessum vörum. Þessi tvö atriði, út af fyrir sig, ættu að vera nægileg til að fresta málinu, þangað til ráða má um lok frv. um einkasölu á tóbaki og áfengi.

Þá kem jeg að 2. gr. 2. lið. Það er það atriðið, sem mesta þýðingu hefir, bæði fyrir einstaklinginn og þjóðarheildina. Það er kaffitollurinn. Jeg vil segja, að jeg vil fara þar í öfuga átt við frv. Eftir frv. á kaffitollurinn að hækka um helming, en jeg vildi snúa því við og afnema kaffitollinn og sykurtollinn alveg. Jeg skal reyna að færa máli mínu nokkra sönnun. Starfsmenn ríkissjóðs taka laun sín á tvennan hátt; í fyrsta lagi föst laun, sem ekki breytast, og í öðru lagi dýrtíðaruppbætur, sem reiknast eftir verðlagi á 10 nauðsynjavörutegundum, er menn ekki geta lifað án. Af þessu leiðir, að því lægra sem verðlagið á þessum vörutegundum er, því lægri verður vísitalan, og því lægri dýrtíðaruppbæturnar.

Jeg hafði ekki tíma til að athuga nákvæmlega, hvort ekki mundi tiltækilegt að sleppa kaffitolli og sykurtolli, með það fyrir augum, að vísitalan lækkaði það mikið, að um verulegan sparnað yrði að ræða.

Þess ber að gæta, að laun annara en starfsmanna ríkissjóðs eru einnig reiknuð eftir þessari vísitölu; það eru laun starfsmanna kaupstaðanna (Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Seyðisfjarðar) og þar fyrir utan laun verkamanna alment. Með tilliti til þessa alls, væri vert að athuga, hver útkoman yrði og mismunurinn á því, hvað vísitalan hækkaði, ef tollarnir hækka, og hvað hún lækkaði, ef þeir væru afnumdir. Þetta er svo alvarlegt, að vert er að reikna það ítarlegar en jeg hafði tíma til að taka það síðan í gærkveldi.

Og jeg get ekki skilið, að menn verði á móti því að afnema tollana, ef vísitalan lækkar það, að gróði yrði að. Það er líka skylda þings og stjórnar að ganga á undan með að minka dýrtíðina, bæði vegna heilla einstakra og landsins í það heila tekið. Kaffitollurinn og sykurtollurinn urðu síðastliðið ár, ef rjett er tekið eftir skýrslu fjrh. (M. G.), 420 þús. kr. (*Fjrh.*: 535 þús.). Samkvæmt hinni prentuðu ræðu fjrh. (M. G.), var hann áætlaður 535 þús. kr., en reyndist 420 þús. Enda má sjá það hjer, af aths. stjórnarinnar, að tekjurnar af öllum tollunum eru áætlaðar tæpar 2 miljónir; þá lætur nærri, að tollurinn af kaffi og sykri mundi verða 460 þús. kr. af því, þegar tekið er tillit til hækkunarinnar.

Svo er það annað, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á, í sambandi við þetta. Það er aðferðin við útreikninginn á vísitölunni. Hún er nú reiknuð út í október og látin gilda í heilt ár. Þetta er óheppilegt. Það er þegar komið á daginn, að verðfall hefir orðið mikið síðan síðasta vísitala var útreiknuð. Verðfallið í janúar einum hefir numið 18%, og ef lækkunin verður nokkuð lík áfram, mun hún um árslok orðin 70—80%. Það er svo stórkostleg lækkun, að jeg vildi skjóta því til háttv. deildar og háttv. nefndar, hvort ekki mundi ástæða til fyrir þingið að setja lög um það, að núverandi vísitala gildi að eins til júníloka, eða hálft árið, en yrði svo þaðan í frá reiknuð mánaðarlega. Efast jeg ekki um, að þá mundi sparast meira en það, sem kaffi- og sykurtollinum nemur. Vona jeg, að háttv. fjhn. taki þetta til ítarlegrar athugunar, og gefi síðan greinilega skýrslu um niðurstöðuna.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. þm. Str. (M. P.) tók það fram, að þessu frv. mundi ekki liggja á, því að innflutningshöftin sæu um, að ekki yrði neitt flutt inn af þessum vörum í bráð. Jeg veit ekki, hvort hann hefir aflað sjer upplýsinga um það, hvort nokkuð sje á leiðinni af þeim vörum, sem frv. nær til. Jeg hefi ekki gert það, en mjer þykir ekki ósennilegt, að svo geti verið, og það má háttv. þm. (M. P.) vita, að innflutningshöftin hindra ekki með öllu aðflutning þessara vörutegunda. Einmitt þessvegna væri gott, að frv. væri flýtt eins mikið og auðið er, því að það gengur í gildi þegar er það öðlast staðfestingu. En hitt geri jeg ekki að kappsmáli, að frv. verði frestað í 3—4 daga, en lengur má það varla vera. Annars er fjhn. færust að dæma um það mál, og ef henni líst tiltækilegt að fresta því, þá skal jeg ekki vera því til fyrirstöðu.

Út af ræðu hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) um kaffi- og sykurtollinn, vil jeg taka það fram, sem jeg benti á við 2.umr. þessa máls, að mjer þykir það ærið hvatvíslegt að afnema þessa tekjuliði með öllu þegar í stað, því að þeir eru með öflugustu tekjulindum ríkissjóðs. Jeg held, að háttv. þm. (Ó. P.) hafi gert of mikið úr áhrifum þessa tolls á vísitölu dýrtíðaruppbótar. Kaffi og sykurs gætir þar svo lítið, en hins vegar mun tollurinn, sem frv. fer fram á, nema um 1 milj. á ári, og jeg býst við, að það slagi hátt upp í dýrtíðaruppbótina, eins og sennilegt er að hún verði 1922. Háttv. þm.

(Ó. P.) má ekki taka árið 1920 til samanburðar, því að þá var flutt inn minna en nokkuð annað ár undanfarið.

Þá hefir verið um það talað, að þetta frv. hefði átt að bíða eftir öðrum tekjufrv., til þess að hægt væri að athuga þau í samhengi. Jeg sje ekki, að hægt sje að láta þingið sitja auðum höndum nú framan af þingtímanum, og slengja síðan öllum frv. inn í einni bendu, því að háttv. Ed. þarf líka að fá tíma til að athuga þau. Það er heldur ekki rjett, að þetta mál hafi fengið lítinn undirbúning, því að nú eru liðnir 18—20 dagar af þingtímanum. Jeg get ekki álasað háttv. nefnd fyrir það, að hafa unnið of fljótt, heldur, ef nokkuð væri, fremur fyrir hitt, að vinna of seint, því að enn liggur hjá henni fjöldi mála.

Það er rjett hjá háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), að hægt væri að græða á því að reikna dýrtíðaruppbót út mánaðarlega nú, þegar verðlag er að falla, en það var ekki verksvið fjhn. að athuga það mál í sambandi við tolllögin. Auk þess vil jeg benda á, að þessi ráðbreytni getur tæpast talist samgjörn, því að þegar verðlag var að hækka, var einnig reiknað út með sama móti og nú, og það var gert með það fyrir augum, að þetta ynnist upp, þegar verðlagið lækkaði aftur.

Að síðustu vil jeg taka það fram aftur, að jeg mun ekki setja mig á móti því, að málinu verði frestað nokkra daga, en hitt kemur ekki til mála, að láta það bíða eftir öllum hinum tekjufrv.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Hv. þm. Str. (M. P.) furðaði sig á því, að nefndin hefði slitið þetta frv. út úr samhengi. Jeg veit ekki vel, við hvað hann á, því að varla ætlast hann til þess, að nefndin leggi þau 18 tekjufrv., sem hún hefir til meðferðar, fyrir þingið á sama degi. Hann gat þess, að stjórnin hefði samið þetta frv. síðast, sem varafrv., ef ekki reyndist hægt að hækka tekjuliðina á öðrum stöðum. Stjórnin hefir getið þessa í aths. sínum, en nefndin, sem hefir athugað hin frv. nokkuð, er á einu máli um það, að ekki verði fært að miðla miklu til á þeim, eða hækka skattana þar. Sá tekjuauki, sem verður af þessu frv., er þessvegna nauðsynlegur, hvernig sem um hin fer, og ef einhver skörð verða í þau höggvin, verður að fylla þau á annan hátt en með hækkun á tollum í þessu frv., því að ríkissjóður þarf á að halda öllum þeim tekjum, sem frv. fara fram á.

Þá gat háttv. þm. Str. (M. P.) þess, að hægt mundi vera að hækka tóbakstollinn, ef einkasölufrv. yrði felt. Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg er því mótfallinn, að tóbakstollurinn verði hækkaður. Það er ekki af þeirri ástæðu, að jeg telji slíka hækkun ósanngjarna, heldur af því, að jeg held, að ríkissjóður njóti þar lítils góðs af. Hár tollur getur orðið til þess að draga úr innflutningi, og eins getur hann orðið til þess, að ekki komi öll kurl til grafar, þegar tollinn á að greiða.

Jeg lít svo á, að ekki sje hægt að hækka skatta í öðrum frv., og þetta frv. verði þessvegna að ná fram að ganga. Og þessvegna tel jeg það tilgangslaust að taka málið út af dagskrá, og mun greiða atkv. á móti því, ef til þess kemur.

Háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) gaf okkur þau gleðilegu fyrirheit, að verðlag mundi nú lækka óðum, og ekki yrði langt að bíða þess, að það kæmist í sama horf og var fyrir stríðið. Jeg vildi óska, að þetta fyrirheit rættist, en jeg er hræddur um, að svo verði ekki. Sami háttv. þm. (Ó. P.) gat þess, að óviðkunnanlegt væri að afgreiða þetta frv., fyr en útsjeð yrði um frv. um einkasölu á tóbaki og áfengi. Þótt ríkið taki að sjer þessa einkasölu, þá þarf samt að halda í tollana, enda kemur það í sama stað niður. Ef tollurinn er hár, verður álagningin þess minni, og ef tollurinn er lægri, verður hún meiri. En eins og hæstv. fjrh. (M. G.)

hefir rjettilega bent á, þá er tollurinn nauðsynlegur, til þess að auðveldara sje að kontrolera ríkisverslunarreksturinn.

Jeg held, að hv. þm. (Ó. P.) hafi verið bornar rangar sagnir af 2. umr. þessa máls. Hann talar um það, að hann vilji afnema sykurtoll, eins og allir aðrir vilji endilega halda í hann. Hver vill ekki afnema sykurtoll? Mitt „princip" í skattamálum er, að tolla ekki nauðsynjavöru, en kringumstæður eru ekki svo glæsilegar nú, að hægt sje að fylgja því í æsar. Ríkissjóður þarf tekna, og þá tjáir ekki að afnema hvern toll á fætur öðrum, án þess að nokkuð komi í þess stað. Menn verða að sníða sjer stakk eftir vexti á slíkum tímum sem þessum.

Þá vildi háttv. þm. (Ó. P.) halda því fram, að afnám kaffi- og sykurtolls hefði mikil áhrif á vísitölu til dýrtíðaruppbóta. Jeg hefi lítillega athugað þetta, og komist að þeirri niðurstöðu, að þó kaffi væri reiknað 70% lægra, þá hefði það ekki meiri áhrif á vísitöluna en sem næmi 1—1½%. En jeg get verið háttv. þm. (Ó. P.) sammála um það, að óhæft sje, að dýrtíðaruppbót sje reiknuð ½ ári áður en hún kemur til framkvæmdar, og sá útreikningur standi síðan í 1 ár. Þegar vörur lækka jafnmikið og nú er raun á, getur þetta ekki verið rjett. Vísitölurnar ætti að reikna út 4 sinnum á ári. Þetta er mál, sem þarf að athuga, og það er verið að athuga það af mönnum, sem eru sannfærðir um rjettmæti þeirrar skoðunar, sem jeg og háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) höfum haldið fram. Jeg vænti þess, að slíkt frv. komi fram áður en langt um líður, og vona þá, að því verði vel tekið.

Að endingu vil jeg endurtaka það, að jeg mun greiða atkv. gegn því, að þessu máli verði frestað, og það af þeim ástæðum, sem jeg hefi tekið fram.

Magnús Pjetursson: Jeg er undrandi yfir því, hve óbyrlega blæs fyrir þeirri meinlausu uppástungu, sem jeg bar hjer fram. Það gefur mjer tilefni til að halda, að þar liggi einhver fiskur falinn undir steini, viðvíkjandi þeim frv., sem síðar koma fram.

Hæstv. fjrh. (M. G.) skaut því til mín, hvort jeg hefði kynt mjer nokkuð um það, hvort þær vörur væru á leiðinni, sem þetta frv. næði til, og skal jeg geta þess, að það hefi jeg ekki gert. En jeg hefi heyrt, að skip mundu ekki flytja mikið af slíkum vörum í náinni framtíð, enda veit jeg ekki til hvers viðskiftahömlur ættu að vera, ef þær ættu ekki að hindra að einhverju leyti aðflutning slíkra vörutegunda, sem taldar eru ónauðsynlegar af stjórninni og fleirum. (*J. A. J.*: Þessi ástæða vakti ekki fyrir mjer). Þá skil jeg ekki, hvaða ástæða það hefir verið, því til hvers á að flýta frv., ef ekkert getur tapast við að athuga það eins og vera ber?

Jeg hefi ekki álasað nefndinni fyrir það, hve fljótt hún hafi unnið, heldur fyrir hitt, að hún hafi unnið óhaganlega. Hún hefði, að mínu áliti, átt að láta koma fram jafnsnemma þessu frv. frumvarpið um einkasölu á tóbaki. Þessi frv. eru hvort öðru svo nátengd, að ekki átti annað að eiga sjer stað. Jeg ætlaðist ekki til þess, fremur en aðrir, að nefndin legði öll frv. fyrir deildina í einu, en jeg bjóst við, að hún mundi athuga þau öll í sambandi hvort við annað, áður en hún tæki afstöðu til hvers einstaks út af fyrir sig. Þetta hefir nefndin ekki gert. Hún hefir slitið eitt mál út úr samhengi og heimtar, að deildin greiði atkv. um það þegar í stað. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagðist að vísu ekki hafa á móti því, að frv. yrði frestað í nokkra daga. Lítið er betra en ekki neitt, og á þessum „nokkrum" dögum er ef til vill hægt að koma fram með till., sem ekki er hægt að bera fram umsvifalaust. En vitanlega þyrfti til þess lengri tíma en fáeina daga, ef vel á að vera, og sjerstaklega ætti

það tímatakmark að vera bundið við umræðu tóbakseinkasölunnar. Jeg veit það, að fleirum en mjer hefir þótt flýtirinn á þessu máli einkennilegur. Einn háttv. nefndarmaður, háttv. þm. Barð. (H. K.) hefir farið þeim orðum hjer í deildinni um sum atriði í þessu frv., að mjer hefir skilist á honum, að hann mundi bera fram brtt. við frv., en það hefir hann ekki ge[illegible] og þá eflaust af því, að hann hefir ekki gert ráð fyrir slíkum hraða.

Háttv. frsm. (J. A. J.) hefir lýst því yfir, að hann sæi sjer ekki fært að hækka neinn lið í þessu frv., sem komið gæti í stað þess, ef tóbakseinkasalan fjelli. Þó að háttv. þm. (J. A. J.) líti svo á það mál, og ef til vill nefndin með honum, þá ættu þeir þó ekki að álíta sig svo óskeikula, að aðrir gætu ekki fundið slíka liði. Þeir ættu að minsta kosti að gefa deildinni frjálsar hendur í því efni, en það er ekki gert, ef nú á að samþykkja eða fella frv. umsvifalaust.

Það vill svo óheppilega til, að deildin er ekki sjálfráð um að taka málið út af dagskrá. Það er valdsvið hæstv. forseta, og hann mundi gera það viðstöðulaust eftir till. nefndarinnar. Jeg vil því skjóta því til nefndarinnar, hvort hún sje alls ekki tilleiðanleg til að sýna deildinni þá hæversku að leyfa forseta að taka málið út af dagskrá.

Jeg vil ekki kappdeila um það, hvort aukinn tóbakstollur gefi af sjer auknar tekjur. Hjer á það ekki við, að svo stöddu. En jeg vil taka undir það með hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), að mjer þykir altaf hjákátlegt að leggja toll á þá vöru, sem landið hefir einkasölu á. Annars er heppilegra að ræða það mál í sambandi við einkasölufrv.

Jeg býst við því, að flestum hafi komið á óvart þær upplýsingar og skýringar, sem háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) gaf, og þó að sumir háttv. þm. telji þær ef til vill ekki mikils virði, þá ætti nefndin að sýna háttv þm. (Ó. P.) þá kurteisi að íhuga þær, og þess vegna ber að fresta málinu.

Háttv. frsm. (J. A. J.) endaði á að lýsa því yfir, að hann mundi greiða atkv. á móti frestun, ef til þess kæmi. Þetta held jeg að sje frekar mælt af kappi en forsjá, og jeg vil þá láta hart mæta hörðu, og lýsi því yfir, að jeg greiði atkv. á móti frv., ef atkvæðagreiðslan um það á að fara fram í dag.

Jón Þorláksson: Þegar jeg beindi þeirri fyrirspurn til háttv. fjhn. við 2. umr. þessa máls, hvort hún hefði tekið afstöðu til einkasölufrv., kom mjer ekki annað til hugar en að þetta frv. fengi hægan gang til 3. umr., og kæmi þangað ekki fyr en einkasölufrv. væri búið að ganga í gegn um tvær umr. Til frekari árjettingar drap jeg á það við hæstv. fjrh. (M. G.), að lokinni 2.umr.,að hann fengi því komið í framkvæmd, að málinu yrði frestað eins mikið og jeg áleit nauðsynlegt. Þetta hefir ekki orðið, og þá er að taka því og afleiðingum þess. Jeg hefi aldrei gert þá kröfu, að öll frv. kæmu fyrir deildina samtímis, en jeg verð að láta það í ljós, og jeg vona að mjer fyrirgefist það, þótt jeg sje nýr þm., að jeg tel það engin vinnubrögð, þegar tvö frv. eru á ferðinni, sem eru eins nátengd hvort öðru og þessi frumvörp eru, að afgreiða annað frv. til Ed. meðan hitt er ókomið til 2. umr. Og jeg vona, að hæstv. forseti sýni þá sanngirni, að taka þetta mál út af dagskrá og geyma það, þar til einkasölufrv. er búið að ganga í gegnum 2. umr.

Háttv. frsm. (J. A. J.) segist ekki geta fallist á þessa frestun, vegna þess að hann sje á móti því, að tóbakstollur verði hækkaður, þó að einkasölufrv. verði felt. Jeg get ekki átalið hann, þó að hann hafi sína skoðun á þessu máli, en jeg geri þá kröfu til hans, eins og allra annara háttv. þm., að hann skilji,að aðrir geta haft aðra skoð-

un á því máli, og það er ekki rjett að binda þá fyrirfram, eins og farið er fram á, ef frv. á að ganga til atkv. í dag. Það er ekki svo að skilja,að tóbakstollurinn sje stærsta atriðið í þessu máli, þó að stjórnin geri ráð fyrir því í aths. sínum við einkasölufrv., að tóbaksverslunin muni gefa af sjer um 200 þús. kr., án frádráttar, eða um eða yfir 150 þús. kr. nettó. En af áfengi er ætlað um 400 þús. kr., án frádráttar, eða um eða yfir 350 þús. kr. í hreinan ágóða. Báðar þessar vörutegundir eiga að gefa af sjer um ½ milj. kr. tekjur, og þar af verða yfir ⅔ af áfengi. Nú er það öllum vitanlegt, að einkasala á áfengi mætir mikilli mótspyrnu, hvað sem um tóbakið verður. En hæstv. fjrh. (M. G.) hefir gert grein fyrir því, að það verð, sem nú er sett af því opinbera á einn líter af vínanda, sje 15—16 kr., en lyfsalana kosti hann ekki nema 6 kr. með tolli. Það er farið fram á 1 kr. hækkun á tollinum, og kostar þá lítrinn 7 kr. Er nokkur meining í því, ef frv. um einkasölu á áfengi verður felt, að hækka tollinn að eins um 1 kr., eða láta lyfsalana setja vínanda úr 7 kr. upp í 16 kr.? Er þess vegna nokkur meining í því að samþykkja þetta frv., meðan ekki er útsjeð um einkasölufrv.? Ef það verður felt, verður að hækka áfengistollinn, en sú leið verður lokuð, ef hann verður samþyktur eins og hann er í þessu frv. Jeg vona, að menn sjái nú, hversu náið samband er á milli þessara frv., og sjái þess vegna nauðsynina á því að fresta þessari umr.

Jeg get bætt því við, að jeg lofaði hæstv. fjrh. (M. G.) því við 1. umr. fjárlaganna, að jeg skyldi ekki verða á móti frv. um tekjuauka, án þess að benda á aðrar leiðir til að afla landinu tekna. Þetta loforð get jeg því að eins haldið, að mjer sje gert unt að halda það, vegna meðferðar málanna. Jeg verð að telja, að mjer sje gert það ókleift, ef atkv. mitt gegn t. d. tóbaks- og áfengiseinkasölu á að kosta atkv. með hækkun vörutolls eða annara tolla, sem jeg vil ekki láta hækka. En það er gert með þessu móti. Ef frv. er samþykt nú, og loku fyrir það skotið að hækka tóbaks- og áfengistoll, neyðast menn til að hækka toll á öðrum vörutegundum, sem eru ver til þess fallnar að bera háan toll. Jeg verð þess vegna að greiða atkv. á móti frv., ef atkvgr. um það fer fram í dag.

Annars gæti svo farið, að þegar á þessu þingi þyrfti að koma með aðra breytingu á þeirri sömu tolllagagrein, sem þetta frv. gerir breytingar á, en það væri bæði óeðlilegt og óhentugt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þegar jeg í ræðu minni áðan mintist á, að tollvörur gætu verið á leiðinni til landsins, átti jeg við vörur, sem þegar væri búið að veita innflutningsleyfi á. Slíkt leyfi verður ekki tekið aftur, því að auðvitað hefir það á sínum tíma verið veitt af því, að varanna þurfti með.

Það hefði verið vel hægt fyrir háttv. þm. Str. (M. P.) og 3. þm. Reykv. (J. Þ.) að koma með brtt. við frv. nú við þessa umr. um hækkun á tóbakstollinum, og láta samþykt eða höfnun þeirra brtt. skera úr áliti deildarinnar um tóbakseinkasölufrv. Jeg hefi áður gert grein fyrir því, að það væri ekkert ósamræmi í því að tolla og hafa einkasölu á vörum, og sje ekki ástæðu til að taka það upp hjer aftur.

Út af því, að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að jeg hefði ætlað að bregða fæti fyrir frestun þessa máls, þá er það misskilningur. Það var aldrei ætlun mín. Og einmitt þess vegna talaði jeg við einn úr fjhn. um þetta. Annars er það hægast fyrir háttv. þm. (J. Þ.), vilji hann vita álit fjárhagsnefndar, að fá að vita hjá sessunaut sínum, sem er í fjárhagsnefnd, hvað gerst hafi á fundi nefndarinnar í gærkveldi. Jeg vil sem minst fara út í

einkasölufrv. Þau liggja alls ekki fyrir sem stendur, en mjer virðist jeg alls ekki hafa mist tök á frv., þótt það fari út úr þessari háttv. deild, þar sem jeg ávalt get komið með brtt. í háttv. Ed., en svo er auðvitað ekki um aðra þm. þessarar deildar.

Jeg verð annars að segja, að jeg er alveg ófáanlegur til að fara að skýra frá því, hvað jeg ætli að gera, ef þetta og þetta frv. fellur. Jeg verð fyrst að sjá, hvort það fellur. Bæði háttv. þm. Str. (M. P.) og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) lýstu því yfir í fyrradag, að þeir væru samþykkir þessu frv. (*M. P.*: Ekki jeg!). Hv. þm. Str. (M. P.) greiddi því þó atkvæði sitt, sem er nokkuð það sama, og ef þessir háttv. þm. nú greiða atkv. á móti frv., þá hygg jeg, að þeir verði ekki margir, sem fylgja þeim í því.

Magnús Jónsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs vegna þess, að mjer þykir einkennilegur sá andróður, sem komið hefir hjer í deildinni gegn því, að þessu máli verði ekki hraðað. Annars get jeg verið fáorður, því að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) drap á ýmsar þær ástæður fyrir því, að 3. umr. þessa máls yrði frestað, sem fyrir mjer vaka.

Jeg mintist á það þegar við 2. umr. þessa máls, að erfitt væri að taka afstöðu til ýmsra liða þessa frv., sem hjer liggur fyrir, á meðan ekki væri útsjeð um forlög annars frv. hjer í deildinni, sem væri þessu svo náskylt, að samþykt eða höfnun annars hlyti að hafa áhrif á hitt. Jeg á við einkasölufrv á tóbaki og víni. Jeg vil þess vegna leggja mjög sterklega mitt lið þeirri till., er komið hefir fram hjer í deildinni, um að máli þessu verði frestað. Jeg ljet mjer nægja þá von, að frv. þetta yrði mjög lengi á siglingu hjer í deildinni, en sú von mín hefir nú algerlega brugðist, og það hlýtur að ráða minni afstöðu í þessu máli. Jeg skal hjer ekkert fara að deila við háttv. frsm. (J. A. J.) um tóbakstollinn í sjálfu sjer. Þar geta verið skiftar skoðanir. Jeg hefi áður sagt, að full ástæða væri til þess, að ríkissjóður fengi tekjur þær, sem áætlað er að fáist af einkasölu á tóbaki, og jeg hefi líka sagt, að þær ættu að fást einmitt af tóbaki, þó að jeg vilji fara þá leið að ná þeim með tolli einum, og er því þar alveg sammála hv. frsm. (J. A. J.) í aðalatriðinu. En jeg veit, að þótt háttv. frsm. (J. A. J.) sje fyrir sitt leyti alveg sannfærður og hafi tekið ákveðna afstöðu til frv. þessa, þá er hann svo sanngjarn, að hann vill unna öðrum þm. tækifæris til þess að geta líka tekið ákveðna afstöðu, og verður því ekki meinsmaður þeirra í því, að frv. verði tekið út af dagskrá.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að vjer, sem værum óánægðir, hefðum getað komið fram með brtt., sem hafa mætti sem prófstein á álit deildarinnar. Jeg er að vísu óþingvanur, en jeg fæ þó ekki betur sjeð en að þetta sje skrítin starfsaðferð. Deildin getur ekki, enn sem komið er, tekið ákveðna afstöðu til þessa frv. Fjhn. sjálf hefir ekki einu sinni getað það. Deildin hefði því alls ekki getað drepið brtt, nema með því að gera alla meðferð málsins á þingi, nefndarálit, umræður og slíkt, óþarft, með því að láta í ljós skoðun sína fyrirfram. Auk þess væri það alls enginn prófsteinn á álit deildarinnar í þessu máli. Það verður ekki gott að ákveða, hvað sje tollur og hvað kaupmannságóði, og þeir, sem eru með kaupmannságóðanum, geta alveg eins samþykt hækkun tollsins, því að einu gildir, ef taka skal bæði toll og kaupmannságóða, hve mikið af því er kallað þessu nafninu og hve mikið hinu. Nú er enginn vegur að vita um, hver forlög hins frv. verða, og á meðan svo er, get jeg ekki tekið ákveðna afstöðu til þessa frv. Jeg skil alls ekki, hvað valdið getur þessari mót-

stöðu. Og jeg get ekki fallist á till. hæstv. fjrh. (M. G.), að fresta málinu um 3—4 daga. Frestunina verður að miða við þann undirbúning, sem þarf til þess að geta tekið ákveðna afstöðu til frv., en ekki við neitt tímatakmark, gripið úr lausu lofti. Jeg vil, eins og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), fresta málinu, uns frv. um einkasölu á víni hefir verið til 2. umr. Mjer finst það vera óbilgirni hjá þeim, er eigi vilja ganga inn á frestunina, auk þess sem þeir með því gætu stofnað frv. í hættu.

Eiríkur Einarsson: Jeg ætla mjer ekki að fara að teygja mjög umræðulopann. Jeg vil eindregið, að málið verði tekið út af dagskrá. Rökin, sem háttv. þm. eru búnir að taka fram, vil jeg ekki endurtaka. Þar er litlu eða engu við að bæta. Jeg vildi helst geta þess til viðbótar, að jeg og fleiri þm. höfum í huga að koma fram með á þessu þingi, ef við sjáum okkur fært, frv. um algert innflutningsbann á sumum þeim vörum, sem hjer á að tolla. Jeg get t. d. af handa hófi nefnt 14. lið, sem er um toll á brjóstsykri og konfekt. Móti þessu mætti auðvitað segja það, að slíkt bann yrði aldrei til langframa, og að gott væri að þegar í stað væri hægt að beita tolllögunum, er því yrði ljett af. En það er ekki hægt að ákveða toll af þeirri vöru nú, sem þá kann að flytjast inn. Verðlag og peningagildi er þeim breytingum undirorpið. Vjer getum sagt, að nú sje sanngjarnt að leggja t. d. 2 kr. toll á konfektpundið, en síðar kynni að mega segja, með gildum rökum, að 4 kr. væru hæfilegur tollur, eða þá lækkaður tollur frá því, sem nú er. Jeg þykist vita, að þegar almennar áskoranir koma fram, þá muni fjárhagsnefnd verða svo sanngjörn að leggjast ekki á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá.

Fjármálaráðherra (M. G.): Út af því, sem háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, að það gæti ekki verið prófsteinn á álit deildarinnar, hvort hún samþ. eða feldi brtt., sem fram hefði komið við frv. þetta, þar sem þeir hefðu ekki enn getað tekið ákveðna afstöðu til tóbakseinkasölufrv., þá vil jeg geta þess, að jeg er viss um, að allir deildarmenn hafa þegar tekið afstöðu til þessa máls, því að frv. var sent til allra þm., að undanteknum hinum nýju þm. Reykv., þegar í desember. Og hinir háttv. þingmenn Reykv. virðast ekki vera í neinum vafa um það, hvar þeir eru í þessu máli. Jeg vil einnig geta þess, að slík aðferð sem þessi er alls ekki óvanaleg eða óþingleg. Og jeg álít, að 3—4 daga frestur sje alveg nógur fyrir fjhn. til að ákveða, hvort hún vill mæla með einkasölufrv. á tóbaki. Jeg treysti fjhn. vel til að afgreiða málið á þessum tíma. Auk þess verður það að athugast, að fresturinn verður að vera sem stystur, því að nóg mál eru fyrir þessu þingi og oss ber skylda til að hafa það sem styst, vegna kostnaðarins við það.

Annars vil jeg mæla með því, að málinu verði frestað, en að fresturinn verði sem stystur.

Jakob Möller: Jeg finn ekki ástæðu til að lengja umræður um þetta mál, en verð þó að segja nokkur orð. Við síðustu umræðu þessa máls talaði jeg svo, að jeg gæti ekki fallist á það, að bráðnauðsynlegt væri að fresta þessu máli, en hins vegar vil jeg þó ekki leggja á móti því. Í fjhn. vakti jeg athygli á sambandi þessa frv. og einkasölufrv. á tóbaki og víni, en það fekk lítinn byr í nefndinni, og jeg gerði það ekki að neinu kappsmáli þar. Jeg fæ ekki sjeð, að ekki megi hafa áhrif á þetta frv., þótt það fari út úr deildinni. Stjórnin mun þó

að minsta kosti ávalt geta haft augu með málinu, eins þegar það er komið til Ed., og það er fyrst og fremst hennar áhugamál að bæta upp þann tekjumissi, sem verða mundi við fall einkasölufrv. Annars er ekki rjett að skoða þetta frv. sem nokkurskonar áburðarklár, sem á megi leggja alt það, sem vanta kann á, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum. Þótt jeg vilji hækka kaffitollinn, eins og frv. fer fram á, þá er alls ekki sagt, að jeg vilji hækka hann upp í það óendanlega.

Jeg þarf svo ekki að tala frekar um þetta mál. Jeg mæli með frestuninni, en annars er það auðvitað alveg á valdi forseta að taka málið af dagskrá.

Magnús Kristjánsson: Mig furðar stórlega á þeim umræðum, sem fram hafa farið. Sje ekki betur en að þær sjeu þarflausar, og jafnvel nálgist það að vera skoplegar.

Mjer skilst, að þeir menn, sem liggja fjhn. á hálsi fyrir aðgerðir hennar, viti í raun og veru ekkert, hvað þeir eru að fara, og sjeu því að berjast við sinn eigin skugga; því að engum heilvita manni mun koma til hugar að áfellast nefndina, þó að hún afgreiði málið.

Hitt hefir nefndin, aftur á móti, ekki á valdi sínu, hvenær málið er tekið á dagskrá; það hefir forseti, og því bitna í raun og veru á honum allar aðfinslurnar, sem háttv. deildarmenn vilja láta skella á nefndinni. Alt þetta hjal er því tilgangslaust.

Annars vil jeg lýsa því yfir, að meiri hluti nefndarinnar gerir það að engu kappsmáli, að frv. verði afgreitt frá deildinni nú þegar, og forseta er því óhætt, vegna fjhn., að taka þá ákvörðun að fresta því.

Hvað viðvíkur umræðunum, sem orðið hafa, ætla jeg að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið, sem mjer sýnist að sæmra hefði verið að láta liggja í þagnargildi.

Háttv. þm. Str. (M. P.) ljet sjer sæma að dæma um störf fjhn., og fór, auk þess, niðrandi orðum um störf hennar. Þetta sýnist mjer algerlega óviðeigandi, og einkum þegar þess er gætt, að háttv. þm. (M. P.) situr sjálfur í stórnefnd, og farið gæti svo, að störf hennar yrðu ekki síður athuguð.

Annars vil jeg víkja nokkrum orðum að stefnum þeim, sem hjer eru að reka upp höfuðið.

Annars vegar eru menn með þá stefnu að vera á móti hverskonar einkasölu sem er, og undir öllum kringumstæðum, án þess að athuga hið minsta afleiðingarnar. Þeir sjá ekkert athugavert við það, þó að tollarnir hækki í sífellu, heldur hanga blýfestir í „principi“ sínu — ríða því, ef leyfilegt er að komast svo að orði.

Hins vegar eru menn, sem vilja hafa einkasölu, til þess að almenningur fái vöruna með sannvirði og milliliðalaust, og til þess, að hægt sje að komast hjá síauknum tollaálögum, sem óhjákvæmilega hljóta að hækka verð vörunnar.

Hjerna eru stefnurnar markaðar, annars vegar hagsmunir almennings hafðir fyrir augum, hins vegar hagsmunir sárfárra einstaklinga, aðallega hjer í bæ. Og nú verða menn að gera sjer ljósan muninn.

Annars ætlaði jeg ekki að lengja umr. mikið, tek það að eins fram að síðustu, að nefndarinnar vegna má fresta málinu fyrst um sinn.

ATKVGR.

Tillaga um að fresta umr. samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., M. P., Ó. P., P. J., Þorl. G.,

Þór. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. Þ., M. G., M. J., S. St.

nei: P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. H., J. A. J., J. B., J. S.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var fram haldið 3. umr. (A. 47, 208).

Jakob Möller: Jeg ætla aðeins að lýsa því yfir, að brtt. á þskj. 208 eru teknar aftur. (*M. P.*: Jeg tek þær upp aftur).

Magnús Pjetursson: Um leið og jeg leyfi mjer að taka aftur upp brtt. á þskj. 208, þá vil jeg geta þess, að þótt tóbakseinkasalan hafi farið til háttv. Ed., þá sje það engin goðgá af háttv. Nd. að veita henni leyfi til að velja, hverja leið hún vill fara, *tollhækkunarleiðina* eða *einkasöluleiðina*.

Jón Þorláksson: Okkur flm. er engin greiði gerður með því að láta brtt. koma nú til atkv. Mjer skilst, að ef þær væru feldar nú, þá mætti ekki bera þær aftur undir atkv., þótt málið kæmi hjer til einnar umr. síðar á þinginu. Jeg álít því rjettast að taka brtt. aftur nú. Háttv. Ed. getur tekið þær upp, ef henni sýnist svo. En geri hún það ekki, þá er opin leið að taka þær upp við eina umr. hjer, sem sjálfsagt má gera ráð fyrir að málið fái. Jeg vil skjóta því til háttv. þm. Str. (M. P.), hvort hann geti ekki fallist á þetta.

Magnús Pjetursson: Ef hæstv. forseti úrskurðar, að ekki sje hægt að bera brtt. undir atkv. hjer aftur, ef þær nú verða feldar, þá hætti jeg við að taka þær upp. Fer algerlega eftir úrskurði hæstv. forseta.

Forseti (B. Sv.): Þingsköp kveða svo á, að brtt. um atriði, sem felt hefir verið í deild, megi ekki bera upp aftur í sömu deild á sama þingi. Það er því að minsta kosti vissara fyrir háttv. þm. Str. (M. P.) að taka ekki upp aftur brtt.

ATKVGR.

Brtt. á þskj. 208 teknar aftur af flm. — Þm. Str. (M. P.) tók brtt. upp aftur, en eftir úrskurði forseta tók hann þær og aftur.

Frv. samþ. með 17 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 47).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (G. B.): Jeg sting upp á, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 13 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 297).

Forseti (G. B.): Í samráði við háttv. frsm. (B. K.) þessa máls, leyfi jeg mjer að taka málið af dagskrá og fresta því, þar til sjeð er, hvernig fer um tvö skyld mál,

sem háttv. deild hefir til meðferðar, sem sje: frv. til laga um einkasölu á tóbaki og frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 47, n. 297).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi ekkert um þetta mál að segja, annað en það, að jeg óska, að það verði samþykt eins og það liggur hjer fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. og 3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 47).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11. shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 515).

---

20. Varnir gegn berklaveiki.

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um varnir gegn berklaveiki (A. 37).

Á 6. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Mál þetta á upptök sín hjá Læknafjelagi Íslands, eða læknaþingi því, sem haldið var hjer í bænum vorið 1919. Var þar samþykt áskorun til Alþingis um að skipa milliþinganefnd af læknum, til þess að rannsaka berklavarnir og koma fram með tillögur þar um. Háttv. þm. Str. (M. P.) bar málið síðan fram á Alþingi sama ár, og var þar samþykt áskorun á stjórnina að skipa 3 lækna í milliþinganefnd, til þess að rannsaka, á hvern hátt megi verjast berklaveiki hjer á landi, og skyldi nefnd þessi leggja síðan rökstuddar tillögur fyrir næsta þing. Í nefndina voru svo skipaðir sama haust læknarnir: Guðmundur Magnússon prófessor, formaður, berklahælislæknirinn á Vífilsstöðum og flutningsmaður till. á þingi, hv. þm. Str. (M. P.).

Till. nefndar þessarar eru nú komnar. Að vísu er í þingsályktunartillögunni skipun um það, að till. nefndarinnar skuli lagðar fyrir næsta þing, en jeg býst nú ekki við, að að því verði fundið, þótt það væri ekki gert. Alþingi 1919 var ekki lokið fyr en um haustið, og nefndin gat ekki orðið skipuð fyr en í október, svo að þótt hún hefði tekið til starfa þá þegar, þá var ómögulegt að ætlast til, að till. hennar væru búnar og frv. afgreitt til þess að leggja fyrir febrúarþing 1920.

Í þál. er sagt, að nefndin skuli leggja till. sínar fyrir þingið; það hefir nú auðvitað ekki verið hugsunin, heldur hitt, að stjórnin skyldi gera það, því að nefndin hefir ekki rjett á að leggja till. fyrir þingið. En það er eins og í þessari orðan hafi legið spádómur, því að till. nefndarinnar komu svo seint til stjórnarinnar, að ekki hefir unnist tími til að leggja formlega fram af stjórnarinnar hálfu nema aðalfrv., fylgifiskarnir, hin frv. 3, komu svo

seint, að það hefði orðið of mikill dráttur á því að fá samþykki konungs til þess að leggja þau fram, nema þá símleiðis, en það hefði orðið býsna mikill kostnaður. Jeg vil því biðja hv. deild að taka við fylgifrv. eins og þau liggja fyrir í nál. Annars kem jeg að þeim síðar í ræðu minni.

Þá er nefndarálitið sjálft. Það sá jeg ekki fyr en eftir að Alþingi var sett, og hefi því ekki getað farið yfir það nema mjög lauslega.

En jeg þykist hafa skynjað svo mikið, við lauslega yfirferð, að jeg megi ráða háttvirtum þm. að kynna sjer álit þetta mjög vandlega, svo miklar skýringar, ráð og bendingar um varnir gegn berklaveikinni sýnist mjer það hafa inni að halda, þótt það sje tiltölulega stutt. Jeg hafði að vísu beðið nefndina að hafa nefndarálitið sem styst, vegna kostnaðar við prentun, en mjer dettur ekki í hug að þakka mjer það, hve hóflegt það er að þessu leyti, eins og yfirleitt í tillögunum.

Og er það merkilegt, þar sem þrír læknar voru einir um að gera tillögur. Þá hefði maður getað búist við, að mest yrði lögð áherslan á að haga vörnunum svo, að sem kraftmestar væru, en síður um hitt, hver kostnaðurinn yrði, eða hvort hann yrði kleifur. Nú virðist mjer allar tillögurnar yfirleitt þannig, að verði þær teknar til greina, þá fáist allöflugar varnir gegn berklaveikinni, án þess að segja megi að þær sjeu fjárhagslega um megn. Kostnaðurinn við hinar fyrirhuguðu varnir kemur ekki allur þegar, heldur smátt og smátt, að sumu leyti, og mjer virðist niðurskifting kostnaðarins á almannafje einkar skynsamleg. Jeg hygg, að það sje meðal annars gott ráð að gera sýslufjelög að framfærslufjelagi í þessum efnum. Um nauðsynina á vörnunum ætla jeg ekki að tala.

Það má ekki vanþakka það, og það gerir nefndin heldur ekki, hve tiltölulega afarmikið hefir verið gert að berklaveikisvörnum hin síðustu árin, eða svo að segja frá byrjun þessarar aldar; meðal annars bygt hið tiltölulega myndarlega berklahæli á Vífilsstöðum, fyrst fyrir fullorðna, og nú síðast deild fyrir berklaveik börn. Það má ekki heldur gleyma starfsemi landlæknis, Guðmundar Björnsonar, að berklaveikisvörnunum, þegar nú er verið að tala um að gera þær enn kraftmeiri og víðtækari, og það gerir nefndin heldur ekki.

Jeg vona, að hv. deild geti fallist á frv. það, sem hjer liggur fyrir, óbreytt að mestu. Með allri virðingu fyrir hinni hv. deild, býst jeg ekki við, að hún bæti sig stórum á frv. Auðvitað verður væntanleg nefnd að athuga vandlega fjárhagshliðina.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, byggir að vísu á þeim lögmæltu vörnum gegn berklaveikinni, sem nú eru, en breytir þeim á margan hátt og gerir þær fyllri.

Það er lögð sjerstök áhersla á það í frv. að vernda börnin. Berklaveikin er, segir nefndin, einkanlega barnasjúkdómur, og vitanlega eiga börnin miklu örðugra en fullorðnir með að verja sig, og því örðugra sem þau eru yngri.

Þá er annað atriði, sem lögð er áhersla á í frv., og það er eftirlitið. Það er sýnt fram á það í aths., hve sjálfsagt og nauðsynlegt það sje, og að það sje ekki ofætlun hjeraðslæknum að hafa það á hendi. Jeg vil leggja áherslu á ummæli nefndarinnar um þetta atriði, og er jeg sjerstaklega þakklátur fyrir þau. Hún segir svo:

„Það er víst og satt, að með frv. eru ýmsar skyldur og aukið starf lagt á hjeraðslæknana, en varla þarf að efast um, að þeim yrði ljúft að beita kröftum sínum til almenningsheilla, og svo er hitt, að kjör læknanna eru nú orðin svo sómasamleg, að ríkið á fulla rjettlætiskröfu til þess að njóta starfskrafta þeirra".

Jeg vil vekja athygli á þessum ummælum, og býst við að fá tækifæri til að víkja að þeim í öðru sambandi.

Það yrði alt of langt mál að fara að nokkru ráði að tína einstök atriði frv. Jeg hefi minst á nýmælið um dvalarhjeraðið. Jeg skal að eins nefna ákvæði 14. gr., um hinar þrenskonar vistarverur fyrir berklasjúka: heilsuhæli, sjúkrahús og sumarhæli barna, og skal geta þess í því sambandi, að jeg held, að við megum ekki hugsa til þess fyrst um sinn að hafa nema eitt reglulegt heilsuhæli.

Þá er kostnaðaráætlunin. Eins og nefndin tekur fram, er erfitt að segja nokkuð verulega ákveðið um aukinn kostnað. Samt virðist mjer mjög sennilegt, að áætlun nefndarinnar fari nærri lagi. Ef það vinst, sem til er ætlað með fyrirhuguðum vörnum, þá eru 72 þúsund krónur árlega ekki mikil aukning gjalda, og svo mikil yrði aukningin ekki fyr en eftir nokkur ár. Að vísu er þá ekki talinn allur kostnaður til varnanna, því að gera má ráð fyrir, að smátt og smátt yrði að veita í fjárlögunum byggingarstyrk, og máske til útbúnings hjeruðunum, til sjúkrahúsa, og ef til vill til barnahæla. En það yrði þá ekki tilfinnanlegt mjög. Jeg skal benda á það, að ekki er hjer tekið upp í áætlunina neitt um tekjuhallann á rekstri Vífilsstaðahælisins, sem er um 100 þús. krónur; en það hefir eigi heldur áhrif á aukning gjalda vegna tillagna nefndarinnar, og má þar að auki búast við, að hann minki smámsaman að miklum mun.

Þá eru hin frv., sem að vísu eru nokkuð fyrir utan verkahring nefndarinnar, nefnilega frv. um læknaskipun í Reykjavík, um viðauka við lög um laun embættismanna, og um að bæta við einum prófessor í læknadeild Háskólans. En mjer finst alveg rjett af háttv. nefnd að koma fram með þessi frv., meira að segja, jeg held að háttv. þm. megi vera þakklátir nefndinni fyrir það að dylja ekki þessar afleiðingar af tillögum sínum. Frv. um nýjan prófessor er þó fjærst. Nýju embætti er samt ekki bætt við, öðru en prófessorsembættinu, og er það eflaust rjett hjá nefndinni, að hjá því verður varla komist lengi. Sóttvarnalæknir hefir starfað hjer um tíma, og þó að engin bein heimild sje í lögum til þess að hafa þennan mann, svo sem embættismann, þá er það bein afleiðing af mjög ákveðnum kröfum Alþingis um sóttvarnir.

Jeg vil leyfa mjer að beina þeim tilmælum til háttv. nefndar, sem fjallar um þetta mál, væntanlega allsherjarnefndar, að bera þessi þrjú frv. fram. Sjái hún sjer það ekki fært, mun háttv. þm. Str. (M. P.), sem jeg vænti, að nefndin beri sig saman við, flytja þessi frv.

Mjer þykir rjett að taka það fram, að meðverkamenn mínir í ráðuneytinu hafa ekki viljað binda sig við fylgi með þessum 3 frv., fylgifiskunum, svo beiðnin stendur fyrir minn reikning eins. Jeg vil ekki segja, að jeg væri mótfallinn hverri breyting á þessu frv.; get til að mynda vel hugsað mjer að finna mætti meira handa sóttvarnalæknirnum að gera, því að jeg er ekki sannfærður um, að sóttvarnirnar gefi honum fult starf.

Jeg veit, að háttv. deild sýnir máli þessu öllu fulla alúð, og jeg vona, að hún sjái sjer fært að stuðla að því, að það fái framgang á þessu þingi.

Magnús Pjetursson: Jeg vil þakka hæstv. forsrh. (J. M.) fyrir ágæta framsögu í þessu máli. Mig furðar hversu hann hefir á stuttum tíma getað sett sig rækilega inn í málið, og hve ágætum skilningi framsaga hans lýsir. Jeg hefi engu við þá framsögu að bæta. En jeg vil skjóta því til væntanlegrar nefndar, að mig fýsir sem fyrst að vita, hvort hin háttv. nefnd hygst að flytja fram frumvörpin eða ekki. Ef nefndin hygst ekki að flytja þau, mun jeg taka að mjer flutninginn.

Jeg býst við, að bæði nefnd og þingi hrjósi hugur við þeim kostnaði, sem af

samþykt þessara frv. leiðir. Vil jeg síst láta svo sýnast, sem nefndin hafi viljað draga fjöður yfir þann tilkostnað, og því geta þess, að ef allar tillögur berklaveikisnefndarinnar verða teknar til greina, þá bætast við fleiri útgjöld en þau, sem um er getið í frv. þessum.

Menn tala nú mikið um sparnað, og er það að vonum, og það er gott að spara. En oft hefir þó svo farið, bæði fyrir þjóð og þingi, að þau hafa kastað krónunni til þess að spara eyririnn.

Og í þessum frv. er að ræða um sparnað þess, sem dýrmætast er — *sparnað á mannslífum*. Jeg vona því, að hv. Alþingi horfi ekki í eyririnn, þegar um það er að ræða að reyna að koma í veg fyrir manndauða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 37. n. 119).

Málið tekið af dagskrá, sökum þess, að maður úr berklaveikisnefndinni óskaði eftir að fá að ræða málið áður við hv. þm. Str. (M. P.).

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg þarf ekki að tala langt mál við þessa framsögu, því að álit nefndarinnar, sem hjer liggur fyrir á þskj. 119, skýrir stefnu nefndarinnar að mestu gagnvart frv.

Nefndin hefir talið þetta mál mikilsvert, og lítill ágreiningur orðið um það í nefndinni, enda teljum við stefnu frv. í aðaldráttunum heppilega.

Ekki er við því að búast, enda ekki til þess ætlast, að nefndin komi fram með læknisfræðilegar bendingar, því að við í allshn. erum ekki menn læknisfróðir. En þó höfum við athugað frv. eftir föngum, bæði kostnaðarhliðarnar og fyrirhöfn að öðru leyti. En út í læknisfræðilegu hliðina höfum við ekki hætt okkur mikið, þótt við auðvitað höfum athugað þá hlið líka, í sambandi við kostnaðarhliðina.

Milliþinganefndin var skipuð hæfum og duglegum læknum. Þeir hafa auðsjáanlega lagt rækt við málið og komið fram með ýmsar mjög góðar tillögur, þótt þær, ef til vill, geti ekki komið til framkvæmda strax.

Allshn. komst að þeirri niðurstöðu, samkvæmt þskj. 119, að leggja til, að málinu yrði frestað nú, en lofa þjóðinni að átta sig á því milli þinga, og átta sig á breytingunum. Vjer teljum, að málið hafi gott af slíkri bið, og vinni meira fylgi á þann hátt en með því að demba því yfir þjóðina fyrirvaralaust.

Vjer bendum á það í nál., að nú eru varhugaverðir tímar og þörf á allri aðgætni í fjármálum, þótt nefndinni hinsvegar detti ekki í hug að bera á móti því, að þetta sje nauðsynjamál.

Þá skal jeg minnast nokkrum orðum á einstakar greinar frv.

Meginkjarni frv. er sá að vernda börnin. Nál. okkar tekur það fram, að þetta tel[illegible] við rjetta undirstöðu, þar sem börnin eru framtíðarstofn þjóðarinnar, og varðar því mestu að verja þau fyrir næmum sjúkdómum. Um þetta fjalla flestar gr. frv., frá 5.—14. gr., og eru í þeim ýms ströng ákvæði, er kosta fje og fyrirhöfn að framkvæma. En nefndin fellst á, að þau ákvæði þurfi að vera ströng, ef von eigi að vera um verulegan árangur, og vill því ekki draga úr þeim.

Í 10. og 13. gr. frv. er sjerstaklega um það rætt, hvernig beri að haga framkvæmdum, ef berklaveiki kemur upp á barnaheimilum, annaðhvort á börnum eða fullorðnum. Gert er ráð fyrir, að taka beri sjúklinginn af heimilinu, ef kostur er, en annars börnin, ef þau eru heilbrigð. Ef börnin eiga að takast í burtu, þarf að útvega þeim samastað. Hreppsnefndir eða bæjarstjórnir eiga að sjá um það; en hjeraðslæknir vottar, hvort staðurinn sje hættulaus. Þarf því að sækja hann og láta hann skoða staðinn. Eins er gert ráð fyrir, að koma þurfi berklasjúklingum í burtu, en að það muni ekki koma oft fyrir. Nú er ekki hægt að fá stað, nema á sjúkrahúsum, en rúm vantar á heilsuhælunum. Þetta verða því erfið ákvæði til framkvæmda. Slíkir staðir verða illfáanlegir, og því beinlínis þörf á að byggja sjerstök barnahæli. En það verður of dýrt fyrir hverja sveit, og þurfa menn því að slá sjer saman, ef þessi ákvæði frv. eiga að koma að nokkru haldi. Milliþinganefndin gerir ráð fyrir, að börnin, sem þannig þyrfti að ráðstafa, verði 2—3 á ári í læknishjeraði, miðað við reynslu í Reykjavík. Þetta þykir nefndinni lág tala, og býst við, að börnin verði að líkindum talsvert fleiri, einkum fyrst í stað. Prívatheimili munu tæplega fást til að taka börnin á þennan hátt, og er því ekki annað fyrir hendi en að byggja í þessu skyni, en til þess virðist nefndinni ekki hentugir tímar nú.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir, að taka megi sjúkling af heimili með valdi, ef hann ekki vill annars fara, einkum ef börn eru á heimilinu, eða að öðrum kosti börnin, og koma þeim fyrir, ef ekki er hægt að flytja sjúklinginn. Allur ferða- og flutningskostnaður af þeim ráðstöfunum greiðist úr landssjóði. Gert er ráð fyrir, að sjúklingarnir geti notið styrks, þótt ekki liggi þeir í sjúkrahúsi, styrktu af ríkisfje.

Þótt öllum þessum ráðstöfunum fylgi kostnaður og fyrirhöfn, má þó ekki úr þeim draga, ef lögin eiga að ná tilgangi sínum, en hætt er þó við, að þessu yrði ekki alstaðar fylgt.

Þá er 14. gr. frv. Hún fjallar um meðlagskostnað sjúklinga. Mun sú áætlun vera bygð á reynslu Vífilsstaðahælisins einkanlega. Milliþinganefndin segir þar greitt með sjúklingum árlega um 46 þúsund krónur. Gerir nefndin ráð fyrir, að auk þess sje greitt á öðrum sjúkrahúsum með berklaveikum sjúklingum um 4 þúsund krónur. Verður það þá samtals 50 þús. kr.

Nú er svo ráð fyrir gert, að styrkþegum fjölgi, eftir frv., og ef frv. yrði að lögum, yrði eftir því greitt með sjúklingum um 72 þús. krónur, eða 22 þúsundum hærra en nú. Þetta er í sjálfu sjer ekki stór upphæð, en hún er líka áætluð, og flestar áætlanir reynast of lágar í framkvæmdinni, sjerstaklega þegar landssjóður á að borga brúsann.

Þá er gert ráð fyrir, að ríkið kosti meðlagið að $^3/_5$, en meðlagið er 5 krónur á dag; $^2/_5$ eiga að greiðast úr sýslusjóðum.

Milliþinganefndin gerir líka áætlun um, hvað mörgum rúmum þyrfti að bæta við þau, sem nú eru til fyrir berklaveika — nú eru 110 rúm á Vífilsstöðum, þar af 20 fyrir börn — og telst svo til, að til þess að gott sje, þurfi að bæta við 60 rúmum, og barnahæli fyrir 30—40 börn. Eftir sama hlutfalli, sem nú er, þyrfti að styrkja 45 sjúklinga af þessari tölu, og myndi sú upphæð nema um 50 þús. krónum. Öll meðlagsfúlgan yrði eftir því um 122 þús. kr. Auk þess til styrktar barnahæla, og telur milliþinganefndin, að meðalkostnaður til þessa yrði 130—140 þús. alls. Alt er þetta auðvitað áætlun. Þá er ótalinn byggingarkostnaður, sem yrði mikill, ef gott ætti að vera ástandið í þessu máli. En ef áætlunin stenst, þá er þessi kostnaður alls ekki gífurlegur, þegar þess er gætt, hve mikilsvert er, ef hægt væri

að stemma stigu fyrir útbreiðslu berklaveikinnar. Milliþinganefndin skilgreinir þannig vistarverur sjúklinga í þrent: Heilsuhæli, sjúkrahús og barnahæli.

Í 14. gr. er nýmæli um meðlagsgreiðsluna. Þar er gert ráð fyrir, að sýslusjóði greiði meðlögin, en ekki hreppssjóðir, eins og nú er. Þetta er bygt á því, að sumir hreppar rísi ekki undir meðlagsbyrðinni, en aðrir hafa hana litla. Verður svo líklega að jafna á þá gjaldinu, eftir fólksfjölda hvers hrepps. Nefndin telur þetta atriði til bóta, þar sem rjettlætisgrundvöllur er á bak við. En nefndin telur æskilegt, að hægt væri að finna tekjustofn handa sýslusjóðum, svo hægt væri að draga úr þessum gjöldum hreppanna. En sá tekjustofn er ófundinn enn, og meðan sá hnútur er óleystur, verður að hafa þetta svona.

Í 16. gr. er nýtt mannúðarákvæði: Að menn tapa ekki rjettindum, þótt þeir þiggi fátækrastyrk vegna þessarar veiki. Þetta ákvæði er sjálfsagt, hvort sem það er skoðað frá rjettlætis eða skynsemissjónarmiði. Það er ranglátt, að menn missi rjettindi sín vegna sjúkdóms, og menn eru engu ófærari til þess að dæma um landsmál og hafa atkvæðisrjett við kosningar, þó að þeir þjáist af þessari veiki.

Það er drepið á það í nál., að sumir nefndarmenn teldu ástæðulítið að veita barnakennurum biðlaun í 2 ár, sem ljetu af barnakenslu vegna berklaveiki, og sama um yfirsetukonur. Sjerstaklega hafa þeir greint þá ástæðu um barnakennara, að þeir væru svo vel launaðir nú, að þetta væri ástæðulaust, og að þeir hefðu, margir hverjir, eytt litlu fje sjer til mentunar umfram aðra alþýðumenn. En á þetta leggur meiri hluti nefndarinnar ekki mikla áherslu, telur það ekki líklegt, að ákvæðið valdi miklum útgjöldum, en hins vegar hafi ástæður milliþinganefndarinnar við nokkur rök að styðjast.

Eins og nál. ber með sjer og jeg hefi tekið fram, þá teljum við málið hafa gott af því, að þjóðin fái að kynnast því áður en sett eru lög í þessu efni. Við viljum því láta ræða málið milli þinga og bera það undir sýslunefndir og bæjarstjórnir, til umsagnar um praktisku hliðina. Jeg skal taka það skýrt fram, og undirstrika, að nefndin gerir ekki ráð fyrir neinum læknisfræðilegum bendingum úr þessum stöðum. Milliþinganefndin er búin að leggja þar aðalmerginn til málanna, svo ekki getur verið von á umbótum frá sýslu- og bæjarstjórnum í því efni. Hins vegar er eðlilegt, að sýslunefndir athugi kostnaðarhliðina, því að hún snertir þær mikið, sem fjárráðendur hreppanna.

Jeg hefi nú að eins stiklað á helstu punktunum, en ætla mjer ekki að eyða meiri tíma að sinni. Álít, að þessar löngu ræður í þingsalnum hafi litla þýðingu.

Nefndin vill leggja til, að málið sje afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

> *Með því, að frv. þetta gerir ráð fyrir miklum breytingum á heilbrigðis- og fátækramálum þjóðarinnar, og því fylgja verulega aukin útgjöld og erfiðleikar á framkvæmd þess, telur deildin rjett, að stjórnin leggi þetta þýðingarmikla mál fyrir allar sýslunefndir og bæjarstjórnir landsins, til athugunar og umsagnar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.*

Við höfum bætt bæjarstjórnum inn í dagskrána. Jeg vil láta þau ummæli fylgja, að gefnu tilefni, að nefndin neitar því harðlega, að hún vilji drepa málið. Hún vill að eins fresta því nú. Við viljum láta því verða framgengt eins fljótt og ástæður leyfa, og það mun sýna sig, þegar málið kemur til Alþingis aftur, þegar fjárhagsörðugleikarnir verða farnir að minka, að þeir af núverandi nefndar-

mönnum, sem þá kunna að sitja hjer, munu veita frv. stuðning sinn.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held, að jeg hafi sjeð nýlega í blaði hjer í bænum, að verið var að hlakka yfir þeirri meðferð, sem frv. stjórnarinnar sættu hjer á þingi. Sem átyllu til þessara ummæla notar blaðið það, að kornvörufrv. stjórnarinnar var afgreitt með dagskrá frá Ed. Þetta frv. átti þá að sæta sömu meðferð, eftir sögn og ósk blaðsins.

Nú getur stjórnin ómögulega tekið það nærri sjer, þótt frv. yrði felt eða vísað frá með dagskrá, eftir tillögu nefndarinnar, því að tillaga nefndarinnar byggist ekki á því, að henni líki ekki frv., heldur eru það einungis fjárhagsástæðurnar sem stendur, er hún ber fyrir sig. Málið stendog að öðru leyti svo af sjer, að það er beint heimskulegt að telja það lýsa nokkru um afstöðu þings til stjórnar, hvernig fer um frv. Á það mun jeg benda síðar.

Að því, er snertir kornvörufrv., þá var stjórnin alls ekki óánægð með afdrif þess; telur miklu fremur, að hv. Ed. hafi farið þar hyggilega leið, sem ekkert getur verið við að athuga frá stjórnarinnar hálfu.

Um þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er þess að geta, að stjórnin getur alls ekki talið það sitt frv. fremur en frv. þingsins sjálfs. Það vill sem sje svo merkilega til, að þessi háttv. deild lagði fyrir stjórnina, ekki að semja þetta frv., heldur að skipa nefnd, sem síðan skyldi gera till. um málið, er stjórnin skyldi síðan leggja fyrir þingið. Ef því þingið vill hafa einhvern fyrir sök, þá hittir það sjálft sig fyrir — það á hjer sök við sjálft sig. Hvernig þingið vill fara með þetta mál sitt, liggur stjórninni í ljettu rúmi, að því leyti, en stjórnin hefir fallist á frv. fyrir sitt leyti, og telur það gott. Að þessu leyti tel jeg illa farið, ef það nær ekki fram að ganga sem fyrst.

Það er annars farið að tíðkast nokkuð mikið, að hið háa Alþingi heimtar að lögð sje frv. fyrir það, en biður svo um annað þegar þau koma. Það er leitt að verða að segja það, en það er ekki ósvipað keipóttum krakka, sem sífelt heimtar leikföng, en fleygir þeim frá sjer jafnóðum og hann fær þau. Um þetta mætti nefna mörg dæmi frá síðustu árum.

Jeg skal þó viðurkenna, að ástæður háttv. allherjarnefndar fyrir frestun á framkvæmdum í þessu efni eru á nokkru byggðar. En það ætti að láta málið ganga fram engu að síður. Það mætti setja í frv. ákvæði um, að það skyldi ekki koma til framkvæmda fyr en eftir ákveðinn tíma, eða eitthvað í þessa átt. Með því væri komist hjá að leggja frv. fyrir annað þing, að gagnslausu, og þá gætu deildirnar verið búnar að athuga frv. til hlítar.

En jeg vil benda á það, að það fylgir mikill kostnaður þessari sífeldu uppprentun á frv. í þingtíðindunum, og allri meðferð þeirra á þingi ár eftir ár, án þess að þeim sje komið fram. Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki sje rjettara, að þessu athuguðu, að láta frv. ganga fram nú þegar.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, skil jeg vel afstöðu nefndarinnar, og viðurkenni, að hjer eru sjerstakar ástæður fyrir hendi. En í flestum slíkum tilfellum hefir þingið enga afsökun. Á þjóðþingum annara landa eru stjórnarfrv. venjulega látin ganga fyrir frv. einstakra manna. Hjer er einatt farið aftan að siðunum. Fyrst er starfað að frv. einstakra manna, en frv. stjórnarinnar látin mæta afgangi. Jeg vona að hið háa Alþingi misvirði ekki við mig, þó að jeg kalli þetta hreinan ósið.

Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir dóm hennar um frv., að hún fellst á það í öll-

um aðalatriðum. Auðvitað þarf jeg ekki að þakka fyrir sjálfan mig, því að jeg á ekkert í frv. En mjer þykir vænt um, að skoðun hennar kemur fyllilega heim við mína skoðun.

Jeg tek undir það með háttv. frsm. (B. H.), að eftirleitun um skoðun sýslu- og bæjarstjórna getur ekki haft neinar verulegar bætur í för með sjer. En ef þær eru spurðar, þá ætti það að vera sjerstaklega um nýmælið um framfærsluhjeraðið. Sjeu háttv. þm. sammála um, að frv. sje rjett, þá skil jeg ekki, að sá dómur ætti að breytast, þó að einhverjar sýslunefndir eða bæjarstjórnir ljetu aðra skoðun í ljós. Slík skírskotun er því hreinasti óþarfi. En ef fjárhagur landsins leyfir ekki, að reynt sje að vernda börn þjóðarinnar fyrir berklum, eftir mætti, þá má hann vera bágur. Annars get jeg vísað til háttv. þm. Str. (M. P.), sem tekur næst til máls.

Magnús Pjetursson: .....
..... *)

Út af því, sem talað hefir verið um það, að vísa máli þessu til sýslunefndanna, skal jeg geta þess, að jeg geri ráð fyrir því, að þar sje að eins átt við hina praktisku hlið málsins. Því að jeg geri ekki ráð fyrir, að önnur atriði málsins standi til bóta á þeim stöðum, eins og jeg álít yfirleitt, að málið í heild sinni eigi ekkert erindi þangað.

Loks gat háttv. frsm. (B. H.) þess, að ekki væri ástæða til þess að eyða miklum tíma til þessa máls. Það er nú svo. Þetta mun eiga að vera sparnaður. En jeg, fyrir mitt leyti, skil nú ekki, að við höfum fremur ráð á því að flaustra af svo miklu velferðarmáli, eða fresta því um óákveðinn tíma, allra síst til þess eins að skjóta því til sýslunefnda, því að jeg tel það varhugaverða aðferð, sem mjer virðist vera hjer á uppsiglingu, að smeygja öllu af sjer yfir á þessar sýslunefndir, enda veit eg ekki til þess, að þær sjeu neinir yfirmenn Alþingis. Alþingismennirnir sjálfir geta og eiga að ráða þessu máli til lykta, og ráða því til lykta aðeins á einn veg, með því að samþykkja þessi frv., og láta þau öll verða samferða. — Heilbrigði og velferð þjóðarinnar á heimtingu á því af fulltrúum sínum.

Bjarni Jónsson: Jeg skil tæpast þær undirtektir, sem þetta frv. hefir hlotið hjá sumum hv. þm., nema ef þær ættu að vera af því, að það er stjórnarfrv. En það mætti nú vera meira hatrið til stjórnarinnar, ef fara ætti að fella hana á slíku þjóðþrifamáli, enda mun nóg annað til. Þjóðþrifamál kalla jeg þetta, því að svo mikils er um það vert, að hvert ár, sem það dregst, getur kostað mörg mannslíf hjer í strjálbýlinu og vanþekkingu á þessum málum. Og svo mikið er það tjón, sem af þessu getur hlotist, að kostnaður sá, sem ríkið hlyti af framkvæmd þess, er hverfandi hjá því, þrátt fyrir þær grýlur, sem menn hafa látið sjer sæma að reisa hjer í þessu efni.

Annars hefir hv. þm. Str. (M. P.) rætt svo um málið, frá sjónarmiði sjerfræðings, að jeg get þar ekkert um bætt, hvorki hans orð, nje þeirra annara ágætra lækna, sem á sínum tíma störfuðu með honum í milliþinganefndinni. En þar átti sæti, auk hv. þm. (M. P.) sjálfs, sem jeg þarf ekki að kynna hv. deild, einn alkunnasti og ágætasti læknir þessa lands, og þó víðar sje leitað, og einhver mesti gáfumaður, sem jeg hefi kynst, Guðmundur háskólakenn-

*) Upphaf ræðunnar vantaði í fundinn þegar til átti að taka, og mun ræðumaður hafa tekið kaflann úr til athugunar, en gleymt að skila.

ari Magnússon, og auk þess sá maðurinn, sem af eigin reynslu er málum þessum kunnugastur hjerlendis, og viðurkendur afbragðs læknir í sinni grein, Vífilsstaðalæknirinn, Sigurður Magnússon. Enginn mun því efa, að vel hafi verið til nefndarinnar vandað. En viti menn, í hv. Nd. Alþingis eru samt til þeir spekingar, að þeir álíta, að bæta megi úr starfi þessara manna á margan hátt. Og þeir hafa svo sem ekki verið í vafa um það, hvar eigi að leita bótanna, hvar eigi að hafa yfirumsjá og endurbætur á sjerfræðilegu verki viðurkendustu sjerfræðinga landsins. Og hverjir haldið þið, að það sjeu? Ef hv. frsm. (B. H.) hefði ekki sagt það sjálfur, hefði það eflaust þótt lygilegt, að gera ætti sýslunefndirnar að hæstarjetti og yfirkennurum prófessora og sjerfræðinga í berklaveikismálunum.

En þetta er svo sem ekki nema í samræmi við önnur sómastrik Alþingis í þessu efni, að vilja velta ábyrgðinni og úrslitum málanna af sjer yfir á aðra, eða nota þá sem skálkaskjól, til að drepa á dreif mestu velferðarmálum lands og lýðs. Jeg hefi ekki í hyggju að fjölyrða frekar um þetta að sinni. Jeg er háttv. þm. Str. (M. P.) samþykkur í öllum aðalatriðum, og get vísað til hans ræðu. En jeg stend upp til þess að lýsa vanþóknun og vanþakklæti mínu og minna kjósenda á atferli allsherjarnefndar og hennar fylgifiska í þessu máli. Og jeg veit, að jeg tala þar fyrir munn alls þorra íslenskra kjósenda, sem meta meira líf og heilsu þjóðarinnar en nokkrar krónur úr landssjóði. Fyrir því er það kjósendanna vilji, að þessi mál fái framgang hjer. Og þeir eru hæstirjettur málsins, en ekki sýslunefndir.

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg bjóst við því, að framsöguræða mín mundi nokkr um andmælum sæta, og er það nú komið í ljós. Vil jeg því gera tilraun nokkra og svara mönnum þeim, sem veist hafa að mjer og meðnefndarmönnum mínum.

Hæstv. forsrh. (J. M.) reið fyrstur á vaðið og fór nokkrum orðum um málið frá stjórnarinnar hlið, og þarf jeg litlu að svara honum. Þó var það eitt atriði hjá honum, sem jeg get ekki verið sammála um, að afgreiða málið nú sem lög frá Alþingi, en láta þau ekki koma til framkvæmda fyr en eftir næst þing. Jeg sje ekki svo langt fram í tímann, að jeg geti sagt nú, að breyttar ástæður eftir næsta þing hjálpi máli þessu til framkvæmda. Þess vegna tel jeg rjettara að frest málinu, þangað til að sjeð er fram úr þeim fjárhagsvandræðum, sem blasa nú við á öllum vegum. Vitanlega mætti setja ákvæði um, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en eftir 2—3 ár. En næst þá tilgangurinn með því, og ber ekki eiginlega að sama brunni?

Hins vegar er það rjett hjá hæstv. forsrh. (J. M.), að það er ekki heppileg regla, ef hún ætti að fara að tíðkast, að Alþingi skipaði stjórninni að semja frv. og leggja fyrir þingið, en þingið vildi svo á eftir leggja á hilluna. En annars játaði nú hæstv. forsh. (J. M.) það, sem allir vissu áður, að frv. þetta er ekki samið af stjórninni, heldur milliþinganefnd. Annars sje jeg ekki, að skylda sje til að samþ. tafarlaust mál, sem búin eru undir af milliþinganefnd. Ástæður geta verið til að fresta þeim, sem öðrum málum, án þess þau sjeu fallin úr sögunni fyrir því.

Það var líka rjett hjá hæstv. forsrh. (J. M.) að blöðin hlakka yfir falli stjórnarfrv., að minsta kosti sumra þeirra, en þó mun þetta frv. hafa þeim vinsældum að fagna, að jeg er viss um, að enginn óskar þess, að það falli, þótt margir telji rjett að fresta því. En hins vegar ætti hæstv. forsætisráðherra (J. M.) að vita, að það er ekki altaf takandi mark á blöðunum, og síst dagblöðunum hjer í Reykjavík, sem venjulega er ekkert mark á takandi.

Þá sagði hæstv. forsrh. (J. M.) að það ætti ekki að spyrja sýslunefndir ráða um framkvæmdir þessa máls, og hefir hann þar misskilið mig. Jeg sagði, að það ætti ekki að spyrja sýslunefndirnar um annað en hina praktisku hlið málsins, það er um þann kostnað, sem á sínum tíma er ætlast til að komi á sýslusjóðinn eða hreppana.

Fleiru þarf jeg svo ekki að svara hæstv. forsrh. (J. M.) og kem jeg þá að háttv. þm. Str. (M. P.).

Jeg get byrjað eins og hann að þakka fyrir hóglega mælt orð í upphafi ræðu hans. En þakklætið nær heldur ekki lengra.

Hann byrjaði á því að kasta fram þeirri spurningu, hvort búast mætti við, að kjósendur gætu á einum þingmálafundi eða einum degi betur glöggvað sig á máli þessu og dæmt um það heldur en fulltrúar þeirra á Alþingi. Þetta er útúrsnúningur hjá háttv. þm. (M. P.) og því fljótsvarað. Það var aldrei meining allshn., að læknisfræðilegar leiðbeiningar fengjust með því að bera þetta mál undir kjósendur eða sýslunefndir, heldur taldi nefndin rjett að gera það, vegna þess, að þá gæfist þjóðinni tími til þess að athuga fjárhagshliðina, eins og jeg hefi margtekið fram.

Þá taldi sami háttv. þm. (M. P.) að það hefði verið vit í því, ef nefndin hefði ætlast til, að hjeraðslæknarnir væru spurðir til ráða í þessu efni. Jú, ef þess hefði þurft. En nú ber nefndarálit milliþinganefndarinnar það einmitt með sjer, að hjeraðslæknar hafa verið spurðir ráða, svo jeg býst ekki við, að betri uppistöðu sje hægt að fá á því sviði en búið er. Hins vegar hefir nefndin víst ekkert á móti því, að læknar athugi málið jafnframt og því yrði frestað. En nefndin taldi málið allvel undirbúið frá læknahlið, og bjóst því ekki við, að það græddi á frekari undirbúningi frá þeim. Jeg játa það, að ekki sje nema eðlilegt, að læknar úti um land fái að athuga alla málavöxtu, áður en lög þessi komast í framkvæmd, þar sem þeir þurfa mikil afskifti af þeim að hafa síðar meir. En þar kemur þá aðeins enn frekari ástæða til að fresta þessu frv., og veikir því ekki málstað nefndarinnar að neinu leyti.

Þá þótti honum það broslegt, að tvær rökstuddar dagskrár skyldu vera framkomnar, sín í hvorri deild, og skildist mjer helst á háttv. þm. (M. P.), að milli dagskránna myndi vera eitthvert samband. En mjer er óhætt að fullyrða það fyrir hönd nefndarinnar, að enginn okkar vissi um kornvörudagskrána í Ed., er við höfðum ákveðið að koma með okkar dagskrá.

Sami háttv. þm. (M. P.) sagði líka, að með dagskrá þessari væri málið drepið. En því mótmæli jeg algerlega. Að vísu gengur það ekki fram á þessu þingi, það er satt, en þetta er að eins frestur, sem tekinn er í málinu, af þeim ástæðum, sem jeg hefi margtekið fram

Þá var háttv. þm. Str. (M. P.) að tala um það, að sparnaðarmennirnir væru að setja landið á hausinn, eða skildi jeg það ekki rjett? (*M. P.*: Jeg skilgreindi hvað jeg átti við). En hvernig getur þm. fundið slíkum orðum stað? Mjer þykir næsta einkennilegt að halda slíku fram um sparnaðarmennina. Það eru einmitt hinir, sem altaf eru að bruðla með landsfje og aldrei hugsa um að spara á neinu sviði, sem setja landið á hausinn, ef sparnaðarmennirnir orka ekki að standa á móti þeim. Þó skal jeg taka undir með háttv. þm. Str. (M. P.) að í þessu máli má ekki spara of mikið, enda hefi jeg aldrei sagt, að draga ætti úr kostnaðinum við að sjá því sem best borgið, þegar ástæður leyfðu. Það er að eins vegna þeirra fjárhagsvandræða, sem nú eru, að lagt er til að fresta framkvæmdunum 1—2 ár.

Þá sagði sami háttv. þm. (M. P.) að allshn. hefði vantað sjerfræðing til að ráðfæra sig við um málið. Nú, jeg tók það fram, að við hefðum alt okkar vit úr nefnd-

arálitinu. Þar er sjerþekkingin, og út frá henni dæmdum við. Þó get jeg bent á það, að landlæknir kom á fund til okkar, og honum þótti heppilegra að fresta öllu málinu, eða framkvæmdum allra frv., heldur en að slíta úr samhengi einstök frv. af þessum 4 frv. milliþinganefndarinnar.

Það var víst lítið fleira, sem jeg hefi að athuga við ræðu hv. þm. Str. (M. P.). Hann kom að vísu aftur að sýslunefndunum. Mjer finst það næsta skrítið, ef þm. (M. P.) heldur því fram í alvöru, að það sje þýðingarlaust að skjóta máli þessu til sýslunefnda. Hvernig sem annars er litið á íhlutunarsemi sýslunefnda um ýms mál, þá er þó praktiska hlið þessa máls þannig vaxin, að fram hjá því verður ekki gengið, að sýslufundir, og yfir höfuð sveitirnar, hljóta að ræða það mál mikið, og það er ekki loku fyrir það skotið, að einmitt slíkar nefndir eða fundir geti bent á ýmislegt, sem taka mætti til greina í framkvæmdum þessa máls. En læknisfræðilegra bendinga vænti nefndin aldrei frá sýslunefndum.

Hann sagði, að jeg vildi ekki verja tíma í að ræða málið í deildinni. Það sagði jeg ekki, en jeg sagðist álíta það þýðingarlaust, og jeg hefi ekki skift um skoðun á því. Ræðuhöld hjer í deildinni hafa venjulega ekki mikla þýðingu í þá átt að hafa áhrif á skoðanir manna. Allar upplýsingar um þetta mál eru að finna í nál. milliþinganefndar, og jeg býst ekki við, að hv. deildarmenn hafi þar við að bæta.

Sami þm. (M. P.) sagði líka, að aðferð allsherjarnefndar væri á þann veg, að deildin ætti að fordæma hana. Jeg er nú þar á öðru máli. Jeg get ómögulega talið afstöðu nefndarinnar ósæmilega eða óþinglega, og það mun sjást við atkvæðagr., að fleiri en nefndarmennirnir líta svo á, að aðferð nefndarinnar eigi ekki að fordæma.

Þá var það hv. þm. Dala. (B. J.), sem jeg þarf að svara dálitlu.

Það er svo fjarri mjer að mótmæla nauðsyn þeirri að skipa þessa milliþinganefnd og undirbúa þetta mikla mál, og það er einnig langt frá mjer að efast um það, að læknarnir, sem í nefndinni sátu, hafi verið starfi sínu vaxnir. Þar erum við að öllu leyti sammála, jeg og háttv. þm. Dala. (B. J.). En óþarfi var fyrir háttv. þm. Dala. (B. J.) að setja upp spekingssvip og segja, að allsherjarnefnd ætlaði að gera sýslunefndir að prófessorum og sjerfræðingum í læknisfræði. Nál. ber það með sjer og jeg hefi sagt það, að það væri fjárhagshliðin, en ekki hin læknisfræðilega, sem við vildum láta sýslunefndir athuga. — Sýslunefndir eiga að hafa fjárhagslega framkvæmd málsins fyrir hönd hreppanna, og því ekki óeðlilegt, að þær mættu leggja orð í belg.

Háttv. þm. (B. J.) hjelt því fram, að ef þingnefnd rjeði ekki við eitthvert mál, þá ætti hún að taka sjer ráðunaut, og átti þá auðvitað við, að allshn. hefði átt að taka læknisfróðan ráðunaut. En eins og jeg hefi margtekið fram, þá þóttumst við ekki þurfa frekari læknisfræðslu við heldur en nál. sjálft hefir að geyma, heldur var það fjárhagshlið framkvæmdanna, sem við álitum að athuga þyrfti betur, og hefi jeg margtekið þetta fram. Annars held jeg, að háttv. þm. Dala. (B. J.) hafi enga ástæðu til að segja, að allshn. hafi ekki unnið starf sitt vel. En auðvitað gremst honum að geta ekki haft áhrif á nefndina. Hann sagði líka, hv. sami þm. (B. J.), að sýslunefndir hefðu ekkert löggjafarvald, og ef þingdeildin treysti sjer ekki til að gera út um málið, þá ætti að skjóta því til kjósenda sjálfra. Það er nú svo. Þessi uppástunga er lík háttv. þm. (B. J.). Hann horfir aldrei í kostnaðinn. En óþarfa kostnaður finst mjer það að leita þjóðaratkv. um þetta mál, sem allir vita þegar í upphafi, að aldrei muni falla nema á einn veg.

Þjóðin vill eflaust vinna á móti berklaveiki; að eins finst ýmsum tómahljóð í skúffunni, til þess að framkvæma alt, sem menn vilja. En þm. Dala. (B. J.) telur ætinlega nóga peninga fyrir hendi. Hann hefir aldrei fjármálamaður verið.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) getur, fyrir hönd kjósenda sinna, mótmælt aðferð okkar í máli þessu svo oft sem honum sýnist. Hann um það, og verði honum að góðu. En Dalamenn hafa nú mótmælt vantrausti þm. (B. J.) á núverandi stjórn, svo ekki er háttv. þm. (B. J.) altaf í samræmi við hv. kjósendur sína. Hann tekur þau mótmæli víst til greina!!

Magnús Pjetursson: Jeg hefi nú raunar litlu að svara háttv. frsm. (B. H.), því að hann hefir ekki í neinu hrakið orð mín, en af því að jeg gleymdi einu atriði áðan, þá þykir mjer rjett að standa upp aftur. Jeg gleymdi að spyrja háttv. allshn., hvað hún ætlaði að gera við hin frv., fylgifiska þessa frv., sem hjer liggur fyrir til umræðu. Jeg hafði búist við, að úr því nefndin valdi nú dagskrárleiðina til að losa sig við frv., að hún sæi þá um útför hinna frv. líka og holaði þeim niður í sömu gröfina. Að minsta kosti var það ætlun mín, að öll þessi frv. fylgdust að, og jeg get sagt það hjer, fyrir hönd formanns berklaveikisnefndarinnar, að hann ætlaðist til hins sama.

En það er eitt, sem jeg vildi benda hv. þingdm. á, og það er það, að frv. þetta, sem hjer er um að ræða, er nokkurskonar uppeldisfræði handa þjóðinni, og þó að frv. geti ef til vill ekki að öllu leyti komið strax til framkvæmda, þá getur það þó frá heilsufræðilegu sjónarmiði haft mikil áhrif til hins betra, að frv. verði að lögum.

Svo voru það sparnaðarmennirnir. Það var eins og kæmi við hjartað í háttv. frsm. (B. H.) þegar jeg mintist á þá. En jeg skilgreindi, við hvað jeg átti, er jeg sagði, að þessir menn væru að setja landið á hausinn, og jeg skal endurtaka það. *Jeg sagði, að þeir menn, sem altaf eru að klípa af og bíta utan úr fjárframlögum til þjóðnytjafyrirtækja, sem efla þjóðarauðinn og auka starfsþrek og gjaldþol þjóðarinnar, það eru mennirnir, sem setja landið á hausinn.* Og jeg treysti því, að mín þingmenskusaga gefi engum ástæðu til að skipa mjer í þeirra flokk, og að fjármálapólitík mín reynist þyngri á metunum til þjóðþrifa heldur en þeirra sparnaðarmanna, sem jeg nú lýsti og háttv. frsm. (B. H.) tekur svo sárt til.

Jeg skal nú nefna dálítið grófgert dæmi, til þess að benda háttv. deild á sparnaðinn, sem þessi frestur getur haft, og dagskráin ætlast til að sje um óákveðinn tíma. Og þá sný jeg máli mínu til háttv. frsm. (B. H.) og spyr hann: Ef svo væri, eins og átt hefir sjer stað endur fyrir löngu, og þó oftar en einu sinni, að Tyrkir gengju á land og dræpu, við skulum segja 150 menn á ári, og hneptu helmingi fleiri í þrældóm um lengri eða skemri tíma, ætli þessari háttv. þingdeild fyndist þá ekki verða að gera tilraun til þess að bjarga einhverju af þessu fólki, þótt fjárhagurinn væri örðugur, án þess að fá leyfi sýslunefnda til þess áður? Þó að dæmi þetta þyki kannske langsótt, þá stendur þó alveg eins á hjer. Berklaveikin verður 150 mönnum að bana á ári hverju, og frv. það, sem hjer liggur fyrir, fer fram á það, að gera tilraun til þess að bjarga einhverju af því fólki, sem vágestur þessi sækir heim. Því verður aldrei komið inn í mitt höfuð, að ekki eigi þegar að hefjast handa í þessu efni. Það hefir dregist altof, altof lengi, að nokkuð verulegt væri aðhafst í máli þessu til bjargráða þjóðinni. Þess vegna get jeg ekki fallist á það, sem háttv. frsm. (B.

H.) sagði, að með því að samþ. frv. sem lög frá Alþingi væri verið að afgreiða málið út í bláinn.

Háttv. frsm. (B. H.) hefir víst misheyrst, er hann hjelt því fram, að jeg vildi taka málið frá deildinni. Það sagði jeg ekki, en jeg taldi það kurteisisskyldu gagnvart Ed., að lofa henni að hafa þetta mál til athugunar, og ekki síst vegna þeirra mörgu lækna, sem eiga sæti þar. Enda veit jeg, að málið mundi horfa öðruvísi við nú, hefði frv. verið upphaflega borið fram í þeirri deild.

Fleira var það ekki, sem hv. frsm. (B.H.) tók fram, og eiginlega ekkert í seinni ræðu hans, sem jeg þurfti að svara, enda ekki hægt að færa rök fyrir þessari aðferð, sem háttv. allshn. beitir í þessu máli.

En af því að háttv. frsm. (B. H.) á eftir að standa yfir moldum mínum, vona jeg, að hann láti mig vita, hvað nefndin hefir hugsað sjer að gera með hin frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. þm. Str. (M. P.) hefir tvisvar staðið upp og sagt, að frv. þetta hefði átt fyrst að berast fram í Ed. En þar er jeg á gagnstæðri skoðun, enda er það samkvæmt gamalli og fastri þingvenju, að jeg einmitt lagði frv. fyrir þessa deild, því að hjer í deildinni á sæti einn af þeim mönnum, sem samið hafa frv., sem sje háttv. þm. Str. (M. P.), og því sjálfsagt að veita honum tækifæri til að fylgjast með frv. hjer í þinginu frá upphafi. Þess vegna er þessi aðfinsla háttv. þm. Str. (M. P.) ekki á neinum rökum bygð. Hefði öðruvísi staðið á, get jeg fallist á, að rjettara hefði verið að Ed. hefði fengið það fyrst til athugunar, en eins og jeg benti á, var það sjálfsögð kurteisisskylda gagnvart háttv. þm. (M. P.) að bera það fram hjer. Og mjer er nær að halda, að ekki sje hægt að benda á eitt einasta tilfelli, þar sem þessari þingvenju hefir ekki verið fylgt, þegar líkt hefir staðið á.

Frsm. (Björn Hallsson): Það eru að eins örfá orð til háttv. þm. Str. (M. P.), eins og vænta mátti. Jeg ætla þá að byrja á endanum, og svara því, sem hann spurði um.

Nefndin leit svo á, að ef dagskráin næði fram að ganga, þá hlytu fylgifrv. að verða aðalfrv. samferða, því að, eins og landlæknir benti á, var nefndin sammála um það, að öll þessi frv. ættu að fylgjast að, eða hin, í það minsta, alls ekki að ganga á undan þessu.

Jeg ætla ekki að svara því miklu, hvað við mundum gera, ef Tyrkir færu að herja á landið og drepa mannfólkið. Get þó búist við, að okkur færi líkt og þegar Jörundur hundadagakonungur kom hingað, sællar minningar. Hversu voldugar voru ráðstafanir okkar þá?

Annars er þetta Tyrkjadæmi háttv. þm. Str. (M. P.) ekki fimlega framsett, eða hliðstætt vörnum gegn berklaveiki. Hervarnir höfum við engar nú, til þess að verjast Tyrkjum, og þyrftum því þar að byrja á upphafinu, mynda her. Hins vegar eru þegar gerðar ýmsar ráðstafanir og sett lög um varnir gegn berklaveiki. Hjer er því aðeins að ræða um frekari ráðstafanir gegn veikinni.

Bjarni Jónsson: Ef frv. þessu verður nú slátrað hjer í deildinni, frv., sem ágæt nefnd hefir samið af allri vandvirkni, og stjórnin hefir nú fram borið, þá held jeg að frægðarorð þessa þings muni berast víða.

Þykir mjer það undarlegt af allshn. að leggjast á móti því, að þetta frv. sje samþykt, en koma þó ekki fram með neinar brtt. við frv., og má af því draga það, að

nefndin hafi fallist á frv. óbreytt, enda hefir hún og sjálf gefið það í skyn.

Úr því að allshn. hefir fallist á frv. þetta og úr því að þetta mál er hið allra mesta þarfamál, sem ekki þolir bið, þá sýnist mjer sjálfsagt, að vjer fellum nú dagskrána og samþykkjum frv.

Þótt rjett muni hafa verið af hæstv. forsætisráðherra (J. M.) að bera frv. fram hjer í deildinni, af kurteisi við háttv. þm. Str. (M. P.), þá er hitt ekki rjett af Nd., að kyrkja hjer frv. og lofa því ekki að koma til Ed. Slíkt ætti þó ekki að verða til skaða, því að þar eru þó 4 læknar, er allir ættu að hafa rjett til að greiða atkvæði um málið og ræða það. Þeir ættu þó varla að hafa minna vit á þessum málum en sumir háttv. deildarmenn hjer. Jeg hygg því, að það yrði ekki talin nein goðgá, þótt deildin ljeti ekki þetta ágæta frv. vera fyrstu lögin, sem hún slátraði hjer á þessu þingi.

Pjetur Ottesen: Jeg get ekki stilt mig um að segja fáein orð, vegna þess, að jeg heyri, að sumir þm. líta svo á, að með því að samþ. þetta frv. sje bót ráðin á berklaveikinni, og því megi telja það hermdarverk að samþ. ekki frv. nú. En þessu er ekki þannig varið. Það er ekki ráðin bót á berklaveikinni hjer, þótt frv. verði að lögum nú á þessu þingi, því eins og nú er ástatt,er ómögulegt að koma ákvæðum þess í framkvæmd, þeim ákvæðum, sem einhver veigur er í og ætla mætti, að bæru einhvern árangur. Til þess að lögin nái tilgangi sínum, þarf að koma upp sjúkraskýlum og sumarhælum fyrir börn. En slíkt er ekki hægt að framkvæma á þessu eða næsta ári.

Það, sem vakti fyrir nefndinni, var það, að ekki mundi verða mikið úr slíkum framkvæmdum á næstu tveim árum, og hv. þm. Str. (M. P.) viðurkennir þetta, eða að minsta kosti gerði hann það þegar hann átti tal við nefndina, þó að hann sje nú svo blindaður af ofurkappi í málinu, að hann vill lítið eða ekkert gera úr örðugleikunum. Það væri ekki hægt að framkvæma slík lög á næstu árum, og því væri ekki eins mikið í húfi þótt samþykt frv. biði.

Það eru til lög um varnir gegn berklaveiki, en hvernig hefir þeim verið framfylgt? Og af hverju hefir ekki verið hægt að framfylgja þeim? Það vantar sjúkrahús fyrir þetta berklaveika fólk. Heilsuhælið á Vífilsstöðum er yfirfullt. Það má því segja, að það sje að byrja á neglunni að lengja þessi lög á pappírnum oggera hærri kröfur, þegar þau skilyrði eru ekki fyrir hendi, sem alt byggist á, það er að geta einangrað sjúklingana og veitt þeim nauðsynlega hjúkrun. En til þess þarf að koma upp sjúkraskýlum og barnahælum. Það þýðir ekkert að skipa fyrir um það í lögunum, að sjúklingarnir skuli tafarlaust teknir burt af heimilunum, þegar hvergi er hægt að koma þeim fyrir. Líklega er þó ekki meiningin að reka þá út á gaddinn. Meðan bót er ekki ráðin á þessu, verða þessi lög — og því meir,sem þau krefjastmeira—pappírsgagn eða lítið annað, og það er nóg af slíku.

Hitt sá og nefndin, að þótt milliþinganefndin sje skipuð góðum mönnum og hafi haft málið heilt ár með höndum, þá sje þó ekki loku fyrir það skotið, með því að skjóta málinu til þjóðarinnar, að hún geti komið fram með góðar og skynsamlegar bendingar um þá hlið málsins, er að framkvæmdunum lýtur. Það er enginn vansi fyrir milliþinganefndina, þó svo reyndist, en stórmikið unnið fyrir málið.

Jeg mótmæli því algerlega sem staðlausum stöfum, að ekkert geti við það unnist að gefa þjóðinni tækifæri á að athuga málið og gera við það sínar athugasemdir. Og mjer þykir þeir menn tala með miklum rembingi og gorgeir, og með helst til lítilli virðingu um þjóðina, sem neita því, að

þaðan geti góðar bendingar komið. Kostnaðarhlið málsins er verulegt atriði; það er því engin goðgá, þó að þeim, sem bera eiga kostnaðinn, gefist færi á að athuga málið frá þeirri hlið. Sýslunefndir þurfa að fá tækifæri til þess að sjá leið til þess að jafna niður þessum mikla gjaldauka, sem af framkvæmd þessara laga leiðir, þegar til framkvæmda kemur. Þær þurfa því að hafa tímann fyrir sjer.

Mjer þykir því sýnt, að þó að frv. verði hjer samþ. nú, þá verði þó lítið eða ekkert um framkvæmdir á því, sem máli skiftir, í bráð. En hins vegar er jeg ekki í vafa um það, að málið ynni við það, að þjóðinni gæfist færi á að athuga það.

Þótt hæstv. forsrh. (J. M.) vaxi sá kostnaður í augum, sem af því mundi leiða að leggja þetta frv. aftur fyrir næsta þing, þá hygg jeg, að sá kostnaður yrði ekki minni, þótt að því yrði flasað hjer á þinginu að gera frv. að lögum — lögum, sem breyta þyrfti ef til vill strax og til framkvæmdanna kæmi, af því, að sú hlið málsins hefði ekki verið nægilega athuguð.

Nei, það sem mest er undir komið, er það, að lögin sjeu þannig úr garði gerð, að hægt sje að framkvæma þau, því undir framkvæmdum er alt komið. Berklaveikin verður ekki kveðin niður hjer með því einu að fjölga lagagreinum um þetta efni. Aðalatriðið er það, að hafist verði handa á skynsamlegan hátt gegn berklaveikinni. Þess vegna mun rjett að flasa ekki að neinu og leita ráða til þjóðarinnar sjálfrar gegn þessum óvini. Og jeg er viss um, að á því mundi málið græða, en ekki tapa.

Annars hefir frsm. allshn. (B. H.) haldið uppi vörnum fyrir nefndina, og þarf jeg þar ekki við að bæta.

Háttv. þm. Str. (M. P.) notaði þetta tækifæri til þess að kveða upp þann dóm, að það væru sparnaðarmennirnir á þingi, sem færu með landið á höfuðið.

Jeg þykist nú líka hafa rjett til þess, eins og þingmaðurinn, að kveða upp dóm um þetta atriði, og minn dómur verður þá á þá leið, að ef sparnaðarmannanna hefði ekki notið við á þingi að undanförnu, þó að þeirra áhrifa hafi ekki gætt sem skyldi, þá væru eyðslumennirnir í þinginu búnir að fara með landið á höfuðið.

Jakob Möller: Það er merkilegt, að flest af því, sem jeg vildi sagt hafa, hefir háttv. þm. Borgf. (P. O.) tekið fram. En sá er þó munurinn, að jeg dreg af því alt aðrar ályktanir en hann, og því verður afstaða okkar til frv. gagnólík.

Þm. (P. O.) gat þess, að lítið yrði úr framkvæmdum frv. fyrst í stað. Jeg er þar alveg á sama máli. En hann gætir þess ekki, að með því er fallin burtu og að engu orðin aðalástæða nefndarinnar fyrir því að leggjast á móti frv., en það var kostnaðurinn, sem af framkvæmd frv. leiddi. Sá kostnaður kemur ekki fyrr en ráðist verður í þær framkvæmdir, sem að vísu eru ráðgerðar í frv., en ekki geta komist til framkvæmda fyrst um sinn, og ekki fyr en búið er að vinna það undirbúningsstarf, sem frv. fer fram á. Undirbúningsstarfið er kostnaðarlítið, og engin ástæða til að fresta því, vegna þess hve mikinn kostnað það hlyti að hafa í för með sjer að framkvæma það, sem að því loknu mundi koma í ljós að gera þyrfti til að hefta útbreiðslu berklaveikinnar. En hjer er verið að tefja fyrir því, að þessi undirbúningur verði hafinn, með því að spyrna á móti frv. Og þessi mótspyrna stafar af misskilningi og skammsýni allshn., eins og jeg hefi þegar sýnt fram á, þar sem hún hræðist kostnaðinn við sjúkrahæli og aðrar framkvæmdir, sem þó alls ekki koma til framkvæmda og ekki geta komið til framkvæmda að svo stöddu.

Jeg skal engum getum að því leiða, hvers vegna nefndin hefir snúist í móti frv. En ekki lægi þó fjarri að ætla, að það hefði

verið af hræðslu við kjósendur. Get jeg og vel trúað því, að þessi lög verði ekki vinsæl meðal þeirra, er hafa sama eða svipaðan nirfilshugsunarhátt og allshn. hefir sýnt í þessu máli. Mun nefndin vafalaust hugsa, að þeir menn sjeu fleiri meðal kjósenda. En það hygg jeg ekki. En hvort sem það nú er meiri eða minni hluti kjósenda, sem nirfilshugann hefir, þá skiftir það ekki máli, því að þetta mál á alls ekki að leggja undir úrskurð kjósenda. Þm. eiga sjálfir að hafa hug og þrek til þess að hrinda slíkum málum í framkvæmd og bera ábyrgðina sjálfir, en ekki að vera að velta henni yfir á kjósendur. Ef þm. á annað borð eru sammála um það, að málið sje lífsspursmál, þá er það líka skylda þeirra að gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að greiða fyrir því, og það hið bráðasta.

Jeg get ekki sest svo niður, að jeg láti ómótmælt samlíkingu tveggja frv. hjer í þinginu, kornvörufrv., sem felt var í Ed., og þessa frv. Jeg bjóst ekki við þeim ummælum frá stjórninni, sem hæstv. forsrh. (J. M.) ljet sjer um munn fara, að Ed. hefði farið hyggilega að ráði sínu, með því að drepa kornvörufrv. stjórnarinnar. Jeg er að vísu hæstv. forsrh. (J. M.) algerlega sammála um þetta, en jeg bjóst ekki við, að þessi skoðun kæmi af vörum stjórnarinnar. Því að ef það er hyggilegt af Ed. að drepa frv., þá hefir líka frv. verið óhyggilega samið og framborið af hæstv. stjórn. Það er og mín skoðun, að málið hefði átt að rannsakast betur, áður en það yrði lagt fyrir þingið. Dómur Ed. um kornvörufrv. var og sá, að málið væri fljótfærnislega framborið af hæstv. stjórn.

Um hitt frv., sem hjer liggur fyrir — berklaveikisfrv. — er alt öðru máli að gegna. Það er ekkert fljótfærnisverk, heldur fyrst framborið eftir langa og nákvæma rannsókn, af hæfum og sjerfróðum mönnum. Það er og ekki tekið upp af þingmönnum sjálfum, heldur af læknastjett landsins, því að fyrst er þetta mál inn í þingið komið eftir áskorun frá læknaþingi. Síðan eru nokkur ár. Alþingi skoraði á stjórnina að skipa nefnd í málið. Stjórnin varð við þeirri áskorun og skipaði milliþinganefnd þá, er málið hefir haft til meðferðar síðastliðið ár. Mun enginn geta annað sagt en að í þá nefnd hafi valist ágætir menn, er hafi leyst starf sitt mjög vel af hendi. En nú vill allshn. að þingið reki þetta frv. aftur og segi: Berum þetta undir sýslunefndirnar og hreppsnefndirnar, eins og kornvörueinokunina, og sjáum hvort þær geta ekki vísað á betri leiðir. En án þess jeg vilji á nokkurn hátt gera lítið úr hreppsnefndum eða sýslunefndum, þá get jeg þó ekki við því búist, að þær hafi betra vit á þessum málum en berklaveikisnefndin og læknarnir.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þótti leitt að heyra, að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) skyldi þykja það svo mjög ilt, að stjórnin tók það ekki nærri sjer, að kornvörufrv. var felt í Ed. En jeg get því miður ekki að því gert. Þetta er nú svona, og þm. (Jak. M.) verður því að sitja með það sár.

Þjetur Ottesen: Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að nú vildi allshn. reka málið aftur öfugt á nasir milliþinganefndarinnar. Þetta er algerður misskilningur. Það, sem nefndin leggur til, er að undirbúningi málsins sje haldið áfram, þeim undirbúningi, er að framkvæmdunum lýtur, og ef hann flettir upp í greinargerð allshn., þeirri, er dagskránni fylgir, þá hefði hann getað sannfærst um, að þetta er gersamlega rangt, sem hann sagði.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, og nefndin hefir hallast að, þá hljóta allar aðalráðstafanir til að spyrna á móti sjúk-

dómi þessum að byggjast á því að koma upp sjúkrahúsum, geta einangrað sjúklingana, fyrirbygt smitunarhættuna. En á næstu árum verður örðugt að koma því í framkvæmd. (*B. J.*: Hver segir það?). Jeg segi það, og stend við það, og því er það, að það gerir hvorki til nje frá, hvort frv. er samþ. nú á þessu þingi eða ekki, meðan engin tök eru á að koma aðalákvæðum þess í framkvæmd, og það spursmál er óleyst. En hins vegar held jeg enn fast við það, að margt geti við það unnist að bera frv. undir þjóðina, og það er helsta ástæða mín til þess að leggja það til, að samþykt frv. sje frestað. Og mjer finst það ekki nema áframhald af stefnu frv., að þetta sje gert.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) vildi beina því til okkar nefndarmanna, að við mundum leggja þetta til af hræðslu við kjósendur. Það getur vel verið, að háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) beri slíkan hug í brjósti. En við vísum þeim bleyðiskaparbrigslyrðum aftur til föðurhúsanna.

Jakob Möller: Mig má einu gilda, hve mörgum af ummælum mínum háttv. þm. Borgf. (P. O.) skýtur til mín „öfugum" eins og hann komst að orði. En því sem jeg skýt til hans, það stend jeg við. Í nefndarálitinu sjálfu á þskj. 119. stendur þessi klausa:

> „Á milli þinga er hægt að ræða málið á sýslufundum, þingmálafundum og leiðarþingum".

Jeg býst við, að allir, sem þessa klausu hafa lesið, hafi í hana lagt líkan skilning og jeg.

Magnús Pjetursson: Af því að háttv. þm. Borgf. (P. O.) var að bera hönd fyrir höfuð nefndarinnar, þá langar mig til að gera örstutta athugasemd.

Þessi háttv. þm. (P. O.) sagði, og að því er virtist einnig fyrir hönd allshn., að eina ráðið, sem milliþinganefndin hefði fundið, væri það, að byggja sjúkrahús. En þá hefir nefndin lesið nokkuð illa nefndarálit okkar, ef hún hefir þar ekki fundið neitt annað ráð.

En ef hann er ánægður með gerðir sínar og nefndarinnar í þessu máli, og finst hann vera frelsari þessa lands, þá er það gott fyrir hann.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá allsherjarnefnd feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: B. H., E. Þ., H. K., J. S., M. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J.

nei: B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., J. Þ., M. G., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. Sv.

Tveir þm. (J. A. J. og P. J. fjarstaddir).

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14 : 3 atkv.
6.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.
10.—20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 37, 169).

Magnús Pjetursson: Jeg vildi leyfa mjer að leggja til, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá. Það hafa komið hjer fram brtt., en jeg hefi ekki haft tíma til að athuga þær, og vildi því mælast til, að málið yrði tekið út af dagskrá núna.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til háttv.

nefndar, hvort hún vilji ekki leggja til, að hin 3 frv. komi um leið og þetta frv., eða áður en það er afgreitt.

Jeg skal játa, að jeg veit ekki, eða hefi ekki tekið eftir, að hin frv. væru komin frá nefndinni. En hvernig sem afstaða nefndarinnar er til þeirra frumvarpa, þá vildi jeg mælast til, að nefndin ljeti þau koma fram, svo að mögulegt sje fyrir háttv. deild að sjá, hvernig farið verður með frv., sem sumir álíta nauðsynlegt að fylgi aðalfrumvarpinu. Þegar hin frv. eru komin frá nefndinni, gæti háttv. deild tekið öll frv. í einu, eða að minsta kosti haft embættafrv. til annarar umr., áður en aðalfrv. fer út úr deildinni.

Þess vegna vil jeg sjerstaklega mæla með því, að það sje tekið út af dagskrá, og hugsa jeg, að það sje í raun og veru ástæðan fyrir ósk háttv. þm. Str. (M. P.), fremur en hitt, að hann þurfi langan tíma til að átta sig á brtt., sem fram hafa komið.

Björn Hallsson: Jeg vil að eins svara fyrirspurn hæstv. forsrh. (J. M.), að svo miklu leyti sem hún tekur til mín sem skrifara og framsögumanns allshn. í þessu máli, þótt jeg sje ekki formaður hennar.

Allshn. hefir ákveðið að koma fram með hin frv. frá milliþinganefnd, en vegna vantrausts þingsins undanfarið hefir mjer ekki unnist tími til að skrifa nefndarálit ennþá. En það dregst ekki lengi hjer eftir, það get jeg fullyrt.

Eins og jeg benti á, er frv. um varnir gegn berklaveiki var til umræðu hjer síðast, þá fylgdust þessi 4 frv. nokkuð að. Nú var aðalfrumvarpið samþykt hjer í hv. deild við 2. umr., og taldi þá nefndin rjett, að þessi 3 frv. kæmu líka fram, svo þm. gætu látið í ljós álit sitt á þeim líka. Hins vegar býst jeg við, að deildinni sje kunnugt um skoðanir okkar nefndarmanna á þessum frv., enda ætla jeg ekki að fara að lýsa þeim hjer.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er ánægður með ummæli háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.), og ef háttv. þm. Str. (M. P.) áliti það sama, þó að það biði 2. umr. hinna frv., þá væri það eðlilegast, að þau kæmu öll saman.

Magnús Pjetursson: Jeg tek undir það, sem hæstv. forsrh. (J. M.) lagði til, að frv. komi öll saman á dagskrá til 2. umræðu, og þó að þetta verði fyrst tekið fyrir.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40., 45. og 46. fundi í Nd., dagana 11., 16. og 18. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 37, 169, 233).

Jón Sigurðsson: Jeg hefði einna helst kosið að sleppa því að minnast á brtt. mínar, því að jeg hygg, að háttv. þingmenn sjeu orðnir þreyttir, en fyrst að fundi verður ekki frestað, skal jeg gera stutta grein fyrir þeim.

Það er tekið fram í ástæðum frv. og nál., að kennarar skuli njóta biðlauna í 2 ár, sem svari ⅔ af launum þeirra. Eru taldar fyrir þessu aðallega 3 ástæður. Fyrsta er sú, að það sje ómannúðlegt að kasta þessum starfsmönnum út á klakann. Önnur er sú, að frekar verði sjeð í gegnum fingur við þessa menn og þeir látnir halda áfram starfinu, þótt veikir sjeu, ef þeir eru þá vinnufærir, ef svona verði eigi að farið. Og þriðja ástæðan er, að þeim mundi ljúfara að leita sjer læknishjálpar, ef mannúðlega væri að þeim farið.

Er eigi laust við það, að með ástæðum þessum sje verið að reyna til að villa

mönnum sýn, því að undarlegt er að komast svo að orði, að mönnum þessum sje kastað út á klakann, þar sem þeir eiga að fá ókeypis dvöl á sjúkrahúsi og læknishjálp ókeypis. Sýnist ástæða þessi vera fjarri öllu lagi.

Um aðra ástæðuna er það að segja, að nú er lögskipuð skoðun á börnum og kennurum, og sýnist því þessi ótti nokkuð ástæðulítill. Kemur hjer og annað til greina, sem dregur úr þeirri tryggingu, sem ætlast er til að þetta veiti, og það er, að í frv. er gert ráð fyrir, að $^2/_3$ launanna greiðist með sama hlutfalli, sem öll launin eru greidd. Kemur því hjer til kasta sveitar- og bæjarsjóðanna, og gæti því verið dálítil hætta á því, að kennaranum væri haldið, einmitt vegna þessara útgjalda, sem gætu orðið talsverð.

Við þriðju ástæðunni er það að segja, að mönnum mun tæpast verða óljúft, alment, að leita sjer lækninga, og það því síður, þar sem þeim er gert það miklu ljettara en áður. Nær það auðvitað engri átt að kalla það ómannúðlegt, þó að þeim sjeu eigi veitt biðlaun í ofanálag.

Jeg get þess vegna ekki sjeð, að það sje gild ástæða til að halda fram því ákvæði. Jeg vil ennfremur benda á, að þetta skapar útgjöld, sem lítil og fátæk sveitarfjelög munar um. Eftir launalögunum er áætlað, að kennarar við fasta skóla hafi 1600 kr. í árslaun, auk ljóss, hita og húsnæðis. Nú borgar ríkissjóður helming launanna, svo að hinn helmingurinn, 800 kr., greiðist úr sveitarsjóði, og jeg hygg, að reikna megi hitt, sem hreppurinn leggur til, ljós, hita og húsnæði, 300—400 kr., svo að það yrði alt að 1100—1200 kr., sem sveitarsjóður borgaði. Jeg skal taka það fram, að þetta er hámark launanna, eða laun forstöðumanns, en laun undirkennara eru nokkrum hundruðum króna lægri. En ef það væru farskólar, sem er tíðast, þá eru það að vísu ekki nema nokkur hundruð krónur, og býst jeg við, að sumum háttv. deildarmönnum þyki það smáræði, sem ekkert muni um. En jeg vil benda nefndinni á, að það er ekki einungis ríkissjóður, sem á að borga, heldur líka sveitarfjelögin, og þau oft lítil og fátæk. Eins og jeg gat um, þá eru þessir menn, margir hverjir, á ljettasta skeiði lífsins, ungir og einhleypir, og hafa venjulega fyrir engum að sjá. Það er tiltölulega lítill hluti kennara, sem hafa gert þetta að æfistarfi sínu, heldur oftsinis haft það sem hlaupaatvinnu um nokkurra ára skeið. Sama er að segja um ljósmæðurnar, að utan kaupstaða er þetta hvergi aðalatvinna þeirra, heldur aukastarf. Til sveita eru það oft góðar húsmæður, er gegna bústörfum sínum með sóma. Það er því gersamlega ástæðulaust að setja þær, og kennarana, á biðlaun, þó að þær yrðu að leggja niður þetta aukastarf.

Þá vil jeg geta þess, að það er ekki ætlast til, að styrkur þessi verði endurgreiddur, hvernig sem á stendur, nema að hlutaðeigandi óski að endurgreiða hann.

Þetta gæti verið skynsamlegt, því að ef sveitarstjórnir ættu að krefjast endurgreiðslu, þá mætti vera, að þær gengju jafnvel lengra en heppilegt væri. En þar sem þetta verður í höndum sýslustjórnar eða sýslumanns, þá þarf ekki að bera kvíðboga fyrir, að lengra yrði gengið en hæfilegt væri. Jeg tel því mjög óhyggilegt að útiloka, að forráðamaður sýslusjóðs geti gert kröfu í efnað dánarbú, þar sem að ræða fjarskildir erfingjar, ef um verulegan styrk væri að ræða.

Hjer er um dýrmæta hjálp að ræða, og jeg þykist viss um, að hver, sem manndómslund hefir, endurgreiði þennan styrk, ef hann kemst í þau efni, að hann geti það. En mennirnir eru misjafnir, og þeir mundu máske finnast, er ekki vildu endur-

greiða veittan styrk, þótt þeir væru í flokki þeirra manna, er hægast ættu með það. Jeg legg því til, að styrkurinn sje endurkræfur, þegar styrkþegi er megnugur þess að greiða hann.

Þá legg jeg til, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en 1. jan. 1923. Jeg skal taka það fram, að það er ekki af illvilja við málið, því að jeg mun greiða atkvæði með frv., hvort sem mínar brtt. verða samþyktar eða feldar. En mjer finst málið illa undirbúið, og vildi ekki að það kæmi til framkvæmda, fyr en búið er að athuga það úti um sveitir landsins, og þjóðin búin að búa sig undir að taka á móti því, sem lögin leggja henni á herðar.

Bæði hæstv. forsrh. (J. M.) og **háttv.** þm. Str. (M. P.) hafa viðurkent, að mjög miklir örðugleikar mundu á framkvæmd laganna fyrst um sinn, vegna skorts á sjúkrahúsum, en torvelt, ef ekki óhugsandi, að koma sjúklingum fyrir á heimilum einstakra manna, þar sem hægt væri að fullnægja sjálfsögðum kröfum um hjúkrun, loftræslu, birtu o. fl.

Það virðist því fyrsta sporið að byggja sjúkrahús eða sjúkraskýli, og ætti það að vera skylda stjórnarinnar að skrifa sýslunefndum, með þeim tilmælum, að þær samþykki að taka þetta mál til rækilegrar íhugunar á næsta fundi, til þess að búa sig undir framkvæmdir laganna.

Það er líka á annað að líta í þessu máli. Frv. þetta tekur mjög til alls almennings, og á skilningi hans veltur mjög mikið, hvernig framkvæmdirnar verða. Fari nú svo, að frv. þetta yrði að lögum og gengi í gildi á næsta vori, þrátt fyrir það, þótt þau væru víða óframkvæmanleg af ástæðum, sem ekki yrði við ráðið, þá óttast jeg, að fólk mundi venjast á að skoða þessi lög sem pappírsgagn, eins og ýms fleiri lög hjer á landi.

Jeg legg því áherslu á, að framkvæmd laganna verði frestað til 1. jan. 1923, svo að þjóðinni gefist tími til að búa sig undir þau.

Magnús Jónsson: Vegna þess, hve fundartími er orðinn langur, skal jeg spara mjer allar hrókaræður um þetta frv. í heild sinni, en halda mjer eingöngu við brtt. þær, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram og finna má á þskj. 233, og býst við, að geta verið fremur fáorður, vegna þess, að þær eru flestar smávægilegar og ganga ekki í bága við stefnu frv., nema helst ein, en eru frekar til skýringar eða samræmis.

Fyrsta brtt. er aðeins til þess að búa enn tryggilegar um það, að enginn skuli taka börn til kenslu, ef hætta er á að hann eða hún hafi smitandi berkla. Að vísu á hann, eftir frv., að hafa læknisvottorð um þetta, en þar er ekki sjeð fyrir því, að neinn skuli krefja um þessi vottorð, og gæti því farið svo, að enginn tæki sig fram um það. Þurfi aftur á móti sjerstakt leyfisbrjef til þess að hafa slíka kenslu, þá er kominn þar þröskuldur á veginn, sem enginn getur komist yfir án læknisvottorðs. Jeg tel mjög áríðandi, að hjer sje vel um hnútana búið, því að mjer er kunnugt um, að í bæjum eru víða allfjölmennir slíkir skólar, og í þá ganga einmitt þau börnin, sem hættast er við smitun, sem sje innan skólaskyldualdurs, 5—10 ára. Ákvæðin um þetta mega því engu vægari vera en um aðra barnakennara. Þetta er engin breyting á frv., nema aðeins til frekari tryggingar, sem að vísu mætti ákveða í reglugerð, en jeg verð að telja miklu rjettara að ganga tryggilega frá þessu í sjálfum lögunum, þegar það er hægt.

Önnur brtt. er einnig aðeins til þess að taka skrefið ögn lengra en frv. gerir. Þar er bannað að ráða „konur“ með smitandi berkla á heimili, þar sem börn eru, en jeg get ekki sjeð, að rjett sje að gera hjer þennan mun á konum og körlum. Þó að

konur hafi, ef til vill, að jafnaði meiri afskifti af börnum en karlmenn, þá verður þó hinu ekki neitað, að karlmenn geta einnig verið barngóðir, svo að börn sæki til þeirra, og geti stafað hætta af, ef maðurinn er með smitandi berkla. Mjer finst þetta og vera í beinu samræmi við ákvæði 10. gr., þar sem bannað er að taka börn til fósturs á heimili, þar sem smitandi berklar eru, ekki aðeins, ef kona er þar sýkt, heldur jafnt hvort er, karl eða kona. Í raun og veru er þetta alveg hliðstætt.

Þá kem jeg að þriðju brtt., og það er hún, sem jeg tel skifta langmestu máli. Í 13. gr. er, eins og kunnugt er, hjeraðslækni veitt leyfi til þess, ef skipunum hans er ekki hlýtt, að taka með valdi börn burtu af sýktum heimilum. Jeg efast ekkert um, að hjeraðslæknar mundu yfirleitt beita þessu valdi sínu með mildi og allri þeirri vægð og lipurð, sem nauðsynleg er í jafnafarviðkvæmu máli eins og þessu. En þess er að gæta, að í öllum stjettum eru til menn, sem ekki er gerlegt að fela svo mikið vald sem hjer er gert. Það eru menn, sem ef til vill eru bráðir og þóttamiklir og þykir valdi sínu misboðið, án þess að skilja þær djúpu tilfinningar, sem bak við standa, eða meta þær sem vera ber, en líta á það sem óhlýðni, er brjóta verði á bak aftur með hörku. Jeg vil ekki eiga undir þessu. En á hinn bóginn er auðvitað nauðsynlegt, að hjeraðslæknir standi ekki uppi ráðalaus, ef hann mætir verulegri þrjósku, eins og alls ekki er fyrir að synja, og hann verður að hafa vald til þess að koma nauðsynlegum ráðstöfunum í framkvæmd; aðeins vil jeg að einhver hemill sje á einræði læknis í þessu efni. Heppilegast hygg jeg að væri, að sjerstök nefnd væri hjer til taks, en hefi ekki treyst mjer til að leggja það til að skipa slíka nefnd, en vil í þess stað, að slíkir úrskurðir hjeraðslækna komi fyrir viðkomandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn. Þessar nefndir mundu án efa fylgja lækninum til allra rjettra mála, en á hinn bóginn ætti naumast þá að vera hætta á neinu gerræði í þessu efni.

Frv. gerir að vísu ráð fyrir, að slíkar nauðungarráðstafanir hjeraðslækna sjeu eftir á bornar undir heilbrigðisstjórn ríkisins, en þó að þetta sje til bóta, tel jeg það allsófullnægjandi. Bæði dregst það oft allmikið í tímann, og erfitt að gera sjer hugmynd um það, sem heimili gæti verið búið að líða af þessa völdum. En svo er annað, sem jeg þó legg enn meira upp úr, og það er það, að heilbrigðisstjórnin mundi að jafnaði standa með lækninum, jafnvel þótt henni þætti hann hafa gengið fullangt, og jeg tel nauðsynlegt, að heilbrigðisstjórnin geri það, því að ekki mun af veita, þótt læknar sjeu ekki lattir til þess að vera röggsamir í framkvæmd þessara laga, eða gerðir hræddir við, að úrskurðum þeirra sje oft breytt, og staða þeirra í hjeraðinu með því veikt. Jeg álít því, að heilbrigðisstjórnin verði að fylgja lækninum eins langt og hún frekast getur, jafnvel til þess, sem of freklega er að gert, og því sje hún ekki heppilegur hemill í þessu efni á einræði læknanna. Jeg legg því talsverða áherslu á, að þessi breyting verði samþ., og með því girt fyrir, að þessi bráðnauðsynlegu lög verði ef til vill gerð óvinsæl, fyrir aðgerðir og skaplesti einstakra manna.

Um síðustu brtt. get jeg verið fáorður. Það skiftir litlu máli, hvort hún verður samþykt eða ekki. Mjer fanst að eins, að þessi málsliður, sem jeg legg til að feldur sje burtu, mundi ómögulegur í framkvæmd, en best sje, að pappírsákvæðin í frv. sjeu sem fæst.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en fela þessar brtt. athugun háttv. deildarmanna.

Magnús Pjetursson*): Mjer þykir leiðinlegt að vera að fjölyrða um þetta, en jeg kemst ekki hjá því, vegna þessara brtt., sem hafa komið fram.

Í brtt. sinni við 16. gr. vill háttv. þm. (J. S.) að þeir endurgreiði styrkinn, sem eru þess megnugir. En svo framarlega sem styrkurinn er afturkræfur, þá er óþarfi að hafa ákvæði um það, að það verði að eins gert, ef þeir eru megnugir þess að greiða hann. Það væri ekki hægt, hvort sem væri, að innheimta hann, áður en þeir gætu greitt hann, eða fyr en þeir væru þess megnugir. Um það, að sýslusjóður geri kröfu í dánarbú, þar sem að standa fjarskyldir erfingjar, þá er því viðvíkjandi ekkert að segja, ef það væri ekki víðtækara.

Um síðustu brtt., að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en 1. jan. 1923, þá hefir verið sagt alt, sem hægt er að segja, og þegar hin rökstudda dagskrá frá allshn. var hjer til atkvæða, þá hefir deildin látið álit sitt í ljós með því að fella hana, og sýnt, að hún vildi ekki fresta málinu.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að brtt. háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Við 1. brtt. er ekkert að athuga, og get jeg ekki sjeð annað en að hún sje eftir stefnu nefndarinnar. En það mun vera tekið fram í lögum, og mun tíðkast í bæjum, að það þurfi að fá leyfi stjórnarvalda til að taka börn til kenslu; samt er það ekki nema gott, að áhersla sje lögð á, að einhver taki við vottorðunum.

Hvað hina snertir, að enginn megi vistast á heimili, sem hafi smitandi berkla, þá er það afarviðkvæmt viðfangsefni, þar sem svo mikil vandkvæði eru á að fá vinnukraft í sveitunum. Og þorði því nefndin ekki að tiltaka nema konur; átti það að vera nokkurskonar viðvörun fyrir húsráðendur, um að fara varlega að vistráðningum. En þó að bóndi taki kaupamann um hálfsmánaðartíma, og hann hefði berkla, þá mætti búa svo um hnútana, að ekki stafaði hætta af, en miklu síður, ef það væri kona. Þeirra starf er svo nátengt börnunum og heimilinu, miklu fremur en karlmanna.

Þá er brtt. við 13. gr., og verð jeg að telja hana varhugaverða. Jeg er hræddur um, að ef altaf þyrfti að fá samþykki sveitarstjórnar, þá mundi það ganga tregt stundum, ef þær hjeldu að það kostaði þær einhverja peninga, þó að gera megi ráð fyrir, að bæjarstjórnir yrðu sanngjarnari. En ætti að leggja það undir heilbrigðisstjórn landsins, og þótt hún, eins og háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) gerði ráð fyrir, mundi draga taum hjeraðslækna, þá efast jeg ekki um — ekki síst ef í hlut ætti harðdrægur, harðbrjósta, reiðigjarn og bráður læknir, — að hún mundi sýna fulla sanngirni.

Um það, að sleppa þeim úr, er sýna kæruleysi, þá finst mjer, að eins mætti fella alla greinina burtu. Það skilur ekki mikið á milli þeirra, er sýna kæruleysi, og hinna, sem þrjóskast við að fara í sjúkrahús.

Jeg þakka svo háttv. deild fyrir undirtektir hennar í þessu máli, og sjerstaklega háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) fyrir þá yfirlýsingu hans, að hann mundi greiða atkvæði með frv., enda þótt brtt. hans yrðu feldar.

Þá vildi jeg skjóta nokkrum orðum til háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), af því að hann talaði eingöngu um þetta mál í ræðu sinni*. Hann talaði um, að engin þekking hefði

*) Ræðumaður hefir ekki lesið ræðuna yfir, og er hún því prentuð eftir handriti innanþingsskrifarans.

*) Hjer mun vera átt við ræðu þm. (S. St.) s. d. við umr. um frv. um læknaskipun í Rvík.

verið sótt til útlanda í þessu máli, og að frv. væri ennþá heimskara eftir þessa utanför en áður. En jeg vil benda á það, að í nál. allshn. er hann sjálfur fylgjandi þessu frv. Það vill líka svo vel til, að það er sniðið eftir samskonar lögum útlendum, og þá helst á Norðurlöndum.

Annars þakka jeg honum titilinn, sem hann gaf mjer, og óska einskis fremur en að jeg ætti hann skilið. Hann nefndi mig „unga, framgjarna frelsishetju", og er það einmitt það, sem jeg vildi vera.

Sami háttv. þm. (S. St.) var að tala um stjórnina í sambandi við frv., en hæstv. forsrh. (J. M.) hefir tekið af mjer ómakið, og gert að engu þau ummæli.

Jeg hefi svo ekki meira að segja, og vona að það þurfi ekki að koma til þess, að jeg þurfi að svara meiru.

Jón Sigurðsson: Jeg hefi ekki miklu að svara, því að okkur ber ekki svo mikið í milli, háttv. þm. Str. (M. P.) og mjer.

Um 1. liðinn, að þar sje einungis um smáupphæð að ræða, þá má það vel vera, að svo yrði stundum. En því verður ekki neitað, að þegar við bætast fullkomin laun annara kennara, þá verður þetta tilfinnanlegt fyrir lítil sveitarfjelög. Ef þessum starfsmönnum væru, í stað biðlauna, ætluð eftirlaun, samkv. frv. um lífeyrissjóð barnakennara, sem nýlega var samþykt hjer í deildinni, mundu þeir fyllilega fá þann styrk, er þeir þyrftu, með því að segja starfinu lausu, en ríkissjóður og sveitarsjóðirnir losnuðu við talsverð gjöld.

Það var við þetta, sem jeg miðaði orð mín.

Á eitt atriði vil jeg drepa, til athugunar fyrir háttv. deild. Sje kennari lagður á sjúkrahús, þá fær hann þar alt frítt, en laun sín getur hann lagt fyrir. En það er engin meining í því, að ríkissjóður og sveitarsjóðir fari að leggja svo til sjerstakra stjetta, að það verði bókstaflega búhnykkur að verða veikur og þurfa að leggjast á sjúkrahús, en það getur orðið, ef þessi ákvæði verða að lögum.

Jón Auðunn Jónsson: Það er út af brtt. hv. 2. þm. Skagf. (J. S.), að jeg tek til máls. Jeg vildi leggja áherslu á síðasta lið þeirra, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en 1. janúar 1923. Það er öllum kunnugt, að lög, sem snerta almenning og eru jafnmikilvæg og þessi, þurfa að koma fyrir sjónir almenningi, svo að menn geti kynt sjer þau löngu áður en þau eiga að koma til framkvæmda. Með því einu móti er von um, að eftir þeim verði breytt þegar þau koma til framkvæmda.

Sigurður Stefánsson: Þm. Str. (M. P.) sagði, að jeg hefði kallað frv. heimskt. Nei, svo heimskulega komst jeg ekki að orði, því að það er ómögulegt að kalla frv. eða aðra dauða hluti heimska. En hitt sagði jeg, að hafi nefndin ætlað að sækja sjer útlent vit, þá hafi hún komið heim ennþá heimskari en hún fór. Og orð hans styrktu þessa skoðun mína, þar sem hann sagði þessi lög sniðin eftir útlendum lögum. Já, þar liggur það, þau eru sniðin eftir lögum í landi, þar sem öll þau skilyrði eru fyrir hendi, sem eru nauðsynlegur grundvöllur fyrir framkvæmd þessa frv. En nefndin hefir gleymt því, að þau skilyrði eru ekki til hjer. Þetta frv. verður ekki annað en pappírsgagn, á meðan vanta aðalskilyrðin til þess að hjálpa þessum aumingjum, svo sem næg sjúkrahús o. fl. Þetta þarf fyrst, en til þess þarf ekki berklaveikisfrv. Í þessu frv. er mest komið undir hjeraðslæknunum, en jeg hygg, að jeg beri hjeraðslækna ekki röngum sökum, þótt jeg segi, að þeir hafi fylgt mjög slælega fram þeim berklaveikislögum, sem til eru. Jeg hýst þess vegna heldur ekki við, að mikils sje að vænta úr þeirri átt eftirleiðis, meðan flest skilyrði vantar til þess að þeir geti framfylgt lögunum.

Þorsteinn Jónsson: Það var út af brtt. á þskj. 169, að jeg vildi gera stutta athugasemd. Framsögumaður (M. P.) var búinn að svara háttvirtum flm. brtt. (J. S.), en honum sást yfir eitt atriði, sem jeg því vildi minnast á. Jeg lít svo á, að aðalástæðan fyrir því, að berklaveikisnefndin hefir ætlast til þess, að yfirsetukonur og kennarar fengju biðlaun í 2 ár, hafi verið sú, að þess er ekki krafist af neinum öðrum opinberum starfsmönnum, að þeir láti af störfum, ef þess verður vart, að þeir sjeu eitthvað sýktir af berklum. Þessi tillaga nefndarinnar er því rjettmæt og sjálfsögð. Háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) sagði, að engin ástæða væri til þess að ríkið gyldi þessi biðlaun, þar sem barnakennarar fái nú eftirlaun. Þessi umsögn er talsvert athugaverð, því að barnakennarar hafa nú alls engin eftirlaun. Það getur verið, að hv. þm. (J. S.) eigi við það, að ef lífeyrissjóðslög barnakennara verði samþykt, að þeir eigi þá rjett til styrks úr lífeyrissjóði. En barnakennarar mynda sjálfir lífeyrissjóðinn með því að gjalda í hann, en ekki ríkið.

Viðvíkjandi útreikningnum á því, sem sveitarfjelögin ættu að borga, þá er hann líka athugaverður. Háttv. þm. (J. S.) talaði um kennara, sem væru skólastjórar við heimavistarskóla. Það er nú ekki líklegt, að ríkið þurfi fyrst um sinn að borga mikið til slíkra manna, því að að því er jeg best veit, þá er alls enginn heimavistabarnaskóli til í landinu. Aðalatriði þessa máls er það, að fátækt knýi menn ekki til þess að dylja sjúkdóm sinn, en sjeu framtíðarhorfur slíkra manna mjög bágar, þá er hætt við því, að þeir reyni að dylja sjúkdóminn í lengstu lög.

Það áttu að vera ein höfuðmótmæli hjá hv. 2. þm. Skagf. (J. S.), að barnakennarar væru aðeins stuttan tíma við starf sitt. Það er rjett, að svo hefir verið hingað til í sveitum, en síðan lögin um laun barnakennara voru samþykt, er líklegt, að margir geri þennan starfa að æfistarfi sínu.

Sveinn Ólafsson: Jeg kann ekki við annað en að gera grein fyrir atkvæði mínu; það hafa fleiri þm. gert. Jeg treysti mjer ekki til að greiða atkv. með frv. þessu, og kannast jeg þó við góðan tilgang, sem að baki því liggur. En jeg álít, að ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, verði svo erfiðar í framkvæmd, að ekki verði við ráðið, nema þá í þorpum og þjettbýli. Jeg held því betra að bíða, og leita þá að skipulagi, sem betur hentar almenningi og betur á við landsháttu hjer. Frsm. (B. H.) sagði, að frv. væri sniðið eftir útlendum lögum, sem að þessu efni lúta. Jeg efast nú ekki um, að þetta sje rjett, og að líkt skipulag geti átt við í nágrannalöndunum, en þar finnum vjer hvergi þá landsháttu, sem hjer eru, hvergi annað eins strjálbýli, vegaleysi og erfiðleika um samgöngur, nema ef vera skyldi nyrst á Finnlandi og Lapplandi. Þá er kostnaðarhlið þessa máls mjög lítið rannsökuð. Vjer sjáum að eins hilla undir stórupphæðir, en vitum ekki með neinni vissu, hve háar þær verða, jafnvel ekki hvort hjeruðin hafa nokkur tök á að greiða þær. Og jeg skal taka það fram,, að jeg held, að ekki sje svo mikil hætta á ferðum eins og gefið er í skyn af meðhaldsmönnum frv. Jeg álít, að miklu megi til leiðar koma um varnir við berklaveiki með ötulu atfylgi lækna og hjeraðsstjórna, sem nú á síðustu árum hafa fengið mikinn áhuga á þessu máli, og víða hafa vakandi auga á því. Það er ólíkt, hversu miklu meiri alvörugefni ríkir nú hjá sveitarstjórnum í þessu efni en áður var, enda hefir skilningur almennings á hættunni og vörnum gegn henni aukist mjög síðari árin, og það er allra öruggasta vörnin.

En aðalatriðið er þetta, að jeg hygg, að

finna megi betri ráð til að samrýma tilgang frv. við staðháttu hjer en fundin eru, og vil því að framkvæmdum sje frestað og þeirra ráða leitað betur.

Magnús Pjetursson: Það eru nú alveg ný mótmæli, að frv. sje illa úr garði gert. Á það hefir hv. allshn. alls ekki minst, nje aðrir, sem gegn frv. hafa talað. Það hefði verið betra, ef háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefði getað stunið þessu upp úr sjer þegar við 2. umr., svo að mjer hefði gefist tækifæri til að gefa nákvæm og ítarleg andsvör, og það því fremur sem að í hjeruðum kring um háttv. þm. (Sv. Ó.) er mest berklaveiki á landinu. Jeg hefði því búist við því, að þm. úr þeim hluta landsins væri einna ákafastur í, að hafist væri handa sem fyrst.

Háttv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að það hilti undir stórar upphæðir, en annars væri enn engin vissa um kostnaðarhlið málsins. Þessar upphæðir eru nefndar með tölum, og jeg hygg, að þær fái staðist, sjeu þær þá ekki jafnvel hærri en þarf.

Að háttv. þm. (Sv. Ó.) heldur, að ekki sje svo mikil hætta á ferðum, hygg jeg að komi til af því, að hann hafi ekki kynt sjer málið nógu rækilega.

Viðvíkjandi ræðu háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) þá er jeg alveg mótfallinn því að fresta framkvæmdum í málinu til 1. janúar 1923. Það er engin ástæða til að klingja í sífellu um það, að það þurfi að fræða fólkið. Hjer er alls ekki að ræða um það, að demba eigi lögum yfir fólkið, því alveg að óvöru. Mörg fyrirmæli frv. hafa þegar verið framkvæmd, t. d. skólaeftirlit o. fl.

Það er líka undarlegt, að háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) og 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skuli fyrst nú hafa veitt því eftirtekt, að frv. er sniðið eftir útlendum lögum. Þessa er getið í greinargerð fyrir frv. Þeir hafa víst ekki einusinni nent að kynna sjer greinargerðina.

Viðvíkjandi þessu útlenda viti, sem nefndin átti að hafa sótt sjer, þá snertir það mig einan, þar sem jeg var sá eini af nefndarmönnum, sem fór utan. Mjer láðist nú að fá mjer gáfnavottorð, áður en jeg fór utan, og eins eftir að jeg kom heim, svo að jeg get ekki lagt neitt slíkt fram hjer í háttv. deild. Annars held jeg, að það þurfi ekki utanför til þess að verða heimskur, því að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir nú orðið vitgrannari með ári hverju, og er það þó ekki utanfarir sem valda því.

Jeg vil frábiðja mjer þá ásökun, að nefndin hafi ekki tekið til greina öll atriði viðvíkjandi sjúkrahúsum og öðru slíku í útlöndum. Háttv. þm. (S. St.) gat lesið um þetta í nál., en ummæli hans sýna, enn einu sinni, að hann hefir alls ekki kynt sjer málið. Það eru lönd til, sem alls ekki hafa fleiri sjúkrahús hlutfallslega en við. Og það má segja það, að þegar Norðurlönd byrjuðu á þessum ráðstöfunum, þá voru þar hlutfallslega alls ekki fleiri sjúkraskýli en hjá okkur hjer.

Jeg hefi svo ekki fleira að segja, en jeg skil alls ekki, að menn nú skuli svo mjög fara að fetta fingur út í frv.

Jón Sigurðsson: Það er aðallega háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), sem jeg þarf að svara nokkrum orðum. Hann sagði rjettilega, að ætlast væri til, að kennarar þyrftu að láta af störfum, ef þeir sýktust af berklaveiki. En jeg held því fram, að sjeð sje fyrir þessum mönnum í lífeyrissjóðslögunum, sem við höfum nú verið að semja. Og hvað því viðvíkur, að ríkið leggi ekkert til, þá er það rangt, þar sem 50 þús. kr. stofnsjóðurinn er frá ríkinu að mestu. Jeg veit, að það er enginn heimavistarbarnaskóli á landinu. En það er framtíðardraumur, og menn mjög sammála um, að

að því beri að stefna, svo fyllilega er rjettmætt að nefna þá menn, sem þá kæmu til greina.

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg þarf ekki að segja margt nú, jeg hefi lokið mjer af við 2. umr. að mestu. En orð háttv. þm, Str. (M. P.) gáfu mjer tilefni til að standa upp. Háttv. þm. (M. P.) sagði, að flest berklaveikistilfelli væru úr Norður-Múlasýslu, og þess vegna sæti illa á þm. þaðan að leggjast gegn þessu máli. Þessu er þar til að svara, að veikin er þar að vísu mest áberandi, eftir skýrslu milliþinganefndarinnar, en jafnframt segir nefndin, að hún virðist þar í rjenun nú. Þetta hefir engin áhrif á gerðir okkar Múlsýslinga nú í málinu. Jeg held, að það sje viljandi misskilningur háttv. þm. (M. P.), að við sjeum á móti málinu; við erum eins með því sem hann, en hitt viljum við, að framkvæmdir bíði þar til þær geta komið að notum. En allir eru sammála um, að svo verði ekki, þó að frv. verði samþ. nú. Til hvers er þá að vera að berja það fram? Málið er enn ekki nægilega undirbúið, og þjóðin hefir ekki fengið tækifæri til að láta í ljós álit sitt á því.

Jeg skal játa, að jeg tel skipunina á læknamálinu betri eins og hún var samþ. áður heldur en verið hefði eftir till. milliþinganefndarinnar, og jeg gæti því fylgt þessu máli nú, ef enn væri brtt. og till. háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) samþ. Þær hníga mjög í sömu átt og till. allsherjarnefndar. En hinsvegar vil jeg mótmæla því, að jeg vilji vinna gegn útrýmingu berklaveikinnar, og jeg held, að jeg hafi ekki gefið tilefni til slíkra aðdróttana. En háttv. þm. Str. (M. P.) leyfir sjer ýmsar fullyrðingar, sem hann reynir að nota, máli sínu til stuðnings.

ATKVGR.

Brtt. 233,1 samþ. með 16 : 5 atkv.

Brtt. 169,1 feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. S., M. G., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., Þór. J., B. H., H. K.

nei: Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., B. Sv.

Tveir þm. (E. E. og Gunn. S.) fjarstaddir.

Brtt. 169,2 tekin aftur.

— 169,3 feld með 16 : 8 atkv.

— 233,2 feld með 15 : 2 atkv.

— 233,3 samþ. með 14 : 2 atkv.

— 169,4 samþ. með 13 : 10 atkv.

— 233,4 feld með 14 : 10 atkv.

— 169,5 feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. A. J., J. S., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ.

nei: Jak. M., J. B., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., Þorl. G., Þorst. J., B. J., B. Sv.

Tveir þm. (E. E. og Gunn. S.) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 : 6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 366).

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þykist ekki þurfa að vera margorður um þetta

mál. Háttv. deild hlýtur að vera kunnugt um það, bæði af áliti milliþinganefndar, og eins af ferðalagi þess í gegn um háttv. Nd.

Frv. hefir tekið svo litlum breytingum, að engin þörf er að minnast hjer neitt á þær. Vona jeg nú, að háttv. Ed. geti fallist á það lítið breytt eða óbreytt, og stuðlað að því, að það nái samþ. þingsins.

Það er áríðandi, að sem fyrst komi út lög um þetta efni. Munu flestir þeirrar skoðunar, þó sumir sjeu á móti, að það nái fram að ganga þegar í stað, vegna kostnaðar þess, sem af því hlýtur að leiða. Vona jeg þó, að þeir reynist ekki fleiri hjer en svo, að frv. verði engin hætta af.

Bæði milliþinganefndin og þeir háttv. þm., sem um málið hafa fjallað í háttv. Nd., eru samdóma í því, að fyrsta og nauðsynlegasta sporið til varnar gegn útbreiðslu berklanna sje það, að vernda börnin sem allra best, því að meðal þeirra er sýkingarhættan mest, en örðugast um varnir, þar sem óvitar eiga oft hlut að máli.

Jeg vona, að frv. verði samþ. að mestu leyti eins og það er nú. Það er þannig gert, að ef breytingar yrðu gerðar á því að nokkru ráði, mundi það umhverfa frv. svo, að það yrði að miklu minni notum en til er ætlast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til lyfjasölunefndar (sjá A. bls. 1662) með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 440).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem stendur í nál. Nefndin er sammála um að leggja það til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, þótt hún hinsvegar sjái á því nokkra galla, sem ekki verður við gert að sinni. Einn er sá, að með því fyrirkomulagi, sem hjer er um að ræða, væri allmikið starf lagt á herðar læknum, en ef til vill mætti finna eitthvert ráð til að ljetta það starf, t. d. einkum með því, að lærðar hjúkrunarkonur, í hverri sveit, væru þeim til aðstoðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 366).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9. shlj. atkv. og afgreitt sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 546).

---

21. Óskilgetin börn.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (A. 21).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta er það af frv., sem konur, kvenfjelög víðsvegar um heim og alþjóða-kvenfjelög hafa mestan áhuga á. Það er, að sumu leyti, meiri þörf á því, að þetta mál fái góða úrlausn hjer en annarsstaðar. Að sumu leyti máske minnu úr að bæta hjer en annarsstaðar. Jeg hygg, að blettur sá, sem þótt hefir vera á óskilgetnum börnum, hafi ekki verið eins stór í meðvitund hinnar íslensku þjóðar eins og í meðvitund margra annara þjóða, og munurinn á meðferð og atlæti við óskilgetin börn, í samanburði við hin skilgetnu, hygg jeg, að varla hafi verið eins mikill hjer eins og víða er sagt frá annarsstaðar, að minsta kosti get jeg um það borið, að svo er það þar, sem jeg þekki til. Á hinn bóginn hefir þetta mál meiri þýðingu fyrir oss Íslendinga en flestar aðrar þjóðir, að því leyti, að óskilgetin börn eru tiltölulega fleiri hjer en annarsstaðar. Að þessu leyti er það bert, að misrjetti í þessum efnum kemur harðara niður, er það lendir á tiltölulega fleirum.

Lagamunurinn er nú mikill á skilgetnum og óskilgetnum börnum. Sje barnið skilgetið, fer afstaða þess, meðan það er í ómegð og þar til það fer að ráða sjer sjálft, yfirleitt eftir högum foreldranna beggja. Þeim er skylt að sjá fyrir barninu eins og sjálfum sjer, meðan það er ósjálfráða, og jafnvel þar á eftir.

Aflögufærum börnum skilgetnum er skylt að framfæra þurfandi foreldra. Skilgetin börn erfa foreldra sína, og foreldrar börnin. Foreldrar hafa, yfirleitt, jafna skyldu gagnvart börnunum og jafnan rjett, og barnið sömu skyldur og rjett gagnvart foreldrunum. Afstaða móður gagnvart óskilgetnu barni, og þess gagnvart móðurinni, er yfirleitt hin sama og foreldris gegn skilgetnu barni, og gagnkvæmt.

Faðir óskilgetins barns hefir hins vegar ekki aðrar skyldur gagnvart barninu en að gefa með því, meðan það er á ómaga aldri, og meðgjafarskyldan er einatt í framkvæmdinni ekki látin ná lengra en að hann gefi með því að sínum hluta. Aðrar sjerstakar skyldur hefir faðir óskilgetins barns ekki, og barnið engar skyldur við föður sinn, fremur en óskylda menn; hvorki erfir barnið föður að lögum, nje hann það.

Jeg ætla ekki að fara að tína ástæðurnar til þess, að svo mikill munur er gerður milli skilgetinna og óskilgetinna barna, bæði lagalegur og annars. Sjálfsagt hefir miklu ráðið hjer um, að það hefir þótt styrkja hjónabandið að gera þennan mun hjónabandsbarna og annara. En að konur, að minsta kosti, — og þeim ætti ekki að vera síður ant um hjónabandið en karlmönnum —, líti ekki svo á, að nauðsynlegt eða rjett sje að gera þennan mun skilgetinna og óskilgetinna barna, sýnir best áhugi sá, er þær hafa sýnt í því að reyna að rjetta hlut óskilgetinna barna og mæðra þeirra. Annars hafa og hugir löggjafanna snúist mjög að því, hin síðari árin, að tryggja svo, sem auðið er, kjör óskilgetinna barna og mæðra þeirra, svo sem þarf, barnanna vegna.

Fullkominn jöfnuð með skilgetnum og óskilgetnum börnum er ekki unt að gera, aðallega vegna þess, að foreldrar þeirra búa jafnaðarlega ekki saman. Þess vegna hefir verið horfið að því að gera sem ríkastar skyldur föður óskilgetins barns, að hann leggi svo mikið af mörkum, barninu til handa og móður þess, vegna barnsfarar, að búast megi við, að barnið fái sæmilegt uppeldi. Það er gert í frv. þessu. Auk þess leggur frv. yfirleitt að öðru leyti sömu skyldur á herð-

ar föður óskilgetins barns, og veitir honum sömu rjettindi, sem um skilgetið barn væri að ræða, og hið sama er að segja um skyldur og rjettindi óskilgetins barns að þessu leyti. Þannig er því farið með erfðarjettinn. Hórbörn, sem nú eru talsvert ver sett en önnur börn óskilgetin, eru í þessu frv. gerð jafnrjetthá.

Sjerstök ákvæði frv. stefna öll sjerstaklega að því að tryggja, að umgetið markmið náist á sem auðveldastan og tryggastan hátt. Það er leitast við að gera eftirgrenslun eftir faðerni sem auðveldasta, með hliðsjón af því jafnframt, að rjettur karlmanns, er barn er kent, sje eigi fyrir borð borinn. Það er leitast við að vernda sem best rjett óskilgetins barns og barnsmóður, og á hinn bóginn að veita sanngjarnlega barnsföður rjettindi til móts við skyldur. Allsherjarnefnd Ed. 1919 viðurkendi, að efni þessa frv. væri rjettmætt. Sje svo, þá er hjer rjettlætisverk að vinna, sem ekki má dragast, að unnið verði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 12 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 387).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Það er mikið og merkilegt mál, sem hæstv. stjórn hefir lagt fyrir þingið, þar sem er frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Eins og kunnugt er, er mikill munur á afstöðu foreldra til skilgetinna og óskilgetinna barna að núgildandi lögum. Hagur skilgetins barns fer eftir hag foreldranna. Þau eru bæði jafnt skyld að sjá fyrir barninu, meðan það er í æsku, og framfæra það til 16 ára aldurs. Og jafnvel eftir það helst framfærsluskyldan, ef foreldrar eru aflögufærir. Jafnframt framfærsluskyldunni hvílir og á þeim sú skylda að ala börnin upp í nýta borgara. Eins hafa börnin skyldur gagnvart foreldrum sínum, og ber að ala önn fyrir þeim, ef þau geta. Foreldrar erfa börn sín, og börnin erfa foreldrana, jafnt bæði foreldranna. Þá ráða og foreldrarnir fyrir börnunum til 16 ára aldurs, og ráða jafnt bæði foreldrin.

Óskilgetið barn hefir sömu afstöðu til móður sinnar og skilgetið væri, og eins móðirin til barnsins. En um föðurinn er alt öðru máli að gegna. Á honum hvílir ekki önnur skylda en sú, að gefa með barninu til 16 ára aldurs, að sínum hluta, þá upphæð, sem ætla má, að nægi til þess að veita barninu það, sem kallað er „forsvaranlegt uppeldi". Eftir 16 ára aldur barnsins hefir faðirinn engar skyldur gagnvart barninu, og getur það því farið á sveitina síðar, þótt faðirinn sje ríkur. Hinsvegar hefir barnið ekki heldur skyldur gagnvart föðurnum. Það erfir hann ekki, og hann ekki það, nema hann hafi þinglýst barninu.

Það er því mikill rjettarlegur munur á skilgetnu og óskilgetnu barni, en þó er kjaramunurinn enn meiri. Því að skilgetin börn alast upp á heimili foreldranna, og fer vel um þau, en óskilgetið barn fylgir móður sinni, og hagur þess fer eftir hag hennar. Og hagur móðurinnar er oft þröngur. Það er mikill hnekkir fyrir konu að eiga barn í lausaleik. Hún er látin gefa með barninu að sínum hluta, verður óvinnufær um tíma, og fær engar bætur fyrir það. Fyrst eftir fæðingu barnsins er hægt að skylda föðurinn til að greiða sinn hluta af meðlaginu. Auk

þess þarf hún stundum að standa í málastappi, til þess að feðra barnið, og meðlagið greiðist oft seint, og gengur illa að ná því. Og þótt nokkuð hafi verið gert á seinni árum, til þess að hjálpa barnsmæðrum, til þess að fá meðlögin greidd, þá vill það ennþá oft verða misbrestasamt. Af þessu er auðsjeð, hver munur er á kjörum barnanna. Óskilgetnu börnunum líður ver. Það sjest, meðal annars, á því, að miklu hærri hundraðshluti þeirra deyr á unga aldri heldur en hjónabandsbarna, og erlendar hagfræðiskýrslur sýna líka, að tiltölulega fleiri þeirra lenda í glæpamannatölu.

Menn hafa lengi fundið, að nauðsynlegt væri að bæta hag óskilgetinna barna. Á Alþingi 1917 bar þáverandi 2. þm. Árn. Einar Arnórsson, prófessor, fram þingsályktunartillögu um að skora á stjórnina að athuga málið, og leggja síðan fyrir Alþingi. Stjórnin varð við þessu, sneri sjer til lagadeildar Háskólans, og síðan samdi Lárus H. Bjarnason, þáverandi prófessor, þetta frv., sem hjer liggur fyrir sem næst óbreytt. Var það fyrst lagt fyrir Alþingi 1919, síðan 1920 og loks nú, og hefir það komist þetta lengst, að komast úr nefnd í þessari háttv. deild.

Höfundur frv. hefir vandað vel til þess, og haft sjer til hliðsjónar nýustu lög nágrannaþjóðanna, dönsk lög frá 27. maí 1908, norsk lög frá 10. apríl 1915 og sænsk lög frá 13. júní 1917.

Aðaláherslan er í þessu frv. lögð á að bæta aðstöðu móðurinnar, og þó einkum barnsins. Annars er ógerningur að gera óskilgetin börn jöfn skilgetnum að öllu leyti, þegar af þeirri ástæðu, að hjónabandsbörn alast upp með báðum foreldrum sínum, en óskilgetin venjulega aðeins með öðru foreldranna. Báðir foreldrarnir geta því ekki haft jafnan rjett yfir barninu, og þá verður rjettur móðurinnar, af eðlilegum ástæðum, að ganga fyrir rjetti föðursins. En af því leiðir, að ekki er hægt að leggja sömu skyldur á herðar föður óskilgetins barns, gagnvart því, og móðurinnar.

Þá eru ákvæði um hjálp til handa móðurinni til að feðra barnið og fá styrk frá föður þess, meðan hún er ófær til vinnu vegna barnsfæðingarinnar.

Þarf jeg svo ekki að fara frekar út í einstakar greinar frv. Þeim, sem vilja leita sjer frekari fræðslu um málið, vil jeg leyfa mjer að vísa til aths. við frv., sem prentaðar eru í Alþt. 1919. — Get jeg svo látið mjer nægja að vísa til nál. viðvíkjandi brtt. nefndarinnar, og sje ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið háttv. nefnd þakklátur fyrir meðferð hennar á þessu frv., og mjer er það mikið ánægjuefni, hve greiðlega afgreiðsla þess hefir gengið, þrátt fyrir mikil og margvísleg störf þessarar nefndar.

Jeg hefi sagt það, að þótt hin sifjafrv. sjeu mikilsverð, þá er þó þetta frv., sem jeg legg mesta áherslu á, því að þetta er hið mikilvægasta þeirra, og hefir mikla þjóðfjelagslega þýðingu.

Brtt. nefndarinnar eru allar þannig, að jeg geri þær ekki að deiluefni.

Brtt. háttv. nefndar við 1. gr. tel jeg eigi að öllu leyti heppilega. Það eru fleiri en háttv. nefnd, er hefir fundist ákvæði frv. hjer miður viðkunnanleg, en jeg verð þó að líta svo á, að rjettast hefði verið að halda greininni óbreyttri. Það er alveg hugsunarrjett og skýrt að hafa hjer neikvæð ákvæði, því að hugtakið skilgetin börn er alveg fast í löggjöfinni. —Það, sem jeg set mest út á orðalag hv.

nefndar á 1. gr., er það, að undir skilgetin börn koma þar ekki skilgerð börn, en það er tilgangur frv.

Á hinn bóginn getur þetta ekki bagað neitt í framkvæmdinni, og vonandi ekki í lögskýringum.

Svo er 3. brtt. Hennar er ekki þörf, en hún gerir heldur ekkert til. Þá er 19. brtt. Það er, að orðin „með móðurforeldri eða móðursystkini" falli niður. Þetta ákvæði háttv. nefndar kemur ekki alveg heim við þá hugsun frv., að öðru leyti, að veita föður óskilgetins barns yfirleitt sömu rjettindi gegn barninu sem móður þess, aðeins með þeim forrjetti, sem í því er veittur henni. Hjer er þessi forrjettur veittur móðurfrændum. En með því, að til þarf hjer að koma úrskurður stjórnarráðs, er ekki ástæða til að deila um þetta.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Nefndinni fanst nauðsynlegt að skilgreina í 1. gr., hvað óskilgetin börn væru, af því, að ekki er víst, að frv. um afstöðu foreldra til skilgetinna barna geti orðið að lögum samtímis þessu frv.

Á skilgetnum og skilgerðum börnum er sá „faktiski" munur, að skilgetnu börnin eru fædd í hjónabandi, eða svo skömmum tíma eftir hjúskaparslit, að getin geta verið í hjúskapnum, og skilgetnaður þeirra er ekki vefengdur á þann hátt, sem lög mæla fyrir, en skilgerðu börnin ekki. Á rjettarstöðu skilgetinna barna og skilgerðra barna er og mismunur, sbr. 40. gr. frv. þessa.

Frv. gerir því sjálft mun á skilgetnum og skilgerðum börnum, og get jeg þá ekki sjeð, að það sje galli á skilgreiningunni í 1. gr. frv., þótt skilgerð börn komi þar ekki undir skilgetin börn.

3. brtt. nefndarinnar telur hæstv. forsætisráðherra (J. M.) óþarfa, en meinlausa. Nefndinni finst brtt. til bóta, og jeg er ekki í vafa um, að svo sje. Það er ekki ætíð gott að ákveða það með vissu, er kona fæðir barn, hvort það sje óskilgetið eða ekki. Sje barnsmóðirin ógift, er vafinn auðvitað enginn, en öðru máli er að gegna, ef móðirin er gift, þá getur barnið bæði verið skilgetið og óskilgetið, og þykir því rjettara að orða greinina eins og nefndin leggur til heldur en eins og hún er í frv.

Fyrir b-lið brtt. við 33. gr. er gerð lítillega grein í nál. Hjer er að ræða um óskilgetin börn, sem missa móður sína, meðan þau eru ósjálfráða. 33. gr. byrjar svo:

> „Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráða barni sínu, eða fer alfarin af landi burt, eða telst óhæf, að dómi valdsmanns, með ráði sóknarprests og hjeraðslæknis, til að ala barnið upp, og á þá faðir þess rjett til að fá umráð yfir barninu, ef hann skilgerir það, á þann hátt, er segir í 38. gr., eða þinglýsir því samkvæmt 39. gr."

Þetta gildir aðeins þegar móðir er dáin, eða svo er ástatt um hana, sem segir í greininni, og er rjettur móðurinnar því óskertur af brtt.

En það er kunnugt, að það fer ekki eftir skyldleika, hve miklu ástfóstri fósturforeldrar taka við fósturbörn sín. Og nefndinni fanst ástæða til að leyfa þeim fósturforeldrum, er haft hafa barn á fóstri um lengri tíma, meðgjafarlaust, að halda því framvegis, ef þau æskja, þótt faðirinn kynni að krefjast þess að taka það til sín.

Jeg hefi svo eigi fleiru við að bæta, en vildi mega biðja hæstv. forseta (G. B.) ið lokið hjer nógu tímanlega til þess, að ið lokið hjer nógu tímanlega, til þess að málið gæti orðið afgreitt frá þessu þingi.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er alls ekki tilgangur frv. að breyta því, sem nú

er fast í lögum, að skilgerð börn, eftir að þau eru skilgerð, kallast og eru að lögum skilgetin, með skilgetinna barna rjettindum, og teljast beint skilgetin, gagnstætt óskilgetnum börnum.

Þá skal jeg minnast á 14. gr. Henni er ofurlítið breytt, í þá átt að binda dómarann meira en frv. ætlast til. Jeg tel það ekki til bóta, en legg á hinn bóginn ekki mikla áherslu á þetta atriði.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Út af ummælum hæstv. forsætisráðherra (J. M.) um 9. brtt. nefndarinnar við 14. gr., skal jeg taka það fram, að nefndin lítur svo á, að tryggja verði og barnsföðurinn. Því megi ekki gefa dómara leyfi til að dæma mann föður að barni, nema miklar líkur sjeu fyrir hendi.

Höfundur frv. fer svofeldum orðum um þetta í aths.: „Sannist, að karlmaður hafi haft samfarir við konu á barngæfum tíma, og sje eigi ástæða til að ætla, að aðrir hafi átt samfarir við hana um líkt leyti, virðist brotalaust eiga að dæma manninn föður barnsins".

Nefndin er honum sammála í þessu, en fanst hann ekki hafa orðað hugsunina nógu skýrt, og vill því bæta úr því með brtt.

Jeg hefi, að sjálfsögðu, mikið álit á dómarastjett þessa lands, en tel þó ekki rjett, að þeir hafi eins óbundnar hendur og þeir hafa eftir greininni, eins og hún er orðuð í frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Okkur ber nú furðulítið á milli í þessu atriði, 14. brtt., og er það ekkert nýmæli, þó að deilur verði um þetta atriði, því að heilum lögfræðingaskólum ber á milli um þetta.

En ef nokkursstaðar er ástæða til að gefa dómurum lausan tauminn, þá er það einmitt í þessu.

Hvað snertir undantekninguna frá 14. gr., þá er það tekið fram í 19. gr., og hefði nægt að vísa til hennar. En þetta er svo ómerkilegt atriði, að um það skal jeg eigi fjölyrða.

ATKVGR.

Brtt. 387,1 samþ. án atkvgr.

— 387,2 (breytt 1. gr.) samþ. með 11 : 1 atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 387,4.a.—b. samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13. shlj. atkv.

Brtt. 387,5 samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13. shlj. atkv.

Brtt. 387,6 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 387,7 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

8.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,9 (breytt 14. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

15.—16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,8 samþ. án atkvgr.
— 387,10 samþ. með 11 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 12. shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,11.a.—b. samþ. án atkvgr.

19. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,12 samþ. án atkvgr.

21. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,13 samþ. án atkvgr.

25. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
26.—27. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 387,14 samþ. án atkvgr.

28. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,15.a.—c. samþ. án atkvgr.

29. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,16.a.—d. samþ. með 13 shlj. atkv.

30. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,17 samþ. án atkvgr.
— 387,18 samþ. án atkvgr.

32. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,19a. samþ. án atkvgr.
— 387,19b. samþ. með 13 shlj. atkv.

33. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
34.—35. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,20 samþ. án atkvgr.
— 387,21,a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 387,21,b. samþ. án atkvgr.

36. gr., svo breytt, samþ með 14 atkv.

Brtt. 387,22. samþ. án atkvgr.
— 387,23. samþ. án atkvgr.

37. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 387,24. samþ. án atkvgr.

38. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
39.—40. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 387,25. samþ. án atkvgr.
— 387,26. samþ. án atkvgr.

41. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 387,27.a.—b. samþ. án atkvgr.

42. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 387,28.a.—b. samþ. án atkvgr.

43. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 387,29.a.—d. samþ. án atkvgr.

44. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
45. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 387,30. samþ. án atkvgr.

46. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn frv., II., III., og VI. kap., með áorðnum breytingum, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 415).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að mæla með því, að háttv. deild samþykki frv. þetta eins og það liggur fyrir, því að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á því, eru svo smávægilegar, að undantekinni einni, að vel má við una.

Jeg vil þá minnast á brtt. nefndarinnar við 1. gr. Jeg hefi ráðfært mig við höfund laganna, Lárus H. Bjarnason hæstarjettardómara, og er hann alveg sammála mjer um það, sem jeg sagði í gær. Hann skaut því fram, að 2. gr. mætti fella niður, og færa hana aftur fyrir 36. gr., en þó álít jeg, að frv. eigi að fara eins og það er til háttv. Nd. En ef fyrsta grein ætti að standa, þá mætti bæta við hana eftirsetningu „nema skilgerð sjeu".

Annars er bygt á því, að frv. um skilgetin börn nái fram að ganga, og vona jeg að svo verði.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg tók fram í gær ástæðu fyrir því, að nefndin þóttist þurfa að skilgreina, hvað væru óskilgetin börn. Ástæðan var sem sje sú, að nefndin bjóst ekki við, að frumvarpið um skilgetin börn næði fram að ganga á þessu þingi. Nú hefir nefndin farið yfir þetta frv., og hefir ekkert sjerstakt við það að athuga, og eru því miklar líkur til, að það nái nú fram að ganga.

Nefndin er því ekkert á móti því að fella 1. gr. niður, eða breyta henni í líka átt og hún var.

En eins og forsrh. (J. M.) sagði, álít jeg rjett að láta frv. ganga svona til neðri deildar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 415).

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg mintist á þetta mál í gær, og mæltist þá til þess að háttv. deild tæki því vel og ljeti það ganga fram.

Jeg þarf því ekki að taka það upp, sem jeg sagði um málið í háttv. Ed. Flestum háttv. þm. mun málið kunnugt frá fyrri þingum.

Þetta er eitt af þeim þremur sifjafrv., sem nú eru lögð fyrir þingið í þriðja sinn. Varðar það mestu um þetta frv., að það bætir úr þeim mismun og misrjetti, sem hingað til hefir verið milli skilgetinna og óskilgetinna barna, eftir því sem hægt er undir því þjóðfjelagsskipulagi, sem nú er.

Í háttv. Ed. var þessu frv. ekki breytt í neinu, sem verulegt er. Að vísu var dálítið skertur rjettur föður yfir óskilgetnu barni, en yfirleitt er svo fyrir mælt í þessu frv. annars, að rjettur föðursins sje jafnmikill til barnsins sem föður skilgetins barns, að undanteknum rjetti móðurinnar til að hafa barnið hjá sjer.

Þá er dálítil breyting á orðalagi 1. gr. Í stjfrv. var neikvæð skýring á því,

hvaða börn væru óskilgetin, sú, að öll þau börn væru óskilgetin, sem ekki væru skilgetin; þessu hefir verið breytt í háttv. Ed. í jákvæða skýrgreiningu, en mjer fyrir mitt leyti finst hún ekki vera nógu víðtæk. Ljet jeg þess getið í umræðunum, að jeg mundi skjóta því til nefndar í háttv. Nd., að annaðhvort yrði orðalagi greinarinnar breytt, eða hún feld niður. Frsm. allshn. í háttv. Ed. (Jóh. Jóh.) tók þessu vel, og eru því líkur til samkomulags, þótt gr. yrði breytt. Annars vildi jeg, að frv. þetta yrði samþykt óbreytt hjer í háttv. deild. Jeg held að það sje svo sómasamlega úr garði gert, að það megi ganga fram alveg eins og það er.

Jeg hefi spurt háttv. allshn. Ed. um 3. frv., og mun það líklega koma svo fljótt, að það geti fylgst með hinum frv., og er þá mikil bót ráðin á þessum bálki laganna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 14 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr (A. 415, n. 463).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að 1. gr. væri öðruvísi orðuð en rjettast væri, en það getur þó í framkvæmdinni ekki haft neina þýðingu, svo jeg mæltist til þess við háttv. nefnd að lofa málinu fram að ganga, án nokkurra breytinga, svo frv. mætti að lögum verða. Á þetta hefir nefndin fallist, og að engin breyting er gerð, er sem sje í samráði við mig.

Jón Þorláksson: Kvenfjelag hjer í bænum, sem lætur sjer mjög ant um þetta mál, hefir beðið mig að hreyfa því hjer, hvort ekki væri fært að taka inn í frv. ákvæði um það að skylda barnsmæður til þess að feðra börn sín.

Jeg hefi ekki borið fram brtt. í þessa átt, en vildi leyfa mjer að spyrja stjórnina og háttv. nefnd, hvort þetta ákvæði hafi ekki komið til íhugunar, og hvort ekki væri hægt að taka það inn í frv.

Mjer er sagt, að talsvert mikil brögð sjeu, því miður, að því upp á síðkastið, að mæður feðri ekki börn sín. Þetta verður óþægilegt fyrir börnin, er þau komast til vits og ára, og hvaða afleiðing það getur haft fyrir sifjalöggjöf þjóðarinnar, að hjer alist upp fjöldi barna, sem enginn veit ætterni á, ætti löggjafarvaldinu að vera ljóst.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki svarað því fyrir hönd allshn. Ed., hvort svona víðtæk breyting geti orðið til þess að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Jeg viðurkenni það, að ef mikil brögð eru að því, að börn sjeu ekki feðruð, þá er það slæmt. Slíkt var mjög sjaldgæft í minni ætt og þóttu stórtíðindi.

En þó þessu yrði ekki breytt nú, þá má altaf gera það seinna.

Ef hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) leggur mikið kapp á þetta mál, þá getur hann náttúrlega borið sig saman við nefndir beggja deilda, og heyrt undirtektir þeirra. En sem sagt, jeg hefði heldur kosið, að þetta biði nú, og breyting í þessa átt kæmist á seinna.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal fyrir hönd allshn. taka það fram, að þetta kom ekki beint til umr. í nefndinni.

Jeg hefi heyrt það og lesið það í blöðum, að ilt þætti, að ekki væri ákvæði í lögum, sem skyldaði móður til að feðra börn sín. Þó held jeg, að nefndin geti ekki tekið þetta upp nú. Því að vel gæti þá svo farið,

að þetta yrði til að tefja framgang málsins á þessu þingi, eins og hæstv. forsrh. (J. M.) tók rjettilega fram. Engin vissa er og heldur fyrir því, hversu þessari breytingu yrði tekið í háttv. Ed.

Út í afstöðu mína til þessarar breytingar skal jeg ekki fara, nje heldur get jeg nokkuð ákveðið sagt um afstöðu nefndarinnar, ef hún tæki þetta mál til athugunar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—46. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 415).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 549).

---

22. Fjáraukalög 1920 og 1921.

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (A. 30).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg þykist vita, að ýmsum muni þykja há sú fjárhæð, sem hjer er farið fram á aukafjárveitingu fyrir, og jeg viðurkenni, að svo er, en vil um leið geta þess, að stjórnin á þar á minsta sök, því að langflestar fjárveitingarnar eru annaðhvort beinlínis samþyktar af síðasta þingi eða eru afleiðingar af gerðum þess eða fyrri þinga.

Eins og frv. ber með sjer, eru það tæpar 835.000 kr., sem frv. ræðir um, og er langmestur hluti þessarar fjárhæðar þegar greiddur, og talinn í gjöldum síðastliðins árs. Mjer telst svo til, að það sjeu um 75.000 kr. ógreiddar, sem koma á árið 1921.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta frv. nú, en legg til, að því verði, er þessari umr. er lokið, vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 1657) í e. hlj.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var framhaldið 1. umr. (A. 30, n. 128, 129, 138, 152, 163, n. 180, 181).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 128, 129, 138, 152, 163, n. 180, 181, 198).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg býst ekki við að þurfa að vera langorður að

þessu sinni, því að nefndarálitið er svo greinilegt, að þar er óvíða nokkru verulegu við að bæta. Vona jeg og, að háttv. deildarmenn hafi lesið það, þó að þeir, ef til vill, nú hafi gleymt sumu, þar sem svo langt er liðið síðan það kom fram. En þá gera þeir svo vel og rifja það upp fyrir sjer aftur, enda mun jeg þá síðar, undir umr., gefa allar þær upplýsingar, sem mjer er unt, ef þess yrði óskað. Og þótt mjer kynni að skjótast yfir að gera grein fyrir einhverju atriði, sem háttv. deildarmenn vildu vita, vænti jeg þess, að þeir geri fyrirspurnir, ef þeir þykjast þurfa frekari skýringa. Einnig vona jeg, að þeir, sem eru á móti einstökum brtt., láti til sín heyra, svo nefndin geti gefið allar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar, og borið hönd fyrir höfuð sjer.

Brtt. nefndarinnar á þskj. 129 hafa í för með sjer rúmlega 116 þús. kr. gjaldauka, ef samþyktar verða, en þrátt fyrir það, þó að nefndinni og öðrum þyki þetta nokkuð há upphæð, þá mun vart verða litið svo á, að hún hafi getað gengið skemra, nje farið mjög öðruvísi að ráði sínu. Og þó að þessi upphæð, eins og jeg tók fram, kunni að þykja nokkuð há, þá eru ekki þar með öll kurl til grafar komin frá nefndinni, því að hún mun neyðast til að bera fram fyrir 3. umr. nokkrar brtt. Hversu miklu þær muni nema, er enn ekki unt að segja, enda þótt sumar sjeu þegar ákveðnar, þá eru þó enn eftir nokkur skjöl, sem nefndin hefir enga afstöðu tekið til, en mun, að sjálfsögðu, ákveða sig fyrir síðustu umr.

Af þessum atriðum get jeg t. d. nefnt tvo skóla, sem æskja aukastyrks. En það eru Hvítárbakkaskólinn og Flensborgarskólinn, og enn fleiri erindi liggja fyrir.

Að svo mæltu vil jeg snúa mjer þegar að brtt., og reyna, í sem allra fæstum orðum, að gera grein fyrir þeim.

Það getur verið, að fyrsta brtt. láti illa í eyrum sumra háttv. deildarmanna, af því, að þar er um launabætur að ræða, en jeg er þó sannfærður um, að ekki þurfi mörg stuðningsorð að fylgja henni, því að ofurlítil umhugsun hlýtur að vera næg til þess að sannfærast um sanngirni hennar. Ráðherrarnir hafa nú að launum, svo sem kunnugt er, enda tekið fram í nál., 10 þús. kr. á ári. Það verður ekki um það deilt, að þetta getur ekki verið nægilegt fyrir þá til framfærslu hjer í Reykjavík, og nefndin lítur svo á, að ráðherrarnir eigi ekki að þurfa að gefa með sjer, til þess að fá að gegna þessu embætti, en svo hlýtur þó að fara á þessum tímum. En það vil jeg undirstrika, að upptök þessara launabóta eru ekki komin frá ráðherrunum sjálfum, og ekki mega þær heldur skoðast sem persónubætur, enda er það skýrt tekið fram í nál. 128, að þetta er upp tekið af nefndinni sjálfri. Nefndin lítur svo á, að launa eigi ráðherrana svo, að þeir beri ekki það skarðan hlut frá borði, að þeir neyðist til að biðja hjálpar, eftir að þeir hafa látið af starfinu. Sú braut er hættuleg; hjer er sporið stigið í rjetta átt, og það mun reynast best. Þessar uppbætur á ráðherralaununum eiga að vera fyrir árin 1920—1921, og eru því ekki bundnar við nöfn, heldur við embættin, og koma því ekki eingöngu til þeirra, sem nú sitja að völdum, heldur og til annara, sem gegnt hafa starfinu eða munu gegna því á þessum tíma.

Um næstu brtt. er það að segja, að litlu er við að bæta það, sem um hana er sagt í nál. Þó vil jeg taka það fram og undirstrika, að reiða má sig á, að maður sá, sem þarna er nefndur, er svo á vegi staddur, að hann getur ekki aflað sjer þeirrar heilsubótar, sem læknar gefa honum vonir um, nema því aðeins að ríkið hlaupi að einhverju leyti undir bagga með honum. Að vísu býst jeg við, að ýmsum hv. deildarmönnum þyki þetta hættuleg braut, sem hjer er gengið inn á, en jeg sje ekki aðra

leið færa, og þó að það sje ótítt hjer, hefir slíkt þó tíðkast um langt skeið í öðrum löndum, að embættismönnum sje veitt frí um 1 ár, en haldi fullum launum, og einnig þekt hjer, að minsta kosti við stofnanir, sem ekki eru reknar af ríkinu. Og þó að nokkru öðruvísi sje farið með þennan sýslumann en hann fór sjálfur fram á, að yrði gert, þá ætti það vonandi ekki að breyta neinu. Hann fór fram á að fá styrk til þess að reka embættið upp á sína ábyrgð, en hæstv. forsrh. (J. M.) lagði til að láta hann halda fullum launum eitt ár, og að ríkið sæi um rekstur embættisins á meðan, og setti þar mann til þess að þjóna því á eigin ábyrgð. Og þessa leið hefir nefndin líka talið heppilegri.

Þá kem jeg að þriðju brtt., um styrk til sjúkrahússins á Akureyri. Er í nál. gerð grein fyrir þessari till., og þess getið einnig, að hún sje eina till., sem nefndin hafi ekki orðið sammála um, enda er nú komin fram brtt. frá einum manni úr nefndinni. En þó vil jeg bæta við það, sem áður er sagt í nál. viðvíkjandi þessum styrk, og taka fram fyrir hönd allrar nefndarinnar, að skilyrði fyrir slíkum styrk eigi fyrst og fremst að vera það, að uppdrættir og kostnaðaráætlanir sjeu sendar stjórnarráðinu til athugunar. En þetta hefir ekki verið gert, og þó að nefndin láti við svo búið standa, að sinni, er hún á einu máli um það, að út frá þeirri reglu eigi ekki að víkja í framtíðinni. Ástæðurnar fyrir því, að stjórnarráðinu hafa engin slík plögg borist, munu vera þær, að Akureyringar hafa litið svo á, að hjer væri um aðgerð að ræða, en ekki nýbygging, enda mun hafa verið svo til ætlast í upphafi, að gera aðeins við sjúkrahúsið, þó að úr því yrði samhliða nýbygging. Að vísu er þetta nýja hús ætlað til íbúðar starfsfólkinu, sem áður bjó í spítalanum, og mætti því hugsast, að Akureyringar hefðu ekki talið heyra undir áðurnefnt ákvæði. En þá má skjóta því fram hjer, til upplýsingar hv. þm., að í brjefi frá spítalastjórninni er það tekið fram, að reynist svo, að spítalinn verði samt of lítill, þrátt fyrir aðgerðina á sjálfum spítalanum, þá sje svo um hnútana búið, að taka megi 1—2 stofur í hinu nýja húsi handa sjúklingum, og er þetta því einnig sjúkrahús.

Þá kem jeg að 4. lið nál., um styrk til berklahjúkrunarfjelagsins „Líknar". — Þetta fjelag var sett hjer á stofn fyrir aðstoð góðra kvenna. Störfum þess var að ýmsu áfátt í fyrstu, húsnæði ilt og ófullkomið, og læknir enginn. Olli því fjárskortur þá. En nú hefir fjelagið útvegað sjer ágætt húsnæði, útbúið það vel og sent hjúkrunarkonu til útlanda, til þess að kynnast fyrirkomulagi slíkra stofnana erlendis. Það var því eðlilegt, að nefndin, og ekki síst jeg, vildi styrkja þessa stofnun ríflega, þar sem hjer er um að ræða varnir gegn berklaveikinni. Það hefir að vísu heyrst, að ekki væri rjett að styrkja þessa stofnun, vegna þess, að hún væri eingöngu fyrir Reykjavík. En til þessa er tvennu að svara. Fyrst því, að bæjarsjóður Reykjavíkur styrkir einnig þessa stofnun ríflega. Og í öðru lagi er það ekki heppilegt, að hvert sveitarfjelag sjái um sig í þessum efnum, heldur þarf að vera samvinna milli sveitarfjelaga og stjórnar, og ríkissjóður að bera nokkurn hluta kostnaðar, ef að fullu gagni á að koma. Það er og ekki rjett, að þessi stofnun sje fyrir Reykvíkinga eingöngu, heldur er fjöldi utanbæjarmanna, sem gagns nýtur af þessu fjelagi, ekki síst þar sem læknir heilsuhælisins á Vífilsstöðum, Sigurður Magnússon, er nú orðinn læknir þessarar stofnunar.

Þá kem jeg að næsta lið, sem er um uppbót á launakjörum A. L. Petersen, fyrv. stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum. Jeg verð

að játa það, að mjer mun hjer verða orðfátt, því að þetta er vandræðamál og allflókið. Væri því æskilegt, að hæstv. stjórn aðstoðaði mig í því að gera málið háttv. þdm. skiljanlegt. Eftir þeim skjölum, sem nefndin hefir fengið í hendur, lítur helst svo út, sem þessum manni hafi einhvernveginn verið komið burt úr embættinu, jafnvel keyptur til þess, því að í skjölunum segir landssímastjóri, að hann hafi sagt Petersen, að ef hann segði lausri stöðunni, þá myndi hann (landssímastjóri) styðja beiðni hans um 10.000 kr. uppbót. Stjórnin sjálf hefir og mælt með því, að kröfum þessa manns verði að einhverju sint. Sjálfur fer þessi maður fram á 17000 kr. í skaðabætur. Þessi liður er í mínum augum talsvert varhugaverður. Það er óviðkunnanlegt að veita starfsmönnum uppbót á margra ára gömlum launum. Og ef slíkt yrði gert að reglu, þá yrðu þeir vafalaust allmargir, er gert gætu kröfu til slíkrar uppbótar. En það er ekki meining nefndarinnar að ganga inn á þá braut. Nefndin hefir í þessu efni farið eftir brjefi frá hæstv. stjórn, þar sem hún mælir með því, að beiðnin verði að einhverju leyti tekin til greina. Og í samtali, sem nefndin átti við hæstv. atvrh. (P. J.), þá stakk hann upp á 5000 kr. upphæð, sem nefndin svo fjelst á. Og er þetta bygt á þeirri hugmynd, að þessi maður hafi að einhverju leyti verið illa meðfarinn og orðið að ósekju fyrir tjóni.

Annars eru þessi skjöl allfróðleg, og gaman fyrir háttv. þm. að kynnast þeim. Skylt er að geta þess, að ekki er í neinu hægt að ráða það af skjölunum, að þörf hafi verið á að losna við þennan mann úr stöðunni. Þvert á móti hefir landssímastjóri gefið honum vottorð, sem ber það með sjer, að hann hafi staðið mætavel í stöðu sinni. Um næstu tvo liði og brtt. við 4. gr. held jeg, að sje óþarft að ræða, umfram það, sem fram er tekið í nál. Hvorugt er flókið atriði.

Þá kemur 8. liður nál. og brtt. 4 c. á þskj. 129, um 3000 kr. hækkun á námsstyrk mentaskólasveina. Háttv. þm. mun það kunnugt, að sá styrkur er nú 2000 kr., en í skólanum eru rúmlega 150 nemendur. Styrksins njóta að vísu einkum utanbæjarsveinar, og þá helst hinir eldri þeirra og efnilegri. Samkvæmt brjefi frá rektor eru um 40 nemendur, er þessa styrks njóta, og koma þá 50 kr. á hvern þeirra til jafnaðar. Nú geta háttv. þm. sjeð, hvaða styrkur þetta er, einar 50 kr.! Og ekki síst þegar þess er gætt, að samkvæmt skýrslu frá rektor mun vetrarkostnaður nemenda vera ca. 2200—2400 kr. til jafnaðar. En fyrir ófriðinn var þessi kostnaður ca. 500 kr.

Nefndinni fanst því sýnilegt, að ef styrkurinn ætti ekki að vera algert humbug, þá þyrfti að hækka hann, og það að mun. Sýndist henni rjettast, að styrkurinn hækkaði í samræmi við verðhækkun nauðsynja, og studdist því við vísitölu dýrtíðaruppbótar að mestu leyti.

Þessa styrks njóta einkum efnilegir og fátækir utanbæjarsveinar. En bændur hafa aldrei átt erfiðara að kosta syni sína í skóla en einmitt nú. Er hjer því önnur ástæða fyrir hendi, til þess að auka styrkinn.

Þá kemur örlítil upphæð, 300 krónur, til þess að borga fyrirlestrahald á Stýrimannaskólanum. Skólastjóri Stýrimannaskólans skrifaði stjórninni og bað um styrk, áður en fyrirlestrarnir hófust. En stjórnin kvaðst þá ekki hafa heimild til að veita fjeð, en lofaði að mæla með því, að þingið veitti þessa litlu þóknun. Nefndin telur þetta gott verk og þarft, og vill því mæla með þessari tillögu hið allra besta. Þá hefir ennfremur fræðslumálastjóri farið fram á að fá skrifstofukostn-

að, þar sem skrifstofuhald hans er orðið allkostnaðarsamt, enda óhjákvæmilegt, samkvæmt starfi hans, að hafa opna skrifstofu fyrir almenning. Kveðst hann hafa farið fram á það við stjórnina að fá húsrúm fyrir skrifstofuna í stjórnarráðshúsinu. En þar var ekkert laust húsrúm fyrir hendi, og því ekki hægt að verða við beiðninni. Stjórnin hafði nú ekki heimild til að veita þetta fje, en hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mælti með þessari fjárveitingu við fjárveitinganefnd. Nefndinni fanst þá ekki nema sanngjarnt, í samanburði við aðra starfsmenn, er hafa opinberar skrifstofur, að þessi maður fengi einnig að njóta sömu kjara.

Við 11. gr. nál., eða brtt. 4.e á þskj. 129, hefi jeg engu að bæta, að svo stöddu. Nærri sama máli er að gegna um dýrtíðaruppbót til Páls Erlingssonar sundkennara. Hann getur þess, að stjórnin hafi tjáð sig ekki hafa heimild til þess að greiða honum dýrtíðaruppbót, eins og jeg líka álít að rjett hafi verið, og því snýr hann sjer til þingsins. Nefndin telur sjálfsagt að verða við ósk þessa gamla heiðursmanns, og telur hann alls góðsmaklegan.

Þá hefir nefndin gengið inn á að hækka um 500 krónur ferðastyrk til fulltrúa kvenrjettindafjelagsins, til þess að fara á alþjóðafund kvenrjettindasambandsins í Sviss, þó með því skilyrði, að fjelagið leggi sjálft jafnt af mörkum. Virðist nefndinni rjett, úr því áhugi virðist svo mikill fyrir málinu hjá fjelaginu, að það leggi þá fram a. m. k. 500 krónur. En samkvæmt sanngjörnum reikningi hefir þessi kostnaður orðið um 4000 kr.

Þá kemur 14. gr. nál., sem fjallar um þrjá listamenn, er nefndinni þykir rjett að styrkja. Þessir menn hafa ekki komist á lista hjá nefnd þeirri, er úthlutar listamannastyrknum. En hún hefir þó mælt fram með sumum þeirra. Fjárveitinganefnd vill nú liðsinna þessum mönnum, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í nál.

Þótt fjárveitinganefnd líti svo á, að úthlutunarnefndin eigi ekki að undanskilja verðuga menn, í þeirri von, að þingið muni síðar miskunna sig yfir þá, þá sýnist henni þó rjett að taka slíkt til greina, að þessu sinni, og hjálpa þessum efnilegu mönnum, ekki síst, þar sem hún veit, að fje það, sem nefndin hefir til úthlutunar, er mjög af skornum skamti.

Við 15. liðinn, dýrtíðaruppbót til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, tel jeg nægilega skýringu í nál.

Þá kem jeg að 5 námsmönnum, sem í nál. eru teknir í einu lagi og ónafngreindir. Fanst nefndinni að ástæður þessara manna væru svo skyldar, að ekki væri ástæða til að skrifa sjerstaklega um hvern þeirra. Þó mun það þykja hlýða, að jeg kynni nokkuð hvern þeirra fyrir hv. deild.

Fyrsti maðurinn, Steinn Emilsson, hefir undanfarin 5 ár stundað nám í því, sem á útlendu máli nefnist „Mineralogisk Kemi og Geologi". Hann er nú nær fullnuma í þessari grein, en vill fara suður til Jena í Þýskalandi, til þess að ljúka náminu þar. Af þessum manni er mjög vel látið, og grein hans getur vafalaust orðið oss mjög nytsamleg, í sambandi við námur hjer. Þar sem nú maðurinn er fjelaus og þarf að hætta námi, ef hann fær ekki hjálp, þá sá nefndin sjer ekki fært að neita honum. Hann hefir og ferðast hjer um land á sumrin, og kvað þá hafa safnað allmiklu af steinum og eiga allmerkilegt safn. Sýnir það, að hann er ekki áhugalaus og vill verja tímanum í þarfir greinar sinnar.

Næsti maður, Valdimar Sveinbjörnsson, stundar nú íþróttanám við kennaraháskólann í Kaupmannahöfn. Hefir hann fengið ágæt meðmæli, bæði frá kennurum sínum í Kaupmannahöfn og einnig hjer frá Birni

Jakobssyni leikfimikennara. Hann hefir nú lokið sundkennaraprófi og býst við, ef hann fær styrk, að geta lokið leikfimikennaraprófi næsta vor. En vegna fjárskorts verður hann að hætta nú, ef hann ekki fær styrk. Eins og allir vita, er hjer skortur á slíkum kennurum, en líkamsæfingar eru taldar eitt hið besta uppeldismeðal meðal siðaðra þjóða. Nefndin vildi því ekki verða til þess, að maðurinn yrði nú að hætta námi á síðustu stundu.

Brynjólfur Stefánsson hefir fjögur undanfarin ár numið verkfræði við Hafnarháskóla. Hefir hann notið Garðstyrks þau ár, en varð að hætta námi síðastliðið haust, er Garðstyrkurinn þraut. Hann er mjög efnilegur maður og námsmaður ágætur.

Nefndin vill því stuðla til þess, að hann þurfi ekki nú að hröklast út af þeirri lífsbraut, er hann hefir valið sjer og þegar lagt mikið fje í.

Næst kemur fjárveiting til Arnórs Sigurjónssonar og konu hans, Helgu Kristjánsdóttur, til framhaldsnáms. Arnór er sonur Sigurjóns Friðjónssonar alþm. frá Laugum í Þingeyjarsýslu, og mun hann vera háttv. þm. kunnur. Hann fekk 1919 utanfararstyrk kennara, til þess að kynna sjer alþýðumentun á Norðurlöndum, og hefir verið ytra síðan. Hann skýrir nú frá því, að auk þessa styrks hafi hann orðið að taka 4500 króna lán, til þess að geta haldið áfram. Eftir þeim skjölum, sem fyrir liggja, lítur svo út sem þetta sje meira en meðalmaður. Vil jeg síst rengja þau ágætu vottorð, sem með umsókn hans fylgja, frá mönnum eins og dr. Sig. Nordal, Sig. Guðmundssyni magister og prófessor Jóni Aðils. Jeg vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa tvær, þrjár línur úr hverju vottorðanna. Mun jeg með því gefa háttv. deild ljósasta hugmynd um mann þennan. — Sig. Nordal segir, meðal annars:

„Um íslenskukunnáttu hans veit jeg það sannast, að hún muni vera prýðisgóð, ekki einungis málfræðisþekking hans, heldur líka smekkur og stíll og skilningur á bókmentum.“

Og síðast í sama vottorði:

„.....tel jeg Arnór efni í miklu meira en meðalkennara og leiðsögumann æskumanna, og þann skóla heppinn, sem fær að njóta starfs hans.“

Sigurður Guðmundsson segir um Arnór, eftir að hafa hælt honum fyrir óvenjugóða þekkingu á íslensku máli:

„Og þau kynni hefi jeg haft af honum, að kennara með líku skaplyndi og hann kysi jeg börnum mínum til handa.“

Nú segist þessi maður vera að þrotum kominn með fje, og hefir þegar tekið lán, svo sem jeg gat um áðan, en hins vegar litlar líkur til, að hann geti fengið lán framvegis, þar sem hann hefir enga tryggingu að setja, nema framtíð sína. Þess vegna leitar hann nú til Alþingis.

Kona hans, Helga Kristjánsdóttir, leggur hið sama fyrir sig og maður hennar. Hún hefir og ágæt meðmæli, bæði frá skólastjóra kennaraskólans hjer, og einnig frá erlendum mönnum. Þessi kona gerir ráð fyrir að fara til Svíþjóðar til þess að kynna sjer heimilisiðnað þar, einkum vefnað, og síðan samband lýðskóla og húsmæðraskóla.

Þá er sá síðasti af þessum námsmönnum, Steinn Steinsson, verkfræðinemi. Þetta er síðasta árið, sem hann er við nám, og hann gerir ráð fyrir því að geta lokið við það, ef hann fær þessa hjálp; er þetta því lokaveiting.

Maðurinn er talinn efnilegur af þeim, sem hafa haft kynni af honum og þekkingu hafa á þessum fræðum, og vill nefndin því láta hann fylgjast með. Jeg vil geta þess, að hann hefir verið að vinnu með Þórarni Kristjánssyni, og hann hefir gefið honum bestu meðmæli og telur hann ágæt-

an starfsmann og efnilegan verkfræðing. — Jeg býst við, að sumum háttv. deildarmönnum finnist annað að gera við fje nú en styrkja pilta til náms, en það verður að gá að því, að það hefir aldrei verið meiri þörf á því en nú. Þetta eru alt fátækir námsmenn, sem sumpart eru að berjast áfram upp á eigin spýtur, eða með hjálp vandamanna eða vandalausra. Og það er ofur skiljanlegt, að vegna erfiðleikanna núna verði styrktarmenn þeirra að kippa að sjer hendinni, og er þá fokið í flest skjól fyrir þeim. Er þá ekki annað fyrir hendi en leita á náðir Alþingis eða hætta námi, og þar sem þeir eru að enda nám sitt, þá er það mikið tjón fyrir þá sjálfa, og kannske ekki síður fyrir þjóðfjelagið.

Jeg veit ekki, hvort jeg þarf að fara sjerstaklega út í brtt. þær, sem hjer fara á eftir; það er skýrt frá þeim í nál., en jeg býst við að þurfa síðar að taka til máls, eftir að hafa heyrt, hvað aðrir hv. deildarmenn segja um þær, ef einhverjir kynnu að andmæla, sem ekki er líklegt.

Jeg ætla því strax að snúa mjer að öðrum brtt. en þeim, er nefndin ber fram, og þá fyrst að brtt. samgmn. á þskj. 181. Það er nú sá ljóður á því ráði, að fjvn. hefir aldrei fengið hana til umsagnar, og hefir ekki sjeð hana, fyr en henni var útbýtt hjer í deildinni. En af því, að hjer er um stóra upphæð að ræða, og ýmislegt í henni, sem fjvn. vildi fá að íhuga betur, þá eru það tilmæli mín til háttv. samgmn., hvort hún vildi ekki haga því svo, að brtt. kæmi ekki til atkv. fyr en við 3. umr., svo að fjvn. fái tækifæri til að íhuga þær; þetta gildir og um þær brtt. aðrar, sem eiga við 13. gr. C. í fjárlögunum 1920 og 1921, fjáraukalaganna, og eru á þskj. 181 og 198.

Jeg vænti þess, að háttv. samgmn. verði við þessum tilmælum, þar sem um veruleg útgjöld er að ræða, og viðkunnanlegra, að fjvn. kynni sjer þau fyrst, ekki síst, þar sem um er að ræða breytingar á samgöngunum frá því, sem nú er.

Jeg skal strax lýsa því yfir um hinar brtt., að nefndin er sammála hæstv. atvrh. (P. J.) um brtt. hans, og vill einnig styðja tillögu háttv. þm. Barð. (H. K.).

Jeg hefi svo lokið máli mínu fyrir nefndarinnar hönd, en ætla nú að tala sem þm. Strandamanna. Jeg á sjálfur brtt. um viðbótarstyrkinn til sjúkrahússins á Akureyri, að hann verði 3000 kr. lægri. Það er ekki af því, að jeg sje að amast við því, að styrkurinn sje ríflegur, heldur er þetta stefnumál. Það hefir verið föst stefna hjá þinginu að veita ekki byggingarstyrk til sjúkrahúsa eða sjúkraskýla, fram yfir ⅓ kostnaðar.

Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, hefir allur kostnaður orðið 120 þús kr., og ⅓ af því verður 40 þús. kr. Þessu sjúkrahúsi hafa þegar verið veittar 23 þús. kr., og er það tillaga mín, að því verði veittar þessar 17 þús. í viðbót, og látið sitja við það. Jeg skyldi ekki amast við þessu, ef framvegis væri tekin upp sú stefna að veita meiri styrk en ⅓ af stofnkostnaði sjúkrahúsa og sjúkraskýla. En jeg býst ekki við, að slíkt ráð verði upp tekið, enda vil jeg þá benda á, að stærri atriði koma til þingsins, þar sem er að ræða um sjúkrahúsin á Eyrarbakka og Ísafirði. Gætu það orðið stórar fjárhæðir, ef farið væri út frá þessari stefnu.

Stefán Stefánsson: Mjer kom það ekki á óvart, þótt brtt. á þskj. 163 kæmi fram, og að flutningsmaður hennar legði áherslu á að draga af þeim styrk, sem fjárveitinganefndin samþ. að veita sjúkrahúsinu á Akureyri.

Eins og mönnum er kunnugt og háttv. frsm. (M. P.) tók fram, þá hefir allur kostnaður við það numið 120 þús. kr. Eins og hann sömuleiðis skýrði frá, þá hafa verið veittar 23 þús. kr. í fjárlögunum,

og til þess að halda venjulegri stefnu um styrkveitingu til sjúkraskýla, vill hann draga úr því, svo að ekki fari fram úr ⅓ kostnaðar.

Ef hjer væri aðeins um sjúkraskýli að ræða, þá væri það, samkvæmt venjunni, aðeins ⅓ kostnaðar, sem því bæri, og þar af leiðandi rjett, að það fengi ekki nema þessar 17000 kr. í viðbót. En þessi stefna er ekki jafnsanngjörn í báðum tilfellunum, bæði um sjúkraskýli í sveitum og sjúkrahús, sem taka á móti sjúklingum úr heilum landsfjórðungum, og jafnvel enn víðar að. Sjúkraskýli í sveitum eru ekki stærri en svo, að þau nægja aðeins fyrir þann fjölda, sem þarf að leita til þeirra úr viðkomandi hjeruðum.

En reynslan á Akureyri á undanförnum árum hefir sýnt það, að þangað leita sjúklingar tugum saman úr öðrum hjeruðum, og einnig útlendingar, einkum á sumrin. T. d. dvöldu þar síðastliðið ár 71 utanhjeraðssjúklingar í samtals 3620 legudaga, og auk þess 8 utanhjeraðssjúklingar til ljóslækninga, og þurftu þeir að vera talsvert lengi, svo að samtals munu legudagar utanhjeraðssjúklinga hafa verið alt að 4000.

Er nú nokkurt samræmi eða sanngirni í því, að miða styrkinn til þessa sjúkrahúss við það, sem veitt er til sjúkraskýla í sveitum, sem ekki hafa nein slík tæki, aðstöðu eða pláss, til að taka á móti svo mörgum utanhjeraðssjúklingum.

Hvað viðvíkur þeim ljós- og Röntgentækjum, sem fengin hafa verið til hússins, þá hygg jeg, að gjafir til þeirra innkaupa muni hafa numið um 14 þús. kr., og það komi því ekki við, á hvern hátt þessi upphæð hefir náðst, heldur sje eðlilegt, að skoða hana sem framlag frá hjeraðinu, enda er hún talin í þessum 120 þús. kr. kostnaði.

Þegar tekið er tillit til þeirrar læknishjálpar, sem veitt er utanhjeraðsmönnum, og framlaga frá hjeraðsbúum, sem jeg nefndi, — því að þau sýna þó ljóslega áhuga þeirra fyrir því, að sjúkrahússvistin geti borið sem bestan árangur, — þá er sannarlega sanngjarnt að veita 3000 kr. fram yfir þennan ⅓ kostnaðarins, þar sem mikill hluti Norður- og Austurlands nýtur sjúkrahússins. Jeg hygg, að enginn geti talið það til of mikils mælst. Enda hefir sjúkrahússnefndin farið fram á 60 þús. kr. viðbótarstyrk, vegna þess, að hjeraðið treystist ekki til að taka á sig svo mikil fjárútlát, ofan á árlegt rekstrarfje, sem nemur fleiri þúsundum króna.

Áætlunin, sem gerð var áður en byrjað var á verkinu, nam í hæsta lagi 68 þús. kr., en eftir að byrjað var á verkinu, fór vinna og efni langt fram úr því, sem hugsað hafði verið, og kostnaðurinn þar af leiðandi altaf meiri og meiri, þangað til komið var svo langt, að hjeraðið gat enga rönd við reist.

Jeg sje því ekki annað fyrir hendi, ef Alþingi neitar enn svo lítilli viðbót, fram yfir þennan ⅓, sem á að vera sú fasta stefna um framlag ríkissjóðs í sjúkrahúsmálum, og það hvernig sem á stendur, að þá muni það leiða til þess, ásamt öðru, að hækka þurfi legugjald sjúklinga, eða með öðrum orðum, að Alþingi vinni að því að gera sjúklingum ókleift að nota sjúkrahúsið.

Ljós- og Röntgentækin hafa aukið aðsókn að sjúkrahúsinu, bæði af Norðurlandi og víðar að. Það má því búast við, að þeir sjúklingar þurfi mikið pláss og langan tíma á sjúkrahúsinu, og stækkun sjúkrarúmsins því gerð af fylstu þörf. Jeg vona því, að það verði helst enginn annar en háttv. frsm. (M. P.), sem ekki greiðir atkvæði með þessari smávægilegu auknu styrkveitingu.

Jeg verð að segja það, að komi slík mál

fyrir sem þetta, um að veita styrk til byggingar stórra sjúkrahúsa, sem nægðu fyrir fjarliggjandi hjeruð, þá mundi jeg ekki svo stefnufastur, að jeg vildi ekki víkja frá þessu þriðjungsframlagi, sem miðað er við styrk til sjúkraskýla til sveita, því að það tel jeg ekkert rjettlæti.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Háttv. frsm. fjvn. (M. P.) vjek að því, að brtt. á þskj. 181 kæmu ekki til atkv. við þessa umr. Jeg býst við, að samgmn. verði ekki á móti því, að atkvgr. um þær verði frestað, en mjer finst samt rjett að ræða þær við þessa umr.

Allir landsmenn hafa fundið til þess, hvað samgöngur á sjó hafa verið óhentugar og ófullnægjandi undanfarandi ár. Samgöngur á milli Reykjavíkur og útlanda hafa verið þær einu, sem hafa mátt heita þolanlegar. Mikið af vörum þeim, sem flutt hefir verið til landsins, hefir verið sett á land í Reykjavík, og svo sent þaðan til annara hafna á landinu. Útflutningsvörur hafa verið teknar aðeins á fáum höfnum. Flutningsgjöld hafa því orðið tvö- og þreföld að og frá mörgum höfnum. Skipaútgerðarfjelögin hafa sjeð mestan gróða í því, að láta skipin aðeins koma á allrastærstu og bestu hafnir landsins. Um þarfir landsmanna hafa þau minna hugsað. Þau hafa, eins og eðlilegt er, hugsað mest um sinn hag. Undanfarandi ár hefir ekkert millilandaskip siglt eftir áætlun. Undan því hefir verið mjög kvartað, því að áætlunarlausar ferðir koma vitanlega ekki nándar nærri að eins miklum notum sem áætlunarferðir.

Til strandferðanna hefir miklu verið kostað þessi síðustu ár, en þó hafa þær verið afarófullnægjandi. Sjerstaklega hefir ferðunum fyrir farþega verið illa fyrir komið. Oft hafa t. d. ferðamenn af Austurlandi orðið að bíða hjer í Reykjavík í fleiri vikur, áður en þeir hafa fengið ferð heim til sín, þó að auðvelt hafi verið að komast til útlanda. Og svo þegar ferð hefir fallið, þá hefir hún verið norður um land, sem er miklu lengri og dýrari leið heldur en sunnan um land. Eitt aðalmeinið á sjósamgöngunum hefir verið skipulagsleysið, ekkert samræmi á milli millilandaferða, strandferða og flóabátaferða.

Á þessu ári verður ekki hægt að ráða bót á þessu meini. En vitanlega verður þingið að hafa það hugfast, að þetta má ekki lengi við svo búið standa. Það verður að koma föstu skipulagi á allar skipaferðir vorar. Það verður eftir föngum að sjá um, að ekki leggist margfalt flutningsgjald á aðfluttar og útfluttar vörur. Það verður líka, áður en langt um líður, að koma strandferðunum í það horf, að ferðir milli landshlutanna verði svo örar, að menn þurfi ekki að eyða löngum tíma til að bíða eftir skipum, þó að það, ef til vill, verði langt að bíða þess, að ferðir verði svo örar, að á fárra daga millibili geti menn farið hvert á land, sem þeir vilja. Þetta er samgmn. ljóst, og hún hefir því fundið mjög til þess, að sjá sjer ekki fært að leggja til, að meiri viðbótarstyrk verði varið á þessu ári úr ríkissjóði til skipaferða heldur en hún leggur til á þskj. 181.

Jeg skal taka það fram, að síðastliðið ár hefir verið varið úr ríkissjóði til flóabátaferða 160—170 þús. kr. Þar af 70 þús. samkvæmt fjárl.; 80 þús. samkvæmt þál., sem samþ. var á þinginu 1920, og 11 þús., sem stjórnin hefir veitt Ísafjarðarbátnum, og sem hún hefir nú sett í frv. til aukafjárlaga fyrir árin 1920—1921. Þetta er því talsvert há upphæð, þegar tekið er tillit til þess, að þessir bátar hafa verið illa úr garði gerðir og hlutaðeigandi hjeruð hafa verið meira og minna óánægð með þá. En það hefir sannast þar sem oftar, að mönnum hefir þótt

betra að veifa röngu trje en öngu. Skipið „Suðurland" hefir á síðastl. ári fengið úr ríkissjóði 125 þús. kr. styrk, og það mun óhætt að fullyrða, að almenn óánægja hefir verið út af því skipi, og má segja, að flestum hafi fundist ferðir þess skips hafa verið of dýru verði keyptar, borið saman við not ferðanna.

Til „Suðurlands" og fjarðabátanna hefir því á síðastl. ári verið varið úr ríkissjóði um 290 þús. kr. Í raun og veru má telja Suðurland með flóabátunum, því að til erfiðari strandferða er það of ljelegt. Og það gat ekki farið allar þær ferðir, sem það átti að fara. En þó hefir stjórnin veitt því aukastyrk, fram yfir þessar 125 þús. kr., til einnar ferðar á Hornafjörð. En enn meira hefir verið kostað til strandferðanna, því að vitanlega hefir orðið halli á ferðum Sterlings. Mjer er tjáð úr stjórnarráðinu, að hallinn á ferðum Sterlings muni nema um 300 þús. kr., en af þeim ferðum hafa vitanlega orðið mikil not, og meiri en af samanlögðum ferðum flóabátanna, að meðtöldu „Suðurlandi". Og er það þá samtals um 600 þús. kr., sem varið hefir verið til strandferða á liðnu ári.

Þó að halli hafi orðið á Sterlingsferðum, þá er þeim peningum ekki illa varið, því að hann er lægri en styrkur hefði orðið til margra minni skipa, til þess að annast strandferðir. Til þess að menn eigi hægra með að átta sig á strandferðum yfirleitt, vil jeg benda á það, að styrktar hafa verið bátaferðir við Skaftafellssýslu, Rangársand, Faxaflóa, Rauðasand, Breiðafjörð, Ísafjörð, austurhluta Norðurlands og Austfirði. Nú hefir komið fram beiðni um hækkun á styrk til Ísafjarðarbátsins, en nefndin hefir ekki getað fallist á þá hækkun, og er ástæðan tekin fram í nál. Stjórnin hefir einnig lagt til í aukafjárlögum, að veittur yrði 11 þús. kr. viðbótarstyrkur, auk styrks þess, er í fjárlögum stendur, og lengra álítur nefndin að ekki sje hægt að ganga. Nefndin leggur til, að styrkur til Breiðafjarðarferða verði hækkaður um 3 þús. kr., og er ástæðan tekin fram í nál.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla ekki með fleiri styrkjum í heild sinni, en við það eru einstaka nefndarmenn ekki bundnir. Þeir geta þess vegna verið með lítilsháttar styrkveitingum, þar sem þeir álíta að sjerstök nauðsyn eða sanngirni mæli með. Þetta á við mig um bátaferðir frá Hornafirði til Austfjarða.

Jeg gleymdi að taka fram áðan, að nefndin leggur til, að 8 þús. krónur verði veittar til bátsferða við Rangársand. Sá bátur hafði síðastliðið ár 10 þús. kr. styrk, og farið hefir verið fram á, að sá styrkur hjeldist þetta ár, en nefndin hefir ekki álitið flutningskostnað svo mikinn þangað, að ástæða sje til að hafa styrkinn svo háan.

Samgöngur við útlönd verða nægilegar þetta ár, eftir öllum sólarmerkjum að dæma. Bergenska fjelagið mun láta eitt skip sigla til landsins, Sameinaða fjelagið eitt eða tvö, en þau skip koma þó aðeins á helstu hafnir landsins, og því ekki með því ráðin bót á því meini, sem verið hefir um samgöngur við útlönd. Eimskipafjelag Íslands hafði einnig hugsað sjer að láta skip sigla milli útlanda og helstu hafna landsins, en þær ferðir áttu ekki að verða eftir áætlun, og var því ekki eins mikill fengur í þeim sem ella. Nefndinni var það þess vegna ljóst, að nauðsynlegt væri að komast að samningum við Eimskipafjel. Íslands, um að láta eitt eða tvö skip sigla eftir áætlun. En það varð ljóst, að slíkar áætlunarferðir voru óhagkvæmari fjelaginu, því að þeim fylgdi fjárhagsáhætta og sennilega tap. Það varð þó að samkomulagi, að fjelagið ljeti Goðafoss sigla milli Íslands og útlanda, frá júní og til ársloka, og skal þeim ferðum svo háttað, að skipið fer frá Kaupmannahöfn og

til Austfjarða, kemur á margar hafnir á Austurlandi og Norðurlandi, til Ísafjarðar og þaðan beint til Reykjavíkur. Siglir svo frá Reykjavík aftur sömu leið til útlanda. Að þessu verður mikil bót fyrir Austur- og Norðurland, því að það hefir bagað einna mest undanfarin ár, að hafa ekki beinar samgöngur við útlönd. En af því, að fyrirsjáanlegt er, að tap yrði af þessum ferðum fyrir fjelagið, vildi það ekki ganga að þeim, nema það fengi 60 þús. kr. styrk úr ríkissjóði. Jeg álít, að þessar ferðir sjeu ekki of dýru verði keyptar, því að með þessu fær Austur- og Norðurland 4 áætlunarferðir frá útlöndum og 3 til útlanda. Það verður einnig sjeð fyrir millilandaferðum til Suður- og Vesturlands, því að Eimskipafjelagið ætlar að láta Gullfoss sigla til helstu hafna þar, en jeg veit ekki, hvort hann á að sigla eftir áætlun eða ekki, og þætti mjer vænt um að fá upplýsingar um það hjá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem sæti á í stjórn Eimskipafjelagsins. Með þessu móti er vel sjeð fyrir vöruflutningi frá og til útlanda á komandi ári, og þó að það kosti 60 þús. kr., þá vona jeg, að menn sjái ekki í þá fjárhæð. Það kostaði meira, ef millilandaskipin kæmu aðeins á fáar hafnir, og að flestir landsmenn þurfi að borga tvöföld flutningsgjöld.

Jeg vil taka nánar fram, hvernig nefndin hefir hugsað sjer samgöngur á sjó, og vil jeg þá geta þess, að búið er að semja áætlun fyrir Sterling. Það er ætlast til, að skipið sigli aðallega við Norður- og Austurland. Skipið Suðurland mun halda uppi ferðum milli Reykjavíkur og Vestfjarða, og á að fara 4 ferðir til Hornafjarðar.

Háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) og hv. þm. Borgf. (P. O.) hafa kvartað undan því, að samgöngur væru ónógar við Borgarnes, því að þangað sigldi aðeins flóabáturinn Skjöldur. Þegar nefndin fór að athuga þetta, komst hún að raun um, að skipið Suðurland ætti að fara óþarflega margar ferðir vestur á firði, og þótti rjett að fækka þeim ferðum, og láta skipið sigla til Borgarness í staðinn. Nefndin spurði stjórn Suðurlandsfjelagsins, hvort hún hefði nokkuð á móti því að breyta svo til, en svar hennar var á þá leið, að hún áliti sjer það ekki fært nema gegn 21 þús. kr. viðbótarstyrk. Með þessu móti hefði fjelagið 146 þús. kr. styrk, en nefndinni þótti það óhæfilega hátt og vildi hætta samningum við fjelagið. En þegar til kom, fekk nefndin vitneskju um það, að stjórnin hefði gert bindandi samninga við fjelagið um þessar Vesturlandsferðir, svo að nefndin fekk ekki um þokað. Jeg skal geta þess, að nefndin lítur svo á, að stjórnin hafi hjer verið óhæfilega fljót á sjer, og lýsir óánægju sinni yfir þessum samningum hennar. Vjer hefðum líklega getað sparað okkur að mestu þetta tillag til Suðurlands.

Nefndinni er það ljóst, að ýmsum landshlutum muni finnast þeir verða útundan með samgöngur, en það er ekki hægt að gera öllum til hæfis. En þó er ástandið á sumum stöðum svo, að varhugavert er að neita um styrk. Á þetta sjerstaklega við Austur-Skaftafellssýslu. Það hafa komið beiðnir frá Þórhalli Daníelssyni í Hornafirði um 15 þús. kr. styrk, til þess að halda uppi ferðum milli Hornafjarðar og annara fjarða þar eystra. Nefndin sjer fulla þörf á ferðum þessum, þó að eigi treysti hún til þess að mæla með styrkveitingu til þeirra. En þess vil jeg geta, að þessi maður, sem sækir um styrkinn, hefir á undanfarandi árum sýnt lofsverðan dugnað, með því að halda uppi ferðum til Hornafjarðar. Þessar ferðir eiga að standa yfir frá nýári og fram í júní, og stendur svo á þeim, að útgerðarmenn eystra gera

út frá Hornafirði á þeim tíma, og þurfa þeir því að hafa samgöngur við þá staði, sem þeir eru frá.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafa komið fram með brtt., um að veita 15 þús. kr. til slíkra ferða, og ráði sýslunefndir Austur-Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu yfir styrknum. Nefndin hefir ekki rætt þá brtt., en jeg býst við því, að afstaða hennar sje sú sama og til málaleitunarinnar, sem áður var komin í sama tilgangi. Jeg veit, að almenn óánægja er þar eystra yfir því, að taka af styrk til flóabátanna, sem gengið hafa þar. Áður gengu 2 bátar frá Seyðisfirði, annar suður, hinn norður, en síðasta ár var aðeins 1 bátur. En þó að tjón sje fyrir Austfirðinga að missa af þessum styrk, þá væri þó meira tjón fyrir þá, ef Goðafossferðirnar yrðu ekki í ár, og þess vegna hefir nefndin hugsað sjer að spara styrk til þessara báta og fá Goðafoss í þeirra stað. Til bátanna við Norður- og Austurland gengu á síðastl. ári 45 þús. kr. úr ríkissjóði, og verða Goðafossferðirnar að eins 15 þús. kr. dýrari, en nefndin álítur að sá kostnaðarmismunur borgi sig. En ef ekki verður gengið að styrknum til Goðafoss, þá mælir nefndin með styrk til flóabáta á Norður- og Austurlandi.

Jeg álít ekki þörf að fara um þetta fleiri orðum; jeg á, ef til vill, eftir að tala nánar um styrk til Hornafjarðarbátsins, en læt það bíða að sinni. Jeg vona, að háttv. fjárvn. geti fallist á niðurstöðu samgmn., og að háttv. þingdeild sætti sig við hana líka.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get ekki látið hjá líða að segja fáein orð um frv. þetta og brtt. þær, sem hjer liggja fyrir frá háttv. nefnd og frá ýmsum hv. þm. En það, sem jeg kann að segja, óska jeg að sje skoðað í sambandi við það ástand, sem nú er, og útlitið, sem framundan er. Eins og allir vita, má með rjettu segja, að ástandið fari dagversnandi og útlitið verði æ svartara og svartara. Eftir því, sem út lítur um tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári, verður það að teljast áreiðanlegt, að tekjurnar minki stórum frá því, sem þær voru síðastliðið ár, og ef dæma má af líkum, verður yfirstandandi ár verra fjárhagsár fyrir ríkissjóð en nokkuð annað ár, sem jeg þekki. Jeg hefi reynt að grenslast eftir tekjunum á 1. ársfjórðungi þessa árs, og þær skýrslur, sem jeg hefi fengið, benda eindregið í þá átt, að allar tekjugreinar, undantekningarlaust, fari stórum minkandi frá því, sem var 1920. Þetta gildir meira að segja um símatekjurnar, sem hafa verið miklu minni 2 fyrstu mánuði ársins en sömu mánuði í fyrra, en annars hafa símatekjur altaf farið sívaxandi síðan síminn fyrst tók til starfa. Menn eru teknir að spara símagjöldin, og er það allgóður mælir um peningaástand almennings. Annað atriði, sem sýnir glögglega, hversu kreppan magnast, er það, að ýmsir þeirra manna, sem nú upp á síðkastið hafa flutt út síld, verða nú að biðja um umlíðun á tolli, og hefir slíkt ekki þekst fyr.

Undir þessum kringumstæðum öllum sje jeg ekki betur en að það geti komið fyrir, að fje kunni að vanta í bili til daglegra þarfa ríkissjóðs. Að þessu athuguðu, virðist mjer nauðsyn bera til að reyna að spara útgjöldin á yfirstandandi ári, og verður það gert með því tvennu, að draga úr ráðgerðum framkvæmdum og með því að bæta sem minstu við af nýjum fjárveitingum.

Með þessum formála vil jeg í fám orðum snúa mjer að hinum framkomnu brtt., sem allar miða að því að hækka gjöldin. Sný jeg mjer þá fyrst að brtt. háttv. fjvn. á þskj. 129.

Um dýrtíðaruppbót ráðherranna vil jeg undirstrika það, sem háttv. frsm. (M. P.) og nál. segir, að till. er borin fram án

minstu íhlutunar ráðherranna. En verði þessi till. samþ., skil jeg hana þannig, að hún eigi að skiftast hlutfallslega jafnt eftir tímalengd milli ráðherra þeirra, sem hafa verið og verða árin 1920 og 1921, þannig, að ekki sje annars tekið tillit til verðstuðuls í dýrtíðaruppbót.

Fjárveitinguna til Ara Arnalds bæjarfógeta skil jeg þannig, að honum skuli goldinn $^1/_{12}$ mánaðarlega af 9500 kr., frá þeim tíma, er hann hættir að starfrækja embætti sitt á eigin ábyrgð og þar til hann tekur við því aftur, þó ekki lengur en 12 mánuði. Ef þetta er ekki rjett skilið, bið jeg nefndina að skýra þetta.

Fjárveitingunni til aðgerða sjúkrahúsinu á Akureyri mun ekki þýða að mæla í móti, en leitt er að vera þannig táldreginn á kostnaðaráætluninni, sem hjer hefir átt sjer stað, og geta vil jeg þess, að auk þess, sem greiddar hafa verið á síðasta ári 23.000 kr. til þessarar aðgerðar, voru lánaðar 20.000 kr. úr viðlagasjóði í þessu skyni. Ef till. háttv. þm. Str. (M. P.) verður samþ., verður því alt framlagið úr ríkissjóði til þessarar aðgerðar 40.000 kr. og lán 20.000 kr.

Styrknum til fjelagsins „Líkn“ sje jeg ekki fært að gefa atkvæði mitt, þótt fjenu sje sjálfsagt vel varið, en það verður að vera til áður en það er veitt.

Uppbótin til Petersens stöðvarstjóra frá Vestmannaeyjum kemur mjer á óvart, því að jeg veit ekki betur en að hann hafi á sínum tíma sagt af sjer skilyrðislaust, og er það næsta undarlegt, að koma á eftir með kröfu um uppbætur, og skiftir í þessu efni ekki máli, hvort hlutaðeigandi hefir staðið vel eða illa í stöðu sinni. Og að því leyti sem nál. tekur fram, að ráðuneytið hafi mælt með þessari uppbót, vil jeg taka það fram, að jeg á þar alls engan hlut að máli, enda hefi jeg ekki verið um það spurður, og, yfir höfuð að tala, ekki eitt einasta atriði í till. nefndarinnar. Jeg hefi því algerlega frjálsar hendur og mun greiða atkvæði á móti þessari fjárveitingu.

Um brtt. við 4. gr. skal jeg ekki fjölyrða, að öðru leyti en því, að jeg tel maklegt að veita Páli Erlingssyni sundkennara uppbót á sundkenslustyrk hans. Það hefir verið gert hjer að blaðamáli, að jeg vildi ekki greiða honum uppbót, og mjer hefir verið ámælt fyrir það. En það er vitaskuld órjettmætt, því að jeg hafði enga heimild til þess að veita þessa uppbót. Aftur á móti ráðlagði jeg honum að fara til þingsins með beiðni sína og lofaði að mæla með henni, og inni jeg hjer með af hendi það loforð.

Jeg er algerlega mótfallinn hækkun á styrk til Kvenrjettindafjelagsins, og finst mjer það sannarlega ekki til of mikils mælst, að fjelagið greiði ⅓ af kostnaði við Svisslandsför þá, er hjer um ræðir.

Jeg veit það vel, að nauðsyn ber til að veita Jóh. L. L. Jóhannssyni uppbót á orðabókarlaunum hans, en jeg hafði hugsað mjer, að stjórnin mætti verja til þess hinum ógreidda hluta af orðabókarstyrk sonar hans, Jak. Smára, með því að hann er nú orðinn kennari við Mentaskólann og getur því, að mínu áliti, ekki sint orðabókarstarfinu, því að kennarastaða í íslensku við þennan skóla hlýtur að teljast svo mikilsverð og umfangsmikil, að ekki sje fært að hafa aukastörf. Þætti mjer gott að heyra, hvort meining háttv. fjvn. er, að maður þessi skuli halda styrk sínum, þrátt fyrir það, þótt hann hafi fengið embætti, sem hlýtur að taka alla vinnukrafta hans, ef það er rækt með þeirri samviskusemi, sem hið opinbera á kröfu á.

Laun hans sem mentaskólakennara eru 8—9 þús. kr., og sje jeg enga sanngirni í að bæta þar við 4 þús. kr., þegar venjulegt

launahámark er 9500 kr. Með þetta fyrir augum mun jeg greiða atkvæði gegn þessum lið, en tel stjórninni heimilt að greiða hið sparaða orðabókarfje til Jóh. L. L. Jóhannssonar, ef nefndin mótmælir því ekki.

Þá koma allir þessir styrkir til námsmanna og listamanna. Sumum er leiðinlegt að mæla á móti, en þessir utanfararstyrkir og námsstyrkir fara nú að verða svo tíðir, að einhver takmörk verður að setja. Fjárhæð sú, er hjer ræðir um, er um 14 þús. kr., og þótt einhver þurfi styrks með, er það engin trygging fyrir því, að allir sjeu verðugir, en vandi er að gera upp á milli þeirra. Og mjer er spurn: Getur enginn þessara manna notið styrks af þeim ca. 8 þús. kr., sem veittar eru í fjárlögunum í slíkum tilgangi sem þessum?

Að nokkrir listamenn hafa orðið útundan við styrkveitinguna nú á þessu ári, kom til af því, að í fyrra fór nefndin fram á það að mega útbýta 25 þús. kr., og svo í þess stað aðeins 15 þús. kr. nú, vegna þess, að svo margir þurftu að fara til Rómaborgar. En nú kemur það upp úr kafinu, að nokkrir menn hugsa einnig til suðurgöngu nú á þessu ári. Nefndin telur styrkveitinguna skorna við nögl, og tekur ekkert tillit til þeirra 5 þús. kr., sem búið var að útbýta áður.

Þá kem jeg að eftirlaunum ekkju síra Matthíasar, sem hv. frsm. (M. P.) mintist ekkert á. Hæstu lögmælt eftirlaun ekkna eru 1200 kr. Mjer kemur það því undarlega fyrir, að ekkju síra Matthíasar Jochumssonar eru ætlaðar 2400 kr. í eftirlaun, og finst það skrítið samræmi. Jeg sje enga sanngirni í því að láta þessa einu ekkju fá alt að 6 þús. kr. með dýrtíðaruppbót, en allar aðrar ekkjur 1200 kr. Það er leiðinlegt að þurfa að tala um upphæðir sem þessa, en það verður samt að gera, til þess að reyna að fyrirbyggja það, að óánægja komi meðal annars eftirlaunafólks. Vil jeg skora á nefndina að taka þetta til íhugunar, því að jeg býst við, að það eigi að vera regla framvegis, að þessi ekkja fái þessi eftirlaun. Um eftirlaun hinna tveggja ekknanna skal jeg ekki tala; jeg veit, að þær eru báðar í sárri þörf fyrir þau.

Um lánveitinguna til sýslumannsins í Borgarnesi er það að segja, að jeg er ekki allskostar ánægður með lánsskilmálana. Mjer finst, að nefndin hefði vel getað veitt það til 40 ára, en vextina hefði jeg viljað hafa 6%, en ekki 5%, eins og nefndin gerir ráð fyrir. Viðlagasjóðsvextir eru nú 6%, og er það 2% undir bankavöxtum. Jeg vildi því skjóta því til nefndarinnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að breyta þessu, þannig, að vextirnir yrðu færðir upp, en lánstíminn lengdur. Auðvitað er svo ekkert á móti því að lækka vextina, ef vextir lækka alment.

Hið sama er að segja um vextina samkvæmt viðaukatill. háttv. þm. Barð. (H. K.). Vextir þar ættu líka að hækka upp í 6% og lánstími að lengjast, ef þá verður hægt að veita slíkt lán, því að viðlagasjóður verður ef til vill tekinn til að koma upp veðbankanum, sem hjer var til umr. í gær. Nú, en líklega verður það ekki á þessu ári, svo þessi aths. gildir þá fyrir ókomna tímann.

Um brtt. samgmn. hefi jeg lítið að segja. Jeg skal aðeins taka það fram, að rekstrarhallinn á Sterling var síðastliðið ár 300 þús. kr., svo að strandferðir hafa kostað oss í alt, með flóabátunum, undir 600 þús kr., eins og líka hv. frsm. (Þorst. J.) rjettilega tók fram. Og jeg vona, að háttv. deild hugsi sig tvisvar um, áður en hún fer að hækka þá fjárupphæð, enda sje jeg ekki hvernig ætti að útvega alt það fje.

Viðvíkjandi ávítun sama háttv. frsm. (Þorst. J.) út af samningunum við Suðurland, þá hefi jeg hvergi komið þar nærri, en leyfi mjer að vísa til hæstv. atvrh. (P. J.).

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg ætla ekki að fara að taka fyrir marga liði þessara brtt., en vil taka það fram, að af sömu ástæðum og hæstv. fjrh. (M. G.) býst jeg við, að mjer gangi örðugt að greiða atkv. með allmörgum af þessum brtt.

Nokkrum orðum vil jeg þó fara um uppbótina til stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum, á þskj. 129. Hv. frsm. (M. P.) sagði, að ekki sæist á framkomnum skjölum, að þörf hefði verið að losna við þann mann, og fráför hans því ekki á fullum rökum bygð. Þessi maður fór frá stöðu sinni um það leyti, sem afráðið var, að loftskeytastöðinni í Vestmannaeyjum væri á þessu ári komið á laggirnar. Hann var þá alls ekki fær um að taka hana að sjer, og því var annar, sem til þess var fær, settur í hans stað. Auk þess skal jeg geta þess, að talsverð óánægja hafði verið með manninn, og hefir það auðvitað átt sinn þátt í því, að hann færi, þótt hitt gerði útslagið. Þegar Petersen kom til stjórnarinnar með sínar kvartanir, þá var hann fyrir löngu farinn frá með samkomulagi, og hús hans keypt af honum. Stjórnin áleit því, að það væri ekki nein skylda hennar að sinna kvörtunum hans. Hins vegar vildi hún ekki hamla honum frá að skjóta máli sínu til Alþingis. Það, að atvinnumáladeildin hefir gefið honum þau meðmæli, sem fylgja skjölum hans, er sprottið af því, að kjör hans virðast hafa verið svo undanfarið, að sanngjarnt mundi að bæta honum upp með einhverri sanngjarnri upphæð, sem henni þótti þó nóg, að næmi 5000 kr.

Annað atriði, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um, er það, sem háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) mintist á, samningar stjórnarinnar við „Suðurland" í nóv. í vetur. Þegar kom að því, að semja átti áætlun fyrir Sterling, þá var auðvitað auðsætt, að Sterling mundi ekki nægja til strandferðanna. Nú var taplega hægt að gera ráð fyrir öðrum skipum til strandferða en þeim sömu, Sterling og Suðurlandi, en nauðsynlegt að ráða málinu til úrslita áður en áætlanir Sterlings yrðu gerðar fyrir næsta ár. Suðurland stóð til boða, en eigendur þess vildu sem fyrst fá svar upp á það, hvort stjórnin vildi nota það eða ekki. Þá var ekki sjeð, að kol mundu lækka í verði neitt líkt því, sem raun er á orðin, en stjórnin hins vegar sá nauðsyn þess að hafa fastar ferðir til Vestfjarða og suður með landi, þá var samningurinn gerður um þetta leyti, slíkur sem hann nú er.

Þá kem jeg að brtt. minni á þskj. 138, um að landsstjórninni heimilist að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli. Þessi brtt. er í fullu samræmi við fjvn. Jeg held, að jeg hafi áður minst á það, að stjórnin rjeðist í að taka í sína þjónustu námufræðing Helga Eiríksson. Og það er eftir rannsókn hans á þessum stað og till. hans um rekstur námunnar, að þessi till. er komin fram. Stofnkostnaður er áætlaður 70 þús. kr. Mestur hluti kostnaðarins fer í það að grafa göng inn í námuna, því að öll vinsla verður ljettari og notadrýgri við það, auk þess, sem það beinlínis spillir henni, ef borað er ofan í hana eftir gömlu aðferðinni. Stofnkostnaðurinn á því að vinnast upp á rekstri hennar. Og eftir upplýsingum þeim, sem jeg hefi getað aflað mjer um eftirspurn eftir silfurbergi, og hvað við mundum geta selt árlega, þá ætti þetta fyrirtæki að geta borgað sig á heldur fáum árum. En þessu máli þarf að hraða, því að ef dráttur verður á því, að silfurberg komist á markaðinn, þá er nokkur hætta á, að menn fari að nota önnur efni, og að þetta góða silfurberg falli þá í verði. Jeg þorði ekki að fara fram á, að stofnfje væri veitt beint úr landssjóði, heldur, að fengið væri lán, sem svo náman borgaði smátt og smátt.

Jón Sigurðsson: Jeg var hjer ekki staddur, er hæstv. stjórn lagði fjáraukalagafrv. sitt fram hjer í deildinni, og fór því á mis við þær skýringar, er hún mun hafa látið fylgja ýmsum atriðum frv. Jeg mun því ekki gera sjálft frv. að umræðuefni. En það eru atriði í greinargerð frv., sem jeg vildi gjarnan fá skýringu á.

Í aths. við nokkra liði frv. er það tekið fram sem ástæða fyrir fjárveitingum, að fjvn., eða meiri hluti nefndarinnar, hafi mælt með þeim, sennilega á síðasta þingi. Mjer kom þetta einkennilega fyrir, því að eins og kunnugt er, bar fjvn. Nd. í þinglok síðastliðinn vetur fram till. til þál. um heimild fyrir stjórnina til allmargra fjárgreiðslna. Það hefði því mátt ætla, að hv. fjvn., eða meiri hl. hennar, hefði lagt allar tillögur sínar fyrir deildina til umsagnar, en í stað þess fer meiri hl. hennar að gera till. um fjárveitingar til stjórnarinnar, á bak við deildina, og þó voru þessar umsóknir komnar skömmu eftir þingbyrjun. Hjer er í raun og veru verið að koma fram fjárveitingum á bak við þingdeildina, af hvaða ástæðum, sem það hefir verið, og væri fróðlegt að heyra hvernig stæði á þessari ráðabreytni.

Jeg ætla þá að snúa mjer að brtt. Frsm. fjvn. (M. P.) hefir óskað þess, að þeir, sem væru óánægðir með þær, ljetu í ljós álit sitt, og skal jeg því verða við þeim tilmælum.

Jeg vil þá byrja á 1. lið, um dýrtíðarbætur til ráðherranna. Þess er getið í greinargerðinni, að laun þeirra sjeu svo lítil, að þeir geti ekki lifað af þeim. En þau rök, sem færð eru fyrir því, gátu ekki sannfært mig. Jeg sje ekki, að þeir þurfi meiru til að kosta en aðrir starfsmenn ríkisins, eins og t. d. póstmeistari, landlæknir og biskup og fleiri. Þeirra hámarkslaun eru 9500 kr. Þetta má nú vera af ókunnugleika mínum, og hugsanlegt væri, hvað forsætisráðherra snertir, að risnufje hans væri ekki nóg. En ef laun ráðherranna eru ófullnægjandi, þá vil jeg slá því föstu, að laun hinna starfsmannanna sjeu líka ófullnægjandi, og þeir hljóti því að koma á eftir. Nú er líka komin fram ósk um að nema burtu 9500 kr. hámarkið, og að full 3000 kr. dýrtíðaruppbót fái að haldast. Þá yrði að fara eins með alla hina; en því þá ekki hreinlega að taka launalögin fyrir, í stað þess að gera þessar kákbreytingar. Jeg tel þessa hækkun hreinustu fjarstæðu, og því verður ekki neitað, að eins og nú standa sakir, þá eru það embættismenn ríkisins, sem best eru staddir, og þeir, sem taka laun sín í peningum.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á 2. liðinn, fjárveitinguna til Ara Arnalds, sýslumanns.

Skal jeg játa það, að mig brestur kunnugleik á því, hvernig fjárhag þessa embættismanns er varið, en hitt veit jeg, að það er ekkert einsdæmi, að embættismenn verði veikir og þurfi að leita sjer lækninga og hressingar. Hygg jeg, að ef vel væri aðgætt, þá væru það ærið margir, sem þyrftu þessa við. Gæti jeg tilnefnt t. d. ýmsa af eldri læknum, sem síst mundi vanþörf á að ljetta sjer upp um tíma og fara utan, þar sem þeir hafa um fjölda ára gegnt erfiðum læknishjeruðum og orðið oft og einatt að brjótast áfram í illviðrum. Líkt hygg jeg að farið væri um sumar aðrar stjettir, að þeim mundi ekki vanþörf hressingar. En ef farið er inn á þessa braut, þá fæ jeg ekki sjeð, hvar á að láta þar staðar numið, og þó að það væri auðvitað ánægjulegast að geta hjálpað öllum, þá held jeg að fjárhag okkar sje nú svo varið, að um það sje ekki að ræða, því miður. — Þetta eru því, að minni hyggju, hættulegar villigötur, sem þingið er hjer að lenda á, ef þetta verður samþykt. Á eftir þessum eina manni munu margir jafnmaklegir koma í kjölfarið. En það get jeg ekki felt mig við, að synja þess öðrum, sem einum er veitt,

Ef jeg segi A, hlýt jeg líka að segja B, en það vil jeg ekki.

Þá kem jeg að 3. liðnum, uppbótinni til stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum. Hæstv. fjrh. (M. G.) skýrði þetta mál nokkuð, en jeg verð að játa það, að mjer er þetta samt eigi vel ljóst, en einhvernveginn hef jeg það á tilfinningunni, að hjer sje eitthvað bogið við, og þá líklega af hálfu landssímastjórans. Mun jeg því greiða atkvæði á móti þessari fjárveitingu, og finst mjer eigi nema rjett, að skömmin skelli þar sem hún á heima, ef um hana annars er að ræða.

Þá hefir nefndin mælt með fjárveitingum til ýmsra einstakra manna. Skal jeg eigi fjölyrða um þær tillögur hennar, en mun sýna, hver afstaða mín er til þeirra, með atkvæði mínu; þó er það einn liðurinn, sem jeg vildi minnast dálítið á, fjárveitinguna til Ásmundar Sveinssonar. Fjárveitingin til hans er að sönnu lítil, en það er athugavert, að hann er byrjandi. Finst mjer tæpast rjett að ýta undir menn til þess að leggja út í langt nám, eins og tímarnir eru nú. Það stæði öllu nær að reyna að halda lífinu í þeim viðurkendu listamönnum, sem við eigum, en hugsa ekki um það að unga nýjum út, úr því um það getur eigi verið að ræða að styrkja alla nægilega.

Þorleifur Jónsson: Hv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) hefir talað fyrir hönd nefndarinnar um till. þær, sem hún ber fram. Virtist mjer að vísu, sem það hefði orðið að samkomulagi, að eigi yrðu greidd atkvæði um þessar till. fyr en við 3. umr. En sökum þess, að jeg og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) eigum hjer 1 brtt., þá vildi jeg leyfa mjer að fara um hana nokkrum orðum. Jeg verð að líta svo á, að það hafi verið fyrir ókunnugleika eða vangá hv. samgmn., að hún leggur það til, að styrkur til bátaferða á Austfjörðum falli niður. Er þó þetta alleinkennilegt, þar sem 2 hv. nefndarmenn eru Austfirðingar, og ætti þeim að vera það vel kunnugt, að bátaferðirnar hafa gert mikið gagn. Veit jeg að vísu, að nefndin þykist bæta mikið úr skák, með því að koma fram með tillögu um 60 þús. kr. fjárveitingu til Goðafossferða. En þessi bót, ef svo má kalla, er aðallega fyrir Norðlendingafjórðung og norðurhluta Austfjarða. En hjer er gengið inn á nýja braut, því að mjer vitanlega hefir eigi í seinni tíð verið veitt fje til millilandaferða. Áætlun Goðafoss hefi jeg eigi sjeð, en heyrt hefi jeg, að hann eigi að fara millum landa nokkrar ferðir og koma við á þeim höfnum, sem áður hafa verið vanalegir viðkomustaðir fyrir millilandaskip. Er mjer það því eigi vel ljóst, hvað nefndin hefir áunnið til samgöngubóta fyrir þessar 60 þús. kr. En langt er það frá mjer að vilja leggjast á móti þessari samgöngubót, ef hægt er að kalla þetta því nafni, en hins vil jeg krefjast, að nefndin hafi samgönguþörf allra landshluta fyrir augum og reyni að bæta úr örðugleikum þeirra í þessu efni, en í því hefir nefndinni mistekist hrapallega.

Jeg veit, að það mun verða sagt, að Suðurland eigi að verða Hornafirði hjálparhellan, en jeg hefi nú áætlun skipsins hjer við hendina, og sýnist mjer svo sem gagnið af ferðum Suðurlands til Hornafjarðar muni ef til vill verða ærið lítið. Skipið hefir fastar áætlunarferðir millum Reykjavíkur og Ísafjarðar, og ýmsra annara staða á Vestfjörðum og Breiðafirði, en neðanmáls stendur, að „eftir komu skipsins til Reykjavíkur 20. maí, 12. ágúst, 12. september og 22. okt., er áætlað, að skipið fari til Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hornafjarðar *ef tími vinst til og sagt hefir verið til um nægilegan flutning*". Þetta eru nú allar skipaferðirnar, sem Austur-Skaftafellssýslu eru ætlaðar. Suðurland á að fara 4 sinnum, ef *tími vinst til* og nægilegur

flutningur fæst. Er mjer alveg óskiljanlegt, að ekki hefði verið hægt að fá Suðurland til að fara þangað fastar áætlunarferðir.

Auk þessa eru ferðirnar á mjög óhentugum tíma, sjerstaklega ágústferðin. Væri miklu hagfeldara, að sú ferð væri í júnímánuði eða júlí, því í ágúst eru kaupmenn búnir að draga að sjer verslunarvörur, kauptíð um garð gengin og kominn hásláttur o. s. frv.

Enn er það, að jeg fæ ekki betur sjeð en Suðurland væri úr allri sök, enda þótt það færi aldrei austur; því gæti lagast svo á Vestfjörðum, að því þætti næg ástæða til að sleppa ferðunum austur fyrir það. Ennfremur er svo óákveðið, hvenær búast má við skipinu til Hornafjarðar. Það á að fara frá Reykjavík einhverntíma kringum 20. maí, og getur því skeikað á mörgum dögum, hvenær von er á því til Hornafjarðar, og mönnum því austur þar algerlega ókunnugt um, hvenær skipið kann að koma eða fara.

En þó að ferðir Suðurlands væru miklu betri en þær eru, þá er þó slitið alveg sundur sambandið milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar, og þetta eitt, út af fyrir sig, er alveg óviðunandi. Milli Hornafjarðar og Austfjarða eru mjög mikil viðskifti, sem mjög hafa aukist í seinni tíð. Austfirðingar margir hafa útgerð á Hornafirði og menn þaðan leita sjer mikið atvinnu austur á bóginn, auk þess sem skólafólk þarf að komast bæði til Eiða og Akureyrar. Er fólki þessu fyrirmunað að komast þetta, með þessu fyrirkomulagi, öðruvísi en landveg til Djúpavogs, 2—4 dagleiðir, eftir því hvar mennirnir eiga heima í sýslunni. — Þetta sýnist því eigi að neinu leyti heppileg ráðstöfun. Af þessum sökum öllum höfum við leyft okkur að koma fram með tillögu um það, að veittur verði 15 þús. kr. styrkur til bátaferða á þessu svæði. Ferðirnar, sem hægt er að fara fyrir þennan styrk, verða auðvitað eigi margar, en við förum fram á svona lítið, með það fyrir augum, að það sje þó betra en ekkert, og vonum að fá þessu fremur framgengt, er svo sanngjarnlega er af stað farið.

Það dettur auðvitað engum í hug að neita því, að fjárhagurinn sje örðugur, en alt fyrir það má síst af öllu draga úr samgöngunum, því að þær eru, að ýmsu leyti, skilyrði fyrir því, að atvinnuvegirnir geti blómgast, en undir því er aftur hagur landsmanna og ríkissjóðs kominn. Er það von mín, að þegar háttv. deild hefir kynt sjer till. okkar vel, þá muni hún fallast á þær.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 1. apríl, var fram haldið 2. umr. (A. 30, n. 128, 129, 138, 152, 163, n. 180, 181, 198).

Magnús Kristjánsson: Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi brtt. á þskj. 163.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hefir rækilega minst á það mál, og jeg hefi þar litlu við að bæta. En mjer fanst, satt að segja, þessi brtt. koma úr hörðustu átt, þar sem háttv. þm. Str. (M. P.) er faðir að henni. Jeg bjóst raunar við því, að hann mundi vera þessari litlu fjárveitingu til sjúkrahússins hlyntur. Mjer hefir skilist svo, að þess mætti sjerstaklega vænta af honum, að hann bæri heilbrigðismálin fyrir brjósti og mundi verða manna síðastur til þess að narta utan úr sjálfsögðum fjárhæðum til þeirra mála.

Þessi háttv. þm. (M. P.) segir að vísu, að þetta sje ekki fyrir honum mikið fjárhagsatriði, heldur stefnumál. En jeg verð að líta svo á, að þessi stefna þm. sje ekki rjett, vegna þess, að sjúkrahús Akureyrar og sjúkraskýli í sveitum eru alls ekki sambærileg. Sjúkrahús þetta er sótt, að meira

og minna leyti, úr öllum landsfjórðungum, svo að helst mætti segja, að það nálgaðist það mest að kallast landsspítali. Norðlendingar hafa lagt manna mest á sig til þess að koma heilbrigðismálum sínum í sæmilegt horf. Mætti, ef til vill, segja, að þeir hefðu í því efni reist sjer hurðarás um öxl. En hvað sem því líður, þá ber þó að virða þessa viðleitni þeirra að makleikum.

Jeg vil einnig geta þess, að 6 af 7 nefndarmönnum hafa talið þessa styrkveitingu til sjúkrahússins á Akureyri sanngjarna. Það er háttv. þm. Str. (M. P.) einn, sem hefir fundið hvöt hjá sjer til þess að klípa af henni. (*M. P.*: Hver hefir sagt, að jeg stæði hjer einn að máli?). Þingmaðurinn (M. P.) verður að fyrirgefa, þótt jeg haldi mjer hjer aðeins við það, sem fram er komið í málinu.

Annars skal jeg ekki um þetta fjölyrða. Það er óþarfi. Jeg er viss um, að hv. deildarmenn munu hallast að skoðun meiri hl. nefndarinnar í þessu máli.

Jeg býst við, að það megi segja, að þetta litla tillag til sjúkraskýlanna sje mjög af skornum skamti, og þau eru mjög svo ófullkomin og hafa lítil eða engin tæki. En um sjúkrahúsið á Akureyri er öðru máli að gegna. Það hefir nú aflað sjer flestra þeirra tækja, sem hægt er að búast við, meðan löggjafarvaldið sýnir því ekki meiri sóma en hingað til hefir átt sjer stað.

Þótt jeg að vísu líti svo á, að þessi litli munur — 3 þús. krónur. — geri hvorki til nje frá fyrir sjúkrahúsið, þá vil jeg þó eindregið leggjast á móti því, að brtt. nái samþykki deildarinnar. Og það er vegna þess, að jeg vil ekki og get ekki fallist á skilning háttv. frsm. og flm. brtt. (M. P.) að setja sjúkrahúsin á bekk með sjúkraskýlunum.

Og jeg segi, að jeg get ekki talið það annað en smámunaskap — svo jeg við hafi væg orð — af þessum háttv. þm. (M. P.) að flytja þessa brtt. Og þykir mjer ekki ólíklegt, að háttv. þdm. líti á þetta mál öðrum augum en háttv. flm (M. P.).

Mjer skildist það á orðum hæstv. fjrh. (M. G.), að hann hallaðist að sömu skoðun og háttv. frsm. (M. P.), og býst jeg við því, að fyrir honum hafi einnig vakað það sama, nefnilega að halda fast við reglurna um sjúkraskýli, en þetta er hrein og bein yfirskinsástæða, sem ekki getur talist samboðin hæstv. fjrh. (M. G.).

En meðan þessi regla er ekki viðurkend hjer í þinginu, þá fæ jeg ekki sjeð, að það sje rjettmætt að færa hana fram sem gilda ástæðu. Nei, það verður að finna aðrar ástæður til þess að geta, með góðri samvisku, nartað utan úr þessari litlu fjárhæð. En jeg býst ekki við, að slíkar ástæður finnist margar eða mjög veigamiklar.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á eftirlaun til ekkju Matthíasar Jochumssonar. Mjer er það kunnugt um fjárhagsástand hennar, að jeg veit, að það mundi koma sjer mjög illa, ef klipið væri af þessari fjárveitingu. Það vill svo til, að hið látna stórskáld og andans mikilmenni hefir undanfarin ár sjeð fyrir mörgum ungum barnabörnum sínum, sem nú eru hjá ekkju hans. Jeg þori því að gera ráð fyrir, að ef skáldið vissi hverju fram fer hjer, eins og hann var fulltrúaður á í lifanda lífi, að andi mannsins hjeldi áfram að vera starfandi með fullkomnu meðvitundarlífi hinumegin, þá mundi honum falla það mjög þungt og vera það hin mesta skapraun að sjá börnin, sem hann unni svo heitt, og voru gleði hans í ellinni, líða skort. Jeg verð því að telja það mjög æskilegt, að þingið dragi eins lítið og það frekast sjer sjer fært af þessari styrkveitingu, sem hann hafði. Ekkjan er líka alls góðs makleg, því að hún mun eiga drjúgan þátt í

því, að hann gat helgað krafta sína og gáfur hinu þjóðfræga starfi sínu eins og raun ber vitni.

Gunnar Sigurðsson: Þótt jeg kveðji mjer hljóðs, er það ekki til þess að fara að taka framsöguna af háttv. meðnefndarmanni mínum, þm. Str. (M. P.), heldur aðeins til að leggja áherslu á nokkur atriði fjárlaganna. Jeg þakka hv. þm. Ak. (M. K.) fyrir ræðu hans, sjerstaklega það, sem hann sagði um eftirlaun til ekkju Matthíasar Jochumssonar, og hefir hann þar tekið af mjer ómakið. Jeg vil undirstrika það, að við nefndarmennirnir tókum nærri okkur að þurfa að neita. Það er mjög leiðinlegt að þurfa að spara til þess, sem nytsamt er að styrkja, en sjálfsagt er að beygja sig fyrir nauðsyninni og sníða sjer stakk eftir vexti, þegar fjeð vantar. Og mjer er það ljóst, að eins og sakir standa eru upphæðirnar í fjárlögunum altof háar, í samanburði við væntanlegar tekjur, en það er ekki beint þessu þingi að kenna, heldur stefnu fyrri ára, og ekki er svo gott að gerbreyta fjárlögum á einu ári.

Mjer þótti háttv. frsm. (M. P.) ekki taka það nógu skýrt fram, að það eru aðallega stóru upphæðirnar, sem meiri hl. nefndarinnar vill spara, en ekki smáupphæðirnar, sem minst munar um. Við viljum draga að leggja í kostnaðarsöm fyrirtæki í bili, og bíða betri tíma. Með því sláum við tvær flugur í einu höggi. Við spörum fje, svo við getum betur stutt að því, að framleiðslan rjetti við, og með því að leggja allan kraft á að efla og auka hana, fáum við fyrirtækin með minni kostnaði síðar, þegar dýrtíðin minkar eitthvað, eins og vænta má að verði.

Jeg get ekki látið hjá líða að fara ofurlítið út í hreppapólitík. Jeg vildi nefna ofurlítið bátsferðirnar milli Reykjavíkur og Rangársands. Skýrslur, sem sendar hafa verið háttv. samgmn., sýna fulla þörf á, að viðbótarstyrkur til þessara bátsferða verði 10,000 kr. Sýslan er, eins og kunnugt er, illa sett hvað samgöngur snertir, algert hafnleysi og slæmir landvegir. Tvö kaupfjelög eru að byrja, og hafa því litlu úr að spila. Bátarnir verða að sæta lagi að komast út og inn, og verða oft að liggja, jafnvel svo vikum skiftir, til byrjar. Síðasta ár, sem háttv. samgmn. leggur til grundvallar, hafa bátarnir verið sjerstaklega heppnir, svo það er valtur grundvöllur í framtíðinni. Hún leggur til, að styrkurinn verði 8000 kr., en megi aldrei fara fram úr ⅓ flutningskostnaðar.

Viðvíkjandi umsókn fyrv. símastjóra í Vestmannaeyjum, vil jeg taka það fram, að mjer þykir framferði símastjórnarinnar mjög vítavert. Segja fyrst manninum upp stöðunni og gefa honum síðan vottorð um, að hann sje í alla staði vel fær til að hafa starfann á hendi. Þetta framferði er mjer algerlega óskiljanlegt, og er jeg sammála hæstv. fjrh. (M. G.) um það, að símastjórnin ætti helst sjálf að bæta halla stöðvarstjórans að einhverju leyti. En eins og sakir standa, er ekki forsvaranlegt að bæta honum ekki hallann að einhverju leyti.

Þá er það viðvíkjandi styrknum til þessara fáu námsmanna, sem fjvn. leggur til. Mjer þykir æði hart að heyra hæstv. fjrh. (M. G.) setja sig á móti því, að efnilegir menn sjeu styrktir til að ljúka námi sínu. Enginn ætti betur að geta skilið nauðsyn þess. Það mundi þykja óviturlegt, ef banki, sem hefði veitt lán til húsbygginga, drægi að sjer hendina og neitaði að láta meira fje, þegar aðeins væri eftir að setja alla glugga á húsið. Húsið væri einskis virði og lánveitingin gagnslaus. Eins er það með námsmennina. Ef þeir verða að hætta fyr en þeir hafa lokið prófi, verður námið einskis virði, eða jafnvel verra en það. Jeg get verið samdóma hv. 2. þm. Skagf. (J. S.) um það, að varhugavert sje

að styrkja menn til að byrja nám. En það er sitthvað, að styrkja til að byrja eða að ljúka, og það er hið síðartalda, sem hjer er farið fram á.

Mjer finst sjálfsagt að veita fje til silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli. Það getur orðið mikið gróðafyrirtæki, ef vel er á haldið. Við erum svo að segja einir um silfurbergið, og gætum fengið fyrir það stórfje, ef vel er á haldið; t. d. er mikill markaður fyrir það í Þýskalandi.

Sveinn Ólafsson: Þessar umræður hafa minst lotið að fjáraukalögunum sjálfum. Mest hafa þær beinst að fylgifiskum þeirra, brtt. Það virðist vera álit margra háttv. þm., að óhjákvæmilegt sje að veita allar þær upphæðir, sem farið er fram á. Um sumar hygg jeg þó, að geti orkað tvímælis, hversu brýnar sjeu. Það er sjálfsagt óvinsælt að ráðast á einstakar upphæðir, en hjá því verður eigi sneitt, eins þótt þær eigi allar einhverja talsmenn.

Mest ber á brtt. frá háttv. fjvn. Háttv. frsm. hennar (M. P.) mæltist til þess, að þeir deildarmenn, sem hefðu eitthvað að athuga við tillögurnar, ljetu til sín heyra. Fyrir þá skuld vil jeg láta þess getið, að jeg hefði verið þakklátur háttv. nefnd, ef hún hefði viljað slá striki yfir meiri hluta af till. sínum. En þar sem jeg geri ekki ráð fyrir, að hún verði við þeirri bón, vil jeg minnast á nokkrar einstakar till. hennar.

Að því, er kemur til brtt. við 1. gr., tel jeg fjárveitinguna til Ara Arnalds sýslumanns sjálfsagða. Þar er um neyðartilfelli að ræða, og aldrei verður vitað, hvað af því getur leitt að rjetta ekki druknandi manni hjálparhönd. En þetta er ekki hægt að segja um allar brtt.

Viðvíkjandi styrknum til sjúkrahússins á Akureyri, get jeg vel felt mig við að fylgja frsm. nefndarinnar (M. P.). Um þarft fyrirtæki er þar að ræða, en hemil verður að hafa á kröfum til ríkissjóðs.

Þá eru 5000 kr. til fyrverandi stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum. Þrátt fyrir umr. og skýringar háttv. frsm. (M. P.), hefi jeg ekki getað sannfærst um nauðsyn þessarar fjárveitingar. Ábyggileg gögn vantar, og að telja þetta smáupphæð er ekki rjett. Margt smátt gerir eitt stórt, og bitlingafjöldinn dregst saman í stórar summur.

300 kr. styrkur til fyrirlestra við Stýrimannaskólann er að vísu lítil upphæð, en sennilega óþarfa bitlingur, enda þar nægir kenslukraftar, að því er virðist.

Viðvíkjandi uppbótarstyrknum til skólans á Núpi, þá virðist mjer þar lítil nauðsyn, og fordæmi slæmt skapað. Skólinn hefir áður fengið ríflegan styrk, sem ætti að nægja. En ef ríkissjóður á nú að fara að bæta úr alstaðar þar, sem þröngt er í búi hjá einstökum mönnum og stofnunum, þá er hætt við, að hann hrökkvi skamt. Jeg mun ekki greiða atkvæði með námsstyrkjum þeim, sem nefndin leggur til að veita, og þó síst með svo nefndum *lokaveitingum*. Þeir, sem þeirra eiga að njóta, hafa sumir notið áður mikils stuðnings af opinberu fje, og er mjög óvíst, að eftirtekjan verði þar nokkuð meiri en ella. Margir þessir svonefndu *efnilegu námsmenn og listfengismenn*, sem ár eftir ár njóta styrks af ríkissjóði, eru hreinn og beinn vonarpeningur, sem landið nýtur lítils eða einskis frá síðar. Nær hæfi þykir mjer, þegar efni eru jafnlítil og nú á slíkum styrkveitingum, að hjálpa þeim til að brjóta ísinn, sem byrjendur eru, en láta hina spila á eigin spýtur. Það eru ekki síst þeir, sem sjálfir brjóta brautina, er að gagni verða, og ef svo færi hjer, að einhver þessara manna yrði að fresta námi um stund, til að vinna sjer fyrir námsfje, þá mundi sú þrekraun, þegar markinu

væri náð, fremur auka en rýra manngildið. Mestu nytjamennirnir á undanförnum áratugum hafa einskis notið af opinberu fje sjer til menningar, og væri betur, að þetta dekur við allskonar nemendur gerði þá ekki miður færa til að vinna gagn.

Jeg hirði ekki að tína upp alla hina einstöku liði, sem hjer fara á eftir. Jeg get ekki verið á sama máli og háttv. fjvn. um styrkinn til ekkju Matthíasar Jochumssonar. Það eru fleiri ekkjur í líkum sporum, sem eiga erfitt, og er ekki auðvelt að gera upp á milli hennar og þeirra. Þegar hún á að fá svona háan styrk, eða 5700 kr., er ekki óeðlilegt, að öðrum þyki sjer misboðið, því að svo gífurlegur er verðleikamunurinn ekki, að rjettlæti það. Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir upplýst það, að hún hafi á sínum vegum barnabörn síra Matthíasar sáluga. Það eru auðvitað meðmæli, en ekki skil jeg, að það sje vonlaust um, að hinir mörgu og góðu vinir skáldsins og vel stæðu vandamenn verði fúsir til að hlaupa undir bagga með henni. Það er að minsta kosti víst, að hún fer ekki á vonarvöl, þó hún fái ekki þessa háu fjárveitingu.

Þá eru brtt. frá háttv. samgmn. á þskj. 181. Jeg bjóst við, að fyrir henni mundi vaka að bæta úr samgönguleysinu við hin fjarlægustu hjeruð fyrir norðan og austan. Í till. hennar virðist kenna meir hugulsemi við Eimskipafjelag Íslands heldur en þá landshluta, sem hjer eiga hlut að máli. Þessar 60,000 kr. eru nánast gjöf. Það getur verið, að fjelagið sje hjálparþurfi, og er þá auðvitað vel gert að styðja það. En Austfjörðum er lítill styrkur að þessu. Goðafoss kemur á þær hafnir, sem hann þykist eiga brýnt erindi til, og ekki aðrar. Hann er of dýr og stór til flutninga milli smáhafna og snúninga, og hann bætir aldrei úr flóabátsþörfinni eystra. Stærstu hafnirnar fá sambandið, og hefðu fengið, án alls styrks, því að þangað og þaðan eru flutningar svo miklir, að skipið hlaut að koma þar við. Verstöðvarnar minni og kauptúnin litlu verða hinsvegar með öllu svift því sambandi, sem þau hafa haft undanfarið. Jeg hefi aðeins sjeð uppkast að áætlun fyrir Goðafoss, en mjer er sagt, að því eigi að breyta. Mjer finst ekki viðfeldið að greiða atkv. með slíkri fjárveitingu og hjer um ræðir, og vita ekki, hvað í móti skal koma, enda mun jeg eigi gera það. Það stoðar lítið, þótt fyrirheit sje gefið um viðkomu á einni eða tveimur smáhöfnum, í viðbót við áætlun. Flestar verða útundan, og flóabátsins þörf eftir sem áður, til að tengja þær saman. Þær eru yfirleitt á Austurlandi sneyddar öllum samgöngum á landi, vegna landslags og staðhátta. Því ef það er rjett, að Goðafoss eigi ekki að koma við sunnar en á Fáskrúðsfirði, er það bersýnilegt, að undan fellur stórt svæði, s. s. suður að Hornafirði, þó undanfarið hafi þau svæði verið samtengd. Það hefir að vísu verið sagt, að Goðafoss muni gefa kost á því að koma við á Berufirði, ef nógur flutningur fáist. En það er reynsla fyrir því, að af slíkum skilyrðisbundnum ferðum verða oft harla lítil not, og um þennan stað á það auk þess oft við, að ekki er fært þangað, meðal annars vegna vöntunar vita og leiðarljósa. Yfirleitt sje jeg ekki, að háttv. samgmn. hafi tekist að spara mikið frá því, sem verið hefir, því verði fjárveitingin til Goðafoss samþykt, mun vera komið hátt upp í 600 þús. kr. til allra strandferða. Þó fást aðeins gagnslitlar ferðir fyrir Austurland, og sennilega ófullnægjandi fyrir Norðurlandi einnig.

En út af þessu hefi jeg, ásamt háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 198, þess efnis, að veittar verði 15 þús. kr. til sjerstaks báts, sem gangi milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar. Reyndar hefði verið betra og hagfeldara, að bátarnir hefðu verið tveir, og látnir

mætast á Seyðisfirði, og gengi þá annar frá Akureyri. Gæti jeg, fyrir mitt leyti, vel fallist á það skipulag.

Því fer svo fjarri, að það sje rjett hjá háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.), að Goðafossferðirnar bæti upp ferðir tveggja slíkra báta milli fjarðanna innbyrðis, að smáhafnirnar fara alls á mis, þótt stærri hafnirnar fái þannig samband við útlönd.

Jeg leyfi mjer því að vænta þess, þangað til jeg sje annað, að þessari brtt. okkar verði vel tekið í háttv. deild, þar sem gert er ráð fyrir styrkveitingunni óvenju lítilli, en gagnið af henni mundi hins vegar miklu meira en af Goðafossferðunum.

Þá finst mjer ástæða til að minnast á upplýsingar þær, sem hæstv. fjrh. (M. G.) gaf í gær, um tekjur ríkisins fyrsta ársfjórðunginn í ár. Það er einmitt, ekki síst, með þær upplýsingar fyrir augum, sem jeg hefi lagst á móti ýmsum till. fjvn. Því að þessar upplýsingar um rýrnun símateknanna t. d. sýna berlega, hvað að fer. Þó lít jeg annan veg á þessa tekjurýrnun en hæstv. ráðh. (M. G.), og tel hana, að mestu, stafa af því, að símagjöldin eru nú orðin alt of há. Mjer er kunnugt um það, að sumsstaðar eru bein samtök um það að nota ekki símann, nema í brýnustu nauðsyn, og þegar síðasta hækkunin á afnotagjaldinu kom, sögðu margir símanum upp og heimtuðu, að landssímin tæki áhöldin burtu. Og þessi hækkun símagjalds og afnotagjalds stafar, meðal annars, af síhækkandi kaupkröfum starfsfólks símans, kröfum, sem ganga óhæfu næst.

Þá vil jeg enn minnast á eitt atriði, sem hv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) drap á, og það var, að stjórnin hefði gert bindandi samning við Suðurlandsfjelagið, og það þannig, að styrkurinn, sem skipið Hjörungavogur átti að hafa til Norður- og Austurlandsferða eftir fjárl. 1920 og 1921, gengi nú allur til „Suðurlands", auk þeirra 25,000 kr., sem því voru ætlaðar, eða alls 125,000 kr. fyrir ferðir þess í sumar til Vestfjarða. Þessi ummæli voru síðan staðfest af hæstv. atvrh. (P. J.), þótt furðulegt sje. En þetta er nú einmitt ein ástæða þess, að við erum reknir upp á sker með samgöngur norðan og austanlands. Fjenu er varið til þessa ljelega skips, og öllu í öðrum landshluta en upphaflega var ætlað. Jeg vil því, eins og háttv. frsm. (Þorst. J.), lýsa megnustu óánægju minni yfir þessu tiltæki stjórnarinnar, þessu dekri við „Suðurland" og sukki á strandferðastyrknum,

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að fjölyrða um þetta frekar, og heldur ekki um till. mína á þskj. 198, en vil aðeins geta þess, að ef hún yrði samþ., mun jeg fylgja þeim, sem fella vilja styrkinn til Goðafoss og fá annan flóabát í viðbót fyrir norðausturströnd landsins. Þá má fá marga fyrir það fje, sem nú er ætlað Goðafossi. En hann kemur, og þarf að koma, á allar stærri hafnir á þessu svæði, eins þótt styrkurinn falli niður.

Forsætisráðherra (J. M.): Það voru aðallega ummæli hv. 2. þm. Skagf. (J. S.), sem koma mjer til þess að standa upp. Hann talaði um það, að óheppilegt væri og athugavert, að stjórnin greiddi fje úr ríkissjóði eftir tillögum fjvn., eða nefnda einna, eins og nú hefði komið fram. Þessi athugasemd er alveg rjett. Þetta er aðferð, sem ekki má yfirleitt viðhafa. En ástæða þess, að þetta var gert í þetta skifti, þ. e. a. s. eftir tillögu fjárveitinganefnda í fyrra, var sú, að þingið var þá mjög stutt, og því slitið af mikilli skyndingu, svo að enginn tími vanst til að fá fjárveitingar, sem sumar virtust þó, svo að segja, sjálfsagðar, á fyllilega lögmæltan hátt. Þess vegna var það ráð tekið, að fjárveitinganefndir sendu stjórninni tillögur um nokkrar fjárbeiðnir, sem þær lögðu til að

teknar væru til greina. Vegna þess, að þannig stóð á, hætti stjórnin á það að taka þær fjárbeiðnir, sem helst þótti ástæða til, til greina. Annars mun háttv. frsm. fjvn. (M. P.) sjálfsagt minnast á þetta nánar.

En úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, vildi jeg minnast örlítið á nokkrar brtt., sem hjer eru fram komnar. Um fjarveitinguna til Ara Arnalds, sýslumanns, vil jeg taka það fram, að jeg get ekki fallist á það, að með henni sje tekin upp sú regla, sem sjálfsagt sje að fylgja um alla embættismenn. Það hefir komið fyrir áður, að þingið hefir veitt styrk, þegar svipaðar ástæður hafa verið, án þess að binda sig að öðru leyti, enda verður þetta að vera hrein undantekning.

Út af fyrirlestrastyrknum til Stýrimannaskólans skal jeg geta þess, að jeg taldi ekki heimilt að borga hann, þegar fram á það var farið, án þingssamþyktar, en mun hins vegar hafa dregist á að mæla með því við þingið, og geri það hjer með.

Þá er um skrifstofukostnað fræðslumálastjóra, sem jeg er háttv. nefnd þakklátur fyrir að hafa tekið upp, enda er það ekki í samræmi við aðra starfsmenn landsins, að hann skuli ekkert slíkt hafa haft, og hefir víst aðeins verið af vangá í upphafi.

Um Kvenrjettindafjelagsstyrkinn skal jeg geta þess eins, að á upphæðina sjálfa var ekki minst í fyrra, en hins vegar hefir kostnaður við ferðina að sjálfsögðu orðið meiri en kostnaður við aðrar samskonar sendiferðir í fyrra.

Um styrkinn til skálda og listamanna er það að segja, sem áður hefir verið fram tekið, að hann varð svo lítill í ár, af því að 5000 kr. af honum voru veittar í fyrra, fyrir þá sök, að ýmsir, sem til Ítalíu ætluðu, kváðust fremur geta farið þá en seinna. En hins vegar mun úthlutunarnefndin hafa ætlast til að fá hækkun á styrknum á þessu ári. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að mjer þykir það mjög óheppilegt, að Jóh. Kjarval skuli engan styrk hafa fengið, bæði af því, að mjer er persónulega kunnugt um það, að hann á erfitt uppdráttar, og svo af hinu, að hann er eflaust einhver efnilegasti af listamönnum okkar, þó að sumum þyki hann nokkuð undarlegur í hinum síðari verkum sínum. Af sömu ástæðum hefði jeg álitið rjett, að Davíð Stefánsson frá Fagraskógi hefði fengið styrk.

Að því er til alþýðuskólanna kemur, vil jeg aðeins geta þess, að jeg sakna þess, að ekki er enn tekin til greina beiðni um styrk til Hvítárbakkaskólans, sem jeg verð að telja sjerstaks styrks verðugan, einmitt nú.

Hákon Kristófersson: Jeg finn mjer skylt að þakka háttv. fjvn. fyrir undirtektir hennar undir þá málaleitun mína, að ríkið láni hina umbeðnu upphæð, 8 þús. kr., til læknissetursskaupa í Reykhólahjeraði.

Eins og nokkrum háttv. þdm. er þegar kunnugt, hafa allmargir menn í viðkomandi hjeraði sjeð nauðsynina á því, að óhjákvæmilegt væri, að hjeraðsbúar gætu bent á heppilegan stað til læknisseturs, svo framarlega sem þeir ættu að gera sjer vonir um, að læknir fengist í hjeraðið.

Læknir sá, er var þar seinast og nú er látinn (Oddur sál. Jónsson), átti sjálfur jörðina, er hann bjó á, svo engin von er til, að hún verði fáanleg til læknisseturs í framtíðinni. Það er hvorttveggja, að hún mun ekki hafa verið föl, enda hjeraðinu tæpast fært að kaupa hana. Til þess að koma máli þessu í framkvæmd, var af hjeraðsbúum kosin 3 manna nefnd, þeir Ólafur Eggertsson, Króksfjarðarnesi, Ingim. Magnússon, Bæ og Andrjes Ólafsson, Brekku. Það, sem menn þessir hafa þegar gert í málinu, er það, að þeir

hafa keypt jörð fyrir 8500 krónur. Jörð þessi má telja að sje, legu sinnar vegna, sjerstaklega vel valin til læknisbústaðar, enda nokkurnveginn húsuð, eftir því, sem gerist á sveitabæjum.

Þess vil jeg láta getið, að í ráði er, að sjúkraskýli verði reist á þessu fyrirhugaða læknissetri strax og læknir kæmi í hjeraðið og ástæður leyfa. En til alls þessa vantar fje. Það hefir því orðið að ráði hjá hjeraðsbúum að leita til hins háa Alþingis um lánbeiðni þá, sem hjer er um að ræða. Með tilliti til þess lofsverða áhuga, er hjeraðsbúar hafa á máli þessu, svo og hinnar brýnu nauðsynjar, er á þessu er, vænti jeg þess, að háttv. deild verði við þessum, að mínu áliti, sanngjörnu óskum.

Um einstök atriði, er þetta snerta, skal jeg annars ekki deila. Þar sem hæstv. fjrh. (M. G.) mintist á það, að vextir væru kann ske nokkuð lágir af lánum, en lánstíminn mætti hins vegar vera lengri, þá skal jeg ekki gera það að neinu kappsmáli, enda gekk mjer þarna engin ágirnd til, heldur fór jeg þar eftir reglum, er áður hefir verið fylgt. Þess hefir verið getið af hæstv. fjrh. (M. G.), að þetta mætti að nokkru leyti teljast styrkur, og er það þá auðvitað að því leyti, sem lánskjörin eru betri, en hverfur að því leyti, sem þau eru þrengd, t. d. með hækkuðum vöxtum.

Jeg geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að hreppar þeir, sem nefndir eru í brtt. minni, taki lánið, og að viðkomandi sýslufjelög standi að baki og beri ábyrgðina, svo ekki verði það misskilið, hver sje lántakandi. Jeg hefi skrifað tveimur af mönnum þeim, sem gengist hafa fyrir máli þessu, og tjáð þeim, að málaleitun þeirra mundi hafa góðan byr í þinginu, en ekki fengið ennþá svar frá Ólafi Eggertssyni, sem jeg bað þó að láta mig sem fyrst vita, hvort það væri ekki þeirra meining, að hreppar þeir, sem hlut ættu að máli, tækju lánið sameiginlega. Fleira hefi jeg ekki að segja um till. þessa. Hún hefir ekki mætt neinum andmælum, og er jeg þakklátur háttv. deild fyrir það.

Háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) skýrði frá því í gær, að e.s. Suðurland ætti að annast samgöngur milli Reykjavíkur og Vestfjarða, alla leið til Ísafjarðar, og skildist mjer á orðum hans, að með þessari ráðstöfun væri vel sjeð fyrir samgöngum við Vestfirði. Hins vegar fanst mjer samt, að hann teldi skipið lítt fært til að annast þessar ferðir, og finst mjer það trúlegt, eftir því, sem skip þetta reyndist síðastliðið sumar, og koma þá ráðstafanir þessar að litlu haldi og Vestfjörðum til lítils gagns, einkum þó þegar þess er gætt, að Sterling er ekki ætlað að koma nema einu sinni, eða eina ferð, á Vestfirði, og hlýtur þá að liggja í augum uppi, að þetta verða með öllu ónógar samgöngur. Annars finst mjer nefndin hafa gert allmikinn mun á viðkomustöðunum Bíldudal og Patreksfirði. Jeg, sem kunnugur er um þessar slóðir, get ekki gert mjer grein fyrir, af hvaða ástæðum sá mismunur sje gerður, og vildi því leyfa mjer að biðja nefndina um upplýsingar í því efni, hvaða ástæður nefndin hefir haft, til þess að gera þennan mismun á þessum viðkomustöðum, sem, að mínu áliti, ættu að vera sem allra jafnast settir. Hins vegar skal jeg fúslega viðurkenna það, að jeg myndi í alla staði sætta mig við það, þótt 1. ferð Suðurlands fjelli algerlega niður, ef samgmn. gæti sjeð sjer fært að láta skipið fara einu sinni eða tvisvar inn á Króksfjörð, eins og jeg hafði óskað eftir við nefndina. En eftir því sem jeg best veit, og áætlunin mun sýna, þá hefir enn ekki verið gert ráð fyrir því, og vildi jeg því beina þessu til nefndarinnar, í þeirri von, að hún lagfæri þetta, ef mögulegt er.

En svo ber líka að líta á það, í þessu samgöngumáli við Vestfirði, að þetta skip, Suðurland, er ekki einungis ætlað Vestfirðingum til hagræðis, þar sem beinlínis eru fyrirskipaðar 4 ferðir austur á Hornafjörð, sem því er ætlað að annast. Og þótt brugðið geti til beggja vona með þessar Hornafjarðarferðir, eins og háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) sagði hjer í gær, þá er þó vitanlegt, að þessar austurferðir eru þegar ráðgerðar, og því ástæðulaust að telja skipið einungis sem strandferðaskip fyrir Vestfirði.

Eins og málið horfir því við nú, þá get jeg ekki betur skilið en að fyrir samgöngumálum okkar Vestfirðinga sje illa sjeð, einkum þegar á það er litið, að lítil von er um, að millilandaskipin komi þar við, því að það tel jeg ekki, þótt þau komi við á Ísafirði. (*Þorst. J.*: Misskilningur!). Mig skyldi gleðja það, að þetta sje misskilningur, eða máske háttv.frsm. samgmn. (Þorst. J.) vildi segja mjer, hvað millilandaskipin eigi oft að koma til Flateyjar, til dæmis, og getur hann þó varla neitað því, að þar sje stór verslunarstaður. — Mjer heyrðist á háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að honum þætti illa sjeð fyrir samgöngum við Austfirði, og teldi litlar bætur felast í till. nefndarinnar, en jeg hygg þó, að ekki sje minni ástæða fyrir mig að kvarta, því að eftir því, sem þegar er upplýst, höfum vjer orðið stórum ver úti, eins og jeg hefi nú bent á, og ekki síst, þegar litið er á, hvað millilandaskipin koma oft við á Austfjörðum. Hvað þessa mótorbáta snertir, þá fer til þeirra svo mikið, að það borgar sig varla að láta þá halda ferðum uppi. Enda finst mjer það undravert, og veit ekki hvernig á því getur staðið, að ýms fjelög, sem eiga stærri skip og sigla styrklaust, geta látið skipin bera sig og haft töluverðan hagnað, þar sem mótorbátarnir, sem styrktir eru til að halda ferðum uppi á sömu slóðum, bíða árlegan halla af rekstrinum. Þetta er óneitanlega undarlegt, og ekki að furða, þó að manni fljúgi í hug, að eitthvað hljóti að vera bogið við framkvæmdarstjórnir þessara styrktu báta.

Það þykir nú víst illa hlýða, að jeg mæli á móti Breiðafjarðarbátnum Svani. Jeg heyri nú sagt, að hæstv. stjórn hafi lofað 3 þús. kr. styrk þessum bát, ef hann fari vestur eina ferð. Fjelaginu mun nú varla hafa veitt af þessum styrk. En jeg get ekki annað sjeð en að hægt hefði verið að fá bát til þess að skjótast þessa ferð fyrir langtum minni borgun, því að væntanlega hefði hann getað fengið fullfermi. En ef þetta hefir verið gert í áliggjandi lífsnauðsyn, eins og fram hefir verið tekið, þá er þetta afsakanlegt. Þess vil jeg þó geta, að vesturhluti Barðastrandarsýslu og nokkur hluti af austursýslunni mundi heldur hafa verið látinn deyja drotni sínum heldur en hæstv. stjórn legði fram fje til að styrkja þá til slíkra ferða.

Jeg skal vera fáorður um brtt. á þskj. 129, en verð þó að geta þess, að 1. liðurinn þar kom mjer undarlega fyrir sjónir, sjerstaklega þó vegna þess, að uppbótar þessarar er hvergi æskt af núverandi hluteðeigendum. Verð líka að álíta hana, að málavöxtum athuguðum, algerlega óþarfa.

Hins vegar er það viðvíkjandi styrknum til Ara Arnalds sýslumanns, að jeg vildi taka það fram, að jeg get ekki litið eins á hann og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem telur hann nauðsynlegan. En jeg vil þó, þrátt fyrir það, engan veginn mæla á móti honum, þar sem í hlut á maður, sem mun hafa þessa mjög brýna þörf. En þar sem óhjákvæmilegt mun verða að veita þennan styrk, hvers vegna hefir þá háttv. nefnd ekki getað sint erindi Sigvalda Kaldalóns læknis, sem stendur alveg eins á fyrir, að sögn þar um kunnugra manna.

Um styrkinn til stöðvarstjórans í Vest-

mannaeyjum verð jeg að segja það, að jeg tel það vandræði, að þetta mál skuli hafa komist inn á þing, eins og utan um það hefir verið talað, og teldi því fara best á því, að málaleitun þessari væri sem fyrst vísað á sinn stað.

Annars hefi jeg ekki meira að segja um brtt. nefndarinnar að þessu sinni, enda býst jeg við að koma með brtt. við 3. umr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg býst við, að jeg geti verið stuttorður að þessu sinni. Það hefir litlu einu verið hreytt að nefndinni, og skeytin verið meinlaus, svo þau hafa hvorki bitið nje hitt. Jeg ætla að reyna að svara þeim háttv. þm. og stj. í rjettri röð, eins og þeir töluðu, þó að vel geti verið, að jeg hafi einhverju gleymt, því að ekki hefi jeg skrifað alt niður hjá mjer, heldur treyst nokkuð á minnið.

Jeg get byrjað með að þakka hæstv. fjrh. (M. G.) fyrir þessar upplýsingar og þessa skýrslu um tekjuvonir, eða öllu heldur vonleysi, á yfirstandandi ári, en það getur ekki haft nein áhrif á nefndina, enda vil jeg með engu móti játa það, að nefndin hafi farið óvarlega og ekki litið fyllilega með sparnaðaraugum á frv., og í samræmi við það borið fram sínar brtt.; eru þær því allar svo nauðsynlegar, að minsta kosti þær, sem eitthvað um munar. Jeg vil og geta þess, að jeg get ekki um símatekjurnar verið sammála háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), og heldur ekki hæstv. fjrh. (M. G.), að símatekjurnar sjeu minni vegna fjárkreppunnar, eða vegna hækkunar á símagjöldunum. Það er ekki mælikvarðinn, heldur eru það viðskiftahömlurnar, sem gera það, að síminn er langtum minna notaður en áður. Alt viðskiftalíf liggur meira og minna í dái, og því er þörfin fyrir símanot ekki nándarnærri eins rík og áður. Hygg jeg þetta eina helstu ástæðuna.

Á það hefir verið bent af hæstv. fjrh. (M. G.) um fjárhagsvandræðin, að sumir síldarútgerðarmennirnir geti nú ekki greitt útflutningstollinn strax, eins og áður. Ef til vill er eitthvað til í þessu, en þó er mjer kunnugt um, að ef stjórnarráðið hefir neitað þessum mönnum um gjaldfrest, þá hafa þeir borgað strax. Annars hefi jeg heyrt því fleygt, að það hafi verið nokkuð af handahófi og sitt á hvað, sem stjórnin hefir gefið þennan frest, og ekki gott að henda reiður á þeim reglum, sem hún hefir farið þar eftir.

Annars þykir mjer leiðinlegt, að hæstv. fjrh. (M. G.) skuli hafa lagst á móti brtt. nefndarinnar, enda þótt jeg jafnframt voni, að það hafi engin áhrif á háttv. deild.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) var að kvarta yfir, að hann hefði ekki verið spurður ráða um málaleitun stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum, þá er það alveg satt, að svo var ekki gert, enda fanst nefndinni það óþarfi, þar sem fyrir nefndinni lá brjef stjórnarráðsins, sem sýndi fyllilega, hver væri vilji stjórnarinnar í þessu efni, og full ástæða að skoða sem meðmæli frá henni.

Þá spurði hæstv. fjrh. (M. G.), hvað nefndin hefði hugsað sjer um útborgun a styrknum til Ara Arnalds. Nefndin hefir ekkert ákveðið um það enn, hvort borga eigi hann mánaðarlega eða miða við ársfjórðungsgreiðslu, og leggur, yfir höfuð, enga áherslu á það, enda hlýtur það að verða samningsatriði milli styrkþega og stjórnarinnar. En út frá því hefir nefndin gengið sem sjálfsögðu, að styrkinn eiga að greiða frá þeim tíma, sem annar maður hefir verið settur til þess að gegna embættinu, og eins hitt, að frá sama tíma sje

svo árið talið. En að öðru leyti hlýtur alt þetta að verða samningsatriði, eins og áður er á drepið.

Hæstv. fjrh. (M. G.) gat þess, að sjálfsagt væri að styrkja Jóhannes L. L. Jóhannsson orðabókarsafnara, að einhverju leyti, en að hann hefði búist við, að farin yrði önnur leið, og hún var sú, að taka eitthvað af fjárstyrk þeim, sem syni Jóhannesar, Jakobi Smára, var ætlaður. Frá fjárhagshliðinni er þetta kannske það sama, en frá stjórninni horfir það nokkuð öðruvísi við. Stjórnin hefir enga heimild til að rugla fje á milli manna í fjárlögunum, án samþykkis þingsins. Getið skal þess, að nefndin hefir enn ekki tekið afstöðu til erindis Jakobs J. Smára, og get jeg því ekki gefið ákveðin svör, en jeg vildi út af þessu leyfa mjer að leggja eina spurningu fyrir hæstv. fjrh. (M. G.) eða hæstv. stj., og á svari hennar veltur sjálfsagt talsvert um ýmsar ákvarðanir um samning fjárlaganna. Skoðar stjórnin fjárlögin aðeins heimildarlög, eða álítur hún þau skipun, sem hún sje skyld að hlýða? Þessu vona jeg að verði svarað skýrt og skorinort; jeg fyrir mitt leyti hefi litið svo á, að þar sem ekki er beinlínis tekið fram, að aðeins sje um heimild að ræða, þá sje það skipun. Svar við þessu er okkur nauðsynlegt að fá, áður en við göngum frá fjárlögunum.

Ekki datt mjer í hug, að hæstv. fjrh. (M. G.) myndi leggjast á móti styrknum til hjúkrunarfjelagsins Líknar, og allra síst vegna þess, að minst hefir verið nokkuð á starfsemi þessa fjelags við umr. um berklaveikisfrv. hjer í deildinni, og þegar þá að ekki er um meiri fjárhæð að ræða, enda kunnugt, að Reykvíkingar líta öðrum augum á þetta fjelag, og telja sjálfsagt að styrkja það. (*Fjrh.*: Hvað er bæjarstyrkurinn hár?). Hann er jafnhár landssjóðsstyrknum.

Þá hafði hæstv. fjrh. (M. G.) ýmislegt að athuga við styrkina til einstakra manna, og verð jeg þá að segja, að lítið legst nú fyrir kappana, þegar þeir fara að klípa nokkrar krónur út úr styrk til fátækra og fjevana, en þó að mörgu leyti efnilegra, námsmanna. En undir það get jeg tekið, að erfitt sje að greina, hvort þeir sjeu styrksins verðugir; en er nokkuð ljettara að segja um, hvort þeir sjeu hans ekki verðugir, og gæta ættu þeir þess, sem þannig tala, að þeir eru að vega í myrkri, og sá sem þannig vegur, getur komið óheppilega niður, enda hefði hverjum þm. verið innan handar að kynna sjer skjöl þau, er að þessu lúta. En úr því þeir ekki hafa gert það, þá verða þeir að fara eftir tillögum nefndarinnar, sem rannsakað hefir málin.

Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um utanfararstyrki og námsstyrki, en hjer er alls ekki um utanfararstyrki að ræða, heldur aðeins námsstyrki. Og í sambandi við þetta spurði hæstv. fjrh. (M. G.), hvort enginn þessara manna gæti orðið aðnjótandi þess styrks, sem veittur er í fjárlögum og ætlaður er þeim, sem leita utan til Hafnarháskóla. Sá styrkur, að upphæð 8000 kr., á að koma í staðinn fyrir Garðstyrkinn forna, sem hvarf með sambandslögunum 1918, og er því aðeins byrjunarstyrkur handa þeim stúdentum, er utan leita og ekki geta fengið kenslu hjer.

Þessir styrkir, sem nefndir eru hjer, eru eingöngu til framhaldsnáms, eða öllu heldur til lokanáms, að undanteknum einum (Brynjólfs Stefánssonar), sem nýlega hefir endað Garðvist sína. Enda er um þennan 8000 króna styrk það að segja, að hann getur varla náð langt, þegar litið er til allra þeirra stúdenta, sem leita verða til Hafnarháskóla.

Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um styrkinn til ekkju Matthíasar skálds. Því þarf jeg ekki að svara, því að háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir þar tekið af mjer ómakið. Er mjer kunnugt um það annarsstaðar frá,

að upplýsingar hans í því efni eru rjettar. En þótt hin háttv. deild samþykki þennan styrk nú, þá vil jeg benda henni á það, að nefndin hefir ekki tekið neina fullnaðarákvörðun um það, hvort sömu upphæð skuli veita framvegis. Hjer stóð alveg sjerstaklega á í ár. Deildinni er því í lófa lagið, þótt hún samþykki þessa fjárhæð nú, að sjá svo um, að þetta verði ekki framtíðareftirlaun. Ekki get jeg hugsað mjer, að það komi til mála, sem hæstv. fjrh. (M. G.) vildi halda fram, að þetta gæti valdið óánægju meðal annara ekkna í landinu, sem styrks njóta. Jeg trúi því ekki, að nokkur kona sje þannig skapi farin, að henni sviði, þó að ekkja þjóðskáldsins og snillingsins Matthíasar Jochumssonar njóti hærri styrks en aðrar.

Þá talaði hæstv. fjrh. (M. G.) um það, að vextirnir af lánunum væru of lágir. Spurði hann, hvort nefndin vildi ekki hækka vextina. Þessu get jeg ekki svarað nú, en sjálfsagt er, að nefndin athugi þetta. Annars finst mjer það engin gild rök fyrir að hækka vextina af þessu láni, að vextir sjeu háir nú. Lánið er veitt til 20 ára, og enginn veit, hvort vextir yfirleitt muni verða jafnháir allan þann tíma eins og þeir eru nú.

Margir hafa fett fingur út í brtt. nefndarinnar um uppbót til stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum. Hæstv. atvrh. (P. J.) hefir nú gert nokkra grein fyrir, hvernig sá liður er til orðinn. Jeg þarf því ekki miklu að svara. Vil þó andmæla að nokkru þeim orðum háttv. þm. Barð. (H. K.), þar sem hann sagði, að þingið hefði ekki gert þessum manni rangt til, og þyrfti því ekkert að bæta.

Það mun nú að vísu rjett, að þingið hefir ekkert gert manninum rangt, en það er engu að síður skylda þingsins, ef einhver þjóna ríkisins verður fyrir rangsleitni af yfirboðurum sínum, að hjálpa honum þá eftir föngum, til þess að ná rjetti sínum.

En þá sný jeg máli mínu til hæstv. atvrh. (P. J.) um það, hvort hann hafi sett sig svo vel inn í málið, að hann viti fyrir víst, að maðurinn hafi ekki verið beittur ranglæti. Eða ef hann hefir komist að því, að maðurinn hafi verið ranglæti beittur, hvort hann hafi þá vítt landssímastjóra?

Háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) var og að fetta fingur út í ýmislegt. Hefir hæstv. forsrh. (J. M.) svarað honum að nokkru, viðvíkjandi athugasemdum hans við fjáraukalögin. Eins og hæstv. forsrh. (J. M.) tók fram, þá var hjer tímaleysi síðasta þings um að kenna, en ekki því, að fjvn. hefði ekki verið reiðubúin að koma fram með ákveðnar till. En það gat ekki unnist tími til þess á þinginu þá að ræða þessar till. Það sem fjvn. gerði, var því að eins það að heita stjórninni fylgi við þessar till., ef hún bæri þær fram á næsta þingi. Auðvitað ber stjórnin fram till. á sína ábyrgð, en aðeins með stuðningi fjvn. Það lítur og svo út, að fjvn. hafi hjer verið í samræmi við vilja deildarinnar, þar sem engar brtt. hafa fram komið við þessar till.

Þá furðaði háttv. þm. (J. S.) sig á till. um launabætur ráðherranna. Bar hann þá saman við aðra embættismenn og sagði, að ef gengið yrði inn á launahækkun á annað borð, þá þyrfti líka að hækka við þessa embættismenn, sem hann taldi upp.

Þetta hefði hv. Alþingi átt að vita fyr, að ekki ættu ráðherrarnir að hafa hærri laun en aðrir embættismenn En nú hafa ráðherrarnir hæst laun, grundvallarlaun. Þingið hefir sýnt, að það hefir álitið, að laun ráðherranna þyrftu og ættu að vera hærri en laun annara starfsmanna ríkisins. Hefir þessi háttv. þm. (J. S.) annars nokkrar sannanir fyrir því, að þessir menn, sem hann nefndi, komist af með þau laun, sem þeir hafa? Jeg tel ekki líkur til þess. Sumir af þeim mönnum, sem hv. þm. (J. S.) nefndi, hafa og aðrar tekjur að auki, en

það hafa ráðherrarnir ekki. Það þykir ekki hlýða, að þeir hafi aukastörf með höndum. Og mjer finst það vera nokkuð varhugaverð braut, ef þingið á að stuðla til þess, með því að hækka ekki ráðherralaunin, að eingöngu efnamenn geti orðið ráðherrar.

Þessi sami hv. þm. (J. S.) mintist á styrkinn til Ara Arnalds. Því þarf jeg ekki að svara. Bæði hæstv. forsrh. (J. M.) og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafa svarað því rjettilega og nægilega, að mínum dómi.

Þessi sami háttv. þm. (J. S.) mintist á styrki til einstakra manna, og þá einkum styrkinn til Ásmundar Sveinssonar. Sagði hann, að rjettara væri að hlynna heldur að þeim, sem lengra væru komnir, og láta byrjendurna sitja á hakanum. En þetta er ekki rjett hjá hv. þm. (J. S.). Ásmundur er alls ekki byrjandi. Hann hefir að minsta kosti stundað námið í 3—4 ár. Hann var í Kaupmannahöfn í fyrravetur, og áður hefir hann numið hjer heima. Segist hann sjálfur hafa eytt besta hluta æfi sinnar í þetta nám. En það, sem reið baggamuninn hjá nefndinni um þessa fjárveitingu, voru ágæt meðmæli frá Einari Jónssyni frá Galtafelli og Ríkarði Jónssyni. Undir hitt get jeg vel tekið með hv. þm. (J. S.), að rjett sje að hlynna fremur að þeim, sem langt eru komnir, og tek jeg fegins hendi við stuðning hans í því efni, því að jeg býst við, að fjvn. þurfi ef til vill á honum að halda síðar.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var að kroppa í þenna 300 kr. styrk til fyrirlestranna í Stýrimannaskólanum, og taldi styrkinn alls ekki nauðsynlegan. Jeg átti nú síst von á því, að þetta kæmi frá manni úr sjávarútvegsnefnd. (*Sv. Ó.*: Jeg er ekki í þeirri nefnd). Jæja, hv. þm. (Sv. Ó). hefir verið það, og altaf sjávarútveg hlyntur og úr sjósóknarhjeraði, og því þykir mjer það koma úr hörðustu átt, er hann vill nú ekki láta greiða einar 25 kr. fyrir hvern fyrirlestur, sem að kunnugra dómi hafa verið mjög þarfir. Annars er styrkurinn hlægilega lítill, en hefir þó borið ágætan ávöxt, að dómi fróðra manna.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) rjeðst og á garðinn, þar sem hann er lægstur, nefnilega á þessa ungu námsmenn, en nú þykir mestur frami að ríða niður hjer í þinginu. Sagði hann, að nú væri öldin önnur en þá, er ungir menn fóru utan til að afla sjer fjár og frama. Það mun satt vera, að fáir Íslendingar fara nú utan til að afla sjer fjár. En margir ungir Íslendingar afla sjer frama þar nú. Tel jeg og engin höpp að því, að ungir menn fari utan til þess að afla sjer fjár. Það er ilt að missa efnilega menn úr landi, og lítil von, að slíkir menn vitji heim aftur. En um þá, sem framans leita, er öðru máli að gegna. Hv. þm. (Sv. Ó.) sagði og, að þessir námsmenn væru vonarpeningar. Það má slá þessu fram. En hitt hygg jeg þó sannara, að þeir menn, sem stundað hafa nám sitt með sjerstökum dugnaði um mörg ár, muni áfram halda í horfinu og verða nýtir menn og góðir. En ef þeim verða nú öll sund lokuð, og enginn hjálpar þeim, þá getur þingið gert þá að vonarpeningi, ef það vill nú ekki hjálpa.

Hv. þm. (Sv. Ó.) fanst ekki mikið, þó að þessir menn þyrftu að fresta námi um nokkur ár. Jeg held, að þessi orð hljóti að stafa af ókunnugleika hv. þm. (Sv. Ó.). Það varðar einmitt afarmiklu fyrir íslenska námsmenn erlendis að þurfa ekki að hætta náminu og sigla hingað upp til þess að leita sjer atvinnu, þegar ferðir eru svona afardýrar, ekki síst, ef þeir eru þá búnir að taka stórlán, svo að það lítið, sem þeir vinna sjer inn, fer í vaxtagreiðslur.

Eitt af því, sem þessi hv. þm. (Sv. Ó.) fann þessum mönnum til foráttu, var það, að sumir þeirra hefðu áður notið styrks frá þinginu. Þessi röksemdafærsla finst mjer alveg þveröfug. Ef Alþingi hefir áður kunnað að meta þessa menn og talið þá

styrkhæfa, þá væri það nokkuð einkennilegt, ef þingið ætti nú að kippa að sjer hendinni og klípa af þeim styrkinn, þegar verst gegnir. Nei, einmitt af því, að þingið hefir áður veitt þessum mönnum styrk, þá er það skylda þess að halda styrknum áfram, meðan þörf er og mennirnir hafa í engu af sjer brotið.

Jeg man nú ekki eftir mörgu fleiru í ræðum hv. þm. er jeg þyrfti að svara. Þó gleymdi jeg að svara ræðu hv. þm. Barð. (H. K.), er hann talaði um launabætur ráðherranna og fanst ekki ástæða til að hækka launin, af því að ráðherrarnir hefðu ekki beðið um það sjálfir. Jeg held nú sannast að segja, að nefndin hefði ekki orðið fúsari að mæla með þessari hækkun, þó að ráðherrarnir hefðu fram á hana farið. Annars vildi þessi hv. þm. (H. K.) ekki fara mikið út í þetta mál, „eftir því sem ástæður væru". Jeg skildi ekki þessi orð hv. þm. (H. K.). Mjer skilst, að um þetta mál megi tala hjer eins og hvert annað, og þetta er engin persónuleg uppbót eða ívilnun til þeirra ráðherra, er nú sitja.

Út af styrknum til Ara Arnalds spurði sami hv. þm. (H. K.), hversvegna nefndin hefði ekki mælt með styrk til Sigvalda lækuis Kaldalóns, þar sem líkt stæði á fyrir þessum mönnum báðum. Fanst mjer hann vilja víta nefndina fyrir þetta tiltæki. (*H. K.*: Nei, nei!). Jæja. En nefndin fjekk þau skjöl svo seint í hendur, að hún hefir ekki enn þá getað athugað þau. En hún mun taka þau til íhugunar bráðlega.

Að lokum vil jeg þakka háttv. meðnefndarmanni mínum, sem hefir styrkt mig við umræðurnar og hlaupið í skörðin.

Þá vil jeg svara háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) og háttv. þm. Ak. (M. K.) vegna brtt. minnar. Það mun nú engan á því furða, þótt þessir menn vilji fá upphæðina sem hæsta til sjúkrahússins. En háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) má þó ekki leggja svo mikið kapp á þetta mál, að hann þess vegna fari ekki með rjett mál. Hann sagði, að sjúkrahúsið hefði keypt geislalækningaáhöldin sjerstaklega, án þess verð þeirra kæmi fram í þessum 120 þús. kr. En samkvæmt reikningnum eru þessi áhöld reiknuð með í þessum 120 þús. kr. (*St. St.*: Ómögulegt!). Ef hv. þm. (St. St.) vill rengja þetta, þá getur hann sjeð það sjálfur á reikningnum. Jeg styðst hjer ekki við annað en þau skjöl, sem fyrir liggja.

Jeg vil og benda hv. deild á það, að ef þeim sið væri nú fylgt, sem áður hefir verið hafður, þá kæmi ekki til mála að veita þessu sjúkrahúsi jafnmikinn styrk og brtt. mín fer fram á. Venjan hefir nefnilega verið sú, að veita aðeins ⅓ byggingarkostnaðar. En í þessum reikningi er fleira falið. En fyrir mitt leyti hefi jeg ekkert á móti því, að sú stefna sje upp tekin að reikna allan stofnkostnaðinn, og veita þá framvegis ⅓ stofnkostnaðar.

Þessir háttv. þm. (St. St. og M. K.) hafa haldið því fram, að hjer væri um nokkurskonar landsspítala að ræða, þar sem þangað vitjuðu menn úr öllum landsfjórðungum. Þetta er að vísu rjett, en þó ekkert nýtt. Jeg býst ekki við, að það sje nokkurt sjúkraskýli á landinu, þar sem ekki hafa verið fleiri eða færri utanhjeraðssjúklingar. Gæti jeg í því efni t. d. bent á næsta sjúkrahúsið fyrir vestan Akureyri. Það gengur ávalt svo, að sjúklingar fara nokkuð sitt á hvað.

En ef þinginu virðist rjett að styrkja hin stærri sjúkrahús með tiltölulega hærri styrk, þá verður að ákveða þá stefnu, því að nú er verið að byggja stór og afardýr sjúkrahús bæði á Ísafirði og Eyrarbakka.

Hv. þm. Ak. (M. K.) fanst þessi brtt. koma úr hörðustu átt. En jeg vil segja háttv. þm. Ak. (M. K.) það, að jeg hefi fremur dregið taum Norðlendinga í heilbrigðismálum, og síst verið á móti þeim kröfum, er þeir hafa borið fram með sann-

girni í þeim málum. Jeg hefi aðeins borið fram þessa brtt. af því, að mjer virðist hún sanngjörn, en alls ekki af smámunasemi. Jeg veit, að þessi upphæð er lítil. En ef sú stefna verður tekin upp hjer í þinginu að hækka styrk til hinna stærri sjúkrahúsa, þá getur hún síðar meir haft allmikinn kostnað í för með sjer. Hefi jeg áður minst á sjúkrahúsin á Ísafirði og Eyrarbakka, og mun annað þeirra kosta að minsta kosti ¼ miljón, og hitt enn þá meira.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að 6 af 7 nefndarmönnum væri till. nefndarinnar fylgjandi. Jeg veit ekki, hvaða sannanir þm. hefir fyrir því. Það hefir ekkert komið í ljós um það enn við umr. En við atkvæðagreiðsluna mun það sjást, hvort jeg stend hjer einn uppi.

Því hefir verið haldið fram, að Röntgenáhöldin geri aðsóknina að Akureyrarsjúkrahúsinu meiri. Það má vel vera, að svo sje í bráð. En slík áhöld eru tiltölulega ódýr — áhöldin á Akureyri hafa kostað einar 7500 krónur — og jeg býst við því, að flest sjúkrahús fái sjer slík tæki í náustu framtíð.

Annars vil jeg geta þess, af því að jeg ann heilbrigðismálunum töluvert, að mjer þótti leitt, að það skyldi vera gert við spítalann á Akureyri. Hv. þm. kann nú að þykja þetta undarlegt. En jeg hefi þann skilning, að þeim hefði verið betra að byggja nýtt sjúkrahús, því að með því móti hefðu þeir getað gert miklu meira gagn heilbrigðismálum hjeraðsins, og sennilega einnig berklavarnamálunum, sjerstaklega í Norðlendingafjórðungi.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg þarf að svara fyrirspurn háttv. frsm. (M. P.) um það, hvort undanþágur um greiðslu á síldartolli hafi verið veittar svona sitt á hvað. Jeg veit ekki annað en að allir, sem um það hafa beðið síðan á nýári, hafi fengið þær, en fyr var, af reikningslegum ástæðum, ekki hægt að veita þær.

Jeg sagði viðvíkjandi uppbótinni til Petersens, að jeg hefði ekki verið spurður um hana, og jeg tók það jafnframt fram, að jeg hefði ekki verið spurður um neitt viðvíkjandi fjáraukalögunum. En jeg sagði það ekki til að ámæla nefndinni. Þar sem hv. frsm. (M. P.) mintist á, að ráðuneytið hefði lagt það til, að hann yrði veittur, þá er það vitanlega atvinnumálaráðuneytið eitt, en ekki allir ráðherrarnir.

Jeg er sammála hv. frsm. (M. P.) um borgunina til hr. Arnalds, en mjer skilst, að þar sem styrkurinn er árslaun embættisins, eigi ekki að borga hann út í stórslump, heldur eins og laun.

Háttv. frsm. (M. P.) ljet í ljós þá skoðun, að það væri ekki heimilt að færa fjárhæðir milli manna í fjárlögunum. Jeg játa, að svo er ekki yfirleitt, en vitaskuld getur þingið gert það, ef það vill, og það er þetta, sem jeg nú fer fram á í sparnaðarskyni.

Fyrirspurn hv. frsm. (M. P.) um, hvort skoða bæri fjárveitingar í fjárlögunum sem skipun eða heimild, er því að svara, að þær eru ýmist skipun eða heimild. Nánara svar er ekki hægt að gefa í einu lagi. Allir vita, að það er alls ekki tilætlunin að greiða alt, sem veitt er í fjárlögum. Það getur ýmislegt komið fyrir, sem veldur því, að ekki skuli greiða styrki. T. d. ef maður, sem veittur er styrkur til ákveðins verks, lýsti því yfir, að hann vildi ekki vinna að verkinu. Stjórnin verður því að meta eftir atvikum, hvort rjett sje að greiða eða ekki.

Mjer þætti gaman að sjá, hvort það yrði ofaná í deildinni, að þeir menn, sem fengju ordabókarstyrkinn, þyrftu ekki að vinna fyrir honum.

Háttv. frsm. (M. P.) virtist taka það svo, að jeg væri að mótmæla styrknum til fjelagsins „Líkn“, en það var alls ekki svo.

Jeg átti við það, að maður yrði að hafa peninga til að borga aðrar styrkveitingar, því að það er ekki nóg að lofa, maður verður líka að sjá sjer fært að borga. Jeg játa það, að mjer þykir leiðinlegt að þurfa að mæla á móti styrk til námsmanna, því að vitaskuld er þeim oft nauðsynlegt að fá hjálp, en jeg skal taka það fram, eins og jeg gerði í gær, að það er örðugt að veita þeim mönnum styrk, sem maður veit engin deili á. Hv. frsm. (M. P.) talaði um, að ekki ætti að fella styrkveitingar í blindni, en það má þá eins segja, að ekki ætti að samþykkja þær í blindni. Nema það sje meiningin, að maður eigi að trúa fjvn. blint, (*M. P.*: Það á að trúa henni), að hún sje hinn eini rjetti dómari í þessum efnum og meti alt rjett. Annars er um alla þessa styrki það að segja, að jeg sje ekki annað, en að stefnt sje í hreina vitleysu með þeim öllum. Einhver takmörk hljóta að vera fyrir þingið, fyrir heimild þess til að fara í vasa landsmanna eftir fje.

Hvað viðvíkur Ásm. Sveinssyni, þá skildist mjer, að þetta væri hans fyrsta ár erlendis. (*M. P.*: Annað ár; hefir dvalið í Kaupmannahöfn frá því 1919). Jæja, en hann mun þó varla vera kominn að námslokum.

Það er hálfleiðinlegt að þurfa að vera að minnast á eftirlaun ekkju Matthíasar Jochumssonar, en ef átt er aðeins við þetta ár, þá ætla jeg ekki að segja neitt fleira um það.

En fyrst háttv. frsm. (M. P.) er svo fastur á samræminu með veitingar til sjúkrahúsa, þá ætti hann líka að vera það um eftirlaun ekkna, en ekki taka eina ekkju út úr og láta hana hafa margfalt hærri eftirlaun en nokkra aðra ekkju á landinu.

Það er misskilningur hjá háttv. frsm. (M. P.), að hægt sje að hækka vexti á veittum lánum. Það er aðeins hægt að lækka þá, en ekki hækka, frá því er í byrjun var um samið.

Háttv. frsm. (M. P.) og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) álitu það, að símatekjurnar hefðu lækkað vegna þess, að símagjöldin hefðu hækkað, og er það alt önnur ástæða en jeg álít vera til þessa, en það þýðir ekki að deila um það hjer. Jeg skal þó geta þess, að hækkun hefir ekki eins mikla þýðingu eins og menn halda, því að lækkunin á tekjunum er aðallega á skeytasendingum til útlanda, en taxtarnir á þeim hafa verið óbreyttir.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Vegna þeirra athugasemda, sem fram hafa komið í umræðunum um brtt. samgmn., verð jeg að segja nokkur orð.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kvað samgöngumálanefnd sýna Eimskipafjelagi Íslands meiri hugulsemi heldur en einstökum landshlutum, þeim, er samgangnanna þyrftu með.

Jeg vil taka það fram, sem ætti þó ekki að þurfa, að það var ekki vegna Eimskipafjelagsins, að nefndin lagði til, að þessar 60 þús. kr. væru veittar til Goðafossferðanna, heldur vegna þess, að nefndin vildi tryggja það, að Goðafoss kæmi á sem flestar hafnir á Norður- og Austurlandi. Ef hann fengi engan styrk, þá mundi hann aðeins sigla á stærstu og bestu hafnirnar. Skipið mundi ekki missa mikinn flutning fyrir það, því að samkeppni frá öðrum fjelögum yrði ekki um að ræða.

Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að Goðafoss sigli á sem flestar hafnir norðanlands og austan, og eftir áætlun. Og eftir því, sem jeg veit, munu hafnirnar vera áætlaðar 18, og þar af 16 fyrir norðan og austan.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gat þess, að Goðafoss mundi ekki sigla sunnar en á Fáskrúðsfjörð. En útgerðarstjóri Eim-

skipafjelagsins hefir lofað því að láta Goðafoss sigla á Djúpavog, ef flutningur fengist og aðrar ástæður leyfðu. Háttv. þm. (Sv. Ó.) gat þess, að vart mundi fást svo mikill flutningur, að talin yrði ástæða til að fara þangað. En jeg verð að segja, að ef Goðafoss fær ekki nokkrar vörur til að flytja þangað, þá á hann lítið erindi þangað. En jeg hugsa þó, að þeir þurfi á vörum að halda þar eins og annarsstaðar, og mun því skipið sigla þangað. Sami þm. (Sv. Ó.) taldi minni not að þessum ferðum en flóabátum. Jeg tók það fram í framsöguræðu minni í gær, að þörf væri á flóabátum, þó að þessar ferðir væru farnar, en jeg taldi það meiri skaða að missa þessar ferðir heldur en flóabátaferðirnar.

Og eins og jeg tók fram, þá veldur það miklum kostnaði, að millilandaskipin koma ekki á sem flestar hafnir, og sá kostnaður verður afskaplega tilfinnanlegur, þegar þarf að borga 2—3-föld flutningsgjöld. Með þessum Goðafossferðum yrði sparað þetta tvöfalda flutningsgjald, sem legst á vörurnar, eftir að þær koma frá útlöndum, og það var höfuðatriðið fyrir nefndinni. Þessar ferðir geta vitaskuld ekki bætt úr þörfunum með flutning á fólki og vörum milli smáhafna, og væri því, ef þingið sæi sjer fært, æskilegast að fá flóabátaferðir líka.

Jeg skal svo minnast á það, sem háttv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að styrkur sá, sem ætlaður hefði verið Þorsteini Jónssyni, hafi verið veittur Eimskipafjelagi Suðurlands. Þetta er misskilningur. Skip Þorsteins átti að ganga til Norður- og Austurlands, og Sterling var látin taka þær ferðir. Það voru 170 þús. kr., sem veittar voru í fjárlögunum og áttu að ganga til Sterlings og Suðurlands, en stjórnin hafði óbundnar hendur um, hvernig hún skifti þeim, og skiftin voru þannig, að hæstv. stjórn ljet Suðurland hafa meginhlutann, eða 125 þús. kr.

Háttv þm. Barð. (H. K.) var að tala um, að lítt hefði verið hugsað um ferðir um Vesturland. En eftir upplýsingum, sem samgmn. hefir fengið, mun enginn landshluti vera betur settur en þessi um ferðir.

Eins og jeg tók fram, þá var ekki hægt að breyta áætlun Suðurlands, úr því, sem komið var. Stjórnin hafði bundið hana svo föstum skorðum, að engu varð um þokað, nema borga ærna peninga fyrir, þó að Suðurlands-fjelagið hefði engan halla af því, að breytt yrði áætlun skipsins. Háttv. þm. (H. K.) sagði, að engin millilandaskip kæmu á hafnir á Vesturlandi. Þetta segir háttv. þm. (H. K.) af því, að hann hefir ekki tekið eftir því, sem jeg sagði í framsöguræðu minni í gær. En eins og jeg tók fram, þá á Gullfoss að sigla til Vesturlandsins, en jeg veit ekki, á hvað margar hafnir, eða hvort það verður eftir áætlun. En eftir því, sem orð fjellu hjá framkvæmdastjóra Eimskipafjelags Íslands, í viðtali við samgmn., þá mun Gullfoss verða látinn sinna þeim ferðum, eftir því, sem þörf krefur. — Þar sem lagt hefir verið til, að mb. Svan yrði veitt 3000 kr. uppbót á styrk, þá á jeg örðugt með að skilja, að þessi háttv. þm. (H. K.) skuli tala móti því. Sú röksemd hans, að mátt hefði fá ódýrari bát hjer í Reykjavík til Breiðafjarðarflutninga í vetur, er á engu bygð, því að það var reynt, en það var ekki hægt að fá annan bát til þessara ferða en Svan, samkvæmt því, sem tekið er fram í nál. samvinnunefndar samgöngumálanna. Stjórnin var búin að gefa vilyrði fyrir því að vera því meðmælt, að báturinn fengi þennan viðbótarstyrk, ef hann tæki að sjer ferðirnar, og það er næsta einkennilegt, að þingmaður frá Breiðafirði skuli tala á móti þessum styrk.

Mjer skildist á ræðu hæstv. fjrh. (M. G.), að hann væri á móti því, að brtt. nefndarinnar væru samþyktar, vegna þess, að ef þær yrðu samþyktar, þá yrðu strandferðir dýrari þetta ár en síðastliðið ár. En þetta er ekki rjett. Því að ef tekið er tillit til þess, að styrkurinn til Eimskipafjelags Íslands verði veittur, þá fellur niður 45 þús. kr. styrkur til flóabáta. Svo er annar póstur, sem mun verða að miklum mun lægri. Það er hallinn á ferðum Sterlings, þar sem kol eru fallin mikið í verði.

Jeg hefi ráðið það af svörum hæstv. atvrh. (P. J.), að ástæðan til þess, að samið var við Eimskipafjelag Suðurlands í haust, hafi verið sú, að hægt yrði að semja þá þegar áætlun Sterlings fyrir næsta ár. Jeg hygg, að rjettara hefði verið að láta bíða að semja áætlun Sterlings en kaupa svo dýru verði þessar ferðir Suðurlands. Ekki síst, þar sem stjórninni var fullkunnugt um, að almenn óánægja var með skipið og að þingið mundi ekki fúst á að styrkja það með eins ríflegu fjárframlagi, sem hæstv. stjórn ljet það fá á síðastliðnu ári. Þá er það annað, sem virðist hafa verið næg ástæða fyrir hæstv. stjórn um frestun þessa máls, og það er, að þing kom svo snemma saman, að strandferðir voru ekki byrjaðar. Auk þess eru, eins og jeg hefi tekið fram, ferðir milli Reykjavíkur og Vesturlands meiri en milli annara landshluta og höfuðstaðarins. Hefði því verið æskilegast, að þessir samningar hefðu verið látnir bíða. En það má segja, að það þýði nú ekki að tala um slíkt, þar sem búið er að semja, en stjórnaraðgerðir sem þessa má þingið ekki láta óátaldar.

Eftir samtal við samgmn.-menn, þá verð jeg að telja varhugavert, að láta ekki brtt. á þskj. 181 koma til atkvgr. við þessa umr. Því að ef styrkurinn til Goðafoss verður feldur, þá er nauðsynlegt að fá þennan styrk. Það er ekki heppilegt, að flóabátur gangi aðeins milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar; hann þarf að ganga alla leið norður á Skála á Langanesi. Þegar Austfirðingar hætta útgerð á Hornafirði, flytja þeir sig eftir stutta dvöl að Skálum, til útgerðar þar. Hefir mjer því dottið í hug að koma með brtt. um þetta við 3. umr.

Viðvíkjandi brtt. fjvn. vil jeg taka það fram, að jeg get ekki greitt atkv. með veitingunni til stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum. Jeg álít, að þingmenn sjeu ekki neinir dómarar í málum manna. Verði þessi till. samþ., þá álít jeg þingið vera komið inn á hættulega braut. Ef þingið kannast við, með því að samþ. þessa till., að því beri að bæta manninum þann órjett, sem hann þykist beittur, þá mun hann vitanlega halda áfram með fylstu kröfur, þar sem þingið hefir lögfest það, með samþ. þessarar fjárveitingar, að hann hafi verið órjetti beittur.

Þó að þess sje ekki þörf að verja gerðir fjvn., get jeg ekki látið vera að minnast á einn lið, sem mætt hefir talsverðum mótmælum hjer í deildinni. Jeg á við styrkinn til íslenskra námsmanna erlendis. Þessi styrkur er ekki hár, en hitt er að vísu satt, að við erum fátækir og lítils megandi, en þó er ein fátækt, sem bagar okkur meira en alt annað, og það er mannfátækt. Okkur vantar tilfinnanlega hæfa og mentaða menn í margar mikilsverðar stöður, og er því fje ekki illa varið, sem veitt er ungum og efnilegum námsmönnum, sem eru að búa sig undir vandasöm störf, er vort litla ríki þarfnast að sjeu unnin með viti og þekkingu. Jeg mun þess vegna greiða atkvæði með þessari fjárveitingu.

Forseti (B. Sv.): Út af fyrirspurn háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) skal jeg geta þess,

að hægt er að fresta atkvgr., ef þess er óskað, en það er ekki heimilt að koma með brtt. eftir að atkvgr. hefir farið fram við 3. umr. En það má ná sama takmarki, sem hjer er miðað að, með því að bera fram till. til vara, og býst jeg við, að það verði gert af þeim háttv. þm., sem hjer eiga hlut að máli.

Umr. **frestað.**

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 2. apríl, var fram haldið 2. umr. (A. 30, n. 128, 129, 138, 152, 163, n. 180, 181, 198,215).

Jón Þorláksson: Í þeim umr., sem fram hafa farið, hefir lítið verið talað um frv. sjálft, enda er þar mestmegnis um að ræða upphæðir, sem verður að greiða, hvort sem mönnum líkar betur eða ver. Það þýðir ekki að fárast um orðinn hlut, en þó eru álitlegar upphæðir, sem æskilegt hefði verið að losna við, og stafa þær af mistökum liðinna ára. Jeg á þar aðallega við 8. og 9. lið 5. gr. En jeg vil ekki gera þetta að umtalsefni, fremur en aðrir, og sný mjer þess vegna að þeim brtt., sem fram eru komnar, og mun víkja að þeim einum, sem jeg finn sjerstaka ástæðu til að minnast á.

Fyrst verður fyrir mjer brtt. um stöðvarstjórann í Vestmannaeyjum. Það hafa komið fram ummæli í þá átt hjer í deildinni, að ef manni þessum hafi verið gert rangt til, þá eigi sá að bæta, sem órjettinum olli, í þessu tilfelli landssímastjóri. Þetta er bygt á misskilningi. Jeg veit ekki til, að um annað sje að ræða en það, hvort maður þessi hafi borið nóg úr býtum úr landssjóði fyrir starf sitt, eða ekki. Og þá er sök landssímastjóra ekki önnur en sú, að hann hefir verið fastheldinn á fje landssjóðs, eins og hans er vandi og eins og honum ber skylda til. Það kemur þess vegna ekki til mála, að hann greiði úr eigin vasa þá uppbót, sem sanngjörn þykir, ef uppbót á að greiða á annað borð. En um það ætla jeg ekki að tala, aðeins benda á þennan misskilning, sem hefir gert vart við sig í deildinni.

Þá vil jeg minnast á brtt. um námsstyrkinn, og jeg vil vekja athygli á því, að sjerstök ástæða er til þess að styrkja verkfræðinema, ef námsmenn ytra eru styrktir á annað borð, og þó að engir yrðu styrktir aðrir en þeir. Það stendur svo á, að hinn almenni mentaskóli hjer hefir ekki veitt nemendum sínum nægan undirbúning til verkfræðináms, og þeir, sem það vilja stunda, verða að eyða einu ári til þessa undirbúnings umfram aðra. En skólar í Danmörku veita nemendum sínum þennan undirbúning, og standa Íslendingar því ver að vígi að þessu leyti. Eins má benda á það, að þeir, sem leggja stund á aðrar greinar, þurfa engan aukaundirbúning frá mentaskólanum, og standa því verkfræðinemar ver að vígi en aðrir. Úr því að ríkissjóður hefir sparað sjer þessi útgjöld, og sá sparnaður hefir bitnað á þessum nemendum, virðist aðeins sanngjarnt, að þeim sje veittur einhver styrkur. Annað atriði er einnig athugavert í þessu sambandi. Það má nærri því segja, að það sje til ills eins, að háskólalærðum mönnum fjölgi um of, fram yfir þarfir þjóðarinnar, en þeim þörfum er enn ekki fullnægt hvað verkfræðinga snertir. Það hefir verið svo, og er enn, að nýir menn frá prófborðinu, sem vantað hafa verklega reynslu og þekkingu, hafa orðið að taka að sjer vandamikil störf þegar í stað. En verkfræðingum þarf að fjölga svo mikið, að nýir menn neyðist til þess að dvelja erlendis fyrst um sinn og afla sjer meiri þekkingar og reynslu, áður en þeir eru settir í vandamiklar stöður hjer heima. Þetta ætti einnig að vera ástæða, sem mælti með námsstyrk til þessara manna.

Þá er viðaukatillaga á þskj. 138, um

rekstur silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli. Það er athugandi við þá till., að upphæðin, sem heimilt er að lána, er ekki tilgreind. Jeg álít, að þetta sje ekki rjett aðferð, að veita óákveðnar upphæðir eða lánsheimildir á fjárlögunum eða fjáraukalögunum, þó að slíkt verði að gera í öðrum tilfellum. Í þessu tilfelli ber sjerstaklega að leggja áherslu á það, að upphæðin sje tilgreind, því að það gefur tryggingu fyrir því, að kostnaðaráætlun hafi verið gerð, og ekki verið rasað að neinu. Í sambandi við þetta verður að mælast til þess, að ekki sje bygt eingöngu eða athugunarlaust á kostnaðaráætlun, sem gerð sje af verkfræðingi, sem nýkominn er frá námi, því að enginn verkfræðingur er fær um að gera kostnaðaráætlanir, nýkominn frá námi. Við námið fæst ekki sú þekking, sem til þess er nauðsynleg, þó að nýir verkfræðingar geti leyst önnur störf vel af hendi. Stjórnin á völ á nægilega mörgum reyndum mönnum, sem geta gert áreiðanlega áætlun, og þarf því ekki að treysta eingöngu á óreynda menn. Jeg vil því spyrja hæstv. atvrh. (P. J.), hvort eigi megi vænta til 3. umr. brtt. í þá átt, að lánsupphæðin verði færð inn, samkvæmt slíkri áætlun. Jeg hefi talað um það, hve varhugavert er að fela óreyndum mönnum að gera kostnaðaráætlanir, meðfram vegna þess, að ein af stærstu upphæðunum í stjórnarfrv. á rót sína að rekja til þess, að kostnaðaráætlun var gerð af óreyndum manni, sem var vel að sjer í sinni grein, en hafði ekki þekkingu til að áætla kostnað, sem ekki var von.

Um samgöngur á sjó vil jeg fara örfáum orðum. Það var tekið fram af háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.), að styrkurinn til Eimskipafjelags Íslands er fyrir það að láta Goðafoss sigla eftir áætlun. Það er álit fjelagsins, að eins og útlit er nú um vöruflutninga sje vænlegra til fjefanga að sigla ekki eftir áætlun, heldur taka við farmi eftir því, sem býðst, og fara á þær hafnir einar, sem þurfa svo mikinn flutning, að ferðin beri sig. Þess vegna hafa ferðir fallið niður á síðasta ári til ýmsra hafna, því að farmur hefir ekki verið nægur til að borga ferðina, og ef sigla á til slíkra hafna, verður fjelagið að fá styrk til þess, ef það á ekki að bíða halla. Nefndin var ekki í vafa um það, að mikil bót væri að föstum áætlunarferðum fyrir Norður- og Austurlandi, bæði hvað snertir samgöngur við útlönd og eins milli hafnanna innbyrðis. En hitt er annað mál, hvort fjárhag landsins sje þannig varið, að hægt sje að leggja fram það fje, sem til þessa þarf, og vil jeg ekki gera það að umtalsefni. Þá vil jeg geta þess, að síðan þetta kom til tals, hefir sú breyting orðið á, að vinnuteppa hefir orðið í Danmörku, og getur Goðafoss því ekki orðið eins fljótt tilbúinn og ætlast var til, en þó mun hægt að fá annað skip í hans stað, ef þessi till. verður samþ. Þeirri fyrirspurn var beint til mín frá háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), hvort Gullfoss mundi sigla eftir áætlun, og get jeg ekkert um það sagt, en það er miklum erfiðleikum bundið, og er fjárhagsáhætta að gefa út ferðaáætlun, meðan alt er eins óvíst og eins mikið los er á öllu viðskiftalífi og nú.

Jeg verð að fara nokkrum orðum um till. á þskj. 198, um styrk til bátaferða milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar. Jeg hefi þá sjerstöku ástæðu til þess að minnast á þessa till., að háttv. frsm. (Þorst. J.) er þar á öðru máli en meiri hluti nefndarinnar. Nefndinni barst umsókn frá kaupmanni Þórhalli Daníelssyni í Hornafirði, og fór hann fram á 15 þús. kr. styrk til þess að halda uppi þessum ferðum fyrri hluta ársins eins og að undanförnu. Áður hefir hann haldið uppi samskonar ferðum, og þá styrklaust, en nú eru kringumstæður

nokkuð breyttar, en þó eru ferðirnar byrjaðar þetta ár. Og það er með þessar ferðir eins og margar aðrar, að þær bera sig ver, ef fylgt er fastri áætlun; það er hentast að fara þær þegar þörf þykir. Síðan barst nefndinni meðmælaskjal með þessari styrkbeiðni, frá útgerðarmönnum á Austfjörðum, og umsögn sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, í þá átt, að ferðirnar væru nauðsynlegar. Jeg geri ekki ráð fyrir, að sá styrkur, sem till. á þskj. 198 fer fram á, sje miðaður eingöngu við þessar ferðir hr. Þórhalls Daníelssonar. (*Þorl. J.*: Alls ekki). Styrkbeiðnin mun vera sprottin af því, að svæðið milli Hornafjarðar og syðstu fjarðanna á Austurlandi er samgöngulaust. „Suðurland" fer ekki lengra en að Hornafirði, en „Sterling" kemur þar ekki við. Djúpivogur er næsti viðkomustaður fyrir austan. Það gæti því komið til mála að veita styrk til ferða milli Hornafjarðar og Djúpavogs, og láta þær ferðir standa í beinu sambandi við ferðir „Sterlings". En hitt er ekki hyggilegt að teygja þessar ferðir yfir alla Austfirði, og jafnvel norður að Skálum, eins og háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) fer fram á. Slíkar samgöngur eru landinu ofvaxnar. Skip koma frá útlöndum og fara áætlunarferðir frá einni höfn til annarar. Strandferðaskipið tínir upp sömu hafnir, og þó er farið fram á, að flóabátar fari milli þessara sömu hafna. Jeg sje ekki, að ríkissjóði sje fært að styrkja allar þessar ferðir, eins og hag hans er háttað nú. Auk þess má benda á það, að Hornafjarðarbáturinn á ekki að fara fastar áætlunarferðir, og er varhugavert að styrkja báta, sem haldið er út þegar best lætur með flutning, en annars ekki.

Háttv. þm. hafa talað um það, að tillag landssjóðs eigi ekki að fara fram úr helmingi útgerðarkostnaðar, og það hefir það ekki gert. En jeg held, að þetta sje ekki rjettur mælikvarði. Jeg sje ekki skyldu ríkissjóðs til þess að styrkja allar samgöngur, sem menn telja æskilegar, með helmingstillagi, og á þessum tímum ber að líta á það eitt, sem nauðsynlegt er og ekki verður hjá komist. Samgöngur á sjó hafa kostað ríkissjóð um 600 þús. kr. síðasta ár, og jeg get ekki neitað því, að jeg sje eftir þeim peningum. Jeg vil heldur láta verja fje landsins til einhvers, sem ber ávöxt fram yfir það ár, sem veitt er til.

Bjarni Jónsson: Fyrst verður hjer fyrir mjer stöðvarstjórinn í Vestmannaeyjum. Margir hafa hjer látið í ljós þá skoðun sína, að þm. væri slíkt mál með öllu óviðkomandi. En þar sem allir þeir, er manninn þekkja, og þá sjerstaklega Vestmannaeyingar sjálfir, bera honum það orð, að hann sje hinn allra samviskusamasti maður, og að honum hafi farið verk sitt betur úr hendi en eftirmanni hans, þá ættu þm. að sjá, hversu óviðeigandi það er, að yfirmaður hans skuli hafa hrakið hann í mörg ár og látið hann vinna fyrir lægra kaupi en aðra þá, er sömu atvinnu stunda. Þetta er að vísu ekki málsvegur fyrir hann, þar sem hann hefir gengið að því að vinna fyrir lægra kaup. Þessvegna getur hann ekki komið fram með skaðabótakröfu og gert hana að dómstólamáli, heldur aðeins sanngirniskröfu, en hún er bæði sterk og rík, ef menn vilja athuga allar þær ástæður, sem fyrir hendi eru, en sem jeg, af ýmsum ástæðum, ekki vil telja upp hjer. Og þar sem nú sjálf landsstjórnin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að hann hefði sanngjarna kröfu fram að bera, þá er það hart, ef þm. vilja fara að neita honum um þessa litlu uppbót. Jeg fer ekkert út í það, hvort það er öll stjórnin, sem hjer ræðir um. Þetta mál heyrir auðvitað aðeins undir einn af ráðherrunum, en það væri þá heldur ekki rjett af hinum að vefengja orð hans, sem er málinu kunnugri en þeir. Og jeg tek orð

þessa ráðherra (atvrh. P. J.) trúanleg. Það kann að vera, að aðrir þm. hugsi öðruvísi, en jeg held, að háttv. þm. sjeu allir þeirrar skoðunar, að sanngirni eigi að ráða í öllu og að Alþingi eigi að hafa æðsta úrskurðarvald um það. Þingið er hjer ekki gert að neinum dómstóli, því að stjórnin hefir sjálf komist að þessari niðurstöðu og vísað manninum til þingsins. Og það er hastarlegt, ef þeir þm., sem ekki vildu greiða atkv. með vantrausti á stjórnina, fara nú að ýfast við þessari till., sem er bæði sanngjörn og rjettlát, nema ef það skyldi vera, að upphæðin væri of lág. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, háttv. þm. munu greiða svo atkv. sitt sem þeir eru menn til.

Einhver var að hafa á móti uppbótinni á námsstyrk til skólapilta í mentaskólanum. Það var nú víst ekki nema einn þm., sem er sparsemdarmaður viðvíkjandi öllu, sem lærdómi og þekkingu viðvíkur. Jeg býst nú ekki við, að fjölyrða þurfi um það, að þegar 100—200 manns eiga að fá styrk af 2000 kr., þá verði lítið handa hverjum. Skóli þessi er olnbogabarn nú. Áður var hlynt að honum eftir mætti, enda var hann þá besti og eiginlega eini skóli landsins, og er bestur enn þann dag í dag, að Háskólanum undanteknum. Nú er aðsókn að þessum skóla meiri en nokkru sinni áður, og það er því undarlegt, að styrkurinn skuli vera minkaður í sífellu, svo að búendum upp til sveita skuli gert með öllu ókleift að kosta sonu sína til náms. Þetta er einnig alveg öfug niðurstaða við það, að þm. vilji að námsmenn veljist ekki eingöngu úr bæjunum, heldur einnig úr sveitunum. En niðurstaðan verður öfug við það, að enginn getur klofið þennan kostnað nema þeir, sem geta haft nemendur hjá sjer og fætt þá og hýst, ásamt öðrum heimilismönnum, sem er miklu ódýrara en hitt. Við þetta veltast allir mentamenn á Reykjavík, og er það alveg gagnstætt því, sem þessi hv. þm. og þeir aðrir, sem líkt stendur á fyrir, mundu kjósa.

Jeg undrast mótmæli þau, er komið hafa fram gegn 300 kr. þóknun til Sveinbjarnar Egilssonar, fyrir fyrirlestrahald. Sú þekking, sem hann getur veitt, er sjómönnum svo þörf og nauðsynleg, að hana ætti jafnvel að kaupa enn dýrara verði, ef hann vildi selja dýrara. Það er mikill skaði, et sjómenn geta ekki fengið að njóta viðurkendrar yfirburðaþekkingar hans á þeim efnum, sem hjer ræðir um. Það er ekkert smáræði, hvort farmenn og fiskimenn kunna að fara með skip, er þeir koma til annara landa, eða mæta skipi úti á opnu hafi. Á því getur riðið líf og eignir fjölda manna, og menn ættu síst að víla fyrir sjer að veita þennan styrk, þar sem kaupið, sem er 25 kr. fyrir hvern fyrirlestur, er hlægilega lítið. Við, sem sjáum um alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins, getum ekki fengið nokkurn fyrirlesara fyrir minna en 80 kr., nema hann þá geri það alveg ókeypis.

Heyrst hefir nokkuð í mótmælaátt um till. nefndarinnar um listamannastyrkinn. Jeg verð að treysta því, að þm. líti sanngjörnum augum á þessa styrki, ef þeir vita gjörla hvernig ástatt er. Ásm. Sveinsson er nú sem stendur við nám í Stokkhólmi. Hann er bóndasonur; faðir hans er aðeins bjargálnabóndi, og alls ekki megnugur að kosta son sinn til náms. Ásmundur lærði trjeskurð hjá Ríkarði Jónssyni, reyndist mjög efnilegur og fjekk sveinsbrjef á stuttum tíma. Jafnframt þessu lærði hann að móta myndir. Þá hjelt hann til Kaupmannahafnar og var við nám þar, og nú í haust hjelt hann yfir til Stokkhólms, til listaháskólans þar. Og í því sambandi vil jeg geta þess, að það eru mikil meðmæli í mínum augum, að hann einmitt skyldi fara þangað, því að þótt Danir hafi okkur í þessum efnum góðir verið, og við margt af þeim lært, þá getur það ekki talist heppilegt, að hver og einn listamaður læri í

Kaupmannahöfn. Svíar standa bæði hærra menningarlega og fastari fótum en bræðraþjóðirnar Norðmenn og Danir. Og eitt vil jeg nefna, sem gerir æskilegt, að íslenskir menn leiti til Svíþjóðar til náms, en það er það, að bæði þjóðerni og mál Svía stendur oss nær en hinna, og að með Svíum er fastur þjóðernisbragur, sem má merkja frá hinum æðsta til hins lægsta manns, ástin á eigin þjóðerni, menning og siðum. Hins vegar á hið öfuga sjer stað í Danmörku, því að Danir eru fljótir að sníða sig eftir öðrum þjóðum, t. d. Frökkum. Þetta er því, eins og jeg gat um, mikil meðmæli, og við það bætist svo, að hann er efnilegur maður í sinni list. Mætti trúa vottorðum frá þeim Ríkarði Jónssyni og Einari Jónssyni, sem báðir þekkja Ásmund vel og segja hann vera mann stiltan, iðjusaman, vel greindan og sparneytinn, þá liggur í augum uppi, að hann hefir til brunns að bera alla þá hæfileika, er þarf til þess að fá styrk.

Jeg hefi ekki heyrt neinum mótmælum hreyft um styrkinn til Kjarvals. Hann er nýkominn úr Ítalíuferð, og hefir för sú haft allmikinn kostnað í för með sjer, en hann er hins vegar maður fátækur og á í vök að verjast. Þess vegna hefir nefndin samþykt þessa styrkveitingu til hans, þótt hún sje sammála um, að ekki beri að styrkja fullnuma listamenn, öðruvísi en að kaupa af þeim verk þeirra.

Ekki hafa heldur komið fram mótmæli gegn styrkveitingu til Davíðs Stefánssonar, sem og er í suðurför. Hann er efnalítill maður og heilsutæpur, og notar tækifærið til þess að leita sjer lækningar um leið.

Þá vil jeg hnýta nokkrum athugasemdum við það, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) talaði um verkfræðinemana. Það er alveg rjett, að það er mikill munur fyrir þann, sem er skilað svo frá skóla, að hann getur gengið beint að sínu námi, eða hinn, sem þarf að eyða heilum vetri til undirbúnings að auki og kaupa dýra kenslu. Þeir eru þrír, sem líkt stendur á fyrir hjer. Auðvitað er það ekki nema að nokkru leyti um Stein Emilsson. Hann hefir stundað skólanám hjer, en lokið því í Noregi, og eftir það lagt stund á steinafræði. Vill hann nú halda suður til Jena í Þýskalandi, til fullnaðarnáms, og þá sjerstaklega til þess, að reyna að komast í kynni við „Zeiss", þá er sjónverkfæraverslun, sem frægust er og forðum kepti við Frakka um silfurbergsnámuna hjer. Og þar sem nú er að því komið, að vjer sjálfir tökum silfurbergsvinsluna að oss, þá verður það sjálfum oss mestur ágóði að lofa manni þessum að ljúka námi, því að oss mun nú einmitt þörf á manni með sjerstakri þekking á meðferð silfurbergs. Sú meðferð, er áður var höfð á námunni, að selja hana í hendur útlendingum fyrir lítið verð, var einmitt sprottin af djúpri vanþekkingu á því máli þá. Nú er þekking látin í askana, og er því ekki rjett máltækið, að þekkingin sje ekki látin í askana. Hún er einmitt látin í askana, og hvergi annarstaðar. Þekkingin er vald og máttur og afl þeirra hluta, sem gera skal. Karlmannlegur vilji og þekking skapa auðinn. Þess vegna er vel til vinnandi að kosta þennan mann og aðra þá, er vilja afla sjer sjerþekkingar á því, sem ekki er þekking á í landinu. Jeg vona, að háttv. þm. neiti ekki Steini Emilssyni um þennan styrk. Hann er auk þess sonur Emils Guðmundssonar, sem slasaðist í þjónustu þessa lands.

Nokkur mótmæli hafa komið fram gegn styrkveitingu til Brynjólfs Stefánssonar og Steins Steinssonar, sem báðir eru mjög efnilegir menn. Jeg vil alment geta þess, að það er ekki svo lítið í húfi, að stöðva námsmann, þegar hann er rjett kominn að því að ljúka námi. Það er ef til vill sama og að fórna heilum manni, fórna allri fyrirhöfn hans, margra ára erfiði, tilkostnaði sjálfs hans og foreldra hans. Hjer er um

miklu meira en peningamál að ræða. Það er líka lífsskilyrði fyrir hvern mann að ljúka sem fyrst námi, svo að hann geti farið að vinna af sjer skuldir, sem safnast hafa á námsárunum. Og hvað gætu menn valið lengi úr mönnum, eins og nú er borguð vinna manna, ef þeir eru jafnskjótt reknir út á guð og gaddinn, er þeir knýja á. Auk þess væri þá rjettur foreldranna algerlega fyrir borð borinn.

Þessi aths. er annars alveg óþörf, þar sem svo sanngjarnir menn sitja hjer að dómi, sem háttv. þm., en jeg hefi þó viljað láta það sjást, að það er skoðun hjer á Alþingi, að svo beri að líta á málið.

Um hinar tvær till., er háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.)talaði um, er jeg honum ekki eins sammála. Um starfrækslu silfurbergsnámunnar er jeg honum sammála í því, að hún ætti eigi að vera framkvæmd án áætlunar. En vegna þess, að jeg hafði kostnaðaráætlunina við hendina, hafði jeg eigi gætt þess, að stjórnin hefir eigi sett hana í till. Hygg jeg, að þetta stafi aðeins af athugaleysi hjá stjórninni, þareð áætlunin liggur fyrir. Er hún gerð af þeim eina námaverkfræðing, sem við eigum.

Veit jeg að vísu, að hann hefir þann galla, senr háttv. þm. (J. Þ.) nefndi, að hafa nýlokið námi sínu, en þar fyrir hygg jeg, að öðrum sje eigi betur treystandi. Hefir mjer komið maðurinn svo fyrir sjónir, að hann væri hygginn og gætinn, og sýnist því eigi rjett að treysta betur áætlunum annara verkfræðinga, enda þótt eldri sjeu en hann. Verkfræðingum getur, sem öðrum mönnum, yfirsjest og misreiknast, enda þó að gamlir sjeu, en hins vegar eru það þeir einu menn, sem þekkinguna hafa á þessum efnum, og þeir einir eru færir um að gera áætlanir um verklegar framkvæmdir.

Þá lagðist sami háttv. þm. (J. Þ.) á móti styrkveitingu til bátaferða millum Hornafjarðar og Austfjarða. Er jeg honum þar ósammála. Þangað fara skip ógjarnan, nema þau hafi fastar áætlunarferðir, og er því hin mesta þörf styrkveitingar til bátaferða á þessu svæði. Sýnir ferðaáætlun Suðurlands það glögt, að hjer sje farið með satt mál, því að neðanmáls þar stendur, að skipið eigi að fara austur þangað þrisvar sinnum, ef tími vinst til og flutningur fæst.

Er athugasemdin merkt með stjörnu, en það merkir venjulega, að þar komi skipin aldrei við.

Eru þessar ferðir því altaf óvissar, og lítt hægt fyrir Hornfirðinga að treysta á þær.

Annars eru þessar bátaferðir ekki sambærilegar við bátaferðir norðanlands. Því sigli Goðafoss á allar hinar stærri hafnir þar, verða bátaferðirnar óþarfar.

Um það er jeg aftur sammála háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að tilkostnaður til strandferða úr landssjóði er orðinn altof mikill, en úr þeim tilkostnaði má eigi draga með því að klípa styrk af einstökum hjeruðum, heldur reyna að draga jafnt úr tilkostnaðinum.

Mun jeg þá eigi láta fleira ummælt, og stóð jeg eigi upp af því, að jeg teldi þörf að koma háttv. frsm. (M. P.) til hjálpar, heldur hinu, að háttv. sessunaut mínum, sem svo má heita að sje, þykir ætíð gaman að hlusta á mig, og í þetta sinn heyrði jeg æðarfuglinn kvaka.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Háttv. frsm. (M. P.) kom með þá fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort fyrverandi stöðvarstjóra Petersen í Vestmannaeyjum hefði verið gert rangt til, og ef svo væri, hvort hlutaðeigandi embættismaður, sem þar átti sök á, hefði eigi fengið ofanígjöf. Þessu er því að svara, að þegar jeg sendi háttv. fjvn. skjölin, ásamt meðmælum um uppbót til manns þessa, þá gerði jeg þetta sökum þess, að mjer fanst, þegar jeg

hafði athugað skjölin og jafnframt fengið kunnugleika af málinu á annan hátt, að það væri sanngjarnt að bæta honum einhverju, en þó ekki svo miklu, sem hann fer fram á eða landssímastjóri leggur til. Mjer fanst, að enda þótt margir hefðu orðið hart úti fyrir sparleg laun, þá mundi hann þó hafa orðið það öllu frekar en aðrir. Að yfirboðara hans verði nokkur sök gefin á því, getur eigi komið til nokkurra mála. Það hefir verið reynt að fara sparlega í launaveitingum við símann fram undir þetta, og þar er orsökin. Hjer er því eigi verið að bæta fyrir neinn glæp, sem unninn hafi verið gegn þessum manni. Annars er jeg algerlega ófáanlegur til að ræða þetta mál lengur hjer, og tel það alls ekki viðeigandi. Þá vil jeg minnast á athugasemd háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og er það rjett hjá honum, að það var af vangá hjá mjer, að jeg tók ekki upphæðina, 70,000 kr., inn í brtt. mína, og er jeg honum sammála í því, að rjett sje að leiðrjetta þetta til 3. umr.

Áætlunin er eftir Helga Eiríksson námaverkfræðing, sem á að reka námuna, en um það spurði jeg hann eigi, hvort hann hefði stuðst við álit eldri og reyndari manna. Tel jeg rjett að gera það, ef þess er kostur.

Jón Sigurðsson: Það er vegna nokkurra orða, sem fjellu í garð samgmn., að jeg bið mjer hljóðs. Hefir gerðum hennar verið fundið margt til foráttu. Raunar hefir nú háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tekið af mjer ómakið með sumt, með skýringum sínum, en þó eru nokkur atriði eftir, sem jeg vildi minnast á. Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) sagði, að ferðir Suðurlands væru svo óvissar, að nær einskisnýtar væru. Jeg hefi nú athugað ferðaáætlun skipsins, og telst mjer svo til, að það hafi um 80 frídaga. Mætti það undarlegt heita, þar sem skipið hefir mjög stuttar áætlunarferðir, að því dveldist svo mjög, að það hefði eigi tíma til þess að fara austur. Því er jeg aftur á móti meðmæltur og tel rjett, að stjórnin hlutist til um það, að ríkáhersla verði lögð á, að skipið fari þessar ferðir.

Annað atriði var það, að komið hafa fram raddir um, að það væri ekki æskilegt að verja fje til ferða Goðafoss, því að skipið kæmi hvort sem væri á þessar sömu hafnir. Jeg hygg, að þessi ummæli komi til af því, að menn hafi ekki gert sjer nægilega ljóst, hver munur er á föstum áætlunarferðum og öðrum ferðum. Munurinn er þó greinilegur. Þegar um óákveðnar ferðir er að ræða, er auglýst, að skipið komi á þessar og þessar hafnir, ef flutningur fæst. Það er því sífeld óvissa um það, hvort skipið muni koma á staðinn eða eigi. Auk þess er nú mjög hætt við því, sökum verðfalls á vörum og lítils gjaldþols, að kaupmenn og kaupfjelög veigri sjer við að fá miklar vörur í einu, heldur smátt og smátt, og gæti þá farið svo, að aldrei fengist nægilegur flutningur á smærri hafnirnar. Mundi þá niðurstaðan af þessu verða sú, sem og oft hefir áður orðið, að vörum, sem fara ættu t. d. til Fáskrúðsfjarðar, væri skipað upp á Seyðisfirði, vörur til Blönduóss færu til Akureyrar o. s. frv. Leiðir af þessu hið mesta óhagræði og kostnaðarauki, og mundi það þykja þungbær skattur, ef hið opinbera legði hann á. Þetta vildi jeg benda háttv. þingd.m. á, því að sumum virðist eigi vera þetta nægilega ljóst, þótt undarlegt megi virðast, því að fátt hefir almenningur verið óánægðari með undanfarin ár en einmitt þetta. Og það, sem rjeði mínu atkvæði í nefndinni, var einmitt þetta, að fá tryggingu fyrir því, að vörurnar kæmust á rjettum tíma í hverja sýslu. Í sambandi við þetta skal jeg geta um það, að samgmn. fór fram á það við forstjóra Eimskipa-

fjelags Íslands, að viðkomustöðum Sterlings væri fjölgað, einkum á Austfjörðum, og samþykti hann það. Þá hefir verið beinst að samgmn., fyrir það, að gloppa væri í tillögum hennar viðvíkjandi ferðum til Hornafjarðar. Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir tekið fram ástæður nefndarinnar þessu viðvíkjandi. Skal jeg að vísu viðurkenna það, að Hornafjörður er illa settur og hefir ekki fastar áætlunarferðir, en samgöngur hefir hann þó, eigi svo litlar, en alt fyrir það mundi samgmn. hafa tekið til greina, ef komið hefðu sanngjarnar umleitanir frá háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) til hennar, um styrkveitingu til samgangna millum Hornafjarðar og Djúpavogs, sem endastöðvar, en því var ekki að heilsa.

Gangi það fram hjer í háttv. deild, að Austfirðir fái þrefaldar ferðir, Goðafossferðir frá útlöndum, tíðar Sterlingsferðir og auk þess bátaferðir frá Hornafirði til Skálavíkur, þá er svo komið, að við Norðlendingar getum eigi lengur setið hjá. Við munum þá heimta flóabátsferðir við 3. umr. málsins, og mun fáum blandast hugur um, að við höfum jafnmikla þörf, því það er víða á höfnum norðanlands, sem Sterling kemur ekki við. En um þetta skal jeg ekki ræða meira við þessa umr. málsins.

Þá vildi jeg leyfa mjer að svara nokkru því, sem vikið var að mjer í gær. Skal jeg þá fyrst geta þess, að svarið, sem jeg fjekk viðvíkjandi fyrirspurn minni um meðmæli fjvn. á þinginu í fyrra, gladdi mig. Þótti mjer gott að heyra, að þau hefðu einungis sprottið af umhyggju hjá nefndinni fyrir því, að þingið stæði sem styst, en ekki af lakari hvötum. Út af orðum mínum um 1. lið brtt. vildi háttv. frsm. fjvn. (M. P.) halda því fram, að embættismenn þeir, er jeg nefndi, biskup og landlæknir o. fl., hefðu of lág laun, og vildi með því sanna, að ráðh. hefðu það líka. Jafnframt taldi hann, að raskað hefði verið hlutföllum, er áður voru milli launahæðar ráðherranna og þessara embættismanna, með launalögunum 1919, og það bæri að bæta.

Sje hið fyrtalda ekki spaug hjá háttv. frsm. (M. P.), þá er það mála sannast, að eigi verður sagt, að hann ráðist þar á garðinn, sem hann er lægstur, heldur hleður hann ofan á hann þar sem hann er hæstur, þar sem hann ætlast til að bætt sje við hæstu launin. Þegar launalögin voru sett á þinginu 1919, þá skildi jeg það svo, að launin væru miðuð við, hvað hæfilegt væri að lifa fyrir í þeirri stöðu, sem embættismaðurinn var, en að það væri ekki tilgangurinn að streitast við það að halda einhverjum ákveðnum hlutföllum, sem háttv. frsm. (M. P.) virtist vilja hafa. Virðist mjer, að launin sjeu meir en viðunandi eins og þau eru, og ekki ástæða til að hækka þau, eins og sakir standa.

Þá vildi jeg minnast örfáum orðum á 2. lið. Fór þar nærri getu minni, að fleiri mundu á eftir koma. Eru nú þegar komnir 2 á stúfana, og efast jeg eigi um, að sá seinni sje jafnmaklegur og Ari Arnalds sýslumaður. Býst jeg við, að hjer sje upphaf, en eigi endir á orðinn. Hæstv. forsrh. (J. M.) gat þess, að þetta hefði tíðkast oft áður. Jeg er nú hjer nýgræðingur, enda man jeg eigi, að þetta hafi komið fyrir oftar en einu sinni, sem sje þegar dr. Birni Bjarnasyni frá Viðfirði var veitt það. Sakar og eigi, þó að þetta komi fyrir einu sinni eða svo, en verði það oft, mun þetta verða að fastri reglu, sem erfitt mun verða að komast hjá að fylgja.

Hákon Kristófersson: Það er misskilningur hjá hv. frsm. samgmn. (Þorst. J.), að jeg sje að mæla á móti styrk til Breiðafjarðarbátsins. Jeg vildi að eins fá að vita,

af hvaða ástæðum hinar umræddu 3000 kr. hefðu verið veittar. Eftir því, sem upplýst hefir verið, bæði af hæstv. stjórn og háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), virðist sem brýn nauðsyn hafi verið á þessum styrk, og þá er ekkert um það að segja. Það vil jeg þó taka fram, að jeg tel ekki hægt að telja þennan styrk veittan að neinu leyti til Barðastrandarsýslu, nema ef vera skyldi, að eystri hlutinn hafi haft eitthvað gott af ferðum þeim, sem hjer er um að ræða. Í vestari hluta Barðastrandarsýslu hefir bátur þessi aldrei komið á árinu, heldur ekki norðanverðu Breiðafjarðar eða á firðina fyrir norðan, svo sem Patreksfjörð og Tálknafjörð. Þar verða menn að draga alt að sjer á mótorbátum, er þeir fá hjer, án alls styrks frá ríkissjóði, en vitanlega leggja þeir með þessu móti mikinn kostnað á sjálfa sig. Með tilliti til þessa er ekki nema eðlilegt, þó að jeg líti svo á, að íbúar þeirra hjeraða, er þessar ferðir voru farnar fyrir, hefðu alls ekki fengið til þeirra neinn styrk úr ríkissjóði.

Jeg gekk út frá því, að hægt væri að fá bát í Reykjavík, til þess að annast þessar ferðir. En háttv. sessunautur minn, þm. V.-Ísf. (Ó. P.) segir, að það hafi ekki verið hægt. Ef svo er nú, þá er ekkert við því að segja. En sennilegast þykir mjer, að ekki hafi verið mikið til þess reynt, því að þetta var mun kostnaðarminna fyrir hlutaðeigendur.

Mjer þykir leitt að heyra háttv. frsm. (Þorst. J.) furða sig á því, að jeg skuli ekki fallast á þessar tillögur. Um það verður hver að dæma eftir því, sem honum líkar. Hann sagði, að skip Eimskipafjelags Íslands mundu fara ótilteknar ferðir til Vestfjarða. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi getað aflað mjer, liggja áætlanir þeirra algerlega í lausu lofti. En þetta er mjög bagalegt. Kaupsýslumenn hafa of lítil og oft verri en engin not af ferðunum, ef þeir hafa engar ábyggilegar áætlanir að miða við. Þar af leiðandi getur háttv. samgmn. ekki bygt neitt verulegar samgöngubætur á þessum skipum.

Jeg vil ekki gera þetta mál að ágreiningsefni. En jeg tók það fram í þessu sambandi í gær, að jeg sæi ekki ástæðu til að þakka hv. samgmn. fyrir það, að hún hefði gert neitt til að fá Suðurland til að fara eina eða tvær ferðir til Króksfjarðar, eins og jeg hafði þó vænst eftir að nefndin gerði, samkvæmt ítrekuðum tilmælum mínum. Jeg hefi fulla ástæðu til að ætla, að það hafi verið linlega að því gengið.

Jeg hefi minst á þetta mál við Nielsen framkvæmdastjóra, og skildist mjer á honum, að það væri öðru nær en að hann hefði snúist öndverður gegn þessu. Sömuleiðis hefi jeg talað við einn mann úr stjórn Suðurlandsfjelagsins, og fjekk alveg sömu undirtektir þar. En samgmn. sjálf hefir ekkert gert til að uppfylla ósk mína.

Í sambandi við viðaukatill. háttv. atvrh. (P. J.) á þskj. 138 fann háttv. 3 þm. Reykv. (J. Þ.) ástæðu til að setja út á það, að ekki væri enn komin fram áætlun um væntanlegan rekstur námumar, er hægt væri að byggja á. Jeg held þó, að svo megi segja, þótt hún sje ekki enn komin alveg formlega fram. En mjer þykir leitt að heyra því beint að hinum unga og efnilega manni, sem áætlunina hefir samið, að ekki megi treysta henni, af því ungur maður hafi gert hana. Í þessu sambandi má geta þess, — og því mun háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) ekki neita — að ekki hafa aðrir reynst ábyggilegar áætlanir eftir menn, þó ráðnir og reyndir hafi þótt!

Jeg hefi áður minst á áætlunina við hlutaðeiganda, og sagðist hann geta ábyrgst hana, að því leyti, að hún væri mjög varleg. Mjer þykir því leiðinlegt að heyra hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem sjálfur er verkfræðingur, beina þessum orðum að þessum unga starfsbróður sínum. Hann vill þó víst

ekki neita því, að honum sjálfum hafi sæmilega tekist með þær áætlanir, er jeg geri ráð fyrir, að hann hafi búið til á þeim árum, er hann kom ungur og óreyndur frá skólaborðinu. Annars vona jeg, að reynslan sýni það, að áætlanir Helga Valmanns sjeu engu síður ábyggilegar en ýmsar af áætlunum háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.).

Gunnar Sigurðsson: Umræður eru orðnar altof langar. Jeg sje eftir tímanum, sem varið er í þref um smáatriði, þegar stórmálin, sem fyrir þinginu liggja, sitja á hakanum.

Það er þó eitt atriði úr ræðu hv. frsm. fjvn. (M. P.), sem jeg verð að telja mikilsvert mál, sem sje stöðvarstjórinn í Vestmannaeyjum. Það er rjett hjá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að hjer er ekki um peningaskyldu að ræða fyrir þingið. En það er meira, það er siðferðisskylda, æruskylda. Það er upplýst, að símastjórnin fjekk stöðvarstjórann til að segja af sjer. En samtímis gefur hún honum eitthvert besta vottorð, sem hægt er að gefa. Hæstv. atvrh. (P. J.) viðurkendi, að stöðvarstjórinn hefði orðið með harðasta móti úti. Það er engin furða, þegar hann hefir ekki fengið þau laun, að hann hafi getað lifað af þeim. Hv.atvrh. (P.J.)segir, að hann geti stundað aðra atvinnu jafnhliða. Jeg skil ekki, að viðskiftamönnum símans þyki það æskilegt, að stöðvarstj. sjeu t. d. rónir til fiskjar þegar þeir þurfa að fá sambönd við stöðina. (*Atvrh.*: Það er breiðasta brautin). Hvað hæstv. atvrh. (P. J.) á við með „breiðustu braut" er mjer ekki ljóst, en eigi hann við, að það sje fjærst lagi, að símastj. stundi þessa atvinnu, þá er eðlilegt að mönnum verði fyrst fyrir að nefna þá atvinnu, sem mest er stunduð í Vestmannaeyjum, en það eru fiskveiðar.

Hæstv. atvrh. (P. J.) tjáðist vera ófáanlegur að ræða þetta mál hjer lengur, og gat þess í því sambandi, að hjer væri ekki um neinn glæp að ræða gegn símastjóranum. Einmitt það. Skilst ekki hv. atvrh. (P. J.), að væri hjer um glæp að ræða, þá heyrði málið undir dómstólana, en ekki þing og stjórn? Annars færi nú að vandast málið í sambúð þings og stjórnar, ef hvorttveggja væri ófáanlegt til að ræða um annað en glæpsamlegt atferli stjórnarinnar eða starfsmanna ríkisins. (*Atvrh.*: Þetta eru útúrsnúningar!). Nei, það þýðir ekkert að bera á móti því, að þetta hafi verið sagt, því að jeg hefi skrifað það niður jafnóðum. Hæstv. atvrh. (P. J.) endaði á því, að ekki ætti við að ræða þetta hjer. Það er þó undarlegt. Þm. eru skyldir til að gera það, meðan stjórnin átelur ekki þetta athæfi sjálf, eins og henni ber skylda til.

Þorleifur Jónsson: Það eru aðeins fáein orð. Það hefir verið vegið óstint að viðaukatill. okkar háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) við brtt. á þskj. 181. Mig furðar að vísu ekki á því, þótt hv. 2. þm. Skagf. (J. S.) syngi samgmn. lof og dýrð, þar sem hún veitir nú mikið fje til millilandaferða, sem ekki hefir verið gert lengi. Til Goðafossferðanna eru veittar 60 þús. kr., til að koma á flestar hafnir á Norðurlandi og austan til á Austfjörðum. Það er ekki óskemtileg tilhugsun fyrir háttv. þm., að eiga von á þessu stóra og veglega skipi á norðurhafnirnar, og því engin furða, þó hann sje hreykinn af að geta bent kjósendum sínum á það. En að mínu áliti hefir nefndin ekki tekið hæfilegt tillit til allra landshluta, og alls ekki verið víðsýn.

Þá ætla jeg að snúa mjer að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Hann gerði mikið úr því, að Þórh. Daníelsson hjeldi uppi samgöngum milli Hornafjarðar og Austfjarða. Hefði brjef legið fyrir samgmn., þar sem hann hefði farið fram á styrk til þessara

ferða. Það er nú rjett, að hann hefir haft 30 tonna bát í flutningum á þessu svæði um vetrarvertíðina, eins og undanfarna vetur. En að eins um vertíðina. Hann hefir sent mjer erindi til þingsins, þar sem hann fer fram á styrkveitingu til þess að halda uppi flutningum til 15. júní, og þetta erindi hefi jeg sett til samgmn. En jeg varð þess brátt áskynja, að nefndin taldi sjer ekki fært að styðja þessa fjárv. En til þess að menn vaði ekki í villu og svíma um það, að ekki er hægt að benda á þessa samgöngubót næsta sumar, þá ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkur orð úr prívatbrjefi Þórhalls til mín. Hann segir svo:

„Ef þingið sjer sjer ekki fært að sinna þessu máli, þá verð jeg eftir 10. mars að láta skipið fara á fisk og hætta öllu transporti, því að jeg hefi ekki svo mikið að flytja fyrir mig".

Háttv. þm. sjá ljóslega af þessu, að það þýðir ekki að vera að vísa á þennan bát. Þegar jeg sá, að háttv. samgmn. vildi ekki sinna þessari styrkbeiðni, þá símaði jeg til Þórhalls og sagði honum, að lítið útlit væri á því, að þessi styrkur fengist. Það má því telja víst, að báturinn muni nú kominn á fiskveiðar. Svo háttv. samgmn. getur ekki vísað á þessar samgöngur í sumar, sem hún vildi heldur alls ekki styrkja neitt.

Meining okkar með viðaukatill. á þskj. 198 er að tryggja flutninga frá maí til okt. þetta ár. Þar sem svo lítur út, að menn efist um þörf á samgöngum á þessu svæði, þá hlýtur það að stafa af ókunnugleika. Á þessu svæði eru meðal annars þessar hafnir: Hornafjörður, Papós, Hvalneskrókur, Djúpivogur, Breiðdalsvík og Stöðvarfjörður. Á sumar af þessum höfnum eru engar bátaferðir, á aðrar aðeins strjálar Sterlingsferðir. Jeg botna annars ekkert í því, að háttv. samgmn. skuli ekki vilja gera tilraun til að úr sje bætt, þar sem engar samgöngur eru, svo að enginn hluti landsins verði algerlega fyrir borð borinn. Mjer þykir dálítið kynleg þessi brtt. háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) á þskj. 215, um að láta þennan styrk, sem við förum fram á, ná til ferða til Skála á Langanesi. Jeg hjelt satt að segja, að það væri búið að sjá fyrir höfnunum fyrir norðan Seyðisfjörð, með því að láta Goðafoss koma á Vopnafjörð. Nú, en það getur þó verið, að þetta sje nauðsynlegt, en þá verður nauðsynlegt að hækka styrkinn, því að enginn bátur fæst til að hafa svona langt svæði til yfirsóknar fyrir svona lítið fje, eða ef hann fengist, þá yrðu það fáar og ófullnægjandi ferðir. Jeg vonast því til, að hv. þm. (Þorst. J.) taki aftur þessa till. sína, því að jeg get ekki skoðað hana öðruvísi en sem fleyg í okkar till.

Að endingu vil jeg benda á það aftur, að ekki þýðir að reiða sig á bátinn, sem átti að halda uppi samgöngum til 15. júní, því að sá bátur mun nú vera farinn til fiskjar, eins og við var að búast.

Sveinn Ólafsson: Jeg er til neyddur að taka til máls. Annarsvegar hafa þeir vikið ýmsu að mjer, hv. frsm. fjvn. og samgmn. (M. P. og Þorst. J.). Hins vegar virðist nú í tvísýnu teflt fjárveitingu til flóabáta eystra og nyðra.

Jeg get gefið skjót svör við því, sem vikið var að mjer í gær. Hirði enda ekki mikið, þó að eitthvað falli undan.

Háttv. frsm. fjvn. (M. P.) segir, að jeg muni vera búinn að gleyma því, að jeg hafi áður verið í sjútvn., úr því jeg sje á móti því að styrkja fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann með 300 kr. Það er alveg óþarfi að minna mig á þetta. Og það er ekkert annað en útúrsnúningur, að jeg vilji telja þessar krónur eftir. Jeg vil aðeins átelja það, að leitað er launa fyrir hvert smávik úr ríkissjóði, átelja þessa bitlingasýki. Það er ekki óalgengt, að menn haldi slíka fyrirlestra úti um sveitir landsins, og dettur þó fæstum í hug að leita

verðlauna úr landssjóði fyrir. Það er þessi beiningamannshugsunarháttur, sem bólar svo mikið á hjer í höfuðstaðnum og nágrenni hans, að seilast í landssjóð eftir launum fyrir hvert smávik og gera aldrei í opinberar þarfir atvik án ærna gjalds.

Hv. þm. Dala (B. J.) talaði líka um þetta í dag, og virtist halda því fram, að án þessara fyrirlestra mundu nemendur Stýrimannaskólans ekki verða færir til að stýra skipi um höfin. Mjer er að vísu ókunnugt um efni þessara fyrirlestra, en jeg veit, að almenn sjómannafræði er kend við skólann, og býst við, að hún muni nægja til að gera nemendur færa um að stýra skipum um höfin, enda lítið lið í henni, ef svo væri ekki.

Hv. frsm. fjvn. (M. P.) gaf mjer olnbogaskot fyrir að vera á móti styrkveitingum til námsmannanna. Honum þótti óviðurkvæmilegt að kalla þá „vonarpeninga". Jeg verð þó að halda fast við það, að orðið „vonarpeningur" sje rjettilega notað í þessu sambandi hjá mjer, því að vissulega ber til beggja vona um gagnsemdina af námi þeirra fyrir þjóðfjelagið. Þeir hafa ekki allir horfið heim og unnið hjer, sem slíkra styrkja hafa notið, nje heldur allir unnið mikið gagn, þótt heim hafi komið. Sumir hafa farið vestur um haf, aðrir suður í lönd eða gerst nytjalitlir farfuglar. Jeg held, að hv. frsm. (M. P.) sje eins kunnugt og mjer um marga lækna, sem stokkið hafa úr landi að afloknu námi, vegna þess, að þeir þóttust ekki geta setið við sultarlaunin hjer, og styrk þjóðfjelagsins við þá, ekki afturkræfan. Annars mundi jeg ekki telja þessa hjálp eftir, ef efni væru til að veita hana. En þau efni eru ekki til. Margir hjálparþurfar fara á mis við alla hjálp, og knýjandi þörf um framkvæmd ýmsra mannvirkja, svo sem vita, brúa og vega, verður að sitja á hakanum. Háttv. þm. átelja það sjerstaklega, að vilja ekki styrkja menn til þess að ljúka námi. Jeg get alls ekki fallist á það, að meiri sanngirni sje í að veita þeim námsmanni styrk, sem áður hefir notið hans, eða er að ljúka námi sínu, heldur en þeim, sem er að byrja. Jeg álít, að sanngirniskrafa hins síðarnefnda sje, að öðru jöfnu, miklu ríkari. Það er fráleitt hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að það sje sama og að fórna mönnunum, að neita þeim um þessa námsstyrki eða framhaldsstyrki. Líklega hafa þeir ekki við námið orðið ófærir til að vinna sjer brauð, eða þeim, námsins vegna, ofaukið í heiminum.

Jeg nefndi í gær, í þessu sambandi, menn, sem hafa brotist áfram af eigin ramleik og án alls styrks af opinberu fje, en eigi orðið hinum síðri. Og það er víst, að þeir menn, sem hafa einlægan vilja á að gagna föðurlandi sínu, þeir leita heim til þess aftur, að fengnum frama, engu síður þótt einskis styrks hafi notið af opinberu fje, — að því jeg held — oftast með meira manngildi en sumir, sem þágu.

Háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) gaf í skyn, að ef styrkurinn til Goðafoss yrði ekki samþyktur, myndi hann ekki koma við á höfnum á Norður- eða Austurlandi. Þetta er alveg rangt, því að það segir sig sjálft, að úr því að skipinu eru ætlaðar ferðir milli útlanda og Norður- og Austurlands — og svo er löngu ráðgert — þá hlýtur það eins að koma á hafnirnar, þótt styrklaust sje. Hitt er annað mál, að án styrksins yrðu þessar ferðir þess líklega síður eftir áætlun farnar, og sakaði lítið, ef flóaferðirnar væru í lagi. Skipið er alls ekki kjörið til flóaferða, og annast þær aldrei. Þess vegna er þessi styrkveiting sama og að kaupa kött í sekk, og hún er meðal annars óforsvaranleg fyrir þá skuld, að engin áætlun fyrir skipið hefir verið birt.

En þótt áætlun yrði birt, með nokkrum viðkomum á smáhöfnum, bundnum því skilyrði, að farmur væri nægur, þá

mundi slíkt að litlu sem engu liði koma fyrir flestar hafnirnar austanlands. Þær myndu sjaldnast fullnægja kröfum fyrir jafnstórt skip um farm og farþegafjölda, og þess vegna fara alls á mis, því að landslagsins vegna og staðháttanna eru þessar hafnir, að mestu eða öllu, útilokaðar frá öllum samgöngum á landi.

Jeg vonast því eftir því, að fjárveitingin til Goðafoss verði ekki samþ.

Því miður var jeg fjarstaddur þegar háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) talaði, en eftir því, sem mjer hefir skilist á umræðunum, mun hann hafa gefið í skyn, að Goðafoss gæti ekki siglt eftir fastri áætlun, ef styrkurinn fjelli niður. Ef þetta er rjett, finst mjer þessi bending, sannast að segja, koma úr hörðustu átt. Því að þetta yrði óhjákvæmilega til þess, að menn á þessum slóðum reyndu að tryggja sjer flutning annarsstaðar, og væri það illa farið, því að Eimskipafjelagið ætti að sitja fyrir flutningunum, og það án samkepni, ef það hagaði ferðunum eftir þörfum hjeraðanna og sýndi þeim nærgætni.

Annars hefir mjer rjett í þessu borist til eyrna, að kostur muni vera á flóabátsferðum milli Hornafjarðar og jafnvel Skála fyrir 30 þús. kr. En slíkar ferðir mundu eflaust verða þessum landshluta miklu notadrýgri en Goðafossferðirnar, og verð jeg því að vænta þess, að til 3. umr. komist einhver önnur sæmilegri skipun á um þessar samgöngur en orðið er.

Að lokum skal jeg svo geta eins atriðis enn, sem jeg mintist reyndar á í gær, en það er fjárveitingin til ekkju Matthíasar Jochumssonar. Jeg mun leyfa mjer að bera hjer fram skriflega brtt., þess efnis, að hún haldi jafnháum styrk og laun manns hennar voru, en án verðstuðulsuppbótar. Virðist mjer þá mjög vel til hennar gert, og henni sómi sýndur.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg finn ástæðu til þess að gera nokkrar athugasemdir út af ákúrum þeim, sem samgmn. hefir fengið, og vil þá fyrst snúa mjer að styrknum til Goðafoss. Nefndin tók þann kost að leggja til 60 þús. kr. fjárveitingu til Goðafoss, til þess að fá komið á reglubundnum áætlunarferðum við Norður- og Austurland, því að styrkurinn, sem undanfarið hefir verið veittur til bátaferða þar, hefir komið að tiltölulega litlum notum, og megn óánægja verið yfir því, hve bátarnir væru ófullkomnir, en flutningsgjöld þó há. Ef þetta skipulag kæmist á, verður varla hægt að segja, að Norður- og Austurland sje haft útundan í samgöngum, einkum þegar þess er gætt, að Sterling er, þar að auki, aðallega strandferðaskip fyrir þessa fjórðunga, og með Goðafossferðunum yrði þá einnig um leið bætt úr því, sem kvartað hefir verið um, að ekki væru til beinar áætlunarferðir milli Austur- og Norðurlands og útlanda. Hinsvegar er það um þetta að segja, frá fjelagsins sjónarmiði, að það mun að minsta kosti missa jafnmikils í af tekjum og styrknum nemur við það að þurfa að sigla eftir áætlun, en geta ekki hagað ferðum sínum eins og arðvænlegast er í hvert skifti, enda mundi Eimskipafjelagsstjórnin helst hafa kosið, að þetta tilboð hefði ekki komið, þótt hún treystist hins vegar ekki til þess að ganga fram hjá því, þegar þingið æskti þess. Út af því, sem sagt hefir verið, að skipið mundi sigla á allar sömu hafnir, hvort sem styrkurinn væri veittur eða ekki, vil jeg geta þess, að svo er ekki, því samgmn. fjekk tekna á áætlunina 3—4 staði á Austurlandi, sem útgerðarstjóri hafði annars ætlað að sleppa, auk þess, að viðkomunum var öllum fjölgað að mun í hverri áætlunarferð. Að vísu má segja, að fullkomin bót sje ekki á þessu ráðin enn að öllu leyti. Jeg skal játa, að syðsti hluti Suður-Múlasýslu og Hornafjörður eru ekki vel settir, þó að sumir aðrir

landshlutar sjeu reyndar lítið betur settir, t. d. vesturhluti Strandasýslu og Norður-Ísafjörður og jafnvel Breiðifjörður á kafla. En mikil bót er þó í þessu frá bátaferðum þeim, sem áður voru, og má í því sambandi minna á það, að engar skýrslur eða reikningar eru komnar frá Austfjarðabátnum, sem þó var gerður út í fyrra með miklum styrk, og mun það sjálfsagt vera af því, hvað báturinn hefir haldið illa áætlanir sínar og lítil samgöngubót orðið að honum. En til þess að bæta úr vandræðum þessara sýsluhluta, sem jeg nefndi, gæti hins vegar komið til mála að styrkja ferðir milli Hornafjarðar og t. d. Djúpavogs, en ekki lengra norðureftir, því að þannig kemst Hornafjörður í meira samband við áætlunarferðir stóru skipanna. Það finst mjer að ekki komi til mála, að landið fari að stórstyrkja bátaferðir með öllu Austurlandi, frá Hornafirði að Skálum, aðallega með það fyrir augum að gera þeim auðveldara að flytja fisk frá veiðistöðvum á verslunarstaðinn. Það þekkist að minsta kosti ekki á Vestfjörðum, að saltfiskur sje fluttur með strandferðaskipum, enda er það of dýrt, og þess varla að vænta, að áætlunarbundnir strandferðabátar geti legið um kyrt á hverjum vog og vík í 2—3 daga, meðan verið er að ferma og afferma lausan fisk, eins seinlegt og það er. Svo vil jeg einnig geta þess í þessu sambandi, að við Vesturlandsþingmennirnir höfum látið það í ljós, að við vildum sætta okkur við það, þótt Suðurland færi einni ferðinni færra til Vesturlands, ef það færi þá til Austfjarða í staðinn.

Svo vil jeg aðeins víkja einni athugasemd að háttv. þm. Barð. (H. K.), þar sem hann sagðist ekki geta verið samgmn. þakklátur fyrir ferðaáætlun Suðurlands, að því er Breiðafjörð snerti. Þess þakklætis þurfti heldur ekki, því að nefndin hefir engan þátt átt í þessari áætlun.

Af því að umræðurnar eru nú orðnar svo langar, vil jeg ekki fara út í fleiri liði, en verð þó að minnast lítillega á eitt atriði, launin til ekkju Matthíasar Jochumssonar. Bæði háttv. frsm. fjvn. (M. P.) og háttv. þm. Ak. (M. K.) hafa með hugðnæmum orðum lýst efnaleysi hennar og því, hvernig hún kæmist á vonarvöl, ef hún fengi þetta ekki. (*M. P.*: Ekki jeg!). En háttv. þm. Ak. (M. K.) því meira. Þó að jeg sje þeirrar skoðunar, að ekkju þessa ágæta manns væri þetta alls ekki of gott í heiðursskyni, finst fjer, að ummælunum megi ekki vera ómótmælt, því að það er víst, að ekki er eins þröngt í búi þessarar konu og af er látið, þar sem hún á ágæta menn að, sem bæði geta sjeð henni farborða og er það ljúft. Jeg mun því greiða atkv. till. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg bjóst reyndar við að draga til 3. umr. þessar athugasemdir mínar, en verð, vegna atkvæðagreiðslunnar, að koma með þær nú, þó að umr. sjeu orðnar langar.

Út af því, sem sagt hefir verið um samningana við Suðurland, verð jeg að vísa til þess, sem jeg hefi áður skýrt frá um það mál, sem sje, að nauðsynlegt var að semja á þessum tíma sem gert var, vegna samræmis við Sterlingsáætlanir. Það má kannske eitthvað að skipinu (Suðurlandi) finna til þessara ferða. En jeg held, að háttv. þm. Barð. (H. K.) þekki reyndar lítið til þess. Annars get jeg getið þess, að ráðunautur stjórnarinnar í þessu efni hefir verið E. Nielsen framkvæmdastjóri, og mun hann ekki síður bera skyn á þetta en þeir háttv. þm., sem fundið hafa að þessu hjer.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði í þá átt, að illa hefði verið varið fje því, sem áætlað var til strandferða 1919. Mjer finst eins og Austfirðir hefðu átt að eiga sjerstakt tilkall til þessa fjár, eftir andanum

í hans ræðum að dæma, en svo mun þó varla hafa verið. Þó að nokkuð hafi verið treyst á Þorsteins Jónssonar ferðirnar í þinginu, þá var nú eiginlega gengið út frá því hjer undir þinglokin, að Þorsteinn myndi segja sig frá samningunum, og það var mín skoðun, og stjórnarinnar yfir höfuð; enda virðist mjer, sem þetta Þorsteins skip hafi aldrei verið annað en hugmynd, sem aldrei myndi koma til framkvæmdar, og tel jeg því happ, að ekki var frekar á þá hugmynd treyst.

Þess vegna varð það eina úrræðið, þegar fram undir áramót kom, að stjórnin sá ekki aðra leið færa en að tengja saman þessi tvö skip, Sterling og Suðurland, eftir því, sem hún hafði fjárráð, og framkvæma strandferðirnar með þeim eins og unt væri. Jeg get ekki sjeð, að stjórnin hafi gert nokkuð rangt í þessu efni eða haft önnur ráð fyrir hendi. Og jeg er ekki farinn að koma auga á, að hentugra skip hafi verið hægt að fá í Suðurlandsferðirnar, eins og ástandið var þá, þó að jeg hins vegar geti játað það, að betra hefði verið að hafa tvö strandferðaskip, eins og Austra og Vestra forðum. En það hefir enginn heldur bent á, að slíkt tækifæri hafi verið fyrir hendi, svo að þetta skraf fram og aftur er því tilgangslaust.

Háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) áleit, að heppilegra hefði verið að láta samninga þessa dragast fram á þing, en jeg álít, að það hefði ekki verið forsvaranlegt, og að ekki hefði verið minni ástæða til að sakfella stjórnina fyrir aðgerðaleysi, hefði hún geymt alt til þessara tíma. Það er altaf hægra að tala um glappaskotin á eftir heldur en að segja fyrirfram um þau. Og jeg kannast við, að nú horfir öðruvísi við en í nóvember um skipakost. Jeg er hræddur um, að óánægja almennings um skipaferðirnar stafi meðal annars af því, að mönnum hættir við að heimta altof marga fastbundna viðkomustaði. Engin skipaútgerð stenst það, að allir togi totann og heimti nýja og nýja viðkomustaði, enda sýna skýrslur og reikningsskil þessara útgerða, að þær tapa á rekstrinum, og það eingöngu vegna þessara mörgu viðkomustaða, þar sem lítið eða ekkert er að gera. Að minni hyggju mun besta ráðið og happadrýgsta að hafa viðkomustaðina fáa fastákveðna, en gefa skipunum tíma til þess að fara aukaferðir, þegar flutningsþörfin kallar. Flutningsþörfin sker þá úr, hvernig rjettast sje að ákveða viðkomustaðina.

Viðvíkjandi Hornafjarðarbátnum er það að segja, að á Hornafirði er slæm höfn, og munu því ferðir þangað lítt tryggðar með bát þeim, sem fer þar á milli og Skála á Langanesi. Á Hornafirði er að byrja útvegur nokkur, og honum því nauðsynlegt að ná til Austfjarðahafnanna, einkum að vorinu, þangað sem millilandaskipin koma við. En eigi bátur að fara alla leiðina frá Hornafirði til Langaness, verður hann annað tveggja að litlum notum fyrir Hornafjörð, eða of stór og dýr.

Þá er það vilyrði stjórnarinnar viðvíkjandi styrk til vetrarferða handa Breiðafjarðarbátnum Svan. Umsókn barst mjer, þar sem farið var fram á styrk til þess að gera Svan út til aukaferða í vetur, og átti hann að flytja vörur til Breiðafjarðar og Snæfellsness, en ekki farið fram á við mig, hvorki að gera samning nje ákveða neina upphæð. Það er kunnugt, að í fyrravetur hafði stj. Svan á leigu, og varð gott gagn að, þótt ekki gengi alt að óskum. Og mjer er sagt, að báturinn hafi borið sig betur næstliðið ár, einmitt fyrir þetta. Mig langaði því til að hlaupa undir bagga í þessu efni, en þurfti að fá tryggingu fyrir því, að brýn þörf væri á flutningum þessum, vegna hjeraðanna þar vestur frá, en það sæist best á því, að hjeruðin vildu leggja fje fram úr sýslusjóði, á móti tillagi frá landssjóði. Símaði jeg svo

til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, að stjórnin vildi veita helmingsstyrk á móti hjeruðunum til þessara flutninga, en sýslumaður þorði ekki að ákveða sig til þess, og fórst þá fyrir að tala um þetta við sýslumanninn í Dalasýslu. Nú hafði jeg raunar enga fjárheimild í þessu skyni, og varð þá mál þetta að bíða þings.

Viðvíkjandi brtt. samgmn., þá hefði jeg heldur kosið, að þær hefðu ekki komið til atkv. nú. Jeg er ekki búinn að taka afstöðu til þeirra, þótt það megi kannske skömm kallast, en þessi glundroði og stímabrak síðustu dagana hafa þó tafið mig svo, að jeg hefi ekki haft tíma til að átta mig ennþá á þessu.

Viðvíkjandi styrknum til Eimskipafjelagsins, þá er þess að geta, að jeg tel hann viðsjárverðan, vegna þess, að það er fjelaginu í skaða að bindast þeim skilyrðum, sem þar eru á bak við. En það, að skipið fengist nokkrar ferðir kringum land, með viðkomu á öllum helstu höfnunum, er afarmikil bót.

Jeg býst nú við að greiða atkv. með brtt. samgmn. í þetta sinn, en komi brtt. við 3. umr., sem mjer falli betur í geð, er jeg ekki bundinn við mitt atkvæði í þetta sinn.

Jakob Möller: Jeg get lofað því strax, að lengja ekki mjög umræður þessar, sem mjer finst, að þegar hafi staðið nógu lengi. Það eru aðeins tvö atriði, sem mjer finst, að jeg geti ekki komist hjá að minnast svolítið á. Og er þá fyrst það, að jeg get ekki látið mjer liggja í eins ljettu rúmi og mörgum háttv. þm. virðist gera, hvort starfsmönnum ríkisins sje gert rangt til eða ekki.

Jeg get ekki betur sjeð en að mál stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum sje, sannast að segja, hreinasta hneykslismál. Jeg hefi verið að bíða eftir því, að eitthvað það mundi fram koma í umr., sem rjettlætti það, hvernig farið hefir verið með þennan mann, en svörin hafa verið ýmist út í hött eða þá í beinni vitleysu, svo að furðu sætir. Aðalástæðan er sú, að orðið hafi að segja manninum upp starfa sínum vegna þess, að hann hafi ekki verið fær um að veita forstöðu loftskeytastöð í Vestmannaeyjum. Þetta hefði nú að vissu leyti getað talist ástæða, ef svo undarlega stæði ekki á, að það er engin loftskeytastöð í Vestmannaeyjum, svo þessi ástæða fellur um sjálfa sig. En nú vill svo til, að mjer er mál þetta talsvert kunnugt, og af skjölum, sem jeg hefi sjeð viðvíkjandi manni þessum, þá sje jeg, að þessi starfsmaður ríkisins hefir átt við mjög bág kjör að búa frá því fyrsta, og þó að hann hafi farið fram á að fá þau bætt, hefir stjórnin hummað það fram af sjer og þóst í því efni fara algerlega eftir tillögum landssímastjóra. Að lokum neyðist maður þessi svo til að segja upp stöðunni og hefir þá um leið fyrirheit landssímastjóra um 10 þús. kr. uppbót. Jeg verð nú að halda því fram, að maður þessi hafi haft fulla ástæðu til þess að treysta því, að stjórnin hjeldi sig við þessa skuldbindingu landssímastjórans, þessar 10 þús. kr. skaðabætur, þar sem stjórnin hafði margsinnis lýst því yfir við hann, að hún færi algerlega eftir því, sem landssímastjóri legði til um launakjör starfsmanna símans. Þess vegna verð jeg að álykta sem svo, að stöðvarstjóranum beri ekki aðeins þessar 5 þús kr., heldur eigi stjórnin að gjalda honum þessa lofuðu upphæð — 10,000 kr.

Það virðist ljóst, að landssímastjóri hefir, af einhverjum ástæðum, viljað losna við þennan mann, en af hverju, það veit jeg ekki, og því fæst heldur ekki svarað, hvernig sem stjórnin er um það spurð. Og ekki virðist hann hafa verið

ósanngjarn í kröfum sínum, eða þær ekki verið á rökum bygðar, því að undir eins og annar stöðvarstjóri kemur, hækka útgjöldin að miklum mun við landssímastöðina í Vestmannaeyjum. Þetta er alt saman svo óhreint, að furðu sætir, að slíkt skuli hafa átt sjer stað um opinberan starfsmann ríkisins. En þó að þessi starfsmaður hafi nú verið flæmdur burt úr þjónustu ríkisins, þá liggur þó frammi vottorð landssímastjóra, sem segir, að maðurinn hafi staðið vel í stöðu sinni og rækt starf sitt óaðfinnanlega, og jeg hefi enga ástæðu til að ætla, að vottorð þetta sje gefið gegn betri vitund. Nei, jeg verð að ganga út frá því, að vottorðið sje í alla staði rjett, en að manninum hafi verið bolað frá stöðu sinni af einhverjum öðrum ástæðum, og það vil jeg fá sjerstaklega upplýst.

Ef þetta skyldi vera sprottið af rógi og illvilja einstakra manna, þá er það illa farið og má ekki vera óátalið. Á hinn bóginn get jeg ekki skilið, að ekki megi komast sómasamlega frá þessu máli, t. d. með því að veita honum þennan starfa aftur, sem jeg tel að mörgu leyti sjálfsagt, og ekki síst ef það skyldi sannast, að hann hafi verið gabbaður til að segja stöðunni lausri. Annars er það tæplega sæmandi, hvernig sem á mál þetta er litið, annað en að láta sjer farast þann veg, að gera vel við þennan mann og sinna þessari málaleitun hans.

Jeg drap á í upphafi, að atriðin væru tvö, er jeg vildi athuga, og sje ekki ástæðu til að ræða um seinna atriðið undir rós, eins og sumir háttv. þm. hafa gert. Það er 7. gr. fjáraukalaganna. Þar liggur fyrir fjárveiting, sem stjórnin hefir gert upp á sitt eindæmi og vel vitandi það, að engin lög heimila henni slíka greiðslu. Þetta er svo mikil óhæfa, að það má ekki mótmælalaust uppi haldast. Þingið hefir nýlega numið úr lögum rjett ráðherra til eftirlauna, og því er það ekki sæmandi, að stjórnin brjóti í bág við þann skýra vilja þings og þjóðar við fyrsta tækifæri. Jeg skal taka það fram, að jeg segi þetta alls ekki af kala til þess manns, sem hjer á hlut að máli, heldur vegna þess, að þetta stefnir inn á þá braut, sem búið var að fordæma. Haldist það uppi, að þessi maður fái ráðherraeftirlaun, þá hljóta hinir líka að koma á eftir, sem nú gegna embættunum, þegar þeir láta af ráðherradómnum. Og getur því þetta orðið talsverð upphæð, ef skift verður um þessa þríhöfðuðu á hverju löggjafarþingi. Nei, jeg verð að taka það fram að endingu, að þetta fordæmi, sem 7. gr. nefnir, er í alla staði afleitt, og það er ómögulegt að líta öðruvísi á þetta mál en að hjer sje um hreint og beint gerræði að ræða hjá stjórninni, og að hún hafi í algerðu heimildarleysi borgað þetta fje út, enda þótt hún hafi verið á fundum fjvn. annarar deildarinnar og fengið vilyrði hennar fyrir þessu.

Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu til að fara út í hinar einstöku brtt., sem liggja hjer fyrir, og læt mjer nægja að sýna afstöðu mína til þeirra við atkvgr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að vera langorður, þar sem háttv. meðnefndarmenn mínir hafa hlaupið undir bagga með mjer og fylt að nokkru leyti í þau skörð, sem orðið höfðu á framsöguræðu minni.

Jeg skal þá fyrst snúa máli mínu að háttv. samgmn. Jeg óskaði um daginn við framsögu fjáraukalaganna, að atkvgr. um brtt. hennar væri frestað til 3. umr. En úr því svona lengi hefir dregist með umræðurnar, þá hefir nefndin getað tekið nokkurn veginn afstöðu til þeirra, og vill hún styðja fjárveitinguna til Breiðaflóabátsins og bátsins, sem ganga á til Rangársands. En hvað snertir fjárveit-

ingu til Eimskipafjelags Íslands fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss, þá hafa fjárveitinganefndarmenn þar allir óbundnar hendur með atkv. sín. Og eigi síður, þar sem í umræðunum hafa komið fram nýjar upplýsingar frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um, að ef til vill yrði skipið ekki tilbúið nógu snemma, þótt hann gæti þess jafnframt, að annað skip yrði þá látið annast ferðirnar í þess stað. Og ef þessi styrkur verður samþyktur, þá mun nefndin leggja á móti fjárveitingum til annara flóabáta fyrir norðan og austan, nema ef til vill til Hornafjarðarbátsins. Jeg vil því undirstrika það, að ef styrkur til Eimskipafjelagsins fyrir ferðir Goðafoss verður samþyktur, þá mun nefndin *leggja á móti* fjárveitingu til annara flóabáta fyrir norðan og austan.

Jeg vil svo víkja nokkrum orðum að öðrum atriðum, sem komið hafa fram í umræðunum. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, út af styrknum til einstakra manna, að sjer fyndist, að fjvn. ein teldi sig vita um nauðsyn þeirra, og því ætti hún að vera nokkurnveginn einráð með þá. Jeg vil þá svara því til, að það sje ekki nema rjett, ef deildarmenn hafa ekki gefið sjer tíma til að kynna sjer skjöl þau, er styrkbeiðnir þessar snertir, og þar af leiðandi ekki sett sig inn í málin. Er því ekki annað ráð vænna fyrir þá en að fara að ráðum fjvn. — Þá talaði hæstv. fjrh. (M. G.) um, að ekki væri gott samræmi hjá mjer hvað snerti 12. og 18. gr. fjárlaganna, þar sem jeg vildi lækka styrkinn til sjúkrahússins á Akureyri, en hækka styrkinn til ekkju Matthíasar Jochumssonar. Jeg skal þá benda honum á það, að það er altaf bein stefna í fjárveitingum til sjúkrahúsa. — En hvað snertir styrk til ekkna, er öðru máli að gegna, og um það geta menn best sannfærst, með því að lesa 18. gr. fjárlaganna, því að þar virðist meira farið eftir efnum og ýmsu öðru en beinni stefnu. Því að þar er eigi að sjá, að sje neitt sjerstakt samræmi á milli fjárveitinga til ekkna. Get jeg því eigi sjeð, að það sje neitt sjerstakt brot, þó að þessi fjárveiting sje hærri en aðrar.

Háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) sagði, að jeg hefði sagt, að laun biskups, landlæknis o. fl. starfsmanna ríkisins væru of lág. Þetta er að nokkru leyti rjett. Því að jeg er sannfærður um, að þau eru ekki nóg, og þá mundi skorta fje, ef þeir hefðu ekki aðrar tekjur til að framfleyta sjer á. — Annars þótti mjer vænt um, að hv. þm. (J. S.) skyldi viðurkenna, að jafnvægi launanna raskaðist við hámarkslaunaákvæðið.

Þá sný jeg mjer að vonarpeningi hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Jeg verð að segja, að mjer fanst hann koma með nýja skýringu á, hvað meint væri með því orði, og var hún æðimikið milduð frá því, sem bændur alment telja vonarpening. Hv. þm. (Sv. Ó.) hafði það eftir mjer, að jeg vildi svifta hina yngri námsmenn styrk. Það hefi jeg aldrei sagt, en hitt sagði jeg, að jeg teldi það ekki rjett að svifta þá efnismenn styrknum, sem þegar hefði verið veittur hann, og Alþingi þar með búið að viðurkenna áður, að þeir væru hans maklegir. Þá vil jeg með örfáum orðum minnast á það nýmæli, er háttv. þm. (Sv. Ó.) kom fram með, skrifaða brtt. við brtt. fjvn. á þskj. 129. Jeg get ekki annað skilið en háttv. þm. (Sv. Ó.) hefði átt að geta komið með hana prentaða, þar sem brtt. nefndarinnar var útbýtt 12. mars, en nú er 2. apríl. Það lítur því eigi út fyrir annað en að hann hafi sannfærst fyrst í dag um nauðsyn þessarar breytingar. Jeg vil svo benda háttv. þm. (Sv. Ó.) á, að óþarfi er fyrir hann að vera að koma fram með skrif-

legar brtt. nú við 2. umr., þar sem 3. umr. er eftir. Þá ætti hann að geta komið þeim að, og verið búinn að láta prenta þær.

Þá sný jeg mjer að því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, út af 7. gr. fjáraukalaganna. Hann sagði, að stjórnin hefði borið þar fram tillögu, sem hún hefði vitað, að þingið gengi ekki inn á. (*Jak. M.*: Ekki þetta, heldur síðasta þing). Jeg vil aðeins upplýsa, að þetta kom ekki til umræðu á síðasta þingi. — Það var rjett, að fjrh. (M. G.) var því fylgjandi, að þessi maður fengi uppbót, en nefndin rjeði upphæðinni. Mjer þótti vænt um, að háttv. þm. (Jak. M.) sagði þetta, og það er gott til athugunar fyrir háttv. deild og bestu **meðmæli með brtt.** nefndarinnar á þskj. 129. Það var skýrt hjer í deildinni, að þessi maður hefði haft beint efnatjón af því að vera ráðherra, og þetta væri því ekkert fordæmi. Jeg vil svo undirstrika það, að svo framarlega sem deildin vill ekki láta þetta verða að fordæmi, þá eigi allir að greiða atkv. með brtt. nefndarinnar á þskj. 129. — Jeg vil svo aðeins taka það fram, að mjer finst það eigi vænlega horfa, þegar fjárlögin sjálf koma til umr., fyrst þrjá daga hefir þurft til þess að komast yfir eina umr. með fjáraukalögin.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er út af stöðvarstjóranum í Vestmannaeyjum, að jeg tek til máls. Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að hjer væri eflaust um hneykslismál að ræða. Þetta held jeg nú ekki, en úr því að þessi getsök hefir verið sett hjer fram, finst mjer enn minni ástæða til fyrir þingið að afgreiða þetta mál á þann hátt, sem háttv. fjvn. leggur til. Mjer finst rjettast að láta rannsaka það og dómstólana skera úr, svo það komi í ljós, hvort þessi maður hefir nokkru ranglæti verið beittur. Því að jeg tel það nokkuð fljótlega að farið, að dæma landssímastjóra áður en hann hefir fengið tækifæri til að segja nokkuð til upplýsinga í málinu, þar sem venjulegt er, að báðir málspartar fái að gefa skýrslu. Jeg veit, að stöðvarstjórinn er óánægður, og til þess hefir hann kannske einhverja ástæðu. En samskonar kröfu og þetta geta án efa mýmargir opinberir starfsmenn komið með. Og þó að stjórnin hafi lofað að mæla með einhverri uppbót, þá er hún ekki bundin af því loforði, því að það er annað að borga stóra uppbót fyrir mörg ár heldur en ofurlitla uppbót árlega. En ef það sannast, þegar málið er rannsakað, að þessi maður eigi lagalega kröfu á uppbót á launum sínum, *umfram aðra starfsmenn ríkisins*, þá er auðvitað rjett að bæta það upp. Jeg get tekið það fram, að jeg er ekkert hræddur við, þó að mál þetta verði rannsakað, því að jeg hefi ekkert rangt gert manni þessum, og hið sama held jeg, að allir í stjórninni geti sagt. Það er því ekki rjett, að þetta geti verið vöndur á stjórnina. Jeg er hræddur um, að ýms skjöl liggi hjá stjórninni, sem fjvn. hefir ekki sjeð, og betra væri að athuga, áður en úrskurður yrði feldur.

Hv. frsm. (M. P.) sagði, að enga reglu væri að finna í 18. gr. fjárl. um eftirlaun ekkna. Þetta er ekki rjett. Engin ekkja á, lögum samkv., að hafa meir en 1200 kr. eftirlaun, og aðeins ein ekkja á landinu hefir komist svo hátt. En hjer á alt í einu að fara upp í 2400 kr., auk uppbótar. Þetta kalla jeg gífurlegt brot á reglunni, og vil ekki sætta mig við það.

Jakob Möller: Mjer þykir undarlegt, að hv. fjrh. (M. G.) telur sig vera ókunnugan máli stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum, þar sem hann þó tekur að sjer að halda uppi svörum fyrir stjórnina í því máli. Jeg skal játa, að það er ekki hægt að hafa

þetta fyrir vönd á hann persónulega, en jeg tel það vera vönd á stjórnina í heild sinni, úr því hún hefir ekki rannsakað mál, sem hún þó hefir verið að gera tillögur um. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að sjálfsagt væri að heyra hvað landssímastjóri segði um þetta mál. Það hefði stjórnin átt að gera fyr. Það er hægt að segja svo, að maðurinn hefði átt að leita til dómstólanna. En það er hægt að flækja svo rjett mál, að eigi sje hægt að fá rjettan úrskurð, þó að til dómstólanna sje leitað, en hins vegar tel jeg, að stjórnin geti tæplega verið þekt fyrir að fara þannig að.

Háttv. frsm. (M. P.) var að tala um efnalegt tjón í sambandi við eftirlaun Sigurðar fyrv. ráðherra. En jeg vil halda því fram, að þess beri ekki að gæta, því að hann hefir tekið að sjer stöðuna, með þeim launum, er þá voru, og þingið þurfti því enga ábyrgð að bera frekar á því.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er ekki undarlegt, þótt jeg haldi uppi svörum fyrir stjórnina. Því að jeg mun eiga að borga þetta út, sem óttast er, að stöðvarstjórinn í Vestmannaeyjum fái. Ekki er það heldur undarlegt, þótt jeg haldi því fram, að þetta mál þurfi að rannsaka, þar sem tæplega er liðið meira en hálfur klukkutími síðan að það var fyrst kallað hneykslismál. Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hlýtur því að vita meira um þetta mál en jeg, fyrst hann getur dæmt það hneykslismál. Jeg vil því fá það athugað nánar. Út af því, að efasamt gæti verið, hvort stöðvarstjóri þessi ynni mál sem þetta fyrir rjetti, skal jeg taka það fram, að þó það ekki sannaðist, að hann ætti lagalega kröfu til fjebóta, heldur aðeins upplýstist, að hann ætti sanngirniskröfu til þeirra, umfram aðra starfsmenn ríkisins, þá tel jeg sjálfsagt að greiða þær.

Um eftirlaun Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra er það að segja, að stjórnin er fús til að taka á sig alla ábyrgð út af þeim. Því að meiri hl. fjárhagsnefnda beggja deilda, og meiri hl. þingsins, var með því, að hann fengi þetta. Jeg er því í engum efa um, hvernig það mál fer.

Björn Hallsson: Þótt jeg bæti örfáum orðum við allan þann orðaelg, sem hjer er í þessari háttv. deild, þá er það ekki nema eins og dropi í hafið.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að brtt. samgmn. á þskj. 181, síðasta lið, sem er styrkur til Eimskipafjelags Íslands. Það er allmikið búið að tala um þennan styrk, og hafa verið allskiftar skoðanir um hann.

Jeg verð fyrst að vita, hversu margir staðir það eru, sem skipið kemur á, svo veruleg bót verði að þessum ferðum. Jeg er í vafa um, hvort betra er, flóabátar eða þessar Goðafossferðir. En samt held jeg hallist í þetta sinn fremur að styrk til skips, sem siglir eftir fastri áætlun frá útlöndum og svo strandferðir með landi fram með mörgum viðkomustöðum. Sá kostur fylgir því, að þá losna menn við þessar illræmdu og kostnaðarsömu umskipanir.

En það, sem líka mælir með þessum styrk til Goðafossferðanna, er það, að jeg sje, að það verður ódýrara fyrir landssjóð en að kosta 1 Austfjarðabát og 2 Norður- og Vesturlandsbáta. En nú verður að gá að krónunum; það er ekki svo mikið til af þeim.

Jeg hefi undir umræðunum sjeð áætlun skipsins, og sje, að viðkomustaðir eru allmargir og ferðirnar eru 4. Og þótt það sjeu að vísu margar hafnir, sem skipið kemur ekki á, þá er hægt að bjarga þeim nokkuð við með Sterling, sem samkvæmt áætlun sinni kemur á flestar hafnir kring um land.

Þeir, sem kunnugir eru á Austfjörðum, vita vel, að það eru allmiklar samgöngur á milli Hornafjarðar og Austfjarða, og

er því þörf á, að bætt sje úr skipaferðum þar á milli.

Loks vil jeg með örfáum orðum víkja að einum lið á listamannastyrknum á þskj. 129, er enginn háttv. þm. hefir minst á, nema háttv. frsm. (M. P.). Maðurinn, sem fer fram á styrk, er úr mínu kjördæmi og heitir Valdimar Sveinbjarnarson. Ástæður fyrir styrkveiting til hans eru margar. Fyrst og fremst er faðir hans fátækur barnamaður og er alls ekki fær um að styrkja hann neitt, og í öðru lagi hefir leikfimikennari Björn Jakobsson sagt, að þörf væri á svona manni, því að hann kemst ekki yfir kensluna hjer, en um aðra er ekki að gera. Þetta ættu að vera nægar ástæður til þess, að háttv. deild sjái ástæðu til að hlaupa undir bagga með pilti þessum, ef nokkur námsstyrkur er veittur á annað borð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um aðrar brtt.; atkvgr. sker best úr öllum þrætum.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Það er ekki mikið, sem jeg þarf að bæta við það, sem sagt hefir verið, því að það hefir ekki verið ráðist nema lítillega á till. samgmn. Viðvíkjandi tillögunni um styrk til h.f. Eimskipafjelags Íslands er jeg ekki sammála háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hv. þm. taldi víst, að „Goðafoss“ mundi koma á þær hafnir, sem áætlað er að hann sigli á, ef hann fær ríkisstyrk, enda þótt enginn styrkur yrði veittur. Jeg er þar á öðru máli en hann. Millilandaskipin eru ekki vön að koma nema á bestu hafnirnar, en þar sem fá skip ganga, þá er engin hætta á samkepni um hinar verri hafnir. Jeg býst við, að háttv. deild hafi tekið eftir ástæðum samgmn., sem sje, að skipið ætlaði að sigla eftir áætlun, og er ekki þörf á að rökræða það meir. Og í öðru lagi, að „Goðafoss“ er áætlaður á margar hafnir, sem engin von er til að skip frá útlöndum sigli inn á. Að vísu sleikir hann ekki upp allra smæstu hafnirnar.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) vítti samgmn. fyrir ferðaáætlun e.s. Suðurlands, að það skyldi ekki koma t. d. á Króksfjarðarnes o. fl. hafnir, en það er búið að tví- eða þrítaka það fram, að samgmn. hafði ekki ráð á áætlun skipsins. Þó geri jeg ráð fyrir, að nefndin hefði getað ráðið smábreytingum á áætluninni, svo framarlega sem það var skipinu ekki í óhag. Það er löng sigling til Króksfjarðarness, og hefði sjálfsagt ekki verið hægt að koma því á áætlun, en það er gefið, að ef nægur flutningur fæst, þá siglir skipið þangað, þrátt fyrir það, þótt það sje ekki áætlað þangað. Og jeg vona, að jeg þurfi ekki að taka þetta enn fram, að samgmn. hefir ekki samið við Suðurland.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) óskaði, að jeg vildi taka aftur brtt. á þskj. 215. Jeg get að vísu gert það við þessa umræðu, en það er undir atvikum komið, hvort hún kemur fram við 3. umr. eða ekki. Ef svo fer, að deildin fellir Goðafoss-styrkinn, mun nefndin mæla með styrk til flóabáta fyrir Austur- og Norðurland.

En jeg vil taka það fram, að það er engu minni þörf á bátaferðum á milli hafnanna norðan við Seyðisfjörð en á milli hafnanna sunnan við Seyðisfjörð.

Því er svo varið með Skála á Langanesi, líkt og Hornafjörð, að þar er nokkur útgerð. Sumir Austfirðingar flytja þangað, þá er útgerðin á Hornafirði er hætt. Þangað gengur ekkert skip, og það má telja nokkrar hafnir á milli Seyðisfjarðar og Langaness, sem ekkert skip kemur á, t. d. Loðmundarfjörð, Unaós, Hámundarstaði, Gunnólfsvík o. fl. Það er auðsjeð, að víða er pottur brotinn með slæmar samgöngur.

Meðan á umræðum hefir staðið, hefir komið tilboð frá m.b. „Úlfur“ um ferðir fyrir Austurlandi. Jeg geri ráð fyrir, að ef

Goðafoss-styrkurinn verður ekki veittur, að þá mæli samgmn. með ríflegum styrk til Austfjarðabáts.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að betra væri að sjá eftir á en fyrirfram. Jeg játa það og kannast fúslega við, að hæstv. stjórn gat ekki vitað fyrirfram, að kolin mundu lækka svo í verði, sem orðið hefir. En hæstv. landsstjórn hefði átt að vera fullkunnug sú almenna óánægja, sem hefir verið ríkjandi með Suðurland, og þótt kolaverð hefði ekkert lækkað, þá var það jafnfráleitt að lofa Suðurlandi 125 þús. kr. styrk til að sigla á flestar bestu hafnirnar á Vestfjörðum. Fje þetta hefði að mestu leyti mátt spara, án þess að strandferðirnar hefðu að nokkru leyti orðið óhagstæðari við það.

Magnús Kristjánsson: Sumum hv. þm. hefir orðið tíðrætt um brtt. á þskj. 181, þó sjerstaklega C-liðinn. Og mig furðar alls ekki á því, vegna þess, að það er full þörf á að bæta úr flutningsþörfinni. En mjer finst, að brtt. sje dálítið misskilin, því að þótt þörf sje á að bæta úr þessu, þá er ekki þar með sagt, að þeirri þörf sje fullnægt. Það er þá fyrst að líta á, hvort kemur að meira gagni að skifta þeirri fjárveitingu, sem hjer er um að ræða, á milli margra, eins og að undanförnu, eða ekki. Jeg mun aðhyllast hið síðarnefnda, þótt það sje ljóst, að það bæti ekki fullkomlega úr þörfinni, þareð hin stærri skip koma ekki nema á helstu hafnirnar, eða á þær hafnir, sem nægur flutningur fæst til, en aftur á móti mótorskip eru þægilegri til að koma á hinar minni hafnir og flytja þangað og þaðan fólk og flutning, sem ekki mundi borga sig fyrir stærri skip að flytja.

Ef tillagan um styrkveiting til h.f. Eimskipafjelags Íslands verður feld, sje jeg mig nauðbeygðan til að koma fram með brtt. um styrk til bátaferða á Norðurlandi. Þörfin er brýn þar, ekki síður en víða annarsstaðar.

Það hafa komið fram tillögur um styrkveitingu handa öllum landsfjórðungunum, að undanteknu Norðurlandi. En það þýðir ekki að fara fram á minna en 25—30 þús. kr., og er þá ósjeð, hvort mikið vinst við að fella styrkinn til Goðafoss.

Þá skal jeg víkja að öðru máli, þó þess sje ef til vill ekki brýn nauðsyn. Jeg álít, að það hefði verið skaðlaust, þótt niðurlag ræðu háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) hefði ekki komið fram. Jeg álít ummæli hans bæði ómakleg og illa viðeigandi. Þau voru ómakleg í minn garð, því að hann gerði mjer upp orð, er jeg hafði aldrei talað, og dró svo ályktanir út af þeim. Og þau eru óviðeigandi með tilliti til hlutaðeiganda, vegna þess, að svo gat litið út sem hjer væri um einhvern þurfamannastyrk að ræða, en jeg vona að orð hans hafi ekki mikil áhrif, því að annars gæti litið svo út sem þingið vildi ekki sýna þessum látna merkismanni neinn sóma.

Þá verð jeg aðeins að drepa á ummæli háttv. frsm. fjvn. (M. P.) í gær. Hann virtist misvirða það við mig, að jeg dró það í efa, að hann væri sjálfkjörinn forgöngumaður heilbrigðismálanna, eftir því sem fram kom viðvíkjandi tillögunni um styrk til sjúkrahússins á Akureyri. Þetta voru enn meiri vonbrigði fyrir mig, er jeg mintist þess, sem hann ljet í ljós eldhúsdaginn, sem sje, að hann fann hæstv. stjórn það mest til foráttu, að hún hefði ekki komið fram með neinar hugsjónir. Menn gátu því vænst þess, að háttv. þm. (M. P.) hefði sjálfur einhverjar hugsjónir til að bæta úr heilbrigðisástandinu, og til þess að liðsinna þeim, sem mest eru hjálparþurfa, nefnilega sjúklingunum. En þeirra virðist lítið vart, er maður minnist ummæla hans í gær, að betur hefði verið, ef sjúkrahúsið væri ekki til. (*M. P.*: Sagði

það ekki).En jeg álít það mikið lán fyrir alla, að því varð komið í framkvæmd áður en þessir óhagstæðu tímar skullu á.

Hjer er ekki farið fram á ⅓ af stofnkostnaði,ekki einu sinni $^1/_6$,og hjer því um mikið vægari kröfu að ræða en það, sem háttv. frsm. (M. P.) þykist vilja byggja grundvallarreglu sína á. Þess vegna er mjer framkoma hans alveg óskiljanleg.

Í stuttu máli, sjúkrahúsið er upp komið, án þess að njóta styrks, eins og öðrum sjúkrahúsum er þó veittur, og þareð það hefir ekki notið hlutfallslegs styrks við aðrar samskonar stofnanir, þá vona jeg að ekki verði klipið af þessari litlu fjárveitingu, sem sannarlega má ekki minni vera.

Þorleifur Guðmundsson: Mig furðar á því, hve háttv. þm. hafa enst til að tala lengi. Hingað til hefi jeg hlustað á og ekki tekið til máls, en jeg finn mig þó loks knúðan til að gefa orð í belg, vegna þess, að mitt álit er ekki eins og annara háttv. þm. hjer.

Jeg verð þá fyrst að minnast á uppbót á launum stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum. Jeg verð að játa, að jeg er ekki fær um að dæma um mál þetta, og jeg hygg, að svo muni vera um fleiri, af þeirri mjög svo einföldu ástæðu, að hjer liggja engin gögn fyrir, er geta upplýst mál þetta. Ef deildin færi nú að samþykkja þetta, þá væri það algerlega út í loftið. Við þekkjum þetta ekki nógu ítarlega. Og þótt landssímastjórinn mæli með þessu, þá eru samt engar gildar sannanir fyrir hendi, að maðurinn sje starfinu vaxinn, og það geta verið ýmsar ástæður, er sýni, að maðurinn sje algerlega óhæfur til starfsins. Af þessum ástæðum krefst jeg upplýsinga um málið. Hvað viðvíkur styrknum til Sveinbj. Egilssonar, þá skil jeg ekki hvernig nokkur getur haft á móti jafn rjettmætri beiðni og að veita þessa upphæð til fræðslu handa sjómannastjettinni. Og mig furðar stórlega á því, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skyldi geta látið sjer slíkt um munn fara, að það eigi ekki að eiga sjer stað, að 300 kr. sjeu veittar fyrir 8 eða 12 fyrirlestra.

Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nein nauðsyn á að veita fræðslumálastjóra 1200 kr. í skrifstofukostnað. Jeg tel það algerlega óþarft, og mæli fastlega á móti því. Það er engin ástæða til að setja skrifstofu á skrifstofu ofan, og þar af leiðandi skrifstofukostnað við skrifstofukostnað. Slíkt get jeg ekki þolað, að gangi ómótmælt gegnum deildina. Við verðum að gá að því, að við erum ekki hjer saman komnir til að skifta ríkissjóði niður á skrifstofur landsins. Það er auk þess athugandi, hvort ekki er unt að sameina þetta embætti öðru embætti, t. d. biskupsembættinu, því að jeg álít sanngjarnt að krefjast þess, að biskup sje leiðtogi landsmanna í fræðslumálum. Jeg álít, að ef hjer á að vera biskup, þá eigi hann einnig að vera fræðslumálastjóri, en ef hann getur ekki verið fræðslumálastjóri, þá eigi fræðslumálastjóri að geta verið biskup.

Um styrkveitinguna til námsmanna þýðir víst ekki að fjölyrða. Jeg álít að vísu, að ýmislegt mæli með því að styrkja þessa verkfræðinema til þess að ljúka námi. Verkfræðinemar eiga erfiðara aðstöðu en aðrir námsmenn, vegna þess, að þeir verða að verja all-löngum tíma til undirbúnings undir starf sitt, eftir að þeir hafa lokið prófi, þar sem aðrir námsmenn geta sest í embætti strax að afloknu prófi.

Þá kemur einn, sem sækir um styrk til að læra leikfimi. Það kann að vera, að sumum virðist nauðsynlegt að leggja mikla stund á að kenna þjóðinni þessar líkamsæfingar, til þess að herða og hreyfa líkamann. En jeg álít þetta alls ekki nauðsynlegt. Nauðsynlegasta og um leið hollasta og þarfasta hreyfing hvers

manns er að vinna líkamlega vinnu. Og jeg álít þessar líkamsæfingar, sem nú er farið að tíðka svo mjög, útúrsnúning frá náttúrunni. Því að ef menn aðeins vinna líkamlega vinnu, þurfa menn ekki þessar líkamsæfingar, þessi hlaup og stökk, sem engum eru til gagns.

Um styrkinn til ekkju Matthíasar Jochumssonar vil jeg geta þess, að jeg álít sjálfsagt að veita hann, þótt hann sje nokkuð hár. Hjer er um mikilmenni að ræða, sem hefir unnið þessari þjóð ómetanlegt gagn og sóma. (*Margir þm*: Hann fær ekki þetta fje, hann er dáinn). Þjer segið, að hann fái ekki þennan styrk af því að hann sje liðinn. En það eru verk hans, minning hans, sem hjer er verið að verðlauna. Og það er aðeins vegna skáldsins Matthíasar Jochumssonar, sem lifir þótt hann sje dáinn, sem jeg er með þessari styrkveitingu, en ekki vegna ekkju hans.

Þá skal jeg geta þess, að jeg get ekki kingt 7. lið 4. gr. í fjáraukalögunum sjálfum. Það er uppbót til fyrverandi Hólaskólastjóra fyrir ýmsar bætur á jörðinni Hólum og búpeningi ríkissjóðs þar, að upphæð kr. 19,703,24. Þessi upphæð er há, og jeg skil satt að segja ekki í henni. Verð jeg því að fá ábyggilegri upplýsingar um rjettmæti þessarar fjárveitingar, áður en jeg greiði henni atkv.

Jeg er sammála háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um eftirlaun til fyrverandi ráðherra Sigurðar Jónssonar. Jeg gæti gengið inn á að veita honum heiðurslaun, t. d. 2—3000 kr., ekki af því að hann hafi verið ráðherra, heldur vegna þess, að hann hefir verið nýtur maður í þjóðfjelaginu. En jeg álít það ranglátt að veita honum svona mikið eins og hjer er farið fram á. Álít það ranglæti við þjóðina, sem við erum að vinna fyrir, þegar við þingmennirnir veitum hver öðrum stórar fjárhæðir, en vitum, að það eru margir utan þessa þings, sem bæði þarfnast styrks og hafa unnið fyrir honum. Og við getum ekki blygðunarlaust skift ríkissjóði upp, bara upp á kunningsskap. Og það er ómögulegt fyrir þjóðina að rísa undir þeirri eftirlaunafúlgu, sem skapast, ef fyrverandi ráðherrar komast allir á sömu eftirlaun og hjer er farið fram á. Að síðustu skal jeg geta þess, að jeg er gersamlega mótfallinn dýrtíðaruppbótinni til ráðherranna. Jeg álít þessa fjárveitingu alls ekki nauðsynlega, vegna þess, fyrst og fremst, að hjer fást nógu margir til að vera ráðherrar, nógu margir, sem treysta sjálfum sjer til þess. En það stendur á öðru, því, að meiri hluti Alþingis treystir þeim ekki til þess. (Hlátur). Og svo, þegar þeir eru komnir upp í ráðherrastólana, þá er ómögulegt, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að nudda þeim úr þessum sætum aftur, svo þeir virðast ekki vera kvaldir. (Almennur hlátur).

Hákon Kristófersson: Mjer skildist á háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), að hann teldi mig hafa staðið á móti því, að till. hans væru teknar til greina, en það er ekki rjett. Það getur verið, að háttv. þm. (Þorl. J.) hafi nokkuð til síns máls, og hefi jeg aldrei farið fram á það við nefndina, að hún feldi beiðnir háttv. þm. (Þorl. J.). — Háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) sagði, að búið væri að segja mjer þrisvar, að útgerðarmenn skipsins Suðurlands vildu ekki taka Króksfjarðarnes upp á áætlun skipsins. Þetta er ekki rjett skýrt frá. Og það er alls ekki ástæðulaust, þótt jeg haldi fast við beiðni sýslubúa minna um þetta, þar sem jeg hefi ástæðu til að ætla, að samgmn. hafi ekki sýnt útgerðarstjóra „Suðurlands" þá samningalipurð sem skyldi, til þess að hún gæti vænst

verulega hagkvæmra ferða. Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að jeg hefði verið að lasta skip þetta. Það hefi jeg ekki gert. Jeg sagði aðeins, að ef skipið væri ekki betra en því var lýst hjer í deildinni, þá mundi vafasamt, hvort það nægði til Vestfjarðaferðanna einna, og það að sumrinu.

Háttv. atvrh. (P. J.) sagði, að jeg þekti ekki skipið. Það kemur málinu ekkert við, hvort jeg þekki það eða ekki, því að eins og jeg hefi þegar tekið fram, dæmdi jeg ekkert um skipið. En mjer er spurn: Hvað þekkir hæstv. atvrh. (P. J.) þetta skip? Vitanlega ekki neitt. Jeg hefi þó ferðast tvívegis með því, og í annað skiftið í allvondu veðri. Og jeg hefi síðan styrkst í þeirri skoðun, að skip þetta sje vel nothæft til sumarferða á þessu svæði, en allsendis óhæft til ferða snemma vors eða á haustum austur um land, eða jafnvel til Vestfjarða.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Mjer finst jeg eiga kröfu til stuttrar athugasemdar, eigi síður en aðrir þm., þegar þm. ráðast að till., eftir að frsm. hefir lokið máli sínu. Skal jeg vera mjög fáorður. Jeg get slept háttv. þm. Ak. (M. K.). Aðeins vil jeg segja honum það, án þess að bera af mjer neinar sakir, að jeg hefi ekki talið mig, og tel mig ekki, neinn forsvarsmann heilbrigðismála þessa lands. Yfirmaður heilbrigðismálanna, landlæknirinn, er einmitt sammála minni till. Háttv. þm. Ak. (M. K.) kvað mig hafa sagt, að ekkert hefði verið gert við sjúkrahúsið á Akureyri. Þetta er ekki rjett. Jeg sagði einungis, að mjög leitt væri, að þessi aðgerð hefði verið framkvæmd, sem er lakari en ekki neitt. Og jeg veit, að hjeraðslæknirinn á Akureyri er mjer sammála og er mjög óánægður með þessa viðgerð á sjúkrahúsinu.

Þá skal jeg snúa mjer að háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.). Hann gerði það, sem aðrir hafa ekki gert hjer í dag, hann kom öllum til að hlæja, svo þess vegna er máske ekki ástæða til að ræða alvarlega við háttv. þm. (Þorl. G.) nje fást við að mótmæla því, sem hann sagði.

Jeg vil þó bera af mjer þær ásakanir, sem í orðum hans fólust, að enginn, sem hefði sómatilfinningu, gæti greitt atkv. með uppbótinni til stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum. Í þessu máli liggja fyrir gögn og upplýsingar, sem nefndin hefir athugað, og því var það rangt hjá hv. þm. (Þorl. G.), að ekki væri hægt að greiða atkv. um þessa fjárveitingu vegna þess, að engar upplýsingar í því væru fyrir hendi. Og þótt jeg sje ekki stuðningsmaður stjórnarinnar, þá get jeg sagt það, að sá ráðh., sem er meðmæltur þessari fjárveitingu, hefir sómatilfinningu fullkomlega á borð við 2. þm. Árn. (Þorl. G.). Háttv. þm. (Þorl. G.) sagði, að verið væri að demba skrifstofukostnaði ofan á laun embættismanna með þessari fjárv. til fræðslumálastjóra.

En hvernig á að fara að, þegar aðrir embættismenn hafa haft skrifstofufje, en haft þó minni skrifstofustörfum að gegna en þessi embættismaður?

Jeg fer ekki út í hinn heilsufræðilega fyrirlestur þm. (Þorl. G.) viðvíkjandi íþróttakenslunni, sem jeg býst við að mörgum hafi þótt fróðlegur á sína vísu.

Um 7. lið 4. gr. sagði þm. (Þorl. G.) að hann gæti ekki kingt honum. Hann verður nú að kingja honum samt, úr því að hann hefir ekki komið með brtt. við liðinn.

Og jeg verð að telja það í mesta máta óviðeigandi, þegar þm. eru ekki búnir að átta sig á till. þeim, er fyrir liggja, eftir að þær hafa legið frammi lögmæltan tíma og síðan verið ræddar í tvo daga, og eru svo að tala um að hrúga inn brtt. við 3. umr. málsins.

Þorleifur Guðmundsson: Það eru aðeins fá orð, sem jeg ætla að segja. Háttv. frsm. fjvn. (M. P.) kvað mig hafa getað komið með brtt. mínar við fjáraukalögin við 2. umr., svo ekki þyrfti að ræða um þær við 3. umr. En jeg vil segja háttv. þm. (M. P.) það, að jeg álít mig vera sjálfráðan um, hvað jeg geri í því efni, og þarfnast engra skipana frá honum um, hvað mjer ber að gera.

Háttv. þm. (M. P.) sagði, að þeir, sem hefðu meiri sómatilfinningu en jeg, væru meðmæltir fjárveitingunni til stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum. En jeg vil taka það fram, að hæstv. fjrh. (M. G.), sem einmitt er manna kunnugastur þessu máli, er mjer sammála í þessu efni.

Jeg þarf ekki að minnast á skrifstofukostnaðinn til fræðslumálastjórans, því að jeg mun gera það við 3. umr. Sama máli er að gegna um fjárveitinguna til fyrv. skólastjóra á Hólum. Þessi mál þarf jeg að fá frekari upplýsingar um. Og jeg tel mig ekki minni mann, þó jeg kannist við, að mig vanti rjettar upplýsingar í málunum, áður en jeg ber fram brtt. í þeim. Hitt er náttúrlega miklu hægara að vera nógu montinn og þykjast hafa vit á öllu. Jeg mun svo koma með nokkrar brtt. við 3. umr., og læt mig ekkert skifta, hvað háttv. þm. (M. P.) skipar fyrir í þeim efnum, og frábið mjer handleiðslu hans.

ATKVGR.

Skrifleg brtt frá 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tekin aftur.

1. gr., með þeim breytingum, sem á verða hinum gr. frv., samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 129,1.a. feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., B. Sv.

nei: Jak. M., J. A. J., J. S., J. Þ., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K.

Tveir þm. (M. G. og P. J.) greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 129,1.b. (ný gr. er verður 2. gr.) samþ. með 18 : 4 atkv.

— 163 samþ. með 14 : 9 atkv.

— 129,2.a. (svo breytt) samþ. með 27 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli. (P. J. greiddi fyrstur atkv.).

— 129,2.b. samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, (verður 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 181,a. samþ. með 25 shlj. atkv.

— 181,b. samþ. með 25 shlj. atkv.

— 215,a. tekin aftur.

— 215,b. tekin aftur.

— 198 samþ. með 17 : 7 atkv.

— 181,c. samþ. með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. H., E. E., Gunn. S., H. K., Jak M., J. A. J., J. S., M. G., M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. Sv.

nei: E. Þ., J. B., M. J., S. St., Sv. Ó., Þorl. J.

Einn þm. (J. Þ.) greiddi ekki atkv.

Brtt. 129,3 feld með 14 : 10 atkv.

3. gr., svo breytt, (verður 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 129,4.a. samþ. með 18 shlj. atkv.

— 129,4.b. (með aths.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 129,4.c. samþ. með 22 shlj. atkv.

— 129,4.d. samþ. með 23 shlj. atkv.

— 129,4.e.I. samþ. með 17 : 2 atkv.

— 129,4.e.II. samþ. með 20 shlj. atkv.

— 129,4.f. samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, (verður 5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 129,5.a. feld með 14 : 9 atkv.
— 129,5.b.I. samþ. með 16 : 11 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.
nei: B. H., E. Þ., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Þór. J.

Brtt. 129,5.b.II. samþ. með 15 : 2 atkv.
— 129,5.b.III. samþ. með 14 : 2 atkv.
— 129,5.c.I. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 129,5.c.II. samþ. með 15 : 2 atkv.
— 129,5.c.III. samþ. með 16 : 3 atkv.
— 129,5.c.IV. samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. H., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.
nei: E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Þór. J.

Brtt. 129,5.c.V. samþ. með 14 : 3 atkv.
— 129,5.c.VI. samþ. með 14 : 6 atkv.
— 129,5.c.VII. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 129,5.c.VIII. samþ. með 15 : 3 atkv.

5. gr., svo breytt, (verður 6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 129,6.a. samþ. með 23 shlj. atkv.
— 129,6.b. samþ. með 23 : 1 atkv.

6. gr., svo breytt, (verður 7. gr.) samþ með 25 shlj. atkv.

Brtt. 129,7.a. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 129,7.b. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 129,7.c. samþ. með 15 : 6 atkv.

7. gr., svo breytt, (verður 8. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr., óbreytt (verður 9. gr.) samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 129,8, ný gr., er verður 10. gr., samþ. með 14 shlj. atkv.
— 138 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 152 samþ. með 24 shlj. atkv.

Hin nýja gr., svo orðuð, (verður 10. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 224, 236, 242, 244, 255, 260, 264, 273, 281, 283, 289, 293, 301).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Vinnubrögðum hjer á þingi er svo vísdómslega fyrir komið, að menn hafa ekki einu sinni tíma til að undirbúa framsöguræður. Þess vegna verð jeg að biðja háttv. deild að afsaka, þótt framsaga mín verði ekki eins góð og skyldi. Hv. þingdm. þykir ef til vill furðu sæta, að fjvn. kemur með fleiri brtt. við 3. umr. heldur en við 2. En þessu veldur, að sum erindin til nefndarinnar komu svo seint, að hún gat ekki fyrir aðra umr. verið búin að leita þeirra upplýsinga hjá stjórnarvöldum og öðrum, sem þurfa þóttu til þess, að hægt væri að taka þau til greina.

Jeg býst við, að brtt. fjvn. á þskj. 273 þyki hafa talsverðan útgjaldaauka í för með sjer. Þær munu nema samanlagðar um 150 þús. kr. En þess ber að geta, að 2. brtt. um að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaárnar til Vífilsstaða, og 7. brtt., um að leggja slitlag á gólf á opinberum bygg-

ingum, eru ótilteknar fjárveitingar, svo það má gera ráð fyrir, að útgjaldaauki brtt. á þskj. 273 muni nema á þriðja hundrað þús. kr.

Einnig vil jeg geta þess, út af því sem heyrst hefir, bæði utan þings og innan, að fjárlögin sjálf kæmu nú seint frá nefndinni, að svo er í rauninni ekki, og munu menn geta sjeð það nú, þegar fjáraukalögin eru komin. (*S. St.*: Ónei). Allshn. er heldur ekki búin. En drátturinn á fjárlögunum stafar af því, að það hefir aldrei verið, svo jeg viti, að nefndin hafi haft tvenn fjárlög í einu.

Skal jeg svo snúa mjer að einstökum brtt. og byrja á þskj. 273, 1. lið við 2. gr. En þar er farið fram á það að veita Guðm. Hannessyni á Siglufirði 2000 kr. launabætur fyrir 1920. Samkvæmt launalögunum frá 1919 er ekki gert ráð fyrir bæjarfógetaembætti á Siglufirði, og Guðm. Hannessyni því ætluð 2500 kr. byrjunarlaun. En þegar bæjarfógetaembættið var stofnað þar 1920, taldi stjórnin sig ekki hafa heimild til að borga meira en í lögunum stóð beinlínis. Hinsvegar finst nefndinni, að maðurinn eigi kröfu til launabóta, og stingur því upp á 2000 kr., þótt ekki sjeu það fullar bætur, og sumir nefndarmenn sjeu því óánægðir með það. Suma kann kannske að undra það, að hjer er aðeins talað um árið 1920, en svo stendur á því, að nefndin ætlar að bera fram brtt. við launalögin, þar sem þetta verði lagað, og á sama við um aðrar launabætur, sem jeg kem að síðar. Reyndar kom fram um þetta stjórnarfrv., en það kvað eiga að sofna í Ed., og var þó ekki um annað að ræða en sjálfsagða leiðrjettingu eða samræmingu á launalögunum.

Þá kem jeg að 2. lið, um að heimila stjórninni að veita fje til þess að leiða rafmagn úr Elliðaárstöðinni til Vífilsstaða. Það mál er þannig vaxið, að rafmagnstækin á Vífilsstöðum eru nú mjög úr sjer gengin, en rafmagn frá Reykjavíkurstöðinni mundi hins vegar verða mun ódýrara en það, sem framleitt yrði heima, með öllum þeim kostnaði, sem fylgir sjerstakri vjel og vjelgæslu þar. Það er gert ráð fyrir því, að þetta kosti um 65 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir dynamo til straumbreytingar, svo að hægt verði að nota á hælinu Finsens-lampa, en þeir þola ekki þá spennu, sem Elliðaárleiðslan hefir. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að hafa þráðinn svo gildan, að Hafnfirðingar geti á sínum tíma notað leiðsluna, ef þeir vilja, þótt ekki sje fullráðið um það ennþá. En ef svo yrði, mundi dragast þar frá kostnaðinum, og sömuleiðis mætti selja gömlu Vífilsstaðatækin fyrir svo sem 10—12 þús. kr.

Annað mál, þessu skylt, er það, sem ræðir um í 2. lið b., sem sje um 18 þús. kr. handa Röntgenstofunni til rafmagnslampa og Finsens-lampa. Stofan hefir haft rafmagn úr stöð, sem aðeins hefir 110 volta spennu. Sú stöð verður nú lögð niður, og verður því annað tveggja að hætta við Röntgenstofuna eða styrkja hana til þess að fá þann útbúnað, að hún geti notað rafmagn frá Elliðaárstöðinni. En til þess þarf aðallega „Omformer", sem Danir kalla. Auk þess er gert ráð fyrir því að koma þar um leið fyrir Finsens-lömpum, því að það þykir sparnaður að geta unnið að þessu öllu í einu, en þessir lampar eru nauðsynlegir þar, hvort eð er, svo margir sjúklingar með hörundsberkla sem nú þurfa að fara erlendis, af því að tæki vantar hjer.

Næsti liðurinn er um styrk til Sigvalda Kaldalóns læknis, og er margt það sama um hann að segja og styrkinn til Ara Arnalds. Hann er veikur og þarf utan, og fer fram á það að fá að halda embættislaunum sínum og fá styrk til að launa mann í staðinn á meðan. Nefndin hefir þó valið mismunandi leiðir, og kem-

ur það af mismunandi afstöðu mannanna til ríkissjóðs, þannig, að annar hefir t. d. enga peningaábyrgð fyrir ríkissjóð. Nefndin segir einnig, að veita megi „allt að“ hinni tilteknu upphæð, því að hún verður ekki fastákveðin fyr en vitað er, fyrir hvaða laun maður fæst, og borgar stjórnin auðvitað ekki meira út en sem því nemur, og getur til þess fengið t. d. afrit af samningunum.

Svo kemur utanfararstyrkur til Gunnlaugs Claessens læknis, og stendur hann í sambandi við fyrri fjárveitinguna til Röntgenstofunnar. Ætlar hann að kynna sjer framfarir geislalækninganna og sækja sjerfræðingafundi, sem halda á í þeim efnum. Það gæti einnig orðið sparnaður á hinum liðnum, ef læknirinn færi sjálfur til áhaldakaupanna, eins og hann gæti gert um leið, því að þau fást oft ódýrari þannig heldur en eftir pöntun. Ef keyptir yrðu Finsens-lampar, kveðst læknirinn einnig þurfa að kynna sjer þær lækningar betur, til þess að geta tekið þær að sjer, enda er það vitanlegt yfirleitt, að engum eru eins nauðsynlegar tíðar utanfarir og einmitt læknum, einkum þeim, sem fást við vandasamar sjergreinir.

Um Jón Kristjánsson er því líku máli að gegna. Hann hefir rekið hjer lækningastofu með ýmsum rafmagnsáhöldum, en þau verða ónotandi þegar ný spenna kemur í leiðslurnar, alveg eins og á Röntgenstofunni, og þarf því að endurnýja þau. Alþ. hefir áður viðurkent nauðsyn þessarar lækningastofu, með því að veita styrk til áhaldakaupanna, enda hefir fjöldi sjúklinga utan af landi sótt þangað.

Næst er svo ofurlítil launabót til dýravarðanna Jóns Straumfjörð og Ól. Rósenkrans. Hvorugur þeirra er í launalögunum, eins og verðir Safnahússins og Mentaskólans, og virðast þó hliðstæðir, en hafa nú borið skarðan hlut frá borði, og er nú ætluð þessi uppbót fyrir 1920, en koma að öðru leyti inn í væntanlega brtt. nefndarinnar við launalögin.

Næst er svo fjárveiting til byrjunar á undirbúningi Holtavegar í Rangárvallasýslu. Öllum ber saman um það, að vegurinn sje ófær, og hafði vegamálastjóri lagt til, að veittar yrðu 25 þús. kr. til hans, gegn þriðjungi frá sýslunni. Nú er þó ekki farið fram á meira í bili, en má búast við að það aukist síðar.

Næsta brtt. fer fram á 20 þús. kr. til endurbóta á Arnarnesvita. Þetta er aðalvitinn við Djúp, en er nú gamall og úr sjer genginn, bygður 1902, dýr í rekstri, húsið skemt og getur farið af þá og þegar. Vitamálastjóri hafði áður gert ráð fyrir því að bíða með þetta uns núverandi vitavörður legði niður starfið, en hann er nú að hætta. Vill vitamálastjóri því láta veita fje til þessa vita nú, einkum þar sem Austfjarðavitarnir verða ekki bygðir á næsta ári, þar sem sú fjárveiting er í fjárlögum fyrir 1922.

Þeir eru þó tiltölulega nærri hvor öðrum, Gjögurviti við Húnaflóa og Arnarnesviti við Ísafjarðardjúp; og svo bætist við Elliðaeyjarvitinn á Breiðafirði. Það er gamall viti og ófullkominn, aðeins ljósviti, gefur ekki leiðarljósmerki nema í eina átt, vestur og út flóann. Nú hefir komið til tals að byggja vita í Höskuldsey, en vitamálastjóri telur eðlilegra að breyta heldur Elliðaeyjarvitanum í hornvita, sem sýni innsiglinguna milli skerja og eyja, og hverfa þar með frá Höskuldseyjarvitanum. Eins og jeg gat um áðan, þá er þessi viti í sambandi við hina vitana og nálægt þeim. Vitamálastjóri telur líka óhjákvæmilegt að byggja hann upp, og óheppilegt, að það dragist öllu lengur. Geta má og þess, að búast má við, að rekstrarkostnaður við þennan nýja vita verði minni heldur en við þann gamla.

Jeg skal taka það fram þegar, að nefndin hefir ekki leitað álits hæstv. stjórnar

um þennan vita, en aftur á móti hefir hún leitað þess um Arnarnesvitann. En þetta er af dálitlum misskilningi runnið. Vitamálastjóri kom á nefndarfund núna fyrir skömmu, og áleit nefndin, að hann myndi hafa borið sig saman við stjórnina viðvíkjandi endurbyggingu þessa vita, og ljet sjer nægja það. Síðan hefir hún þó komist að því, að svo muni ekki hafa verið.

Þá kemur þriðji vitinn, Sandgerðisvitinn. Það stendur nú svo á með þann vita, að hann er upphaflega reistur af útgerðarmönnum í Sandgerði, sem síðan hafa sjeð um rekstur hans og tekið gjald af bátum þeim, sem gerðir hafa verið út þar um slóðir. Umkvartanir hafa borist víða að um rekstur vitans, t. d. bæði frá stjórn Fiskifjelags Íslands og Samábyrgð útgerðarmanna, sem segir frá slysi, sem þar hafi komið fyrir og beinlínis kent um, að vitinn hafi verið í ólagi, en þetta slys kostaði fjelagið 25 þús. kr. Þetta hefir verið rætt við vitamálastjóra, og telur hann sjálfsagt, að ríkissjóður kosti endurbygginguna og taki algerlega að sjer rekstrarkostnaðinn, af því að reynslan hafi sýnt, að einstaklingar kunna ekki að sjá um vita eins og vera ber. Og jeg get bætt því við, að fjhn. og sjútvn. eru á sama máli um þetta atriði, enda tæplega að búast við, að útgerðarmenn, eins og sakir standa, leggi sjálfviljugir út í þennan kostnað, og báðar nefndirnar hafa litið svo á, að óviðkunnanlegt sje, að á svona stað sjeu það einstakir menn, sem reka vitann eftir sínum geðþótta og taki gjald af honum, einnig eftir sínum geðþótta. Til byggingar þessarar eru áætlaðar 10 þús. kr., en rekstrarkostnaður er ekki tekinn með, því að honum er ætlað að koma annarsstaðar.

Næsta brtt. er lífeyrir til Gests Guðmundssonar. Nefndin hefir viljað mæla með því, að maður þessi fengi þennan styrk æfilangt, af því að rök eru færð fyrir því, að hann hefir slasast á meðan hann var að gegna starfi sínu í þjónustu ríkisins. En þó að nefndin leggi þetta til, vill hún ekki með því skapa það fordæmi, að vitaverðirnir verði settir á eftirlaun. En hjer stendur svo sjerstaklega á, að taka verður fult tillit til þess, eins og brjef vitamálastjóra ber með sjer.

Næsti liður er uppbót til Ólafs Rósenkrans, og hefi jeg áður minst á hana.

Þá koma dýrtíðarbætur til háskólaritara. Það hefir verið haft orð á því áður, að maður þessi hefði ekki rjettlátar tekjur, enda virðist eins og stjórnin hafi gengið inn á það, með því að leggja til, að honum verði veittar 800 kr. dýrtíðaruppbætur næsta ár. En nefndinni hefir ekki þótt ósanngjarnt að veita honum dýrtíðaðbætur líka fyrir þetta ár, og miða þær við þá vísitölu, sem var í fyrra. Leggur hún því til, að uppbót sú nemi 600 kr., og því bætt við hann 300 kr. hvort ár, 1920—21.

Þá kemur næsti liður, sem hljóðar um launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar.

Þetta er ekki neitt nýmæli fyrir þingið. Í fyrravetur lágu frammi á lestrarsal Alþingis umkvartanir frá þessum kennurum, og samþ. fjvn. þá, að laun þessara kennara yrðu sett í samræmi við laun annara fastra kennara við skóla ríkisins. En það, sem kennarar þessir kvarta um, er það, að þeir hafi 1000 kr. lægri byrjunarlaun heldur en föstu kennararnir við t. d. Kennaraskólann og Gagnfræðaskólann á Akureyri, en að skólastjórarnir njóti þó sömu launa, og það samkv. launalögunum, og skólastjórar nefndra skóla. Segjast þeir þó þurfa að kenna eins mikið og fastakennarar annara skóla. Þessu vill nefndin kippa í lag og láta kennara þessa njóta sömu launa og aðra, sem sam-

bærilegir eru á þessu sviði. Nefndin lítur svo á, að þessir kennarar vinni eins mikið og þurfi eins langan tíma til undirbúnings þessa starfs eins og þeir kennarar, er þeir hafa borið sig saman við, og furðar á því, að þetta skyldi skjótast fram hjá þm. þeim, sem fjölluðu um launalögin 1919. Aftur á móti hefir nefndin leitt hjá sjer að ákveða nokkuð um þá tvo aukakennara, sem teknir voru við þessa skóla í haust, með því að hún lítur svo á, að þar sje um samningsatriði að ræða milli þeirra og stjórnarinnar, að minsta kosti hvað þetta ár snertir.

Þá er næsti liður í brtt. nefndarinnar, unglingaskólinn í Hjarðarholti. Þessi skóli hefir áður, eins og kunnugt er, notið styrks í fjárlögunum, en af því að búist var við, að hann mundi leggjast algerlega niður, var hann ekki tekinn upp í síðustu fjárlög. Þetta hefir nú breyst, skólinn er rekinn í vetur, og eftir því, sem menn best vita, af miklum dugnaði, svo nefndin hefir viljað sýna honum fullan sóma. Þessi nýi skólastjóri virðist duglegur og áhugasamur maður, svo búast má við, að skólinn nái sinni hylli aftur og verði engu síðri en hann áður var.

Þá er það Hvítárbakkaskólinn, og má nú segja, að hjer sje gamall kunningi á ferðinni; þykir því rjett að rifja upp sögu hans hin síðari árin. Þegar Sigurður Þórólfsson ljet af skólastjórninni og helst var í ráði, að skólinn legðist algerlega niður, bundust nokkrir áhugasamir menn samtökum um það að mynda hlutafjelag, kaupa skólann og reka hann áfram. Hafa þeir kostað talsverðu fje til þess að bæta upp húsið, og talið sig bíða mikinn halla við þetta altsaman. Fara þeir því fram á 7500 kr. viðbótarstyrk. Enda þótt nefndin vilji fyllilega viðurkenna áhuga þessara manna og telji það víst, að skóli þessi geti mörgu góðu til leiðar komið, sjer hún sjer þó ekki fært að veita þessa upphæð, en vill þó gera nokkra úrlausn, og leggur því til, að skólanum verði veittar 3000 krónur.

Þá rekur lestina í þessum skólastyrkveitingum Flensborgarskólinn. Hann hefir nú lengi verið á gjöf hjá ríkissjóði, því að landið hefir altaf orðið að hlaupa undir baggann og greiða hallann, sem orðið hefir á rekstri hans, enda fjárveitingin til hans allajafna mjög af skornum skamti, miðað við aðra skóla, og kennurum hans ver launað heldur en sambærilegum kennurum við aðra skóla ríkisins. Þetta er því undarlegra sem flestir þm. þekkja þó forstöðumanninn að öllu góðu, og síst sæmandi, að hann beri jafnskarðan hlut frá borði og raun hefir á orðið, eða sje langtum lakar launaður heldur en aðrir skólastjórar sambærilegir. Halli á rekstri skólans þetta ár er sú upphæð, sem tekin er hjer upp í brtt., og er það skuld við gjaldkera hans. Auk þess hefir skólinn orðið að grípa til sjóðs eins, er stofnuninni fylgir, en ætlaður þó til annars, og nemur sú upphæð 2700 kr. Sú skuld mun nú eiga að standa, þangað til eitthvað bætist í búi, en hitt fanst nefndinni óhjákvæmilegt að hlaupa undir baggann og greiða skuld þá, sem skólinn er í við gjaldkera sinn, og engin önnur leið þá fær, nema ef hafist væri handa og leitað til þjóðarinnar um almenn samskot, en það telur nefndin lítt sæmandi, hvorki gagnvart þessari stofnun nje skólastjóra hennar og öðrum kennurum.

Þá er næst styrkur til blindrar stúlku. Um hann get jeg verið fáorður. Sá styrkur, sem ætlaður er í fjárlögunum til þess að kosta kenslu blindra barna, er þegar uppetinn. Leggur nefndin því eindregið til að veita þennan styrk, sem nefndur er, með því að hún lítur svo á, að þar sem slíka kenslu er ekki hægt að fá hjer innanlands og stúlka þessi þarfnast, en

hverjum einstakling ofraun að standast þann kostnað á erlendum skólum, þá verði ekki hjá því komist að ríkið láti eitthvað af mörkum rakna, gegn því þó, að sumt komi annarsstaðar frá.

Þá kemur styrkur til alþýðubókasafns í Reykjavík. Bókasafn þetta hefir yfir talsverðu fje að ráða, eins og kunnugt er. Það fjekk 20 þús. kr. af fje því, sem fekkst fyrir trollara þá, sem seldir voru úr landi fyrir nokkrum árum, og bæjarsjóður hefir lagt því í ár 3 þús. kr. Að vísu hefir verið farið fram á hærri upphæð, en þó væntir stjórn bókasafnsins, að þessar 2 þús. kr., sem nefndin leggur til að veittar sjeu, komi að nokkru haldi. Slík styrkbeiðni sem þessi er ekkert nýmæli, því að í fjárlögunum stendur árlega styrkur til sýslubókasafna, gegn hálfu framlagi af viðkomandi sýslusjóðum. Rekstrarkostnaður þessa bókasafns er áætlaður alt að 20 þús. kr. þetta ár, svo þessi styrkur getur ekki talist ýkjahár.

Þá er næsti liður dýrtíðaruppbót til Einars Jónssonar listamanns. Þessi maður hefir í fjárlögunum kliptar og skornar 1500 kr. á ári, og segir það sig sjálft, að af slíkri upphæð getur hann ekki lifað, og hlýtur að eiga mjög andstætt, eins og aðrir listamenn nú á tímum, því að verk sín geta þeir ekki selt, og geta því ekki lifað af þeim. Nefndin lítur svo á, að úr því að Alþingi hefir nú kostað heimflutning listaverka þessa manns og bygt hús yfir þau, þá verði Alþingi að láta sjer farast sómasamlega við þennan listamann, svo að honum geti liðið þolanlega.

Þá hefir nefndin orðið við tilmælum nefndar þeirrar, sem úthlutar listamannastyrknum, og tekið tvo menn upp í fjáraukalögin, og er það þessi Rómastyrkur, sem þar er nefndur. Hvorugur þessi maður er hjer á landi, en þeir hafa borið sig upp við nefndina og æskt viðbótarstyrks, en 15 þús. kr. listamannastyrkurinn er þegar uppetinn, og höfum við þá litið svo á, að úr því að gengið var inn á að veita þennan styrk til suðurfarar, þá væri ekki til neins að skera hann svo við neglur sjer, að hann komi að litlu eða engu haldi.

Prestafjelagsritið vill nefndin styrkja á sama hátt og önnur sjerfræðirit. Öll bókaútgáfa er svo dýr nú á dögum, að tæplega er í það ráðandist án styrks, eða ritin verða svo dýr, að einstaklingar kaupa þau ekki, og koma þau þá ekki að tilætluðum notum. Annars þykist jeg ekki þurfa að tefja lengur við nauðsyn þessa máls; það á svo góða málsvara hjer í deildinni, þar sem guðfræðingarnir eru, og munu þeir leggja því liðsyrði, ef þörf gerist.

Þá er komið að stórum útgjaldalið, sem nefndin hefir verið að reyna að spyrna á móti. Nefndin hefir grenslast eftir því, hvort óhjákvæmilegt væri að halda verkfærasýningu í vor, og hún hefir átt tal um það við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, einkum þó forseta þess, og eftir þeim upplýsingum, sem hún hefir fengið, þykist hún sjá, að svo langt sje komið undirbúningi þessa máls, að ekki verði snúið til baka. Það virðist þegar vera vaknaður mikill áhugi víðsvegar um land alt að sækja á sýningu þessa, og ráðstafanir gerðar um verkfærasendingar til hennar, bæði utan lands og innan. Það var farið fram á 30 þús. kr. styrk, og þess getið, að kostnaður við sýninguna mundi ekki verða undir 50 þús. kr. En annars mun hæstv. atvrh. (P. J.) skýra nánar frá máli þessu, svo jeg get látið hjer staðar numið. En nefndin hefir að lokum gengið inn á að veita til þessarar sýningar 20 þús. kr.

Þá koma launauppbætur til Einars E. Sæmundssonar skógarvarðar. Starfsmað-

ur þessi hefir, þótt undarlegt sje, skotist undan launalögunum 1919, þegar hækkað var við hina skógarverðina. Það virðist öll sanngirni mæla með því, að hann hafi ekki lægri laun en þeir, enda er komið fram hjer í deildinni frv. til þess að leiðrjetta þetta. Eru því uppbætur þessar taldar honum fyrir 1920, en ætlast til, að á þessu ári komist hann undir launalögin. Uppbót þessi er 200 kr. og dýrtíðaruppbót af því, sem verður til samans 440 kr.

Heimilisiðnaðarfjelag Íslands hefir sótt um styrk til þess að halda sýningu í sambandi við Búnaðarfjelagssýninguna í vor. Lítur nefndin svo á, að með því að sýningar þessar sjeu samtímis, megi gera ráð fyrir því, að þær verði fjölsóttari, og þá gagn þeirra meira. Þess vegna leggur hún til, að Heimilisiðnaðarfjelaginu sje veittur 2 þús. kr. styrkur.

Þá kemur styrkur til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara. Nefndinni gleymdist að taka þennan styrk upp í fjáraukalögin við 2. umr., og hafði hæstv. stjórn þó óskað þess. Starf húsagerðarmeistara er orðið svo mikið, að óhjákvæmilegt er að taka aðstoðarmann. Vitanlega hefir slíkur maður verið tekinn áður, þegar svo stóð á, en kostnaðurinn lagður að einhverju leyti á byggingunа, og hefir það stundum orðið dýrara heldur en ef maðurinn væri á föstum launum. Manni þeim, sem hjer á hlut að máli, bauðst í vetur all-lífvænleg staða, svo stjórnin, í staðinn fyrir að sleppa honum, rjeði hann í þjónustu ríkisins, upp á væntanlegt samþykki Alþingis. Nefndin hefir rannsakað þetta mál og komist að raun um, að það muni margborga sig fyrir ríkissjóð að hafa slíkan mann á föstum launum.

Þá kem jeg nú að síðustu brtt. á þskj. nefndarinnar. Nefndin leit nú svo á, að heimild þessi þyrfti ekki að fylgja fjárlögunum. Stjórnin hlýtur að mega láta bæta stiga og gólf í opinberum byggingum, án þess að spyrja þingið um leyfi til þess. Nú er það vitanlegt, að stigarnir í safnahúsinu eru til lítils sóma ríkissjóði, og svo er um fleira, er viðkemur byggingum okkar.

Í sumar er í ráði að Eimskipafjelag Íslands fái mann og efni til þess að láta gera þetta, og ætti það að verða ódýrara fyrir ríkissjóð að komast í slíkt samband. Nefndinni fanst rjett að hafa heimild þessa svo víðtæka, að hún næði til fleiri bygginga, t. d. fanst henni ekki ósæmilegt, þó sett yrði slitgólf í forstofu Alþingis.

Þá kem jeg að brtt. nefndarinnar á þskj. 301, um 25 þús. kr. styrk til björgunarskipsins „Þórs“ í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyingar fóru að vísu fram á að fá greiddan allan halla á rekstri skipsins á árinu, og var það mikið fje. Fjárveitinganefnd vísaði svo þessu til sjávarútvegsnefndar, og lagði hún til, að Vestmannaeyingum yrði gerð slík úrlausn sem brtt. fer fram á. Fjvn. hallaðist einnig að þessu, og þá einkum með það fyrir augum, að fjelagið hefir nú tekist á hendur að hafa lækni um borð, til þess að geta veitt veikum sjómönnum læknishjálp. Og hefir slíkt ærinn kostnað í för með sjer. Jeg býst nú raunar við því, að Vestmannaeyingum þyki þetta lítið, en úr því að sjútvn. sá sjer ekki fært að ganga lengra, þá var ekki von, að fjvn. gerði það.

Þá vil jeg geta þess, út af fyrirspurn frá hæstv. stjórn til nefndarinnar um styrkveitingu til Guðmundar Ólafssonar kennara, er veittur var utanfararstyrkur 1920, en gat þá eigi notið hans, að nefndin sjer ekki neitt á móti því að verða við þeirri ósk stjórnarinnar, að þessi maður fái að halda styrknum, þótt tíminn sje útrunninn. Og telur nefndin, að ekki þurfi endurveitingu. Þessi fyrirspurn var frá hæstv. atvrh. (P. J.), og er leitt, að

hann er ekki hjer viðstaddur, en jeg vil þá biðja hæstv. fjrh. (M. G.) að bera honum þessi orð nefndarinnar.

Mig langar til að skjóta þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort hún geti ekki skýrt frá því nú, hvað hún hafi í hyggju um símalagningar og aðra svipaða útgjaldaliði í fjárlögunum. Og enn fremur, ef hún ætlar að fresta þeim framkvæmdum, hvort hún telji sig þá ekki þurfa heimild frá þinginu til þeirrar frestunar. Þetta þætti fjvn. mjög gott að vita, áður en hún afgreiðir 13. gr. fjárlaganna frá sjer.

Þá er líklega best að fara dálítið út í brtt. einstakra þingmanna, til þess að þeir gangi ekki að því gruflandi, hvaða hug nefndin ber til þeirra, hverrar um sig.

Verður þá fyrst fyrir mjer brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á þskj. 244. Um fyrri till. hefir nefndin óbundin atkvæði og lætur samgmn. um hana. En um síðari brtt., lækkun á styrk til ekkju Matth. Jochumssonar, er það að segja, að nefndin getur ekki á hana fallist, og fellur alls ekki frá því, að minsta kosti verði styrkurinn þetta ár svo hár, sem nefndin stakk upp á við 2. umr., og sem þá var samþ. Hins vegar getur vel til mála komið, að þessi styrkur verði ekki jafnhár framvegis.

Þá kemur brtt. á þskj. 260, frá hæstv. atvrh. (P. J.), sem nefndin mun fallast á.

Um brtt. á þskj. 264 vill nefndin ekki gefa neina ákveðna yfirlýsingu. Um það hefir ekki náðst fult samkomulag í nefndinni, og hefir hún þar því óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu.

Um brtt. á þskj. 281 getur nefndin ekki gefið neitt úrslitaálit. Hún hefir engar till. fengið um það mál frá samgmn. Býst við, að háttv. flutningsmenn muni skýra þá till. fyrir hv. þdm.

Þá kom brtt. frá hæstv. fjrh. á þskj. 283. Tek jeg fyrst tvær síðari brtt., og hefir nefndin ekki mikið við þær að athuga. Munu sumir nefndarmenn sennilega greiða atkvæði með þeim, en aðrir á móti. En um 1. brtt., um að 14. liður 6. gr. falli niður, er það að segja, að í samræmi við það, sem nefndin hefir áður samþykt, þá getur hún ekki fallist á, að dýrtíðaruppbótin til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar falli niður. Hæstv. fjrh. (M. G.) færði þau rök til þessa við 2. umr., að orðabókarstyrkur sá, sem Jakob J. Smári hefir, gæti tekist af honum, þar sem hann síðar hefir fengið kennarastöðu við Mentaskólann, og að þá upphæð mætti síðan greiða Jóhannesi föður hans. Hæstv. fjrh. (M. G.) spurði þá fjvn. um álit hennar. Hún lítur svo á, að stjórnin megi til að greiða Jakobi nafnbundinn fjárlagastyrk, nema samkomulag fáist við þennan mann um eftirgjöf. Vil jeg og geta þess, að fjvn. þykir leitt, að stjórnin skyldi ekki ganga hreinlega frá málinu áður en maðurinn var settur inn í þetta nýja embætti.

Þá koma þrjár brtt. á þskj. 236, 242 og 255, og allar um einn mann. Lítur svo út, að mikils hafi hjer þótt við þurfa. Annars veit jeg ekki, hvað háttv. flm. meina með því að koma fram með þetta nú. Það er þegar búið að borga manninum meiri hlutann af þessu fje. Ætlast þeir þá til, að þessi maður endurgreiði upphæðina eða að stjórnin greiði hana úr eigin vasa?

Það er hægt að breyta fyrirkomulaginu á þessum styrk í framtíðinni, en jeg sje ekki, að hægt sje að gera það nú. Háttv. flm. ættu því að taka þessar brtt. aftur nú, en reyna síðan að komast að samkomulagi við fjvn. um laun hans framvegis.

Um brtt. á þskj. 293 vil jeg geta þess, að nefndin er á móti aðaltill., en mun styðja varatill.

Um brtt. á þskj. 289 hefir ekki náðst samkomulag í nefndinni, og hefir hún þar því óbundin atkvæði.

Þá ætla jeg að láta hjer staðar numið að sinni. Hefi verið alllangorður, en hjá því varð ekki komist, einkum þar sem ekkert skrifað álit fjvn. er til.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Hjer liggur að eins fyrir ein brtt. frá samgmn. Stefna hennar brýtur mjög í bága við stefnu fjvn. Hún ber fram margar till. um auknar fjárveitingar, en þessi eina brtt. frá samgmn. fer í gagnstæða átt. Hún er um það að *lækka* styrkinn til mótorbátaferða frá Hornafirði.

Nefndin sá sjer alls ekki fært að mæla með meiri styrk til flóabáta heldur en samþykt var hjer við 2. umr. Hún hefir síðan tekið til athugunar till. þá, sem samþ. var hjer við 2. umr. um 15 þús. kr. styrk til bátaferða milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar. Og hún lítur svo á, að þessi styrkur sje eingöngu veittur vegna Hornafjarðar, því samgöngur í Suður-Múlasýslu mega teljast sæmilegar, í samanburði við aðra landshluta.

Samgmn. leit því svo á, að það væri ekki rjett, að Hornfirðingar einir fengju svo háan styrk. Hins vegar taldi nefndin rjett, að Hornfirðingar fengju einhvern styrk, og að slíkar bátsferðir yrðu þá settar í samband við ferðir Goðafoss og Sterlings, og mætti hann þá koma á færri hafnir. Ætti þá báturinn einkum að vera til þess að taka vörur, sem þessi skip settu upp á hafnir í S.-Múlasýslu, en sem ættu að fara til Hornafjarðar. En slíkum vörum ætti aldrei að þurfa að skipa í land á Seyðisfirði, heldur á höfnunum sunnar, og því taldi nefndin nægilegt, að báturinn gengi að eins til Fáskrúðsfjarðar eða Eskifjarðar, eða jafnvel aðeins til Djúpavogs, alt eftir því, hvar best hentaði að skipa þessum vörum í land í það og það skifti.

Þótt samgmn. líti svo á, að samgöngurnar sjeu langt frá því að vera fullnægjandi, þá gat hún þó ekki gengið lengra í till. sínum, af sparnaðarástæðum. Hún sá, að ef hún ætti að leggja til, að þessi Hornafjarðarbátur yrði styrktur svona mikið, þá yrði einnig að styrkja bát frá Seyðisfirði til Langaness, flóabát fyrir Norðurlandi o. fl. En nefndin sá sjer alls ekki fært að leggja slíkt til.

Viðvíkjandi brtt. frá einstökum þingmönnum um styrk til strandferða, þá hefir nefndin aðeins getað rætt brtt. á þskj. 281, um mótorbátsferðir milli Reykjavíkur og kauptúnanna í Árnessýslu.

Fyrir 2. umr. tók nefndin þá till. til athugunar, en gat þá ekki mælt með henni, og ekki frekar nú. Því ef hún mælir fram með þessari brtt., koma aðrar fleiri, er hún þá þarf að taka til greina.

Um brtt. á þskj. 244 hefir nefndin ekki tekið neina ákvörðun, en jeg sje ekki, að athugasemd tillögumanns við styrkveitinguna sje þess eðlis, að hún varði miklu.

Þá kemur brtt. á þskj. 293, þar sem tillögumenn vilja fá 10 þús. kr. styrk til ferða milli Reykjavíkur annars vegar og Borgarness og Hvalfjarðar hins vegar.

Það mun vera meining þeirra, að þetta fje verði veitt til aukaferða „Skjaldar“ og „Suðurlands“. Samgöngumálanefnd lítur nú svo á, að styrkurinn til Suðurlands sje þegar orðinn svo hár, að ekki megi hækka hann. Hefir hún reiknað út, að þótt Suðurland sigldi ávalt með fullfermi allar áætlunarferðirnar, þá mundi styrkurinn þó nema 100 kr. á hverja smálest. Og er það hærri styrkur en venja er að veita úr ríkissjóði til flutninga. Ef Vestfirðingum hefði verið veittur þessi styrkur og þeir hefðu mátt sjálfir ráða yfir honum, þá mundu þeir hafa getað flutt til sín vör-

ur án þess að gjalda einu sinni 100 kr. fyrir smálestina. Þeir hefðu líklega getað fengið smálestina flutta frá Reykjavík fyrir 40 kr., og hefðu þá getað lagt hjá sjer 60 kr. fyrir hverja smálest, eða samtals 75 þús. kr. Jeg vona, að hv. deild sjái með þessu, hvað þessar ferðir Suðurlands eru dýru verði keyptar, þótt stjórnin, því miður, sje búin að búa svo um hnútana, að engu verði um þokað. Samningar hafa ekki fengist við fjelagið um það að fækka Vestfjarðaferðunum, en sigla til Borgarness. En jeg vildi gjarna, að hv. flm. brtt. reyndu að komast að samningum við fjelagið um að fá Suðurland til að koma við í Borgarnesi. Og mun samgöngumálanefnd þá vera fús til að gefa eftir eina ferð skipsins til Vestfjarða. En þessari till. um 10 þús. krónur held jeg, að enginn nefndarmanna geti fylgt. En varatill. býst jeg við að sumir nefndarmenn verði fylgjandi.

Jeg held það sje svo ekki fleira, sem jeg þarf að taka fram fyrir hönd samgmn. að sinni.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi leyft mjer að koma hjer fram með brtt. á þskj. 242. Að vísu skildist mjer á hv. frsm. fjvn. (M. P.), að það væri ósvinna að koma fram með slíka till. En jeg lít öðrum augum á það mál, og ber engan kinnroða fyrir að hafa borið till. hjer fram.

Fyrir nokkrum árum var allmikill áhugi fyrir því í þinginu að afnema ráðherraeftirlaun. Og var svo gert. Síðan mun það almennt vera álitið, að þó ráðherraskifti verði í landinu, þá eigi þeir, sem frá fara, ekki eftirlaun að fá. En þetta er nokkuð öðruvísi í raun og veru.

Stjórnin hefir nú tekið upp í fjáraukalögin eftirlaun til Sigurðar Jónssonar fyrverandi ráðherra. Mun hún hafa haft til þess samþykki fjvn. þingsins. En þó er grunur minn, að ekki hafi öll fjvn. verið þar á einu máli. Og styðst jeg þar við orð eins manns þaðan.

Jeg skal strax taka það fram, að með tilliti til þessa sæmdarmanns, þá þykir mjer leitt að þurfa að koma fram með þessa till.

En jeg finn mig knúðan til að gera þetta vegna fordæmisins. Þetta má ekki verða regla. Ef þessi eftirlaun verða samþ. nú, þá býst jeg við því, að þegar hæstv. atvrh., sem nú situr, fer frá, þá fái hann líka eftirlaun. Enda væri annað tæplega rjett, ef háttv. Alþingi fer nú inn á þessa braut.

Háttv. frsm. fjvn. (M. P.) sagði, að mikils hefði þótt við þurfa, að koma með þrjár till. um þetta. Jeg get nú ekki tekið þessi orð hans til mín. Jeg ber ekki ábyrgð nema á minni till. að eins, hinar till. koma mjer ekkert við. Mín till. er algerlega sjálfstæð, og það er alls ekki rjett að blanda henni saman við hinar till.

Hvað sem hv. frsm. (M. P.) segir um þetta, þá vona jeg, að ef mín tillaga verður samþykt, þá sje ekki hægt annað að segja en manni þessum sje sýnd fullkomin samgirni, með því að veita honum í eitt skifti fyrir öll 10 þús. kr. Tillöguna hefi jeg borið fram af því, að mjer fanst það ekki geta komið til mála að taka mann þennan á árleg eftirlaun. Aftur á móti lít jeg svo á, að með till. sje honum bættur upp sá halli, er hann kann að hafa haft af því að verða að hverfa frá búi sínu og setjast hjer að. Og jafnframt álít jeg mig hafa tekið tillit til þess, að hann gegndi um skeið trúverðugri stöðu, og þess vegna bæri að sýna honum einhverja viðurkenningu í eitt skifti fyrir öll, en alls ekki að taka hann á árleg eftirlaun. Því tel jeg hann alls ekki hafa unnið fyrir, frekar en svo margir aðrir, er engin eftirlaun fá.

Háttv. frsm. (M. P.) benti á það, að búið væri að borga upphæðina. En hvernig ætlast hann þá til, að stjórnin greiði hana;

jeg býst ekki við, að búið sje að borga meira en 10 þús. kr.; en ef stjórnin hefir gert það, verður hún að sjá um það. En jeg hygg, að það sje undir 10 þús. kr., er honum er þegar greitt.

Háttv. frsm. (M. P.) spurði, hvort tillögumaður vildi ekki taka tillöguna aftur til samkomulags, en jeg held fast fram minni tillögu og æski nafnakalls um hana, því að jeg vildi vita, hverjir hv. deildarmenn vilja ganga á svig við gildandi lög.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um tillöguna að sinni, enda þarf hún ekki frekari skýringar við, en legg það á vald hv. deildar, hvort hún nær samþykki. En eins og jeg hefi þegar tekið fram, þá vil jeg, að það komi skýrt fram, hverjir það eru, sem álíta sig hafa heimild til að fara svo með fje landsins, að kasta því í eftirlaun, og það til manna, er með lögum er ákveðið, að ekki skuli fá þau.

Þorleifur Guðmundsson: Af því að jeg stend upp, get jeg ekki látið hjá líða að minnast nokkuð á brtt. hv. samþingismanns míns (E. E.) og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), sem fer fram á að veita styrk til bátsferða til Stokkseyrar og Eyrarbakka, og vona jeg, að hv. deild sjái sjer það fært að verða við þessu. Þetta er heldur ekki mikil upphæð, samanborið við aðrar, sem veittar eru í sama skyni.

Háttv. frsm. fjvn. (M. P.) og háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) sáu sjer ekki fært að mæla með tillögunni, og skil jeg ekki sjerstaklega hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), þar sem samgmn. hefir mælt með samskonar fjárveitingu til annara líkra ferða. Jeg þarf ekki að lýsa því, hvernig ástatt er í þessum sjávarþorpum, þar sem reynslan hefir sýnt, að þeim eru oftar öll sund lokuð með aðflutninga á sjó, því að það er ekki nema einstaka sinnum hægt að komast þar út og inn, og reglubundnar skipaferðir geta því alls ekki komið að neinum verulegum notum, og því óhugsandi, að þau skip, er styrks njóta til strandferða, komi þar að nokkrum notum.

Jeg mintist á það í fyrra, þegar samskonar fjárveiting var til umræðu, — og vona jeg að hv. þm. muni það, — að ef þingið sæi sjer á annað borð fært að veita fje, þá bæri því að greiða fyrir þessu, jafnvel frekar en nokkrum öðrum fjárveitingum. Jeg veit, að ríkissjóður er ekki fær um að greiða alt, sem farið er fram á, en aftur á móti finst mjer engin sanngirni í að mæla móti þessari styrkveitingu eða láta hana sitja á hakanum fyrir öðrum óþarfari.

Jeg ætla svo að gera dálitla gr. fyrir brtt. á þskj. 236 og 255. Brtt. á þskj. 236 er við 1. lið 8. gr. fjáraukalaganna eins og þau urðu eftir aðra umr. Hún fer fram á að fella algerlega úr gildi liðinn um eftirlaun Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra, að upphæð 12619,90 kr.

Jeg býst við, að mönnum muni finnast það nokkuð hart að ráðast á gamlan heiðursmann á þennan hátt. En jeg get ekki látið það á mig fá, þó hann sje gamall og góður, því að jeg er hjer til að gæta hags þjóðarinnar, og til þess hefi jeg verið kosinn á þing.

Háttv frsm. fjvn. (M. P.) sagði í ræðu sinni, að hann skildi ekki, hvers vegna þessi tillaga væri komin fram, og að hann gæti ekki ímyndað sjer, að hún næði fram að ganga. Jeg álít, að það sje hvorki rjett nje leyfilegt, að stjórnin taki sjer það vald í hönd að borga út fje án þess að hafa til þess samþykki þingsins. (*M. P.*: Þingið getur þá felt það). Það er rjett sagt hjá háttv. frsm. (M. P.), að þá er hægt fyrir þingið að fella það, og það álít jeg, að þingið eigi að gera. Og þess vegna hefi jeg komið fram með þessa brtt., og vil jeg, að deildin neiti svona aðferð með því að fella niður þennan styrk eða eftirlaun. Og það er meira en fella niður þessar 12 þús. kr., því

að með því mundi þjóðin verða losuð við slíkar fjárveitingar í framtíðinni. Með lögum 1915 voru afnumin eftirlaun ráðherranna. Menn sáu þá, að þessi ráðherraeftirlaun mundu verða þungur baggi á þjóðinni, ef ráðherraskifti yrðu tíð, og það mátti búast við því, þar sem sjálfsagt var, að ráðherrann færi frá, ef meiri hluti þingsins gæti ekki komið sjer saman um að fylgja honum, og nú þegar ráðherrarnir eru orðnir 3, þá gæti þetta með tímanum orðið nær óbærilegt ríkissjóði. Þjóðin ætlaet ekki til, að hið háa Alþingi gangi út á þá braut að halda þessu við líði, enda hefir þingið 1919 horfið algerlega frá þeirri stefnu, þar sem úr gildi voru feld eftirlaun embættismanna, sem voru í embættum, nema þeirra, sem áttu þau eftir gömlu launalögunum.

Ef deildin sjer sjer ekki fært að samþ. aðaltill. mína, þá hefi jeg borið hjer fram varatill., á þá leið, að 6000 kr. komi í stað 12619,90, og að það skoðist ekki sem eftirlaun, heldur sem heiðurslaun. Jeg játa það, að þessi maður á skilið heiðurslaun fyrir að hafa verið nýtur og góður maður í þjóðfjelaginu, en fyrir það, að tilviljun ein varð þess valdandi, að hann varð ráðherra, á hann ekki skilið að fá eftirlaun. Það eru margir aðrir í þjóðfjelaginu, sem ættu skilið heiðurslaun, og ætti ekki frekar að vera ástæða til að launa honum fremur en þeim, þótt hann hafi orðið ráðherra, því það er til þess að verjast öðru verra, að jeg ber varatill. fram. Jeg get ekki gengið inn á það, að þeir, sem frekar hafa notið þæginda lífsins, þurfi endilega að njóta meiri þæginda en þeir, sem þeirra hafa farið á mis vegna lífskjara sinna. Það eru æðimargir bændur, sem vinna góð verk, koma upp efnilegum og góðum börnum, er seinna verða nýtir menn í þjóðfjel. á einn eður annan hátt. Þeir mega standa úti í byljum, vaða snjóinn í frosti og þola svita og kulda. Einu þægindin þeirra, þá er þeir koma inn í kaldan kofann, er vonin um sólina og hlýjuna þegar vorar, sem stundum vill dragast fulllengi hjer á voru landi. Þessir mætu menn mundu verða ánægðir, ef hið háa Alþ. veitti þeim ekki 3000 kr. heldur 300 kr. En það er ekki sjeð, hvernig tekið yrði í *slíkar fjárbænir* hjer í þinginu, frá mönnum í þessari stöðu; þeim mundi sennilega vera vísað heim í hjerað, enda er og þingið engin fátækrastofnun. Einnig má gæta þess, að hæstv. fyrv. atvinnumálaráðherra (S. J.) fær laun sem alþingismaður *og fyrir* starf sitt í fasteignanefndinni, og er það sannarlega allrífleg upphæð.

Jeg get ekki sjeð, að till. hv. þm. Barð. (H. K.) fari í rjetta átt, þó að hún lækki upphæðina lítið eitt, úr 12619,90 niður í 10000 kr.; þó það sje að vísu sanni nær, er það þó engin samgirni að ætla það svo hátt, eins og jeg hefi áður lýst. Við eigum ekki að veita meira en 6000 kr., eða helst ekki meira en 3000 kr.

Jeg skil ekki við hvað háttv. þm. Barð. (H. K.) miðar, hann sem er fulltrúi hjeraðs, er aðallega byggja bændur og verkamenn, sem jeg get ekki skilið, að geti almennt lifað við betri kjör en aðrir stjettarbræður þeirra í landinu, þegar hann vill ætla einum öldung 5000 kr. til að lifa af á ári. Er nokkur ástæða til að ætla þeim, er lætur af ráðherrastöðu, hærri lífeyri en hverjum þeim þjóðfjelagsmeðlim, er vinnur þarfleg verk landinu til heilla?

Þórarinn Jónsson: Það er brtt. á þskj. 289, sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með. Jeg hefi ráðist í þetta, þótt óálitlegt sje, þar sem háttv. fjvn. hefir ekki treyst sjer til að taka fjárveitinguna upp, enda þótt hún hafi áður veitt til alveg samskonar fyrirtækis.

Jeg býst við, að þessi ályktun nefndarinnar leiði af hinni ákveðnu stefnu hennar, er háttv. frsm. (M. P.) tók fram hjer, að nefndin sparaði á stóru liðunum,

en ekkert á þeim smærri. Þessi stefna er glögg og fremur einföld, þar sem ekki þarf á annað að líta en spara á stærri upphæðunum, en veita allar þær smærri. Er þá auðvelt að sjá, af hvaða toga það er spunnið, að nefndin getur ekki aðhylst þessar till. En þessi stefnufesta háttv. nefndar hefði átt að færast út á víðara svið, og ekki um leið að brjóta aðrar stefnur, sem áður voru upp teknar, og á jeg þar við styrk til listamanna. Það hefir þegar verið samþ. að hafa hann á einum stað, og sjerstakri nefnd falið að útbýta honum, vegna þess, að ekki væri heppilegt að hafa umræður um þá útbýtingu hjer.

Nefndin hefir nú tekið upp hina stefnuna aftur, svo að bæði þessi sjerstaka nefnd og þingið eiga nú að útbýta listamönnum styrk. Þetta finst mjer óviðeigandi og eigi alls ekki að koma inn í fjárlög, meðan sjerstök nefnd hefir það með höndum. En ef fjvn. hefir þótt nauðsynlegt að veita þetta, þá hefði verið viðkunnanlegra að veita sjerstaka upphæð í viðbót við listamannastyrkinn fyrir sjernefndina til útbýtingar. Jeg býst við, að þessir menn, sem úthlutunarnefndin hefir gert afskifta, hafi henni ekki þótt jafnhæfir til þess að verða aðnjótandi styrksins eins og þeir, sem hún veitti, ellegar það er veiðibrella, til þess að koma þeim inn í fjárlögin. En nú hefir hv. fjvn. tekið úrkastið upp á sína arma, og þó eru þetta ekki svo smáar upphæðir.

Að einu leyti tók þó háttv. frsm. (M. P.) fram, að nefndin hefði verið stefnuföst, og það var með styrkinn til sjúkraskýla. (*M. P.*: Ekki nefndin). Jæja, þá er hún það hvergi, en þetta tileinkast frsm. (M. P.) einum, og stafar það sjálfsagt frá honum sem lækni. En þá hefði stjórnmálamaðurinn eitthvað átt að hreyfa sig um leið.

Af þessu, sem jeg nú hefi tekið fram, er það auðsætt, að einasta ástæðan til þess að háttv. nefnd hefir ekki getað fallist á brtt. mína er sú, að henni hefir þótt upphæðin of há. Á ekkert annað hefir hún litið. En það er nú einu sinni svo, að ef ríkissjóður telur sjer annars skylt að greiða úr samskonar þörfum kringum land, þá eru staðhættir svo ólíkir, að það verður mjög mismunandi dýrt á hverjum stað, og hefir þetta altaf svo verið. Á Blönduósi hagar svo til, eins og kunnugt er, að þar er með allra verstu lendingum kringum alt land, og það eina, sem þarna er hægt að gera, eru lendingarbætur; um hafnarbætur er ekki að ræða. Þegar þess jafnframt er gætt, að þarna liggur að víðáttumikið og gott hjerað, eitthvert besta hjeraðið norðanlands, þá er það auðsætt, að ekki er síður þörf að ríkissjóður hlaupi hjer undir bagga, þar sem það er samt ærið, sem hjeraðið þarf að leggja á sig, þar sem verkið er svo dýrt.

Bryggja sú, sem þarna er, og nú þarf bráðra aðgerða við, er eina lendingarbótin, sem þar er til. Hún hefir verið bygð með styrk af ríkissjóði, eins og önnur slík fyrirtæki, og var orðin svo, með fyrirhugaðri umbót á henni, að svo mátti segja, að bryggjan kæmi að notum, þegar annars var hægt að komast milli skips og lands. En svo vildi það óhapp til síðastliðið haust, að tvo búkka tók úr miðri bryggjunni, svo að hún er nú algerlega óhæf til notkunar. Af því leiðir, að ómögulegt er að ná vörum frá borði úr skipi, ef nokkuð er að sjó.

Þingið 1919 gekk inn á það að veita fje til byggingar nýrrar bryggju, sunnan Blöndu, sem ekki er enn byrjað á, og má vera, að háttv. nefnd hafi því þótt óviðeigandi að veita fje til viðgerðar þessari bryggju. En jeg skal leitast við að sýna fram á, að slíkt er ástæðulaust, og full þörf fyrir báðar bryggjurnar.

Það hagar svo til, að áin Blanda skiftir kauptúninu í tvent. Að norðanverðu,

þar sem þessi umtalaða bryggja er, er kaupfjelagsverslunin, og er það aðalverslun hjeraðsins, en hinumegin, að sunnan, eru kaupmannaverslanir. Þegar ekki er hægt að skipa vörum upp annarsstaðar en á bryggjuna, sem oftast er, þá verður, til þess að ná þeim til verslananna sunnanmegin, annað hvort að flytja þær sjóveg af bryggjunni ellegar þá að aka þeim norðan frá bryggju, upp á Blöndubrú og niður í kauptúnið, og er þetta langur vegur. En svo er annar verri hængur á þessu, og hann er sá, að vegurinn frá bryggjunni og inn að kaupfjelagshúsunum er á vetrum, þegar snjóa fer að leggja, algerlega ófær. Þetta er svo alvarlegt, að á vetrum, þegar vörum er skipað upp á bryggjuna, verða þær að vera þar, þar til þeim verður náð sjóveg. Og þetta hefir á stundum dregist svo, vegna sjógangs, að vörurnar hafa hálfeyðilagst, og man jeg eftir því eitt sinn, að vörur lágu á bryggjunni á annan mánuð. Verkfræðingar landsins hafa hver eftir annan reynt að finna ráð til þess að leggja veg frá bryggjunni að kaupfjelagshúsunum, sem fær væri að vetrinum, en þeim hefir ekki tekist það.

Af þessu er það væntanlega ljóst, að fylsta þörf er á bryggju sunnanmegin. Mætti þá, eftir því sem veður og sjór haga sjer, skipa upp að hverri bryggjunni sem væri; og það er fullsannað, að bryggjan sunnanmegin yrði eins örugt uppskipunartæki. Þetta leiddi líka til þess, að skip yrðu mikið öruggari að koma á þessa höfn en verið hefir, ef lendingartæki væru betri en nú.

Hvað snertir aftur viðgerð á þessari bryggju, þá má það vera nokkurnveginn næg sönnun á þörf viðgerðarinnar, sem jeg hefi þegar tekið fram, að ómögulegt er að ná vörum frá borði. En svo er meira. Þessir bryggjupartar, sem eftir standa, eru háðir eyðileggingu af sjávarróti, ef ekki er strax að gert. Þessar ástæður eru svo knýjandi, að engar ástæður eru til gegn þeim. Ef hv. Alþ. skerst ekki hjer í leikinn, þá er ekki einasta hjeraðinu gerð vandræði, heldur eru líka peningar landssjóðs hindrunarlaust gefnir á ægis vald.

Viðvíkjandi undirbúningi þessa máls, þá skal jeg taka það fram, að áætlun frá vitamálastjóra um kostnað við verkið hefir legið fyrir háttv. fjvn. En jeg verð að efast um, að hún hafi lesið hana eða meðmæli stjórnarinnar.

Eftir áætluninni kostar viðgerðin yfir 58 þús. kr. Jeg bið um tæpan ⅓. Sjest þá, hvað hjeraðið verður að leggja á sig, til þess að fá verkið gert.

Jeg vænti, að atkvæðagreiðslan sýni það, hvernig háttv. deild lítur á stefnu fjvn. og þörfina, sem hjer er um að ræða.

Sveinn Ólafsson: Það má segja um þetta frv., að lengi getur vont versnað. Ilt var það, þá er það fór frá 2. umr., en útlit er til, að það verði mun verra, er það fer frá 3. umr. Jeg ætla ekki að rekja lið fyrir lið brtt. fjvn., en jeg get sagt um þær flestar, að jeg hefði helst kosið að þurfa ekki að sjá þær. Þær eru ekki allar undir sömu syndina seldir; einstaka virðast samgjarnlegar, aðrar mitt á milli og enn aðrar óhæfar með öllu.

Ein tegund fjárveitinga knýr mig framar öllum öðrum til andmæla, og getur verið, að jeg komist þá um leið eitthvað út fyrir frv. Það er fjárveiting til vitabygginga vestan og sunnan, sem nú er tekin upp, endurbygging vita, sem nothæfir eru, jafnframt og fresta á, eins og kunnugt er, vitabyggingum austanlands, sem löngu hafa verið ákveðnar, jafnvel alt frá 1914. Nú á að dubba upp vita fyrir vestan, á Arnarnesi og í Elliðaey, fyrir nærri jafnmikið fje eins og kostar að reisa

vitana við Berufjörð, en fresta þeim enn-þá einu sinni, vegna fjárskorts, segir sagan. Á þá brýnu þörf vitanna eystra og vitaleysið þar er ekki litið. Jeg man ekki betur en að Stokknesviti væri ákveðinn 1914, og hann er óbygður enn. Og eftir gildandi fjárlögum átti að byggja vitann á Kambsnesi 1920, en vitana á Papey og Strætishorni á þessu ári, og var loforð vitamálastjóra gefið um þessar byggingar allar í einu fyrir ári liðnu, og fyrir því fullnægði hjeraðið þegar í fyrra skilyrði fjárlaganna um fjárframlag til byggingar smávitanna á Berufirði.

Nú eru höfð hausavíxl á þessu, og fjeð veitt til vita fyrir vestan. Það má vissulega ekki minna vera en að jeg votti neindinni óþökk mína fyrir þessa meðferð málsins, mjer liggur við að segja *ósæmilega meðferð*, og getur verið að jeg muni henni þetta og stjórninni síðar.

Það mundi aðeins tefja tíma að rekja brtt. nefndarinnar, hverja af annari; þær eru flestar fánýti, sem hverfa ætti, og má þar meðal annars nefna Rómferðastyrkinn. En jeg stóð ekki upp til þess að átelja þetta sjerstaklega, þótt vanþakká sje vert. Það mun hjer, sem oftar, fara svo, að litlu verði um þokað.

Jeg á hjer brtt. á þskj. 244. Þær lúta ekki að því að hækka útgjöldin, heldur að því að draga úr þeim. Jeg benti á það við 2. umr., að fjárveitingin til Goðafossferða væri án skuldbindingar, og engin áætlun sett eða auglýst fyrir skipið; þess vegna alveg óvíst, hvað koma ætti móti þessum 60 þús. króna, sem að óþörfu er fleygt í Eimskipafjelagið.

Jeg sá mjer að vísu ekki fært að koma með brtt. um að fella styrkinn niður við þessa umr., þótt svo hefði átt að vera. En jeg fann mjer skylt að gera mitt ítrasta til að tryggja þeim ólánssömu landshlutum, sem við Goðafossferðirnar eiga að notast, ákveðinn ferðafjölda á árinu og einhver sæmileg not þessa mikla fjár. Þess vegna kom jeg fram með till. á þskj. 244, um Goðafossferðir og fjölda þeirra. Jeg veit, að það eitt vinst við styrk þennan, að skipið tíni upp 2 eða 3 smáhafnir, sem það hefði ekki komið á að öðrum kosti, en flestar hafnirnar hefði það heimsótt hvort sem var, og þá sjerstaklega þær hafnir Suður-Múlasýslu, sem samgmn. segir, að komið verði á, og ekkert er þakkavert, þótt gert verði. Jeg vona að þessi brtt. mín verði samþ., og ekki bætt gráu á svart með Goðafoss. Jeg þarf ekki að mæla með henni frekar; hygg að hún geri það sjálf.

Þá er það fjárveiting til ekkju þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar. Jeg vil miða við þau laun, sem maður hennar hafði, án dýrtíðaruppbótar, og tel það vel boðið. Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir miðað við 1200 kr. og dýrtíðaruppbót, og nemur það meiru en föstu heiðurslaunin, sem Matth. Joch. hafði, eða rösklega 2800 kr., í stað 2400 kr. Jeg játa það, að ekkja Matthíasar á skilið, að henni sje sýndur allur sómi og hún styrkt, ef hún er þess þurfandi, en hún á svo marga vel stæða menn að, að ekki þarf að óttast, að hún komist á vonarvöl. Jeg vil aðeins veita þeim styrk, sem hans þurfa, en ekki ausa fje í hvern einn, hvort sem þörf er á eða ekki.

Jeg hjelt, að hv. samgmn. mundi láta samgöngur eystra óhaggaðar, eftir því, sem þeim var komið við 2. umr. hjer í deildinni, og eftir það slys, sem hún hafði valdið með Goðafossveitingunni; en svo er ekki. Hún leggur nú til, að færður verði niður styrkurinn til flóabáts frá Hornafirði til Seyðisfjarðar úr 15 þús. kr. niður í 8 þús. kr. og útilokað sambandið við Seyðisfjörð og norðurfirðina. Hv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) sagði, að báturinn ætti að eins að ganga þangað, sem Sterling kæmi næst Hornafirði, og verður þá bátur þessi aðeins til

selflutnings milli Hornafjarðar og Sterlings, og get jeg varla hugsað mjer álappalegra fyrirkomulag. Fyrst flytur Goðafoss frá útlöndum t. d. til Seyðisfjarðar, því næst Sterling eitthvað suður, t.d.til Djúpavogs, og síðast flóabáturinn til Hornafjarðar. Nefndin segist vilja veita þetta vegna Hornafjarðar, og heldur að hann þurfi aðeins að hafa samband við Djúpavog einan, og álítur hún víst Hornfirðingum óholt að hafa kynni af fólki norðar. Mjer þykir einkennilegt að nefndin skyldi ekki velja Papey eða Hvalbak fyrir endastöð! Allar þessar tillögur nefndarinnar eru sýnilega sprottnar af misskilningi, ef eigi tómlæti. Það er einkennilegur sparnaður að klípa 7 þús kr. af nauðsynlegri fjárveitingu til flóabáts, sem getur örfáum að gagni orðið á eftir, en kasta 60 þús. sama sem í sjóinn með veitingunni til Goðafoss. Þeir aðrir styrkir, sem hjer eru ráðgerðir til flóabáta, eru engan veginn rjetthærri en þessi 15 þús. kr. styrkur til báts milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar, og ef af honum verður klipið, þá er ástæðulítið að halda hinum. Jeg verð því að taka þann kostinn að greiða atkv. móti þeim.

Jeg vil ekki tefja tímann með því að tala um fleiri brtt.; mjer þykir rjettast að láta atkv. mitt tala fyrir mig um þær.

Pjetur Þórðarson: Jeg býst nú varla við, að brtt. á þskj. 293 verði samþ., úr því hv. frsm. tilheyrandi nefnda, þ. e. hv. frsm. fjvn. (M. P.) og hv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) hafa báðir lagst svo þunglega á móti henni. En þó vil jeg fara um hana nokkrum orðum og reyna að sýna fram á, að hún fer að eins fram á það, sem sanngjarnt er.

Það er ekki í fyrsta sinn, að þessi till. kemur fram hjer á þingi. Menn hafa löngum fundið það, að samgöngur milli Reykjavíkur og Borgarness væru ekki eins góðar og skyldi. En allir geta sjeð, að mikið er undir því komið, að þær sjeu í lagi, því að þessi leið er aðalsamgönguæð milli Norður- og Vesturlands annars vegar og Suðurlands eða Reykjavíkur hins vegar, og er hún eflaust fjölfarnari en nokkur önnur skipaleið kringum landið. Mýrasýsla var ein af þeim fyrstu sýslum, sem telja má, að fengið hafi sæmilega vegi, og verður ekki undan því kvartað, en það var líka fullkomlega í þágu alls Vesturlandsins og mikils hluta Norðurlandsins. Mýrasýsla hefir þó ekki fengið þessi hlunnindi fyrir ekki neitt, því viðhald þessara vega hefir lagst æði þungt á sýslusjóðinn, þó að tveir landshlutar noti vegina. Það er því enganveginn fyrir Mýrasýslu eina eða Borgarfjarðarhjerað, að farið er fram á auknar samgöngur á þessu svæði. Þessa leið fara margir, og ekki síst mikið af ferðafólki úr Reykjavík, og jafnvel útlendingar, og er oss Íslendingum vart sæmandi að hafa bátaferðirnar með þeim hætti, sem nú er. Þær voru miklu fremur viðunandi áður fyr, en 1918 bilaði sá bátur, er þær annaðist, og þurfti þá aðra fleytu, og hefir bátur sá, er þá var — út úr neyð — tekinn til ferðanna, á engan hátt reynst sæmilega nothæfur til þess, er mestu skiftir, fólksflutninganna.

Háttv. þingdm. hlýtur að vera það vitanlegt, að um þær mundir var ómögulegt að fá nokkurt skip til þess að fara þessa leið, skip, sem hæfilegt væri til fólksflutninga, og það varð að taka gufubátinn „Skjöld", eign hlutafjelagsins „Eggert Ólafsson", á leigu fyrir póstferðirnar. Landsstjórnin sá sjer hins vegar ekki fært að fá þetta skip til ferða, sem áður voru farnar, heldur aðeins til póstferðanna. Þessar ferðir fækkuðu því mjög, og þær ferðir, sem farnar voru, voru farnar með að mun minna og óhentugra skipi. Aftur á móti varð kostnaðurinn alveg eins mikill og þegar gert var út áður bæði stærra og þægi-

legra skip, og sem auk þess fór fleiri ferðir. Póstferðir 1918 og 1919 voru því alveg eins dýrar og allar ferðirnar áður; fyrir 28 ferðir með ljelegu skipi varð að borga meira en fyrir helmingi fleiri ferðir með stærra og betra skipi.

Þar sem nú þessar fáu ferðir komu ekki nærri að haldi, urðu menn að reyna að notast við mótorbáta. Og á þessum umgetnu árum, 1918 og 1919, voru þessar ferðir svo tíðar og fjölsóttar, að það leit út fyrir, að hjer væri verið að spila mikið áhættuspil, að því er snertir líf þeirra manna, sem urðu að notast við þessar ferðir. Svo var það á þingi 1919, að þegar út í þetta óefni var komið, að tilboð kom frá fjelagi, sem hafði nýlega fengið stærra og betra fólksflutningaskip, að það skyldi annast þessar ferðir, ef það fengi sjerstakan styrk til þess. Vitanlega var fyrsta tilboðið hærra en styrkurinn til póstferðanna, enda fleiri ferðir, sem fara átti. En þá var það, að það fjelag, sem gerði út þennan bát, sem hjelt uppi póstferðunum, bauðst til að fara fleiri ferðir, einnig inn í Hvalfjörð og suður með sjó, og yfirleitt innan Faxaflóa. Var mikið kapp á báðar hliðar, en sá, sem hafði framboðið fyrir h.f. Eggert Ólafsson, varð hlutskarpari, með því að bjóða styrkinn niður í helming þeirrar upphæðar, sem sami bátur hafði fengið fyrir ferðirnar áður. Hins vegar sá hitt fjelagið sjer ekki fært að fara lengra niður, og þannig er það þá tilkomið, að þessar ferðir átti að fara með gufuskipinu Skildi árið 1920 og 1921. En svo er að líta á efndirnar. Þær urðu, eins og vonlegt var þegar í þetta óefni var komið, ekki miklar. Báturinn fór að eins póstferðirnar í Borgarnes og engar af hinum ferðunum, og virðist þetta alt hafa verið vítalaust. Styrkurinn var útborgaður að fullu, þótt efndirnar yrðu ekki nema hálfar. Og meðfram af því, að svo fjölmargir hafa þurft að fara þessar ferðir, hafa menn þrjú síðastliðin ár orðið að nota ýms önnur tæki til að fara þessa leið. Það er ekki svo að skilja, að menn hafi ekki átt kost á að fá einhverja ferð, jafnvel með leigða bátnum, ef nægar vörur hafa verið til, en engum hefir borið skylda til að fara neitt eftir þeim, sem áttu að nota ferðirnar, og þær auk þess ekki með öllu áhættulausar. Þó að eins væri litið á þörf hjeraðsins, þá hefir flutningsþörfinni alls ekki verið fullnægt, nema að litlu leyti, með þessum farkosti. Hjer hafa menn sjálfir orðið að sjá fyrir flutningi, og það styrklaust, því að sá styrkur, sem veittur var, var að eins fyrir póstferðirnar. Þetta hefir nú knúð hjeraðið til þess að sækja það mjög fast, að þing og stjórn sæi svo fyrir þessum samgöngum, að viðunanlegt væri, bæði vegna hjeraðsbúa og eins vegna Reykvíkinga og annara aðkomumanna, sem hafa engu minni hag af ferðum þessum en hjeraðsbúar sjálfir. Og til þess að bæta úr þessu og koma því í samræmi við aðrar strandferðir, eru 10 þús. kr. það allra minsta, sem sæmilegt er að veita og hægt er að komast af með. Fyrir það gætu fengist um 15 ferðir upp í Borgarnes, með viðkomu á Akranesi, og nokkrar ferðir inn í Hvalfjörð. Hjer er því til eins lítils mælst og mögulegt er. Við höfum mist af ferðunum vegna þess hve styrkurinn er lítill, og þess vegna er það það minsta, að bætt verði við svo sem ⅓ af ferðum þeim, sem farnar eru á þessu ári. Ef þessi óeðlilega samkepni hefði ekki átt sjer stað, mundi styrkurinn nú hafa verið 40 þús. kr. á þessu ári, og þess vegna er ekki farið fram á nema lítið eitt af því, sem eðlilegt hefði verið.

Háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) gat þess um þessa brtt. okkar þm. Borgf. (P. O.), að það væri búið að veita þessu fjelagi svo mikinn styrk á þessu ári, að ekki væri nema sanngjarnt, að það fjölgaði ferðum, og beindi þeirri áskorun til okkar flm., að hafa áhrif á þetta og fá breytt samningnum, svo að það fengi styrk af því fje, sem

það hefði fengið fyrir aðrar ferðir. Jeg hefi orðið var við það í samgmn., að þessu hefir verið blandað saman, að þótt þetta fjelag hefði tekið að sjer aðrar ferðir á öðrum sviðum, og þótt það væri búið að fá háan styrk fyrir það, þá er ekki hægt að láta það fara að bæta á sig Borgarnesferðum, og það sjer hver heilvita maður, að það er ekki hægt nje sanngjarnt að láta menn milli Borgarness og Reykjavíkur gjalda þess, þótt fjelagið hafi fengið ofháan styrk fyrir ferðir á öðrum sviðum. Frsm. samgmn. (Þorst. J.) sagði, að fjelag það, sem hefði gert út gufubátinn Skjöld, hefi sloppið við að fullnægja gerðum samningum. Þetta er rjett, að því leyti, að það hefir sloppið við að fara aðrar ferðir en póstferðirnar; en af hverju? Af því að styrkurinn var svo lítill, að ekki var nein ástæða til að heimta fleiri ferðir.

Við flm. sækjum þetta mál ekki svo fast af því, að við búumst við því, að við fáum ekki hjálp, en það er af því, að við þykjumst hafa borið skarðan hlut frá borði, í samanburði við önnur hjeruð, og við viljum njóta jafnrjettis við landsmenn, eins og samgöngumálunum á sjó hefir verið skipað. Það er sem sagt ekki til þess gert að fara mörgum orðum um þetta mál, að það mundi ráða nokkru um úrslitin, en jeg vildi einu sinni fá skjallega staðfest, hvernig hv. deild lítur á þetta mál.

Um varatill. ætla jeg ekkert að segja, því síður sem hv. frsm. fjvn. (M. P.) kvaðst geta fallist á hana, og mátti það nú ekki minna vera.

Jeg hafði ekki hugsað mjer að fara út í önnur atriði þessa máls, en get þó ekki látið vera að minnast á það, að þótt jeg hefði getað greitt atkv. með brtt. hv. þm. Barð. (H. K.) eftir efni málsins, þá er jeg ekki viss um að geta gert það, vegna þess að hann hefir lagt kapp á að skipa því í þennan flokk.

Það yrði of langt mál að ætla að fara að gera grein fyrir atkv. sínu um allar þessar brtt., svo jeg ætla að slá striki yfir það og sleppa því.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. apríl, var fram haldið 3. umr. (A. 224, 236, 242, 244, 255, 260, 264, 273, 281, 283, 289, 293, 301).

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get verið skammorður, þar sem jeg hefi ekki í huga að taka fyrir alla liði af brtt. fjvn. Jeg verð að taka undir það með frsm. (M. P.), að mjer þykir hafa komið allmiklar breytingar inn við þessa umr. Og mjer þykir nefndin ekki hafa sýnt þá sparsemi, sem jeg hafði búist við, þótt það auðvitað bæti nokkuð úr, að frsm. (M. P.) sagði litlar breytingar koma fram við fjárlagafrumvarpið sjálft.

Jeg vil þá fyrst nefna vitana. Jeg skal viðurkenna, að eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá virðist ekkert undanfæri að byggja vitann í Sandgerði. En ekki virðist eins nauðsynlegt að byggja hina tvo vitana. Þessum vitum er, eftir þeim upplýsingum, sem fengnar eru, ekki svo aftur farið, að ekki megi una við þær till., sem gerðar eru um þá í fjárlögunum. Og jeg get skilið það, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sje óánægður yfir því, að hjer sje skotið inn vitum á undan vitunum á Austurlandi, sem byggja átti á þessu ári, en sem stjórnin hefir frestað. Jeg fæ ekki sjeð, að neitt sje leggjandi upp úr þeim sparnaði, sem við það fengist, að þeir vitar, sem bygðir væru í einu, væru sem næstir hver öðrum. Jeg skal viðurkenna, að því er Gjögurvitann snertir, að nokkur flutningskostnaður gæti sparast, en þó afskaplega lítill. Þangað má senda efni með strandferðaskipunum, svo alls ekki þyrfti að senda sjerstakt skip. Og

það er sanngjörn krafa, að úr því að vitarnir á Austurlandi eru teknir í fjárlögin fyrir 1921, þá sje því haldið til streitu, að úr því að hinir vitarnir eru teknir, þá sjeu þessir vitar teknir um leið. En þá yrði að taka lán, sem stjórnin vill helst ekki, eða sleppa öllum vitum á þessu ári.

Mjer skilst líka, að aðalástæðan fyrir því að byggja Arnarnesvitann sje sú, að vitavörður segi af sjer 1. ágúst, og að erfitt sje að útvega annan í staðinn. Þetta virðist mjer hæpið að byggja á, svo og þeirri ástæðu, að menn halda að viðirnir í húsunum sjeu fúnir.

Elliðaeyjarvitinn er að vísu ekki „moderne", en má þó notast við hann; og það er rjettara að byggja fyrst vita fyrir austan, þar sem alls engir vitar eru.

Yfirleitt virðist hyggilegra að bíða.

Mjer kemur það líka undarlega fyrir sjónir, að vitavörðurinn á Arnarnesi á að fá dýrtíðaruppbót fyrir alt árið 1921, þótt hann hafi ekki sagt af sjer og segist ekki ætla að gera það fyrir 1. ág. þ. á. Er þetta dálítill mælikvarði á sparnað háttv. fjárveitinganefndar.

Um dýrtíðaruppbótina til háskólaritara vil jeg taka það fram, að það er ekki rjett, að háttv. nefnd byggi þar till. sínar á stj.frv., því að þar er ekki ætlast til, að uppbótin gildi fyrir liðna tímann, því að stjórnin bjóst eigi við því, að nefndin mundi vilja breyta fyrri gerðum sínum.

Um dýrtíðaruppbótina til Einars Jónssonar skal jeg geta þess, að hjer getur eigi verið um annað að ræða en að þessi uppbót sje greidd á listamannastyrkinn, sem honum er veittur. Er hjer gengið inn á alveg nýja braut, og að því er jeg held talsvert útgjaldamikla, og því mjög viðsjárverða, þar sem bæði á að veita uppbót á styrkinn og einnig að veita þeim, sem listamannanefndin mælir ekki með, styrk, með því að taka styrkveitingar til þeirra í fjáraukalögin.

En í sambandi við vitana, svo að jeg hverfi að þeim aftur, skal jeg geta þess, að mjer þykir dálítið einkennilegt, hvernig háttv. fjvn. tekur í það að veita fje til bryggjunnar á Blönduósi, sbr. tilmæli hennar um veitingu á fje til vitanna. Miðpartur bryggjunnar er farinn, og því auðsætt, að hún er öll í voða, ef eigi er aðgert. Sýnist því liggja næst að halda því við, sem þegar hefir verið gert og miklu kostað til

Um brtt. mína á þskj. 283 skal jeg vera fáorður. Háttv. nefnd hefir lýst því yfir, að hún muni fallast á 2. og 3. till., en verða mótfallin þeirri 1. Háttv. frsm. (M. P.) ávítaði stjórnina vegna nefndarinnar fyrir, að hún skyldi eigi greiða alt, sem í fjárlögunum stendur. Eftir því álítur nefndin víst, að stjórninni beri skylda til að greiða fje út til erfingjanna eða jafnvel skuldheimtumanna, ef maðurinn deyr, sem fjárveitingin er nafnbundin við. En nú vil jeg láta háttv. deild skera úr því, hvort hún vill láta greiða út fje, sem veitt er manni til ákveðins starfs, en sem tekur svo að sjer önnur störf, svo umfangsmikil, að manninum er ófært að inna starf sitt af hendi. Þessi maður hefir nú fengið talsvert útborgað af styrknum, og sýnist mjer nægilegt að láta þar við sitja.

Um styrkveitinguna til Guðmundar frá Sörlastöðum vil jeg geta þess, að óþarfi var að taka hana nokkuð til umr. hjer, því að jeg hefi oft sagt honum, að hann hjeldi styrknum, enda mun það ætíð hafa verið venjan að fella ekki fjárveitingu niður, þó að líkt stæði á og hjer.

Þá spurði háttv. frsm. stjórnina, hvort fresta ætti framkvæmdum mannvirkja þetta ár, sem þó hefir verið veitt fje til í fjárlögum. Þetta er ekki fullráðið enn, en hefir komið til orða. Eru eigi nema tveir kostir, og hvorugur góður, annaðhvort að taka lán til þess eða fresta, og hygg jeg, að það síðara sje hyggilegra, þar sem von er nú til, að eitthvað fari að rætast úr. (*M.*

P.: En þarf stjórnin eigi að biðja þingið um álit sitt í þessu efni?). Má vera, að hún þurfi þess um sumar framkvæmdirnar, en þó er þess hjer að gæta, að til margra mannvirkja, svo sem bygginga og brúarsmíða, er ekki nein fastákveðin upphæð veitt í fjárlögunum, og þar hefir því stjórnin ó bundnar hendur, en enda þótt svo sje eigi, þá sýnist mjer, að stjórnin hafi heimild til þess að fara að sem hyggjinn ráðsmaður, og greiða ekki fjeð út, þó að fjárveiting standi í fjárlögunum, ef forsendurnar eru brostnar, sem veiting þingsins bygðist á.

Um eftirlaunin til Sigurðar Jónssonar, sem mörgum verður þungt fyrir brjósti af, vil jeg geta þess, að þar fór stjórnin eftir yfirlýstum vilja meiri hl. háttv. þm. og þar með fjvn. beggja deilda. Annars held jeg, að óþarft sje að öfundast svo mjög yfir þessu, því að annar ráðherra, sem fór frá jafnhliða honum, hefir sömu eftirlaun. Þarf þetta ekki að verða neitt fordæmi, en annars skulu háttv. þm. ekki láta það neitt fá á sig eða aftra sjer, þótt búið sje að greiða manninum nokkuð út, því að þeir, sem það hafa gert, eru fyllilega borgunarmenn fyrir þessari upphæð úr sínum vasa.

Meira held jeg að jeg þurfi eigi að taka fram að sinni, en sökum þess, að jeg verð að vera við umr. í Ed. í dag, og get því eigi verið hjer að staðaldri, þá þætti mjer vænt um, að mjer væri gert viðvart, ef umr. snertu það, sem mjer við kemur sjerstaklega, eða það sem jeg nú hefi sagt.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 260, um eftirgjöf á 5000 kr. láni til skógræktar. Hv. frsm. (M. P.) hefir nú tekið þessari brtt. vel, og vona jeg, að ekki verði þörf að ræða mikið um hana. Lán þetta var veitt 1918, eftir till. fjvn.; var þá verið að leggja í skógarhögg í Vatnaskógi, og var ætlast til þess, að þetta fyrirtæki bæri sig. Á því ári varð það líka svo, að halli varð enginn, en árið 1919 var fjeð notað aftur til skógarhöggs í Ánabrekkuskógi, og gekk þá gersamlega í súginn, og jafnvel enn meira.

Undanfarið hefir sáralitlu fje, tiltölulega móts við dýrtíð, verið varið til skógræktar. Þingið hefir ekki haft trú á málinu, og þrátt fyrir dýrtíðina hefir fjeð til skógræktar eiginlega farið minkandi. Ef ekki á algerlega að hætta þessu starfi, þá er óhjákvæmilegt að gefa þetta lán eftir og nema það burtu sem lán í reikningum skógræktarinnar, en telja það fjárveitingu.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um sumar brtt. Skal jeg fyrst snúa mjer að brtt. á þskj. 273 frá fjvn. Hún er um uppbót til Jóns Straumfjörðs. Mjer er þessi fjárveiting ókunn, því að jeg hefi ekki haft tal af póstmeistara eftir að hún kom fram. Hygg jeg þó, að póstmeistari álíti, að ekki sje beinlínis þörf á fjárveitingu þessari til uppbótar á starfi því, sem þessi maður nú hefir við pósthúsið, en álítur hins vegar, að verði fjeð veitt, þá megi auka við störf hans í pósthússins þágu, og það geti komið sjer vel.

Um fjárveitingu til Holtavegar skal jeg geta þess, að jeg hjóst við, að farið yrði fram á hærri fjárveitingu, enda er þetta nauðsæilega aðeins til bráðabirgðaviðgerðar, og hverfur á árinu í súginn. Annars eru þessi vegamál, eins og sakir standa nú með fjárhaginn, mjög örðug viðfangs.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á vitamálin. Skal jeg þar ekki lá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þótt hann sje dálítið ergilegur, ef vitarnir verða ekki bygðir á Austurlandi í sumar, sem ráðgert var, einkum ef ýtt er í fyrirrúm byggingum vita, sem eigi voru ráðgerðar í fyrra. Um þessar brtt. viðvíkjandi vitunum var mjer annars kunnugt um Arnarnesvitann einan, og munu hafa komið meðmæli til fjvn. frá skrifstofu minni

honum áhrærandi. Sýndist sem breytingin á honum væri nauðsynleg, því að eins og hann nú er, verður rekstrarkostnaður hans mjög mikið meiri en eftir breytinguna, eða á að færast úr 1800 kr. niður í 700 kr. Ennfremur mun vitinn þurfa annarar aðgerðar við, til þess að koma að notum. Annars hefi jeg ekki talað við vitamálastjóra þessu viðvíkjandi, sökum þess, hve málið er seint fram komið og lítill tími hefir verið til þess að íhuga það. Jeg mun því ekki leggja neina áherslu á að brtt. þessi nái fram að ganga, þó að jeg muni greiða henni atkv. mitt. En viðvíkjandi vitabyggingunum á Austurlandi, þá þarf engan að furða það, þó að stjórnin hafi eigi látið framkvæma þær, því til þess þurftu 150 þús. kr. Sýnist tækilegra í fjárþröng að veita 20 þús. kr. til lagfæringar á Arnarnesvitanum, þó að jeg hins vegar vilji eigi gera slíkt að kappsmáli, ef það kynni að særa háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um fjárveitinguna til vitavarðar Arnarnessvitans. Stjórnin lagði það til við háttv. fjvn., að manni þessum yrði veitt eitthvað, í eitt skifti fyrir öll, sökum meiðsla, sem hann hafði orðið fyrir í starfi sínu. Virðist það sanngjarnt að bæta þeim mönnum einhverju, er verða fyrir slysum í þjónustu landsins. En stjórnin lagði áherslu á, að fjárhæðin yrði veitt í einu, og þá dálítið ríflegri, en eigi sem eftirlaun, eins og fjvn. leggur til, og mun jeg því eigi geta greitt brtt. atkv. mitt í því formi, sem hún nú er.

Þá vil jeg leyfa mjer að mæla með fjárveitingu til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar, að upphæð 20 þús. kr. Hafði jeg raunar hugsað, að rentur af ræktunarsjóðnum í 2—3 ár mundu nægja til þess að leggja hæfilegan skerf til sýningarinnar, og ekki mundi þá þurfa að taka fje af landsreikningnum, en það hefir nú komið í ljós, við nánari athugun, að rentur sjóðsins árið 1920 og 1921 nema einungis 20 þús. kr., þegar verðlaun eru dregin frá fyrir árið, en hinsvegar hefir verið áætlað, að sýningarkostnaður mundi verða alt að 50 þús. kr., og því mun nefndin hafa viljað bæta þessum 20 þús. kr. við, í þeirri von, að það mundi nægja. Einnig vil jeg mæla með uppbótinni til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, því að hún hefir ekki verið færð, sökum vangár, en stjórnin telur, að hann eigi sömu laun eins og aðrir skógarverðir, meðan stöðunni er haldið, en um nauðsyn þess geta verið skiftar skoðanir.

Þá vildi jeg leggja 2000 kr. fjárveitingunni til heimilisiðnaðarsýningarinnar liðsyrði mitt. Sýnist mjer kvenþjóðin hafa farið hjer hóflega í sakirnar, og það einmitt af því, að hjer er um mjög gott fyrirtæki, eða öllu heldur málefni, að ræða, sem þegar hefir leitt mikið gott af og hefir mikið verkefni fyrir hendi.

Að síðustu vildi jeg styrkja það, að veitt yrði fje til gömlu bryggjunnar á Blönduósi, ef þess er nokkur kostur. Bryggjan eyðilegst, ef ekki er gert við hana, og það þegar í stað, enda er hjer aðeins farið fram á ⅓ kostnaðar. Væri áreiðanlega betra fyrir hjeraðsbúa að fresta bryggjubyggingu sunnan Blöndu og fá sem því svarar, sem nú er í fjárl. til hennar, til þess að koma þessari í lag, enda mun örðugt fyrir hjeraðið að koma upp báðum bryggjunum samtímis í þessari fjárþröng.

Þótt jeg hafi gefið sumum brtt. meðmæli mín, þá er mjer það fullljóst, að svo getur farið, að fjárveitingarvaldið geti alls ekki int af hendi alt það fje, sem þær fara fram á. Þar sem jeg samt hefi mælt með einstöku brtt., þá er það vegna þess, að jeg álít, að þær eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir ýmsum öðrum. En jeg mun greiða atkvæði á móti ýmsum

öðrum, sem jeg að vísu álít nytsamar og jafnvel nauðsynlegar, ef nokkur leið væri til að fullnægja þeim, en verð nú að banda hendi á móti þeim vegna fjárskortsins.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil ekki láta hjá líða að svara háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) nokkrum orðum.

Háttv. þm. (Þór. J.) sagði, að jeg hjeldi því fram, að rjett væri að spara stærri upphæðirnar, en ekki þær smærri. Þetta er rjett hermt, það sem það nær. En jeg skýrði þetta álit mitt og nefndarinnar þannig, að ekki sje rjett að leggja í ný og dýr fyrirtæki, meðan ekki er raknað úr peningakreppunni, er vonandi verður bráðlega, ef skynsamlegar ráðstafanir verða gerðar. Og þar sem líka er von um, að verðlag lækki, þá má gera ráð fyrir, að heppilegt sje af þeim ástæðum, að draga það að ráðast í stærri fyrirtæki. Þetta er mín skoðun, en hann vildi draga hana lengra. Hann vildi gefa í skyn, að jeg vildi ekki leggja fje í að bjarga verðmæti, sem væri í veði. Jeg hefi ekki sagt neitt í þá átt, og jeg vona, að háttv. þm. (Þór. J.) skilji það, að jeg hjelt, að jeg væri ekki að tala við börn. Jeg get líka beinlínis sýnt fram á hið gagnstæða í framkomu minni. Jeg var t. d. með því að veita fje til bryggjugerðar á Akranesi, vegna þess, að háttv. þm. Borgf. (P. O.) upplýsti, að bryggjan lægi undir skemdum. Ef háttv. þm. (Þór. J.) hefir sagt þetta til mín, vegna þess að hann hafi haldið, að jeg væri á móti fjárveitingu þeirri, sem hann berst fyrir, til viðgerðar Blönduóssbryggjunnar, þá er það vindhögg og sagt út í bláinn. Jeg var ekki á fundi fjvn. þegar um hana var rætt, en jeg skal lýsa því yfir nú, að jeg mun greiða atkv. með henni, vegna þess, að jeg álít hana nauðsynlega.

Þorleifur Jónsson: Það eru aðeins örfá orð, út af till. háttv. samgmn. á þskj. 264, um að færa styrkinn til Austfjarðabátsins niður í 8000 kr. Háttv. frsm. (Þorst. J.) byrjaði ræðu sína í gær á því, að háttv. fjvn. kæmi nú með margar hækkunartill., en öðru máli væri að gegna um samgmn., því að hún flytti eingöngu lækkunartill. En þegar til kom, var upptalningin ekki lengri en ein till., um að lækka styrkinn til Austfjarðabátsins um 7000 kr.; það var alt og sumt. Mjer finst nú, að háttv. samgmn. hefði getað sparað sjer sjálfslofið fyrir sparnað, þó að henni takist að fá háttv. deild til að neita um þessa upphæð til styrktar bátsferðunum. Um þennan styrk er það að segja, að ef báturinn á að halda uppi samgöngum milli Hornafjarðar og Austfjarða, þá er það svo löng leið, að styrkurinn mundi alls ekki nægja til þess, og er altof lítill, samanborið við þann styrk, sem veittur er til bátsferða á Breiðafirði og víðar.

Sje ætlast til þess, að báturinn gangi aðeins um Austur-Skaftafellssýslu, með endastöð á Djúpavogi, þá er þess að gæta, að stór skip geta ekki lagst við bryggju þar, svo að upp- og útskipun er erfið og kostnaðarsöm. Það er því ekki heppileg höfn fyrir bát, sem á að taka vörur millilandaskipanna, enda veit jeg ekki til þess, að háttv. samgmn. hafi gert neinar ákveðnar tillögur um, að Goðafoss skyldi koma þar. Ef endastöðin á að vera á Fáskrúðsfirði eða Eskifirði, þá skal jeg játa, að meiri líkindi eru til að Goðafoss komi þangað, því að á þeim höfnum getur skip lagst við bryggju, og því betri endastöðvar en á Djúpavogi. En það er ekki hægt að neita því, að það er óheppilegt, að Austfjarðabáturinn geti ekki komist alla leið til Seyðisfjarðar, því að þar er eini staðurinn á Austfjörðum, þar sem landsversl-

unin hefir útibú. Til þess því, að Hornfirðingar, með þessu fyrirkomulagi, gætu fengið vörur frá henni, yrði fyrst að flytja þær frá Seyðisfirði til Eskifjarðar eða Fáskrúðsfjarðar, en með því yrði þreföld fragt á þeim.

Austfjarðabáturinn hefir komið við á öllum smærri höfnum í Suður-Múlasýslu, t. d. Breiðdalsvík, Stöðvarfirði og víðar, þar sem annars hafa verið strjálar viðkomur hinna stærri skipa, og með því bætt mjög úr samgönguþörf slíkra staða. En ef till. samgmn. verður samþ., þá er styrkurinn svo lítill, að hann getur ekki haft þessar viðkomur. Eftir till. er okkur Skaftfellingum alveg í sjálfsvald sett, hvernig við högum ferðum bátsins. Það er því ekki hægt að búast við því, að við förum að senda hann á smáhafnir, sem við höfum lítil eða engin viðskifti við, heldur á Fáskrúðsfjörð og Eskifjörð og aðra staði, sem við höfum mikil viðskifti við.

Jeg þarf ekki að fjölyrða um þennan styrk meira, þar sem 15000 kr. styrkurinn var samþ. með miklum atkvæðamun við 2. umr. Og jeg vil taka það fram, að verði brtt. samgmn. samþ., þá verð jeg að líta svo á, að Austur-Skaftfellingar hafi alger umráð bátsins og þurfi ekki að láta hann fara annað en þeir hafa hag af. Enda tók háttv. frsm. (Þorst. J.) það fram, að styrkurinn væri aðeins fyrir Hornfirðinga. Jeg álít því, að nota megi þennan styrk til flutningaferða um sýsluna, á Papós, Hvalsneskrók og víðar, ásamt því að ná sambandi við Austfirði.

Jeg skal ekki fara í neinar orðadeilur fyrir fjvn., því að háttv. frsm. (M. P.) mun einfær um að verja gerðir hennar.

Háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) ásakaði fjvn. fyrir að hafa ekki tekið Blönduóssbryggjuna í sínar till. En eins og frsm. (M. P.) hefir tekið fram, þá eru atkv. nefndarmanna algerlega óbundin um það atriði.

Jeg skal lýsa því yfir, fyrir mína hönd, að jeg hefi álitið þetta vel mega heita nauðsynjamál. En það voru ýmsir þm. í nefndinni, sem álitu vera spursmál um, hvað gera ætti viðvíkjandi svona mannvirki. Jeg minnist þess, að í vetur, þegar jeg var á ferð fyrir norðan land á Sterling, og við lágum á Blönduósi, þá sagði einn velmetinn og háttstandandi farþegi við mig, um leið og hann benti á bryggjuna austan Blöndu, sem hrunið hafði: „Þarna er einn landssjóðskirkjugarðurinn". (*M. P.*: Þeir eru nú fleiri hjer á landi). Að vísu, en jeg skal engan dóm leggja á það, hvort þetta er sagt að ófyrirsynju. En það má líta á það hjer, að hjeraðið sjálft vill leggja fram stórfje, alt að 40 þús. kr., og virðist það benda á það, að mikil nauðsyn sje á því að endurreisa bryggjuna, og því ekki óeðlilegt, þótt landssjóður leggi fram einn þriðja á móti. Þegar áhugi hjeraðanna er svona mikill, þá vil jeg, fyrir mitt leyti, ekki spyrna á móti því, að ríkissjóður leggi eitthvað fram, eða þann þriðjung, sem vant er að veita til slíkra fyrirtækja.

Háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að fjvn. með till. sínum gengi inn á það svið, sem eingöngu væri ætlað úthlutunarnefnd listamannastyrksins, og hjelt, að þessir listamenn, sem fjvn. hefir tekið í till. sínar, væru þeir óverðugustu í augum úthlutunarnefndarinnar. En þetta hvorttveggja er misskilningur. Úthlutunarnefndin hefir veitt bæði Kristínu Jónsdóttur og Jóhannesi Kjarval styrk, en hún kvaðst hafa of litlu fje yfir að ráða, og fór því fram á við fjvn., að hún reyndi að fá þingið til að bæta við þá. Hjer er því alls ekki verið að taka fram fyrir hendur úthlutunarnefndarinnar, heldur farið eftir hennar óskum.

Jeg skal svo ekki lengja meira umræðurnar.

Jón Auðunn Jónsson: Það eru aðeins nokkur orð út af ummælum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), um vitabyggingarnar. Hann sagði í því sambandi, að ekki ætti að byrja á því að endurbyggja vita, meðan ekki væri fært að framkvæma ráðgerðar nýbyggingar.

Háttv. þm. (Sv. Ó.) virðist því ætlast til, að eldri vitar verði ekki endurbættir, hversu brýn nauðsyn sem á því er, fyr en búið er að reisa alla vita, sem í náinni framtíð er fyrirhugað að reisa. Hann verður þó að gæta þess, að hættulegra er fyrir sjófarendur, að eldri vitar ónýtist en hitt, að bygging nýrra vita frestist.

Viðvíkjandi Arnarnesvitanum vil jeg geta þess, að hann er svo illa á sig kominn og hrörlegur, að full hætta er á, að hann skekkist í vondum veðrum; þrátt fyrir sjerstaka alúð vitavarðarins í starfi sínu og stöðugt eftirlit allan þann tíma, sem á vitanum á að loga, hefir þó borið á því, að vitinn hefir ekki sýnt eins gott ljós og til er ætlast og hann gerði áður. Ef vitanum verður ekki breytt til batnaðar, þá er miklu betra að leggja hann niður. En með endurbyggingu mætti gera hann þannig úr garði, að árlegur kostnaður við hann yrði að verulegum mun minni, sjerstaklega hvað snertir mannahaldið, svo að kostnaðurinn við endurbygginguna mundi fljótt borga sig, bæði beinlínis og óbeinlínis.

Þá er það Elliðaeyjarvitinn á Breiðafirði. Það hafa komið fram eindregnar óskir um að fá leiðarvísi í Höskuldsey, og jeg álít það ómissandi og þoli alls enga bið. En með því að endurbyggja Elliðaeyjarvitann verður komist hjá því að byggja leiðarljósið á Höskuldsey, og þar sem vitinn á Elliðaey þarfnast mjög mikilla endurbóta, og það í allra nánustu framtíð, er sjálfsagt að endurbyggja hann nú, því að það verður áreiðanlega sparnaður. Fyrst af því, að við það hverfur algerlega þörfin fyrir leiðarljós á Höskuldsey, sem yrði dýrt, sjerstaklega það, að launa mann til eftirlitsins, og í öðru lagi yrði starfræksla vitans í Elliðaey mun ódýrari eftir endurbygginguna en nú er hún. Jeg get því vel fallist á till. háttv. fjvn. um að endurbæta Elliðaeyjarvitann í þess stað, og gera úr honum hornvita, í stað þess, að aður hefir þar aðeins verið ljósviti. Jeg vil því mæla eindregið með till. háttv. fjvn. um þetta efni.

Ef Arnarnesvitinn verður ekki endurbygður, þá verður vitavörðurinn að vera í vitanum ávalt meðan á vitanum logar, en ef það yrði gert, mætti komast af með að láta mann koma þangað einu sinni eða tvisvar á dag. Vitinn yrði bæði í mannhaldi og öðrum rekstrarkostnaði helmingi ódýrari, og auk þess ábyggilegri.

Jeg neita því ekki, að brýn þörf sje á endurbótum á Austurlandi. En hjer er svo brýn þörf, að hún þolir enga bið.

Viðvíkjandi utanfararstyrknum til blindu stúlkunnar, þá skal jeg skýra frá því, að faðir stúlkunnar er bláfátækur og hefir við og við orðið að þiggja af sveit, vegna þess, að hann hefir 9 börn fram að færa, og sjer sjer því alls ekki fært að kosta stúlkuna. Jeg vil því mæla mjög eindregið með þessum styrk. Jeg ætla ekki að rekja fleiri till. hv. fjv., en læt nægja að sýna afstöðu mína við atkvgr.

Vegna þess, að háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) var að bera styrkinn til Hornafjarðarbátsins saman við styrkinn til bátsferða um Ísafjarðardjúp, þá vil jeg benda hv. samgmn. á það, að styrkurinn til bátaferða á Ísafjarðardjúpi er í rauninni hlægilega lítill. Það stendur til, og hefir staðið til, að láta bátinn hætta að annast

póstflutninga um Djúpið, vegna þess hvað styrkurinn er lítill. Það mundi sýna sig, ef ríkið eða póststjórnin ætti að kosta póstflutninga um Djúpið sjerstaklega, að sá kostnaður yrði ekki minni en þessi styrkur. Út af orðum háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) vil jeg geta þess, að jeg skil ekki, að Austur-Skaftfellingar verði ekki svo sanngjarnir að gera sitt til þess, að Sunnmýlingar geti haft sem mest not af Hornafjarðarbátnum þar austur frá. Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að styrkurinn yrði að vera svo hár, að báturinn gæti sótt vörur í landsverslunina á Seyðisfirði, þá skil jeg ekki, að það sje betra fyrir þá að fá þær þaðan heldur en beint frá Reykjavík með Suðurlandi.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend nú í sjálfu sjer ekki upp af því, að svo margt hafi í milli borið mín og háttv. fjvn., heldur einkum til þess að gera nánari grein fyrir málum, sem jeg hefi áður drepið hjer á, sem sje vitamálunum. Jeg hefi hlustað bæði á skýrslu stjórnarinnar og ræðu háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), og finst sem heilmargt beri þar á milli. Jeg gat sem sje ekki skilið annað á ræðu hæstv. ráðh. (P. J.) en að engin knýjandi nauðsyn væri á endurbyggingu vita vestanlands, þótt æskilegt væri að koma vitunum þar í nýtískuhorf. Hinsvegar lýsti háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) þessum vitum svo átakanlega,að hann sagði,að vaka yrði yfir þeim nótt með nýtum degi, svo ekki fykju þeir út í hafsauga, svo væru þeir ljelegir orðnir og illa komnir á alla lund. Um aldurinn er það annars að segja, að þeir munu bygðir nokkru eftir síðustu aldamót, og því jafnstæðilegir og aðrir vitar frá þeim tíma; en yfirleitt munu þeir stæðilegir og ekki þörf að endurbyggja þá. En þetta er þó ekki aðalatriði málsins, heldur hitt, að Vestfirðir eru hlutfallslega vel settir með vita, að minsta kosti saman borið við Austfirði, sem hafa til þessa altaf verið látnir sitja á hakanum í framkvæmdum þessara mála, og eru því verst komnir allra landsfjórðunga um þessa hluti. Frá Langanesi til Ingólfshöfða er í raun rjettri aðeins einn viti, sem teljandi er, Dalatangaviti, þegar frá eru taldir tveir eða þrír innsiglingavitar. Er þetta því merkilegra og óafsakanlegra, sem það er kunnugt, að siglingaleið er þarna mjög varasöm og vandfarin, við suðausturhorn landsins, sakir þoku og grunnsævis í námunda við Papey, en þetta svæði á leið aðalsiglinganna frá Evrópu til Austur- og Norðurlands og aðalstrandferðanna. Þar við bætist svo, að þessum oftnefndu vitabyggingum á Austfjörðum hefir verið marglofað og hátíðlega, en engar efndir á orðið. Og svo virðist eiga að vera enn. Og nú kemur því spánný upplýsing um ástæðuna fyrir drættinum, sem sje, að kostnaður, sem áður var ráðgerður 50—60 þús., sje nú kominn upp í 150 þús. Jeg þekki nú ekki til þess, að verðlag hafi hækkað svona gífurlega frá 1919, þegar áætlunin var gerð, en samt hefði jeg ekki gert mjer rellu út af því, þó að byggingunum hefði verið frestað eitthvað eystra vegna ástandsins og dýrtíðarinnar, ef ekki hefði jafnframt komið í ljós, að það væru aðeins Austfirðir, sem afleiðingar þessara erfiðleika ættu að bitna á. Af þessari nýuppteknu fjárveitingu hjer, til endurbyggingar á Arnarnessvita og Elliðaeyjarvita, er sem sje bersýnilegt, að taka á fjeð, sem ætlað var Austfjarðavitunum í fyrra og í ár, og verja því til vitabygginga vestra.

Það er því síður en svo, að jeg geti verið fjvn. og stjórninni þakklátur fyrir afskiftin af þessu máli, og get jeg fullvissað hæstv. stjórn um það, að jeg man þetta lengur en til morguns. Jeg endurtek það, sem jeg áður hefi sagt, að hjer

er um að ræða óafsakanlega vanrækslu um vitabyggingar, sem löngu eru lögákveðnar á hættulegasta siglingasvæði við landið, svæði, sem oft hefir reynst hættulegt. Á því liggur norðast og austast á Papeyjargrynningum Geirfuglasker, eða Hvalsbakur, langt undan landi, en umhverfis hann ætla margir þann kirkjugarð hafsins, sem geymir skip þau, er fyr og síðar hafa horfið eða týnst á þessari siglingaleið, en þau eru ekki allfá á þeim tíma, sem jeg man.

Svo verð jeg að snúa mjer að brtt. háttv. samgmn., sem jeg hefi áður vikið að, sem sje um samgöngurnar fyrir Austur- og Norðurlandi. Jeg verð að endurtaka það og undirstrika, að einmitt á Austfjörðum er hvað mest þörf á greiðum og góðum samgöngum á sjó fjarða á milli, vegna þess, hve landsamgöngurnar eru slæmar, og svo gott sem engir færir vegir þar á landi. Jeg hefi áður bent á það, að hve litlu liði, tiltölulega, þessar margnefndu Goðafossferðir koma, og get því nú látið mjer nægja að minna á það, að gengið er þarna alveg fram hjá að minsta kosti fjórum sjálfsögðum höfnum: Berufirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Mjóafirði. Sumar þessara hafna mega heita útilokaðar frá öllum samgöngum, vegna landslagsins. Um enga þessa höfn verður sagt, að hún sje lakari öðrum höfnum, sem sambönd hafa með Goðafossi, og sumar þeirra, Mjóifjörður að minsta kosti, með bestu höfnum á landinu og auðteknustu.

Að öðru leyti verð jeg að vísa til fyrri ræðu minnar um þessi atriði, en endurtek það, að mjer virðist hvorug þessara nefnda, samgöngumála eða fjárveitinga, eiga þakkir skyldar fyrir frammistöðu sína, enda mun jeg sýna það við atkvgr.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Þegar samgmn. fór að athuga það, hvað miklu ætti að kosta til strandferða og annara samgangna á sjó, þá sá hún, að hún varð að fara varlega í tillögum sínum til útgjaldaauka, vegna þeirra örðugu fjárhagsástæðna, sem nú eru fyrir dyrum. Vandi nefndarinnar var því í því fólginn að gera tillögur sínar um samgöngur á sjó þannig, að jafnrjetti yrði milli hinna ýmsu landshluta, og láta þær koma að sem mestu liði fyrir takmarkað fjárframlag úr ríkissjóði. Auðvitað má altaf deila um slíkt. Það gengur svo venjulega, að flestum þm. finst sitt kjördæmi hafa helst orðið út undan. Þetta hefir komið glögt fram í þessum umræðum, bæði frá háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Lagðist sá síðari fast á móti till. samgmn., kallaði hana örverpi o. s. frv. Mörgum mun koma þessi andstaða háttv. þm. (Sv. Ó.) undarlega fyrir sjónir, því að till. nefndarinnar ber það ljóslega með sjer, að hún hefir einmitt lagt sig í framkróka til þess að reyna að bæta samgöngur fyrir Austurlandi, enda hefir oft og rjettilega verið undan því kvartað, hvað þær væru ónógar og óhentugar. Og þegar þess er gætt, að kvartanirnar hafa fyrst og fremst beinst að því, hve bátaferðirnar, sem verið hafa þar, væru ófullnægjandi og hve beinar samgöngur við útlönd hafi verið ónógar, virðist harla einkennilegt að rísa upp með ónotum yfir því, að útvega á vandað skip, einmitt til þess að annast beinar ferðir milli Austurlands og útlanda, með viðkomum á öllum helstu höfnum Austurlands. Þar með talinn Djúpivogur, ef nokkur flutningur fæst þangað. En fáist ekki nægur flutningur, virðist skipið eiga lítið erindi á höfnina. En í sambandi við andmæli háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gegn Goðafossferðunum, má upplýsa það hjer, að það var einmitt háttv. samþm. hans (S. H. K.), sem sæti á í Ed., sem var því mest fylgjandi að fá

þessar ferðir, gegn styrk úr ríkissjóði. Hann taldi þær tvímælalaust mikla samgöngubót fyrir sitt hjerað.

Býst jeg við, ef fleiri háttv. deildarmenn standa upp og halda ræður um samgöngur á sjó, þá verði niðurstaðan sú, að þeim, hverjum um sig, virðist samgöngur verstar við sitt hjerað. Og jeg tel líklegt, að ef hæstv. forseti (B. Sv.) hefði verið á þingmannabekk og mátt halda ræðu hjer í deildinni, þá hefði hann talið sitt kjördæmi verða verst úti, því að þangað er ekkert skip áætlað á nokkra höfn, annað er Sterling.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gat þess, að engu öðru skipi en Sterling væri ætluð viðkoma á mörgum höfnum í hans kjördæmi, og Sterling ekki áætluð nema stöku sinnum á sumar hafnirnar. En það eru fleiri hjeruð, sem því verða að sæta. Og svo er um mitt kjördæmi, Norður-Múlasýslu. Það verður nær eingöngu að hlíta ferðum Sterlings. Og ennfremur eru þar ýmsar hafnir, sem hvergi eru settar á áætlun. Get jeg í því sambandi nefnt Loðmundarfjörð; þar er engu skipanna ætlað að koma.

Viðvíkjandi því sem háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) talaði um samgöngurnar við Borgarnes, vil jeg geta þess, að þær eru ekki eins vondar og hann hefir haldið fram, þar sem ætlast er til, að farnar verði 30 áætlunarferðir milli Reykjavíkur og Borgarness.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) beindi þeirri beiðni til forseta, að bera fyrst undir atkv. styrkbeiðni til bátaferða á Austfjörðum (sunnan Seyðisfjarðar), til þess að hann gæti sjeð, hvernig þingmenn snerust við þeirri styrkbeiðni, og hagað atkv. sínu um styrki til annara bátaferða eftir því. Þetta er óbeint tilboð um svo kölluð hrossakaup. Það er sama sem að segja: Jeg skal fylgja þjer að málum, ef þú fylgir mjer. Jeg skal greiða atkvæði með þínum fjárbeiðnum, ef þú greiðir atkvæði með mínum. Jeg skal geta þess, að jeg hefði gjarnan viljað greiða atkv. með þessari till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), en sá mjer það ekki fært, því að ef farið væri að veita styrk til bátaferða um suðurhluta Austfjarða, þá er ekki síður ástæða til að veita fje til bátaferða norðanmegin Seyðisfjarðar, til Langaness.

Sigurður Stefánsson: Það er einkum út af Arnarnesvitanum og samanburði hans við fyrirhugaða vita á Austfjörðum, að jeg tek til máls. Jeg lái háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) það alls ekki, þótt hann vilji ekki láta dragast eitt árið enn þessar vitabyggingar á Austfjörðum. Það er nú svo, að hver vill sínum tota fram ota.

En jeg held, að um þessa till. fjvn. verði ekki annað sagt en nefndin hafi fyrst og fremst litið á nauðsynina, nauðsynina hvar helst væri þörf á endurbygging og aðgerð gömlu vitanna; þar næst leggur nefndin til, að reistir verði tveir nýir vitar. Og jeg álít, að Alþingi beri fyrst og fremst skylda til þess að varna því, að gömul mannvirki ríkissjóðs grotni niður, áður en það bætir nýjum við, og þegar Arnarnesvitinn er að falli kominn, þá væri það hrapalleg skammsýni hjá þinginu, ef það ljeti aðgerð hans dragast. Ef litið er á gerðir Alþingis í þessum vitabyggingamálum, þá sjest ljóslega, hvar þingið hefir álitið brýnustu þörf fyrir vita.

Fyrst er Reykjanesvitinn bygður — og svo kemur Arnarnesvitinn. Það sýnist því sjálfsagt — nema Alþingi sje brugðið um skammsýni í þessum málum undanfarið — að láta nauðsynlegar endurbætur þessara fyrstu vita sitja í fyrirrúmi fyrir nýjum vitabyggingum. — Enginn vafi er og á því, að Arnarnes er sá staður, sem einna mesta þörf hefir fyrir vita. Á þessum stað er mest skipaumferð vestan lands, og einmitt á þetta atriði var lögð svo mikil áhersla, og þetta flýtti fyrir byggingu vitans, og þegar svo þessi

viti er að falli kominn, þá bregst þingið skýlausri skyldu sinni, ef það frestar nauðsynlegri viðgerð hans enn þá.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þótti þm. Ísaf. (J. A. J.) fara með tröllasögur, er hann lýsti ástandi vitans. En það er rjett, sem hv. þm. (J. A. J.) sagði; undirstöður vitans eru orðnar svo fúnar, að hann er að falli kominn. Og jeg verð að segja það, að mjer fanst öllu fremur tröllasögukeimur að því, er hann sagði, er hann var að lýsa skiptöpunum á því svæði, er hinir fyrirhuguðu vitar á Austfjörðum eiga að koma. Því að jeg minnist ekki að hafa heyrt getið um þessa miklu skiptapa þar. Jeg býst ekki við, að þótt þessum vitabyggingum á Austurlandi verði frestað nú, að sá dráttur verði langur. Vona hins vegar, að fært verði að reisa þá á næstu árum. En það, sem veldur því, að jeg get ekki greitt atkv. með fjárveitingum til þeirra í þessum fjáraukalögum, er einungis hið geigvænlega fjárhagsástand, en þótt jeg óttist öll aukin útgjöld í fjáraukalögum, þá þykir mjer leitt að greiða atkv. á móti aðgerð á mannvirkjum ríkisins, því það álít jeg þó fyrstu skyldu vora að láta eigi þau mannvirki, sem áður hefir verið varið miklu fje til, ónýtast. Hitt get jeg vel skilið, og það er ekki að ófyrirsynju, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að stjórnin sæi sjer ekki fært að framkvæma þær vitabyggingar, sem samþyktar hafa verið, eða yfir höfuð að greiða allar lögmæltar fjárveitingar, vegna þess, að fjeð væri ekki fyrir hendi í ríkissjóðnum, og jeg skal bæta því við, að jeg vona, að þær fjárveitingar verði látnar sitja fyrir, sem þýðingu hafa, en það skyldi ekki hryggja mig, að ýmsar miður þarfar styrkbeiðnir yrðu feldar niður. Jeg mundi ekki áfellast stjórnina fyrir það, þótt hún gripi til þess úrræðis, ef hún sæi í botn ríkisfjárhirslunnar.

Viðvíkjandi Djúpbátnum skal jeg einungis geta þess, að hann gengur um svæði þar sem ekkert skip kemur, nema á endastöð bátsins, Ísafjörð. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þessa liði, en vil benda á, að þeir þm., sem samþ. umgetnar fjárveitingar, þeir stuðla að því, að þau mannvirki falli ekki í kaldakol, sem búið er að verja miklu fje til að reisa.

Jón Baldvinsson: Jeg er svo hamingjusamur að eiga ekki eina einustu brtt. við frv. það, er hjer liggur fyrir. Jeg þarf því ekki að byrja með því að ávíta fjvn. fyrir sóun á ríkisfje. En þetta skilst mjer vera sá venjulegi inngangur, til þess að geta farið að mæla með *sínum* tillögum.

Þótt jeg sjái þannig ekki ástæðu til að ávíta fjvn., þá er ýmislegt í fjáraukalögunum, sem jeg get ekki fallist á. Skal jeg einkum benda á tvö atriði.

Hið fyrra er það, að mjer virðist styrkveiting til samgöngumála allhá fjárhæð. Til skipaferða eru nú áætlaðar ca. 200.000 kr.; þar af er ⅓ ákveðinn til Eimskipafjelagsins, fyrir að halda uppi ferðum milli Íslands og Kaupmannahafnar helming ársins, með viðkomustöðum á Norður- og Austurlandi. Það er rjett, að margir hafa ávalt búist við, að þetta nýja skip Eimskipafjelagsins mundi taka upp þær ferðir og viðkomustaði, sem varhluta hafa farið af skipaferðum undanfarið, og hin almenna þátttaka í Eimskipafjelaginu var gerð með það fyrir augum, að fjelagið starfaði fyrir alt landið. Og er þá ekki farið of frekt í sakirnar hjer? Er ekki fullmikið lagt fram af ríkissjóðs hálfu, þegar fjelagið, að nokkru leyti, hefir bundið sjer þessa skyldu á herðar fyrir fram? Jeg vildi skjóta því til háttv. samgmn. að athuga, hvort ekki sje rjett, að ríkið noti sem allra mest og styrki sín eigin skip, því að nú er svo komið, að skipin, sem keypt eru dýru verði, þurfa að afskrifa allmikið af upphaflegu kaupverði sínu, til þess að geta talist fulltrygg eign. Þetta þarf að athuga

í tíma, svo að þessi fyrirtæki fái risið undir væntanlegu verðfalli.

Þá er annað atriði viðvíkjandi 19. gr. fjárlaganna (9. gr. fjáraukalaganna), sem jeg vildi fá upplýsingar um hjá hæstv. fjrh. (M. G.). Þar er áætlaður kostnaður vegna konungskomunnar 200 þús. kr. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um, hvort sá kostnaður sje allur greiddur, eða hvort þetta muni nægja til væntanlegrar móttöku í sumar. Jeg veit, að hæstv. ráðherra (M. G.) muni geta svarað, hve miklu hefir verið varið til þessara miður þörfu ráðstafana síðastl. sumar, — og jeg vonast eftir svari hans.

Annars er 9. gr. fjáraukalaganna næsta einkennileg. Önnur upphæð hennar er örlítil fjárhæð til þess að halda lífi í einhverjum aumasta öreiga ríkisins, en hitt er stór fjárhæð, sem varið er í alt öðru skyni, til ónauðsynlegs tildurs vegna konungskomunnar í sumar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get svarað háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) strax, úr því að hæstvirtur forseti hefir veitt mjer orðið. Jeg er að vona, að umræddur kostnaður við móttöku hans hátignar konungsins fari ekki mjög mikið fram úr því, sem gert er ráð fyrir í fjáraukalögunum. Það er þegar búið að greiða allmikið í þessu skyni, en hægt mun verða að selja fyrir allmikið fje aftur. Jeg geri mjer von um, að svo mikið komi inn fyrir sölu ýmsra muna og áhalda, sem keypt verður í þessu skyni, að móttökukostnaðurinn fari ekki mjög fram úr áætlun fjáraukalaganna. Jeg býst ekki við, að háttv. þm. amist við þessum litla styrk, sem settur er í sömu gr. og kostnaðurinn við konungsmóttökuna (*J. B.*: Nei, alls ekki, það var aðeins samræmið). og orðlengi því ekki um hann.

Eiríkur Einarsson: Jeg á hjer þátt í brtt., um að veittur verði 12000 kr. styrkur til bátaflutninga milli Reykjavíkur og kauptúnanna eystra. Samskonar upphæð og hjer er beiðst, 12000 kr., fórum við fram á í fyrra, og fengum þá ósk okkar uppfylta. Þessum 12000 kr. var þá, að tillögu sýslunefndar Árnessýslu, varið til að standast kostnað við sendingu á fóðursíld hjeðan og austur, sem þó varð talsvert meiri en upphæðinni nam.

Jeg hefi ástæðu til að ætla, að háttv. þm. sjái fylstu sanngirniskröfu í styrkbeiðninni, sem gerð er til að ljetta undir með jafnfjölmennum hjeruðum og Árnessýsla og vesturhluti Rangárvallasýslu er, sem einnig verður þessara ferða aðnjótandi, þar sem á þessu svæði búa um eða yfir 8000 manns, og sjest af því, hve margt manna á hjer hagsmuna að gæta. Jeg geri ráð fyrir, að ef bátur fæst til þess að annast ferðir austur, þá muni flutningsgjaldið eigi nema minnu hjeðan en 7—8 aurum á kíló, komið að bryggju þar, og sjá menn af því kostnað þann, er hjeraðsbúar verða að leggja á sig til þessara yöruflutninga. Ef til vill er þó þessi kostnaður ekki aðalatriðið, heldur öryggisleysið um aðdrætti, þar sem ekkert er á því að byggja, að fastar áætlunarferðir komi að nokkrum notum, því að þótt ákveðið væri, að ferðir þessar skyldu farnar á ákveðnum dögum, þá eru mjög litlar líkur til þess, að áætlunarferðir til þeirra lendingarstaða kæmu að haldi. Nú, t. d., er Suðurlandi ætluð viðkoma á þessum stöðum fjórum sinnum í sumar, en þessir staðir eru allir merktir með stjörnu, sem þýðir það, að skipið kemur aðeins á hafnir þessar, ef veður leyfir, og reynslan hefir sýnt hve sjaldan það er.

Jeg veit því, að allir hljóta að viðurkenna, að þessar Suðurlandsferðir koma vart að notum, og lítt er þeim að treysta, og mjer finst undarlegt, að þegar búið

er að styrkja Eimskipafjelagið til að koma við á flestum höfnum norðanlands og austan, ef hjeruðunum eystra verður synjað um þennan styrk.

Eins og jeg tók fram áðan, þá er eina ráðið að tryggja sjer bát hjer Reykjavík, sem skýst austur þegar veður er hagstætt, en ekki bundinn við ferðirnar á ákveðnum degi. Til marks um það, hver kostnaður getur hlotist af þessum erfiða og stopula bátaflutningi, sem er þó óhjákvæmilegur, skal jeg geta þess, að einn báturinn, sem ráðinn var og leigður hjer til vöruflutnings austur, tók 500 kr. fyrir sólarhringinn, en varð svo að bíða byrjar í 14 daga, ef ekki lengur, á kostnað leigutaka, og er auðsætt, hverjir neyðarkostir slíkir aðdrættir eru fyrir verslun bænda austanfjalls. Jeg veit, að kaupfjelögin eystra leggja mikið kapp á að fá báta til þess að flytja vörur austur, en þau geta ekki fengið þá til þessara ferða, nema með því að borga þeim einhvern styrk, auk flutningsgjaldsins, því að ferðirnar eru svo stopular, að eigendur bátanna geta ekki skuldbundið sig til þessara flutninga, nema þeir fái fyrirheit um styrk í þessu skyni. Jeg skal geta þess, að jeg mundi sætta mig við, að þessar Suðurlands-ferðir á umræddar hafnir yrðu algerlega strikaðar út úr áætlun skipsins, ef þessi styrkveiting nær fram að ganga, sem jeg hefi ástæðu til að ætla. Þetta eru aðalsamgöngufærin á sjó, er verður að nota svo mjög, á meðan verslanirnar eystra fá ekki kaupför utan að, sem ekki hefir orðið rúm á síðan snemma á stríðsárunum. Sje það ætlunin að veita styrk til samgangna og flutninga með ströndum fram, veit jeg, að þessari styrkbeiðni verður sint. Þar er svo miklum erfiðleikum úr að bæta.

Jeg gat þess áðan, að styrknum, sem veittur var í fyrra, með samráði stjórnar og sýslunefndar, var varið til þess að flytja fóðursíld austur í sveitirnar. Sá flutningur varð svo dýr til Eyrarbakka, að hann nam sem næst 8 kr. á hverja tunnu. En tunnurnar voru 1600 að tölu, og átst því styrkurinn upp til þessa flutnings eins.

Jeg skal ekki lengja umræður með því að tala um einstakar till. um fjáraukalögin. Það væri óðs manns æði að ætla sjer hjer að fara að gera grein fyrir atkvæði sínu um allan þann tillögusæg. Enda mundu ekki koma um þær óskeikulir dómar frá mjer, fremur en öðrum háttv. þm. Það mundi alt verða meira og minna handahóf og álitamál.

Jeg heyri því mjög borið við, að nú sje þörf á að takmarka fjárgreiðslur, vegna tómahljóðsins í ríkisfjárhirslunni. Jeg er þar einnig á sama máli um það, að gæta beri allrar varúðar í þeim sökum.

Menn hafa og deilt um það, hvort hjer ætti að spara eyririnn fyrir krónuna eða ekki. Sumir telja fjárvandræðin vera að kenna forsjárleysi stjórnarinnar í þeim sökum, en aðrir telja það stafa af því, að ekki sje sparað sem skyldi á hverjum útgjaldapósti um sig, eða þeim öllum í sameiningu. Jeg hallast á báðar þessar sveifar, og tel sökina liggja bæði hjá þingi og stjórn.

Það hefir hjer verið talað um styrki til listamanna. Mun jeg þar haga atkvæði mínu í samræmi við þá stefnu, að opna ekki dyrnar fyrir hverskonar styrkbeiðnum, en láta það ráða, hvað mjer virðist sanngjarnt og rjett um hvern lið um sig. Hins vil jeg geta, að jeg álít mjög óheppilega stefnu að fleyga listamannastyrkinn í sundur, eins og hjer er verið að gera, þ. e. að þingið veiti í þessu skyni ákveðna, sameiginlega fjárhæð og taki líka á sína arma sjerveitingar til einstakra listamanna. Þó get jeg verið með

slíkum fjárveitingum, ef alveg sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Jeg get til dæmis ekki verið á móti því, úr því nú er búið að flytja listaverk Einars Jónssonar heim, að þingið þá veiti honum styrk til þess að hann geti lifað sæmilegu lífi. Sama get jeg sagt um Ríkarð Jónsson.

Viðvíkjandi verklegum framkvæmdum, t. d. vitunum, þá verð jeg að taka það fram, að jeg tel þá togstreitu, sem um þau mál hefir orðið hjer í hv. deild, ataróheppilega, og beinlínis illa farið með þingtímann að verja honum til slíks. Jeg álít, að öll slík mál, svo sem símar, vitar, vegir og brýr, eigi að vera í föstu formi og ákveðinni röð fyrir þinginu, svo ekki geti slík togstreita átt sjer stað um þau milli fjórðunganna.

Það er gott að taka það fram nú strax, áður en fjárlögin koma til umræðu, að það þarf að gera sjer glögga grein þess, hvernig eigi að framkvæma þau verk, sem þar er ætlað fje til, þannig, að fjeð verði að sem bestum notum. Á þessu hefir oft orðið misbrestur, og ekki síst nú á síðustu árum. Hafa háar fjárhæðir orðið að sama og engu, vegna erfiðrar aðstöðu, hás kaupgjalds og ónógrar verkstjórnar. Og þekki jeg þess dæmi úr mínu bygðarlagi. Væri ef til vill ekki ástæðulaust að binda sumar fjárveitingarnar að minsta kosti skilyrði um kaupgjaldshámark og verkstjórn, sem yrði í betra samræmi við greiðslugetu og tilætlað starf en stundum á sjer stað. Segi jeg þetta til athugunar fyrir fjárveitinganefnd og aðra háttv. þm.

Jeg læt hjer svo staðar numið. Vona að brtt. okkar mæti góðum undirtektum í háttv. deild.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að vera mjög langorður, því að þótt umræður hafi nú staðið í tvo daga um fjáraukalögin, þá hefir fremur lítið verið fundið að gerðum fjvn. Og þeir fáu, sem fundið hafa að, hafa gert það mjög loðið og tekið á brtt. fjvn. þeim vettlingatökum, að hvorki er það auðvelt, nje heldur þarflegt, að svara þeim miklu.

Annars hefi jeg haft gaman af því að heyra einstaka deildarmenn vera að tala um eyðslusemi fjvn. yfirleitt, en rjúka þó um leið upp til handa og fóta til þess að verja það, sem fjvn. hefir lagt til að veitt verði í þeirra eigin kjördæmi. En jeg verð að benda þessum háttv. þm. á það, að fjvn. er fyrir alt landið, og verður því að taka jafnt tillit til allra landsfjórðunga. Og jeg vil í þessu sambandi benda á orð háttv. þm. Ak. (M. K.), sem sjálfur hefir verið í fjárveitinganefnd, að það er „hægra um að tala en í að komast". Háttv. þm. þekkja ekki þann vanda, sem fjvn. er oft stödd í, um það, hverjar fjárbeiðnir hún eigi að skera niður og hverjar að taka til greina.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) var að tala um tóninn í framsöguræðu minni. Það getur vel verið, að sumum þyki jeg nokkuð hvatskeytlegur í orðum, og láti ekki lyppast út úr mjer það, sem jeg ætla að segja á annað borð. Annars er það misskilningur, að jeg hafi verið að koma með ákúrur til hans (H. K.). Hann vildi bera brigður á það, að fjvn. hefði verið öll á einu máli um fjárveitinguna til Sigurðar Jónssonar. Jeg hefi að vísu ekki heimild til þess að skýra hjer frá öllu því, sem gerist á fundum fjvn. En ef til vill getur þessi háttv. þm. (H. K.) fengið aðgang að gerðabók nefndarinnar, og sannfærst þar um, hvort sögumaður hans fer með rjett mál eða rangt.

Hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) og 2. þm. Húnv. (Þór. J.) þarf jeg raunar ekki að svara. Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir svarað 2. þm. Árn. og form. fjvn. hefir svarað 2. þm. Húnv. En jeg vil þó undirstrika það í svari formannsins, að einmitt það,

sem háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) vítti fjvn. fyrir að hafa ekki gert, það var einmitt það, sem nefndin gerði.

Um listamannastyrkinn sagði háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), að úthlutunarnefndin muni hafa álitið þá menninа síst styrkhæfa, er hún synjaði um styrkinn. Jeg er hjer á gagnstæðri skoðun. Jeg hygg einmitt, að nefndin hafi skilið þá menn eftir, sem hún taldi hæfasta, í þeirri vissu von, að þingið gæti ekki, sóma síns vegna, gengið fram hjá þeim.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fetti ekki fingur út í neinar sjerstakar till. fjvn., en óskaði, að hann hefði aldrei þurft að sjá neina þeirra. Jeg get nú líka tekið undir þá ósk, og vildi, að jeg hefði aldrei þurft að sjá þau skjöl, sem fyrir fjvn. lágu. En úr því till. eru fram komnar, þá vona jeg, að hann greiði atkvæði með þeim, því að þær eru svo samgjarnar og nauðsynlegar, að ekki er hægt að láta vera að greiða þeim atkvæði, úr því þær eru fram komnar.

Þá kem jeg næst að hæstv. fjrh. (M. G.), sem helst reyndi að færa rök fyrir, að fjvn. hefði verið nokkuð ör í till. sínum. Lái jeg honum þetta alls ekki, þótt jeg hins vegar sjái, að þetta er gert meira af vilja en mætti, til þess að sýna þó einhvern lit á því, að hann vilji halda í horfinu og spara fje landsins. Og hefi jeg það til marks, hve fáar brtt. það voru, sem hann gerði aths. við. Það var þá sjerstaklega um vitana. En mjer finst það satt að segja dálítið óviðkunnanlegt fyrir fjvn., þegar till. er fram komin frá stjórninni um einhverja fjárveitingu, að þá skuli ráðherrarnir snúast öndverðir hver gegn öðrum um till., er á þing kemur. Og jeg vil skjóta því til hæstv. stjórnar, að hún reyni að varna því framvegis, að einhver ráðherranna geri till. í nafni stjórnarinnar, nema öll stjórnin standi þar að baki, til þess að setja ekki fjvn. í gapastokkinn.

Hæstv. fjrh. (M. G.) taldi ekki mikinn sparnað í því að senda samtímis efni til Gjögurvitans og Arnarnessvitans. En það er fleira en efnið eitt, sem þar kemur til greina. Sama fólkið mundi og framkvæma þetta verk. Og þá liggur í augum uppi, að heppilegra er, að stutt sje milli þeirra staða, sem framkvæmdir fara fram á. Honum fanst og, að eldri mannvirki ættu ekki að sitja fyrir hinum yngri. En þó kemur okkur vel saman um það, að sjálfsagt sje að halda því við, sem bygt hefir verið, t. d. bryggjunni á Blönduósi. Finst mjer þetta því vera hvað á móti öðru hjá hæstv. ráðherra (M. G.), og hann þannig kominn í mótsögn við sjálfan sig, því að það er einmitt til að sporna við því, að gömul mannvirki eyðileggist, sem við viljum þetta.

Af því að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kallaði það tröllasögur, sem háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði um Arnarnessvitann, þá vil jeg geta þess, að slysið, sem varð við þann vita, hlaust af því, að húsið var á fallanda fæti. Vitavörðurinn var að festa þak á húsið, þegar hann hrapaði niður, í ofviðri. Sýnir þetta svo ljóst, hvílíkur gallagripur húsið er, að engin þörf er að benda á fleira. Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) hefir annars gert svo góða og glögga grein fyrir báðum þessum vitum, að jeg þarf ekki frekar um þá að tala. Þó vil jeg geta þess, út af orðum hæstv. fjrh. (M. G.), að vitamálastjóri telur það sparnað, að nýr vitavörður komi að vitanum, þegar búið er að endurbæta hann. Þá er hægt að gæta vitans fyrir lægri laun en áður, en ef gamli vitavörðurinn heldur áfram starfinu, þá verður hann að halda sínum gömlu launum. En þau eru talsvert miklu hærri en þörf er á, ef annarskonar fyrirkomulag yrði.

Hæstv. fjrh. (M. G.) mintist á dýrtíðaruppbótina til Einars Jónssonar. Það finst mjer óneitanlega bera vott um, að hann hafi ekki víða getað stungið fingri niður í till. fjvn. Þetta á alls ekki að vera fordæmi fyrir að veita dýrtíðaruppbót á listamannastyrknum. Hjer stendur svo sjerstaklega á um þennan listamann, að hann getur vitanlega ekki lifað af þeim litla styrk, sem hann hefir. Og hann hefir gert svo mikið fyrir þetta land, og á vonandi enn eftir að gera, að það væri ekki vansalaust af þinginu að láta hann svelta framvegis, eða líða nauð á annan hátt. (*Sv. Ó.*: Er hann þá öryrki?) Nei, alls ekki. En það, sem hann vinnur nú sem stendur, það vinnur hann fyrir þetta land. Hann starfar nefnilega að því að koma fyrir safni sínu, sem hann hefir gefið landinu. Og þó hann ef til vill smíði eitthvað af listaverkum fyrir sjálfan sig, þá er það engin atvinna, þegar þess er gætt, að listaverk eru nú yfirleitt óseljanleg. Og jeg þakka hv. þm. (Sv. Ó.) fyrir að hafa gefið mjer tækifæri til að koma fram með þessar upplýsingar.

Þá talaði hæstv. fjrh. (M. G.) um styrkinn til Jakobs J. Smára. Fanst mjer ekki laust við, að hann færi þar út í hártoganir. Hann spurði, hvort stjórnin ætti þá að borga út nafnbundinn styrk af fjárlögunum til dauðs manns. Já, jeg skal svara þessu í sama tón og segja þetta: Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að stjórnin geri það, ef sá dauði sannar, að hann vinni fyrir styrknum, og stjórnin sjer sjer fært að koma honum til hans, gegn fullnægjandi kvittun!

Hjer er ein spurningin sú: Hefir þessi umgetni maður, Jakob J. Smári, nægan tíma til þess að leysa starfið af hendi eða ekki? Jeg skal ekkert ákveðið um það segja, hvort maðurinn hefir nægan tíma. En jeg veit, að stjórnin hefir ekki rækilega grenslast eftir því, hversu mikla aukavinnu þessi maður hafði, áður en honum var veitt kennarastaðan, en það þyrfti að vera fyllilega upplýst, ef samanburð á að gera. Jeg fyrir mitt leyti get trúað því, að sú kensla, sem hann hafði áður á hendi, hafi ekki verið minni en sú, sem kennarastöðunni fylgir, en ef til vill meiri. Það hefir og áður tíðkast, að menn, sem hafa verið störfum hlaðnir, hafa fengið styrk til orðabókar. Vil jeg þar benda á núverandi rektor Mentaskólans, G. T. Zoëga, sem bæði hefir fengið slíkan styrk og samið orðabók í hjáverkum sínum.

En það, sem nefndin einkum vill leggja áherslu á, er það, að hún telur það algerlega óhæfilegt af stjórninni að neita að greiða þessum manni nafnbundna fjárveitingu, nema samningar hafi verið um það gerðir áður en maðurinn tók við kennarastöðunni, en því miður vanrækti stjórnin þetta, og hefir þannig orðið þess valdandi, að nefndin hefir neyðst til að skifta sjer af þessu.

Það, sem nefndin leggur aðaláherslu á, það er, að hún getur ekki gengið inn á, að stjórnin geti neitað að greiða nafnbundnar styrkveitingar. Nefndin álítur það hættulegt fordæmi, ef stjórninni er veitt víðtæk heimild til að skurka í fjárlögunum eftir vild, til breytinga.

Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um það, út af því, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að hann hefði talið, að kennararnir ættu að eiga frí á sumrin, og er það rjett, að þannig hefði það helst átt að vera, en til mjög skamms tíma hefir þetta naumast getað látið sig gera, vegna þess, að þeir hafa flestir orðið að vinna, einnig á sumrin, vegna ónógra launa. Og sú vinna, sem margur þeirra afkastaði á þeim tíma, sýnir það, að þeir, sem sjerstaklega vilja þannig slíta sjer út, geta þó unnið aukreitis kennarastarfinu.

Hæstv. fjrh. (M. G.) mintist á þessar frestanir á framkvæmdum, sem jeg spurði

um, vegagerðir og símalagningar, sem óafgert er enn um, hvort framkvæmdar verða. Það er vitanlegt, að þingið þarf ekki að leiðbeina stjórninni um þær framkvæmdir, sem ekki er veitt fje til í fjárlögum, að svo komnu máli, en hinu verð jeg að halda fram, að stjórnin hafi ekki heimild til að láta ógert það, sem þingið fyrirskipar, nema með þess leyfi. Að vísu er það rjett, að stjórnin er nokkurskonar ráðsmaður Alþingis, og getur því komið fyrir á milli þinga, að óviðráðanlegar orsakir geti orðið þess valdandi, að stjórnin verði að láta undan falla að framkvæma fyrirmæli þingsins, en þegar þingið situr, þá er alls óleyfilegt að leita ekki leyfis þess.

Hæstv. atvrh. (P. J.) var að tala um eftirlaun vitavarðarins við Arnarnesvitann, og lagði til, að veitt yrði ein upphæð í eitt skifti. En nefndin áleit, að sú upphæð yrði þá að vera nokkuð rífleg, og þótti því nefndinni betra að fara þessa leið, að greiða smáupphæð í svip, þar sem hjer er þröngt í búi sem stendur.

Þetta gæti skoðast sem óverulegur lífeyrir til gamals manns, og mjer þætti undarlegt, ef hæstv. ráðherrar gætu ekki eins fylgt þessari tillögu sem öðrum. Jeg sagði líka, að ekki ætti að orða það sem eftirlaun, heldur sem uppbót fyrir meiðsli, er maðurinn hlaut, er hann var að gegna starfinu.

Jeg skal einnig geta þess frá sjálfum mjer, út af því, sem hæstv. atvrh. (P. J.) sagði um styrkveitinguna til Blönduóssbryggjunnar, að nota mætti fjeð til annarar bryggju, að það er öfugt við mína skoðun, því að jeg tel óheimilt, að stjórnin flytji fje, sem veitt er í fjárlögunum, milli staða, nema heimild Alþingis sje til þess sjerstaklega.

Jeg held, að jeg sje svo ekki að tefja tímann lengur, og vænti að háttv. deild, eftir þeim undirtektum, sem tillögur nefndarinnar fengu við síðustu umr., samþ. þessar brtt. nefndarinnar. Enda nema tillögur hennar ekki nema 5% hækkun á fjárveitingum í frv.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg þarf aðeins að svara nokkrum atriðum, sem minst hefir verið á í umr.

Hæstv. fjrh. (M. G.) mintist á eftirlaun Sigurðar Jónssonar, fyrv. atvrh., þessar 12619,90 kr., og sagði, að þau hefðu verið greidd með það fyrir augum, að meiri hl. þingsins mundi því fylgjandi. Hann sagði einnig, að fjárveitinganefndir beggja deildanna hefðu mælt með styrknum. En jeg vil mótmæla þessu. Jeg tel það hættulega braut, ef þingið gengur inn á það að fara að veita ráðherra eftir ráðherra eftirlaun, eða heiðurslaun, ef menn vilja nefna það því nafni. En það verða reyndar engin heiðurslaun, ef allir ráðherrar eiga að fá þau, hvort sem þeir hafa verið nýtir eða ónýtir.

Jeg vil víkja máli mínu til þeirra bænda, sem eru hjer í deildinni; jeg veit, að þeir láta ekki þvinga sig til að ganga inn á það að samþykkja að veita einum manni 12 þús. og 600 kr. laun, fyrir að hafa verið ráðherra í fáein ár, þegar ekki er hægt að fá fje til þjóðþarfra fyrirtækja, og ekki styrk til bátaferða handa þeim hjeruðum, sem tept eru um samgöngur á sjó ¾ hluta ársins. Það er ekki hægt að byggja brýr og ekki hægt að leggja vegi, — en það er hægt að snara 12600,00 kr. í einn mann fyrir ekki neitt.

Jeg vona því í fyrsta lagi, að hv. bændur hjer í deildinni og aðrir háttv. deildarmenn felli þennan lið, og staðfesti ekki þetta illa fordæmi stjórnarinnar, að veita fje án þess formlegt samþykki þingsins sje fyrir hendi. Og í öðru lagi slái því þar með föstu, að ráðherrum verði ekki veitt eftirlaun, því að það er skrípaleikur að gera slíkt, þegar það hefir verið numið úr lögum.

Í þriðja lagi vænti jeg, að háttv. bændur deildarinnar fari ekki sömu leiðina og

sagt hefir verið um embættismenn þá, er setið hafa á undanförnum þingum, að þeir hafi skarað fullmikið eld að sinni köku, og bið þá jafnframt að minnast orða minna hjer í deildinni fyrir skemstu: að við erum ekki komnir hingað á Alþing til þess að skifta ríkissjóði upp, upp á kunningsskap.

Þórarinn Jónsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Jeg get hlaupið yfir það, sem hæstv. atvrh. (P. J.) sagði um bryggjuna á Blönduósi, með því að háttv. frsm. fjvn. (M. P.) hefir svarað því að mestu leyti.

Jeg er háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) þakklátur fyrir það, að hann er þessari styrkveitingu hlyntur.

Svo vildi jeg aðeins drepa á þennan misskilning milli mín og nefndarinnar, að hann er ekki á mína hlið, heldur hjá háttv. fjvn. sjálfri.

Út af því, sem jeg sagði um styrkinn til listamanna, þá get jeg ekki viðurkent, að jeg hafi talað ósæmilega um listamennina. Jeg drap aðeins á þá stefnu, er þingið hefir upp tekið, og það ósamræmi, að þegar sjerstakri nefnd er falið að úthluta styrkn um, þá á ekki að koma til mála, að þingið taki líka styrk upp í fjárlögin.

Háttv. frsm. (M. P.) sagði, að það hefði ekki verið ástæða til þess að halda, að það hefðu verið þeir lökustu, sem nefndin hefði haft út undan. (*M. P.*: Ekki ástæða fyrir nefndina að líta svo á).

Nú, ekki ástæða til þess að álíta, að þessir menn væru ekki þess verðir að verða styrks njótandi. Hún um það sem listdómari.

En mjer finst það einkennilegt að vera að taka þá upp, sem úthlutunarnefndin hefir skilið eftir vegna þess, að *hún* álítur þá óhæfari en aðra. Og svo er það algert brot á principi því, sem þingið hefir tekið.

Jeg þarf svo ekki meira um þetta að segja, en vil taka það fram, að brtt. um dýrtíðarbót til eins listamannsins vil jeg undanskilja.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hafði ekki hugsað mjer að taka til máls við þessa umræðu; það kemur mest til fjármálaráðherrans kasta.

En það er út af umræðunum um eftirlaun Sigurðar Jónssonar, og helst út af seinustu ummælum háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að jeg vildi segja fáein orð. Jeg ætti að þekkja til þessa atriðis, sem hjer er sjerstaklega talað um, nefnilega eftirlaunamálið.

Það er alveg rjett, sem sagt hefir verið, að talsverður andblástur hefir verið hjer á landi gegn eftirlaunum, og þá sjerstaklega föstum, en jeg hygg, að allmikil breyting sje orðin á skoðunum manna almennt á þessu máli.

Þegar það var úr lögum numið, að ráðherrar skyldu fá eftirlaun, þá var ekki ætlast til þess, að engir þeirra fengju þau, heldur að það kæmi til ákvörðunar þingsins í hvert skifti. Ef efnalitlir menn, sem verða að láta af stöðu sinni þess vegna, verða ráðherrar, verður þingið að sjá þeim fyrir eftirlaunum. Ef efnaðir menn eða menn, er geta komist aftur í stöðu sína, eða jafngóða stöðu og áður, þá er þeir hafa sagt af sjer ráðherraembætti, þá er engin ástæða til þess, að þeir njóti eftirlauna. Það er því á góðum rökum bygt að hafa ekki föst lögmælt eftirlaun, en að þingið hagi sjer hjer eftir ástæðum.

Hjer stóð svo á, að ráðherraskiftin urðu rjett undir lok síðasta þings, og því þingi var slitið af mikilli skyndingu. Ekki þó svo, að eigi ynnist tími til að fá yfirlýsingu mikils meiri hluta þingmanna um, að það væri vilji þeirra, að Sigurður Jónsson fengi eftirlaun.

Það kemur mjer því mjög á óvart, að nú skuli ráðist á þetta atriði. Og það því frem-

ur, sem þessi aldraði heiðursmaður á þetta og skilið af öðrum ástæðum. Hann var þó nokkuð lengi ráðherra, en varð, er hann tók við embætti, að fara úr fyrri stöðu sinni, sem hann getur ekki sest í aftur með góðu móti, en auk þess er á það að líta, að hann hefir unnið langt og gott starf til þjóðnytja. Jeg bjóst ekki við því, að ráðist yrði á þetta, hvernig sem hv. þm. standa gagnvart núverandi stjórn að öðru leyti.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki tefja hv. deild lengi, en af því að nokkrar umr. hafa spunnist út af brtt. minni á þskj. 242, verð jeg að segja nokkur orð.

Jeg vil taka það fram, til þess að leiðrjetta misskilning, sem mjer fanst kenna hjá hæstv. forsrh. (J. M.), að þessi till. mín stendur alls ekki í sambandi við afstöðu mína til núverandi stjórnar. Þá vil jeg og mótmæla því hjá hæstv. forsrh. (J. M.), að þm. hafi gert ráð fyrir slíkum eftirlaunum sem þessum, þá er eftirlaun ráðherra voru afnumin. Jeg var á þingi þá, og jeg minnist þess ekki. Hann benti á, að þessi heiðursmaður hefði verið tekinn úr stöðu sinni. Þetta hafði jeg og bent á, og fyrir mjer vakir einmitt að bæta honum þann halla, sem hann hefir beðið við það, með þessari ekki ósómasamlegu upphæð. Jeg get ekki fundið, að jeg hafi talað neitt öfgakent um þetta, og jeg tel enga ástæðu til þess að bregða mjer eða öðrum hv. þdm. um öfundsýki, eins og hæstv. fjrh. (M. G.) gerði. (*M. G.*: Jeg sagði það ekki). Mjer gengur engin öfund til, enda er jeg lítt haldinn af þeim kvilla. Og ekki hefi jeg ætlast til, að stjórnin endurborgaði það, sem þegar er greitt.

Annars vil jeg ekki fjölyrða meira um þetta. Með tillögu minni hefi jeg viljað leitast við að miðla sem best málum, um leið og jeg vil láta það sjást, hverjir það eru, sem álíta sig hafa heimild til að greiða ráðherrum eftirlaun, þvert ofan í skýlaus lagafyrirmæli.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. frsm. fjvn. (M. P.) talaði um, að ósamkomulag mundi vera innan stjórnarinnar um vitabyggingar. Það mun nú nokkuð orðum aukið hjá honum, en annars álít jeg það ekki skyldu ráðh. að vera sammála um öll smáatriði. Jeg lagði nú reyndar ekki verulega á móti Arnarnesvitanum, þótt jeg teldi þörfina ekki svo brýna, að rjett væri að taka hann á undan þeim vitum, sem þegar er veitt fje til í fjárlögum. Þessari skoðun minni til styrktar vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp fáein orð um þennan vita, úr brjefi vitamálastjóra:

> „Á seinni árum hefir hann þótt ófullnægjandi, enda hefir hann ýmsa galla, auk þess, að hann er töluvert dýr í rekstri. Hann var bygður 1902, húsið er úr timbri og eitthvað farið að gefa sig, svo að grunur er um, að undirstaðan, sem er úr timbri, sje farin að fúna".

Hjer er svo sem ekki um mikið að ræða. Aðeins grunur um, að undirstaðan sje farin að fúna. Það finst mjer tæplega næg ástæða til að heimta hann bygðan af nýju strax.

Jeg skal ekki fara út í meiðsli vitavarðar. Eftir lýsingu læknis virðast þau ekki vera stórvægileg. Þó vil jeg ekki leggja móti þessum styrk til hans.

Háttv. frsm. (M. P.) tók það fram, að það væri ekki „princip" að veita dýrtíðaruppbót á listamannastyrkinn. Það gleður mig að fá þessa yfirlýsingu hans, því að jeg veit, að hann er fastur á því að fylgja gefnu fordæmi.

Um orðabókarstyrkinn get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt. Það mun varla vera hægt að vísa til styrks, sem rektor Mentaskólans fjekk til útgáfu enskr- ar orða-

bókar. Sá styrkur var veittur til útgáfu en ekki til samningar, en hjer er ekki um útgáfu að ræða. Þá verð jeg að segja það, að jeg tel rjett að líta á fjárlögin sem sjerstaka tegund laga, og eigi jafnbindandi og önnur lög.

Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) kallaði meiri hluta þings veika ástæðu fyrir stjórn til að greiða fje úr ríkissjóði. Jeg veit nú ekki, hvernig á að fá betri ástæðu. Hann hjet á bændur sjer til liðsinnis, en jeg veit nú ekki, hversu sterkt liðsinni hann fær þar, en svo mikið er víst, að upptök þess, sem hann nú hrópar gegn, eru komin úr flokki bænda.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg talaði ekkert til háttv. þm. Barð. (H. K.), svo að hann þurfti ekki að svara. Og aldrei hafði mjer dottið í hug, að þessi till. hans væri borin fram til þess að fjandskapast við stjórnina. En það verð jeg þó að segja, að mjer finst fremur smásmuglegt að berjast fyrir því að fá þetta lækkað úr 12 þús. niður í 10 þús. Það munar ekki svo gífurlega miklu, þótt þetta væri klipið af. Jeg gat betur skilið till. háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), og við hann átti jeg einkum í ræðu minni. En jeg býst nú ekki við, að hann komist langt með till. sína.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Hæstv. fjrh. (M. G.) kvað ekki rjett að ætlast til þess, að stjórnin væri sammála um öll smáatriði. Til þess hefi jeg nú aldrei ætlast. En jeg hjelt, að því væri líkt farið um ráðuneytið og nefndir, að þótt smávægilegur skoðanamunur sje, þá greiðir minni hl. ekki atkvæði gegn meiri hl. Og hæstv. atvrh. (P. J.) hefir lagt til, að Arnarnesvitinn yrði endurbygður, og það einmitt í sama brjefinu og hæstv. fjrh. (M. G.) var að lesa upp úr. Það var leitt, að hann skyldi ekki lesa brjefið til enda, því að hjer í niðurlaginu standa þessi orð, sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

> „Og hvað snertir Arnarnesvita, telur ráðuneytið, eftir því, sem fyrir liggur, rjett að taka uppástungur vitamálastjóra hjer að lútandi til greina".

Þetta eru skýr orð, og þarf ekki fleiri. Hæstv. fjrh. (M. G.) kvaðst ekki mundu mæla gegn styrknum til vitavarðarins, þótt hann teldi meiðslin ekki stórvægileg. Jeg held, að það sje þá óhætt að segja, að upphæðin er ekki heldur stórvægileg. Jeg vona, að háttv. deild sjái, að hjer er um smámuni eina að ræða, aðeins 400 kr. á ári.

Um orðabókarstyrkinn er það að segja, að þótt ólíkt sje að sumu um þá Geir rektor Zoëga og styrk hans og styrk Jakobs Smára, þá er þó sumt hliðstætt. Þótt styrkurinn til rektors væri til útgáfu, þá hlýtur þó að hafa verið undangengið starf, sem var undir líkum skilyrðum og hjer er talað um, sem sje jafnframt skólakennslunni, og hefir þó enginn talað um, að rektor hafi vanrækt skyldustörf sín. Hann hefir þannig haft tíma til þess að vinna þetta verk, og það er mikið verk. Nú virðist það liggja í augum uppi, að sami tími fer til að vinna sama verk, hvort sem vinnandinn er styrktur til þess eða ekki. Því eru engar líkur til þess, að Jakob Smári fái eigi unnið það starf, sem til var ætlast, þegar honum var veittur styrkurinn. Og jeg sje ekki, að það breyti neinu, þótt hæstv. fjrh. (M. G.) tali um það, að fjárlög sjeu annars eðlis en öll önnur lög, enda gaf hann enga skýringu á þeim orðum.

Þorleifur Guðmundsson: Hæstv. forsrh. (J. M.) óskaði, að þm. ljetu ekki afstöðu sína til núverandi stjórnar hafa áhrif á atkvgr. þeirra um eftirlaun Sigurðar Jónssonar. Fyrir mjer vakir nú ekki annað en það, að jeg vil ekki láta Alþingi ganga

út á eftirlaunabrautina aftur, þegar einu sinni hefir verið af henni gengið. Jeg væri ekki frá því að veita þessum heiðursmanni heiðurslaun, ekki sem ráðherra, heldur sem dugandi manni, og að því lýtur varatill. mín. Jeg get illa skilið, að stjórnin megi greiða fje út, án þess að Alþingi hafi samþ., því að jeg skoða það enga samþykt, þótt einhver flokksbrot kunni að hafa gefið stjórninni einhver loforð í þessa átt.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) ljet um mælt um öfundina, í sambandi við þessa tillögu, þá vil jeg aðeins segja það, að hún er ekki sprottin af öfund. Jeg öfunda ekki fyrverandi ráðherra, núverandi ráðherra nje tilvonandi ráðherra af launum þeirra, tilvonandi eftirlaunum, heiðurslaunum nje öðrum bitlingum þeirra.

Jón Þorláksson: Aðeins örfá orð út af ummælum hæstv. fjrh. (M. G.), um rjett stjórnarinnar til þess að spara fjárveitingar. Jeg vil ekki láta umr. enda svo, að skýring hæstv. fjrh. (M. G.) fái engan stuðning hjá deildinni. Og það er þá skoðun mín í því máli, að stjórnin hafi ekki einungis rjett, heldur líka beina skyldu til þess að fella niður greiðslu á einhverri veittri fjárveitingu, ef hún telur, að ástæðurnar fyrir fjárveitingunni sjeu burtu fallnar eða stórum breyttar, og að ekkert tjón stafi af því að fella niður greiðsluna.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þóttist stilla orðum mínum mjög í hóf síðast þegar jeg talaði, og mjer kom því dálítið á óvart þessi glymjandi í háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.). Það var alls ekki ætlun mín að meiða hann eða sneiða á nokkurn hátt. — En viðvíkjandi orðum háttv. þm. Barð. (H. K.) ætla jeg að taka það fram, að það var búið að ræða mikið um launamálið, áður en eftirlaunalögin voru afnumin, og það jafnvel áður en háttv. þm. (H. K.) steig fæti sínum í þennan sal, — svo að jeg þarf ekki á neinum leiðrjettingum að halda frá honum í þeim efnum. Mjer er best kunnugt um það. Ef millilþingalaunamálanefndin rannsakaði nokkurt mál gaumgæfilega, þá var það þetta.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg stend aðeins upp til þess að viðurkenna, að það er alveg rjett, sem háttv. frsm. fjvn. (M. P.) sagði um innihald brjefs atvinnumálaráðherra. Hafði jeg ekki lesið brjefið alt, og bið afsökunar á þessu mishermi mínu.

Um orðabókina held jeg fast við, að Geir Zoëga fekk styrk til *útgáfu* bókarinnar, en ekki fyrir *starf* sitt við samningu hennar, og er það verulegur munur.

Bjarni Jónsson: Jeg vil taka það fram gagnvart ræðu hæstv. fjrh. (M. G.), að hjer er alls ekki að ræða um borgun á starfa, heldur hitt, hvort maður, sem hefir svo mikla skylduvinnu á hendi sem íslenskukennarinn við Mentaskólann, sje fær um að bæta á sig þessu starfi. Það er þetta, sem stjórnin átti að sanna, úr því hún hreyfir hjer þeim andmælum, að slíkt væri *óleift*. — En nú hefir hitt einmitt verið sannað, að maðurinn *getur* unnið þetta, eins og Geir Zoëga áður.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), vil jeg benda á það, að hjer stendur öðruvísi á en um fjárveitingu til vegagerða, þar sem þeir, er fyrir verki standa, bíða venjulega lítið tjón, hvernig sem fer um framkvæmdir verksins. Það er hjer að ræða um fjárveitingu til nafngreinds manns, og jeg man ekki til þess, að það hafi nokkurntíma heyrst, að stjórn hafi neitað að greiða manni þau laun, sem

honum hafa verið veitt eftir fjárlögunum, nema maðurinn hafi verið dáinn — eða þá kominn til furðustranda — þangað, sem enginn póstvegur er ennþá lagður. Þetta hefði þó verið sök sjer, ef háttv. stjórn gæti sannað, að maðurinn hafi reynst óhæfur til þess að vinna verkið, en nú er því ekki til að dreifa. Það er þvert á móti hægt að sanna, að hann *hefir* unnið sitt verk, og þó í engu vanrækt kenslustarfið.

Það lætur annars dálítið undarlega í eyrum, er því er haldið fram, að það sje voðalegt starf að kenna íslensku við Mentaskólann. Jeg skal að vísu játa, að það tekur talsverðan tíma að fara í gegnum stílana. En jeg verð þó að telja það talsvert ljettara verk að leiðrjetta íslenska stíla en latneska. Nú er það kunnugt, að Jón heitinn Þorkelsson hafði latínukensluna á hendi í þessum skóla, og vann þó margt þrekvirkið aukreitis í þarfir þjóðarinnar, og hví má þá ekki ætla öðrum að leysa af hendi ljettara starf?

Auk þessa er hjer ekki um að ræða neitt óþarfabruðl. Þessi maður hefir fulla þörf á styrknum, meðan embætti hans er ekki betur launað, en allar nauðsynjar í svo háu verði. — Og að því er snertir orð hæstv. fjrh. (M. G.) um það, að jeg væri hjer ekki sjálfum mjer samkvæmur, þar eð jeg hefði jafnan haldið því fram, að kennarar þyrftu öðrum fremur að eiga góða daga og njóta nægilegrar hvíldar, þá er þar um algerðan misskilning að ræða hjá hæstv. ráðh. (M. G.). Jeg hefi í engu breytt skoðun í því efni, en hinu held jeg fram, að ef kennari er knúður til að bæta á sig einhverju aukastarfi, þá er honum hægra og hollara að vinna að einhverju, sem er honum áhugamál og nákomið aðalstarfi hans, heldur en öðru, sem er því óskylt, enda vænlegra að verk hans komi þá að fyllri notum.

Annars finst mjer, að það þurfi talsverða einurð til þess að halda því fram hjer á Alþingi, að stjórnin geti leyft sjer að breyta fjárlögunum, og það þótt frambærilegri ástæður væri til en nú er. Mjer hefir ávalt fundist það vera ríkt í huga flestra þm., að fjárveitingavaldið mættu þeir aldrei af hendi láta. Og einmitt með þetta fyrir augum hefir fjárlagatímabilið verið stytt um helming, og þing nú haldið á hverju ári. Mjer þætti því fremur illa við eigandi að byrja nú á því, á þessu þingi, að þola stjórninni að fella niður ákvæði í fjárlögunum. Það má vera, að þetta gæti ekki talist svo vítavert, ef stjórnin hefði samið um þetta atriði við manninn, og hann fallist á að fella burt styrkinn. En úr því að háttv. stjórn hefir ekki gert þetta, og unt er annars vegar að sanna, að maðurinn hefir ekki einasta unnið verk sitt, heldur unnið það vel, þá ber honum það fje með fullum rjetti, enda myndi hver einasti dómstóll dæma svo.

Um vitana þarf jeg ekki að vera langorður, því að háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) hefir fært fram nægileg rök fyrir nauðsyn þess máls. Eins og menn vita, þá er mjög skerjótt út frá Búlandshöfða, og vant að vita, hvenær skip, er kemur utan flóann eða frá Ólafsvík, er hæfilega norðarlega, og þó á leið sunnan Elliðaeyjar, og innsigling afartorveld, enda hafa skip oft komist þar í krappan dans, og þótt enn hafi eigi orðið manntjón af, þá getur slíkt komið fyrir hvenær sem er. Kostnaðurinn verður heldur ekki svo ýkjamikill, því að með því að endurbæta Elliðaeyjarvitann nægilega, er hægt að komast hjá að reisa vita í Höskuldsey, sem ella væri nauðsynlegt. Jeg vænti þess, að enginn verði til að mótmæla því, að þetta sje gert, og gert sem fyrst, því að það er búið að dragast helst til lengi, og aldrei að vita, hvenær af getur hlotist nýtt manntjón, ef ekki verður að gert hið bráðasta.

Það er annars ýmislegt fleira, sem jeg hefði gjarnan viljað láta skoðun mína í ljósi um, en þar eð umræður eru þegar orðnar fulllangar, get jeg látið lenda við þetta. Jeg vildi aðeins ekki láta ómótmælt orð háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), en hann er nú safnaður til sinna feðra, og sje jeg því ekki ástæðu til að hlaða frekar að höfði hans og stjórnarinnar að þessu sinni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg er fyllilega samþ. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) í þessu máli. Þegar svo stendur á sem nú, að ástæður hafa breyst frá því, er fjárveitingin var ákveðin, þá tel jeg sjálfsagt að haga sjer samkvæmt því, og greiða ekki fjeð nema ástæða sje til. Og jeg álít, að sjálfsagt sje, að þessi fjárveiting verði ekki tekin upp í fjárlögin fyrir 1922.

Mig furðaði annars á því, hve lítið hv. þm. Dala. (B. J.) gerði úr íslenskunni í ræðu sinni áðan. Jeg man þó, að hann var á annari skoðun hjer á árunum, þegar hann var kennari minn. Þá hjelt þann því fram, að íslenskukenslan væri eitt vandamesta málið, og að móðurmálskenslan ætti að vera aðalatriðið — en jeg hefi, sem auðsveipur lærisveinn, ekki viljað víkja frá því, sem hann kendi mjer þá. (*B. J.*: Jeg sagði ekki, að íslenskan væri svo mjög tímafrek). Jú, háttv. þm. misminnir þar gersamlega, því að það var einmitt þetta, sem hann hjelt fram, og það er rjett, vegna stílanna.

Að því er snertir ensku orðabókina, sem Geir Zoëga samdi, þá var honum ekki borgað fyrir starfið við samningu hennar, heldur upp í útgáfukostnað. Auk þess stendur nokkuð öðruvísi á um þá bók en þessa, sem nú er um að ræða. Hún var aðallega ætluð til notkunar alment, og því að mestu samin með tilliti til þess daglega máls, en ekki svo mjög vísindaleg orðabók.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins taka það fram, að það er engin spánný regla, sem hjer er um að ræða. Það var viðhöfð sama aðferð gagnvart fjárlögunum 1918—19. Þá var manni einum veittur 3000 króna styrkur, en sökum þess, að hann fekk embætti á fjárhagstímabilinu var honum aldrei meira greitt en 500 krónur. (*B. J.*: Hvaða maður var það?). Hann er óstefndur hjer og skal vera ónefndur af mjer. (*B. J.*: Væntanlega er það þó ekki neitt leyndarmál?). Það var einn af prófessorunum við háskólann nú. — Jeg vona, að öllum sje það ljóst, að það er ekki hægt að bera því við, að dæmið sje ekki hliðstætt, þar sem hjer var líka að ræða um fjárveitingu til nafngreinds manns.

Bjarni Jónsson: Það er rjett, sem hæstv. fjrh. (M. G.) hafði eftir mjer, að íslenskan væri mjög mikilsverð námsgrein og ætti helst að skipa æðsta sess í Mentaskólanum, en hinu hefi jeg aldrei haldið fram, að hún væri svo ýkjatímafrek, miðað við önnur erfið tungumál, — og allra síst, að það tæki eins langan tíma að leiðrjetta íslenska stíla sem latneska. Það er og mín skoðun, að það þurfi mjög góðan kennara í íslensku við þennan skóla, en hitt er ekki þar með sagt, að sá maður geti ekki, ef nauðsyn krefur, gert eitthvað annað í hjáverkum, og hefi jeg áður nefnt þar sem dæmi hinn þjóðnýta mann Jón Þorkelsson. Bera bækur þær, sem hann hefir samið, best vitni um það, hvað mikið duglegur maður getur unnið meðfram erfiðu kenslustarfi, þegar svo stendur á, að það er náskylt aðalstarfi hans, og miðar þá jafnframt að

því að auðga þekkingu mannsins í sinni grein.

Hjer er annars ekkert undir komið þessari almennu reglu, sem hæstv. fjrh. (M. G.) og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hafa verið að tala um. Það, sem hjer er um að ræða, er, hvort þessi fjárveiting sje feld burt af gildum ástæðum. — Það er þetta, sem jeg neita þverlega. Ef maðurinn væri dáinn, er öðru máli að gegna. En nú er hann á lífi og sannað, að hann getur unnið verkið, og þá get jeg ekki sjeð, að nokkuð vit sje í því að svifta hann þeim styrk, sem hann á. Hitt er hæstv. stjórn heimilt, ef hún vill, að fara á fjörurnar við manninn og reyna að fá hann til að afsala sjer einhverju af styrknum.

Að því er snertir dæmið, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók og taldi hliðstætt þessu, þá stóð þar svo á, að það embætti var einmitt stofnað til þess að halda áfram sama starfi, sem manninum hafði verið veittur styrkurinn til. Er þetta einhver sú auðvirðilegasta röksemd, sem jeg hefi heyrt borna fram hjer í deildinni, að jafna þessu tvennu saman.

Það hefir annars farið hjer, eins og vænta mátti, að þeim gengur illa röksemdafærslan, sem hafa valið sjer hinn vonda málstaðinn. Það er vonandi, að það komi nú fram við atkvæðagreiðsluna, að deildarmenn kunni að sjá sóma þingsins. Þetta, sem hjer er um að ræða, er gerræði, sem Alþingi á með engu móti að þola.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er aðeins örlítil skýring, sem jeg vildi gefa.

Ef 1. brtt. mín verður samþ., þá skoða jeg það sem yfirlýstan vilja deildarinnar, að styrkurinn til samningar orðabókarinnar skuli ekki greiðast Jakobi Smára, heldur gangi hann til föður hans sem uppbót á hans starf. Og með þessu er þá líka yfirlýst, að stjórnin hefir farið rjett að. Jeg legg mikið kapp á þetta, því að jeg vil fá skýr svör um, hvort háttv. deild fylgir mjer í þessu máli eða háttv. þm. Dala. (B. J.) eða háttv. þm. Str. (M. P.). Á bak við liggur verulegur stefnumunur.

Bjarni Jónsson: Það er undarlegt, að stjórninni skuli ekki standa á sama, hverjir peningarnir eru.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er ekki af því, að stjórninni sje ekki sama um, hverjir peningarnir eru, heldur af því, að hún vill fá að vita hjá háttv. deild, hvort hún vill láta greiða fjárveitingar samkv. fjárlögum, þótt þeir, sem þær eru veittar, hafi tekið að sjer önnur störf, er valda því, að það starfið, sem fje var veitt til, verður ekki rækt.

Jakob Möller: Mjer finst rjett að geta þess um stofnun prófessorsembættis Guðmundar Finnbogasonar, að þá var öðru máli að gegna en um orðabókarstarf Jakobs Smára, í sambandi við kennaraembætti hans. Guðmundur Finnbogason hjelt áfram sama starfinu í prófessorsembættinu sem hann hafði áður haft styrk til í fjárlögunum. Það var því eðlilegt og sjálfsagt, að fjárlagastyrkurinn fjelli niður, þegar embættið var stofnað, þar eð ella hefði hann fengið tvöföld laun fyrir sama verkið.

Það horfir alt öðruvísi við, þegar manni er veitt alt önnur staða en sú, sem hann hefir verið launaður fyrir í fjárlögunum; ef hann getur unnið áfram að því starfi, auk embættisstarfa sinna, þá er sjálfsagt, að hann fái sjerstaka borgun fyrir það. Ef orðabókarstarf Jakobs Smára hefði verið gert að sjerstöku embætti, sem honum hefði síðan verið veitt, væri alt öðru máli að gegna, og kæmi þá auðvitað ekki til mála, að hann hjeldi fjárlagastyrknum.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg ætla ekki að blanda mjer neitt meira inn í deilurnar um þetta mál, en aðeins geta þess, út af því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) skaut fram, viðvíkjandi atkvæðagreiðslunni um niðurfellingu styrksins til Jóh. J. Lynge, að samkv. 32. gr. þingskapanna er því miður ekki bannað að bera upp aftur atriði, sem samþykt hafa verið, heldur þau ein, sem feld hafa verið, en það get jeg sagt, að mjer finst það miður viðurkvæmilegt og móðgandi fyrir háttv. deild, að ætla hana svo ístöðulausa, að hún felli niður aftur það, sem hún fyrir nokkrum dögum hefir samþykt,og greiði þannig atkvæði ofan í sjálfa sig. Vænti jeg þess, að hún svari slíku á viðeigandi hátt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg bið hv. deild að láta þessi síðustu orð ekki rugla sig, og vil taka það fram, að um brot á þingsköpum getur ekki verið að ræða. Skora jeg á háttv. deild að samþykkja brtt. mína.

ATKVGR.

Brtt. 273,1. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 273,2.a. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 273,2.b.I. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 273,2.b.II. samþ. með 14 : 6 atkv.
— 273,2.b.III. samþ. með 17 : 3 atkv.
— 273,2.b.IV. samþ. með 16 : 8 atkv.
— 273,3.a.I. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 273,3.a.II. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 281 samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., Jak. M., J. B., M. K., M. P., P. O., P. Þ., St. St., Þorl. G., Þorl. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., B. Sv.
nei: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., Ó. P., P. J., S. St., Þorst. J., Þór. J., B. H.

Sv. Ó. greiddi ekki atkv.

Brtt. 293 (aðaltillaga) feld með 14 : 7 atkv.
— 293 (varatillaga) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 264 samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., Ó. P., P. J., P. Þ., St. St., Þorst. J., Þór. J.
nei: E. Þ., E. E., H. K., J. B., M. K., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., B. J., B. H., B. Sv.

Brtt. 244,1.a. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 244,1.b. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 273,3.b.I. samþ. með 16 : 4 atkv.
— 273,3.b.II. samþ. með 15 : 7 atkv.
— 273,3.b.III. samþ. með 20 : 2 atkv.
— 273,3.b.IV. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 273,4.a.I. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 273,4.a.II. samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. Sv.
nei: B. H., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J.

Brtt. 273,4.b. samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., M. P., Ó. P., St. St., Þorl. G., Þorl. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. Þ., M. J., B. Sv.
nei: P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. H., J. A. J., J. B., J. S., M. G.

Brtt. 273,4.c.I. samþ. með 17 : 5 atkv.
— 273,4.c.II. samþ. með 15 : 2 atkv.
— 273,4.c.III. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 273,4.d. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 273,5.a. samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Þorl. G., Þorl. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. K., M. P., Ó. P., B. Sv.
nei: Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., J. A. J., J. S., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. St.

Brtt. 273,5.b. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 273,5.c.I. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., Ó. P., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., B. Sv.,
nei: P. J., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G.

S. St. greiddi ekki atkv.

Brtt. 273,5.c.II. samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., B. Sv.
nei: H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ.

Brtt. 283,1 samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E.
nei: H. K., Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., Þorl. J., B. J., Gunn. S., B. Sv.

Brtt. 273,5.d. feld með 14 : 7 atkv.
— 273,6.a.I. samþ. með 15 : 3 atkv.

Brtt. 273,6.a.II. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 260 samþ. með 16 : 4 atkv.
— 273,6.b. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 301 tekin aftur.
— 273,6.c. samþ. með 15 : 4 atkv.
— 289 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 242,1 feld með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., Sv. Ó., Þór. J., B. H., E. E., Gunn. S., H. K., J. A. J., P. O.
nei: S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J. Þorst. J., B. J., E. Þ., Jak. M., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. J., B. Sv.

Brtt. 236. (aðaltillaga) feld með 23 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., P. O., S. St., Þorl. G.
nei: Þorst. J. Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J. B Sv.

Brtt. 242,2 sjálffallin.
— 255 (varatillaga) feld með 20 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., S. St., Þorl. G., B. H., H. K., J. A. J., J. S.
nei: M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J. B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., J. Þ., M. G., M. J., B. Sv.

Brtt. 236 (varatillaga) tekin aftur.
— 244,2 samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K.

nei: J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Þorl. G., Þorl. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., B. Sv.

Brtt. 283,2 samþ. með 17 : 2 atkv.
— 283,3 samþ. með 15 : 2 atkv.
— 273,7 samþ. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., H. K., J. A. J., J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. P., E. E., B. Sv.
nei: Jak. M., J. S., J. Þ., P. O., P. Þ., Sv. Ó.

M. G. og P. J. greiddu ekki atkv.

Frv., svo breytt., samþ. með 19 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 313).

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 1651) með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 313, 368, n. 380, 382, 383).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg býst við, að svo verði um starf fjárveitinganefndar og þær brtt., sem hún ber nú hjer fram, að þar þyki sumum ofgert og öðrum vangert, og verður ekki um það fengist.

Áður en jeg fer út í einstakar brtt., þykir mjer vert að gera nokkra grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á fjáraukalagafrv. í meðferð þess. Í háttv. Nd. hefir hækkunin numið rúmum 350 þús. kr., og eru þó ekki taldar með tvær fjárveitingar, sem ekki eru taldar í tölum. Ef þær eru taldar með, verður hækkunin sjálfsagt um 400 þús. Ennfremur er þess að geta, að Nd. tók ekki upp eina allháa fjárveitingu, sem fjárveitinganefnd Ed. hefir ekki sjeð sjer fært annað en taka upp. Er þá komið nokkuð á fimta hundrað þúsunda.

Þá má líta á brtt. nefndarinnar í sambandi við fjárhaginn. Um það nægir að segja, að niðurfærslan frá því, sem var, þegar Nd. skildist við frv., er ekki nema um 32 þús. kr. Lengra þótti nefndinni ekki verða komist, og mun þó mörgum þykja heldur mikið skorið niður. Hækkun frá stjórnarfrv. verður því, ef brtt. nefndarinnar verða samþ., um 323 þús. kr. En um niðurskurð nefndarinnar verð jeg að benda á það, áður en jeg tek að ræða um einstakar brtt., að þar hefir nefndin eingöngu haft fjárhag landsins fyrir augum.

Jeg þykist geta verið stuttorður um einstakar brtt. nefndarinnar, því að þeirra mun flestra vera nokkuð getið í nál.

Fyrsta brtt. er um ofurlitlar launabætur til ráðherranna. Fjárveitinganefnd Nd. kom með till. í sömu átt, en hærri, og má um ástæður vísa til álits Nd.-nefndarinnar. Nefndin hefir fallist á þær. Virðist henni

ekki sanngjarnt, að embættismenn skuli þurfa að gefa með sjer í embættunum, og þó er það verst, þegar svo er um ábyrgðarmestu embættin. Háttv. þingdeildarmönnum eru kunnug þau laun, er ráðherrar hafa nú, og það, að enginn eftirlaunarjettur fylgir. En upphæðin er ekki sett hærri en 2000 kr. til hvers, til samkomulags við hv. Nd.

Jeg sleppi að minnast á 2. lið og 3. lið nú. Kem að þeim síðar.

Um 3. lið b. má vísa til nál. Nefndin lítur svo á, að sanngjarnt sje að endurgreiða Neshreppi þennan kostnað, enda má líta á hann sem einn lið í sóttvarnarráðstöfunum, sem gerðar voru þá um mestalt land og nú eru veittar 90 þús. kr. til í þessum fjáraukalögum. Og munar þá ekki miklu, þótt þessar 460 kr. bætist við.

Þá er næst brtt. við tvo liði, sem fjalla um utanfararstyrki lækna. Þessir tveir höfðu sótt, og sömuleiðis dýralæknir, sem nefndin tekur upp. Nú hefir nefndin fúslega viljað verða við óskum þeirra, en þótt sanngjarnara að taka dýralæknirinn með líka. En hún hefir ekki treyst sjer til að fara eins hátt í fjárveitingunni og háttv. Nd. Vitanlega er jafnan álitamál, hve hátt skuli fara, og valda því fjárhagslegar ástæður, að nefndin vill ekki fara hærra. Hún leggur til, að Gunnlaugur Claessen fái hæstan styrk, þareð hann er í raun og veru starfsmaður ríkisins, og ferðin því í þess þágu.

Þá koma brtt. við 4. gr., og er þá fyrst a-liður í 4. brtt. nefndarinnar. Hún leggur til, að þessi styrkur falli niður, svo sem getið er í nál., vegna þess, að hjer vantar meðmæli þess, sem rjeði manninn til starfsins fyrir ákveðin laun. Nú kemur hann á eftir og biður um uppbót, og telur þá nefndin, að slíkri umsókn eigi að fylgja meðmæli þess, sem rjeði hann. Þau er nú ef til vill hægt að fá, en það er hlutverk umsækjenda, en ekki nefndarinnar.

Þá er næst endurbygging Holtavegarins. Um þennan lið er það að segja, að sýslumaður Rangárvallasýslu sótti fyrir hönd sýslunnar um styrk til viðgerðar á veginum. Viðgerðin á samkv. lögum að fara fram á kostnað sýslunnar, en umsóknin bar með sjer, að sýslan ætladi ekkert að leggja fram. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1922 eru áætlaðar 25 þús. kr. til endurbyggingar vegarins, gegn ⅓ frá sýslunni. Á þetta er minst í umsókninni, og ekki álitið sýslunni fært að leggja fram þennan ⅓ hluta.

Eftir að nál. var samið kom símskeyti frá sýslumanni; en það ber ekki með sjer, að sýslan ætli neitt að leggja fram. Háttv. Nd. ákvað að leggja fram 7 þús. kr. á þessu ári til undirbúnings endurbyggingar vegarins, gegn ⅓ kostnaðar frá sýslunni, en nefndin hefir engar góðar undirtektir undir það heldur, og vill því fella liðinn.

Næst eru mótorbátaferðir til kauptúnanna í Árnessýslu. Samvinnunefnd samgöngumála hefir felt þennan styrk, er Nd. samþ., og var fjvn. því milli tveggja elda, og varð loks samkomulag um að orða liðinn svo, sem hjer er lagt til.

Á liðnum um mótorbátsferðir frá Hornafirði eru aðeins gerðar orðabreytingar. Þykir rjettast, að Austur-Skaftfellingar ráði öllu um styrkinn, því að þeir eiga að búa.

Þá er komið að vitunum á Arnarnesi og Elliðaey. Nefndin hefir lagt til, að niður falli fjárveitingar til þeirra. Þetta er einn af stærstu liðunum, og ef spara á á annað borð, þá tel jeg rjett að gera það þar, sem einhverju munar. Svo eru margir vitar, bæði sunnan og austan lands, sem búið er að veita fje til af Alþingi, en hafa ekki fengist bygðir, sökum fjárskorts. Þykir fjvn. það varhugavert að fara nú að ætla sjer að endurbæta eldri vita, þegar ekki hefir verið unt að byggja þá vita, sem með lögum er búið að veita fje til. Get jeg auk þess ekki betur sjeð en

að þetta komi í sama stað niður, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að stjórnin hafi mikið fje nú til framkvæmda þessum mannvirkjum.

Nefndinni kom saman um, að rjett væri að veita fje til að byggja upp Stað í Grunnavík, en annars ber þar á milli um 3000 kr. við frv. Nd. Eins og kunnugt er, brann þessi bær til kaldra kola, en var vátrygður fyrir 14 þús. kr., og er það fje til til byggingarinnar. Nú gerir biskup ráð fyrir því, að hægt verði að fá að prestakallaláni 5 þús. kr., og nægja þá 8 þús. kr. úr ríkissjóði, ef sú áætlun er rjett, að komast megi af með 27 þús. kr.

Að því er snertir næsta lið, fjárveitinguna til dyravarðar háskólans, þá hefir nefndin ekki sjeð nein skilríki frá umsækjanda, og hefir ekkert í höndum, er sanni henni, að þörf sje þessarar fjárveitingar. Lítur nefndin svo á, að þessi maður hafi sæmilegar tekjur, þar sem hann hefir nú 3800 kr. laun, þar af 1200 kr. eftirlaun frá því er hann var kennari við Mentaskólann, og auk þess ýms hlunnindi önnur, sem nú myndu kosta talsvert fje, ef kaupa þyrfti. Bæði þetta og svo hitt, að skilríki eru svo ófullnægjandi, hefir orðið til þess, að nefndin hefir felt niður þessa fjárveitingu.

Á e-lið hefir nefndin aðeins gert eina lítilvæga orðabreytingu. Í till. stendur, að þessar 10 þús. kr. skuli veita mentmn. sem *þóknun* fyrir starf hennar, en nefndinni þykir rjettara að orða það svo, að þetta fje sje veitt til kostnaðar við starf hennar. „Þóknun" mætti auðveldlega skilja svo, að nefndarmenn mættu fá þetta fje sjer til handa, en „til kostnaðar" bendir fyllilega til þess, sem við er átt.

Þá er komið að þessari launaviðbót tveggja kennara við stýrimannaskólann. Þetta er ein af þeim mörgu kröfum um hækkun á dýrtíðaruppbót fyrir árið 1920, sem erfitt mun verða að sinna öllum. Hv. Nd. hefir veitt 4400 kr. til þessara manna, en fjvn. Ed. álítur sæmilega við þá gert, með því að veita þeim 3 þús. kr. báðum. Þess ber hjer að geta, að þótt launin sjeu máske fulllág, þá vissu mennirnir vel, að hverju þeir gengu, er þeir sóttu um stöðuna, og eiga því enga lagalega kröfu á því, að launin verði hækkuð. Hitt má vera, að þeir hafi sanngirniskröfu til þess, enda er umsókn þeirra tekin mikið til greina, en Alþingi verður á þessum tímum að fara varlega í að veita fje, sem hjá verður komist.

Næst er styrkurinn til rekstrar Flensborgarskólans. Árið 1920 vantaði 5450 kr. á, að nægði fje það, sem honum var ætlað. Í fjárlögunum eru honum veittar 15 þús. kr. og yrði það þá alls um 20 þús. kr. með því, sem við bætist hjer. Nefndinni er það fyllilega ljóst, að þessi skóli er mjög nýt stofnun, og vill því gera vel í hans garð, en hins vegar getur henni ekki dulist, að hann er ekki stofnun, sem landinu einu ber að annast. Þykir nefndinni Hafnarfjarðarkaupstaður hafi lagt helst til lítið af mörkum við þenna skóla. Því þótt skólinn komi öllu landinu að nokkrum notum, þá er hann að ekki litlu leyti unglingaskóli fyrir Hafnarfjörð. Hefir hann gert þessum kaupstað svo mikið gagn, að ekki virðist neitt ósanngjarnt að ætlast til þess, að Hafnarfjörður, sem svo lengi hefir haft skólans not, án þess að leggja fje til hans, veiti nú dálítið fje í móti þessu, sem ríkissjóður leggur til — og hefir nefndin áætlað, að upphæð þess skyldi vera 1450 krónur.

Um blindu stúlkuna skal jeg vera fáorður. Nefndin þykist þar ekki hafa fengið nægilegar upplýsingar, og leggur því til, að þessi liður falli niður. Við vitum ekki enn sinni, hvað stúlkan heitir, og virðist það hálfóviðkunnanlegt að veita fje úr

ríkissjóði, án þess að vita handa hverjum það er eða til hvers því er varið. Öðru máli er að gegna, ef stjórnin síðar fær nánari upplýsingar, þá tel jeg víst, að hún hlaupi undir bagga, ef hún sjer ástæðu til, og útvegi stúlkunni einhvern hagkvæman stað erlendis.

Þá kemur næst Páll Erlingsson, sundkennari. Það er aðeins orðabreyting, sem nefndin hefir gert á þeim lið. Í frv. er þessi styrkveiting kölluð „dýrtíðaruppbót fyrir árið 1920", en nefndin telur rjettast, úr því að maðurinn er að láta af sundkenslu, að þetta sje veitt í viðurkenningarskyni fyrir vel rækt starf. Annars gerir það vitanlega ekki svo mikið til, hvað fjárveiting þessi er skírð.

Hvað snertir þessa 2000 kr. fjárveitingu til Alþýðubókasafnsins í Reykjavík, þá leggur fjvn. til, að sá liður falli niður. Sótt hefir verið um styrk til bókasafna víðar af landinu, en Alþingi ekki sjeð sjer fært að veita. Ef slíkur styrkur er veittur í einum stað, þá verður óhægra að komast hjá að veita hann í öðrum, þar sem þörfin er jöfn, og það er vart hægt að segja, að síður sje þörf á að styrkja bókasöfn úti um landið en hjer. Það standa engir eins vel að vígi í þessu tilliti og Reykvíkingar, en hins vegar hefir það ekki minni þýðingu, að góðar bækur flytjist út um landið til að auðga þekkingu manna, — því að þekking er veldi. — Jeg held, að það sakaði ekki, þótt málið að þessu sinni væri skoðað frá almennu sjónarmiði, — en ekki eingöngu frá sjónarmiði Reykjavíkurbúa, eins og svo oft hættir við hjer.

Næsti liður er fjárveitingin til Einars Jónssonar, myndhöggvara. Á honum hefir orðið sú breyting, að í stað 2560 kr., sem Nd. hafði ákveðið honum í dýrtíðarbætur, koma 2000 kr., sem veitast honum í viðurkenningarskyni.

Þá get jeg rætt um í einu lagi 3 fjárveitingar, sem nefndin hefir lagt til að falli niður, og eru það fjárveitingar til þriggja listamanna. Svo stendur á, að í fjárlögunum er veitt tiltekið fje til listamanna, og nefnd kosin til að úthluta því. Tel jeg varasamt að breyta þessu fyrirkomulagi og fara inn á þá braut, að ekki þurfi annað en að sækja um fje til þingsins, þegar það, sem nefndin hefir til úthlutunar, þrýtur. Virðist mjer það ekki gott fyrirkomulag, að nefndin skamti fyrst sumum það, sem hún hefir, og sendi síðan meðmæli með öðrum til þingsins. Tel jeg hitt rjettara, að þessar fjárveitingar sjeu *algerlega* annaðhvort í höndum nefndarinnar eða þingsins. — Af þessum rökum hefir fjvn. ekki viljað verða við þessum fjárveitingum að sinni, en er hins vegar fús til að taka það til athugunar, hvort styrkveitingin til skálda og listamanna er ekki yfirleitt of lág.

Næsti liður hefir verið tekinn upp af fjvn. eftir að hann var feldur í hv. Nd. Það er styrkurinn til Jóhannesar Lynge, til orðabókarinnar. Nefndin er sömu skoðunar og háttv. fjvn. Nd., að maðurinn komist ekki af án styrksins. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að það hefir verið deilt um aðra fjárveitingu, til sonar þessa manns, sem stjórnin feldi niður, af því að hún veitti honum embætti. Stjórnin hefir verið vítt talsvert fyrir þetta í háttv. Nd., og skal jeg ekki fara neitt inn í þá deilu, en vil að eins geta þess, að mjer er fyrir hönd fjvn. falið að lýsa yfir því, að nefndin telur það ekki vítavert, að stjórnin vildi ekki borga styrkinn. Annars mun það vera dómstólamál, hvort maðurinn á kröfu til styrksins, og því gagnslaust að ræða það frekar hjer.

Þá leggur nefndin til, að niður falli 1000 kr. fjárveiting til lögfræðitímarits, sem hjer er nefnt. Þetta tímarit væri að vísu þarft, en hins vegar er ekki hægt að veita styrk til allra nytsamra tímarita, allra síst þegar svo stendur á sem nú.

Um bryggjuna á Akranesi hefi jeg fátt að segja. Það, sem nefndin fer þar fram á, er aðeins, að bryggjusmíðin fari fram undir eftirliti ríkisstjórnarinnar.

Og þá eru það bryggjurnar á Blönduósi. Áður höfðu verið veittar fjárveitingar til mjög nauðsynlegrar bryggjusmíðar norðan við Blöndu. En á síðasta fjárlagaþingi voru svo veittar 18 þús. kr. til bryggjusmíðar sunnan við Blöndu. Svo hagar til, að að nyrðri bryggjunni stendur aðallega kaupfjelag, en að þeirri syðri kaupmenn. Það er nú náttúrlega æskilegast, að hægt væri að koma báðum þessum bryggjum upp undir eins. En ef aðeins er um það að ræða að koma annari upp, þá leikur enginn vafi á því, að brýnni er nauðsynin á þeirri nyrðri. Hún er hálfeyðilögð, og ef ekki verður sem bráðast hafist handa og hún bygð upp, þá er viðbúið, að það fari, sem eftir er af henni. Nú telur nefndin varla kleift að leggja fje til beggja bryggjanna eins og stendur, og telur auk þess hjeraðið færast mikið í fang, er það hygst að koma upp báðum þessum bryggjum í senn.

Það var þetta, sem fyrir nefndinni vakti, þegar hún skaut inn þeirri brtt., að fyrst yrði lokið við nyrðri bryggjuna, áður en byrjað væri á smíð hinnar syðri.

Næst kemur fjárveitingin til Þórs þeirra Vestmannaeyinga. Eins og getið hefir verið um, hefir Nd. skilið þetta mál eftir. Hv. sjútvn. hafði farið fram á 50 þús. kr. fjárveitingu til skipsins, en háttv. fjvn. treysti sjer ekki itl að ákveða hana hærri en 30 þús. kr. Eins og kunnugt er, var upphaflega veitt til þess skips 40 þús. kr., enda þótti þá mörgum sem nóg væri aðgert. Á síðasta þingi kom svo fram beiðni um, að veitt væri á ný 50 þús. kr. til skipsins, og auk þess var þá farið fram á, að auk þess yrðu veittar 300 þús. kr. til rekstrar, en því ekki sint. Það, sem nú er um að ræða, er fjárveiting til rekstrar þessu skipi. Nú kemur mönnum saman um, að þetta hafi orðið nokkuð dýrt, og í fullmikið ráðist af Vestmannaeyingum, en að hins vegar eigi ekki þingið að bera ábyrgð á því, sem þar er ofgert.

En þar sem því verður samt ekki neitað, að mikið gagn hefir orðið að þessu skipi, þá telur nefndin sanngjarnt og sæmilegt, að veittar sjeu til þess 30 þús. kr.

Um styrkinn til fyrv. ráðherra Sigurðar Jónssonar vísa jeg að öllu til nál.

Þá er næsti liður, styrkur til nokkurra sjúkra embættismanna, sem hafa leitað styrks til utanfarar sjer til heilsubótar, og telur fjvn. rjett að verða við beiðni þeirra. Jeg veit, að slík útgjöld vaxa mörgum í augum, en hjer er að ræða um 3 starfsmenn þjóðarinnar, sem ekki hafa getað safnað fje, en orðið fyrir því slysi að missa heilsuna. Og jeg hygg, að þessu fje sje ekki þar með á glæ kastað, hvort sem það er skoðað frá hagfræðinnar eða mannúðarinnar sjónarmiði. Því að ef þessir menn gætu ekki bætt heilsu sína nú, mætti búast við því, að þeir yrðu tilneyddir að segja af sjer embættunum og kæmu þá þegar á eftirlaun, og yrði þá óvíst hvað sparaðist með þessu. Þannig horfir það við frá fjárhagshliðinni. Hitt er mannúðarhliðin, og hana verður hver að meta eftir því, sem hann er drengur til.

Það mun vera regla hjá góðum húsbændum að hjálpa hjúum sínum, er heilsuleysi ber að höndum. T. d. fá verslunarmenn hjá góðum verslunarhúsum, þegar svo stendur á, eins árs frí, og fá þó að halda launum sínum. Það er þess vegna ekki nein ný aðferð, sem nefndin vill hjer beita við þessa starfsmenn ríkisins, heldur alkunn og viðurkend sem sjálfsögð mannúðarskylda.

Dálitla breytingu vill nefndin gera á lánveitingunni til Guðmundar sýslumanns

Björnssonar í Borgarnesi. Eftir fjáraukalagafrv. Nd. á lánsupphæðin að vera 60 þús. kr., en nefndin hefir fært hana niður í 50 þús. kr. Gerði hún þetta sökum þess, að henni þótti óvíst, að embættið gæti borið meiri byggingarkostnað. Enn fremur er þess krafist, að Borgarfjerðar- og Mýrasýsla gangi í ábyrgð fyrir láninu. Þetta ákvæði hefir nefndin sett vegna þess, að það virðist vera eina ábyrgðin, sem nokkurt gildi hefir, þar sem lánið er veitt til mjög langs tíma, 40 ára.

11. gr. vill nefndin láta fella niður. — Hún er um heimild til stjórnarinnar til að láta leggja slitlag úr efninu „Terrazzo" á gólfin í listasafnshúsi Einars Jónssonar, í Safnahús ríkisins og aðrar opinberar byggingar, eftir þörfum. Mjer, fyrir mitt leyti, er ekki kappsmál að þessi grein verði feld niður, en meiri hluti nefndarinnar leggur það þó til. Ástæðurnar, sem eru færðar fyrir að veita stjórninni þessa heimild, eru þær, að nú í sumar kemur hingað, ef til vill, maður, sem kann til þess háttar lagningar, og þá mundi vera vel til fallið að nota tækifærið og láta leggja slitlag úr þessu efni í þessar opinberu byggingar. Jeg veit ekki, hvort hentugt muni að gera þetta nú í sumar. Það þyrfti að rannsakast. Jeg þekki ekki verðlag á efni þessu, og treystist því hvorki til að ráða frá að láta vinna þetta nú, nje ráða til þess. En ef stjórninni sýndist, eftir atvikum, rjett að láta vinna þetta, þegar maður þessi er kominn, þá ræður hún því sjálf, hvort hún vill láta hann vinna verkið upp á væntanlegt samþykki þingsins.

Þá hefi jeg gert grein fyrir brtt. nefndarinnar, sem standa á þskj. 368, en ein er þó eftir, sem ekki stendur þar. Stendur svo á því, að hún mun hafa fallið niður við prentunina. Í þessari brtt. fer nefndin fram á, að Kristínu Grímsdóttur — á þskj. stendur Gísladóttur, en það er misprentun — verði veittur helmingurinn af styrk þeim, er syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var veittur í 62. lið 15. gr. núgildandi fjárlaga. Styrkur þessi var 2000 kr. Pilturinn, sem átti að verða styrksins aðnjótandi, varð úti áður en hann fjekk styrkinn útborgaðan. Hann var þá á leið hingað suður í þeim erindagerðum að sigla hjeðan til útlanda, en til þess hafði honum verið veittur styrkur þessi. Móðir hans var búin að leggja talsvert í kostnað til undirbúnings ferðar hans. Sökum þess hefir hún farið fram á að fá að halda styrk sonar síns. En nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að fara fram á hærri fjárveitingu en 1000 kr., og vonar hún, að deildin muni veita móðurinni, sem orðið hefir fyrir þessari þungu raun, þá upphæð.

Fáeinar aðrar brtt. eru hjer fram komnar, og um þær verð jeg að fara nokkrum orðum. Ein brtt. er frá hæstv. atvrh. (P. J.); er hún ekki annað en að tiltaka, hvað lánsfjeð til silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli megi nema miklu. Við því er ekkert að segja, og felst nefndin á þá brtt. Hinum brtt. tveimur á þskj. 383 er nefndin, af eðlilegum ástæðum, mótfallin, bæði fjárhækkuninni til sjúkrahússins „Gudmanns Minde" og aukafjárveitingunni til Jóns læknis Kristjánssonar. Hvað fyrri brtt. snertir, þá munu flestir háttv. deildarmenn kannast við, að um þessa fjárveitingu til sjúkrahússins á Akureyri urðu miklar umræður í Nd. Meiri hl. fjárveitinganefndar lagði til, að því væru veittar 20000 kr. í viðbót við þær 23 þús. kr., sem því voru veittar á fyrra ári. En læknir sá, sem sæti á í þeirri nefnd, kom fram með brtt., þar sem lagt var til, að sjúkrahúsinu væru ekki veittar nema 17 þús. kr. í viðbót. Færði hann þá ástæðu fyrir þessu, að ef sjúkrahúsinu væru veittar 40 þús. kr., þá væri það 1/3 alls kostnaðar, en reglan hefir einmitt verið sú að borga 1/3 kostnaðar við

byggingu sjúkrahúsa úr ríkissjóði. Af þessari ástæðu var svo samþ. í háttv. Nd., að styrkurinn skyldi vera 17 þús. kr., og nefndin í heild sinni sjer ekki ástæðu til að rjála við því, sem þar var gert.

Á hina brtt. hefi jeg þegar minst í sambandi við 3. brtt. nefndarinnar, d-lið. Nefndin treystist ekki, þegar um einstaklingastarfsemi er að ræða, þótt gagnleg sje, að leggja til mikið fje. Og þar sem vitanlegt er, að læknir þessi hefir umfangsmikið starf með höndum, sem áreiðanlega er arðvænlegt, virðist ekki ástæða til að leggja honum gjafafje til atvinnurekstrar.

Forsætisráðherra (J. M.): Svo óheppilega vill til, að á ferðinni eru samhliða í báðum deildum mikilsvarðandi mál, sem bæði snerta fjármálaráðherra (M. G.). Auðvitað er ómögulegt fyrir hann að vera í báðum deildum, og óhjákvæmilegt er, að hann sje í Nd. En svo vel vill til, að mjer er óhætt að fullyrða, að hann er yfirleitt ánægður með brtt. nefndarinnar og hefir lítið við þær að athuga. En komi eitthvað fram í umræðunum, sem hann þarf að taka afstöðu til, þá er hægt að ná til hans.

Um þær till., sem snerta minn verkahring sjerstaklega, hefi jeg ekki mikið að segja. Þó vil jeg minnast á einstöku þeirra. Jeg felst fyllilega á brtt. 5e., að rjett sje að orða liðinn eins og þar er gert. „Kostnaður við starf mentamálanefndar 10000 kr.“, því að þóknun til nefndarmanna nemur ekki 10 þús. kr. Svo var samið við þá þegar í upphafi, að þeir tækju minni borgun en vanalegt hefir verið í slíkum nefndum, og gengu þeir fúslega að því. Ef jeg man rjett, þá eru það rúmlega $^2/_3$ hlutar þessarar upphæðar, sem gengur til þóknunar, hitt er í ýmiskonar aukakostnað, prentun o. s. frv.

Þá er 5. brtt. d., launabætur til Sigurbjörns Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar kennara við vjelstjóraskólann, fyrir árið 1920. Málaleitun þessara manna kom í fyrra til fjárveitinganefndar neðri deildar. Eins og menn muna, var þinginu slitið skyndilega í fyrra. Sökum þess, að þingið stóð svo stutt, sparaðist mikið fje. Stjórnin þóttist því geta tekið mikið tillit til fjárveitingatillagna fjárveitinganefndanna, og það því fremur, sem fjárhagsbeiðnir hennar voru mjög sanngjarnar. Þó treystist stjórnin ekki til að fara eftir tillögu fjvn. Nd., um að bæta við laun þessara manna, þó það hefði í sjálfu sjer verið sanngjarnt, borið saman við aðra kennara. En út af þessari till. fjvn. bjuggust kennararnir við að fá slíka uppbót, sem þeir fara nú fram á. Þeir bjuggust við að fá sömu laun og kennarar við Kennaraskólann. Háttv. frsm. (S. H. K.) sagði, að þessir menn hefðu vitað, að hverju þeir gengu. Það er nú svona eftir því hvernig það er tekið. Sigurbjörn Gíslason byrjaði að kenna við þennan skóla sem tímakennari, og hafði þá mjög lág laun. En svo komu launalögin og bötnuðu þá kjör hans dálítið. Sem sagt, stjórnin hefir engin afskifti haft af þessu máli, en jeg vildi aðeins skýra frá því, hvernig málið stæði af sjer. Hinsvegar verður að viðurkenna, að tillögur háttv. nefndar eru í samræmi við launakjör þau, sem stjórnin hefir hugsað sjer, að kennarar við vjelstjóraskólann hefðu; hún hefir hugsað sjer, að byrjunarlaun þeirra væru hæfileg 2400 kr.

Þá er stafliður e. Háttv. frsm. (S. H. K.) sagði, að sanngjarnt væri, að Hafnarfjarðarkaupstaður legði fram eitthvert fje til Flensborgarskólans. Eins og menn vita, hefir hjer á þingi altaf verið dálítil tregða á að leggja þeim skólum fje, sem stofnaðir hafa verið af einstökum mönnum. Um Flensborgarskólann, sem stofnaður var af einstökum manni, en ekki land-

inu sjálfu, hafa líka orðið deilur hjer á þingi. Einkanlega var þetta þó svo fyrrum. En smátt og smátt hefir farið svo, að þessi skóli er nú farinn að lifa á opinberu fje. Og það hefir ekki verið gert að skilyrði hingað til, að fje væri lagt til þessa skóla af sýslu- eða bæjarfjelagi. Virðist ástæðulaust að byrja á því nú, þar sem öll skólamál þessa lands er nú verið að athuga, og þá sjerstaklega gagnfræðaskóla. Virðist rjett að geyma að taka afstöðu til þess, hvort rjett sje að láta kaupstaðina, sem skólarnir standa í, greiða eitthvað af kostnaði þeirra, þangað til þingið ákveður, hvernig fara skuli með skólamálin í framtíðinni. Háttv. frsm. (S. H. K.) sagði, að Hafnfirðingar notuðu Flensborgarskólann sem unglingaskóla handa börnum sínum. Þetta mun vera rjett. En sama mun mega segja um gagnfræðaskólann á Akureyri. Yfirleitt má segja, að þessir skólar sjeu að flestu leyti mjög líkir, og fræðsla sú, sem þeir veita ungum mönnum, svipuð, og báðir sóttir úr öðrum hlutum landsins. Jeg vil beina því til nefndarinnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að sleppa þessari kröfu til Hafnarfjarðarkaupstaðar að þessu sinni.

Nefndin vill fella niður styrkinn til blindu stúlkunnar, sökum þess, að af umsókninni er ekki hægt að sjá, til hvaða stúlku styrkurinn eigi að renna. Jeg skoða það svo, að stjórninni sje heimilt að veita styrkinn, þegar fullnægjandi upplýsingar eru fengnar.

Frsm. (S. H. K.) skýrði rjettilega frá, hvernig á því stæði, að styrkurinn til listamanna væri aðeins 15 þús. kr. þetta ár. Kom það af því, að viðkomandi nefnd, er hún skifti styrknum fyrra árið, fór fram á að fá 5000 kr. meira það ár en til var ætlast, sökum þess, að margir af þeim, sem þessa styrks njóta, vildu einmitt það ár fara til Rómaborgar. Háttv. frsm. (S. H. K.) skýrði rjett frá því, að úthlutunarnefndin gat þess jafnframt, að úr því að hún fengi þessar 5000 kr. nú, væri ekki hægt að byggja á því, að hún fengi nema 15 þús. kr. næsta ár, en ljet þess um leið getið, annaðhvort munnlega eða í brjefi, að styrkurinn til listamannanna væri svo lágur, með tilliti til dýrtíðarinnar, að hún mundi fara fram á það við næsta Alþingi að hækka hann. Þess vegna er ekki neitt um þetta að segja frá nefndarinnar hendi.

Jeg er sammála háttv. frsm. (S. H. K.) um það, að veiting listamannastyrksins á annaðhvort að vera hjá sjerstakri úthlutunarnefnd eða hjá þinginu, en ekki hjá báðum. En þeirri reglu hefir aldrei verið fylgt. Þingið hefir altaf veitt, fyrir utan aðalstyrkinn, sjerstaka styrki til einstakra manna.

Jeg heyrði ekki vel, hvað frsm. fjvn. (S. H. K.) sagði um Ásmund Sveinsson, sem nefndin ætlar þó að veita nokkurn styrk. (*S. H. K.*: Það er námsstyrkur). Það er sama hvort það er námsstyrkur eða ekki, því að partur af listamannastyrknum og skáldastyrknum er ætlaður til námsstyrks. Annars er nefndin víða ósammála sjálfri sjer. Hún hefir veitt nokkra fjárhæð til skifta meðal stúdenta við erlenda háskóla, en einstaka stúdentum er veitt tvöfalt og jafnvel margfalt á við aðra. Er víða hægt að benda á það. Þótt full ástæða sje til þess að taka margt af þessu til greina, þá þykir mjer þó mjög leitt, ef nefndin sjer sjer ekki fært að veita styrk til eins af listamönnunum, og það er Kjarval. Sumum finst raunar lítið til hans koma, en öðrum finst hann ágætt listamannsefni. Það eitt er víst, að jeg lít svo á, að ef ástæða er til að veita nokkrum styrk, þá er það til hans. Hann lifir í mestu fátækt. Hann er að vísu nokkuð einrænn, og getur þess vegna ekki selt málverk sín, og er það mjög leitt. Jeg skal ekki lasta nefndina fyrir það, þótt hún

vilji spara það, sem ekki er bráðnauðsynlegt að veita fje til, en hvað sem öðru líður, þá mæli jeg fastlega með þessari styrkveitingu, og tel Kjarval hennar vel maklegan.

Jeg álít, að nefndin hefði ekki átt að neita um styrk til útgáfu lögfræðilegs tímarits. Íslendingum hefir ætíð þótt yndi að fást við alt lögfræðilegt, og jeg tel rjett að uppörfa þetta dálítið og halda út tímariti. Það eru margir lögfræðingar hjer, sem mundu rita í það, án þess að taka ritlaun, og mundi þetta því ekki verða mjög dýrt rit, en gæti orðið því að liði, þótt ekki sje hærri upphæð en hjer er farið fram á.

Auðvitað gætu fleiri tímarit komið á eftir, t. d. læknarit, en það mundi verða mikill munur á útbreiðslu þeirra. Þetta er í sjálfu sjer ekki stórt atriði, og jeg legg ekki eins mikla áherslu á það eins og hitt atriðið á undan.

Þá vil jeg minnast á 11. brtt. Það lá hjá fjárveitinganefndinni skýrsla um, að von sje á mönnum hingað, til þess að leggja „Terazzo“ í hús Eimskipafjelags Íslands og, ef til vill, fleiri hús hjer í bænum. En svo stendur á, að leggja á gólf í aðalstofu í húsi Einars Jónssonar. Nú er verið að vinna að því að setja upp líkneskin í húsið, og þarf því brátt að leggja gólf; en það er álit húsgerðarmannsins, að það sje best úr því efni, betra en úr timbri. Mjer finst því sjálfsagt að nota hjer tækifærið. Það er þó augljóst, að gólf *verður* að koma, ekki er hægt að ganga á hrufóttu cementsgólfi, og þar að auki er það álit húsameistarans sjálfs, að þetta sje best. Sömuleiðis þarf að byggja nýjan stiga í Safnhúsið. Stiginn er þar bæði skörðóttur og ósljettur og slitinn mjög, og einkum og sjer í lagi er þess þörf nú, þar sem von er á mörgum gestum í sumar. Það er áreiðanlegt, að gólfið í húsi Einars Jónssonar yrði lagt úr þessu efni, hvort sem heimild fengist eða ekki, en hitt er óvíst, um byggingu stigans. Annars leggur stjórnin enga sjerstaka áherslu á þetta, en jeg vil aðeins geta þess, að tækifærið er sjerstaklega hentugt nú.

Frsm. samgmn. (Halldór Steinsson): Það hefir verið venja hjer á þingi, að samgmn. kæmi fram með brtt. og segði álit sitt um 13. gr. fjárlaganna, sem er 4. gr. hjer. Jeg vil því tala um þessa gr. örfá orð.

Eins og háttv. deild hefir sjeð, eru 6 af þessum liðum — 3. til 9. liður — settir inn af stjórninni, og mun hún hafa haft heimild til þess. Jeg fer ekki mikið út í þá hjer, 8. lið, sem er 80 þús. kr. til styrktar bátaferða á flóum og fjörðum kringum land, hefir ekki verið varið eftir tilætlunum síðasta þings. Það mun hafa verið tilætlun þingsins 1920, að honum yrði skift nokkurn veginn jafnt niður á alla fjórðunga landsins, og jafnt á báta, er höfðu styrk í fjárlögunum. En þetta hefir ekki orðið, því að mestallur styrkurinn hefir farið til Austur- og Suðurlands, en lítið til Norður- og Vesturlandsins. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg ætlist til, að þetta verði tekið aftur, en aðeins til að minna stjórnina á, að æskilegt væri að hún úthlutaði slíku heimildarfje með jöfnuði og rjettsýni. Um 9. lið, sem er aukafjárveiting til Breiðafjarðarbátsins, skal jeg geta þess, að þaðan töluverður vöruskortur var orðinn við Breiðafjörð, sá stjórn h.f. Breiðafjarðarbátsins sjer ekki annað fært en semja við „Svan“ að byrja ferðir í miðjum janúar, enda þótt honum bæri engin skylda á ferðum fyr en í byrjun apríl, og gerði það í von um aukastyrk, sem og hjer er farið fram á.

Þá kem jeg að 10. lið, sem er 12 þús. kr. styrkveiting til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu. Þm. Árnesinga fóru fram á 12 þús. kr. styrk hjá

nefndinni, en hún sá sjer ekki fært að veita hann, en það var borið fram í Nd. af þeim og samþ. þar. Fjvn. Ed. lækkaði styrkinn niður í 5 þús. kr., og mun samgmn. ekki leggjast á móti því. Samgmn. er ekki á móti styrk, er gangi til Rangárvallabáts, því að kunnugt er, að sýslan liggur þannig, að ferðir til hennar á sjó eru mjög svo erfiðar.

Þá hefir nefndin veitt 1 þús. kr. styrk til bátaferða á Hvalfirði. Undanfarin ár hefir styrkur einnig verið veittur til þessa, og nefndin áleit, að þetta mætti ekki vera minna.

Þá er 8 þús. kr. styrkveiting til mótorbátaferða frá Hornafirði og norður á bóginn. Fjörðurinn stendur mjög illa að vígi, þareð hann getur ekki notið ferða Sterlings, og hefir ekki aðrar samgöngur á sjó en 3—4 ferðir frá Reykjavík. Það er nauðsynlegt fyrir hann að hafa samgöngur við Austfirði, sjerstaklega á síðari árum, síðan Austfirðingar byrjuðu að stunda sjó frá Hornafirði á vetrarvertíð, og það í allstórum stíl. Nefndin leit svo á, að bæta bæri úr þessu, með því að láta þá fá þennan styrk, og jafnframt láta þá eða sýslunefnd þeirra þá ráða, hvernig honum yrði haganlegast varið.

Þá er 60 þús. kr. styrkur til Eimskipafjelags Íslands. Fyrir Norður- og Austurlandi hafa verið 2 bátar til strandferða. Þeir hafa notið allmikils styrks úr ríkissjóði, en hafa verið litlir og ófullkomnir og algerlega ónógir og lítt hæfir til fólksflutninga. Nefndin leit svo á, að haganlegast mundi vera að hafa gott skip til þessara ferða. Og þess vegna varð það að samningi við Eimskipafjelagið, að Goðafoss færi 4 ferðir til og 3 ferðir frá landinu til útlanda, með viðkomu á helstu höfnum á Norður- og Austurlandi. Þetta mun að engu dýrara en bátaferðir á þessu svæði undanfarin ár, en mikið haganlegra.

Jeg get ekki stillt mig um að taka það fram, að samgöngur á sjó á síðasta ári og á þessu ári sjeu altof dýru verði keyptar. Það er áætlað, að hallinn á Sterling þetta ár muni verða 3—400 þús. kr. 125 þús. kr. eru veittar til Suðurlands og 100 þús. kr. til bátaferða á flóum og fjörðum. Það má því gera ráð fyrir, að um eða yfir 600 þús. kr. muni varið til strandferða þetta ár, og er það meira en nokkru sinni fyr, fyrir svo ófullkomnar ferðir. Því er ekki hægt að neita, að stjórnin gerði mjög óhaganlegan samning við Suðurlandsfjelagið, að það skyldi fá 125 þús. kr. til 9 ferða til Vesttjarða og 4 ferða til Hornafjarðar. Slíkt nær varla nokkurri átt. Þetta er því óafsakanlegra fyrir stjórnina, þar sem þing átti að koma saman áður en ferðir þessar byrjuðu. Stjórninni var skylt að fresta að gera samning um þetta, þar til þing væri komið saman. Að svo búnu sje jeg ekki ástæðu til að fara meira út í þetta mál að sinni.

Einar Árnason: Jeg á eina brtt. á þskj. 383, um að hækka styrkinn til Gudmanns Minde frá 17 þús. kr. upp í 27 þús. kr., og til vara 20 þús.

Á þingi 1919 var veittur styrkur til sjúkrahússins til endurbóta og stækkunar, og var verkið framkvæmt á síðastliðnu sumri. Það hafði verið gert ráð fyrir 60—70 þús. kr. kostnaði, en varð um 120 þús. kr. Jeg ætla ekki að þreyta háttv. deild á því að fara að lýsa byggingu þessari, slíkt mun ekki þýða. Aðeins vil jeg geta þess, að þetta sjúkrahús var áður fyrir 15—20 sjúklinga, en rúmar nú 35—40. Ljóslækningaáhöld hafa verið keypt og sömuleiðis Röntgen-tæki, en í Eyjafirði og á Akureyri hefir verið gefið til þess, um 14 þús. krónur. Meiri hluti fjvn. Nd. lagði til, að veittar yrði 20 þús. kr., en háttv. þm. Str. (M. P.) kom með brtt., er færði þetta niður í 17 þús. kr. Voru ástæður hans þær,

að hann vildi binda sig við þá gömlu reglu að veita ⅓ af byggingarkostnaði sjúkrahúsa. Jeg ætla ekki að neita því, að grundvallarreglur eigi rjett á sjer, en þær geta verið ósanngjarnar á vissum sviðum, og víst er um það, að sjúkdómar manna fara ekki eftir neinum grundvallarreglum. Og mjer finst, að þegar verið er að ræða um besta og fullkomnasta sjúkrahúsið, sem við Íslendingar eigum, að þá beri að veita því meiri styrk en venjulegum sjúkraskýlum. Jeg vil og benda á það í þessu sambandi, að ekki er sjáanlegt, að Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarbæ sjeu ætlaðar neinar fjárveitingar, hvorki í fjárlögum nje fjáraukalögum, önnur en þessi. Og þótt mjer detti ekki í hug að telja að neinu leyti eftir, að Eyjafjarðarsýsla, ásamt Siglufirði og Akureyri, sje ein af bestu mjólkurkúm ríkissjóðs, þá get jeg ekki stilt mig um að benda á það. Við Norðlendingar eigum því láni að fagna að hafa hjá okkur einn af allra bestu læknum landsins, og okkur er áhugamál að geta notið hans sem lengst. En fyrsta skilyrðið til þess er það, að gera honum starfið sem ljettast, með því að koma sjúkrahúsinu í það lag, að hann megi við una. Ef til vill telur Alþingi sig það litlu skifta, hvernig að honum er búið. En hvað sem því líður, þá vona jeg, að deildin taki þessari brtt. minni vel og sjái sjer fært að hækka styrkinn eins og farið er fram á.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg hefi sitthvað að athuga við till. háttv. fjvn., en jeg býst ekki við að fara út í nema fáar þeirra. Nefndin hefir að vísu sýnt viðleitni í að spara útgjöldin á frv., eins og það kom frá háttv. Nd., en jeg fæ ekki sjeð, að hinn eiginlegi sparnaður nemi meiru en 30 þús. kr., því að einstakar brtt. nefndarinnar sanna ekki, að sparnaður sje heppilegur, t. d. fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Meðal stærstu liðanna þar, sem nefndin fellir niður, er 35000 kr. til endurbyggingar tveggja vita og 7000 kr. til Holtavegarins. Ástæða nefndarinnar fyrir niðurfellingu þessara fjárveitinga byggist á misskilningi; t. d. hefir nefndin ekki sjeð brjef vegamálastjórans þessu viðvíkjandi, en byggir álit sitt á brjefi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, þar sem hann fer fram á, að sýslan verði leyst frá því að leggja fram ⅓ kostnaðar móts við ríkissjóð. En hans meining er, að sýslan verði leyst frá að leggja fram þriðja hluta af 25.000 kr., sem ráðgert er í næstu fjárlögum, en ekki ⅓ móti þeim 7000 kr., sem hjer eru ráðgerðar; þann hluta ætlar sýslan einmitt að leggja fram. Jeg hefi nýskeð átt símtal við sýslumanninn um þetta. Við höfum ekki farið fram á hærri fjárhæð vegna erfiðs fjárhags sýslunnar, og þarna fara hagsmunir sýslusjóðs og ríkissjóðs saman.

Viðvíkjandi lækkuninni á styrknum til vjelbátaferðanna til kauptúnanna í Árnessýslu vil jeg láta þess getið, að jeg álít hana óheppilega, því að sýslurnar, sem hjer eiga hlut að máli (Árnes- og Rangárvallasýsla) njóta einmitt mikils góðs af þessari styrkveitingu, sje hún látin óhreyfð eins og Nd. gekk frá henni. — Einnig hefir nefndin breytt 13. lið sömu gr., um styrk til mótorbátsferða á Austfjörðum, í sambandi við ferðir Goðafoss. Jeg tel þetta óheppilegt, því að hjeruðin norðan Seyðisfjarðar geta þá komið með sams konar kröfur um bátaferðir á því svæði.

Þá skal jeg minnast ofurlítið á styrkveitinguna til læknanna. Jeg sje, að nefndin hefir lækkað styrkveitinguna til Gunnl. Claessens, úr 2500 kr. niður í 1800 kr., og þykir mjer það mikil lækkun, af því að læknirinn fer för þessa í þarfir landsins.

Býst jeg við, að þessi ferðastyrkur nægi eigi, og mjer finst landinu skylt að greiða honum það, sem á kann að bresta. Sama er að segja um styrkv. til Jóns Kristjánssonar; því að þótt ríkið eigi ekki beinlínis tæki þau, er þessi læknir notar, og þarf nú að auka við og endurbæta, þá á það þau óbeinlínis, þar sem umræddur læknir heldur uppi hinni einu lækningastofu af þessu tægi fyrir alt landið. Og þegar þess er gætt, að þingið veitti fje til þess að koma þessari lækningastofu á fót, þá virðist ekki ósanngjarnt, þótt það veitti lítilfjörlega upphæð til þess að afla henni nýrri og fullkomnari tækja, í stað þeirra, sem þegar eru orðin óhæf vegna breytinga á rafmagninu, sem rafveita Reykjavíkur hefir í för með sjer. Verkfærin eru nú orðin óhæf fyrir rás viðburðanna, og það verður ekki hjá því komist að afla nýrra tækja. Jeg hefi komið með brtt., um að styrkveiting þessi sje færð upp í 3500 kr.; hún má ekki lægri vera, því kostnaður við þetta verður eflaust meiri. En þessar 1500 kr., sem háttv. fjvn. þessarar deildar vill veita, eru allsendis ófullnægjandi. Og þá tel jeg miklu sæmra að samþ. till. háttv. Nd., og gæti jeg felt mig við hana, en þessar 1500 kr. eru ekki einu sinni nógur ferðastyrkur, hvað þá nokkuð upp í verkfærakaup.

Guðmundur Ólafsson: Það er sjerstaklega viðvíkjandi bryggjunni á Blönduósi, að jeg stend upp, og jeg skal geta þess, að jeg er einkar þakklátur háttv. frsm. (S. H. K.) fyrir hlýleg ummæli hans um þennan styrk, en jeg hygg þó, að aths. háttv. nefndar, um skilyrðið fyrir fjárv. þessari, sje ekki jafn vingjarnleg, og ætti að falla burt. Aths. nefndarinnar er svo hljóðandi:

„.. að því tilskildu, að viðgerð þessi fari fram, áður en lagt er út í byggingu nýrrar bryggju á Blönduósi".

Jeg veit, að háttv. deildarmönnum er það kunnugt, að alt síðan 1914 hefir verið veitt fje til byggingar bryggju sunnan megin Blöndu. Fjárveiting þessi hefir verið endurtekin hvað eftir annað, og hækkuð nokkuð síðari árin, með tilliti til aukinnar dýrtíðar.

En þrátt fyrir það hefir ekki þótt fært að leggja út í bryggjugerðina, því að fjárveitingin hefir verið svo lítil. Eitthvað hlýtur að græðast á því, að ekki hefir verið hrapað að þessu verki nú, og jeg skil ekki, að fjárveitingarvaldið geti nú kipt að sjer hendinni með fjárveitingu til bryggju þessarar, þótt ekki hafi verið hrapað að framkvæmdum málsins. Nú er, eins og kunnugt er, bryggja á Blönduósi, norðan megin árinnar. Þessi bryggja var fyrst bygð fyrir liðugum 30 árum, en hefir síðan verið lengd og endurbætt nokkuð. Þessi bryggja skemdist allmikið, brotnaði töluvert framan af henni 1918, og svo aftur í brimi í nóvember í haust, og þá svo mjög, að megnið af eldri hluta bryggjunnar eyðilagðist. Bryggjan er því nú í tveim hlutum, þannig, að eftir stendur fremri hluti hennar og talsverður stöpull fast við land, en úr henni brotinn alt að 20 metra langur kafli. Verði ekki gert við bryggjuna í sumar, sópast hún að sjálfsögðu öll í burtu í brimunum í haust, og það fje, sem í henni stendur, tapast. Það er þegar byrjað á viðgerð á þessari bryggju, búið að hreinsa grjót úr bryggjustæðinu og fylla upp búkka. Hins vegar er og nú hafinn undirbúningur um að byggja bryggju þá sunnan megin árinnar, sem áður hefir verið veitt til, og kaupmenn og aðrir hafa þegar lofað fjárframlagi til hennar, og gæti þá svo farið, ef þingið kipti að sjer hendinni með fjárframlög til hennar nú, að eitthvað, meira eða minna, tapaðist af þeim framlögum, enda skil jeg ekki í því, að þingið geti, meti það sóma sinn nokkurs, tekið þá

fjárveitingu aftur, sem stendur í núgildandi fjárlögum til þessarar bryggjubyggingar að sunnanverðu við ána. Kaupfjelagið stendur best að vígi með að nota bryggju þá, sem nú er, af því að það hefir bækistöð sína norðan árinnar, en þó verða allir kaupmenn á Blönduósi að skipa upp vörum sínum við hana, ef nokkuð verulegt er að veðri. Bryggjan er því lífsnauðsyn fyrir sýsluna. Skírskota jeg að öðru leyti til þeirra háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) og háttv. frsm. (S. H. K.), sem báðir eru kunnugir á Blönduósi, þótt frá fornu fari sje.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um sumar aðrar brtt. háttv. nefndar. Jeg er nú einn af þeim fáu, sem álít, að rjett sje að spara það, sem unt er, en sú viðleitni nefndarinnar hefir þegar mætt nokkurri mótspyrnu. Hæstv. forsrh. (J. M.) mælti gegn nokkrum liðum, sem nefndin vill fella niður, og sömuleiðis háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.). En mjer finst það æðivarhugavert nýmæli, að í þessum fjáraukalögum er snarað álitlegri fúlgu, eða 22.500 kr., í 3 embættismenn, til þess að leita sjer lækninga. Jeg held, að hjer sje gengið inn á hættulega braut, skapað varhugavert fordæmi, sem getur bundið ríkissjóði þungan bagga á herðar í framtíðinni, og mjer þykir einkennilegt, ef hv. fjvn. telur ríkissjóð færan um að standa straum af slíku í framtíðinni. Vjer höfum stóran hóp af embættismönnum og starfsmönnum, og ýmsir þeirra munu þurfa að leita sjer heilsubótar, en eru fátækir, og þá mun þykja sjálfsagt, að ríkissjóður styrki þá að miklu leyti eða öllu, ef þessir menn fá umbeðinn styrk. Það er með þessum fjárveitingum sköpuð nokkurs konar regla, sem þingið getur varla brotið í framtíðinni, er um lík tilfelli er að ræða.

Jeg fylgdist ekki nógu vel með ræðu háttv. frsm. (S. H. K.), er hann var að mæla með styrk til Kristínar Grímsdóttur, sem ætlast er til að fái helming styrks þess, sem syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var ætlaður í síðustu fjárlögum. — Þótt styrkur þessi sje eigi hár, þar sem einungis er um helming hans að ræða, eða 1000 kr., þá vildi jeg fá nánari upplýsingar um þetta. (*H. St.*: Það eru sjerstakar ástæður). Getur verið, en jeg efast um, að þessi kona sje fátækari en svo margar aðrar konur í þessu landi, sem mist hafa syni sína, eftir að þær hafa verið búnar að kosta þá til náms. Mjer hefir aldrei komið til hugar, að nokkru sinni væri hægt að erfa fjárhæðir, sem staðið hafa í fjárlögunum. Jeg vildi aðeins benda á þetta nýmóðins framfaraspor nefndarinnar, sem jeg álít ekki heppilegt.

Björn Kristjánsson: Jeg vildi leyfa mjer að segja fáein orð um brtt. nefndarinnar á þskj. 368, 5. lið c. (Flensborgarskólann). Jeg sje, að háttv. fjvn. hefir lagt til, að Hafnarfjarðarkaupstaður taki nokkurn þátt í greiðslu á rekstrarhalla þeim, sem á skólanum varð síðastliðið ár. Af því að jeg hefi ekki verið hjer í þessari háttv. deild fyr en nú og í fyrra, þá man jeg ekki, hvort sama skoðun hefir verið mjög ríkjandi hjer áður, en í öll þau um 20 ár, sem jeg hefi átt sæti í Nd., hefir slík tillaga aldrei komið fram þar. Að vísu átti jeg oft örðugt með að fá styrk til skólans, en mótmælin gegn honum voru aldrei bygð á því, að Hafnarfjarðarkaupstaður legði fram fje til hans. Jeg man að vísu eftir því, að till. kom fram um það í Ed. 1917 að setja slíkt skilyrði fyrir styrkveitingu til skólans, en sú tillaga var feld.

Út af tillögu þeirri, er hjer liggur fyrir, símaði jeg til bæjarfógetans í Hafnarfirði og spurði hann, hvernig hann tæki í það, að bærinn legði fram um þriðjung þessa

halla. Hann kvað þetta hafa komið til tals áður, en bæjarstjórn hefði þverneitað því, vegna þess að bæjarstjórnin liti svo á, sem um almennan landsskóla væri að ræða, sem kaupstaðnum bæri ekki að styrkja. Og bærinn væri auk þess fjárhagslega illa staddur, svo hann gæti ekki lagt skólanum fje, þótt hann vildi. Bærinn er nefnilega ungur og hefir orðið að ráðast í miklar framkvæmdir nú á fáum árum.

Flensborgarskólinn hefir nú staðið í 40 ár, og hann hefir aldrei fengið rekstrarstyrk annarsstaðar frá en úr landssjóði, og svo ofurlítið — varla teljandi — af eignum sínum. Nemendur í skólanum eru nú 83, víðsvegar af landinu.

Hafnfirðingar hafa að vísu mikið notað þennan skóla, en þó ekki meira að tiltölu en Reykvíkingar hafa notað lærðaskólann hjer. Einhversstaðar verður hver skóli að vera, og þá er segin saga, að þeir, sem næst honum búa, eiga hægast með að sækja hann. Það má þess vegna ekki líta á þennan styrk sem bitling til Hafnarfjarðar, því að hann er aðeins styrkur til kenslu fyrir alþýðu í landinu yfirleitt.

Þess ber að gæta, að tilkostnaður við þennan skóla hefir altaf verið mjög lítill. Hann hefir aldrei orðið helmingur af kostnaði Akureyrarskólans. Þessu valda íheldni af hálfu hins opinbera og sjerstakur sparnaður skólastjóra og stjórnar skólans. Kennaralaun hafa verið svo hörmuleg, að margir hafa orðið að leita þaðan í aðra skóla. Svo mjög hefir stofnunin verið kvalin. Jeg hefi áður bent á, að Hafnarfjörður getur ekki lagt skólanum fje, og Alþingi getur ekki skyldað hann til þess. Það er þess vegna um tvent að velja fyrir hið háa Alþingi, að láta skólann leggjast niður eða hafa veitinguna svo ríflega, að skólinn geti haldið áfram að starfa. Og það vona jeg, að þingið geri. Ef Hafnarfjörður ætti að leggja þessum skóla fje, þá ætti Reykjavík að leggja fje til Mentaskólans og Akureyri til Gagnfræðaskólans. Og ef á það er bent, að þessir skólar sjeu landsskólar, og því standi öðruvísi á með þá, má geta þess, að t. d. kvennaskólinn er ekki landsskóli, og þess vegna ætti Reykjavík þá að kosta hann að nokkru leyti.

Það er kunnugt, að Flensborgarskólinn nýtur almenns trausts og þykir ágætisskóli. Námskostnaður þar er yfirleitt minni en á öðrum stöðum, og nemendur standa engan veginn að baki nemendum annara samskonar skóla. Þegar þess er gætt, veit jeg ekki, hvers Flensborgarskólinn á að gjalda, nema ef vera mætti þess, að hann er gefinn af einstökum manni. Landið hefir ekki þurft að kaupa lóð þá, sem hann stendur á eða húsin; það er hvorttveggja gjöf. En ekki mælir sanngirni með því að láta skólann gjalda þess.

Þá vil jeg benda á eitt atriði, sem jeg held, að háttv. nefnd hafi ekki tekið eftir. Skólinn hefir beðið um 5450 kr. styrk, sem er reikningshallinn 1920, og er það vegna þess, að hann hefir orðið að taka lán til þess að rekstur hans stöðvaðist ekki. Skólinn hefir orðið að grípa til sjóðs, sem nefndur er „Guðm. Grímssonar sjóður", og fá þar að láni 2700 kr. Þennan sjóð má ekki skerða, en þó hefir orðið að grípa þetta ráð. Eigi er hjer farið fram á, að sú skuld sje borguð. Skólinn vonar að geta endurgreitt þetta smátt og smátt, ef þingið sýnir sanngirni í fjárveitingum sínum framvegis.

Jeg vona, að margir háttv. nefndarmenn sjeu mjer sammála um, að skólann verði að styrkja, og jeg þykist vita, að skilyrðið, sem sett hefir verið, er tilkomið af misskilningi. Það er sama sem að segja skólanum að hætta. Jeg vil því vonast til, að þetta skilyrði verði felt burtu, og mjer þykir vænt um, að hæstv. forsrh. (J. M.) hefir tekið í sama streng.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla að minnast á einstaka liði, sem mjer virðast athugaverðir að einhverju leyti. Jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, enda eru þetta ekki stórmál, sem um er að ræða. Jeg hefði getað sýnt afstöðu mína með atkv. mínu, en jeg kann betur við að skýra hana með nokkrum orðum.

Fyrst verður þá fyrir mjer utanfararstyrkur til læknanna Gunnl. Claessens og Jóns Kristjánssonar. Eins og tekið hefir verið fram af háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.), er styrkurinn til Claessens læknis ekki til sjálfs hans í raun og veru, heldur fyrir alt landið. Það er ómögulegt að líta öðruvísi á það mál. Jeg get því ekki talið það heppilegt að klípa úr þeirri fjárveitingu, því hún er í raun rjettri til heilbrigðismála, og er ekki of miklu fje varið í því skyni. Maðurinn, sem hlut á að máli, er eini sjerfræðingur hjer á landi í þeirri grein, sem um ræðir, og er það maður, sem allir treysta. Styrkurinn er ekki meiri en aðeins ferðakostnaður, og er þá smásmugulegt að klípa úr honum.

Það má segja, að styrkur til Jóns Kristjánssonar sje ekki fyrir landið í heild sinni, en þó er hann aðallæknir hjer á landi í sinni grein, sem mun vera nauðsynleg innan læknisfræðinnar. Það stendur svo sjerstaklega á fyrir honum, að þau áhöld, sem hann hefir notað til þessa, verða honum ónýt þegar rafveita kemur hjer í Reykjavík. Ef svo er litið á, að lækningar hans sjeu nauðsynlegar, og fáir munu vera á annari skoðun, þá verður ekki hjá því komist að styrkja hann til þess að halda áfram. Þingið verður að hlaupa undir bagga með honum til áhaldakaupa, því hann hefir orðið fyrir óverðskulduðu tjóni. Ef áhöldin hefðu orðið gagnslaus á annan hátt, t. d. við eldsvoða, þá hefði hann fengið þau endurgreidd, en það er ekki hægt að tryggja muni gegn framförum, en hins vegar er ekki rjett að láta menn gjalda þeirra eins tilfinnanlega og verður um þennan lækni, ef enginn eða lítill styrkur er veittur.

Jeg verð líka að líta svo á, að Alþingi ætti að kosta 1 eða 2 lækna til utanferða á ári hverju. Engum er jafnnauðsynlegt að fylgjast með tímanum og kynnast þeim nýjungum, sem efst eru á baugi. Það er hætt við, að læknarnir dagi uppi að öðrum kosti, og komi ekki eins að notum sem ella.

Háttv. nefnd hefir viljað búta þennan ferðastyrk í sundur þannig, að 3. maðurinn gæti farið að auki, og auk þess sparist 200 kr. fyrir landssjóð. Þó að 200 kr. sjeu að vísu peningar, þá er það svo lítilfjörleg upphæð, að hún gerir hvorki af nje á í þessu efni. En þegar klipið verður af þessum ferðastyrk verður hann svo lágur, að varla er sæmandi að veita hann, ef veitt er á annað borð. Það væri, ef til vill, heldur ástæða til að hækka styrkinn, en þó að það sje ekki gert, þá vona jeg, að menn láti sjer nægja, að hann standi í stað. Jeg verð því að greiða atkv. með þessum liðum, eins og þeir komu frá hv. Nd., en á móti nýja liðnum til Magnúsar Einarssonar dýralæknis, því að mjer hefir ekki verið sýnt fram á, að brýn nauðsyn sje til þess, að sá maður sigli, og jeg veit ekki, hvort hann æskir þess.

Þá vil jeg geta þess, að jeg mun greiða atkv. gegn brtt. um Holtaveginn. Jeg er að vísu ekki kunnugur aðstæðum þar eystra, en eftir að hafa hlýtt á ræðu háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) sje jeg, að þessarar fjárveitingar muni vera full þörf, og auk þess veit jeg, að vegamálastjóri er veitingunni samþykkur. Mjer þætti líka leiðinlegt, ef allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda væru feldar á þessu þingi.

Háttv. frsm. nefndarinnar (S. H. K.) fann að því, að endurbyggja ætti Arnarnesvita, en láta óbygða nýja vita, sem þó hefði verið búið að ákveða að reisa skyldi. Jeg get ekki verið á sama máli. Jeg verð

að líta svo á, að við verðum að hafa það endurbætt, sem til er, en ekki leggja út í það að hrófla upp nýju og láta það gamla ónýtast fyrir vanhirðu sakir. Arnarnesvitinn er nú orðinn svo, að húsið getur hrunið þá og þegar, og vitinn þá eyðilagst með öllu. Það þarf því bráðra aðgerða við. Þessi viti er eini vitinn við Ísafjarðardjúp, en það er einhver fjölfarnasta siglingaleið hjer við land. Vitinn er því bráðnauðsynlegur, og **það þess fremur,** sem sjóleið á þessum slóðum er stórhættuleg, aðeins örmjótt sund milli skerja. Ef húsið hryndi og eyðilegði vitann, þyrfti að byggja alt upp af nýju, og yrði það mun kostnaðarmeira en ef gert væri við í tæka tíð.

En um leið og gert er við Arnarnesvitann, væri vel til fallið að byggja vita að Gjögri við Húnaflóa, því að þessir vitar yrðu til þess að gera siglinguna vestan lands hættuminni. Jeg held, að hentast væri að reyna að gera helstu siglingaleiðir eins hættulitlar sem unt er, og vinna að því frekar en að setja upp vita hingað og þangað, sem verða til lítils gagns vegna þess hve fáir þeir eru og langt hver frá öðrum. Það þyrfti því helst að gera við vitann í Elliðaey um leið, sem sparaði það að byggja nýjan vita á Höskuldsey. Mönnum þykir þetta ef til vill djarft talað nú í peningavandræðunum, en jeg tel meiri sparnað í því að gera frekar fátt, en vel, heldur en margt og af handahófi, og kosta aldrei til þess svo miklu, að það komi að verulegum notum.

Þá er brtt. við 5. gr., undir staflið d., um launabætur til tveggja kennara við Stýrimannaskólann og Vjelstjóraskólann. Jeg er í mjög miklum efa, hvort rjett sje að færa launabætur þessar niður, enda tel jeg vafasamt, að nefndin byggi þar á nægilegum rökum. Jeg hefi talsverða þekking af mönnum þessum; veit að þeir eru góðir og áhugasamir kennarar, en laun þeirra lág í samanburði við kennara við aðra skóla. Þess vegna mun jeg greiða atkv. á móti þessari brtt., og vildi leggja til, að liður þessi fengi að halda sjer eins og hv. Nd. samþ. hann.

Þá kemur Flensborgarskólinn. Háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) og hæstv. forsrh. (J. M.) hafa báðir talað fyrir skólanum, og hefi jeg litlu þar við að bæta, en vil þó geta þess, að jeg hefi átt nemanda í skólanum, og þekki skólann ekki að öðru en góðu einu. Þess vegna tel jeg rjettara að brtt. nefndarinnar við 19. lið 5. gr. og sem merktur er undir staflið e, sje feld. Jeg er því sömu skoðunar og hv. 2. þm. G.-K. (B. K.), að það hljóti að teljast axarskaft, að Hafnarfjörður fari nú að leggja skólanum fje. Það hefði þá þurft að vera samningur um það áður, að Hafnarfjörður gerði það. Því ekki er hægt að skipa honum það nú, svona upp úr þurru, og miða svo fjárstyrk Alþingis til skólans við það. Þetta er sama og að neita að styrkja nemendur skólans, en þeir eru víðsvegar af landinu; því má skólinn fremur skoðast sem landsskóli heldur en prívatstofnun fyrir Hafnarfjörð; svo margir hafa sótt þangað til náms, og það víðsvegar úr öllum landsfjórðungum.

Og það sem hæstv. forsrh. (J. M.) upplýsti um, að skólinn væri svo góður, að hann stæði ekkert að baki Gagnfræðaskólanum á Akureyri í sumum greinum, þá er það í alla staði rjett, enda veit jeg til þess sjálfur, að undanfarin ár hafa nokkrir nemendur farið úr skólanum og inn í Mentaskólann, eins og nemendur Akureyrarskólans. Það má ef til vill segja, að það sjeu aðeins dugnaðarmenn, sem þetta gera, og megi því þakka piltunum það sjálfum. En þetta hefir tekist og farið vel á því, enda ber á það að líta, að flestir, sem fara á Gagnfræðaskólann á Akureyri vita, að þeir geta úr skólanum komist inn í 4. bekk Mentaskólans, og stefnir því metnaður ungra manna að því, að takmark það svíki

ekki. En um þetta hefir ekki eins verið hugsað í Flensborgarskólanum, af því það hefir minna tíðkast að fara beint úr skólanum og í Mentaskólann, en hefði eflaust verið hægt að gera það miklu oftar með aðeins lítilli viðbótarkunnáttu.

Þá koma brtt. nefndarinnar við 6. gr. Er þá fyrst að telja a.-lið (styrkinn til alþýðubókasafnsins), að jeg greiði hiklaust atkvæði með nefndinni um, að sá styrkur falli niður. Og sama máli er að gegna um 12., 13. og 14. lið, að þar greiði jeg líka atkvæði með nefndinni, að styrkir þessir falli burt.

11. liður (Ásmundur Sveinsson) er víst sami maðurinn, sem síðar er skotið inn með 1000 kr. styrk. Jeg mun greiða atkv. með því, að liðurinn falli burt, og mun því, í samræmi við það, greiða atkvæði móti því að taka hann upp aftur.

Jeg er líka samþykkur nefndinni um, að styrkurinn til útgáfu lögfræðilegs tímarits falli niður, enda þótt jeg hins vegar telji slíkt tímarit ekki með öllu ónauðsynlegt; en hitt þykist jeg vita, að það verði aðeins örfáir menn, er notfæra sjer slíkt fyrst um sinn, og því gerlegt að fresta framkvæmdum þess að þessu sinni.

Þá er við 7. gr. brtt., undir staflið b. Það er Blönduóssbryggjan; en þessari fjárveiting fylgir skilyrði, sem jeg kann ekki alls kostar við. Því er bætt aftan við, „að því tilskildu, að viðgerð þessi fari fram, áður en lagt er út í byggingu nýrrar bryggju á Blönduósi". Það var nú upplýst í dag hjer í deildinni af háttv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.), að þegar er byrjað á þessari nýju bryggju, og veitt sjerstaklega til hennar í fjárlögum. Get jeg því ekki sjeð, í hvaða sambandi þessar bryggjur eru. Hjer er verið að tala um að bæta skemda bryggju, og það verður víst að teljast bráðnauðsynlegt. Jeg þykist sjá þetta glögt, því að jeg er vel kunnugur á Blönduósi, og að verði ekki þegar gert við bryggjuna nú í vor, þá hlýtur miklu fje að verða spilt. Það getur, vægast sagt, talist ofureinfeldnislegt að setja bryggjur þessar í nokkurt samband. Það væri eins og ef veitt væri fje til bryggjugerðar í Viðey, en svo yrði það skilyrði sett, að fjárupphæðina mætti ekki leggja í samskonar fyrirtæki hjer í Reykjavík. Það er all-langur vegur frá aðalverslunarstað Blönduóss og út að þessari bryggju, og því neyðarúrræði að þurfa að nota hana. Þess vegna hlýt jeg að verða á móti þessari athugasemd, eða þessu skilyrði, sem sett er aftan við liðinn.

Þá kem jeg nú að þeim liðum í brtt. nefndarinnar, sem knúði mig aðallega til þess að standa upp og kveðja mjer hljóðs, en það eru styrkirnir, sem nefndin leggur til að veita nokkrum mönnum til þess að leita af landi burt sjer til heilsubótar.

Mjer þótti vænt um þegar jeg varð þess vís, að nefndin hafði strikað menn þessa út, en sú gleði stóð ekki lengi, því síðast í brtt. sínum kemur nefndin með þessa sömu menn, og leggur þar til, að þeim sje veittur hinn sami styrkur og hv. Nd. hafði samþ., og ekki nóg með það, heldur hefir nefndin bætt þriðja manninum við. Fyndist mjer þá ekki ósennilegt að 4. og 5. maðurinn bættist við áður frv. þetta er orðið að lögum. Og sje stefna þessi upptekin, þyrftu ekki að líða nema 2 þing þangað til fyltur væri tugur embættismanna þeirra, sem ríkið styrkti til þess að sigla til kóngsins Kaupinhafnar, og kallað væri, að þangað færu til þess að leita sjer lækninga. Jeg hefi nú aldrei verið álitinn óvinveittur embættismönnum, heldur fengið orð fyrir hið gagnstæða. En svo mikil embættismannasleikja er jeg þó ekki, að jeg vilji spólera atkvæði mínu í það að senda embættismenn til útlanda, sem vanta heilsu. Jeg er meðmæltur öllu því, sem miðar að því að efla hreysti og heilsu þjóðarinnar.

T. d. vil jeg að berklaveikisfrv. nái fram að ganga sem allra fyrst, og jeg vil hlynna að okkar íslenska læknastofni, en að Alþingi gangi svo langt að styrkja hvern mann til utanfarar, sem dettur í hug að fara fram á að fá styrk í því efni að afla sjer heilsu, það er fjarstæða, enda sú glæfragata, sem víta verður, að gengið sje inn á. Að við eigum að fresta viðgerðum á gömlum byggingum eða láta nauðsynleg framfaraverk liggja niðri, en senda embættismenn á ríkiskostnað út úr landinu sjer til heilsubótar, það væri næsta einkennileg úrlausn á þessum fjárhagsvandræðatímum.

Leikmenn yfirleitt hafa þó sjálfsagt eins mikinn tilverurjett, en þó hafa þeir ekki komið fram með kröfur sínar enn, en þeir koma þá sjálfsagt á eftir, því „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sjer leyfist það".

Það er ekki þar fyrir, að mannúðin sje ekki mikil orðin og menn yfirleitt hjálpsamir bæði við hærri sem lægri, en jeg held að þetta sje svo hál braut, og ískyggilegasta gönuhlaupið, sem þingið nokkru sinni hefir farið í fjármálum, enda er þetta í ósamræmi við sparnaðaranda nefndarinnar, að fella styrkinn fyrst niður, en taka svo upp á öðrum stað og bæta þá einum við. Þess vegna mun jeg greiða atkv. með því, að liðurinn falli niður, eins og jeg líka hlýt að greiða atkv. á móti því, að taka menn þessa upp aftur.

Sigurður Eggerz: Það eru aðeins örfáar athugasemdir og flestar almenns efnis, er jeg vildi gera.

Þegar maður lítur á þetta fjáraukalagafrumv., ofbýður manni hinn mikli halli, sem hjer er um að ræða, og þegar þar við bætist, að á sama tíma er á ferðinni fjárlagafrv. fyrir næsta ár með 2 milj. tekjuhalla, þá er útlitið ekki glæsilegt og torfærurnar æðimiklar á fjármálasviðinu fram undan. Að því er snertir fjárlögin, þá má vera að tekjurnar hækki eitthvað frá því sem nú er, með hinum nýju skattafrv., sem eru á ferðinni, en hitt er líka vitanlegt, að ýmsir liðir til útgjalda bætast við, sem ekki eru komnir í fjárlögin, og þeir nema miklu meiru heldur en tekjur skattafrv.

Í þessu sambandi vildi jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. stj., hvaða leið hún sjái til þess að jafna þennan halla. Jeg geri ráð fyrir því, að hún muni einhver ráð sjá til þess, því slíkt verður að heimta af hverri stjórn. Jeg fyrir mitt leyti sje aðeins eina leið, og hún er sú að taka lán. En sú leið er mjög óheppileg og jafnframt afarhættuleg. Eins og það er sjálfsagt að taka lán til þess að bjarga viðskiftalífi þjóðarinnar og atvinnuvegum, eins er hitt óheppilegt, að Alþingi skuli afgreiða þau fjárlög, að halla þeirra þurfi að greiða með lánum. Sú braut er hættuleg, og sje út á hana gengið, verður ekki annað sagt en að horfurnar framundan sjeu æðiískyggilegar. Nú er það svo, að ef á að draga úr þessum geigvænlega halla, þá er það eitt ekki nóg að skera niður það, sem í eiginlegum skilningi má telja óþarfa.

Nei, leiðin verður að vera sú, eins og jeg benti á þegar jeg var fjármálaráðherra, að þingið verður að skera niður nokkuð af þeim fjárveitingum, sem annars áttu að ganga til ýmsra framkvæmda. Þetta gerir bóndinn, þegar hann sjer fram á örðugleikana. Hann frestar sínum framkvæmdum og dregur saman seglin. Á þessa leið benti jeg sem þá einu færu, þótt menn daufheyrðust fyrir því þá. En þó að svo færi þá, hlýtur að því að reka, að að þessu ráði verði hnígið; það er jeg sannfærður um.

Jeg benti líka á það, er jeg var fjármálaráðherra, að Alþingi þyrfti að taka upp nýja og haldbetri stefnu eða leið við samning fjárlaganna. Í byrjun þings ættu

fjárhags- og fjárveitinganefndir beinlínis að koma sjer saman um, hvað mikill halli mætti vera á fjárlögunum, og innan þeirra takmarka ætti svo fjárveitinganefnd að starfa. Að sjálfsögðu ætti að gera þetta í samráði við stjórnina, og hún ætti að halda að þinginu að fara ekki út fyrir rammann, og mundi það verða á þá leið, að fjármálaráðherra neitaði að taka á fjárlögunum, ef of mikill halli yrði á þeim.

Þetta voru nú hinar almennu athugasemdir, er jeg vildi gera; en úr því að jeg er staðinn upp, vildi jeg leyfa mjer að beina fáeinum fyrirspurnum til hæstv. stjórnar, í sambandi við ýmsa liði þessara fjáraukalaga, sem liggja hjer til umr.

Og fyrsta spurningin er þá viðvíkjandi 9. gr. Jeg vildi leyfa mjer að spyrja um það, hvort upphæð sú, sem þar er nefnd, 200 þús. kr. til útgjalda við konungskomuna, sjeu þau útgjöld, sem þegar er búið að greiða í undirbúningskostnað, eða hvort þetta sje áætlunarkostnaður líka fyrir það, sem ógert er.

Eins vildi jeg þá í sambandi við þetta gefa stjórninni tækifæri til þess að upplýsa mál eitt, sem mikið er um rætt, og oft hefir borið á góma bak við tjöldin, en það er byggingin við Geysi. Um þetta hefir sem sagt mikið verið skrafað, og undarlega háar upphæðir nefndar í sambandi við byggingarkostnað þessa húss. Og væri gaman að fá upplýsingar um það.

Jeg verð nú að líta svo á, að það hafi verið hreinn og beinn óþarfi og hjegómatildur að reisa þetta hús, þar sem ríkið átti þarna hús fyrir, og ekkert auðveldara en að gera það svo úr garði, að konungshjónin gætu gist þar. Hins vegar verð jeg að álíta, að um hina aðra gesti hefði verið hægt að búa í tjöldum og láta fara sæmilega vel um þá.

Það er fjarri mjer með þessu að segja það, að jeg vilji ekki að tekið sje sæmilega á móti konungshjónunum, en jeg vil engan hjegóma og ekkert tildur í því sambandi, en það verð jeg þó að álíta, að hún sje þessi bygging.

En sem sagt, af því að svo mikið er um þennan konungskomu-undirbúning rætt á bak við tjöldin, og háar upphæðir nefndar í því sambandi, þá er mjer ljúft að gefa hæstv. stjórn tækifæri til þess að svara því.

Þá vildi jeg minnast á eina brtt. Það er um fje til Holtavegarins. Þegar að því ráði var horfið hjer á þingi að skylda sýslurnar að sjá um viðhald flutningabrautanna, þá var það mjög misráðið og afaróheppilegt, enda hefir reynslan sýnt það, að þetta er sýslunum ofurefli og vegirnir spillast og ganga úr sjer með hverju ári. Með öðrum orðum, alt bendir í þá átt, að þetta verði að hverfa aftur til ríkisins: að ríkissjóður verði að taka viðhaldið að sjer, enda hefir nú Árnessýsla fengið talsverða upphæð til endurbyggingar aðalbraut sinni yfir þvera sýsluna, og verður óhjákvæmilegt að halda slíku áfram.

En það eru ekki aðeins þessar sýslur, sem stynja undir þessum mikla viðhaldskostnaði. Mjer er kunnugt bæði um Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá því að jeg var þar sýslumaður, að þeim er ókleift að viðhalda sínum vegum af eigin ramleik.

Karl Einarsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 382, og skal jeg strax taka það fram, að mjer finst, að háttv. deild þurfi ekkert að undra sig á, að hún er fram komin.

Er þessi hækkun umfram till. fjvn., sem hjer er farið fram á, hverfandi lítil, borin saman við upphæðir fjárlaga og fjáraukalaga, en hins vegar er fyrirtæki það, sem fjárveitingin á að ganga til, langt frá því að vera lítils virði.

Jeg hreyfði þessu máli fyrst á þinginu 1918, og fjekk sjútvn. það til meðferðar.

Vil jeg taka það fram, þm. til verðugs hróss, að málið fjekk hinar bestu undirtektir.

Á þinginu 1918 lá ekki annað fyrir en málaleitun um styrk til að kaupa skip, sem væri vel hæft til að hafa björgun og eftirlit með fiskveiðum. Sjútvn. leitaði sjer upplýsinga hjá fróðum mönnum um þessi efni, og urðu þær á þá leið, að hentugast mundi að kaupa lítið mótorskip, sterkt og vandað, með útbúnaði til að geta notað segl.

Með þetta fyrir augum var samþ. þál., sem veitti stjórninni heimild til að veita annaðhvort einstökum manni eða fjelagi styrk til þess að kaupa svona skip, og var áætlað verð þess 120 þús. kr. Fjárveiting þessi var bundin við Vestmannaeyjar, því að fjvn. Nd. leit svo á, að þar mundi þörfin brýnust fyrir svona skip, og svo ennfremur, að þeir væru líklegastir til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Mun síðari ástæðan hafa valdið meiru, enda hefir það sýnt sig, að sú von hefir ekki brugðist, því að þegar eftir þinglok hjelt jeg almennan fund með Vestmannaeyingum, og var þá stofnað fjelag, sem næstum því hver maður, sem nokkuð gat látið af mörkum, gekk í ábyrgð fyrir fjelagið. Var þá strax tekið að undirbúa málið, og var maður sendur utan um haustið, til að leitast fyrir um tilboð um kaup á skipi. En þegar kom fram yfir nýár, var verðlag orðið svo breytt, að bestu tilboðin voru yfir 200 þús. kr., eða 225 þús. kr. fyrir mótorbát með 50—60 tonna stóra vjel og 8—9 mílna ferð á vöku. Þegar nú fjelagsstjórnin bar sig saman við sjerfróða menn um, hvort þessi bátur mundi koma að fullu gagni, kom það í ljós, að þessi bátur mundi ekki koma að tilætluðum notum, svo sem til að hjálpa þeim, er í sjávarháska væru staddir. Kom mönnum saman um, að slíkt skip gæti engu síður orðið hætt statt heldur en þeir bátar, sem ætlast var til, að það ætti að hjálpa. Vjelin gæti bilað o. s. frv. Var því auðsætt, að þetta mundi aðeins verða kák eitt, en það var engan veginn tilgangurinn. Árið 1919 barst okkur svo tilboð um ýms skip, þar á meðal um kaup á „Þór".

Var svo afráðið að kaupa skip þetta, og fengum við 40 þús. kr. styrk úr landssjóði, samkvæmt heimildinni frá 1918.

Í þál. 1918 var kveðið svo að orði, að stjórnin ætti að samþykkja kaupin, og einnig að samþykkja áætlun og reglur skipsins.

Vestmannaeyingar litu svo á, að í útborgun styrksins feldist samþykki stjórnarinnar á kaupunum, enda var líka hæstv. forsætisráðherra (J. M.) staddur í Kaupmannahöfn þegar kaupin gerðust. Á þinginu 1920, sem stóð mjög stutt, aðeins 18 daga, var þó afgreidd tillaga, sem heimilaði stjórninni að borga út 50,000 kr. til skipakaupanna, og búist var við því, að mundi verða ⅓ kaupverðsins ásamt viðgerðarkostnaði, sem óhjákvæmilegur var á skipinu, því að það hafði enga viðgerð hlotið síðustu 4 árin á undan kaupunum. Á sama þingi var einnig borin fram till. um, að stjórnin ljeti starfrækja skipið. Var jeg flutningsmaður tillögunnar. En jeg fjelst á, að þessi till. kæmi aldrei fram frá nefndinni, sem hafði hana til meðferðar, en í stað þess var borin fram önnur till., um áskorun til stjórnarinnar um að hefjast handa um eftirlit með fiskveiðum við strendur landsins.

Var það minn skilningur þá, þó að hann kæmi ekki opinberlega fram, að „Þór" ætti að njóta styrks til eftirlitsins, svo framarlega sem hann reyndist maklegur þess.

Á þessu þingi var ekki afgreitt neitt rekstrarfje fyrir það ár nje næsta ár, en þó ákváðu Vestmannaeyingar að halda skipinu úti til vertíðarloka 1920.

Þetta gátu þeir auðvitað ekki nema því aðeins, að þeir nytu aðstoðar bæjarfje-

lags Vestmannaeyja, enda hljóp það undir bagga og ábyrgðist lán gegn 1. veðrjetti í skipinu.

Í haust var svo ákveðið af bæjarstjórninni að gera skipið út í 4 mánuði. Var áætlað, að sá rekstur mundi kosta 120,000 kr., og var fje þetta veitt í fjárhagsáætlun bæjarins og jafnað niður á venjulegan hátt.

Sýnir þetta, að Vestmannaeyingar álitu skipið mikils virði. Lagt var fyrst og fremst 125,000 kr. í kaup á því, og auk þess hljóp bæjarstjórnin undir bagga og ábyrgðist lán til rekstrar á skipinu þetta eina ár, sem það hefir starfað, og heldur því nú út í ár.

Það sem Vestmannaeyingar ætlast nú til af hv. Alþingi er, að það styrki okkur svo, að við fáum risið undir fyrirtækinu.

Jeg hefi nú farið fram á það, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, að Vestmannaeyingum yrði greiddur styrkur, sem svaraði ⅔ rekstrarkostnaðar skipsins þessa 4 mánuði. Kom þetta til meðferðar háttv. sjútvn. Ed., og lagði hún til, að veittur yrði 50,000 kr. styrkur fyrir árið 1921.

Var það meiningin, að það færi eigi fram úr helmingi kostnaðar, enda þótt það sjáist ekki á bókuninni.

Jeg ætla eigi að fara að rekja það nú, hvað sagt var hjer á þinginu 1918 um þetta mál, en margir góðir menn urðu þá til þess að veita mjer aðstoð sína.

En jeg veit, að allir skilja, að það er raunalegt að geta ekki hjálpað bágstöddum mönnum á sjó úti eða að reka til þess sárþreytta menn úr landi Hefi jeg bæði sjeð slys hljótast af því og mikinn hrakning. Árið 1920 bar það við, að mjer barst fregn um það, að skip væri statt í sjávarháska undan Vík. Lá það þar mastralaust og átti ekki annað fyrir hendi en að rekast á land upp. Jeg þorði eigi að senda mótorbát því til hjálpar, en náði í botnvörpung og fjekk hann til þess að reyna að bjarga. Kom hann með skipið, og báru bæði skipstjóri og allir skipverjar það fyrir rjetti, að skipið hefði ella áreiðanlega farist og öll skipshöfnin. Í vetur, snemma í þessum mánuði, lenti bátur í því að verða ósjálfbjarga. Kaðall lenti í skrúfunni, vjelin var því ónothæf og eigi hægt að hafa segl uppi. Austanofviðri var og þreifandi bylur. Ef „Þór" hefði þá ekki verið á sveimi á þessum stöðvum og komið skipinu til hjálpar, mundi hafa orðið tjón bæði á mönnum og skipi. Mennirnir voru 6 og skipið mun eigi hafa verið minna virði en 50,000 kr., eða jafnhátt styrknum, sem sjútvn. leggur til, að skipinu sje veittur.

Þó ekki væri nú annað en þetta, að skipið bjargaði þessum báti, þá ætti þingið samt að veita þetta fje, auk heldur þegar sýslubúar leggja tvisvar sinnum meira fje fram.

Jeg ætla, að það muni ekki veita af 100,000 kr. næstu vertíð, því að það er ekki nóg að ætla fyrir þessum 4 mánuðum einungis, því að það þarf að borga yfirmönnum skipsins kaup og fæði alt árið, því að ófært er að skifta um ágæta yfirmenn, þegar þeir eru fengnir, eins og við höfum orðið svo heppnir að fá.

En það er annað verkefni, sem liggur líka fyrir „Þór" en björgunarstarfið, og einnig er afskaplega þýðingarmikið. Eyjabúar hafa orðið fyrir tjóni á veiðarfærum, sem numið hefir tugum þúsunda. Hefir þetta hlotist mikið af vangá þeirra skipa, sem eru á miðum, því að auðsætt er, að af illvilja er það ekki, því að botnvörpungarnir, sem lent hafa í netatrossunum, hafa sjálfir stórskemt vörpur sínar.

En nú er svæði þetta verndað af „Þór", svo að þetta getur ekki komið fyrir. Leiðir enn af þessu, að bátarnir geta betur notið sín á veiðunum en ella, og þora

að leggja net sín þar, sem þeir annars ekki þyrðu að hafa þau.

Það brá svo við, að eftir að „Þór" kom, þá voru engir botnvörpungar að veiðum í landhelgi við Eyjarnar. Þetta gerði það að verkum, að eyjamenn gátu verið í næði að veiðum, og hafði það ekki hvað minsta þýðingu, eftir að netafiskur var kominn. Öfluðu þeir því meira en nokkurntíma áður, og má eingöngu þakka þennan mikla afla eftirlitinu.

Vitanlega þarf bæjarsjóður Vestmannaeyja að leggja þungan skatt á gjaldendurna, til að geta haldið þessu skipi úti. En það virðist ekki óeðlilegt að ætlast til þess, að landið í heild leggi eitthvað af mörkum til þess að ljetta bæjarsjóði þessa útgerð. Í raun og veru ætti ríkið sjálft að kosta slíkt björgunarskip að öllu leyti, en ekki einstök bæjarfjelög.

En hjer má nú ekki búast við því, þar sem hag ríkissjóðs er þannig varið, að hann er ekki fær um það. En á það mætti benda, að það er ekki einskisvert að tryggja betur líf þeirra manna, er stunda þennan atvinnuveg á hættulegasta tíma ársins og hættumesta svæðinu. Á vetrarvertíð eru það 1—2 þúsund manna, sem eru á sjónum hjer sunnanlands, er fara til fiskjar, og ætti þörfin að vera auðsæ á því að vernda líf þess fjölda, er leggur sig í hættu við þennan atvinnuveg. En því betur sem atvinnan er trygð, því betri verður afkoman.

Það hefir oft verið sagt um þetta skip, „Þór", að það væri ekki betra en botnvörpungur. En mjer finst það næsta hart að ætlast til þess, að botnvörpungur, sem búið er að sekta og gera afla og veiðarfæri upptækt hjá, sje að eyða tíma og fje og brenna kolum dag eftir dag til að leita báta, er kynnu að hafa lent í hrakningum. Mjer finst það svo óheyrilegt, að við mættum skammast okkar fyrir að ætla á hjálp annara, en eiga ekkert skip sjálfir.

Jeg skal taka það fram, að það kom fyrir 12. febrúar 1920, að bátur fór til fiskjar, og hefir aldrei spurst til hans síðan. Fóru þá tveir enskir botnvörpungar að leita hans, án þess að heimta nokkra borgun fyrir.

Hinn 5. mars náðist annar skipstjórinn að veiðum í landhelgi, og var auðvitað dæmdur. En mjer er kunnugt um, að það er fleirum en Vestmannaeyingum, sem þykir þetta leitt. En ekkert er við því að gera; rjetturinn verður að hafa sinn gang. Og þessum skipstjóra þótti mjög mikið fyrir þessu og mundi ekki sýna slíka greiðvikni aftur, enda hart að þurfa að þiggja það.

Það hefir verið sagt, að „Þór" hafi tekist meira verk á hendur en ætlað hafi verið í fyrstu. En það er margt á að líta. Jeg skal taka það eitt fram, sem fundið hefir verið að þessu skipi, að það væri óþarflega stórt; en að öllu athuguðu munu menn sjá, að það má ekki vera minna. Starfsvið þess er úti á opnu Atlantshafi, og meðfram ströndinni engar hafnir að flýja inn á undan veðrum og ósjó; það verður annaðhvort að halda sjó eða ná til Vestmannaeyja. Til þess að geta rækt starf sitt að gagni má skipið ekki vera minna, þótt það sje nokkuð dýrt að halda því úti. Það verður sem sagt að vera fært um að fara út í hvaða veður sem vera skal, ef á þarf að halda. En skipið hefir gert meira en vera á verði um líf manna eða bjarga bátum, sem lenda í voða; það var sjálfsagt að láta skipið líka hafa eftirlit með landhelgi landsins á þessu svæði, þegar það þurfti ekki að veita bátum aðstoð, eða veður var svo, að sýnilegt var, að þess var ekki þörf. En þetta eykur kostnaðinn, og ekki að búast við, að neinn færist það í fang að hafa

eftirlit með fiskveiðunum fyrir ekki neitt.

Menn munu sjá, hvaða gagn þetta hefir gert, er gáð er að því, að þetta er fiskisælasta plássið við strendur landsins, og þann fjórðung ársins, sem flestöll fiskiskip landsins eru þar að veiðum, mun meiri hluti alls þess fiskjar, sem aflast hjer við land, vera veiddur þar. Það er því mikilsvert atriði að hafa þar eftirlitsskip að staðaldri til að vernda landhelgina fyrir yfirgangi botnvörpunganna. Aðalmarkmið varðskipa á að vera að verja landhelgi fyrir þeim usla, er botnvörpungar gera, en það bætir lítið um hann, þó nokkrir náist og verði sektaðir við og við, og ekkert eftirlit sje þess á milli.

Þegar Vestmannaeyingar rjeðust í að kaupa þetta skip, þá höfðu þeir það fyrir augum að geta haft skipið einnig til eftirlits á þessu svæði, sem mest er þörfin, og auk þess gæti það verið á verði á Austfjörðum eða Vestfjörðum, er veiðitímanum hjer sleppir.

Eftirlitið, eins og það hefir verið, hefir ekki komið í veg fyrir, að botnvörpungar hafi verið að veiðum í landhelgi.

Jeg skal lýsa því yfir, að þetta er einmitt álit þeirra tveggja manna, sem jeg hefi átt kost á að heyra álit um þetta og þekkingu hafa á þessu.

Yfirmaðurinn á Islands Falk sagði, að svona lítið skip sparaði mikið og gerði geysimikið gagn.

Hann stakk upp á því, hvort ekki mundi tiltækilegt að byrja með því frá Íslands hálfu í þessu efni að hafa „Þór" fyrir suðurströnd landsins, mótorkútter á Vestfjörðum, en Beskytteren hefði Faxaflóa til yfirferðar. „Fálkinn" færi svo milli þessara staða við og við, eftir þörfum, og yrði aðalvarðskipið, en hin eins og nokkurskonar floti, er hann stjórnaði. Ættu þau að gefa honum skýrslu um starf sitt, og hann þeim aftur leiðbeiningar. Þetta sagði hann að væru sínar tillögur. Og skipstjórinn á „Þór" sagði það sama, eða mjög líkt, eftir foringjanum á ‚Fylla'. Og það hefir sýnt sig, að botnvörpungar hafa alls ekki veitt í landhelgi við Vestmannaeyjar, síðan „Þór" hefir verið þar á stöðugum verði.

Þessi skip, „Fylla" og „Þór", höfðu ekki óðara náð saman en þau gerðu það samband milli sín, að þau geta talað saman, án þess aðrir skilji.

Jeg mintist á það áðan, að þó tillaga mín um rekstrarkostnaðinn hafi ekki komið til umræðu í fyrra á þinginu, þá var það ekki af því, að nefndin vilji ekki sinna tillögunni, heldur er það meining hennar að láta stjórnina hafa óbundnar hendur um landhelgisgæsluna, en alls ekki að andmæla þessu, heldur þvert á móti. Það er einnig ósköp skiljanlegt, þó menn vilji ekki binda sig við sjerstakt það, er ekki megi frá víkja, því ef betra byðist, þá væri sjálfsagt að taka það.

Það, sem jeg vildi taka fram um fjárhagshliðina, er í stuttu máli þetta: Vestmannaeyingar hafa keypt skipið fyrir ca. 310 þús. kr., og orðið að taka til þess 30—40 þús. kr. lán. Svo hafa þeir gert skipið út, og rekstrarkostnaðurinn 1920 varð 105 þús. kr., og þetta ár má gera ráð fyrir að hann verði 120 þús. kr. Þeim veitti því ekki af að fá þessar 50 þús. kr., ef þeir eiga að geta haldið áfram næsta ár.

Jeg mintist áðan á bát, sem „Þór" hefir bjargað, og allir menn á honum myndu hafa farist, ef hans hefði ekki notið við. En það er ekki eini báturinn, sem hann hefir orðið að liði. Hann hefir oftsinnis veitt bátum aðstoð, og í öðru sinni bjargað bát frá voða, þó að það væri ekki eins bersýnilegt og í þetta skifti.

Um gagnið að eftirlitinu er það að segja, að hann hefir beinlínis verndað fiskveiðarnar við Eyjarnar og með söndunum. Það sýndi sig best, að þegar hann

lá í Reykjavík að taka kol í vetur, þá var röðin af botnvörpungum í landhelgi, ekki einn eða tveir, heldur hrönnum saman, og rökuðu fiskinum fram með ströndinni. En bæði undan og eftir varð ekki vart við, að einn einasti botnvörpungur dirfðist að veiða innan landhelgislínunnar. Það er einkennileg saga, sem jeg hefi heyrt. Maður einn átti net í sjó fram undan Sandi. Hann er djarfur og duglegur sjómaður og sækir vel sjó. Þegar hann kom að vitja um net sín, var einn botnvörpungurinn í miðri netatrossu hans og dró hana með sjer. Svo grunt var sá að veiðum, að pokinn á botnvörpunni flaut upp. Tók hann þá það ráð að skera á pokann, sem hann gat til náð, og rifnaði hann þá frá en þeir á bátnum snarir til og drógu saman pokann og höfðu úr honum 1200 þorska. Þetta var í myrkri, og gátu þeir því ekki sjeð númer eða nafn skipsins, en enginn hefir vitjað pokans eða aflans.

Ef háttv. deild sjer sjer fært að samþ. tillöguna og eitthvað svipað næsta ár, þá býst jeg við, að Vestmannaeyingar reyni að halda skipinu út næstu vertíð. En ef styrkurinn verður lítill, eða þingið sker hann við neglur sjer, þá mun slá óhug á þá að halda því úti gegn andúð þings, og maður verður að segja þjóðar. því að þm. eru fulltrúar þjóðarinnar.

Þetta skip var notað sem herskip í Danmörku, og var þá vopnað. Það er því fyllilega sæmilegt eftirlitsskip fyrir okkur. Jeg vil aðeins taka þetta fram, til að sýna, að okkur er engin minkun að nota þetta skip til eftirlits.

Vestmannaeyingar sýna alla sanngirni í þessu máli, og vilja leggja á sig það, sem þeir mögulega geta, til að halda skipinu úti, því að þeim er fullljóst það gagn, sem það gerir.

Háttv. frsm. (S. H. K.) sagði áðan, að við hefðum ráðist í of stórt. Jeg hefi þegar svarað því, með því að benda á það, að starfssvið skipsins er úti á opnu Atlantshafi, við hafnlausa strönd, en ekki inni á fjörðum eða flóum, þar sem góðar hafnir eru nálægt. Og ef litið er á þetta frá rjettu sjónarmiði og með fullri sanngirni, þá munu allir kannast við, að skipið er alls ekki of stórt, heldur ef nokkuð er, þá er það of lítið. Það er og kostur skipsins, að það er afarsterkt bygt, og hefir reynst ágætlega í stórsjóum, enda veitir ekki af.

Það, sem jeg sagði að jeg vonaði að þetta yrði okkur ekki ofvaxið, þá meinti jeg, að við höfðum ekki búist við, að kostnaðurinn yrði svona mikill, og við höfðum heldur ekki búist við að mæta þessari andúð, og satt að segja veit jeg ekki hvaðan hún er komin, eða vil ekki vita að þessu sinni.

Úr því jeg stóð upp, vildi jeg minnast á brtt. um að styrkveiting til Holtavegarins falli burt.

Hann er sem sagt ófær á köflum, og þarf að gera við hann. En það liggur í hlutarins eðli, að það er enginn sparnaður í því að hafa þá vegi, sem fjöldi fólks þarf að fara um, ófæra eða láta þá halda áfram að eyðileggjast.

Jeg verð líka að segja það, að mjer finst hálfleiðinlegt, hvernig nefndin hefir komið fyrir styrk þeirra embættismanna, er þurfa að fara utan til lækninga. Þar er um góða kunningja að ræða, og jeg vildi unna þeim alls góðs. Þetta þyrfti heldur ekki að verða svo kostnaðarsamt fyrir landssjóð eins og ætlast er til, því að stjórnin mundi fá hinn væntanlega setta bæjarfógeta á Seyðisfirði til að þjóna embættinu fyrir hálf laun, eins og oft hefir tíðkast áður, og látið núv. bæjarfógeta halda fullum launum. Sama geri jeg ráð fyrir, að væri hægt með hina embættismennina.

Jeg hefði kunnað betur við, að hægt

hefði verið að finna annað form en er í fjáraukalögunum eða tillögum nefndarinnar fyrir þessari fjárveitingu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg gat því miður ekki verið við umræðurnar í dag. Verð jeg því að fara eftir nefndarálitinu og því, sem jeg hefi heyrt í kvöld.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að því, sem háttv. 4. landsk. (G. G.) sagði um Arnarness- og Elliðaeyjarvita. Jeg held að hann hafi gert nokkuð mikið úr því, hversu þeir væru orðnir ljelegir. Jeg hygg að tillögur vitamálastjóra um endurbygging Arnarnessvitans stafi og mikið af því, að við hann eiga að verða vitavarðarskifti í vor, og hann vill því heldur fá „automat"-vita þar, því að þeir eru ódýrari í rekstri. En hins vegar leggur hann enga sjerstaka áherslu á endurbyggingarnar einmitt í ár. Það er satt, að Elliðaeyjarvitinn er orðinn gamall og á eftir tímanum, en það yrði nokkuð dýrt fyrir ríkið, ef svo ætti að fylgjast með tímanum að byggja altaf nýtt, þegar eitthvað væri farið að verða á eftir tímanum. Það er satt, að vitamálastjóri vill fá þennan vita bygðan, en jeg hygg, að það stafi mikið af því, að hann vill hafa tvo vita til að byggja í einu á Vestfjörðum, því að það gerir kostnaðinn hlutfallslega minni.

Mjer er það áhugamál, að þessir vitar falli niður í ár. Því að annars mun naumast verða hjá því komist að byggja 4 vita á Austfjörðum þetta ár, því að Austfirðingar yrðu óánægðir, ef aðrir nýir vitar yrðu bygðir á undan vitunum þar, og væri þetta að vonum, þar sem Austfjarðavitarnir áttu að byggjast á fyrra ári, en er nú frestað til 1922.

Jeg veit ekki, hvað hv. frsm. (S. H. K.) sagði um dýrtíðaruppbótina handa Jóhannesi L. L. Jóhannssyni, en í nefndarálitinu stendur: „Nefndin er sammála fjárveitinganefnd neðri deildar um styrkþörf Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, og hefir því tekið upp fjárveitingu til hans." Jeg ber ekki á móti þörfinni á styrkveitingu til hans, en jeg vildi láta veita honum styrk af þeirri upphæð, sem veita átti syni hans, Jakobi Smára, til samningar hinnar íslensku orðabókar, og fyrir þá sök var jeg á móti því, að upphæð þessi til hans væri tekin upp í fjáraukalögin.

Jeg vildi vita, hvort deildin lítur eigi svo á, að rjett hafi verið að hætta greiðslu á þessum styrk til Smára, þegar búið var að setja hann í íslenskukennaraembættið við hinn almenna mentaskóla; því að vitanlega er það starf svo umfangsmikið, að tæplega er hægt að hugsa sjer, að nokkur maður geti annað öllu meira verki.

Jeg skal taka það fram, að jeg er þakklátur háttv. fjárveitinganefnd fyrir það, að hún hefir gert alvarlegar tilraunir til þess að reyna að draga úr útgjöldunum, því að það er bráðnauðsynlegt.

Jeg er sammála háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) um það, að bráðnauðsynlegt sje að láta ekki verða halla á landsbúskapnum árlega. Og sje það ekki hægt með öðru móti, þá verður það að gerast á þann hátt að fella burtu liði, þó nauðsynlegir sjeu. Þetta ætlar stjórnin að gera í sumar, að svo miklu leyti sem hún getur, þó það sje auðvitað eins og hann sagði, að það sje hægara að tala það en framkvæma.

Þá spurði sami háttv. þm. (S. E.), hvort 200 þús. kr. mundu nægja til konungskomunnar. Þetta er að vísu áætlunarupphæð, sem jeg því miður get vel hugsað, að sje of lág.

Af þessari upphæð er nú þegar búið að borga út um 170 þúsundir, en það er líka búið að kaupa marga verðmæta hluti, sem verða auðvitað seldir aftur með báu verði, og er því ekki vonlaust um, að þessar 200 þúsundir hrökkvi alllangt fyrir

kostnaðinum, en auðvitað verður kostnaðurinn töluvert meiri, sökum þess, að konungurinn kom ekki í fyrra og alt var búið undir komu hans þá.

Þá spurði sami háttv. þm. (S. E.) um húsið við Geysi, og sagði að óþarft hefði verið að byggja það, því að vel hefði mátt nota tjöld. Hann sagði, að mikið væri talað um þetta hús. Það getur vel verið, en ekki hefi jeg heyrt það. Þetta er mjög óvandaður skúr, sem ekki átti að standa nema nokkra daga, en svo varð að treysta það í haust, þegar svona fór, og hann varð að standa yfir veturinn, og jeg fullyrði að hann hefir ekki kostað yfir 20 þús kr. Og eftir því sem byggingameistari álítur, ætti að vera hægt að selja efnið úr honum aftur fyrir 10 þús., því að hann er lítið naglrekinn, því að það var strax búist við að hann yrði seldur.

Það var ekki stjórnin ein, sem áleit, að nauðsynlegt væri að byggja þarna eitthvert skýli, heldur og líka forsetar þingsins, því að tæplega var hugsanlegt, að hægt væri að vera þar í tjöldum, ef slæmt yrði veður, þegar líka gert var ráð fyrir að vera þar í tvær nætur.

Út í ræðu háttv. þm. Vestm. (K. E.) skal jeg ekki fara. Jeg skal aðeins geta þess, að ekkert skip nema „Beskytteren" var fyrir norðan í sumar um síldveiðatímann til strandvarna, og var því ekki að ræða um að leigja skip í þeim tilgangi.

Björn Kristjánsson: Jeg gleymdi svolitlu, sem jeg vildi minnast á áðan, er jeg talaði. Það er 6. liður 6. greinar, tillaga háttv. fjvn. um að fella burtu, að það væri dýrtíðaruppbót, sem Einari Jónssyni væri veitt, heldur að honum væri veitt fjárhæðin í viðurkenningarskyni. Háttv. nefnd hefir ekki viljað brenna sig á því að kalla þetta dýrtíðaruppbót. Jeg skal viðurkenna það, að þingið gerði sómastrik, er það ljet byggja húsi , til þess að þessi listamaður hefði næði til þess að móta hugsjónir sínar í leirinn. Mjer þykir því undarlegt, úr því að þingið sagði A, ef það segir þá ekki B líka. Því að þessi maður hefir unnið landinu mikinn heiður, og því væri sorglegt, ef hann þyrfti að líða. Því að 2500 kr. nægja ekki til þess, að hann geti framfleytt lífinu sómasamlega.

Jeg hefði ekki staðið upp, ef þessi maður hugsaði um sig eins og aðrir menn. Hann hugsar aldrei um sjálfan sig og kvartar aldrei. Þess vegna verða aðrir að gera það fyrir hann.

Jeg vildi því óska, að háttv. nefnd vildi leggja til, að hann nyti dýrtíðaruppbótar af þessari litlu upphæð og framvegis. Jeg væri henni mjög þakklátur fyrir það.

Svo vildi jeg aðeins minnast á dýrtíðaruppbótina handa Jóh. L. L. Jóhannssyni. Jeg vissi ekki um fje það, er hæstv. fjrh. (M. G.) segist hafa ætlað honum. En jeg vildi samt óska, að þessi liður til hans fengi að standa í fjárlögunum, því að þingið hefir myndað þessa stöðu og því ber því skylda til að sjá um að þessi maður geti lifað neyðarlaust.

Frsm. samgmn. (Halldór Steinsson): Jeg var ekki samdóma fjárveitinganefndinni um suma liði í brtt. á þskj. 368, og verð því að vera á móti þeim. Hvað snertir utanfararstyrk til lækna þeirra, sem sótt hafa um hann, þá hefir nefndin verið sammála um það, að veita beri þeim einhvern styrk, og verð jeg því að álíta, að hann geti ekki verið minni en 2500 kr. fyrir hvern lækni. Jeg mun því greiða atkv. með þessari styrkveitingu, eins og hún er afgreidd frá Nd., að hvor læknanna, Jón Kristjánsson og Gunnlaugur Claessen, fái 2500 kr.

Þá kem jeg að launabótum kennara vjelstjóraskólans, þeirra Sigurbjörns Á.

Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar. Stjórnin hefir lýst því yfir, að laun þessara kennara væru óeðlilega lág, samanborið við laun kennara við Kennaraskólann, og jeg er henni fyllilega sammála um það. Því að í upphafi mun hafa vakað fyrir þeim, sem sömdu launalögin, að laun kennaranna við þessa skóla ættu að vera jöfn. — Jeg þekki Sigurbjörn Gíslason persónulega og veit, að hann hefir orðið að leggja á sig mikil aukastörf til þess að geta gegnt þessu starfi eins og nútíminn krefst. Jeg er því algerlega á móti því að færa þessar launabætur niður.

Jeg er samdóma háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) um það, að illa sje fallið að fella vitana niður, þar sem líka vitamálastjóri hefir krafist, að þeir væru báðir bygðir. Hann sagði og, að Elliðaeyjarvitinn ætti að ganga fyrir öllum vitum, nema Austfirðingavitunum, en þá er ekki hægt að byggja, sökum fjárskorts. Jeg verð að taka það fram, að jeg tel það mjög varhugavert að skera niður fjárveitingar, sem t. d. vegamálastjóri og vitamálastjóri leggur til, að veittar sjeu, og því fremur, þar sem í þessum embættum eru nú mjög góðir sjerfræðingar í þessum greinum, sem hafa auðvitað miklu betri þekkingu í þessum greinum en til má ætlast að þingið hafi. Jeg tel þessar fjárveitingar til vitanna alveg sjálfsagðar, og vona því, að háttv. deild samþykki ekki þessa brtt. nefndarinnar, að fella vitana niður.

Jeg skal svo aðeins minnast á styrkveitinguna til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að styrkurinn hefði verið feldur niður, af því að hann hefði ætlað að borga honum af því fje, sem syni hans, Jakobi Smára, var ætlað til samningar íslensku orðabókarinnar. Jeg fyrir mitt leyti verð að telja það dómstólanna að skera úr því, hvort heimild sje til að neita að greiða Smára þennan styrk, og því eigi að setja styrkinn til Jóhannesar inn í fjárlög.

Jeg mun svo ekki segja fleira að svo stöddu.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Klukkan er að slá 11, og jeg býst við, að menn vilji heldur, að ekki sjeu haldnar langar ræður hjeðan af í kvöld.

Jeg skal því vera stuttorður, því jeg veit líka, að úr þeim deilumálum, sem hjer eru, verður ekki skorið með orðum, heldur með atkvæðum. Jeg skal því aðeins víkja að nokkrum atriðum, sem helst þarf að svara.

Jeg vil þá fyrst minnast á læknana; það var ekki rjett frá skýrt, að Gunnl. Claessen ætlaði ekki á læknafund, því að hann ætlar einmitt á læknafund, sem halda á í Stokkhólmi, en ætlar að nota tækifærið og kaupa ýms áhöld fyrir landsstofnanir þær, sem hann veitir forstöðu.

Þá get jeg ekki kannast við, að ekki sje rjett að veita Magnúsi dýralækni utanfararstyrk, þegar hinum er veittur hann, þar sem honum er boðið á fund dýralækna erlendis og ætlað að koma þar fram fyrir landsins hönd. — Annars þykir mjer leitt að þurfa að vera að metast um þessar styrkveitingar til kollega minna, en hjer tala jeg fyrir hönd nefndarinnar. Annars hefi jeg oft verið að hugsa um það, hvernig fjárlögin myndu líta út, ef allir landsmenn ættu jafnhægt með að sækja um styrk til þingsins og sitja yfir þeim málum hjer í þinginu eins og Reykjavíkurbúar, og öllum væru gerð jafngóð skil og þeim.

Út af því, að sagt hefir verið, að það væri smánarboð að bjóða læknum hjer í Reykjavík 1500 kr. utanfararstyrk, þá vil jeg benda á, að hjeraðslæknar úti um land, sem starfa ekki síður í þarfir rík-

isins en hinir, og þurfa eins að menta sig í sinni fræðigrein, fá miklu minni styrk en hjer er um að ræða, og þó er ekki sagt, að þeim sjeu boðin smánarboð.

Þá er það endurbygging Holtavegarins. Mjer þótti mjög leitt, að því var haldið fram hjer í dag, að jeg hefði farið þar með rangt mál. Það var sagt, að hjer ætti að vera komin til þingsins viðurkenning þess, að Rangárvallasýsla væri fús til að leggja fram ⅓ kostnaðar. Jeg er hjer með umsóknina og vil leyfa mjer að lesa upp niðurlagsorð hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir því leyfi jeg mjer hjer með sem oddviti sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, með skírskotun til hins framanritaða og brjefs míns til Alþingis, dags. 27. jan. f. á., að snúa mjer til háttv. fjárveitinganefndar með endurnýjaðri beiðni um 7000 kr. fjárstyrk til viðhalds á oftnefndri braut á þessu ári, og tek það fram, að jeg kýs þennan kost fremur í bili en endurbyggingu fyrir 25000 kr. úr ríkissjóði, gegn endurgreiðslu ⅓ kostnaðar úr sýslusjóði".

Með öðrum orðum, hjer er neitað um fjárframlag úr sýslusjóði til viðhalds vegarins, en þess krafist, að ríkissjóður leggi fjeð fram, án þess að neitt komi á móti. Þó ber sýslunni að lögum að halda þessum vegi við. Og símskeytið, sem háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) var að tala um, gerir síst að ósanna þetta, eins og þessi orð sýna, sem jeg vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Bað jeg því um 7000 kr. úr ríkissjóði til viðhalds veginum á þessu ári, án skilyrða".

Án skilyrða vill sýslan fá styrkinn, og svo er klykt út með því að segja, að fjárhagsástæður sýslunnar sjeu ekki betri en þegar umsóknin var send. (*G. Guðf.*: Má ekki lesa skeytið til enda?) Jú, gjarna, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„En hafi mjer eigi tekist að sannfæra hið háa þing um rjettmæti og sanngirni þeirrar beiðni minnar, skal því lýst yfir, að sýslan sættir sig fremur við smáfelda byrjun til endurbyggingar í ár heldur en að fá engan styrk úr ríkissjóði, því að þörfin á að bæta veginn hefir ekki minkað, og fjárhagslegar ástæður sýslunnar heldur ekki batnað síðan jeg reit áðurnefnt brjef mitt".

Þá var því lýst þannig, að sýslan gæti ekki lagt einn eyri fram, og hjer er sagt, að ástæðurnar hafi ekki batnað. Jeg verð því að mótmæla því, að jeg hafi farið með rangt mál. En hv. deild sker nú úr þessu eftir framkomnum gögnum í málinu.

Annað, sem jeg vildi minnast á, eru mótorbátsferðirnar norður á bóginn frá Hornafirði. Það hefir verið gefið í skyn, að kröfur mundu koma fram um ferðir lengra norður, ef Austur-Skaftfellingar ættu að ráða þessum styrk. — Jeg býst nú ekki við, að menn sækist eftir að senda báta, ef ekki er fjárveiting til þeirra fyrir hendi. Það er fjárveitingin, sem alt veltur á, og annað ekki. Ef Hornfirðingar þykjast hafa þörf fyrir flutning svo langt, þá eru þeir sjálfráðir, þótt þeir sendi bátinn norður til Grímseyjar, eða jafnvel alla leið norður til Kolbeinseyjar, en þótt þeir gerðu það, hækkaði styrkveitingin ekki um einn eyri.

Jeg get verið fáorður um vitana. Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir skýrt það mál. Það er satt, að vitamálastjóri leggur nú með vitunum vestra, en áður hafði hann lagt til, að bygðir yrðu vitarnir eystra, en það er enn eigi framkvæmt. Nú vill nefndin einmitt fara eftir tillögum vitamálastjóra, en þrátt fyrir það, vill hún ekki snúast í hring kringum hálft landið með honum.

Þá skal jeg minnast á Flensborgarskól-

ann. Nefndinni hefir borist gott orð af skólanum, sem hann á og sjálfsagt skilið, og hefi jeg enga hvöt til þess að spilla fyrir honum. Þó verð jeg að halda því fram, að ekki sje ósanngjarnt, að Hafnarfjörður leggi fram þessar 1450 kr., því að Hafnarfjörður hefir skólans tiltölulega langmest not. Jeg hefi hjer fyrir mjer skýrslu skólans frá 1918—19, og þar má sjá, að alls voru í skólanum 54 nemendur, þar af 24 úr Hafnarfirði, en úr Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu til samans 35. Þetta sýnir, hve mikla þýðingu skólinn hefir fyrir Hafnarfjörð. (*B. K.*: Nú eru í skólanum 45 utanbæjarnemendur, en 38 Hafnfirðingar, og skólinn hefir 38 heimavistir fyrir utanbæjarnemendur). Það eru nú nokkuð lík hlutföll.

Jeg kannast við, að það skiftir litlu máli, hvort styrkur til Einars Jónssonar er nefndur dýrtíðaruppbót eða styrkur í viðurkenningarskyni. Landinu ber skylda til að sjá fyrir honum, og þetta munar aðeins 60 kr., svo að það er ekkert stórmál.

Þá var minst á einn listamann, sem hv. Nd. ætlar styrk, og talið, að hann væri sjerstaklega fátækur. Það var mjer ekki kunnugt fyr, og mun jeg ekki mæla móti honum. En jeg vil taka það fram, að nefndin vill hækka skáldastyrkinn á næsta ári. Taldi hún það rjettara en að vera að veita styrki eftir sjerstökum umsóknum, enda ekki gott að vita, hvar nema á staðar, ef út á þá braut er gengið.

Þá var minst á Jakob Smára, í sambandi við styrkinn til föður hans, Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Út af því vil jeg taka það fram, að nefndin er á öðru máli en nefndin í háttv. Nd. um það, að borga beri út styrkinn til Jakobs Smára. Nefndin lítur svo á, að stjórnin hafi þar farið rjett að. En þetta er annars dómstólamál, sem þingið getur ekki skorið úr.

Þá var talað um það sem einfaldlegt af nefndinni að vilja binda styrkinn til viðgerðar bryggjunni á Blönduósi því skilyrði, að eigi væri jafnframt verið að leggja fje í nýja bryggju, sem áður var veitt til, en ekki notað enn. Er nokkuð einfaldlegt við það, þegar mörg störf liggja niðri vegna fjeleysis, að ætlast þá til, að Blönduóssbúar láti sjer nægja eina bryggju í bráð? Enda hygg jeg, að sýslunni veitist nægilega þungt að leggja fram 2×19000 kr. til bryggjunnar norðan Blöndu, þótt ekki sje varið nálega jafnmiklu fje til bryggju sunnan Blöndu.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) talaði langt mál, og mun jeg ekki rekja ræðu hans lið fyrir lið. Vil þó svara örfáu. Hann virtist telja 30.000 kr. smánarboð. Ekki held jeg nú að hann hafi fengið jafngóð boð í háttv. Nd. Þau boð, sem þar fengust, gat hann ekki sætt sig við, og var því till. um þetta tekin aftur þar. Jeg held því, að við ættum að vera ámælislausir af þessu. Og ekki get jeg nú talað svo, að ekkert muni um 20.000 kr. Annars er og þess að gæta, að þegar fyrst voru veittar 40.000 kr. til þess að kaupa björgunarbát, þá hugðu menn, að það nægði til þess að fá skip á þeim tíma. En það reyndist á annan veg. Þá voru veittar 50.000 kr. til viðbótar, en ekkert til rekstrar. Og jeg man ekki betur — jeg var þá hjer í sjávarútvegsnefnd — en að háttv. þm. Vestm. (K. E.) tæki aftur beiðnir sínar um rekstrarstyrk, því að hann fann, að þær höfðu ekki byr í nefndinni nje þinginu.

Þá hafa nokkrir háttv. þdm. minst á styrkinn til veiku embættismannanna. — Það lítur auðvitað vel út fyrir „háttvirta kjósendur“ að lesa í þingtíðindunum, að þetta væri kallað mjög varasamt, eða jafnvel óhæfa hin mesta. Háttv. þm. Vestm. (K. E.) nefndi þá kunningja sína og sagðist unna þeim alls góðs. Já, en það vantar aðeins að unna þeim lífsins. Um tvo þeirra

má alveg vafalaust segja, að það er spurningin um líf þeirra, sem kemur hjer undir atkvæði. Og það eru fleiri en sjómenn í Vestmannaeyjum, sem eiga heimtingu á því, að eitthvað sje gert fyrir líf þeirra. Og þetta á við, jafnvel þótt það sjeu ekki nema íslenskir embættismenn, sem í hlut eiga. Jeg hefi heyrt það sagt, að sjálfsagt væri að veita þeim alla hjálp hjer heima, en það má aðeins ekki veita þeim styrk til þess að fara utan til lækninga. Og þó eru mest líkindi til, að það eitt dugi. Jeg veit um einn þeirra, að læknirinn á Vífilsstaðahælinu hefir ráðlagt honum að leita sjer lækninga erlendis, og talið það eina ráðið. Um læknirinn í Nauteyrarhjeraði er það að segja, að hjeraðslæknirinn á Ísafirði mælir með umsókn hans og telur utanför hans nauðsynlega. Jeg verð nú að segja, að jeg trúi betur þessum vitnisburði en dómi ólæknisfróðra manna. Sá þriðji vill leita sjer lækninga á sjúkdómi, sem lengi hefir þjáð hann, en hann hefir ekki haft tíma, vegna embættisanna, nje efni til þess að leita sjer lækninga. Þótt hugsast gæti, að hann gæti fengið lækningu heima, þá eru þó miklu meiri líkindi erlendis. Nú er erlendis tekið að nota nýtt meðal við þessum sjúkdómi, og þykir reynast mjög vel, en það meðal fæst enn ekki hjer. Fyrir því er full ástæða til þess að ætla, að hann geti fengið lækningu erlendis.

Jeg held nú, að jeg hafi minst á flest, sem fram hefir komið gagnvart nefndinni. Vitanlega hefi jeg ekki svarað orði til orðs, enda hafa ræður fallið nokkuð á víð og dreif.

...

Forsætisráðherra (J. M.): Það var út af ræðu háttv. þm. Snæf. (H. St.), að jeg vildi segja nokkur orð. Hann talaði um, að strandferðirnar væru dýrar, eftir þeim notum, sem af þeim yrðu. Jeg held nú, að eigi verði hjá því komist, ef strandferðir eiga að vera á annað borð. Hann talaði um, að samningarnir við Eimskipafjelag Suðurlands væru óhagfeldir, og hefðu þeir átt að bíða, þar til þing kom saman. Hæstv. atvrh. (P. J.) lýsti því nú í háttv. Nd., að samninginn hefði orðið að gera, einmitt á þessum tíma, til þess að ferðirnar yrðu settar í samband við ferðir Sterlings, og var samningurinn gerður eftir tillögum framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands. Jeg hefi látið þessa getið af því, að atvrh. (P. J.) er hjer ekki viðstaddur. Og læt jeg svo útrætt um það mál. Viðkomandi ráðherra getur þá svarað betur við tækifæri.

Um lækningastyrkinn til bæjarfógetans á Seyðisfirði og læknanna tveggja skal jeg ekkert segja. En vil aðeins, út frá orðum háttv. þm. Vestm. (K. E.) láta þess getið, að stjórninni hefir ekki tekist á síðari tímum að fá kandídata til þess að þjóna embættum um stundarsakir, nema fyrir full laun. Jeg veit ekki hvað hlutaðeigandi embættismönnum sjálfum kann að takast, en þessi hefir reynd stjórnarinnar orðið í því efni.

Karl Einarsson: Jeg skal reyna að verða eins stuttorður og frekast er unt. Háttv. frsm. (S. H. K.) hafði þau ummæli, að jeg hefði talið till. nefndarinnar hálfgert smánarboð. Háttv. þingmaður hefir þar algerlega misskilið orð mín. Það, sem jeg sagði, var aðeins það, að mjer og háttv. nefnd bæri svo lítið á milli, að vart væri lengi um það deilandi, þar sem annars vegar væri um nauðsynjamál að ræða. Því verður ekki á móti mælt, að útgerð þessa skips er til afarmikils gagns, ekki einasta fyrir Vestmannaeyjar, heldur fyrir alt landið, og jeg held því fram, að ekki sje hyggilegt að horfa í smáfjárhæðir, þegar um það er að ræða að gera borgurum þessa ríkis lífvænt í landinu.

Jeg hefi áður tekið það fram, að það

dugi ekki að vera að draga af styrknum, ef hann á annað borð á að koma að fullum notum, enda munar ríkið það ekki svo miklu. — Hvort, aftur á móti, Vestmannaeyinga munar um þessar 20.000 kr. verður framtíðin að skera úr. En því lofa jeg að gera alt það, sem í mínu valdi stendur, til þess að haldið verði áfram að gera út skipið, ef allur styrkurinn verður veittur.

Að þessi till. kom fram í Ed., stafar af alt öðru en því, sem háttv. frsm. (S. H. K.) gat sjer til. Orsökin var sú, að ekki voru komnir fram í tíma þeir reikningar og reikningsáætlanir, er þurftu.

Jeg ætla svo ekki að fara frekar út í þetta mál að sinni. Jeg vildi aðeins taka það fram, að það var misskilningur, að jeg hefði nokkurntíma talað um smánarboð, heldur hitt, að óhyggilegt væri að skera fjárveitinguna svo við neglur sjer, að hún kæmi ekki að gagni. Annars vonast jeg eftir svo mikilli víðsýni hjá háttv. þingmönnum, að þessi upphæð verði veitt óskoruð.

Viðvíkjandi styrkveitingunni til þessara embættismanna, skal jeg geta þess, að þar kendi einnig misskilnings hjá hv. frsm. (S. H. K.) á orðum mínum. Jeg er samdóma hæstv. forsrh. (J. M.) í því, að erfitt geti orðið að fá kandídata til þess að þjóna þessum embættum, nema full laun komi fyrir, enda tek orð hans í þessu alveg trúanleg. — Annars hafði jeg ekki vænst þess, að orð mín yrðu skilin svo, sem kendi kulda í garð þessara manna, og kom það aðeins fram hjá háttv. frsm. (S. H. K.).

Jeg vil ekki orðlengja þetta frekar, en lýk máli mínu með því, að jeg vonast fastlega til, að veittar verði þessar 50-000 kr. til Þórs, og skal aftur lofa því á móti, að skipið skuli starfa næsta ár.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg hefi aðeins örlitlu við að bæta það, sem jeg sagði í dag, og er það aðeins til þess að leiðrjetta misskilning. Jeg sagði aldrei, að háttv. frsm. (S. H. K.) hefði farið með rangt mál, heldur hefði brjef sýslumannsins verið bygt á misskilningi, sem nefndin bygði á. (*S. H. K.*: Það var ekki nefndarinnar sök). Jeg endurtek það, að háttv. nefnd hefir væntanlega ekki lesið brjef vegamálastjóra um þetta mál.

Að því er snertir skeytið, þá er það ekki eins greinilega orðað og skyldi. Annars býst jeg við, að sýslumaður sætti sig við, að veittar verði 7000 kr., enda stendur það í skeytinu, og hefi jeg, þar að auki, talað við hann síðan um það efni.

Hvað snertir læknastyrkinn, þá skal jeg geta þess, að mjer var ókunnugt um, að Gunnlaugur Claessen ætlaði á læknafund erlendis til þess að fullkomna sig enn betur í radíumfræðum sínum. Ætla jeg, að honum sje síst of mikill styrkur veittur til fararinnar, þar sem þetta á að verða hvorttveggja í senn, ferðastyrkur til þess að mæta á vísindalegum fundi og endurgjald fyrir kaup á lækningatækjum í þarfir ríkisins. Jeg talaði við hann í dag, og kvaðst hann verða neyddur til að sleppa úr mjög áríðandi liðum á ferðaáætlun sinni. — Að því er áhrærir Jón Kristjánsson, þá var mjer líka þar til í dag ókunnugt um, að hann ætlaði með fram að sigla til þess að setja sig inn í notkun nýrra áhalda, er snerta lækningagrein hans.

Viðvíkjandi öðrum atriðum skal jeg ekki bæta miklu við það, sem jeg sagði í dag. Það er misskilningur, að jeg hafi nokkurntíma í því sambandi talað um að 1500 kr. væru smánarboð. Jeg er annars fús á að fara þar samningaleið, og skal bjóðast til að taka aftur till. mína á þskj. 383, ef háttv. nefnd lofar þá líka að taka sína till. aftur.

Sigurður Eggerz: Það var brtt. við 10. gr., sem jeg vildi aðeins minnast lítið eitt á. Í henni er gerð sú krafa, að sýslumaðurinn útvegi ábyrgð sýslunefndanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum sem trygging fyrir láninu. Jeg er á móti því ákvæði, þar eð jeg tel sýslumanni vera komið í talsverðan vanda með því að krefjast þess af honum, að hann fari bónarveg að sýslunefndarmönnum í þessu efni. Er það mjög óþægilegt fyrir oddvita nefnda að þurfa að biðja þær um annað eins og þetta. Vona jeg, að háttv. deild taki þetta til greina og leysi sýslumann undan þeim vanda.

Að því er snertir styrkinn til þessara embættismanna, þá skal jeg geta þess, að mjer er kunnugt um, að einum þeirra, Ara Arnalds bæjarfógeta á Seyðisfirði, verður ókleift að fara utan, ef hann verður ekki styrktur. Jeg veit það einnig, að þessi maður hefir verið mjög þungt haldinn, og er veikur enn, og að eina vonin til þess að hann nái heilsu aftur er sú, að hann sigli. Þessum manni er það því hrein og bein *lífsnauðsyn* að fá styrkinn, og vona jeg, að háttv. deild líti á það eins og ber.

Jeg vil svo þakka hæstv. fjrh. (M. G.) fyrir upplýsingarnar, sem hann gaf mjer um húsasmíðarnar við Geysi. Jeg skal játa það, að það er ekki nein ýkja-upphæð, sem hjer er um að ræða, þessar 20.000 kr. En hitt er jafnvíst, að þótt sá kostnaður væri ekki mikill, þá var hann samt algerlega óþarfur, en ríkissjóður ekki svo auðugur, að það hefði ekki mátt koma því fje einhversstaðar fyrir til þarfa.

Guðmundur Ólafsson: Jeg heyrði það á ræðu háttv. frsm. (S. H. K.), að hann hafði ekki látið sannfærast af orðum mínum í þessu máli. Hann virtist bera Húnvetninga mjög fyrir brjóstinu, að þeir myndu ekki, að svo stöddu, færir um að ráðast í slík stórvirki. En jeg á bágt með að sjá, að þeir muni standa nokkuð betur að vígi með þetta að ári en nú. Hvað lántökuna annars snertir, þá get jeg ekki sjeð, að það sje nein minkun fyrir Húnvetninga að taka lán til þessa, úr því að ríkið sjálft verður, að öllum líkindum, að taka lán til þess að jafna með tekjuhalla fjárlaganna, og við það hefir háttv. fjvn. ekkert að athuga. En fari nú svo, sem jeg vona að ekki verði, að neitað verði að borga út fjeð til bryggjubyggingar sunnan Blöndu, svo að fresta verði bryggjusmíðinni í sumar, þá tel jeg þinginu skylt að tryggja það, að í næstu fjárlögum verði ekki veittur minni styrkur til þessa fyrirtækis en nú er.

Háttv. frsm. (S. H. K.) komst svo að orði áðan um embættismennina, „að þeir yrðu þó að hafa rjett til að lifa“. Slík ummæli verð jeg að telja mjög óviðeigandi. Eða hver hefir viljað taka þann rjett af þeim? En jeg vil þá bæta því við, að vjer höfum allir jafnan rjett til þess, — en þó ætlast jeg ekki til, og býst ekki við, að hægt sje að veita oss þann rjett úr ríkissjóði.

Hvað arfinn snertir, sem jeg mintist á í fyrri ræðu minni, lít jeg svo á, að háttv. nefnd ætli að taka þá till. sína til baka, fyrst frsm. (S. H. K.) gat hennar ekkert nú.

Sigurður Jónsson: Jeg býst við, að hv. deild þekki mig nú orðið svo vel, að hún fari ekki að kvíða því, að jeg tefji umr. lengi, enda eru þær nú orðnar fullangar. Það er eiginlega brtt. á þskj. 383, sem jeg vildi minnast lítið eitt á. Jeg býst við því, að háttv. deild haldi ekki fast við það sem aðalreglu, hvernig sem á stendur, að veita *jafnan* styrk til þeirra sjúkrahúsa, sem eru fyrir heilan landsfjórðung, og smá sjúkraskýli í smærri læknisum-

dæmum. Verður vitanlega að gera þeim hærra undir höfði, sem meiri bjargir veita.

Viðvíkjandi læknastyrknum skal jeg geta þess, að jeg legg til, að hærri upphæðin verði veitt. Það eru um þessar mundir engin vísindi eins hraðfara til umbóta og nýbreytni eins og læknavísindin, og því engri stjett manna eins mikil þörf á að fylgjast með tímanum eins og læknum. Þá hafa utanferðir lækna alveg sjerstaka þýðingu á afskektu landi eins og voru, og dugir því ekki að horfa í það, þótt nokkru fje verði til að kosta.

Hvað Flensborgarskólann snertir, þá álít jeg, að hann sje búinn að vera til þeirra þrifa hjer á landi, að jeg tel það hreinustu mistök af þinginu, ef það verður látið reka á reiðanum með það, hvort hann heldur áfram eða hættir starfsemi sinni.

Frsm. samgmn. (Halldór Steinsson): Jeg vil aðeins leiða háttv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.) í betri sannleika viðvíkjandi ekkjunni, sem honum hefir orðið svo tíðrætt um.

Árið 1919 var veittur styrkur Jóhannesi Helgasyni til utanfarar, í því skyni að fullkomna sig í trjeskurði. En svo slysalega vildi til, að þessi maður varð úti, skömmu eftir að hann lagði af stað í ferðina. Nú var þessi maður fátækur fyrir, og auk þess hafði hann lagt fram talsvert fje til ferðakostnaðarins. Útkoman varð því sú, þegar búið var gert upp, að skuldir voru meiri en eignir. Nú hefir móðir hans fátæk sótt um að fá að halda þessum styrk, sem honum var ætlaður, svo að skuldir og eignir mættu standast á. Finst mjer það bæði sanngjarnt og mannúðlegt, að svo sje gert.

ATKVGR.

1. gr., með þeim breytingum, sem á verða öðrum gr. frv., samþ. með 14 atkv.

Brtt. 368,1. (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 368,2. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 383,I. (aðaltill.) feld með 9 : 2 atkv.

— 383,I. (varatill.) samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., S. J., S. F., B. K., E. Á., G. G., G. Guðf., G. Ó., H. St.

nei: Jóh. Jóh., S. E., S. H. K., H. Sn., G. B.

Brtt. 368,3.a. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 368,3.b. — — 8 : 2 atkv.

— 368,3.c. feld með 7 : 7 atkv.

— 383,II. — — 8 : 5 —

— 368,3.d. — — 7 : 7 —, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., S. F., B. K., E. Á.

nei: H. St., K. E., S. E., S. J., G. G., G. Guðf., G. B.

Brtt. 368,3.e. samþ. með 9 : 2 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 368,4.a. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 368,4.b. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St. H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., S. F., B. K., E. Á.

nei: K. E., S. E., S. J., G. G., G. Guðf. G. Ó., G. B.

Brtt. 368,4.c. samþ. með 10 : 1 atkv.

— 368,4.d. — — 11 shlj. atkv.

— 368,4.e. — — 8 : 5 atkv.

— 368,4.f. — — 8 : 4 atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 368,5.a. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 368,5.b. — — 8 : 5 atkv.
— 368,5.c. — — 12 shlj. atkv.
— 368,5.d. — — 8 : 2 atkv.
— 368,5.e. — — 8 : 6 —
— 368,5.f. — — 8 : 3 —
— 368,5.g. — — 8 : 1 —

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 368,6.a. samþ. með 9 : 3 atkv.
— 368,6.b. — — 9 : 2 —
— 368,6.c. — — 14 atkv.
— 368,6.d. — — 9 : 3 atkv.
— 368,6.e. — — 8 : 1 —
— 368,6.f. — — 8 : 3 —
— 368,6.g. — — 9 shlj. atkv.
— 368,6.h. — — 9 shlj. atkv.
— 368,6.i. — — 10 : 3 atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 368,7.a. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 368,7.b. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. H. K., E. Á., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., G. B.
nei: S. J., S. F., B. K., G. G., G. Guðf., G. Ó., K. E., S. E.

Brtt. 382. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., S. E., S. J., B. K., G. Guðf., G. Ó., G. B.
nei: H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., S. F., E. Á., G. G., H. St.

Brtt. 368,7.c. samþ. með 13 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 368,8. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 383,III. samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 368,9. samþ. með 8 : 3 atkv.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 368,10. (að .... byggingarkostnaður) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 368,10. (gegn .... Borgarfjarðarsýslum) feld með 7 : 7 atkv.
— 383,IV. samþ. með 9 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 368,11. samþ. með 9 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 59. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 407, 410, 424, 427, 434, 444).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Við breytingar þær, sem gerðar voru við síðustu umr., mun hafa skipast svo, að það munar eitthvað 15—16 þús. kr. á fjáraukalagafrv. við það, er það fór frá Nd. Það er fátt af brtt., og þess vegna von um, að hægt verði að ljúka þessari umr. samtlega fljótt.

Fyrst eru tvær brtt. á þskj. 427 frá samgmn. Fjvn. leggur þeim meðmæli, en að öðru leyti mun hv. frsm. samgm. (H. St.) skýra þær frekar fyrir hv. deild.

Þá eru brtt. á sama þskj. frá fjvn. og lúta að 11. gr. Fyrri till. fer fram á, að ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast nauðsynleg rekstrarlán fyrir Landsbankann, og býst jeg ekki við, að neinn hafi á móti jafnsjálfsagðri ráðstöfun. — Hin till. er um ábyrgð á láni, að upphæð 325 þús. kr., til rafveitunnar í Reykjavík. Um það mál er það að segja, að þar sem Reykjavík hefir nú ráðist í fyrirtækið, og framkvæmd verksins komin langt á veg, þá væri óhæfa að stöðva það nú.

Þá er önnur brtt. við 11. gr., sem lýtur að lánsheimildinni til Guðm. Björnssonar sýslumanns. Við síðustu umr. var felt burtu það ákvæði, að sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu skyldu ábyrgjast lánið. Bæði jeg og aðrir litu svo á sem þetta væri bjarnargreiði við sýslumanninn, þar sem örðugt myndi fyrir hann að útvega tryggilegt veð til svo langs tíma, á annan hátt en með ábyrgð sýslufjelaganna, eins og bent var á af hv. 3. landsk. þm. (S. J.). En þar sem þetta varð ofan á í deildinni, þá álítur nefndin ekki hægt að skilja svo við málið, og því er orðalagið sett þannig: „gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda". Líklegt þykir okkur, að þar verði ekki um aðra ábyrgð að ræða en sýslufjelaganna.

Þá eru næst brtt. viðvíkjandi björgunarskipinu Þór. Fyrsta brtt. er frá háttv. þm. Vestm. (K. E.), sem fer fram á 45 þús. kr. fjárv. til að halda úti umræddu björgunarskipi. Svo eru komnar fram brtt. við sama lið, önnur frá hv. 2. landsk. þm. (S. E.), er fer fram á, að þessi fjárhæð sje lækkuð í 40 þús. kr., og ennfremur er komin fram brtt. við þá till. um orðalag liðsins, en fjárhæðin er sú sama. Nefndin hefir ekki treyst sjer til annars en halda sjer við till. sínar um þetta mál. En svo er önnur till. viðvíkjandi skipinu frá hv. þm. Vestm. (K. E.), og það er um lánveiting til bæjarsjóðs Vestmannaeyja til greiðslu rekstrarkostnaðar skipsins fyrir árið 1920. Þeirri till. treystir nefndin sjer ekki til að mæla með, því ekki er hægt að gefa ávísun á tóma ríkisfjárhirsluna. Við þessa till. er en brtt. frá hv. 2. landsk. (S. E.), um að breyta upphæð þessari í ábyrgð, og í stað þess að lána bæjarsjóði Vestmannaeyja þetta fje, er farið fram á ábyrgð ríkissjóðs. Þetta er aðgengilegra fyrir landið, að ábyrgjast lánið, og nefndin vill ekki mæla á móti því við deildina. Svo er brtt. fjvn., sem fer fram á að breyta orðalagi síðastnefndrar till. þannig, að orðið „eftirlitsskip" falli burt. Nefndin vill láta halda sjer við orðalag það, sem samþykt var hjer í deildinni um fjárveitingu til björgunarskipsins Þórs. Í samræmi við þetta er till. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Á.), um að hafa orðalagið „björgunarskipið Þór", en ekki „björgunar- og eftirlitsskipið Þór". Þá er ekkert, sem getur skorið úr, annað en hve há fjárveitingin eigi að vera.

Þá eru eftir tvær brtt., önnur frá háttv. þm. Vestm. (K. E.), um 17 þús. kr. skaðabætur til fyrverandi stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum, A. L. Petersen, og til vara 10 þús. kr. Um þetta var allmikið rætt í Nd., og þar felt, að maður þessi fengi nokkur fjárframlög úr ríkissjóði út á kærur sínar. Nefndin er fyllilega sammála Nd. í því, að manni þessum beri að sækja þetta mál með lögum, til þess að það sannist, hvort hann hafi verið órjetti beittur eða ekki.

Þá treystir nefndin sjer ekki til þess að mæla með brtt. háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) á þskj. 427.III., um að hækka styrk til ekkju Matthíasar Jochumssonar úr 1200 kr. upp í 2000 kr., ásamt dýrtíð-

aruppbót. En það er mín persónulega skoðun, að rjettara væri að breyta þessu síðar, og láta standa í fjárlögunum 3000 kr. styrk handa henni árlega, án dýrtíðaruppbótar, því dýrtíðaruppbótin getur fallið, og þá álít jeg, að þessar 1200 kr. sjeu ekki nægilegar, til þess að hún geti lifað af þeim. Og þar sem þetta er líka háöldruð kona, þá getur tæplega verið um langan tíma að ræða, og fyrir því teldi jeg þetta rjettara. En eins og jeg sagði, er þetta frá sjálfum mjer, en ekki mælt fyrir nefndarinnar hönd. Er svo eigi fleira, sem jeg þarf að taka fram þessum brtt. viðvíkjandi.

Frsm. samgmn. (Halldór Steinsson): Það eru aðeins örfá orð, fyrir hönd samgöngumálanefndar, sem jeg vildi segja. Hún hefir leyft sjer að koma fram með tvær litlar brtt. — Hin fyrri er um alt að 1000 kr. styrk til Grímseyinga, til mótorbátaferða milli Grímseyjar og lands árið 1921. Þeir hafa notið góðs af bát, sem haldið var úti til ferða fyrir Norðurlandi og styrktur af ríkisfje. En nú eru þessar ferðir lagðar niður, og þeir verða því hart úti. Nefndin hefir því lagt það til, að þeim yrði veittur þessi styrkur eftir tillögum sýslunefndarinnar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, svo þeir gætu ráðið sjálfir, hvort þeir fara heldur til Eyjafjarðar eða Húsavíkur.

Síðari brtt. nefndarinnar er um alt að 2500 kr. styrk til mannflutningaferða milli Borgarness og Reykjavíkur á hentugum tímum. Nú borgar ríkissjóður 20 þús. kr. til póstflutninga milli Reykjavíkur og Borgarness, fyrir 30 ferðir. — Flutningsþörfin er mjög mikil, ekki einungis fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, heldur líka fyrir Norður- og Vesturland, og mismunandi á hinum ýmsu tímum árs. Mest er hún venjulega síðast í maí og fyrst í júní, og síðast í september og fyrst í október, því að þá streymir fólk að og frá Reykjavík — kaupafólk, námsfólk og fleira. — Nefndin ætlast því til, að þetta fje sje notað til þess að láta fara svo sem 4 eða 5 ferðir milli Reykjavíkur og Borgarness, þegar þörfin er mest, en hún leggur áherslu á það, að stjórnin útvegi gott fólksflutningaskip til þess að fara þessar ferðir.

Það er svo eigi fleira, sem jeg þarf að segja, ef eigi koma nein andmæli fram á móti þessum tillögum.

Karl Einarsson: Jeg skal vera stuttorður um björgunarskipið „Þór". Því jeg sje af þeim till., sem fram hafa komið, hver vilji þingmanna er í þessu. En auðvitað verð jeg að halda því fram, að mín tillaga sje sú eina rjetta, þótt jeg muni fella mig við varabrtt. á þskj. 424.

Þá vil jeg minnast aðallega á brtt., sem jeg á á þskj. 427.II, um að ríkissjóður borgi manni skaðabætur, sem beinlínis hefir verið rekinn úr stöðu sinni að ástæðulausu. Jeg segi *rekinn úr stöðu sinni* — takið eftir því — og það er sannað, að hann hefir beðið stórtjón af þessu, og skal jeg ekki fara frekar út í það, en lesa upp kafla úr brjefi frá landssímastjóra, dagsettu 5. maí 1919:

> „.... Hr. Petersen har uden afbrydelse bestyret Vestmanörnes telegrafstation fra stationens aabning hösten 1911. — Vestmanörnes station er en af landets större stationer, hvor telegrafvæsenet foruden telegraf ogsaa driver interurban telefontrafik, eier lokaltelefonanlægget, hvilket alt er underlagt samme bestyrer.
>
> Det er mig en glæde, at faa anledning til at udtale, at hr. Petersen samvittighedsfuldt og med paapasselighed har udfört sine pligter, som stationens bestyrer".

Sömuleiðis skrifar sami maður stjórnarráðinu á þessa leið í brjefi dags. 21. des. 1920:

„.... Á síðastliðnu sumri, áður en fullráðið var með breytingu á starfrækslufyrirkomulagi stöðvarinnar í Vestmannaeyjum, í sambandi við fyrirhugaða uppsetningu loftskeytastöðvar, kaup stöðvarhússins o. fl., lofaði jeg herra Petersen, *að ef til kæmi að hann afrjeði að segja lausri stöðvarstjórastöðunni,* myndi jeg vilja styðja væntanlega beiðni hans til stjórnarráðsins um 10 þús. kr. uppbót á þóknun þeirri, er honum hefir verið greidd þau ár, er hann veitti Vestmannaeyjastöðinni forstöðu.

Samkvæmt loforði þessu leyfi jeg mjer hjer með að mæla með því, að nefndum A. L. Petersen verði veitt framangreind uppbót.

Jeg skal fúslega játa það, að þóknun fyrir starfrækslu stöðvarinnar í Vestmannaeyjum hefir verið af skornum skamti, eins og átt hefir sjer stað með tillag til margra landssímastöðva, sjerstaklega fram að árinu 1919 (einkum ef telja ætti eftir núverandi peningagildi)“ o. s. frv.

Samkvæmt þessu loforði fekst hann til að segja af sjer. Og það mun líka hafa verið í þeim tilgangi að fá hann til að segja af sjer, að honum voru boðnar rúmar 8 þús. kr. til þess að reka stöðina. En þegar hann var búinn að segja af sjer, voru notaðar til þess 20—30 þús. krónur. Þetta tel jeg því alls ekki sæmilegt. Til þess að sýna, hvernig Vestmannaeyingar líta á þetta mál, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp eftirrit af áskorun til landssímastjóra, sem jeg fekk frá Vestmannaeyjum í morgun:

„Með því að vjer undirritaðir símanotendur í Vestmannaeyjum höfum heyrt, að stöðvarstjórastaðan við landssímastöðina í Vestmannaeyjum sje laus, og með því að vjer vitum, að hr. A. L. Petersen, áður stöðvarstjóri þar, muni ekki hafa verið það ljúft að láta af því starfi, og með því að vjer getum borið um, að hr. Petersen reyndist mjög áreiðanlegur og vandvirkur í þessari stöðu, og að afgreiðslan í hans tíð var að öllu óaðfinnanleg, þá viljum vjer hjer með skora á yður, herra landssímastjóri, að þjer vilduð sýna oss þá góðvild og nærgætni að hlutast til um það, að herra A. L. Petersen verði nú skipaður í stöðu þessa, ef hann er fáanlegur til þess.

Vestmannaeyjum 23. apríl 1921

pt. Reykjavík hinn 24. apríl 1921
Karl Einarsson bæjarfógeti.

pr. kaupfjel. „Fram“ Vestmannaeyjum:
Jón Hinriksson. Sími 3 A.
pr. Verslun A. Bjarnasen
P. Bjarnason. Sími 9.
Halldór Gunnlaugsson
hjeraðslæknir. 19 A. 16 B.
Sigurður Sigurðsson.
Jónatan Jónsson. 20B.
Kistján Gíslason. Sími 26.
Jón Einarsson. Sími nr. 7.
Steinn Sigurðsson. 41.
Erlendur Árnason. 52.
Hannes Sigurðsson. 57.
Jóhann P. Jósefsson. Sími 54.
Guðl. B. Jónsson. Sími 64.
Gunnar Ólafsson. Nr. 18 og 17.
Árni Sigfússon. 6 og 38.
Sveinn P. Scheving. 16.
p.p. kaupfjel. Drífandi
Ísleifur Högnason. 38 A.
Pjetur Lárusson. 42.
Árni Árnason. 68.
Jón Hinriksson. 3 B.
A. J. Johnsen. 12.
Högni Sigurðsson.
Benedikt Friðriksson. Nr. 11.

Þorbjörn Guðnason. 63.
Brynjólfur Sigfússon. 25.
Árni Filipusson. 32.
Bjarni Einarsson. 51.
Þorsteinn Jónsson, Laufási. 31.
Guðjón Björnsson. 62.
Oddgeir Guðmundsson,
sóknarprestur. Sími 20.
Þór Gíslason. 14.
H. S. Vatnsdal. 29 og 10.
Arinbjörn Ólafsson. Sími 72.
Magnús Ísleifsson. 69.
Þorvaldur Guðjónsson. 44.
Jón Gunnsteinsson. 53.
pr. Rafstöðina, sími 15,
Kristinn Ólafsson.
Björn Finnbogason. Sími 56.
C. Einarsson. Nr. 30.
Pr. E. Jakobsen
Martha Stefánsdóttir. Sími 2.
Páll Oddgeirsson. Sími nr. 55 a og b.
Páll Ólafsson. 13.
Pr. M. Þórðarson
A. Ólafsson. 68.
Magnús Þórðarson. Nr. 27.
Stefán Björnsson. 49 B.
Sveinbjörn Jónsson. 49.*)

Þetta eru 49 helstu símanotendur Vestmannaeyja.

Jeg skal taka það sjerstaklega fram, að undir þessu skjali er Brynjólfur Sigfússon, sem hafði þó verið sá eini, er kvartaði undan starfrækslu þessa stöðvarstjóra. Því að hann er nú búinn að komast fyllilega að því, að það, sem talið var ábótavant við afgreiðslu á stöð þessari, var ekki stöðvarstjóranum að kenna, heldur ýmsum orsökum öðrum, og þar á meðal stríðinu.

Ef jeg nú fæ sönnun fyrir því, að þetta mál verði rannsakað og manninum borgaðar skaðabætur eftir mati, þá mun jeg taka brtt. mína aftur. En annars mun jeg láta hana koma til atkvæða og láta deildarmenn gera sjer þann sóma að fella hana, ef þeim svo sýnist.

*) Svo frá undirskriftunum gengið í handr. innanþingsskrifarans.

Guðmundur Björnson: Herra forseti! Það er út af 3. brtt. á þskj. 427, sem jeg vildi segja nokkur orð.

Eins og allir vita, er jeg orðinn roskinn maður, og veit jeg eigi til, að nokkur maður hafi verið meira elskaður af þjóðinni en gamli Matthías Jochumsson; enda hefir enginn maður varpað slíkum frægðarljóma yfir íslenska skáldskaparlist. Þjóðin kunni að meta hann meðan hann lifði, sem einn sinn mætasta mann; en nú er hann fallinn í valinn og hefir látið eftir sig gamla ekkju og ellihruma. Jeg tel eigi hægt að sýna honum látnum öllu meiri sóma en þann, að láta hina eftirlifandi konu hans fá, orðalaust, það, sem hún biður um.

Jeg tala hjer fyrir alt landið, og vil því skora á deildina að láta sjer farast sómasamlega við konu þessa, og samþ. því brtt. eins og hún er á áðurgreindu þskj.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg vildi aðeins segja örfá orð út af ræðu háttv. þm. Vestm. (K. E.).

Hann sagði hiklaust, að Petersen stöðvarstjóri hefði verið rekinn úr stöðunni. En jeg verð að mótmæla þeirri fullyrðingu. Og svo framarlega, sem hann ekki hefir sótt formlega um lausn, þá hafi hann að minsta kosti farið frá með samkomulagi. Hvað snertir loforð landssímastjóra gagnvart þessum manni um atvinnu, þá þarf jeg engu þar um að svara, því að hann hefir enga atvinnu haft að bjóða og að öðru leyti efnt það, sem hann lofaði, og mælt með, að honum yrðu veittar 10 þúsund krónur.

Meiru gat hann ekki lofað en að mæla með, að honum yrði veitt þetta.

Svo er það nú á valdi deildarinnar, hvað henni sýnist að gera í þessu máli. En jeg get ekki mælt með því, að farið verði lengra en fjvn. Nd. hefir lagt til, sem sje, að honum verði veittar 5 þús. krónur. Því að það var eftir tillögum frá mjer, og við það stend jeg. Þó jeg viti, að mörgum hafi verið knappt launað, þá gat jeg mælt með þessu.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem snertir meðmæli þau, sem hann fjekk hjá landssímastjóra. En mjer er fullkunnugt um það, að Petersen fekk þessi meðmæli undir þeim kringumstæðum, að hann ætlaði að sækja um stöðu við símakerfið í Danmörku, og hefir landssímastjóri því eigi viljað skerða það, sem hann gat sagt vel um hann, enda leit hann svo á, að hann gæti dugað á stöð í Danmörku, þar sem betur er mannað á stöðvum heldur en hjer, þar sem þarf afkastamenn. Og jeg veit, að hann var ekki ánægður með hann, og að hann var af mörgum álitinn mjög lítill starfsmaður. Og jeg tek það upp aftur, jeg mótmæli því algerlega, að hann hafi verið rekinn.

Karl Einarsson: Hæstv. atvrh. (P. J.) hefir beinlínis viðurkent, að maður þessi hafi verið rekinn úr stöðunni. Því að hann hefir viðurkent, að hann hafi fengið svo lítil laun, að hann hafi eigi getað borgað starfsfólkinu. Sem eigi er að undra, þar sem hann fekk eigi meira til starfrækslu stöðvarinnar en rúm 8300 kr., en síðar hefir gengið til starfrækslu hennar full 20 þús. kr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal eigi fara út í það, hvernig á því stendur, að þessi maður losnaði við starf sitt, heldur aðeins tala um formið á þessari till. Því hvernig sem á því stendur, að maður þessi fór frá starfinu, getur eigi verið um skaðabætur að ræða. Þótt þessum starfsmanni hefði beint verið vikið frá embætti, þá hefði hann samt engan rjett átt á skaðabótum. Stjórnin hefir fullan rjett til að víkja mönnum úr embætti, að undanteknum dómurum, sem engum umboðsstörfum gegna, þegar hún telur það nauðsyn. Þetta er rjettur, sem henni er veittur í stjórnarskránni.

Um skaðabætur er því alls ekki að tala í þessu sambandi. Heldur væru það þá eftirlaun, sem frekar væri ástæða til að tala um, ef maður þessi hefði verið látinn fara frá starfi sínu.

Karl Einarsson: Út af orðum hæstv. forsrh. (J. M.) get jeg upplýst það, að þessi skaðabótakrafa er eigi fyrir það, að Petersen misti stöðuna, heldur fyrir það, hve óhæfilega lág laun hans voru, meðan hann gegndi henni.

Forsætisráðherra (J. M.): Eftir því, sem hv. flm. till. segir um ástæður, þá er hjer að ræða um uppbót á launum.

Sigurður Eggerz: Aðeins stutt athugasemd. — Háttv. frsm. (S. H. K.) sagði, að jeg hefði víst þóst gera sýslumanninum í Borgarnesi bjarnargreiða með því að fá felt burtu ákvæðið um ábyrgð sýslufjelaganna fyrir láni hans. Því fór fjarri, að jeg vildi gera honum bjarnargreiða með þessu. En jeg leit svo á, að það væri óþægilegt fyrir sýslumanninn að þurfa að sækja um slíkt til sýslunefndanna. Og áleit hins vegar, að ef ríkissjóður vildi ekki taka húsið eitt sem næga tryggingu fyrir láninu, þá væri engin ástæða til, að sýslusjóðirnir gerðu það heldur.

Jeg sje ekki, að það sje rjett hjá Alþingi að binda litlum sýslufjelögum þá bagga, sem ríkissjóðurinn sjálfur er hræddur við.

Jeg á hjer brtt. á þskj. 424. Jeg þarf ekki að ræða mikið um það mál, því að hv. þm. Vestm. (K. E.) hefir rækilega lýst nauðsyninni. Jeg ætlaði alls ekki með þessari brtt. að draga úr hjálpinni til björgunarskips Vestmannaeyinga, heldur hugðist jeg reyna að koma með leið, sem hv. deild gæti fallist á. Það er tilraun til þess að bjarga málinu. Jeg hefi fylgt með áhuga þessu fyrirtæki Vestmannaeyinga og haft fullan skilning á þörf þeirra. Jeg minnist þess, að jeg átti hjer á þingi í harðri og langri baráttu til þess að fá brú á Jökulsá, sem er mesta manndrápsvatnsfall landsins. Og hjer er um fleiri mannslíf að tefla, enda er mjer ljúft að leggja fyrirtækinu lið.

Jóhannes Jóhannesson: Út af ummælum hv. 2. landsk. þm. (S. E.) skal jeg taka það fram, að engin skylda hvílir á ríkinu til þess að sjá embættismönnum fyrir bústað.

Þá vil jeg geta þess, að nefndinni virðist minningu Matthíasar Jochumssonar vera sýndur fullur sómi með því að veita ekkju hans hæstu eftirlaun, sem embættismannaekkjur geta fengið að lögum.

Sigurður Jónsson: Háttv. þm. Vestm. (K. E.) sagði, að það sæist, hvern sóma þm. gerðu sjer í atkvgr. um skaðabæturnar til stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum. Jeg verð nú að álíta mjer það til ósóma, ef jeg greiddi atkv. með slíku máli eins og það liggur fyrir, alveg óupplýst. Enda virðist mjer málið miklu frekar dómstólamál en þingmál.

Út af því, sem hv. 2. landsk. þm. (S. E.) tók fram um brtt. 427,V., þá skil jeg hana ekki svo, að í henni felist neitt um það, hverja ábyrgð stjórnin á að taka gilda. Aðeins er málið sett í sama horf og það kom úr hv. Nd. Jeg vakti máls á þessu við síðustu umr., og get vel treyst stjórninni til að tiltaka ábyrgðina, og sætti mig því við þetta, sem nú liggur fyrir hv. deild.

Sigurður Eggerz: Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) kvað ríkissjóð eigi skyldan til þess að sjá embættismönnum fyrir bústað. Jeg vildi þá aftur benda hv. þm. (Jóh. Jóh.) á það, að sýslur eru alls ekki fremur skyldar til þess að sjá sýslumönnum fyrir bústað.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Með orðinu „bjarnargreiði" vildi jeg alls ekki beina því til hv. 2. landsk. þm. (S. E.), að hann hafi viljað gera sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu neinn bjarnargreiða, heldur að þetta *gæti* orðið bjarnargreiði.

Um styrkinn til A. L. Petersens vil jeg geta þess, að mjer virðist, ef hann gengur í gegn, að þá muni koma kröfur um slíkar uppbætur hvaðanæva. Víða úti um land hafa stöðvarstjórar haft lítil laun, og geta því eins átt kröfu. Jeg tel þetta því varasama braut, og ástæðu til að mæla á móti.

ATKVGR.

Brtt. 427,I.a. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 427,I.b. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 427,II. (aðaltill.) feld með 10 : 1 atkv.
— 427,II.(varatill.)feld með 8 : 2 atkv.
— 410,1. feld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., S. E., S. J., B. K., G. B.
nei: Jóh. Jóh., S. H. K., S. F., E. Á., G. Guðf., G. Ó., H. St., H. Sn.
Einn þm. (G. G.) var fjarstaddur.

Brtt. 434. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., G. Ó., K. E., S. E., S. J.,

B. K., E. Á., G. B.
nei: G. G., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., S. F.

Brtt. 424,1. kom ekki til atkv.
— 427,III. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., H. Sn., K. E., S. E., S. J., E. Á., G. G., G. B.
nei: G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., S. H. K., S. F., B. K.

Brtt. 427,IV.a. samþ. með 14 atkv.
— 427,IV.b. samþ. með 9 : 1 atkv.
— 410,2. tekin aftur
— 444. (við brtt. 424,2) samþ. með 9 shlj. atkv.
— Brtt. 424,2 (svo breytt) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 427,V. samþ. með 14 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 445).

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 445, 487, 495).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það þýðir víst ekki að bíða lengur eftir háttv. þm. þeim, sem fjarverandi eru. Þeir virðast ekki kæra sig um að hlýða á byrjun umræðu um þetta mál, enda er það ekki mikið, sem jeg þarf að segja.

Fjvn. hefir aðeins komið fram með eina nýja brtt. að þessu sinni. Allar hinar brtt. hafa áður verið þaulræddar hjer í hv. deild.

Frv. þetta hefir tekið talsverðum breytingum í háttv. Ed. Þó hafa þær breytingar ekki breytt heildarútliti frv. Útkoman fjárhagslega er alveg sú sama og þegar frv. fór hjeðan úr deildinni, eða því sem næst. Aðeins hefir þar verið skift nokkuð um liði.

Háttv. Ed. hefir felt niður nokkra liði, sem samþ. hafa verið hjer áður í deildinni. Nefndin gat nú ekki fallist á að það væri rjett, að því er alla þessa liði snerti, og hefir því tekið suma þeirra upp aftur. En sumar breytingar háttv. Ed. lætur nefndin sjer vel líka.

Jeg held það sje óþarfi að benda þm. á breytingar háttv. Ed. á frv.; þær eru svo ljósar. Hún hefir breytt fyrirsögnum sumra liðanna, t. d. hefir hún breytt „dýrtíðaruppbót“ til Páls Erlingssonar í veitingu til hans í ‚viðurkenningarskyni‘. Sama máli er að gegna um styrkinn til Einars Jónssonar. En sú viðurkenning háttv. Ed. hefir kostað Einar 60 kr.

Þá vil jeg minnast á eina breytingu hv. Ed. Það er dýrtíðaruppbót til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Er það dálítið undarlegt, og sýnist svo sem háttv. Ed. hafi ekki treyst stjórninni til þess að greiða honum þessa upphæð af því fje, sem dregið hefir verið af syni hans, Jakobi Smára. Jeg hlýddi á háttv. frsm. fjvn. Ed., og sagði hann, að þó hann ekki álasaði stjórninni fyrir að hafa ekki greitt Jakobi styrkinn, þá gerði hann þó ráð fyrir, að úr því yrði dómstólamál, og ekki að vita hvernig það færi; taldi því rjettara að samþykkja hjer sjerstaka fjárveitingu.

Þá sný jeg mjer að brtt. nefndarinnar. Tek jeg þá fyrst stærstu brtt., um að taka upp aftur endurbyggingu þeirra tveggja vita, sem samþ. voru hjer við 3. umr. Nefndin gat ekki annað en tekið upp aftur þessar fjárveitingar, sem hjer voru samþyktar með miklum meiri hluta atkv., en

feldar í háttv. Ed. með aðeins eins atkv. mun. Þetta er því upp tekið í samræmi við meiri hluta þingsins.

Það hefir helst verið haft á móti þessum liðum, að ekki væri rjett að flytja þessa vita fram fyrir þá vita, sem nú standa í fjárlögum, en ekki verða bygðir á þessu ári. Þetta hefir að vísu nokkuð til síns máls. En úr því ekki er hægt að reisa nýja vita, þá væri æskilegt að nota það fje, sem sparast, til þess að dytta að hinum gömlu vitunum, úr því þeir eru á fallandi fæti og aðgerð bráðnauðsynleg. Og ef ekki verur gert við þessa vita á næsta ári, þá verður það ekki fyr en árið 1923, því á næsta ári er ætlast til þess, að vitabyggingar verði eingöngu á Austurlandi.

Þá hefir háttv. Ed. lækkað byggingarstyrkinn til prestsins í Grunnavík um 3 þús. kr. Fjvn. getur ekki fallist á, að þessi lækkun sje á rökum bygð.

Svo var ráð fyrir gert af húsagerðarmeistara ríkisins, að þessi bygging mundi kosta 40 þús. kr., en biskup hjelt því fram í brjefi, að byggingin mundi nú ekki kosta yfir 30 þúsund, vegna þess að verð á efni hefði lækkað. Og við þessa lægri upphæð miðaði fjvn. styrkinn. Enn hafa engar upplýsingar komið fram, sem geri það líklegra, að byggingin verði ódýrari.

Ennfremur hefir háttv. Ed. felt niður launabætur til Ólafs Rósenkranz. Fyrir þeirri veitingu hefir verið mælt hjer í deildinni, bæði við umræðu fjárlaganna og fjáraukalaganna. Nefndin tók því þessa fjárveitingu upp aftur, í þeirri von, að deildin hafi ekki breytt skoðun sinni í því efni.

Næsta brtt., sem fjvn. hefir einnig tekið upp aftur, er um launabætur kennaranna við Stýrimannaskólann. Er það gert í samræmi við vilja þessarar háttv. deildar.

Enn kemur liður, sem háttv. Ed. feldi niður, en það er utanfararstyrkur til blindrar stúlku. Mjer þótti það talsvert undarlegt af fjvn. Ed. að fella niður þennan lið.

Háttv. þm. mun vera það kunnugt, að í fjárlögunum er styrkur veittur til kenslu blindra barna. Nú hefir verið frá því skýrt, að ekki væri fje fyrir hendi til þess að hjálpa þessari stúlku. Samt hefir háttv. Ed. felt þetta niður, og færir það sem ástæðu, að hún viti ekki hvað stúlkan heiti. Þetta er hárrjett; það er ekki skýrt frá nafni stúlkunnar í umsókninni. En ekki hefðu það þó verið mikil útlát fyrir fjvn. Ed., að afla sjer upplýsinga um nafnið, og jafnvel að fá skírnarvottorð, ef hún teldi það nauðsynlegt. Stúlka þessi heitir Sigurbjörg Sveinsdóttir og er af Ísafirði. Annars held jeg, að ekki skifti það mestu máli, hverju nafni umsækjendur hefðu skírðir verið, heldur hitt, hvort þau skilyrði væru fyrir hendi, sem rjettlættu það að veita styrkinn.

Enn hefir háttv. Ed. felt niður listamannastyrkinn. En vegna þess að fjvn. Nd. er kunnugt um, að til vandræða horfir, að minsta kosti fyrir sumum þessara manna, ef þeir fá ekki styrkinn, þá hefir hún tekið tvo af þeim aftur upp í fjáraukalögin. En til samkomulags við háttv. Ed. tók hún þá ekki alla.

5. brtt. er eina brtt. frá fjvn., sem ekki hefir komið fram áður. Það er uppbót á eftirlaunum prestsekkjunnar Ingibjargar Sigurðardóttur. Kona þessi er ekkja síra Árna á Kálfatjörn, blásnauð og heilsulaus. Ætti ekki að þurfa að fjölyrða um þennan lið, því hv. þm. hafa samþ. slíka uppbót til hennar í fjárlögunum.

Þá kemur 8. brtt. b., sem líka er lagfæring á gerðum háttv. Ed., þar sem hún lækkar lánið til Guðmundar Björnssonar. Sjálfur leggur Guðmundur mikla áherslu á, að upphæðin fái að standa óskert, og nefndin hefir ekki sjeð, að hann komist af með minna en 60 þúsund.

Þá kem jeg að till. um slitlagið á gólfin, þar sem eingöngu er um að ræða heimild fyrir stjórnina. Háttv. Ed. fellir þessa heimild niður, en háttv. frsm. fjvn. þar getur þess þó, að honum sýnist rjett að stjórnin geri þetta, ef henni þyki það hagkvæmt.

En þegar nú þingið hefir neitað um þessa heimild, þá fæ jeg ekki sjeð, að stjórnin geti tekist þetta á hendur, jafnvel þótt henni sýnist það hagkvæmt. En úr því hjer er í raun og veru ekki um ágreining að ræða, þá sýnist rjett að láta þessa heimild standa í fjáraukalögunum, og því hefir nefndin tekið hana upp.

Þá hefi jeg lokið máli mínu um brtt. fjvn., og um till. einstakra þm. skal jeg vera mjög stuttorður.

Viðvíkjandi 1. brtt. á þskj. 487 skal jeg aðeins geta þess, að nefndin hefir um hana óbundin atkvæði.

Sama máli gegnir um brtt. háttv. þm. Dala (B. J.). Meiri hluti fjvn. er á móti þeim. Fjvn. er einnig á móti till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Nefndin hefir ekki viljað raska þeim lið eins og hann er kominn frá háttv. Ed., og álítur ekki heppilegt að etja kappi um hann.

Þá skal jeg minnast á breytingar Ed. á styrk til þriggja starfsmanna ríkisins til utanferða. Hún hefir sett þá undir annan lið. Fjvn. þessarar háttv. deildar hafði lagt það til, að Ara sýslumanni Arnalds yrði veittur styrkur með því skilyrði, að hann fengi árslausn frá embætti sínu, en ríkisstjórnin setti aftur mann í hans stað á eigin ábyrgð, og var það eftir tillögum hæstv. forsætisráðh. (J. M.). Nú hefir þessi embættismaður látið það í ljós, að með þessum skilyrðum yrði sjer ómögulegt að nota fjárveitinguna. Fjvn. háttv. Ed. ljet því lýsa yfir því, að hún vildi ekki halda fast við þetta skilyrði, heldur gefa það á vald stjórnarinnar, á þann hátt, sem henni þætti best henta, með því að líta einnig á, hvað hagkvæmt væri fyrir styrkþega. Út af þessu vil jeg lýsa yfir því, fyrir hönd fjvn. þessarar háttv. deildar, að hún, fyrir sitt leyti, leggur ekkert kapp á sínar fyrri ályktanir í þessu efni, heldur vill þvert á móti taka í sama strenginn og háttv. Ed. og heimila stjórninni að koma þessum embættisrekstri fyrir á þann hátt, sem henni sýnist best henta, og vill því láta hana ráða, hvort þetta embætti verði rekið á ábyrgð Ara sýslumanns eða þess, sem embættinu gegnir. Vænti jeg þess, að hæstv. stjórn telji þetta nægilega heimild, ef enginn háttv. deildarmanna verður til að andmæla því.

Þorleifur Guðmundsson: Mjer þykir það næsta undarlegt, hversu deildarmönnum virðist liggja í ljettu rúmi, hvernig farið er með fjármál landsins. Nú eru margir stólar auðir, og þó slíkt stórmál sem þetta til umræðu. Jeg ætla nú ekki að fara að halda stóra fjármálaræðu, heldur ræða um eina brtt., sem fyrir liggur. Eins og háttv. deildarmenn muna, fengum við þingmenn Árnesinga samþyktan 12000 kr. styrk hjer í deildinni til bátaferða milli Reykjavíkur og Árnessýslu, en þessu hefir verið breytt í Ed. Mjer virðist það næsta óskiljanlegt af háttv. fjvn. Ed., að henni skyldi hafa verið svo mislagðar hendur að færa styrk þennan úr 12000 kr. niður í 5000. En aftur á móti lætur nefndin sjást eftir sig nýjan lið, sem er 6000 kr. hækkun á ráðherralaunum fyrir yfirstandandi ár, þrátt fyrir það, þó þessi háttv. deild hafi felt þessa hækkun á launum þessum, er fjáraukalögin voru til umræðu hjer. Mjer virðist það óþarfi að vera hjer að bera í bakkafullan lækinn. Mjer virðist koma hjer fram harla einkennileg sparsemdarstefna; menn ausa því

út með annari hendinni, sem þeir spara með hinni, þar sem þeir draga 7000 kr. frá þarflegum bátastyrk og kasta því til ráðherranna, sem virðast hafa nægileg laun til að lifa af.

Með þessu kemur sparnaðurinn niður, sem hann síst skyldi, á framleiðslunni. En þinginu ber frekar skylda til að hjálpa framleiðslunni en að draga úr henni. Það virðist ærið hættuleg braut, og ekki síst þegar fjárhagurinn er svo, að þingið sjer sjer ekki fært að veita neinar verulegar upphæðir til verklegra framkvæmda, að halda samt þeim upptekna hætti að styrkja alt milli himins og jarðar, ef það á að miða til andlegs þroska eða lista, eins og t. d. að veita hverjum þeim, sem um biður, styrk til utanferða, annaðhvort til að sækja andagift suður í Róm til að flatríma hugsanir sínar eða til Grikklands að læra listir. Og loks til að læra leikfimi, sem ekki er annað en sprikl eftir vissum reglum, eins og jeg hefi áður lýst hjer á þingi. Hjer er haldin ræða á ræðu ofan um sparsemi, en síðan er veittur styrkur á styrk ofan, þegar til atkvæða kemur, styrkir, sem þjóðinni eru ekki nauðsynlegir. En í þessu er ekki snefill af samræmi og virðist vanta alla sparsemissamheldni í þinginu. Virðist sem sparsemin deyi út á vörum hvers eins, sem talar. En þetta getur ekki gengið fyrir þjóðina, að kosta fyrst og fremst skóla í landinu, síðan að veita hverjum manni, sem um biður, styrk til fullnaðarnáms. Svo þegar hann er orðinn fullnuma hefir hann ekkert að starfa. En þá gerir hann sjer hægt um vik og krefst þess, að búið sje til handa sjer nýtt embætti, og er þá ekki að furða, og jafnvel ekki svo ósanngjarnt, þó þinginu finnist, eins og oft vill verða, að maðurinn eigi nokkurn kröfurjett til þessa, ef hægt er að finna upp á einhverju, þar sem maðurinn með þessu hefir verið gerður ófær til annarar vinnu. En þetta er mjög órjettlátt gagnvart þjóðinni, sem með erfiðismunum framleiðir fjeð og leggur mikið á sig, og sjálfa sig oft í hættu. Hvar endar þetta? Það endar með því, að sveitadrengirnir heimta styrk til að læra á taðvjel, fara með orf og ljá og önnur verkfæri. Eins og sjá má í fjárlögunum 1922, er gert ráð fyrir tekjuhalla alt að 2 miljónum. Jeg sje ekki annan veg til þess að reyna að koma því lagi á, að staðist geti á tekjur og gjöld ríkissjóðs, en til þess dragi, að hið háa Alþingi neyðist til að draga úr, ekki einungis því, sem er miður nauðsynlegt, heldur og hinu, sem má telja nauðsynlegt, svo sem launum ráðinna embættismanna ríkisins. Því að það verður við landsbúið sem annan búskap, að þegar hart er í ári verður það að sníða sjer stakk eftir vexti og neita sjer og sínum um það, sem hjá verður komist. Til dæmis má taka, að þó nauðsynlegt sje að kenna börnum á heimilinu, skamtar fjárhagurinn af, svo ekki er unt að halda kennara. Eins má segja um embættismannahald, þótt nauðsynlegt sje, þegar neyðin stendur fyrir dyrum. Það hefir komið fram og verið til umræðu á þessu þingi frv., sem fór í þá átt að draga úr dýrtíðaruppbót embættismanna, og var það vel farið, en þá lýsti forsætisráðherra þeirri skoðun sinni, að lögin frá 1919 væru lögbundinn samningur, sem ekki mætti um þoka. En jeg lít öðruvísi á það, og á bágt með að trúa öðru en að eins og hið háa Alþingi hefir rjett til þess að setja lög eins hafi það leyfi til þess að fella þau úr gildi. Þetta er annar vegurinn, og sparnaðarvegur. En þá kemur hinn vegurinn og er aflavegur, og sje jeg ekki annan betri en þann, að ríkið taki í sínar hendur eitthvað af verslun landsmanna, og njóti af henni þess hags, sem kaupmenn annars hafa, þó mjer finnist það ógeðfelt, því að það gengur nokkuð nærri kaupmannastjett landsins.

Með þessu hefi jeg komist nokkuð langt frá efninu, en þetta má gjarnan sagt vera. En jeg býst við, að þetta láti ekki vel í eyrum sumra háttv. deildarmanna, en það verður ekki hjá því komist, að þegar stungið er á meinum finna sumir til. Þó jeg hafi minst á launaviðbót ráðherranna, getur ræða mín ekki haft áhrif á úrslit hennar. En jeg vona það, að þar sem þessir ráðherrar hafa fyrst og fremst 10 þúsund krónur í föst laun, og auk þess hefir að minsta kosti forsætisráðherra talsverða fúlgu frá Íslandsbanka, og hinir ráðherrarnir 3000 kr. fyrir þingmensku, án þess að missa nokkurs í, þá geti þeir menn, sem samþykkja launahækkun til þeirra, ekki með góðri samvisku felt till. mína um að hækka bátastyrkinn milli Reykjavíkur og kauptúnanna eystra.

Jakob Möller: Jeg á hjer till. á þskj. 495, um launauppbót handa sendiherranum í Kaupmannahöfn, Sveini Björnssyni. Háttv. þm. mega ekki skoða þetta sem heimtufrekju af mjer, þó að þeir, ef til vill, minnist þess, að frá því var sagt í blaði einu, að slík launahækkun hefði verið samþykt hjer fyrir árið 1922. En þetta var nú, því miður, ekki svo, því að tillagan var feld þá, þó að ólíklegt megi virðast. Jeg verð aftur að minna háttv. þdm. á það, að þessi háttv. deild samþ. nokkru meiri launahækkun handa sendiherranum á síðasta þingi, eða upp í 17400 kr. Jeg verð því að skjóta því til þeirra háttv. þdm., sem þá greiddu atkvæði með hækkuninni, að gera sjer og öðrum grein fyrir því, hvers vegna þeir ekki geti gert það nú.

Mjer þykir það einkennilegt, ef þessi till. nær ekki fram að ganga nú. Jeg benti á það við 3. umr. fjárlaganna, að það væri viðurkent, að launin væru altof lág. En það er ekki virðingu okkar samboðið, að þessi starfsmaður ríkisins sje látinn borga með sjer. Annars skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta nú. Jeg vona að háttv. þm. geri sjer það ljóst, að hjer er um sóma þingsins að tefla.

Fjármálaráðherra (M. G.): Ef jeg ætti mjer eina ósk núna, mundi jeg óska þess, að háttv. deild breytti þessu frv. ekkert, því að við það mundi sparast mikið fje. En jeg þykist vita, að jeg muni ekki hitta óskastundina, og vil því segja fáein orð um sumar brtt., sem hjer liggja fyrir

Jeg vil að sönnu gjarnan, að till. háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um laun sendiherrans í Kaupmannahöfn gangi fram, því að hún er í rauninni sjálfsögð, en samt vildi jeg fórna henni fyrir allar hinar brtt.

Háttv. frsm. (M. P.) ljet í ljós, að fjvn. háttv. Ed. mundi ekki vera mjer eða þessari háttv. deild samdóma um uppbótina til Jóh. L. L. Jóhannssonar, en þetta er ekki rjett. Jeg heyrði einmitt hv. frsm. fjvn. Ed. (S. H. K.) lýsa því yfir, að hann væri mjer samdóma í þessu atriði, og get jeg því vel unað við þessi málalok, þar sem það var aldrei tilætlun mín að spilla fyrir þessari uppbót, heldur aðeins að fá það fram, að styrkurinn til Jak. Smára skyldi ekki greiddur, og það hefi jeg fengið skýrt fram.

Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hjelt hjer eina af sparnaðarræðum sínum, og er það ekki nema gott og blessað, en jeg vildi að hann lifði þá líka eftir þessum sparnaðarkenningum sínum, þegar til atkvgr. kemur, en mjer finst vera misbrestur á því; það munu sum nafnaköllin sýna best.

Hann er þá ekkert órífari á bitlingana en þm. yfirleitt. Hann lagðist um daginn mjög á móti því, að veitt væri fje til þess að láta menn, eins og hann komst að orði, „læra að sprikla í útlöndum“, og jeg man

ekki betur en að hann svo greiddi atkv. með fjárveitingu í þessu skyni við nafnakall rjett á eftir. Góð kenning hefir litla þýðingu, þegar henni er þannig framfylgt.

Hann sagði líka, að ríkið ætti að taka þátt í verslun, til þess að fá ágóða; en þá finst mjer að hann hefði ekki átt að vera á móti tóbakseinkasölunni, eins og hann þó var.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gerði fyrirspurn um sendimanninn á Ítalíu, hvort hann hefði sent skýrslur.

Hæstv. forsrh. (J. M.) bjóst ekki við að geta verið við og bað mig um að svara því, og fjekk mjer skjöl, er sýna, að hann hefir sent skýrslur, en þær eru ekki fyrir alla mánuðina, ekki þá síðustu. Hann hefir staðið í beinu sambandi við sendiherrann í Kaupmannahöfn, og þótti það heppilegra um ýms mál, er þurfti að ráðgast um við utanríkisstjórnina. Ennfremur hefir hann staðið í beinu sambandi við kaupmenn hjer. Honum hefir yfirleitt verið falið að gegna störfum þeim, sem konsúlar hafa með höndum, og fylgir það því að gefa skýrslur um markaðsverð og útvega markaði og greiða fyrir viðskiftum. Hann hefir sent mörg skeyti, og t. d. eitt síðast í fyrradag, um að fiskinnflutningur væri frjáls í Ítalíu frá 1. maí.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg ætla aðeins að svara fyrir mig. Hæstv. fjrh. (M. G.) taldi mig ekki sparnaðarmann við atkvgr. En þegar maður sjer, að samþ. er hvað sem er, þá finst mjer ekki ástæða til að níðast á einstökum mönnum.

En þegar enginn getur komið sjer saman um neitt og alt er samþ. í graut og ríkissjóður tættur sundur, þá er ekki nema eðlilegt að maður slæpist inn á að veita bitlinga og gæti síns hjeraðs, að það hafi eitthvað.

Jeg vil, að almenningur og við í sameiningu spörum fje ríkissjóðs.

Jeg held að hæstv. fjrh. (M. G.) hafi greitt atkvæði með styrkveitingu, ef honum eru þær nærri, að minsta kosti var hann fús til að taka á móti hækkuninni á ráðherralaununum. Ef slík hefði verið mjer boðin, held jeg að jeg mundi ekki taka við henni, ef jeg hefði aðrar eins ástæður.

Jeg býst við, að þeir, sem eiga heima í Reykjavík, þurfi mikið fje til að lifa, og væri þá gott að fá upp í útsvarið úr landssjóði, þegar það er 3000 kr. eða meira.

Hvað snertir piltinn, sem jeg ljeði atkvæði mitt til að læra leikfimi í útlöndum, þá gerði jeg þá grein fyrir atkvæði mínu í ræðu minni þá, að jeg gæti ekki gert upp á milli hans og annara og láta hann sitja á hakanum, úr því ætti að veita öllum styrk.

Um tóbakssöluna er það að segja, að það er ekki sama, hvaða verslun ríkið rekur. Það var líka aðallega tvent, sem gerði það, að jeg gat ekki ljeð þessu frv. atkv. mitt; í fyrsta lagi, að það voru reyttar af því allar fjaðrirnar, áður en það kom í deildina, og annað, sem er meira fyrir mjer, að þetta er skaðleg vara, sem helst ætti ekki að flytjast til landsins, og síst af öllum ætti ríkissjóður að gera það og hafa tekjur af því; í því er hið mesta eitur, sem menn soga ofan í sig.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mig undrar það ekki, þótt háttv. 2. þm Árn. (Þorl. G.), eins og hann komst að orði, „slæpist inn á að samþykkja bitlinga“, úr því að hann heldur að menn eigi að rífa í sig ríkissjóðinn eftir vild og tæta hann sundur í milli sín. En mjer finst hann ætti ekki að þurfa að fylgja tískunni í þeim efnum.

Jeg veit ekki, hvaða styrkveitingar hann á við að jeg hafi greitt atkvæði með, er kæmu mjer nærri. Jeg hefi engum slíkum styrk greitt atkvæði, og er það algerlega

ósatt mál hjá háttv. þm. Um hækkunina á launum ráðherranna hefi jeg ekkert meðmælaorð sagt og ekki greitt um hana atkvæði, enda aldrei um hana beðið. Fjvn. tók þetta upp hjá sjálfri sjer.

Annars get jeg ekki sjeð, hvernig hann ætlar að láta greiða atkv. um þessa hækkun, sjerstaklega núna, úr því hann hefir ekki komið með brtt. í þá átt; hann yrði þá að láta fella alt frv., ef hann ætlaðist til, að hún yrði feld.

Jón Þorláksson: Jeg á eina sparnaðartill. á þskj. 487, um að styrkur sá, er veittur er bæjarsjóði Vestmannaeyja til að halda úti björgunarskipinu „Þór", verði lækkaður úr 40 þús. niður í 30 þús. Það er ekki svo mjög upphæðin, sem veltur á, en það er ekki gott fordæmi, sem farið er fram á. Með liðnum er gert ráð fyrir að borga alt að helmingi útgerðarkostnaðar skipsins. Það hefir komið til mála hjer að taka skipið á leigu og hafa það á verði á fleiri stöðum, og væri það mikið betra heldur en að borga helming kostnaðar við útgerðina.

Þegar frv. var til 3. umr., þá var brtt. borin fram frá fjvn., um að veita 25 þús. kr. í þessu skyni, en hún var tekin aftur, og frv. fór hjeðan án þess nokkuð væri veitt þar í þessu skyni. Vona jeg, að fjvn. leggist ekki á móti till., þar sem jeg nefni 5 þús. kr. hærri upphæð en hennar upphaflega tillaga var. Það yrði þá í samræmi við fjvn. Ed., sem bar fram brtt., að upphæðin 1922 yrði 30 þús. kr.

Frsm. (Magnús Pjetursson*): Jeg hefi eiginlega ósköp litlu að svara háttv. deild, aðeins ofurlítið hæstv. fjrh. (M. G.), sem mælti á móti því aftur núna, er hann hafði verið á móti við 2. umr., og þá sjerstaklega vitunum.

Það var eitt, sem mjer þótti einkennilegt, er kom fram hjá hæstv. ráðherra (M. G.), að fyrst þetta væri ekki mjög aðkallandi, þá gætu þeir beðið þetta árið. En það verður þá ekki aðeins þetta ár, heldur líka næsta ár, þar sem þeir geta ekki komið þá, því að þá verða Austfjarðavitarnir bygðir.

Það er undarlegt að láta sjer detta það í hug, að ef þessir vitar verða samþyktir, þá verði að taka Austfjarðavitana út af fjárlögunum, og heimtað, að þeir verði gerðir í sumar.

Þessi deild er þegar búin að ákveða þetta með því að samþ. það, og hugsa jeg að þetta sje aðeins grýla, til að hræða deildina til að falla frá því, sem hún greiddi atkvæði með síðast er frv. var til umr. hjer í deildinni.

Hæstv. ráðherra (M. G.) fanst það nóg, sem Ed. hefði ákveðið að veita til endurreisnar prestssetrinu á Stað í Grunnavík, því að það væri hægt að byggja fyrir minna, ef bygt væri eins og áður.

En nú hefir verið ákveðið, og biskup lagt til, að bygt yrði steinhús. Það er ekki nein vegleg bygging, sem hægt yrði að byggja fyrir þessa upphæð, en hún ætti að nægja til þess, að það gæti orðið sæmilegt prestssetur. En þar sem nefndin hefir dregið ¼ frá upphæðinni, þá er lækkunin mjög mikil.

Um launabæturnar til dyravarðarins við Háskólann er ekki ástæða til að etja kappi við Ed. Mjer er óhætt að segja, að það yrði aldrei kappsmál milli deildanna. Það virðist sem nefndin í Ed. hafi ekki fengið nægar upplýsingar um málið á því stigi. En ef fjvn. Nd. kemur á móti fjvn. Ed., þá mun hún aftur fást til að koma á móti þessari deild.

Hæstv. fjrh. (M. G.) vildi helst að frv. yrði ekki breytt hjer í deildinni. En jeg held, að það sjeu ekki margir deildarmenn, sem eru á þeirri skoðun, og held, að ekki verði hjá því komist að breyta því.

*) Ræðan óleiðrjett af þm.

Jeg get nefnilega ekki skilið, að hugur háttv. deildarmanna hafi breyst svo mjög, að þeir greiði nú atkvæði á móti því, sem þeir hafa áður samþ.

Jeg gat ekki varað mig á því, að háttv. framsögumaður fjárveitinganefndar Ed. hefði tvenskonar ummæli um styrkinn til Jakobs Smára. Jeg gat ekki annað en tekið það svo, að það, sem hann sagði við fyrri umr., væri sagt fyrir nefndarinnar hönd.

Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) þarf jeg ekki að svara; hann talaði ekkert um brtt. nefndarinnar, en mest um fjármálin og launamálin yfirleitt, en það kemur ekki mjer við á þessu stigi málsins.

Það var alveg rjett, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gat um, að till. um „Þór" var tekin aftur við 3. umr. frv., en það var fyrir þá sök, að það upplýstist, að sá þm. í Ed., sem till. var flutt fyrir, var óánægður með það, hvað upphæðin var lág, og bjóst við að hv. Ed. mundi setja hana talsvert upp.

Upplýstist að þm. voru óánægðir með styrkinn, þótti hann of lágur og vissu að háttv. Ed. mundi veita hærri styrk. Vildi nefndin því ekki eiga forgöngu að hækka upphæðina, ekki síst, þar sem þm. kjördæmisins (K. E.) var sjálfkjörinn til að beitast fyrir því í Ed. En ef ástæða er til að veita þessa upphæð 1922, þá er ekki ástæða til að hafa hana lægri þetta ár. Því að það má búast við að næsta ár verði minni kostnaður við að halda skipinu úti. Því væri ástæða til að hafa styrkinn hærri í fjáraukalögunum en fjárlögunum. Jeg skal svo ekki tefja tímann, en vænti þess, að háttv. deild sýni tillögum nefndarinnar sömu vinsemd og síðast.

Pjetur Ottesen: Jeg hjó eftir því í ræðu háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), er hann sagði þar, að að nokkru leyti lægi fyrir loforð frá síðasta þingi um hækkun á launum sendiherrans. Málinu horfði þannig við á síðasta þingi, að till. um að hækka laun sendiherrans var samþ. í þessari deild með eins atkvæðis mun, en feld í Ed. með 9 : 5 atkv., og voru því alls á þinginu greidd 17 atkvæði með hækkuninni en 20 á móti. Það er því síður en svo, að hægt sje að segja, að nokkurt fyrirheit frá þinginu liggi fyrir um þetta. Það ber og að líta á það, að það gæti verið í fullu samræmi, þó Nd. feldi þessa hækkun nú, þó hún væri aðeins samþ. í fyrra, því síðan hefir orðið verðfall á flestum nauðsynjum, og sú ástæða, sem hefði verið til hækkunar í fyrra af þessum sökum, er nú úr sögunni. Jeg geri og ráð fyrir, að sá maður, sem við þessu embætti tók, hafi gert sjer ljósa grein fyrir því, sem hann var að gera, og eins og jeg hefi áður tekið fram, lá frá þingsins hálfu ekkert fyrirheit um það, að launin yrðu hækkuð.

Sigurður Stefánsson: Jeg tek undir það, að best sje fyrir fjárhag landsins, að deildin samþykti frv. óbreytt. Jeg get ekki litið eins á og háttv. frsm. (M. P.), að engin ástæða sje til þess, að þingmenn breyti atkvæði sínu frá því, er frv. var hjer síðast til umr. Ástæður breytast dag frá degi, og allar í þá átt, að brýn nauðsyn sje að draga sem mest úr útgjöldunum. Það má vel búast við, að tekjurnar fari langt niður úr áætlun. Það er hægt að samþ. sí og æ ný útgjöld, en hvar á að taka tekjurnar? Menn verða að gera sjer ljóst, hvernig ástatt er með atvinnuvegina og viðskiftin, og hve mikilla tekna er af þeim að vænta. Hvernig fer, ef ríkissjóðurinn verður þarausinn á fjárhagstímabilinu? „Taka lán" er viðkvæðið hjá allmörgum hv. þm. Um það er lítið að fást, ef um arðvænleg fyrirtæki er að ræða, en að taka lán til lúkningar lögákveðinna skyldugjalda og fjárlagabitlinga til einstakra manna, hrein og bein eyðslulán, það er búskapur, sem fyr eða síðar endar með skelfingu.

Það er og kynlegt af þinginu að samþykkja lánsheimildir og lánveitingar, þegar stjórnin hefir lýst því yfir, að enginn eyrir sje fyrir hendi til þeirra hluta. Af þessum ástæðum geri jeg ráð fyrir, að jeg neyðist til að greiða atkvæði móti öllum útgjaldahækkunum í fjáraukalagafrv. að þessu sinni, og þá líka vitabyggingunum á Vesturlandi, þótt jeg búist við að fá litlar þakkir fyrir það hjá kjósendum mínum, en jeg tel mig fyrst og fremst þingmann alls landsins. Þegar hver aukin útgjöld auka á fjárhagsvandræði ríkisins, þá neyðist jeg til að líta meira á hag þess en einstakra kjördæma. Fjárhagsvandræðin versna með hverjum nýjum útgjöldum, og álasa jeg því háttv. Ed. ekki, þótt hún feldi niður vitabyggingarnar. Verði brtt. samþ., eru fjáraukalögin komin í 1¼ miljón, og þar sem ganga má að því sem vísu, að tekjurnar minki um jafnvel miklu meiri upphæð, þá þykir mjer lítið vit í því að auka sí og æ útgjöldin.

Sveinn Ólafsson: Ætíð kemur fram í huga mjer sama myndin, þegar fjárlög eða fjáraukalög eru hjer til meðferðar í deildinni. Það er mynd af hvalfjöru til forna á almenningsreka, þar sem hver sótti að með sinn gogg og sveðju, og hver þóttist bestur, er stærsta þjós gat dregið á burt. Munurinn er einkum sá, að nú draga milligöngumenn mest á burt og liðleskjur ýmsar njóta fengsins. Einstakir menn draga urmul þjósa, svo heimilt sem óheimilt. Vil jeg þó ekki segja, að eins mikil brögð sjeu að þessu nú eins og þegar frv. fór hjeðan úr deildinni síðast, en þó er sami svipurinn á þessu.

Hv. frsm. (M. P.) tók fram, að Ed. hefði ófyrirsynju felt úr frv. nokkrar upphæðir, og skapað með því misrjetti milli þeirra, sem fjárveitingu fá, og hinna. Þetta virðist aðalástæða hans fyrir till. nefndarinnar um nýja menn og nýja bitlinga.

Jeg vona, að allir kunni að meta þessar ástæður rjettilega. Með því að samþykkja nýja bitlinga, sem nefndin mælir með, er misrjettinu ekki eytt, en það flyst aðeins yfir á aðra, sem alt að einu verða út undan, og það jafnvel miklu verðugri en þeir, sem nú eru í náðinni.

Að vísu mælir sanngirni með sumum liðunum í till. nefndarinnar, og hefði jeg viljað styðja þá, ef fært hefði verið að fara lengra í fjárveitingum. En þar eð hver minsta breyting flytur málið í Ed., og ef til vill í sameinað þing, þá þykir mjer ekki borga sig að fitla við þær.

Hvað viðvíkur till. Ed. um styrk til byggingar á Stað í Grunnavík, þá hygg jeg hann nú sanngjarnlega metinn, þar eð byggingarefni hefir fallið í verði síðan áætlun var gerð, og mun því Ed. fara nærri því rjetta. Jeg gef mjer ekki tíma til að tala um einstakar till., en greiði atkvæði móti þeim öllum, til þess — ef verða mætti — að forða því, að málið fari að veltast á milli deilda. Jeg get strikað undir það, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að komið væri feti lengra en forsvaranlegt er í fjárveitingum, og á fjvn. þar sök á framar öllum öðrum.

Háttv. frsm. (M. P.) vildi ekki kannast við, að rjett væri að fella burtu vitabyggingu á Vesturlandi, þótt leitt gæti til þess, að vitabyggingar á Austurlandi yrðu teknar upp á þessu sumri, sem reyndar er sjálfsagt, ef farið er að byggja vestra. Jeg skil vel þessi lausakaup, og átti von á þeim úr þessari átt.

Jakob Möller: Jeg býst nú alls ekki við því, að það takist að koma frv. óbreyttu gegnum deildina. Jeg leyfi mjer því enn að minna á loforð þessarar háttv. deildar frá í fyrra um launahækkun sendiherrans. Það skiftir ekki máli, hvernig atkvæðin fjellu þá; till. var samþykt. Það, hvernig atkvæði fjellu, breytir engu

um það, að samþyktina má skoða sem loforð. Þó að ekki greiddu þá nema 12 þdm. atkv. með hækkuninni, þá var það bara af því, að 3 þm. voru fjarstaddir, sem hefðu greitt atkv. með, ef þeir hefðu verið viðstaddir. Ef þeir þm., sem atkv. greiddu, hafa gleymt, hvernig atkvæði fjellu, ættu þeir að rifja það upp fyrir sjer.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) virðist ekki gera mun á því að gera gamla vita nothæfa og því að byggja nýja vita, en hann gerir sjer ekki ljóst, að gamlir vitar bilaðir geta verið verri en enginn viti, þar sem þeir geta verið villandi, og ríður því á, að þeir komist ekki í það ástand, að tjón geti hlotist af. Jeg efast ekki um, að álit fjvn. hafi við rök að styðjast og hún hafi ekki að ástæðulausu fallist á þetta, og tel jeg illa farið, ef till. fellur. Eða er það meiningin að fresta eigi viðgerðum á gömlum vitum, þar til nýir hafa verið bygðir alstaðar þar, sem krafist er?

Bjarni Jónsson: Jeg átti erindi út í bæ og gat því miður ekki hlustað á allar umræður í þessu máli, en kom þó nógu snemma til að hlusta á háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Það er ekki í fyrsta skifti, sem þessari gullvægu ástæðu um fjárhag landsins er slegið fram, og eftir kollhríðina og atkvæðagreiðsluna í dag þykjast þeir hafa byr undir báða vængi og vera stöðugir í sessi, sem stjórnarflokkur, og ætla að fara að spara, en spara það, sem síst skyldi.

Jeg dvel ekki við ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), en hugrakkur þykir mjer hann vera, að greiða atkvæði móti vita, sem kjósendur hans hafa mest gagn af, en ef bátarnir lægju allir uppi í fjöru fyrir sparnað háttv. þm., þá færi nú sparnaðurinn að verða vafasamur.

Enginn veit, hvenær viti þessi kann að falla, en þeir ættu að geta næst því, sem vísa mönnum leiðina yfir gröfina. En ef ekkert er að gert, fellur vitinn fyr eða síðar, og þá verður kostnaðarmeira að koma upp nýjum en nú kostar aðgerðin.

Svo er til ætlast, að vitinn verði gasviti, og sparast við það mikið fje, jeg hygg um 1100 kr. á ári, en það er sparnaður, sem ekki kemur að gagni fyr en viðgerðin hefir farið fram. Annað, sem sparast, ef við er gert nú, er flutningur alls konar. Verkefni og starfsfólk er nú á staðnum, og yrði við það aukinn kostnaður að flytja það frá nú, en síðar að. Þessi sparnaður ætti að geta höggið skarð í þann gróða, sem fæst við frestun. Um hinn sparnaðinn er óþarfi að ræða, að ef gert væri við nú, mundu sparast líf manna og eignir, og þyrfti ekki nema eitt skip að sparast til þess að vinna hitt upp. Það þykir heldur ekki heppilegur sparnaður að láta hús landsins ganga sjer til húðar og verða verðlaus eða verra en það, skaðleg. En svo er um ónýta vita. Sparnaður við frestun framkvæmda er aðeins vaxtagróði, og nemur hann ekki miklu af ekki stærri upphæð. Annars hefði jeg haldið, að vandalítið væri að reikna út fjárhagslega, hvort gróði er að einhverju eða ekki, og fara síðan eftir því, sem tölurnar tala. En hitt bjargar aldrei fjárhag landsins að berja lóminn, án þess að bera skyn á, hvað um er að ræða.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði í líka átt og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.); varaði hann menn við eyðslusemi og öðru því líku. Ræða hans var að því leyti merkileg, að hún gaf tilefni til að snúa á hann þessari vísu:

Þú mikli myndasmiður,
sem myndar undraher,
og út um alla geima
með önd í gandreið fer.

Hann fór á hvalfjöru með háttv. þm. í galdraflugvjel sinni, og skýrði fyrir þeim það, sem fyrir augu bar. Jeg hefi

aldrei á hvalfjörum verið, en um það hefi jeg lesið, sem aðrir, og veit jeg, að oft verða þar víg og illdeilur. Kom þar oft fram ósanngirni manna og undirferli, og mun hv. þm. það ekki ókunnugt. Hv. þm. (Sv. Ó.) dró upp þessa fögru mynd af landssjóðshvalnum og skurðarmönnum hans, og þóttist órjetti beittur fyrir hönd umbjóðenda sinna, en það hygg jeg, að ekki hafi ver verið gengið að hvalþjóstunum fyrir Austfirðinga en aðra. Mönnum hefir þráfaldlega gefist kostur á að hlýða á raunarollu háttv. þm. (Sv. Ó.) út af vitunum austfirsku, en ekki þarf hann að beina skeytum sínum að mjer, því að jeg hefi altaf fylgt nauðsynlegum fjárveitingum til Austfjarða sem annara. — Mig mætti frekar saka fyrir ljelega frammistöðu fyrir umbjóðendur mína, því að jeg hefi aldrei farið fram á annað fyrir þá en það, sem sanngjarnt var og nauðsynlegt. Jeg hefi síst sökt skurðarhnífnum dýpra fyrir Dalamenn en aðra, og hafa þeir ekki verið ofaldir. En aldrei hafa þeir látið fara frá sjer slíkt aumingjavæl og kom úr kverkum háttv. þm. (Sv. Ó.), og væri betur, að slíkt heyrðist ekki oft hjer á þingi.

Það var hvorki barlómsbumba háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) nje hvalagrátur hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem kom mjer til að standa upp. Jeg hefi borið fram till. þess efnis að hækka styrk þann, sem Vestmannaeyingum verður veittur til þess að halda úti björgunarskipinu „Þór", og vil jeg fara um hana nokkrum orðum.

Jeg hefi áður haft ástæðu til þess að lýsa máli þessu allgreinilega, og kann jeg ekki við að endurtaka það hjer. En þó vil jeg minna á það, að skip þetta er eyjaskeggjum til mikils hagræðis. Það ver fiskimið þeirra fyrir erlendum og innlendum togurum, og við það eykst fiskur eyjaskeggja. Margir segja, að rjett sje að eyjaskeggjar beri byrði þessa einir, úr því að þeir hafi hag af því. En á það má benda, að til eyjanna sækir fjöldi manna og stundar þar fiskveiðar í skjóli Þórs. Eyjaskeggjar greiða sennilega um hálfa miljón kr. í kaup til aðkomumanna, og er því ekki lítil stoð, þegar yfir vofir atvinnuleysi. Auk þess eru Vestmannaeyingar með hæstu gjaldendum í landssjóð, og eiga því ekki skilið að ver sje með þá farið en aðra. Þeir hafa flutt út fisk fyrir um 7 milj. kr. á ári, og skattur sá, er landið hlýtur af þeirri upphæð, er ekkert smáræði. Það væri því ekki nema sanngjarnt að þeir fengju ríflegan styrk, og fyrirtækið, sem styrkja á, er þess fullvert, að svo sje gert. Þór ver ekki aðeins landhelgina, heldur einnig stærra svæði, og því til sönnunar skal jeg, með leyfi forseta, lesa símskeyti, sem mjer hefir borist úr Vestmannaeyjum. Það hljóðar svo:

> „Síðan 29. apríl hafa um 60 netabátar mokaflað á „bankanum", langt utan landhelgi. Þar er fjöldi útlendra fiskiskipa. Þór er þar stöðugt og heldur opnu svæði fyrir netabátana. Þessi afli stórbætir hag útvegsins, sem leit illa út. Þegar tími vinst til, verður hægt að sanna með vitnisburðum sjómanna, að gæsla Þórs ræður mestu um aflabrögð á þessu svæði.
>
> Björgunarfjelagið".

Af þessu má sjá, að skipið kemur að miklum notum, og væri illa farið, ef dregið yrði úr framkvæmdum þess. Auk þessa er skipið björgunarskip, og hefir þegar bjargað nokkrum vjelbátum, og er sá hagur meiri en með tölum verði talinn. Þá er skipið og sjúkraskip, hefir lækni um borð og getur tekið veika menn af öðrum skipum úti í hafi, og sparað þeim þannig ómak.

Þó að landssjóður styrkti fyrirtæki þetta dálítið í upphafi, hefir skipið orðið

eyjaskeggjum allþungt á fóðrum. Þá er von að þeir leiti landssjóðs, og það sjerstaklega meðan svo er ástatt, að þeir geta ekki leigt skipið, þegar þess er minst þörf við eyjarnar, en það er um síldveiðitímann. Skipið er einmitt vel fallið til landhelgisgæslu norðanlands um þann tíma, og væri það bæði landinu og Vestmannaeyjum styrkur, ef það ráð yrði upp tekið. Gæti þá svo farið, að Vestmannaeyingar þyrftu þá ekki á styrknum að halda, og sparaðist þá sú upphæð. En fyrir umliðna tímann kemur þetta ekki til greina, og vænti jeg því fastlega, að menn fallist á þá till. mína, að veita 50 þús. kr. til Þórs.

Þetta fyrirtæki eyjaskeggja lýsir svo mikilli framtakssemi, kjarki og karlmensku, að full ástæða væri til að verðlauna það. Og vera mætti, að enn væru á landi voru menn, sem ekki þætti minkun að íslenska fánanum til varnar landhelginni, og geta þeir ekki annað en glaðst yfir framtakssemi Vestmannaeyinga.

Jeg var svo óheppinn, að heyra ekki háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tala fyrir lækkunartill. sinni, en svo er langt milli okkar, að eigi þýðir mjer að reyna að sannfæra hann á mitt mál. Jeg get ekki búist við því, að hann greiði till. minni atkv., en þess vænti jeg af háttv. deildarmönnum öðrum.

Ef mönnum þykir það of frekt í farið að hækka styrk þennan um 10 þús. kr., þá er varatill. mín fyrir hendi, og verður ekki sagt, að hún fari fram úr sanngirni. Deildin hefir sjálf viðurkent þessa upphæð,með því að setja hana í komandi fjárlög, og treysti jeg því, að hún verði sjálfri sjer samkvæm. Og af sömu ástæðum vænti jeg, að till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) verði feld.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki lá þeim háttv. þm., sem þykja upphæðir í þessu frv. fullháar. Jeg ætla ekki að fárast um það nú, heldur segja örfá orð út af till. nefndarinnar um Arnarnes- og Elliðaeyjarvita.

Jeg er viss um, að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) er ókunnugur Arnarnesvitanum. Annars hefði hann ekki mælt gegn endurbyggingu hans. Jeg veit, að viti þessi getur ekki staðið 2 ár enn án stórra endurbóta, og ef hann fjelli, eða ef viðgerð yrði frestað þangað til, þá yrði hún vitanlega margfalt meiri en nú. Jeg get tekið undir það með hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að það er mesta óráð að trassa þá vita, sem fyrir eru, til þess að byggja nýja, sem aftur yrðu trassaðir, þegar viðgerða þyrfti á þeim. Ónýtir vitar eru verri en engir; þeir villa skipin og geta blátt áfram orðið til þess að stórslys hljótist af. Auk þess sem það er óhagkvæmt að fresta viðgerðinni, er það líka stórhættulegt. Mönnum hefir verið gert það ljóst, að rekstrarkostnaður sparast mikið við endurbygginguna, og hefir vitamálastjóri gert ráð fyrir um 1000 kr. sparnaði á ári. Auk þess vil jeg geta þess, að vitavörðurinn, sem nú er, hefir sagt af sjer starfinu, og verður nýr skipaður nú, ef endurbygging verður frestað. En ef endurbygging fer fram nú, verður nýr vitavörður ekki skipaður fyr en að henni lokinni, og sparast við það laun, og verða auk þess lægri, ef ekki er skipað í embættið fyr en síðar.

Þegar á alt er litið, er það óverjandi að fresta endurbyggingunni.

Þá kem jeg að Elliðaeyjarvitanum. Ef hann er ekki endurbygður, verður að koma upp leiðarljósi í Höskuldsey, og kostar það laun nýs starfsmanns, auk þess sem sjálft leiðarljósið kostar. En ef vitinn er endurbygður, þá þarf ekki að byggja leiðarljósið í Höskuldsey. Þessi viti er nú allur úr sjer genginn og ljósaáhöld ljeleg orðin. Endurbygging er því

nauðsynleg, og kostnaður við hana verður aðeins helmingi meiri en kostnaður við leiðarljósið.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að hjer væri of stórri upphæð varið til endurbyggingar, og væri hún eins há og fara þyrfti til nýbyggingar vita á Austurlandi. Þetta er ekki rjett. Til endurbyggingar vitanna fara einar 45 þús. kr., en til vitanna á Austurlandi, ásamt Strætishornsvita, um 150 þús. kr. En um þetta þarf engan reipdrátt. Það verður fyrst að hlúa að því, sem fyrir er, áður en ráðist er í nýjar byggingar. Það væri ekkert vit að fresta þessum endurbyggingum, eins og á stendur.

Jón Þorláksson: Háttv. 1. þm. S.-M. tjáði sig vera sammála brtt. minni, en kvaðst ekki mundu greiða atkv. með henni, til þess að fjáraukalögunum væri ekki flækt meira á milli deilda en orðið væri. Jeg vona, að megi skilja þetta svo, að hann muni gera þetta, ef hinar brtt., sem standa á undan minni, verða feldar. En ef þær brtt. verða samþyktar, og frv. því endursent til Ed. hvort sem er, þá vona jeg, að jeg megi skilja hann svo, að hann þá fylgi brtt. minni. Og jeg fyrir mitt leyti mundi láta mjer lynda, þótt mín brtt. fjelli, ef þá fjáraukalögin væru þar með afgreidd að fullu og öllu. En verði nú svo, að brtt. mín verði feld, bara til að forða frv. frá því að velkjast milli deilda, þá vil jeg mega líta svo á, að orðalag liðsins sje ekki neitt fordæmi fyrir því, hve mikinn hluta útgerðarkostnaðar eigi að veita í slíkum tilfellum framvegis.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Mig furðar á því, hversu langar umræður hafa nú orðið, og mjer þykir skrítið, að menn skuli nú halda nákvæmlega sömu ræður og við 2. umr. þessa máls; en það er þó ekki eins skrítið eins og það fyrirbrigði hjá einum háttv. þm., að hann greiddi atkvæði og mælti með einu atriði við síðustu umræðu hjer, en er gallharður á móti því núna. Þetta þykir mjer býsna einkennilegt.

Það var háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem mælti svo djarflega á móti Arnarnesvitanum, en háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) og hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) hafa lýst ástandinu þar vestra svo, að jeg hygg, að það sjeu fáir háttv. deildarmenn, sem vilja hafa það á sinni samvisku að greiða atkvæði á móti. Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að ástæðurnar breyttust dag frá degi, og því væri hann nú á móti. Það kann að vera, að ástæðurnar breytist dag frá degi, en það hefir ekki borist mjer til eyrna, að þær hafi breyst svo mjög á þessum 3 vikum, sem liðnar eru síðan frv. kom til umræðu, að ástæða væri til þess að snúast svo mjög kring um sjálfan sig. Hann sagði, að það væri ekki von að ríkissjóður gæti greitt allar þessar upphæðir, nema til lántöku væri gripið. Þetta kann að vera rjett, en það er heldur ekki svo athugavert, að ríkissjóður taki lán til svo nauðsynlegra framkvæmda sem þessara. Þetta er ekki annað en það, sem góður búmaður gerir. Hann tekur hiklaust lán til þess að bjarga þakinu yfir baðstofunni sinni, ef það ætlar að hrynja ofan á hann.

Jeg kem þá snöggvast að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann hjelt nú sömu ræðuna og hann hefir haldið þrisvar sinnum áður, að undanskilinni hvalfjörunni. Það er nú aðeins út af Stað í Grunnavík, sem jeg vildi segja nokkur orð. Það mátti skilja ræðu hans svo, að fjvn. hefði farið eftir áætlun, sem gerð hefði verið fyrir löngu síðan. Þetta er ekki rjett; einmitt vegna þess, að efni lækkaði, þá lækkaði hún styrkinn úr því, sem upphaflega var til ætlast.

Það er náttúrlega lofsverður áhugi hjá

háttv. þm. að vilja ekki velkja frv. milli deilda, en það ætti ekki að hafa svo mikil áhrif á atkvgr., því að menn vita, að þótt það færi aftur til Ed., þá mundi það ekki hafa svo mikla vinnu í för með sjer fyrir þá hv. deild.

Jeg leyfi mjer að lokum að óska þess, að nafnakall fari fram um vitana, svo það sjáist í Alþt., hverjir þar hafa snúist.

ATKVGR.

Brtt. 495 (aðaltill.) feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P., P. J., B. Sv.

nei: Þór. J., B. H., E. E., H. K., J. B., J. S., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J.

Einn þm. (Ó. P.) var fjarstaddur.

Brtt. 495 (varatill.) feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. J., M. K., M. P., P. J., P. Þ., B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. Þ., M. G., B. Sv.

nei: P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. E., H. K., J. B., J. S.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 487,I. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Þ., E. E., Gunn. S., J. B., M. K., M. P., St. St., Þorl. G., Þorl. J., B. J., B. Sv.

nei: B. H., H. K., Jak. M., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J.

Einn þm. (Ó. P.) fjarverandi.

Brtt. 487,II.a. samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. J., M. K., M. P., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Þorl. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., B. Sv.

nei: J. S., J. Þ., M. G., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. E.

Brtt. 487,II.b. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., M. J., M. K., M. P., P. O., P. Þ., St. St., B. Sv.

nei: Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., J. B., J. S., J. Þ., M. G., P. J., S. St., Sv. Ó.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 487,III.a. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Þorl. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. Þ., M. J., M. K., M. P., B. Sv.

nei: P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. E., H. K., J. B., J. S., M. G.

Brtt. 487,III.b. feld með 13 : 10 atkv.

— 487,III.c. feld með 14 : 8 atkv.

— 487,III.d. samþ. með 17 shlj. atkv.

— 487,IV.a. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. A. J., J. B., M. G., M. J., M. K., M. P., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., B. Sv.

nei: J. S., J. Þ., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E Þ., H. K.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 487,IV.b. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., M. P., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. G., M. J., B. Sv.
nei: P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K., J. A. J. J. S., J. Þ.
Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur. St. St. greiddi ekki atkv.

Brtt. 487,V. samþ. með 14 : 2 atkv.
— 487,VI. (aðaltill.) feld með 16 : 6 atkv.
— 487,VI. (varatill.) feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., M. P., P. Þ., Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., B. Sv.
nei: P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. H., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J.
Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 487,VII. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O.
nei: S. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak M., J. B., M. J., M. K., M. P., P. Þ., B. Sv.
Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 487,VIII.a. samþ. án atkvgr.
— 487,VIII.b. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. J., M. K., M. P., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Þorl. J., B. J., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. Þ., M. G., B. Sv.
nei: S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J.. Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. B., J. S.
Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 487,VIII.c. samþ. með 14 : 6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 518).

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 518).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg hefi umboð til þess, fyrir hönd nefndarinnar, að leggja til við hv. deild, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 564).

---

23. Lífeyrissjóður embættismanna.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt
Frumvarpi til laga um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra (A. 5).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (M. G.): Breyting sú á gildandi lögum, sem hjer er um að ræða, er í því fólgin, að hækkað er árstillag það, sem embættismaður skal leggja í lífeyris-

sjóð, í þeim tilgangi, að lífeyrissjóðurinn skuli framvegis vera bæði fyrir embættismenn og ekkjur þeirra, í stað þess, að nú er hann aðeins fyrir embættismenn. Kvaðir allar til þess að kaupa lífsábyrgðir þeim til handa falla hjer með niður.

Það er vitanlegt, að eftir því sem hin gildandi lög eru úr garði gerð, þá hlyti svo að fara, að ekkjutryggingar yrðu keyptar hjá ýmsum erlendum lífsábyrgðarfjelögum. Nú er bæði, að kostnaður við rekstur slíkra fjelaga er allmikill, og auk þess má ganga að því sem gefnu, að þau taki ekki minni ómakslaun en svo, að þau verði vel haldin af. Með þessum hætti tapast allmikið fje út úr landinu, og hygg jeg því ráðlegt að fara að ráðum embættismanna í þessu efni, og gera hjer á þær breytingar, sem í frv. þessu eru fólgnar. Það er hj: að ræða um spor í áttina til þess að koma upp innlendum líftryggingarsjóði, og álít jeg rjettmætt að styðja það.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. þessu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. (sjá A. bls. 1654) með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5. n. 66).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Allshn. hefir leyft sjer að gera nokkrar brtt. við frv. það, sem hjer liggur fyrir, og vil jeg gera fyrir þeim nokkra frekari grein en gert er í nál.

Það er þá fyrst, að nefndin sjer ekki ástæðu til að takmarka iðgjaldagreiðslu í lífeyrissjóð og lífeyrisrjett ofan við 5000 kr. laun, þar sem aðalstefna frv. annars er sú að miða hvorttveggja alveg við launahæð. Þetta hvorttveggja, iðgjaldagreiðslan og lífeyrisrjetturinn, eins og hann er ákveðinn í 1. málsgr. 4. gr., hlýtur að haldast nokkurn veginn í hendur, það er að hækka og lækka í sömu hlutföllum, og erfiðara ætti það ekki að vera fyrir þá, sem laun hafa yfir 5000 kr., en þá, sem lægri laun hafa, að tryggja sjer og ekkjum sínum hlutfallslega hærri lífeyri. Þetta atriði hefir nefndin borið undir ýmsa, sem að frv. hafa starfað, og hafa þeir ekkert haft við brtt. að athuga, heldur þvert á móti verið henni yfirleitt fylgjandi. En af þessari 1. brtt. leiðir svo sem af sjálfu sjer brtt. 2. og 3. 4. og 6. brtt. eru að nokkru leyti miðaðar við það, hvað þinginu hefir undanfarið þótt hæfilegt að ákveða í fjárlögum til handa börnum, sem það hefir talið sjer skylt að annast (eins og t. d. börnum Þorsteins Erlingssonar), og að öðru leyti við eðlilega þörf hlutaðeigenda. 5. brtt. er bygð á þeirri skoðun, að orðið „ósæmilegur" sje of óákveðið til þess að á því verði bygður úrskurður. Um 7. og 8. brtt. vísast að öllu leyti til nál.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vildi aðeins taka það fram, að jeg sje ekki ástæðu til þess að mæla á móti þeim brtt., sem háttv. nefnd hefir gert, þar sem þær gera engar breytingar á aðalatriðum frv. En að því er til þess kemur, er hv. nefnd virðist kvarta um ónógan undirbúning frv., þá fæ jeg ekki betur sjeð en að hún eigi þar við sjálfa sig, þar sem hún átti og um þetta frv. að fjalla á þinginu 1919 og samþykti flest atriði þess sem lög. En hvað stjórnina snertir, þá vakti það fyrir henni að gera sem minstar breytingar á frv., þar sem henni þótti sennilegt, að hv. Alþingi mundi nú vilja breyta sem minst lögum frá 1919, og sje jeg ekki, að ástæða sje til að leggja nenni það til lasts.

Jeg sje, að þessar breytingar hafa nokk-

ur útgjöld í för með sjer fyrir ríkissjóð, en þar sem um tiltölulega litla upphæð er að ræða, en annarsvegar ekkjur og munaðaðarlaus börn, sem hjer eiga hlut að máli, þá vil jeg ekki mæla á móti þeim.

Annars verð jeg að segja það, að jeg furða mig á því, að háttv. nefndarmenn skyldu ekki sjá þessa galla á þinginu 1919. (*S. E.*: Þeir voru ekki í nefndinni þá). Þeir voru í þessari hv. deild, og einn þeirra í stjórn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 66,1. samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 66,2. samþ. með 10 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 66,3. samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 66,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 66,5 samþ. með 9 shlj. atkv.

10 gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 66,6. samþ. með 11 : 1 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

12 gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 66,7. (ný gr., verður 13. gr.), samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 66,8 samþ. með 12 shlj. atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 66,9. samþ. án atkvgr.

14.—15. gr. (verða 15.—16. gr.), samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 88).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 88).

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. hefir gengið gegnum Ed., er fann ástæðu

til að breyta því dálítið. Það var þar í allshn., og vil jeg leyfa mjer að leggja það til, að því verði einnig vísað til allshn. hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 15 shlj. atkv.

Á 40., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 11., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 226, 312).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Björn Hallsson): Fyrir hönd nefndarinnar vildi jeg fara þess á leit við háttv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá.

Forseti (B. Sv.): Jeg verð við tilmælum háttv. frsm. (B. H.) og tek málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 88, n. 226, 312, 332).

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg vildi ógjarnan, að slíkur hvellur yrði út af orðum mínum sem áðan varð hjer í háttv. deild og ofreynt hefir suma háttv. þm. svo mikið, að þeir hafa ekki treystst til að sitja áfram kyrrir í sætum sínum.

Það hefir nú komið í hlutskifti mitt að vera frsm. þessa máls fyrir hönd allshn., og vil jeg því fyrst taka það fram, að nefndin hefir komið fram með brtt. á þskj. 332, en þess skal jafnframt getið, að brtt. nefndarinnar á þskj. 226 eru teknar aftur.

Af þessum breytingum leiðir aftur, að jeg þarf að fara nokkrum orðum um málið, af því að nefndarálitið er ekki alveg í samræmi við þessar síðari till. nefndarinnar. Frv. þetta er komið frá háttv. Ed. og er stjórnarfrv., þar sem steypt er saman lögum nr. 72 og 73 frá 1919, hin fyrnefndu um tryggingu embættismanna, en hin síðari um tryggingu ekkna þeirra, og á nú að gera þau að einum lögum. Hv. Ed. hefir gert þá breytingu á 3. gr. stjórnarfrv. að fella 2. málsgr. niður, sem hafði það ákvæði, að embættismaður greiddi aldrei af hærri launaupphæð en 5000 kr. í lífeyrissjóð, ennfremur, í samræmi við þessa breytingu, að ekkjur fengju jafnframt lífeyri, sem miðaður væri við alla launaupphæðina. Virðist þetta hvorttveggja sanngjarnar breytingar og hljóta að fylgjast að. Þá hefir háttv. Ed. hækkað meðlög eftirlifandi barna embættismanna, samkvæmt 8. gr. stjórnarfrv., um helming, og einnig meðlög foreldralausra barna, samkvæmt 11. gr. frv. Allsherjarnefnd vill nú færa þetta í sama horf og það var í stjfrv. aftur. Ástæðan til þess er sú, að nú virðast öll merki vera á því, að hámark dýrtíðarinnar sje um garð gengið, en með lækkandi vöruverði lækkar öll framfærsla ómaga. Styrk þennan má heldur ekki skoða sem fult meðlag, heldur sem ljetti við framfærsluna. Að vísu yrði heldur ekki fult meðlag sennilega goldið, þótt frv. háttv. Ed. yrði samþ. eins og það nú er, en langt gæti það farið, ef vöruverð nálgaðist það, sem það var fyrir stríðið.

Allsherjarnefnd virðist því mega una við það, sem hæstv. stjórn hefir lagt til í þessu efni, og sýnist það sanngjarnt. Þá skal jeg víkja að þeim breytingum sjerstaklega, sem allshn. leggur til að gerðar verði, auk þessara, sem jeg hefi þegar talið. Er

þess þá fyrst að geta, að nefndin hugsaði sjer í upphafi, að breytingarnar á þskj. 226 næðu til allra embættismanna, hvort sem þeir væru nú í embættum eða yrðu síðar skipaðir. Við þetta kannast jeg. En við nánari athugun og brjef starfsmannaráðs ríkisins sá nefndin, að þetta var ekki rjett, því að þá væri brotinn rjettur á þeim embættismönnum, sem nú eru í embættum. Leggjum við því til, að hækkunin úr 7% í 8% í 3. gr. komi fyrst til framkvæmda fyrir þá embættismenn, sem skipaðir eru eftir 1. janúar 1922, en ekki gagnvart þeim, sem nú eru í embætti. Í samræmi við þessa breytingu er sú breyting á 5. gr., að ekkjur fái $^3/_{10}$ lágmarkslauna manna þeirra úr sjóðnum, í stað $^1/_5$, og ætlumst við auðvitað til, að þetta komi heldur ekki í framkvæmd fyr en um næstu áramót. Þessi breyting styðst við það „princip“ okkar, að þessi $^1/_{10}$ lágmarkslauna embættismanna, sem ekkjur eiga að fá úr ríkissjóði nú, falli niður. En hinsvegar viljum við ekki láta ekkjurnar missa neins í, og því leggjum við til, að gjald embættismanna í sjóðinn hækki um 1%. Haggast hlutfallið ekki neitt við þetta. Nefndin byggir þessa till. sína á því, að eftirlaun voru í raun og veru afnumin með lögunum um lífeyrissjóð embættismanna á þinginu 1919, nema þeirra, sem áttu þau eftir eldri lögum. Telur nefndin því þennan $^1/_{10}$ eiga líka að falla niður, samkvæmt kröfu þjóðarinnar um afnám eftirlauna undanfarið.

Hinsvegar virðast launakjör embættismanna nú svo sómasamleg, að þeir eigi að geta staðið straum af ekkjutrygging sinni að öllu leyti. Er líka bent á það í aths. stjórnarinnar við frv., að embættismenn viðurkenni þetta fullkomlega. Sýnist því rjett að færa frv. í þetta horf nú, þareð þessum tveimur lögum, nr. 72 og 73 frá þinginu 1919, er slengt saman í eitt frv., og afnema þessar eftirlaunaleifar í framtíðinni.

Auðvitað verða þetta dálítið aukin útgjöld fyrir embættismenn, ef þessi breyting verður samþ., en nefndin telur víst, að þeir telji það ekki eftir sjer að sjá ekkjum sínum að öllu leyti fyrir ellistyrk, enda er sjálfsagt, að ekkjurnar missi einskis í, þó að þessu verði breytt.

Hækkunin er því 1/8% frá frv. stjórnarinnar, sem embættismenn, er skipaðir verða eftir 1. janúar 1922, eiga að greiða. Á því t. d. embættismaður með 4000 kr. launum eftir stjórnarfrv. að greiða 280 kr., en eftir breytingu nefndarinnar 320 kr., eða 40 kr. meira árlega. Eftir stjórnarfrv. er sömuleiðis lífeyrir ekkju af 4000 kr. lágmarkslaunum $^1/_5$ launanna, eða 800 kr., og $^1/_{10}$ af 4000 kr., sem greiða skyldi úr landssjóði, eða 400 kr. Verður þetta til samans 1200 kr. En samkvæmt breytingu nefndarinnar verður þetta $^3/_{10}$ af 4000 kr., sem líka gerir 1200 kr., svo að hlutfallið raskast ekkert. Launabyrði landssjóðs er nú orðin mjög mikil og vex með hverju þingi, sökum ýmsra nýrra embætta, sem sett eru á stofn, og því má eigi íþyngja honum meira en hægt er hjá að komast, jafnt í þessu efni sem öðrum. Í þessu sambandi má einnig taka það fram, að nú er landssjóður búinn að taka að sjer launagreiðslur til barnakennara, og hjer er líka á ferðinni frumvarp um lífeyri þeirra og ekkna þeirra. Virðist hæpið, að fullkomins rjettlætis gæti, ef embættismannaekkjur eiga að fá líffje úr landssjóði, en ekkjur barnakennara ekki, þar sem lögin eiga þó að öðru leyti að vera mjög lík. Raunar kosta embættismenn mikið meira til náms síns en barnakennarar, en þeir fá líka ókunnindi, þar sem börn þeirra fá árlegan styrk úr ríkissjóði að þeim látnum, en börn barnakennara ekki. En ef barnakennar-

ar lentu líka á ríkissjóði með ekkjustyrk og meðlag með börnum þeirra, er hætt við, að þessi fúlga yrði öll nokkuð há. Nefndin bendir á, að þessi breyting sje í samræmi við ellistyrktarsjóðslögin, þar sem alþýðufólk leggur vist gjald árlega í sjóðinn og landssjóður á móti, en ríkissjóður leggur hjer til stofngjald lífeyrissjóðs embættismanna og ekkna þeirra.

Þótt tillaga nefndarinnar nái þannig ekki eins langt eins og hún hugsaði sjer í fyrstu, þá haggast grundvöllurinn, sem skoðun hennar bygðist á, samt sem áður ekkert, aðeins koma þessar breytingar, sem stungið er upp á, seinna í framkvæmd.

Jeg get hugsað mjer, að því verði haldið fram af einhverjum hv. þm., að þingið 1919 hafi gefið embættismönnum loforð um þennan $^1/_{10}$ sem launaviðbót, þar sem þetta var sett í lögin jafnframt og laun þeirra voru ákveðin, en nefndin telur, að þetta atriði hafi eigi átt að vera undanskilið, úr því eftirlaun voru afnumin á annað borð.

Hinsvegar munu ýmsir þm. hafa verið þeirrar skoðunar, að að sumu leyti hafi verið gengið nokkuð langt í að láta undan kröfum embættismanna um launahæð, sem sýnir líka launabyrði sú, sem hvílir á ríkissjóði og hann fær varla undir risið.

Jeg skal annars játa það, að jeg er ekki eins kunnugur þessu máli eins og þeir, sem sátu þá á þingi, en jeg hefi lesið um það og kynt mjer það í þingtíðindunum eftir föngum. Það er svo ekki fleira, sem jeg þarf að taka fram að svo stöddu. Málið er heldur ekki svo flókið, að þess ætti að þurfa.

Magnús Jónsson: Brtt. á þskj. 312 er í sambandi við brtt. allsherjarnefndar, og kom jeg fram með hana vegna þeirra, enda á hún við þær.

Jeg ætla fyrst að fara ofurlítið út í frv. Þetta frv. er eftir beiðni Sambands starfsmanna ríkisins. Stjórnin flutti það og breytti því til bóta, og það var samþ. í háttv. Ed. með örlitlum breytingum, sem bættu það einnig.

Fyrir starfsmönnum ríkisins hefir ekki vakað nein efnisbreyting, heldur aðeins breytt aðferð við að tryggja ekkjum lífeyri, og er alls ekki nein breyting í raun og veru, en annað skipulag. Hún verður á tvennan hátt, annars vegar að tryggingarnar verða innlendar og hins vegar það, að starfsmennirnir mynda nokkurskonar samábyrgð um ekkjutryggingu.

Þetta hefir stjórninni þótt gott, og hún hefir ekki að neinu leyti viljað nota tækifærið til að seilast til neins af launum embættismannanna um leið og skipulaginu væri breytt. Sama er um Ed., ekki reyndi hún til þess. En þegar málið kom í allshn. Nd. kom annað hljóð í strokkinn, og notaði hún tækifærið til að seilast í vasa embættismannanna eftir lítilfjörlegum skildingum. Það er yfirleitt hálfleiðinlegt, hvernig sýnist blása í garð starfsmanna ríkisins hjer í þessari háttv. deild, og hve hjer hefir kent tilrauna til þess að reyta af þeim upp í skuldirnar, þótt leiðin hafi reynst allgrýtt og torfarin, eins og lögleysuleiðir jafnan eru. T. d. var hjer um daginn útbýtt tveim upplögum af frv. í þessa átt áður dugði, og nú koma þessar brtt. í tveimur útgáfum.

En jeg ætla ekki að fara lengra út í þetta mál; það er hálfleiðinlegt að eiga við það. Starfsmenn ríkisins eru alveg grandalausir um, að minsta hætta sje að biðja þingið um þessa breytingu, og búast ekki við að það verði notað gegn þeim. En háttv. allshn. notar það til að narta í krásina, og er það ekki háttv. deild til sóma. Jeg get ekki fallist á það, sem háttv. frsm. (B. H.) lýsti yfir að væri skoðun nefndarinnar, að hún vildi ekki, að það, sem væri dregið úr, kæmi fram á ekkjunum. En ef það kemur fram á em-

bættismönnunum, þá kemur það einnig fram á ekkjum þeirra. Það dettur víst ekki neinum í hug, að þær geti lifað af lífeyrinum, ef þær hafa engin önnur efni. Og ef brtt. nefndarinnar nær fram að ganga, þá hafa embættismenn við minna að búa, og þá verður minna að spara.

Það er tvent, sem nefndin hefir haft fyrir augum. Annarsvegar þetta „princip“ að afnema öll eftirlaun, og hinsvegar, að launakjör embættismanna hafi verið bætt, og þá eðlilega trygðu sjer lífeyri að öllu. Jeg veit ekki hve mikil „princip“-festa þessari nefnd er veitt, en lengra hefði hún getað komist, ef hún hefði viljað fylgja því út í æsar. Þá má ríkissjóður ekki styrkja stofnsjóðinn og ekki leggja ekkjum og börnum starfsmanna ríkisins, eða neitt slíkt. En það er í raun rjettri hlægilegt að elta „princip“ í slíkum smámunum.

Þá eru launakjör embættismanna og starfsmanna ríkisins. Það er svo oft búið að segja, að þau hafi verið bætt og þau sjeu núna svo há. En það er alkunnugt, að hin föstu laun með dýrtíðaruppbót núna eru lakari en launin voru fyrir stríðið. Það, sem þau voru hækkuð, miðaði ekki til að bæta launin, heldur fremur til að hamla upp á móti verðfalli peninga, og það er viðurkent, að einkum áður en vara lækkaði, þá voru launin langt fyrir neðan það hlutfall, sem hefði átt að vera við launin áður.

Þetta má líka sjá, því að nefnd var skipuð til að rannsaka launakjör embættismanna, og starfaði hún 1914—15 og gerði tillögur um launin. En 1919 voru launakjörin stórum breytt og bætt með launalögum. Þó orkar tvímælis, hversu mikil sú bót er, því að með henni var embættismönnum lögð á herðar sú skylda, að annast lífeyri sinn og ekkna sinna, svo að ekki er hægt að segja, að þessi trygging sje fengin fyrir ekki neitt. Það er því ómögulegt að segja annað en að rjettlátt væri, að ríkissjóður tæki ofurlítinn þátt í ekknatryggingunni. Það er ekki annað en viðurkenning frá ríkinu um, að ekki sje rjettlátt með launum embættismanna að skylda þá til að taka ekkjutrygginguna alla.

Jeg legg ekki mikið upp úr tillögum nefndarinnar, en finst þær lýsa nokkurskonar smásálarskap, að vera að seilast í vasa þessara manna eftir örfáum krónum; þess vegna kom jeg með mína brtt. Jeg hefði helst viljað fella niður öll skilyrði í 10. gr. Eftir henni á ekkja ekki að fá að njóta lífeyris, sem hún í raun og veru á, þar sem maður hennar hefir safnað til hans. Jeg mun samt ekki fara fram á, að því sje breytt öllu. T. d. ef ekkjan er svo stæð, að hún hirðir ekki lífeyrinn árum saman, eða ef hún gerir sig seka í því, sem er svívirðilegt athæfi að almennings áliti, þá tel jeg það töluvert meiri ástæðu til að láta hana missa lífeyris, heldur en af hinum ástæðunum, sem nefndar eru.

Jeg sje ekki ástæðu til að svifta ekkju lífeyrinum, þótt hún giftist aftur. Og það, að svifta ekkju styrk, þó að hún tæki sjer bústað utanríkis, án konungsleyfis, álít jeg ekki sanngjarnt.

Einkum verð jeg að leggja áherslu á brtt. mínar, ef brtt. nefndarinnar verða samþyktar, því að þá er einvörðungu um það fje að ræða, sem safnað hefir verið af fjelagsbúi hjónanna, og því hart, að svifta ekkjuna beinni eign sinni.

En jafnvel þótt brtt. nefndarinnar yrðu feldar, svo að um örlítinn ríkissjóðsstyrk væri að ræða í og með, sje jeg ekki annað en að brtt. mínar væru sanngjarnar.

Jeg skal játa það, að ef brtt. mínar verða samþyktar, þarf að samræma ofurlítið við þær síðar, en jeg hefi ekki hirt um að

gera það vegna þess, að mjer skilst, að það verði hvort sem er að gerast, ef brtt. nefndarinnar verða samþyktar, og stendur þá til bóta við 3. umr. Nefndin hefir sem sje afnumið „líffjeð“ úr ríkissjóði, en þá ætti einnig að nema það burtu úr frv. síðar, og miða jafnan við lífeyrinn einan.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) tók það fram, að stjórnin hefir ekki með þessu frv. haft annað fyrir augum en steypa saman tvennum lögum frá 1919, án þess að breyta neitt afstöðu embættismanna til ríkissjóðs. Þetta skilst mjer að allir vilji, en sumir vilja nota tækifærið til að nema burtu síðustu drefjar eftirlaunanna, sem sje líffje ekkna og barna. Þetta get jeg játað, að sje í raun og veru rjettmætt, en vildi helst, að því væri ekki blandað hjer inn í, því að þessar brtt., sem hjer liggja fyrir, ganga áreiðanlega ekki í gegn í háttv. Ed. Jeg vildi helst losna við allar breytingar á stjórnarfrv., en sje ekki ástæðu til langra umræðna, þar sem allir vilja, að frv. gangi fram með þeim ákvæðum, sem mjer er áhugamál að í því sjeu.

Frsm. (Björn Hallsson): Sem vænta mátti þurfti háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) að tala um brtt. sínar á þskj. 312 o. fl.

Nefndin sjer ekki ástæðu til að samþykkja þær, ef tillögur hennar um málið ná samþykki deildarinnar.

Háttv. þm. (M. J.) sagði, að starfsmenn og embættismenn ríkisins hefðu ekki viljað breyta þessum lögum um leið og þau eru færð saman í heild. Þó að svo sje, þá veit hv. þm. (M. J.) það, að frv. þessu var vísað til allshn. þegar það kom frá hv. Ed. Af því leiddi það aftur, að nefndin varð að taka afstöðu til þess í áliti sínu, eftir því sem henni kom saman um að væri rjettast. Þótt álit og till. hennar sje ekki alveg í samræmi við álit starfsmanna ríkisins, getur nefndin ekki gert að.

Nefndin telur óþarft, að embættismenn haldi þessum eftirlaunarjetti, þar sem laun þeirra eru nú að miklum mun bætt og þeim ætti engin vorkunn að vera að annast ekkjutrygging sína að öllu leyti. En auðvitað veit jeg það, að embættismenn telja laun sín seint nógu há, en ríkissjóður er farinn að verða var við, hvað kostar að fóðra þennan stóra hóp.

Háttv. þm. (M. J.) sagði, að það kæmi fram í nál. og till. allshn., að hún væri að seilast í vasa embættismanna eftir greiðslu. Jeg get ekki fallist á það, þótt nefndin álíti, að þeir sjeu svo efnalega sjálfstæðir, að þeir geti sjeð sjer og sínum farborða, að það sje að seilast í vasa þeirra. Það er ætlast til, að sjálfbjarga menn sjái fyrir sjer sjálfir, og því þurfi ekki að styrkja þá af opinberu fje. Embættismönnum er ekki vorkunn að spara við sig til elliáranna, sjer og ekkjum þeirra til styrktar.

Háttv. þm. (M. J.) sagði, að ekki ætti að duga minna en að hafa brtt. í tveim útgáfum. Jeg tel það engan vansa að taka það aftur, sem miður er, og koma með annað betra í staðinn, eftir að hafa hugsað málið. Hann var líka að tala um það, að við værum að narta í embættismennina, en jeg er búinn að segja það áður, það er ekkert verið að narta í þá, heldur að eins ætlast til, að þeir standi á sínum eigin fótum, og búið.

Hann hjelt því fram, að nefndin áliti, að það kæmi ekki niður á ekkjunum og börnunum. En hlutfallið er það sama. Mjer er reyndar ekki kunnugt um, hvað vel þeir halda á peningum sínum; jeg get ekkert sagt um það, en mjer finst upphæðin ekki svo stór, að þeir muni ekki vera lengi að eyða henni í einn eða annan óþarfa, sem þeir gætu neitað sjer

um sem því svaraði, sem þeir þurfa að greiða meira í lífeyrissjóð. Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, að jeg, eða nefndin, færi út í öfgar. Við vildum fella alla styrki. Háttv. þm. (M. J.) fer sjálfur út í öfgar, því að hann getur með engri sanngirni sagt, að nefndin vilji fella niður alla styrki, til ekkna, barna og yfirleitt hverju nafni sem nefnist. Þessu er alls ekki svarandi. Nefndin tekur það skýrt fram, að hún telur það ekki ósanngirni, þó að þeir sjái fyrir ekkjum sínum, og þurfi ekki styrk til þess. En börn þeirra hafa uppeldisstyrk, og hefir nefndin ekkert hreyft við honum. Við alþýðumenn verðum að sjá fyrir ekkjum okkar og börnum sjálfir, eða þá að þau verða að fara á sveitina, ef við getum það ekki. Ekki heyrist á embættismönnunum, að þeir vorkenni okkur það hlutskifti.

Að launin sjeu lægri núna en fyrir stríðið, er því til að svara, að 1919 voru launalögin samin, og fá embættismenn laun eftir þeim og dýrtíðaruppbót. Launin eru því sniðin eftir hámarki dýrtíðar, eða því sem næst, og dýrtíðaruppbót fá þeir hlutfallslega eftir verðhækkun í landinu. Verður því alls ekki sjeð, að launakjör þeirra sjeu verri nú en fyrir stríðið, nema síður sje.

Jeg þarf ekki að svara háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) viðvíkjandi ósamræminu, sem hann sagði, að yrði á frv. Hæstv. fjrh. (M. G.) tók þar af mjer ómakið.

Svo eru það aðeins fáein orð, út af því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði. Jeg er honum þakklátur fyrir liðlegar undirtektir, þótt hann segðist helst hefði viljað láta frv. sitja við það eins og háttv. Ed. skildi við það. En þess vegna er málið komið fyrir Nd., að það á að ræða það þar, og hefir þessi deild að sjálfsögðu rjett til þess að gera þær breytingar, sem henni virðast rjettar. Það er því ekki tiltökumál, þótt hvor deildin um sig taki ekki alt gott og gilt, sem kemur frá hinni deildinni. Afleiðingin getur auðvitað orðið sú, að málin fari í sameinað þing. Um það er ekkert að segja; það er ekki nema eðlilegt, því að báðar deildirnar eru jafnrjetthár í þessu efni. Það er því ekki hægt að ætlast til þess, að þessi háttv. deild beygi sig endilega fyrir skoðunum háttv. Ed., ef það stríðir á móti sannfæringu deildarmanna.

Fleira hefi jeg ekki skrifað hjá mjer, sem svara þurfi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 226,1.—6. teknar aftur.
— 332,1. samþ. með 13 : 3 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 332,2. samþ. með 13 : 1 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 332,3.a. samþ. með 13 : 2 atkv.
— 332,3.b. samþ. með 13 : 6 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 312.a. feld með 12 : 5 atkv.
— 312.b. tekin aftur.

10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 332,4. samþ. með 13 : 7 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

12.—16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 357).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 357).

Á 62. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 357, 450).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Háttv. meðnefndarmenn mínir hafa komið með brtt. um að færa þetta frv. í líkt horf og það var í, er það fór hjeðan úr deildinni, því að það hefir tekið breytingum í hv. Nd. — Hin fyrsta er sú, að embættismönnum, sem skipaðir verða í embætti eftir 1. janúar 1922, er gert að skyldu að greiða í lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra 8% af launum sínum. Hinar eru um, að lífeyrir hlutaðeigandi embættismannaekkna sje hækkaður að sama skapi, en rjettur þeirra til líffjár úr ríkissjóði falli niður. Flutningsmenn líta svo á, að þetta sje skerðing á þeim launarjetti, sem embættismenn hafa þegar fengið, og vilja því kippa þessu til baka. Jeg hneigist heldur að því, að greiða atkv. með frv. eins og það kom frá háttv. Nd., og er það af ýmsum ástæðum. Og skal jeg þar fyrst til nefna, að allsherjarnefnd Nd. hefir tekið vel á móti þeim málum, sem komið hafa frá allsherjarnefnd þessarar deildar, og fyrir því tel jeg rjett að taka vel við því, sem hún leggur til málanna. Þetta er auðvitað ekki fullgild ástæða.

Í öðru lagi tel jeg þetta í samræmi við þá stefnu í launalögunum, að eftirlaun falli niður.

Í þriðja lagi lít jeg svo á, að enginn rjettur sje tekinn af þeim embættismönnum, sem skipaðir eru eftir 1922, með breytingum Nd., heldur má segja, að þeim sje skapaður nýr eða annar rjettur. En vitanlega er það lækkun á launum frá því, sem nú er ákveðið.

Í fjórða lagi vil jeg nefna, að sams konar ákvæði og um líffje embættismanna og ekkna þeirra var tekið út úr frv. um laun barnakennara og ekkna þeirra, og kemur fram í þessu misrjetti, sem mjer er ógeðfelt.

Af öllum þessum ástæðum vildi jeg helst, að frv. yrði samþykt eins og það liggur nú fyrir.

En eitt atriði er, sem jeg hefi ekki minst á ennþá, og það er það, að Nd. hefir lækkað tillög til barna embættismanna. Er jeg alls ekki ánægður með það, og hefði gjarnan viljað láta hækka það. En þó tók jeg þann kost að mæla með, að frv. yrði samþykt eins og það nú liggur fyrir, af því jafnframt, að jeg lít svo á, að mjög bráðlega þurfi að endurskoða launalögin, og þetta þá jafnframt.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg er samþykkur því, að nauðsynlegt sje, að góð samvinna sje á milli allsherjarnefnda beggja deilda. En jeg skoða það eigi neina áreitni í garð allsherjarnefndar Nd., þótt brtt. nái fram að ganga, því að þær eru

gerðar eftir óskum embættismannafjelagsins og eru nauðsynlegar vegna þess, að háttv. Nd. hafði breytt frv. frá því, sem stjórnin lagði það fyrir þingið og þessi deild hafði samþykt.

Háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) verður að viðurkenna það, að hjer er á leiðinni grímuklædd breyting á launalögunum frá 1919, því að þar er gert ráð fyrir, að ekkjur embættismanna njóti forrjettinda, sem nú á að kippa burtu, án þess að nokkuð sje sett í staðinn. Og laun þeirra embættismanna, sem skipaðir eru eftir 1922, eru lækkuð um 1%. Jeg get ekki getið mjer þess til, að þingið ætli að nota tækifærið til þess að lækka laun embættismanna, án þess að spyrja þá nokkuð um.

Jeg leyfi mjer því, fyrir hönd mína og háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), að ráða háttv. deild til að samþykkja brtt. á þskj. 450, og fella þar með þessi ákvæði burt úr frv. aftur. Ef það verður ekki gert, mun jeg greiða atkv. á móti frv.

ATKVGR.

Brtt. 450,1. samþ. með 8 : 1 atkv.
— 450,2. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 450,3. samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 490).

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 490, n. 539).

Frsm. (Björn Hallsson): Það er vonandi, að það verði ekki eins stór hvellur út af þessu máli eins og því, er við vorum nú að skilja við, því að þá gengju þingstörfin ekki vel. Það vill nú svo vel til, að jeg þykist ekki þurfa að hafa langa framsöguræðu. Málið er þaulrætt orðið hjer í deildinni, og viðvíkjandi þessum fáu brtt. ætla jeg að nægi að vísa til nál. á þskj. 539.

Skoðun nefndarinnar er sú hin sama og áður, og leggur hún því til, að frv. sje fært í sama búning og það hafði, er það fór hjeðan úr deildinni eftir 3. umr. Hv. Ed. feldi niður þá breytingu, sem hjer var gerð, að hækka hundraðsgjald, sem embættismenn gjaldi í lífeyrissjóð, sem skipaðir eru eftir 1. jan. 1922, um 1%, og að ekkjur fái $^3/_{10}$ í stað $^1/_5$ úr sjóðnum. Enn fremur er sú breyting gerð, að sá $^1/_{10}$ úr landssjóði, er ekkjur eiga að fá, falli niður fyrir þá embættismenn, sem skipaðir eru frá sama tíma (1. jan. 1922). Þennan $^1/_{10}$ setti háttv. Ed. inn aftur. Þessar breytingar, sem háttv. Ed. gerði á frv. vill nú nefndin aftur lagfæra, svo að frv. verði eins og þegar það fór hjeðan.

Þessar breytingar voru miðaðar við árið 1922, en áttu ekki að gilda fyrir þá embættismenn, sem áður eru skipaðir.

Þetta mál er háttv. deild svo kunnugt, að jeg sje enga ástæðu til þess að fjölyrða frekar um það.

Fjármálaráðherra (M. G.): Verði þessar brtt. samþyktar, hlýtur frv. að fara í sameinað þing, en mjer sýnast þær ekki svo mikilvægar, að ástæða sje til að etja slíku kappi. Verði þær aftur á móti feldar, þá er frv. orðið eins og það var, þegar það kom frá stjórninni. Enda eðlilegast, þar sem lög þessi eru svo ung — aðeins frá 1919 — að við þeim sje sem minst hreyft. Lögin eru fram komin eftir beiðni embættismanna, og því ekki rjett að breyta þeim nú í óhag þeim, sem við þau eiga að búa.

Jeg skal játa, að 1919 var skilinn eftir svolítill angi af eftirlaunalögunum, en þó að svo væri, sje jeg naumast ástæðu til að gera sjerstaka skipun fyrir þá, sem embætti fá eftir 1. jan. 1922.

Frsm. (Björn Hallsson): Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að málið færi í Sþ., ef þessar brtt. yrðu samþyktar. Jeg sje ekkert á móti því, þó að hvor deildin fyrir sig haldi sinni skoðun fram, og því ástæðulaust fyrir þessa deild að fara að slá undan. Hitt er annað mál, hvað einstakir þm. kunna að gera; þar getur hver haft sína skoðun.

Nefndin hefir skýrt frá því, að þetta væri frambúðarskipulag og skerti ekkert hag þeirra embættismanna, sem nú væru í embættum. Og það vakir eingöngu fyrir nefndinni, að skipulagið komist á fyrir framtíðina. Þetta er vitanlega ekkert stórt spursmál nú í svipinn, en framtíðin getur orðið löng, og þá getur það haft þýðingu. En jeg verð að leiðrjetta þann misskilning, að hjer sje brotinn rjettur á embættismönnunum; nefndin hefir ekki getað fundið það, og því vil jeg fyrir hönd nefndarinnar endurtaka þá ósk, að háttv. deild samþ. þessa brtt., sem er á þskj. 539, svo að frv. verði eins og það var, þegar það fór hjeðan síðast.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg sagði ekki, að hjer væri brotinn rjettur á embættismönnum. En þar sem háttv. Ed. heldur fram sömu skoðun og stjórnin, þá ætti háttv. frsm. (B. H.) ekki að koma á óvart, þótt jeg vilji láta samþ. frv. eins og það kom frá henni.

ATKVGR.

Brtt. 539,1. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. S., M. K., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E.

nei: Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., B. Sv.

Einn þm. (B. J.) fjarstaddur.

Brtt. 539,2. tekin aftur.

— 539,3. tekin aftur.

Frv. samþ. með 15 : 6 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 576).

24. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (A. 25).

Á 5. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Til þess að spara sjer prentun og pappír, hefir frv. það í þessu máli, sem lagt var fyrir aukaþing 1920 og ekki varð um sinst þá, verið lagt fyrir nú óbreytt og án þess að prenta það upp, og skírskotast því til aths., sem því frv. fylgdu. Af því að aukaþingið var svo stutt, var ekkert við máli þessu rótað.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg legg það til, að máli þessu verði vísað til lyfjasölunefndar.

Halldór Steinsson: Jeg geri það að tillögu minni, að málinu verði vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. Tillaga um að vísa málinu til mentamálanefndar feld með 8 : 6 atkv. Frv. vísað til lyfjasölunefndar með 10 : 1 atkv.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 237).

Frsm. (Karl Einarsson): Ástæðurnar fyrir þessu frumvarpi eru svo greinilegar, að engin þörf gerist að fara nú mörgum orðum um þær. Auk þess er frv. mjög vel undirbúið og hefir legið um hríð frammi, svo þm. hafa átt kost á að kynna sjer það. Jeg ætla þá aðeins að minnast lítið eitt á þær brtt. nefndarinnar, sem skifta mestu máli.

Með fyrstu brtt. við 3. gr. er sú breyting ger, að helmingur þess kostnaðar, sem þar ræðir um, skuli greiðast úr ríkissjóði. Eins og tekið hefir verið fram, er mikil nauðsyn, að þetta starf sje leyst vel af hendi, og landsstjórnin á að ráða því, hvenær þessar mælingar fara fram. Það virðist því í fylsta máta sanngjarnt, að ríkissjóður leggi fram nokkuð af þessum kostnaði.

Hvað snertir breytinguna á 4. gr. frv., þá sá nefndin sjer ekki fært að setja föst tímatakmörk um það, hvenær mælingum skuli vera lokið, en taldi rjettast að leggja það í vald stjórnarinnar. Geri jeg ráð fyrir, að stjórnin geti lítið rjettum augum á svo einfalt mál sem þetta.

Þriðja aðalbreytingin er 9. brtt., við 15. gr. frv. Þar er stungið upp á því, að í stað 5 manna nefndar komi 3 manna nefnd. Jeg tel það í alla staði rjett og hagkvæmt, að menn, sem hafa sjerþekkingu í þessum málum, skipi þessa nefnd. Það sem kynni að vanta í nefndina, eins og hún er skipuð, er lögfræðileg kunnátta. En þetta ætti ekki að gera mikið til, þar sem málið á að ganga gegnum stjórnarráðsskrifstofu, en þar er svo mikið af lögfræðingum, að hin lagalega hlið ætti að verða fulltryggilega athuguð.

Um 12. og 13. brtt. nefndarinnar er hugsanlegt, að ágreiningur geti orðið. 12. brtt. er við 25 gr. frv. Hún er í því fólgin, að í staðinn fyrir „hús“ verði sett: geymsluhús, peningshús, hjalla og önnur hús. Nefndinni fanst óþarflega langt gengið, ef hægt væri að taka íbúðarhús eignarnámi. Við höfum orðið varir við talsverða óánægju út af þessari brtt. af hálfu þeirra, sem undirbúið hafa frv. En nefndinni fanst engin ástæða til að leyfa slíkt, því að flestir kaupstaðir eru þannig bygðir, að engin þörf getur verið á að taka þar hús eignarnámi. Svo er um Akureyri, Ísafjörð, Seyðisfjörð og Hafnarfjörð. Nokkru öðru máli gegnir um Vestmannaeyjar og Reykjavík; þar getur ef til vill orðið þörf á því.

26. gr. frv. vill nefndin að verði feld niður. Hún kann ekki við, að þessi grein standi. Því að ef einhver líður verulegan skaða við framkvæmd skipulagsins, þá verður að endurgjalda honum það, samkvæmt 27. gr. En þó einhver geti ekki bygt eins og hann hefir hugsað sjer, þá liggur vitanlega í hlutarins eðli, að hann getur ekki krafist skaðabóta, og þarf alls ekki að taka það fram í lögunum. Nefndin lítur því svo á, að greinin sje allsendis óþörf, eða öllu heldur til ills.

Í brtt. nefndarinnar, við 11. gr., leggur hún til, að ríkissjóður borgi ⅔ hluta kostnaðar við skipulagsuppdrætti, í stað þess, að eftir frv. á hann aðeins að borga helming. Mikil ástæða væri til þess, að ríkissjóður borgaði allan kostnaðinn. En nefndin vildi ekki ganga lengra en hún gerir, til þess að menn litu með meiri sanngirni á fyrstu brtt.

Svo held jeg, að jeg þurfi ekki að taka

fleira fram. Óska aðeins, að deildin samþ. frv. með breytingum nefndarinnar.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg er samdóma nefndinni um flestar brtt. þær, sem hún hefir gert. Jeg vil ekki fjölyrða um þær af þeim, sem jeg tel til bóta. En tvær brtt. er jeg dálítið smeykur við, og þætti ástæða til, að betur væri íhugaðar. Teldi jeg því æskilegt, að þær væru teknar aftur til 3. umr. Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún sæi sjer ekki fært að taka aftur þessar brtt.; það eru brtt. við 25. og 26. gr.

Sú breyting er gerð á 25. gr. af hálfu nefndarinnar, að íbúðarhús megi ekki taka eignarnámi. Mjer finst hjer of skamt farið. Þess verður að gæta, að hjer er eigi aðeins verið að ákveða skipulag á bæjum, eins og mjer virðist háttv. frsm. (K. E.) helst gera ráð fyrir, heldur einnig á sjávarþorpum.

Nefndin vill ekki láta leyfa að taka íbúðarhús eignarnámi, en aftur geymsluhús, peningshús, hjalla og önnur úthýsi, En við, sem þekkjum til í sjávarþorpunum, vitum, að sum húsin þar mætti fremur kalla hjalla en íbúðarhús, þótt í þeim sje búið, og hví skyldi ekki mega taka slík hús eignarnámi? — Væri það bannað, gæti það orðið til þess, að erfitt væri að fá þeim rutt úr vegi, þótt skipulagið krefðist þess, eða gerði það svo dýrt, að ókleift mætti kallast. — Aftur er ekkert hættulegt að halda orðalagi frv., því að menn fara ekki að ryðja burtu húsum, nema þess sje afarmikil þörf.

Jeg óska því, að brtt. nefndarinnar við 25. gr. verði tekin aftur. En verði það ekki gert, mun jeg greiða atkvæði gegn henni.

26. gr. frv. vill nefndin fella niður. En aðgætandi er, að bæði 27. og 28. gr. þrengja mjög, að hægt sje að taka nokkuð án fulls endurgjalds. Jeg er ekki viss um, að 26. gr. sje svo ljós, að ekki mætti orða hana betur, en mikið vafamál er, hvort það er rjett að fella hana alveg niður.

Frsm. (Karl Einarsson): Það eru aðeins fáein orð. Jeg vil fyrst þakka háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) fyrir orð hans í garð nefndarinnar. — En að því er snertir brtt. nefndarinnar við 25. og 26. gr. frv., þá hefir nefndin athugað þær svo, að ekki getur komið til mála að hún taki þær aftur.

26. gr. frv. tel jeg algerlega óþarfa. Hún er aðeins til óþæginda. Þótt jeg t. d. hafi athugað ranglega, hvernig bærinn yrði bygður og keypt lóð, sem yrði verðminni sökum þess, hvernig göturnar væru ákveðnar í skipulaginu, þá kemur ekki til mála að jeg fengi skaðabætur, þótt jeg segði, að jeg hefði haldið að þær mundu lagðar öðruvísi.

Hitt, að heimila að taka íbúðarhús eignarnámi, kann jeg ekki við. Og háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) hefir ekki fært nægileg rök fyrir því, að þess sje þörf. — Flest hús hjer á landi eru þannig bygð, að þau hrörna fljótt. Sökum þess tel jeg rjett að láta hús standa, þótt lega þeirra riði í bága við hið ákveðna skipulag, enda þótt skipulagið komist auðvitað ekki eins fljótt á, sje þeirri reglu fylgt.

Nefndin getur því ekki tekið aftur 12. brtt., og álítur þar farið nógu langt í bili. Ef reynslan skyldi sýna, að þörf væri á ákvæði, sem heimilaði að taka íbúðarhús eignarnámi, þá má altaf breyta svo að segja strax, þar sem þing kemur nú saman árlega.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hefi ekki margt að athuga við brtt. nefndarinnar; þær eru sjálfsagt flestar góðar. Á 7. brtt. nefndarinnar, við 11. gr. frv., get jeg þó ekki fallist. Samkvæmt frv. á ríkissjóður að borga helming kostnaðar við skipulags-

uppdrætti, en nefndin vill láta ríkissjóð borga ⅔ hluta þess kostnaðar. Jeg álít, að það sje síður en svo, að þessi brtt. sje til bóta. Það hefir verið algild regla, að styrkur ríkissjóðs til fyrirtækja hreppa, bæja eða sýslufjelaga skuli aldrei fara fram úr helmingi kostnaðar, og oft minna. Til dæmis borgar ríkissjóður aðeins ⅓ hluta kostnaðar við bryggjur í kauptúnum og fleiri nauðsynjastörf. Jeg get því alls ekki verið með því, að ríkissjóði sje heldur í þessu falli ætlað að borga meira en helminginn.

Fremur get jeg felt mig við brtt. nefndarinnar við 3. gr. frv., því að það er varla rjett að láta bæjar- eða hreppsjóði borga allan kostnað við mælingar og uppdrætti. Það er sanngjarnt, að ríkissjóður ljetti eitthvað undir með þeim. Nefndin fer þó, ef til vill, fulllangt, þar sem hún vill láta ríkissjóð borga helming kostnaðar, en þó vil jeg ekki gera það að kappsmáli.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg get ekki fallist á þá röksemdaleiðslu háttv. frsm. (K. E.), að það megi bíða með að setja inn í lögin ákvæði um, að taka megi íbúðarhús eignarnámi, sökum þess að altaf sje hægt að breyta þessu síðar. Yfir höfuð er það mín skoðun, að við eigum að gera lögin svo úr garði, að hægt sje að nota þa', en ekki að gera ráð fyrir, að svo að segja straks þurfi að endurbæta þau.

Jeg vil herða á því, sem jeg sagði áðan, að þegar leyft er að taka geymsluhús eignarnámi, þá er ekkert samræmi í því að banna algerlega að taka íbúðarhús, því að útihús geta oft verið verðmeiri. Lítið, gamalt íbúðarhús getur t. d. verið mikið verðminna en nýtt, stórt geymsluhús.

Fyrir nefndinni vakir kostnaðurinn við að taka húsin eignarnámi. En hann er ekkert nema grýla, því að sjálfsögðu yrðu ekki tekin eignarnámi nema lítil hús, nema þörfin væri því brýnni. Engin hætta er þess vegna á ferðum, þótt orðalag frv. haldist.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.

Brtt. 237,1. (breytt 3. gr.) samþ. með 10 : 2 atkv.

— 237,2.a. samþ. með 13 shlj. atkv.

— 237,2.b. samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 237,3. samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 237,4. samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 237,5. samþ. með 13 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 237,6. samþ. með 13 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 237,7 feld með 8 : 5 atkv.

11. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

12 gr. (verður 11. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 237,8. samþ. með 14 atkv.

13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 14 atkv.
14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 237,9.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 237,9.b. samþ. með 13 shlj. atkv.

15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 237,10.a—b. samþ. án atkvgr.

16 gr. (verður 15. gr.) samþ. með 14 atkv.
17.—18. gr. (verða 16.—17. gr.) samþ. með 14 atkv.
19.—22. gr. (verða 18.—21. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 237,11. samþ. með 10 shlj. atkv.

23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
24. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 237,12 feld með 9 : 5 atkv.

25. gr. (verður 24 gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 237,13. samþ. með 8 : 6 atkv.

27.—30 gr. (verða 25.—28. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 237,14. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kap. þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 12 apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 271).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 271).

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 14 apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg ætla enga framsögu að hafa með þessu frv., enda hygg jeg flestum hv. þm. muni vera það kunnugt. Jeg legg til, að málið fari í allsherjarnefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 14 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 271, n. 449).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Í lögum 1905 er löggiltum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, heimilað að setja byggingarsamþyktir og kveða þar á um mælingu kauptúnsins og fyrirkomulag á húsaskipun og gatnagerð. Síðan lög þessi voru sett, hefir óneitanlega orðið mikil breyting til bóta á skipulagi kauptúna, þótt enn sje mikið ábótavant í þessu efni. Hins vegar ber því ekki að neita, að sumsstaðar hefir þessu ekki verið framfylgt sem skyldi, og því hvergi nærri nógur gaumur gefinn að koma á góðu skipulagi um þessa hluti.

Þetta mun hafa ýtt undir það, að frv. þetta, um frekari íhlutun og eftirlit með

hyggilegri framkvæmd þessara mála, er framkomið.

Ef jeg man rjett, þá flutti háttv. þm. Str. (M. P.) frv. þetta á þinginu 1917, og hafði prófessor Guðmundur Hannesson, sem hefir áhuga mikinn á þessum málum, samið og undirbúið frv. Málið þótti þá mikið nýmæli, og var því vísað til stjórnarinnar til frekari undirbúnings og íhugunar.

Hæstv. stjórn hefir nú látið athuga frv. frekar, og hafa bæði vegamálastjóri og húsagerðarmeistari ríkisins haft það til athugunar, svo að ætla mætti, að eigi skorti á undirbúning. Frv. var lagt fyrir þingið í fyrra, en dagaði uppi, ásamt fleiru þá.

Háttv. Ed. hefir nú gert ýmsar breytingar á frv., og getur allsherjarnefndin fallist á þær yfirleitt. Í stjórnarfrv. var ætlast til þess t. d., að allur kostnaður við uppdrætti og mælingar yrði greiddur úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðum, en Ed. gerði ríkissjóði að greiða helminginn, og virðist það sanngjarnt, þar sem stjórnin á að hafa svo mikla íhlutun um þetta mál og ræður þar miklu. Um leið eru þá stjórninni í rauninni falin frekari yfirráð yfir verkinu í heild sinni. Þannig er stjórninni nú gert að skyldu að láta sjálf framkvæma mælingarnar á kostnað sveitarsjóðs, ef viðkomandi hreppsstjórn hefir vanrækt þær. Þó vil jeg geta þess í þessu sambandi, að nauðsynlegt er auðvitað, að góð samvinna haldist milli stjórnar og hreppsnefndar um framkvæmdir þessar, og beitir stjórnin því að sjálfsögðu ekki hörku í þessu efni, nema full nauðsyn sje á. Sömuleiðis mun stjórnin auðvitað reyna að draga úr kostnaðinum við þetta eftir föngum, og ljeti að sjálfsögðu þá verkfræðinga og húsameistara, sem hún hefir í þjónustu sinni, vinna verkið, eftir því sem unt er.

Þá er 14. gr. nú öðruvísi en hún var í stjórnarfrv., þar sem þar var gert ráð fyrir 5 manna nefnd til að skera úr þrætum, sem upp kunna að koma, en Ed. breytti þessu í 3. Annars get jeg vísað til frv. sjálfs og meðferðar þess í háttv. Ed., því aðrar breytingar þarf ekki að skýra hjer. Mikið af þessu eru innskot til skýringar og skilningsauka, sem ótvírætt bæta frv., eins og breytingarnar gera yfirleitt, og leyfir allsherjarnefnd sjer því, sem sagt, að leggja það til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.*)

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—29. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn, kaflaskifting og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 271, 496).

Jón Þorláksson: Jeg á brtt. við frv. þetta, og fer hún fram á það að draga nokkuð úr umfangsmiklum framkvæmdum, sem annars væri stofnað til, en er á engan hátt þannig, að jeg viðurkenni ekki loflegan tilgang frv. En af því að hjer er um að ræða bæði nokkuð seinunnið og kostnaðarsamt verk, álít jeg, að ekki beri undir eins að skipa fyrir um uppdrætti og mælingar annara staða en þeirra, sem einhverjar líkur eru til, að talsverðum vexti taki í framtíðinni, enda er það auðvitað, að þörfin er mest þar, sem þorpin eru stærst eða vöxturinn örastur. Þess vegna fer jeg fram á það, að lágmark

*) Inn í ræðu þessa vantar frá innanþingsskrifaranum (V. Þ. G.) langan kafla.

P. O.

íbúatölunnar verði hækkað úr 200 upp í 500. Það sjest líka fljótlega, þegar litið er yfir þessi smáþorp, að mörg af þeim eru í rauninni ekki annað en upp- og útskipunarstaðir fyrir stærri eða minni uppsveitir, en hafa litla eða enga sjálfstæða atvinnu eða vaxtarmöguleika. En til þess að rígbinda þetta samt ekki of mikið, hefi jeg einnig lagt til, að taka megi til mælinga smærri þorp, eftir sömu reglu og hin, ef viðkomandi hreppsnefnd óskar þess eða skipulagsnefndin telur það æskilegt, þó að íbúarnir sjeu undir 500. Með þessu ætti það því að vera trygt, fyrst og fremst, að allir stærstu staðirnir, sem mest þörf er á að mæla og laga, verði látnir ganga fyrir, og að enginn staður verði útilokaður, þótt minni sje, ef horfur eru á því, að vöxtur hlaupi í hann. Get jeg svo látið þetta nægja að sinni, og vona, að háttv. deild geti fallist á þessar brtt.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Þar sem brtt. þessum hefir ekki verið útbýtt fyr en í dag, hefir nefndin ekki getað athugað þær, og vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 271, 496).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg bað þess á laugardaginn, þegar mál þetta var til umr., að það yrði þá tekið af dagskrá, til þess að nefndinni gæfist kostur á að íhuga brtt. þær, sem þá komu fram frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Aðaltillagan gekk út á það, að ákvæði um skipulagsmælingar næði aðeins til kauptúna, sem hefðu 500 íbúa og þar yfir. Það hefir orðið samkomulag í nefndinni að leggjast ekki gegn þessari tillögu. Eins og kunnugt er, leiðir af mælingum þessum og áætlunum mikill kostnaður, og þegar svo stendur á, að þorpin eru lítil og ekki er útlit um vöxt þeirra í náinni framtíð, virðist varhugavert að leggja í þennan kostnað þeim viðvíkjandi. Þetta ætti ekki að þurfa að koma að tjóni, því að í frv. er heimild til þess að láta mælingar fara fram, ef viðkomandi hreppsnefnd óskar eða ef skipulagsnefnd þykir nauðsyn til bera. Með þessu er trygt, að skipulag kemst á samt sem áður, þar sem þess er brýnust þörf.

Magnús Jónsson: Jeg hafði kvatt mjer hljóðs á laugardaginn, til þess að andmæla till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), en jeg var farinn **að vona, að jeg losnaði** við það, **því að jeg vænti þess, að nefndin** legðist á móti þeim. Svo hefir ekki orðið.

Eins og öllum er ljóst, er farið fram á, að íbúatala þeirra kauptúna, sem lögin eiga að ná til, verði færð úr 200 upp í 500. Þetta tel jeg mjög varhugavert.

Þetta frv. er eitt af merkilegustu frv. þingsins, og mætti það vera orðið að lögum fyrir mörgum árum. Það er hörmulegt til þess að vita, hvernig tekist hefir með skipulag bæja hjer á landi, bæði hvað fegurð og hagkvæmi snertir. Dæmin mætti telja fram svo tugum skiftir, en jeg nefni aðeins eitt, af því að það verður fyrir mjer. Það er síminn. Honum hefir víðast verið hróflað upp á fegurstu götunum, öllum smekklegum mönnum til angurs og ama. Það hefir, ef til vill, þótt stáss að honum fyrst, þegar hann var nýr, en þegnýjungarvíman var runnin af mönnum, mundu þeir hafa litið hann öðrum augum. Mjer dettur í hug fegursta gata Ísafjarðar, Strandgata, sem eyðilögð er með því, að aðalsíminn er lagður eftir henni, og eins má minna á Bankastræti hjer í Reykjavík. Auk þess að telja upp syndir gegn fegurðinni, mætti telja upp margt,

sem betur mætti fara frá hagsýninnar sjónarmiði. En það er meira almenns efnis, og skal jeg ekki fara frekar út í það.

Jeg sje ekki betur en að brtt. sjeu til þess eins að kippa úr gagnsemi frv. Það er engu minna um vert að hafa smáþorp haganlega og smekklega úr garði gerð en stærri kauptún. Það má meira að segja forðast margar þær syndir gegn þessu í smáþorpunum, sem varla verður girt fyrir þar, sem fólkið er fleira. Og jeg tel mikinn skaða unninn, ef smáþorpin eru skilin undan, og það aðallega á tvennan veg: Annars vegar sje jeg ekki, hvers vegna smáþorpum, sem hafa undir 500 íbúum, má ekki vera haganlega og snekklega fyrir komið, í stað þess að klessa húsunum eins og taðhlössum út um hvippinn og hvappinn, jafnvel þótt ekki sje fyrirsjáanlegt, að þau stækki. En svo er hitt, að það er ekki á nokkurs lifandi manns valdi að sjá fyrir, hvort bæir fara alt í einu að vaxa, og er þá ótrúlegur skaði, sem hægt er að vera búið að gera með illu skipulagi, áður en bærinn fær 500 íbúa.

Það er satt, að till. fer í sparnaðarátt, en það er þessi vanalega Alþingissparnaðarátt, sem álítur ekkert verðmæti nema peninga, sem leggja þarf út rjett það árið. Jeg er sannfærður um, að till. fer í raun og veru í eyðsluáttina; við hana tapast meira verðmæti en krónur þær, sem sparaðar verða í svip, því að þegar búið er að skipa húsum óhaganlega, verður það ekki lagfært, nema með ærnum kostnaði eða óþægindum, ef til vill svo mannsöldrum skiftir.

Jeg get, því miður, ekki haft neina tröllatrú á ákvæðum 17. gr. Jeg er viss um, að sú heimild verður sáralítið notuð; menn snúa sjer ekki að framkvæmdum í þessum efnum, fyr en þeir verða skyldaðir til þess.

Það er sjerstaklega aðkallandi að ákveða þetta skipulag nú, því að menn eru farnir að byggja alment úr steini, og þau hús standa lengi og geta orðið ill viðureignar áður en lýkur, ef illa er til stofnað. Timburhjallarnir falla og fúna eða brenna, þeir verða sjaldan langlífir, en steinhúsin geta staðið óratíma eins og þrándur í götu, og er enginn vegur að losna við þau, nema að rífa þau, og þá verður sparnaðurinn lítill.

Jeg vil benda á það að lokum, að ógerningur er að sjá fyrir vöxt bæja, hann getur orðið með ýmsu móti og getur skollið á fyr en varir. Það væri því óhyggilegt að geyma framkvæmd skipulagsákvæðanna þar til einhver spáði þessum vexti; spádómurinn kæmi oftast eftir á.

Það er og athugavert, að nálega er víst, að hver bær vex þannig að gamli bærinn lendir einmitt þar, sem mest er þörf á góðu skipulagi. Vöxtur og viðgangur nálega allra,eða jafnvel allra,bæja hjer er tengdur við höfnina, hvort sem bærinn heldur vex vegna fiskveiða eða óvenjumikils flutnings út eða inn. Og þar sem nú bæir eru upphaflega reistir við höfnina, sjá allir, hve heppilegt það er að lofa þar fyrst að byggjast, án allrar reglu, þorp upp að 500 íbúum. Það getur orðið nokkuð margfaldur mælingarkostnaður áður en því verður komið í lag.

Jeg verð af þessum ástæðum að leggjast á móti till., því að jeg tel hana höggva varhugavert skarð í frv.

Jón Þorláksson: Jeg þarf litlu að svara háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), því að jeg hefi tekið flest andmælin fram áður. Jeg vil benda á það, að samkvæmt brtt. minni nær frv. til 16 bæja eftir manntalinu 1919, en ef miðað væri við 200, yrðu þeir 35, og margir þeirra eiga engan sjáanlegan vöxt í vændum. Það er að vísu rjett, að ekki er gott að sjá fyrir vöxt bæja, en meðan ekki er hægt að sjá fyrir, af hvaða atvinnu bær muni vaxa, er ekki heldur hægt að

ákveða skipulag, svo að haldi komi. Ef bær vex ört á öðru sviði en við mátti búast, getur það orðið honum frekar til ills en góðs, ef skipulagið er ákveðið. Að öðru leyti falla allar mótbárur gegn brtt. við það, að það tekur nokkur ár að mæla og ákveða um þessa 16 bæi, og því nógur tíminn til að lögleiða ákvæðin fyrir hina þar á eftir, ef þá þykir nauðsynlegt.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki teygja umr. úr þessu. Jeg vil aðeins benda háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) á það, að nauðsyn ber til að hafa ákveðið skipulag, þótt ekki sje vitað, hvernig bærinn muni vaxa. Almennar reglur koma engu síður til greina, svo sem götubreidd, að fegurð staðarins fái að njóta sín, heilbrigðisreglur, að sjeð verði um, að sem víðast njóti sólar o. s. frv. Þetta er því óháð, hvernig bærinn vex, en ekki verður hlaupið að því að koma skipulagi á það fremur en annað, ef steinhúsum verður stráð um staðinn á ruglingi og ringulreið.

ATKVGR.

Brtt. 496,1. samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., J. S., J. Þ., M. G. M. K.

nei: P. Þ., Þorl. J., Þorst. J., B. J., Jak. M., J. A. J., J. B., M. J., M. P., B. Sv.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 496,2. samþ. án atkvgr.

— 496,3. samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10 maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 544).

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 12 maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 544).

Frsm. (Karl Einarssson): Frv. þetta tók, eins og kunnugt er, nokkrum breytingum hjer í deildinni, og hefir háttv. Nd. látið þær breytingar, sem flestar voru orðabreytingar, halda sjer. En auk þess hefir Nd. gert eina efnisbreytingu á frv., sem fer í þá átt, að kauptún og sjávarþorp, sem hafa færri en 500 íbúa, þurfi eigi að mæla eða gera skipulag um.

Nefndin hefir athugað þessar breytingar og er ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i .
(Sjá A. 588).

---

25. Bifreiðaskattur.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um bifreiðaskatt (A. 28).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg hefi mjög litlu við að bæta athugasemdirnar við þetta frv., enda er það ekki margbrotið og hefir áður, reyndar í nokkuð annari mynd, verið samþykt í þessari hv. deild. Þess vegna geri jeg mjer mikla von um,

að frv. finni náð fyrir augum hv. deildar. Finn jeg, á þessu stigi málsins, enga ástæðu til að fjölyrða um það, en get þess aðeins, að á öllum Norðurlöndum greiða bifreiðaeigendur sjerstakan skatt af bifreiðum, og sá skattur er, að því er jeg best veit, alstaðar hærri en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Jeg legg til, að frv. verði, er umræða þessi er á enda, vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) samþ. með 15 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 274 (meiri hl.), n. 300 (minni hl.)).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46 fundi í Nd., mánudaginn 18. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 28, n. 274 og n. 300).

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Guðmundsson): Fjárhagsnefnd hefir falið mjer að mæla með þessu frumvarpi hæstv. stjórnar, með litlum breytingum. Jafnvel þó að þessi skattur kunni að vera illa þeginn, eins og heyrst hefir hjá háttv. minni hl. og í blaði, sem honum er nákomið, ætla jeg að sýna fram á það, að eftir atvikum sje skattur þessi alls ekki ósanngjarn.

Ástæða þess, að þetta frv. skuli yfirleitt hafa komið fram, er sú nauðsyn, sem allir vita að á því er að afla ríkissjóði tekna, og í þeim tilgangi hefir meiri hl. fallist á frv. Hins vegar hefir hann lagt til nokkrar breytingar, þannig, að skatturinn verði 12 kr. í stað 15 kr., og sömuleiðis, að endurgreiðslan til sveitar- og bæjarfjelaga falli niður, ef bílarnir eru aðeins notaðir innansveita, enda er oft eða altaf erfitt að gera upp á milli í slíkum tilfellum. Með þessari till. nefndarinnar verður skattur á meðalbíl kringum 240 kr. Til samanburðar vil jeg geta þess, að í Danmörku er til samskonar skattur, sem er um 800 kr. á bíl, samkvæmt greinargerð hæstv. stjórnar. Tekjurnar, sem ríkissjóður mundi hafa af þessu, yrðu sennilega um 40—50 þús. kr. á ári, og er það eflaust lítið á móts við þær skemdir, sem bílarnir gera á vegunum. Að minsta kosti þekki jeg það austanfjalls, að viðhaldskostnaður sýsluvega hefir stóraukist eftir að bílar fóru að ganga, og er því ekki nema rjett, að bílferðirnar sjálfar borgi eitthvað af þeim skemdum, sem þær valda. Kostnaðurinn er heldur ekki eins ægilegur, sem leggjast mundi á bílferðalögin með þessum skatti og sumir vilja vera láta. Á ferð frá Reykjavík til Eyrarbakka mundi skatturinn t. d. nema 1 kr. 58 aur., sem auðvitað legðist á fargjaldið. Getur það ekki talist mikið, þegar þess er gætt, hver tímasparnaður, og þar með peningasparnaður, það er að ferðast þetta í bíl á nokkrum stundum, í stað þess að þurfa annars að eyða til þess 1—2 dögum, auk annars kostnaðar, sem legst á slík ferðalög á hestum t. d., svo sem reiðtýgi, reiðfatnaður o. fl. Það er því fjarri lagi, sem háttv. minni hluti heldur fram, að hjer sje verið að skattleggja framfarir. Hjer er aðeins farið fram á það, að þeir, sem framfaranna njóta, leggi dálítið fram til almenningsþarfa af því, sem þeir græða umfram aðra menn á þessum framförum. Þar sem háttv. minni hluti segir einnig, að

hann gæti fallist á að taka gjald af bílum, svipað og lestagjald er tekið af skipum, þá er þetta ekki sambærilegt, því að bílaskatturinn er til þess tekinn að fá peninga upp í viðhaldskostnað veganna, sem bílarnir skemma. En hingað til hefir landssjóður ekki þurft að kosta viðhald á þeim vegum, sem skipin fara, sem sje sjónum.

Jeg man nú ekki eftir fleiru en þessu. Jeg hefi ekki heyrt aðrar mótbárur, og þarf ekki að svara því, sem enn hefir ekki fram komið, en reyni auðvitað að gera það, þegar það kemur.

Það er ekki nema eðlilegt, þó að hv. frsm. minni hluta (Jak. M.) taki svona í strenginn; hann er fulltrúi þeirra manna, sem mest nota farartæki þessi sjer til skemtunar.

Jeg hefði getað skilið ískrið í „Vísis"-greinum „Fordanna", ef skattur þessi hefði aðeins komið niður á bifreiðaeigendum, en nú er það ekki, eins og jeg hefi margtekið fram.

Að svo mæltu vænti jeg þess, að háttv. deild sjái sjer fært að samþ. frv. þetta með þeim breytingum, sem meiri hl. fjhn. hefir á því gert.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Já — án þess þó, að jeg komi mikið við „ískrið í Vísisgreinunum", þá hefir svo farið, að jeg hefi ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum í fjhn. Þó er þetta ekkert nýtt fyrirbrigði, að þessu sje mótmælt hjer. Svipað frv. þessu var hjer áður á ferðinni, en náði ekki fram að ganga, svo háttv. frsm. meiri hl. (Þorl. G.) eða deildinni þarf ekki að koma það á óvart, þótt frv. þetta mæti nokkurri mótspyrnu.

Það hneykslaði háttv. frsm. meiri hl. (Þorl. G.), að jeg í nál. mínu minnist á lestagjaldið í sambandi við þennan skatt. En það er misskilningur hjá honum, að jeg hafi gert það með tilliti til viðhalds veganna á sjónum.

Til grundvallar fyrir minni afstöðu í þessu máli liggur það, að þessi farartæki, bifreiðarnar, eigi ekki fremur að borga vegaskatt heldur en önnur farartæki, sem um vegina fara. En vitanlega eiga þeir ekki að vera undanskildir öllum skatti, ef ofan á verður að skattleggja alla hluti á sjó og landi, en þá á bílaskatturinn vitanlega að vera í samræmi við aðra skatta, t. d. lestagjaldið af skipum. Á þessum grundvelli byggist afstaða mín, svo að óþarfi var af háttv. frsm. meiri hl. (Þorl. G.) að snúa út úr orðum mínum, enda býst jeg við, að hann hafi ekki gert það vísvitandi, heldur óviljandi eða af misskilningi.

Það þarf ýmislegt að gera til þess að tryggja ferð skipa á sjó, enda er það gert bæði með leiðarljósum og vitum, bættum lendingum o. fl.; og fyrir þetta verða skipin svo að greiða gjald, t. d. vitagjald. Eins gæti hugsast, að tekinn væri brúarskattur af bifreiðum upp til sveita, ef sveitirnar, eða sýslurnar, geta ekki risið undir þeim viðhaldskostnaði, sem á þeim hvílir.

Mjer finst, að ríkissjóður eigi ekki að gera upp á milli farartækjanna, því að allir vita, að vegum er slitið af öllum farartækjum, og hvar eiga þá takmörkin að vera? Nú er deilt um flutningavagna og bifreiðar, hvort slíti vegunum meira, og þó dettur engum í hug að leggja skatt á vagnana. Það er vitanlegt, að Biskupstungnamenn geta ekki eins notað bifreiðar eins og t. d. Flóamenn eða Eyrbekkingar, en það geta ekki heldur allir landsmenn notað vagna, og hví þá ekki að leggja skatt á þá?

Nú er kunnugt, að verið er að leggja nýja vegi og akbrautir, í samræmi við kröfur tímans, og væri ekki nema sanngjarnt að leggja skatt á öll þau farartæki, sem nota slíka akvegi, en hverjum

hefir dottið það í hug? Nei, mjer finst að ríkið eigi að vinna að því, að hægt sje að nota bifreiðar sem allra víðast, en það verður ekki gert með því að íþyngja þeim með sköttum og sýna þeim meiri ósanngirni en öðrum farartækjum.

Ekki get jeg skilið, hvernig háttv. frsm. (Þorl. G.) hefir reiknað út hvernig skatturinn komi niður á vegalengdir, að hann verði t. d. 2½ eyrir á hvern km.; eða við hvað styðst það?

Mjer skilst, að þetta hljóti að byggjast á því, hvað aksturinn er mikill alt árið. Ein bifreið ekur svo og svo marga kílómetra, en aðrar færri eða fleiri. En hitt vita menn, að skatturinn gerir aksturinn til muna dýrari, og kemur í veg fyrir samkeppni á því sviði. Menn þurfa að hafa talsvert bein í hendi til þess að kaupa bifreið — eina eða fleiri — og reka þessa atvinnu, og menn ráðast síður í það þegar skatturinn er á kominn. Getur þá rekið að því, að atvinna þessi verði einskonar hringur, verði aðeins í fárra manna höndum, og þá er okrið komið.

Þar að auki er það óforsvaranlegt og okkur lítt sæmandi, er búum í þessu samgangnasnauða landi, að taka þann veg á móti nýjustu farartækjunum og þeim, sem flytja okkur þó nær menningu annara þjóða og kröfum tímans. Væri okkur að öllu leyti sæmra að bæta vegina svo, að þeir væru boðlegir þessum farartækjum, sem hljóta að eiga langa framtíð framundan, í staðinn fyrir að leggja skatt á þá fyrir að fara um þá vegi, sem telja má með öllu ófæra og eyðileggja bifreiðarnar svo, að þær endast ekki það hálfa hjer á móts við það, sem þær gera annarsstaðar.

Háttv. frsm. (Þorl. G.) varð skrafdrjúgt um hestana, og sagði að menn gætu notað þá. Það er vitanlega gott fyrir þá menn, sem það geta, en háttv. þm. ætti að vera kunnugt um það, að ⅙ landsmanna er útilokaður frá því að geta notað hesta. Hjer í Reykjavík má svo að orði kveða, að það sje frágangssök að eiga hest, þó ekki væri annars vegna en haganna eða hagleysisins. Og þó að hægt væri að leigja hest dag og dag, þá er það svo dýrt, að það er líka frágangssök; þessvegna komast menn ekkert út úr bænum, hvorki sjer til gagns nje skemtunar, ef bifreiðarnar væru ekki. Og það myndi mikla þýðingu hafa fyrir þær sýslur, sem nota nú þetta farartæki, ef bifreiðaakstur legðist niður, t. d. eins og í kjördæmi háttv. frsm. (Þorl. G.), þar sem flutningaleiðin á sjó er að jafnaði ófær, eða að minsta kosti miklum annmörkum bundið að nota hana.

Jeg held, að jeg hafi í nál. mínu fært ástæður fyrir því, að ekki sje hægt að bera saman bifreiðaakstur hjer og í öðrum löndum. Þar eru bifreiðarnar að mestu leyti skoðaðar sem „luxus", enda sporvagnar um allar borgir, til mikilla þæginda fyrir menn, og járnbrautir um löndin þvert og endilangt og svo að segja heim að hvers manns dyrum, og allur akstur langtum ódýrari heldur en með bifreiðunum. Þar er ekkert gjald á almenningi fyrir að nota sjer slík farartæki, nema á bifreiðunum, af því svo er álitið, að þær sjeu að mestu leyti óþarfar, og að minsta kosti þegar orðnar altof margar.

Hjer á landi er alt öðru máli að gegna; hjer eru ekki önnur farartæki en hestar, hestvagnar og bifreiðar, og enginn hefir ennþá mótmælt, að af því tvennu sjeu bifreiðarnar bestu farartækin, á meðan því verður komið við að nota þær. Á veturna verða þær ekki notaðar, enda leggjast þá landferðir niður að mestu leyti, svo það hefir ekki svo mikið að segja. Það er satt, að enn sem komið er eru bifreiðar mest notaðar hjer í kring um höfuðstaðinn og austur yfir fjall, en það er aðeins tíma-

spursmál, hvenær þeim fjölgar annarsstaðar á landinu. Þær fylgja akbrautunum eftir út um allar sveitir. Það hefir reynslan sýnt, þótt ekki sje hún gömul, að bifreiðarnar finna nýja og nýja vegi með hverju árinu.

Það er yfirleitt kostað hjer svo litlu til allra samgangna, að furðu gegnir, ef taka á þá stefnu upp að leggja þunga skatta á þau einu farartæki, sem til frambúðar eru í landinu og bæta úr samgönguleysinu. Þetta er öfugstreymi, sem jeg get á engan hátt felt mig við.

Jeg vík aftur að því, sem háttv. frsm. (Þorl. G.) sagði, að jeg væri fulltrúi þeirra manna, sem mest nota bifreiðarnar. Þetta er alveg rjett, en jeg get ekki sjeð nokkurt rjettlæti í því að íþyngja fremur þessum mönnum heldur en öðrum á landi hjer, að leita út úr bænum, sjer til skemtunar og hressingar.

Aðalástæður mínar á móti frv. þessu eru þá þessar: Það á ekki að taka bifreiðarnar út úr og leggja sjerstakan skatt á þær, miðað við hestorku; það mætti þá með sama rjetti leggja skatt á hvern einasta hest í landinu, sem um vegina fer. Því sje þetta vegaslit athugað, sem bílarnir eiga að gera, og skatturinn lagður svo á hestaflið, þá mætti bera það slit saman við tilsvarandi hestafjölda og jafna skattinum niður eftir því. Og hjer er ekki því að heilsa, að lagður hafi verið sjerstakur vegarspotti eingöngu bifreiðanna vegna, en það hefir þó verið gert með tilliti til annara flutningatækja.

Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu að ræða frekar um þetta, enda allar ástæður mínar að finna í nál. mínu. Treysti jeg svo, að háttv. þm. athugi mál þetta með fullri sanngirni og án þess nokkur hreppapólitík komi til greina eða hvort þeir hafi bifreiðar hjá sjer eða ekki, því að önnur sveitarfjelög eiga sínar sanngirniskröfur líka.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg finn ástæðu til að þakka háttv. fjhn. fyrir góðar undirtektir þessa máls, og sje ekki ástæðu til að fara út í einstakar breytingar hennar, enda eru þær flestar smávægar og breyta litlu tekjum ríkissjóðs frá því, sem stj. hafði gert ráð fyrir. Jeg hefi heldur ekki neinu við að bæta það, sem háttv. frsm. meiri hl. (Þorl. G.) sagði frv. til rjettlætingar.

Mun jeg því eingöngu snúa orðum mínum til hv. frsm. minni hl. (Jak. M.), því að við hans ræðu hefi jeg ýmislegt að athuga. Það virðist helst vaka fyrir honum, að bílaskatturinn sje svo hár, að bifreiðaakstur verði tilfinnanlega dýr, og helst ekki neinum fært að stunda þá atvinnu í framtíðinni, nema þá með okurverði. Það er nú víst, vægast sagt, að hjer gerir frsm. (Jak. M.) úlfalda úr mýflugu, en hvort það er gert af ásettu ráði og vísvitandi eða sprottið af misskilningi, það skal jeg láta ósagt.

En hitt hefir verið talað um, að skattur þessi muni aðeins nema frá 2—300 kr. á ári fyrir hverja bifreið, og 1919 var það upplýst hjer á þingi, og því hefir enn ekki verið mótmælt, að að meðaltali muni hver bifreið aka inn á ári 16—20 þús. kr., svo þá ætti hv. frsm. minni hl. (Jak. M.) að skiljast, að þessi 2—300 kr. skattur geti ekki haft mikla þýðingu í rekstri þessarar atvinnu. Svo eru það heldur ekki bifreiðaeigendurnir, sem eiga að borga þennan skatt; það eru notendurnir, eða þeir, sem með bifreiðunum ferðast, og það munar þá engu, því að hjer getur aðeins verið um fáa aura að ræða í hvert skifti. Þessi hugarsýn háttv. frsm. (Jak. M.) er því loftsýn, og ekkert annað.

Háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) sagði, að deila mætti um, hvort bifreiðar eða hestar slitu meira vegunum. Jú, það má deila um alla hluti og bera brigður á svo margt, en í þessu máli held jeg að engum bland-

ist hugur um, að minsta kosti þegar litið er á það með alvöru, hvort valdi meiri skemdum, enda er skatturinn einmitt lagður á bifreiðarnar með þetta fyrir augum, og það annarsstaðar en hjer.

Með þessu er ekki verið að leggja stein í götu þessara hentugu farartækja, sem allir játa, að hljóta að eiga framtíð hjer á landi. Skatturinn á einmitt að verða til þess, að bygðir verði nýir vegir og aðrir endurbættir, svo samboðnir verði bifreiðunum, því það má skoða þetta frv. og skattinn sem undirstöðu þess, er byggja á vegina í landinu á. Það má kannske segja, að rjettara væri að gera vegina svo, að þeir þyldu bifreiðarnar, en það er bara ekkert fje fyrir hendi til þess að gera það nú, og því er þetta ráð tekið, og virðist öll sanngirni mæla með því.

Báðum háttv. frsm. kom saman um það, að ódýrara væri að ferðast í bifreiðum, þar sem það er hægt, heldur en á hestum, og frsm. meiri hl. (Þorl. G.) nefndi það sjerstaklega, að flestir austan fjalls, þótt nógan hestakost hefðu, teldu það langtum ódýrara að skjótast hingað í bifreið heldur en á hestum, og þurfa svo að kosta þá hjer á meðan þeir stæðu við. Þetta mun líka vera rjett, og sýnir ekki annað en það, að óhætt er að leggja skattinn á bifreiðarnar vegna notenda. Þeim mun ekki finnast það ókleift að greiða þennan skatt.

Það er nú svo með hvert mál, eins og á það er litið. Og því má deila um það, hvort bílar sjeu fremur en hjer „luxus“ í þeim löndum, sem bæði eiga járnbrautir og sporvagna. En hitt er vitanlega fjarstæða ein, sem háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) hjelt fram, að járnbrautir lægju heim að hverjum bæ í öðrum löndum. Það er víða um langan veg að fara á járnbrautarstöðvarnar, og er þá ekki nema eðlilegt, þó að til þess sjeu notaðar bifreiðar.

En aðalatriðið virðist mjer þó það, að þessi skattur er fjórum sinnum lægri hjer heldur en í Danmörku, og skiftir engu fyrir bifreiðaeigendur, nema þá eina, sem eiga „prívatbíla“, en það eru þá þeir menn, sem ekki munar mikið um að greiða þennan skatt.

Magnús Jónsson: Háttv. frsm. meiri hl. fjvn. (Þorl. G.) kom mjer til þess að standa upp. Sýndist hann vera mjög vel ánægður með það, hvernig hann hefði gengið frá málinu. Háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) hefir nú sýnt fram á það, að frv. þessu er svo varið, að tæpast mun ástæða vera til fyrir háttv. deild að samþykkja það.

Enda þótt margt sje að athuga við þetta frv., sem full ástæða væri til að minnast á, þá mun jeg þó sleppa því, en minnast aðeins lítillega á nokkur atriði.

Það er tekið fram í ástæðum frv., að óþarfi sje að undanþiggja skatti þau farartæki, sem mest spilli vegunum. Sýnist orðalag þetta benda til þess, að reynslan hjer sje sú að skattleggja þau farartæki, sem spilli vegunum. En hjer er í raun rjettri um það að ræða, hvort rjett sje eða sanngjarnt að leggja aðeins skatt á eitt farartæki, sem þó er álitamál um, hvort meira spilli vegunum en önnur, en á hinn bóginn alveg víst, að er stórþarft og hentugt fjölda manna.

Það er raunar sagt, að þessum skatti eigi að verja til þess að bæta vegina, sem bifreiðarnar fara um, og bætti það nokkuð úr skák, en jeg og fleiri eru nú hræddir um, að svo kynni að fara, að þessi skattur lenti aldrei þar, heldur í hítina miklu, sem flest gleypir.

Það er talað hjer um bíla-„luxus“ og einnig er sagt, að meira sje hjer af bílum en í nokkrum öðrum bæ jafnstórum. Sannleikurinn er sá, að bifreiðar hafa alstaðar þótt nauðsynlegar og gefist vel, en mismunandi ástæður geta valdið því, að minni sje þörf bíla í einu landi en öðru.

Þar, sem járnbrautir liggja eins og net um alt landið, verður auðvitað bílaþörfin minni. Mundi svo vera hjer líka, að ef járnbraut lægi hjeðan austur í sýslurnar, þá væri nauðsyn þeirra minni og fjöldi þeirra eigi jafnafsakanlegur sem hann nú er.

Jeg skal ekki neita því, að bílar sjeu hjer stundum notaðir að óþörfu, og þá eru þeir „luxus“. En mjer er spurn. Hvað er það, sem ekki má slíkt um segja? Jafnvel fæði og klæði, hinar mestu frumnauðsynjar hvers manns, má gera að luxus og er gert að luxus, og má enginn heimska sig á að fara af þeim sökum að leggja luxusskatt á slíkt.

Það hefir verið getið um, að ástæða væri til að skattleggja bifreiðar vegna kostnaðar þess, sem hið opinbera hefir af þeim, eftirlit o. fl. Hefði frsm. meiri hl. (Þorl. G.) átt að taka þetta vel fram, því að það er fyllilega rjettmætt að leggja dálítið á bifreiðar til að standa straum af þessum kostnaði, en það yrði aldrei nema eilítill partur af þessu gjaldi, sem hjer er ráð fyrir gert.

Það er eigi rjett hjá frsm. meiri hl. (Þorl. G.), að viðhald vega lendi ætíð á öðrum en bifreiðanotendum. Þetta veltur á ýmsu, og munu eins oft sömu mennirnir verða að kosta viðhald veganna sem greiða eiga þennan skatt, og er þá auðsæ sú ósanngirni, að mennirnir skuli bæði þurfa að kosta viðhald veganna og einnig borga skatt í ríkissjóð fyrir skemdirnar á þessum sömu vegum.

Það er erfitt að dæma um það, hvað sje óþarfur akstur og hvað ekki. Er það t. d. óþarfi, að fólk hjer í Reykjavík fer upp í sveit einu sinni eða tvisvar á sumri sjer til hressingar? Jeg býst við því, að margir af háttv. þm. hafi verið hjer að sumarlagi og viti, hve holt og skemtilegt það er að vera hjer innilokaður, og hver löngun er hjá mönnum til þess að njóta sveitarinnar dálítinn tíma. En til þess að komast þetta eru engin önnur ráð en fara það í bifreiðum. Raunar mætti segja, að menn gætu farið þetta fótgangandi, en við því er það að segja, að sumir eru nú illa fallnir til gangs, gamalt fólk eða heilsuveilt, og enn er svo langt til margra fegurstu staðanna, að of langan tíma tekur að fara það fótgangandi. Jeg held, að jeg megi því fullyrða, að í þessu tilliti hafi bílarnir orðið bænum hið mesta lán. En svo er þetta kallaður luxus, og á að straffast með fjegjaldi ærnu.

Jeg hefi skrifað það niður hjá mjer eftir háttv. frsm. (Þorl. G.), að sjórinn væri ódýr braut. Það er nú eftir því sem það er skilið. Þessi braut er stundum nokkuð ósljett, og krefst því traustra og dýrra farartækja. Auðvitað verðum við að nota sjóinn mikið til samgangna, en það er nú svo með hann sem annað hjer, að hann er erfiður viðfangs, og ekki að jafna við leiðum við Noregsströnd t. d. innan skers. Má óhætt segja, að siglingar með ströndum Íslands standi ekki að baki siglingum yfir úthöfin að hættu, og þarf því að hafa alt til þess mjög vandað og dýrt, ef vel á að vera.

En það er sjerstaklega eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, og ekki hefir verið tekið fram í nál. minni hl., en sem mjer finst eitt nægilegt til þess, að skattur þessi yrði ekki samþyktur. Það hafa allir gengið út frá því, að það mundi eigi leggjast annað á flutninginn en skattsupphæðin. En þetta er rangt. Skattsupphæðin hlýtur að aukast allmjög og kannske margfaldast á notendunum, eins og jeg mun nú sýna. Bílstjórarnir reikna sjer nú rentur af kaupverði bílsins, slit, rekstrarkostnað, kaup sitt o. fl., og auk þess ætla þeir fyrir þessum skatti. Fari nú svo, sem ekki er óeðlilegt, að þessi skattur dragi út notunum, þá yrði bílstjórinn að áætla gjöldin hærri við það, að notkun-

in er minni. Það er með öðrum orðum, að óleikurinn, sem skatturinn gerir, er tvöfaldur. Hann eykur gjöld bifreiðaeigenda, eins og sagt hefir verið. En hitt er engu minna vert, að hann mun rýra tekjurnar, með því að kippa úr akstrinum. En það verður þá einnig að koma fram í takstanum, því að bifreiðaeigendur verða að fá sitt upp borið.

Hæstv. fjrh. (M. G.) segir, að bílar muni keyra inn 16—20 þús. kr. á ári, en næmi þetta svo eigi nema 10—12 þús. kr., skattsins vegna, þá yrði bílstjórinn að leggja meiri skatt á notendur, og þeir gætu jafnvel komið til að greiða hann margfaldan. Vildi jeg biðja háttv. þm. að athuga vel þetta atriði. Það er einnig vert að líta á það, að þessi svokallaði „luxusakstur" lækkar gjöldin fyrir þá, sem nauðsynlega þurfa að nota bifreiðar.

Ef „luxusaksturinn" hætti, þá yrði afleiðing þess sú, að menn þeir, sem nota þurfa bílana, bæði austan fjalls og annarsstaðar, yrðu að greiða sem svaraði þeirri upphæð, er luxusakstrinum nemur, meira fyrir flutning sinn.

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg skal taka það fram þegar, að enda þótt jeg standi upp nú, þá er jeg í raun og veru búinn að svara ræðu hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), en sökum þess, að forseti kvaddi mjer hljóðs, vil jeg eigi undan skorast, jafnvel þótt jeg hefði ekki ætlað að taka til máls.

Háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) jafnaði þessu gjaldi við lestagjald af skipum og sagði, að jeg hefði misskilið sig. En þetta er ekki rjett. Jeg sagði aðeins, að það mætti leggja á bílana meira en sem svaraði lestagjaldinu, því að þó að það gangi ekki til að bæta sjóleiðina, þá eru ýms önnur gjöld, sem skip verða að borga, svo sem vitagjald, hafnargjöld o. fl., sem beinlínis fara til þess að bæta leiðina fyrir þau.

Háttv. frsm. (Jak. M.) sagði einnig, að ef bílar yrðu skattaðir, þá bæri einnig að taka skatt af öðrum flutningatækjum, svo sem hestvögnum. En þetta þarf ekki að vera rjett, því að það er óvefengjanlegt, að bifreiðar skemma vegi meira en vagnar, því að afl vjelarinnar kemur þar til, auk akstursþungans, og rótar upp vegunum, einkum ef þeir eru vondir.

Háttv. frsm. (Jak. M.) sagðist ekki vera viss um það, á hverju jeg hefði bygt útreikning minn á því, hversu hátt gjald kæmi á hvern kílómeter, og dró í efa, að hann væri rjettur. En þessi útreikningur er auðveldur, því að viti maður hversu mörg hestöfl vjelin í bílnum hefir, hversu margar ferðir hann fer og hve löng hver leið er, þá er ekki annað en deila skattinum niður á þetta. Auk þess gerði jeg ekki ráð fyrir að bílarnir gengju eins oft eins og t. d. hæstv. fjrh. (M. G.) gerði ráð fyrir, og er það enn því til sönnunar, að skatturinn mundi ekki verða hærri en jeg sagði hann á hvern km.

Háttv. frsm. (Jak. M.) sagði einnig, að ef skatturinn yrði lagður á, þá mundi það leiða til þess, að bílar kæmust á fárra manna hendur og verða einokun. Færi nú svo, að þetta reyndist rjett, þá er hægt að ráða bót á því, með því að setja hámarksverð á akstur. Hann gerði einnig mikið úr því, að þetta væri framfarafyrirtæki. Má vel vera að svo sje, en það er ekki hægt fyrir alla að nota þau, og er því eigi nema sanngjarnt, að þeir greiði, sem gagnið hafa, en hinir losni við það. Annars eru nú þessi framfarafyrirtæki þjóðinni talsvert dýr, því að þau taka menn á besta aldri og vel vinnufæra til að stjórna sjer, sem mikil þörf væri á til annarar vinnu.

Það er ekki rjett hjá háttv. 4. þm.

Reykv. (M. J.), að við viljum stuðla að því með þessum skatti, að Reykvíkingar komist ekki í burtu úr bænum. Við viljum einmitt hjálpa þeim til þess, með því að gera vegina betri, svo að þeir geti komist hraðar yfir.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, að sjóferðir væru ekki ódýrari en landferðir, af því að farartæki á sjó væru svo dýr. En öðru máli er að gegna með bílferðir á landi. Þær krefjast góðra vega, sem ríkissjóður verður að halda við, og til þess á að nota skattinn.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að svara háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) fleiru. Hann sagði ekki annað en frsm. minni hl. (Jak. M.) var búinn að segja.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Hæstv. fjrh. (M. G.) gerði lítið úr því, hvað þessi skattur á bifreiðum væri hár, eins og hann væri ákveðinn, en það mun vera um einn tíundi hluti af verði bifreiðanna, eins og það var fyrir stríðið. Bílarnir verða því að vinna upp tvöfalt verð sitt á jafnlöngum tíma og áður einfalt, og verða þeir að hækka flutningsgjöldin í hlutfalli við það.

Hæstv. fjrh. (M. G.) gat um það, að því hafi verið haldið fram á Alþingi 1919, að einstöku bifreiðar hafi keyrt sjer inn 16—20 þús. kr. Þótt hann haldi þessu fram, og því hafi ekki verið mótmælt, þá held jeg, að þetta sje bara út í loftið. Það kann að vera, að þess finnist dæmi, en að bílar keyri inn slíka upphæð, 20 þús. kr. á ári, að jafnaði, nær ekki nokkurri átt.

Í raun og veru hefir ekkert komið fram, sem geti rjettlætt þennan skatt. Hæstv. fjrh. (M. G.) og hv. frsm. meiri hlutans (Þorl. G.) hafa farið í kring um það eins og kettir kring um heitan grautarpott, hversvegna eigi að undanskilja bíla frá öðrum farartækjum. Þó það sje vegaskattur, er ekki rjettlátara að láta þá gjalda hann heldur en önnur farartæki. Það er ómótmælanlega ósanngjarnt að láta aðeins eina tegund farartækja greiða slíkan skatt. Mjer er ekki kunnugt um, að slíkur skattur sje á neinum öðrum. Hæstv. fjrh. (M. G.) talar um lausafjárskattinn, en sá skattur er af alt öðrum toga spunninn, og skyldi jeg ekki leggjast á móti álíka skatti á bifreiðar.

Háttv. frsm. meiri hl. (Þorl. G.) talar um, að skatturinn af bílum ætti að verða til þess, að gerðir væru vegir með sjerstöku tilliti til bíla. Jeg verð nú að segja það, að þá hefði átt að leggja skatt á alla vagna og kerrur, þegar byrjað var að leggja vegi fyrir þá, því að þá stóð eins á. Það hefir engum dottið í hug, að það yrði ókleift að ferðast með bíl, þótt skatturinn kæmist á, en jeg tel það ranglátt og ekki heldur styðjast við neina sanngirni.

Háttv. frsm. (Þorl. G.) talaði um, að setja mætti hámarksverð á flutningsgjöldin, og koma þannig í veg fyrir okur, þó að bifreiðaflutningar kæmust í fárra manna hendur. Við höfum nú dæmið, sællar minningar, og allir vita hvernig það hefir reynst. Og ef samkepnin minkaði, þá má geta nærri hvernig færi.

Að lokum vil jeg minnast á það, að hann sagði, að bílferðir væru dýrar af því, að það þyrfti menn með. En hvaða flutningatæki eru það, sem ekki þarf að hafa menn með?

Jeg býst heldur ekki við, að háttv. frsm. (Þorl. G.) vildi leggja til, að bílum væri slept við skatt, ef þeir gætu leikið lausum hala og farið út um alla vegi mannlausir. En hvað það snertir, að það sje ódýrara að nota hestvagna, þá þarf þó að hafa, ekki einungis mann með, heldur hest líka, og það miklu lengri tíma.

Að lokum sje jeg ekki betur en báðir formælendur skattsins, háttv. frsm. meiri hl. (Þorl. G.) og hæstv. fjrh. (M. G.), hljóti að ganga inn á þá braut, að skatta beri öll farartæki, til þess að afla fjár til vegabóta og vegagerðar í landinu.

Eiríkur Einarsson: Jeg geng þess ekki dulinn, að þessi bifreiðaskattur, ef hann kemst á, muni koma afarósanngjarnlega niður. Margar þeirra bifreiða, sem nú eru notaðar hjer á landi, eru svo nauðsynleg flutninga- og farartæki, að ómaklegt er að skatta þær. En það á ekki við um þær allar. Ætti því, ef vel væri, að flokka bifreiðar betur en frv. gerir.

Þessu til skýringar skal jeg geta þess, að síðustu misserin hafa menn í sveitum fyrir austan stritast við að eignast bifreiðar til flutninga, ýmist mannflutninga eða vöruflutninga, í stað þess að þurfa að nota hesta og vagna. Með mannflutningabifreiðum sækja þeir sjálfir kaupafólk sitt, og nota þær yfirleitt í hesta stað til nauðsynlegra ferðalaga á færum leiðum, en á hleðslubifreiðum sækja þeir kaupstaðarvörur. Tekur þetta einkum til bænda í sveitum, er eiga langt í kaupstað og erfitt aðdrátta. Hafa þeir með ærnum kostnaði gert með þessu tilraun til þess að spara mannafla og hesta til ferðalaga, sem alt er orðið svo dýrt. Er slík bílaútgerð bænda síst í ávinningsskyni gerð, heldur til brýnustu nauðsynja, og verðskuldaði fremur stuðning en skatt. Hefir þessi viðleitni bænda til bifreiðaflutninga reynst mjög kostnaðarsöm, svo að sjeð er, að þeim yrði gerð hún ókleif, ef íþyngt yrði með miklum sköttum.

En þótt jeg sje því mjög mótfallinn, að slíkir aðdráttarbílar, sem jeg nefndi, verði skattaðir, mun jeg þó neyðast til þess að greiða atkvæði með frv., af þeirri ástæðu, að jeg vil ekki láta neitt tækifæri ónotað til að afla tekna til vegabóta á hinum erfiðu flutningaleiðum, og ef víst væri, að skattinum skyldi varið til þeirra umbóta, þá má mikið til vinna að fá þær, og víst er um það, að sumir bílar mættu og ættu að greiða nokkuð til samgöngubóta, þótt aðrir verðskuldi það ekki, eins og jeg tók fram.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) taldi það vafasamt, hvort menn austan fjalls væru þess svo mjög fýsandi, að „luxus"-ferðir Reykjavíkurbifreiða legðust niður. Jeg geri ráð fyrir því, að almenningur æski ekki eftir, að þær haldi áfram. En aftur má líta á það, hvort ekki mætti leggja „luxus"-skatt á og verja honum til þess að bæta vegina, sem bifreiðarnar fara um; þá væri öðru máli að gegna, er þeir greiddu viðhaldskostnaðinn, er þannig nota vegina.

Háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) sagði, að úr því að flutningabrautir væru búnar til fyrir kerrur meðal annars, hví þá ekki skatta þær einnig? En það er eins með kerrurnar sem hesta og aðrar búsþarfir. Væri langur uppi, ef skatta ætti alt slíkt, sem almenningur notar til flutninga, og stappaði nærri því sama sem nefskatti á alla í því hjeraði, eða að minsta kosti hvern bónda. Eða hví ekki að skatta alla, sem á vegi ganga? Það væri svo sem í samræmi við þá skattastefnu, sem nú er uppi hjer á landi.

Fyrst von er um það, að skattinum verði varið til þess að bæta flutningabrautirnar, ef tryggilega verður um það búið, þá má mikið leggja í sölurnar til þeirra umbóta. Því greiði jeg atkvæði með frv., þrátt fyrir ágallana, sem ef til vill verður bætt úr.

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg vildi aðeins svara háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) nokkrum orðum. —

Hann var að tala um, að þótt bílar ljeki lausum hala mannlausir, mundi þurfa að borga af þeim skatt. En þar sem jeg tók fram, að það þyrfti mann með bíl, meinti jeg það, að menn geta ekki farið í bíl nema að hafa mann til þess að aka honum; en það þarf ekki mann með hestinum, og hesturinn verður því ódýrari en bíll, því að flestir eru einfærir á dróginni. Jeg hugsa, að ef 4 Reykvíkingar færu í útreiðartúr, þá mundu þeir komast allir einfærir, að minsta kosti úr hlaði, en það gæti máske verið, að það þyrfti að reiða einn þeirra heim aftur. Það er óþarfi að gera svona mikið úr „luxus"-bílferðum austur um sveitir, og það er munur hvort það er hestur eða bíll, sem notað er. Hesturinn er framleiddur hjer, en bílar eru útlendir. Og það er fleira en bílarnir sjálfir, sem útheimtist til ferða þeirra, og þarf að sækja alt til útlanda. En hestarnir og alt, sem þeir þurfa, ef rjett er á haldið, er framleitt hjer og eflir atvinnu í landinu.

Það er fjarri því, að þótt jeg mæli með því, að þessi skattur nái fram að ganga, að skilja eigi orð mín svo, að jeg vilji leggja stein í götu þessara framfarafaratækja.

Jeg vil taka það fram, að jeg og mínir sýslubúar viljum ekki borga veg, sem aðeins er fyrir Reykvíkinga, nema þeir borgi hann líka.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg verð að segja, að háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) fekk mig til að undrast, eins og svo oft áður, þegar hann kom að enda ræðu sinnar, þegar hann sagði, að hann ætlaði að greiða atkv. með frv. Jeg skal taka það fram, út af því, að hann ætlaðist til, að það væri strax farið að bæta vegina fyrir þetta fje, þá er það ekki hægt, ekki fyr en 1922, fyr verður það ekki innheimt. (*E. E.*: Hvenær sem það yrði).

Háttv. frsm. minni hl. (Jak. M.) talaði um, hvers vegna bifreiðar væru skattlagðar, en ekki önnur flutningatæki. Bifreiðar spilla meira vegunum og þurfa betri vegi; þess vegna þarf að hugsa fyrir því að búa til slíka vegi. Svo eru hestar einnig skattlagðir, og það gæti verið gagn að því að athuga hlutfallið milli hesta og bifreiða.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) efaðist um, að þessu fje yrði varið til þess að bæta vegina, og sama heyrðist mjer á hv. 1. þm. Árn. (E. E.). Það verður auðvitað ekki sama fjeð, því að það hlýtur að verða miklu meira fje varið til þess, og vegna bifreiðanna þarf meira fje til þess en ella. Er því rjettlátt, að lagður sje á þær skattur, eða þær leggi til fje til þess að viðhalda vegunum. En ef þeir sjálfir vildu taka það að sjer, þá væri það gott, en svo er ekki sagt, að þeir fengjust allir til þess.

Jeg vil halda fast við það, að 200—300 kr. skattur sje ekki mikið. Sá, sem hefir svona miklar tekjur, finnur sáralítið til þess.

Hvað það snertir, að skatturinn muni margfaldast, eða um 50%, eins og háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, þá er það fjarstæða. Það eru alls ekki líkur til þess að nokkra bifreið muni um það minstu vitund — ekki minstu vitund.

Háttv. sami þm. (M. J.) var að bera þá fyrir brjósti þarna austan fjalls, en jeg held að óhætt sje að láta háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) um það, fyrst hann er fylgjandi skattinum.

ATKVGR.

Brtt. 274,1. samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 8 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 : 8 atkv.

Brtt. 274,2. (5. gr. falli burt) samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 8 atkv.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 346, 352).

Jón Þorláksson: Þetta frv. náði samþykki háttv. deildar við 2. umr., án þess jeg ætti þar nokkurn hlut að. Þess vegna ber jeg fram brtt. á þskj. 352, í því skyni, að frv. verði svo viðunanlega úr garði gert, sem kostur er, ef það á að ná samþykki þessarar háttv. deildar.

Mjer skildist svo á ræðum háttv. meðmælenda frv. við síðustu umr., að það, sem einkum ætti að rjettlæta þetta gjald, væri það vegaslit, sem yrði af völdum bifreiðanna; gjaldið ætti með öðrum orðum að ganga upp í viðhaldskostnað veganna. En þegar að er gáð, sjest í rauninni engin trygging þess í frv., að gjaldið verði notað á þennan hátt, enda er það vitanlegt, að vegabætur eru einmitt þær framfarir, sem fyrst eru látnar sitja á hakanum, þegar þröngt er um fjárhag landsins.

Nú viðurkenni jeg það, að bifreiðarnar slíta vegunum, en hins vegar hefir gætt í þessu nokkurs misskilnings, því að það er oftast ekki nema slitlagið eitt, sem þær slíta. Og það er eðlilegt, að bílarnir fari illa með vegina, því að vegirnir hjer á landi voru upphaflega ekki gerðir með það fyrir augum að vera bílavegir, og slitlagið þess vegna ekki haft eins sterkt og til þess hefði þurft. Þess vegna er það, að mín till. fer fram á það að tryggja þetta, að skatturinn verði beinlínis notaður til þess að setja bílfært slitlag á þá akvegina, sem bílarnir fara helst um, að svo miklu leyti sem hann hrekkur til þess. Og auðvitað þyrfti kannske að bæta við,með fjárveitingum úr landssjóði, og ekki á þetta að draga úr öðrum fjárveitingum til vegabóta.

Önnur ástæða en þessi hefir reyndar einnig komið fram með frv., sem sje að hjer væri um einskonar „luxus"-skatt að ræða. En slíkt er fjarstæða. Bifreiðarnar eru notaðar jöfnum höndum til nauðsynjaflutninga og skemtiferða, svo erfitt yrði að flokka þar í milli. Auk þess væri ósanngjarnt að borga meira en helming af fargjaldi skemtiferðafólks með strandferðaskipunum, eins og gert er með styrknum til þeirra, en leggja svo skatt á skemtiferðir á landi.

Þá hefi jeg einnig komið með till. um það, að lækka skattinn úr 12 í 9 kr. á hestafllð, og byggist það á því, að skatturinn sje gerður óeðlilega hár, samanborið við það, sem lagt er á aðrar eignir og tæki. Þó geri jeg það ekki að eins miklu kappsmáli, hvor talan verður tekin, eins og hitt, að fjeð verði notað á þann hátt, sem jeg hefi áður lýst.

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg býst varla við því, að fjhn. geti gengið að þessum brtt., þótt annars sje erfitt að átta sig á þessu í skjótri svipan. En út af ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) verð jeg að gera örfáar athugasemdir. Hann sagði, að bílarnir slitu aðeins slitlagi veganna. En þetta er ekki rjett. Mjer er persónulega kunnugt um það, að þeir róta upp vegunum miklu dýpra, og hefir það greinilega komið fram í viðhaldskostnaði veganna austanfjalls. Einnig þurfa að vera skýr ummæli um það, að þótt þessi umrædda notkun skattsins yrði samþ., bæri slíkt aðeins að skiljast sem viðbót við þann styrk, sem annars yrði veittur til vegabóta, en ekki þannig, að skatt-

urinn ætti að koma upp í þann kostnað, svo að klípa mætti af vegaviðhaldskostnaðinum að öðru leyti, sem skattinum næmi. Þetta vildi jeg að eins taka fram til skýringar, en skal annars ekki tefja háttv. deild á því að lengja umr. meira.

Jeg fæ ekki sjeð, að jeg þurfi að mæla frekar um þetta, og vona að háttv. deild sje svo föst í rásinni og þjett fyrir, að hún láti ekki hringla sjer nje snúa frá rjettu máli, og leyfi því frv. þessu að ganga óbreyttu til hv. Ed. Þar uppi veit jeg, að sæti eiga á þingbekkjum góðir menn og greindir, sem jeg einnig treysti vel til þess að skilja nauðsyn þessa máls.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg kvaddi mjer nú aðallega hljóðs til þess að lýsa því yfir, að jeg get ekki gengið að þessum brtt. Lækkun á skattinum má ekki meiri verða. Nefndin hefir þegar fært hann niður, svo að hann nemur nú orðið ekki nema ¼, miðað við samskonar skatt í Danmörku. Þess vegna getur ekki komið til mála að samþ. 1. brtt. á þskj. 352. Og eins er um 2. og 3. brtt. á sama þskj., að jeg sje enga ástæðu til þess að þær eigi að fá fram að ganga, því að þótt jeg álíti það tilgang þessa skatts, að hann eigi að bæta vegina, þá þarf ekki að halda honum í sjerstökum sjóði, enda þarf á hverju ári að gera við vegina, og það fyrir langt um hærri upphæð en þá, sem bifreiðaskatturinn nemur. Ekki ósennilegt, að austur að Ölfusárbrú myndi sá viðhaldskostnaður á ári tvöfalt hærri en allur bifreiðaskatturinn gefur.

Jeg álít, að við höfum gert of mikið að því að stofna nýja og nýja sjóði, og um þennan sjóð stendur nokkuð sjerstaklega á, því að í honum yrði aldrei neitt, alt tæmt úr honum jafnóðum.

Jón Þorláksson: Jeg dáist mjög að ósjerplægni háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), er hann kemur hjer fram fyrir kjördæmi sitt. Jeg orðaði tillögu mína þannig, að mitt kjördæmi gæti ekki að neinu notið hlunninda þeirra, er brtt. mínar fara fram á, því að öllu fjenu á að verja til vega utan kaupstaða. Og eins og brtt. mínar eru orðaðar, myndi mikið af þessu fje renna til Árnessýslu, eða verða henni að notum, og vita allir, að við veginn austur og fyrir austan fjall þarf mikið að gera.

Háttv. frsm. meiri hl. (Þorl. G.) taldi, að ekkert myndi muna um þessa upphæð, og að meiru yrði ekki varið til vegabóta en því, sem skattinum nemur. En þetta er rangt. Frv. gerir ráð fyrir því, að þetta verði aðeins notað til að greiða aukakostnað þann, sem bílhæft slitlag hefir í för með sjer, umfram venjulegt slitlag. Brtt. mínar stefna beint að því að endurbæta vegina og koma á framförum í vegagerð. Við getum ekki lengur unað við svo ófullkomna vegi og þá, sem við höfum nú við að búa. Við þurfum að endurbæta slitlagið, annaðhvort með grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, því að vegirnir þurfa að verða sterkari og betri vegna hinnar vaxandi umferðar. Og upphæðin, sem gera má ráð fyrir að komi inn með skatti þessum, er ekki svo lítil, að ekki megi talsvert vinna fyrir hana árlega að þessum endurbótum. Í skjölum stjórnarinnar er ekkert um það að finna, hve hár þessi skattur muni verða. (*Fjrh.*: Ekki rjett). Ja, jeg hefi ekkert sjeð um það í gögnum þeim, sem fyrir liggja frá stjórninni. En eftir því, sem jeg hefi heyrt, þá mætti áætla hann alt að 50 þús. kr. á ári, samkvæmt skatthæð þeirri, sem samþ. var hjer við 2. umr. Og það er ekki sá verðmunur að gera slitlag úr tjörusteypu eða grjótmulningi, móts við venjulegt malarslitlag, að ekki muni um 50 þús. kr. á ári. Enda myndi þess fljótt sjá stað, ef þessari upphæð yrði varið árlega umfram upphæðir þær, er veittar yrðu í fjárlögum til vegaviðhalds og vegaendurbyggingar, og verða til hagsmuna fyrir ríkissjóð og gleði

landsmönnum, því að allir vegir, sem vel eru gerðir, þurfa margfalt minna viðhald en ljelegir malarvegir.

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg er ánægður yfir því, að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) er mjer sammála um það, að upphæð sú, sem kemur inn með skattinum, muni lítið hrökkva til vegaviðhaldsins, og að langt um meira þurfi að koma úr ríkissjóði, því að jeg tók það fram, að meira þyrfti en slitlag. Það getur því aðeins komið að haldi, að vegirnir verði fyrst byggðir upp; ekki til neins að setja slitlag á þá vegi, sem nú eru ófærir með öllu. En jeg get ekki skilið, að það verði betur gert við vegina, þó að skatturinn verði látinn renna í þennan sjóð, sem brtt. fer fram á. Veitingarvaldið er það sama og sjóðurinn hlýtur altaf að vera fjelítill, og tillög hans því ónóg.

Háttv. þm. (J. Þ.) sagði, að ekkert hefði komið fram, hvorki frá stjórninni nje nefndinni, um það, hvað skattur þessi myndi verða hár. Þetta er ekki rjett. Jeg skýrði einmitt frá þessu í framsöguræðu minni, og hæstv. fjrh. (M. G.) hefir líka gert það. Við höfum báðir bent á, að hann myndi nema 40—50 þús. kr., og virðist háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vera líkrar skoðunar, og hefði því getað sparað sjer þessar aðfinningar.

Jeg þakka háttv. sama þm. (J. Þ.) það, að hann sagði, að jeg væri ósjerplæginn maður, vegna þess, að jeg vilji íþyngja kjósendum mínum. (*B. J.*: Með nýjum sköttum). Jeg bið háttv. þm. Dala. (B. J.) að hugsa um sig og sínar ræður, en lofa mjer að stumra upp í friði því, er jeg vil segja og hefi fult eins gott vit á eins og hann. Jeg hefi hingað til hugsað sjálfur, og frábið mjer aðstoð hans að koma orðum að því, sem jeg þarf að segja, og óska, að háttv. þm. (B. J.) haldi sjer saman á meðan jeg tala. Þessi ósjerplægni mín kemur af því, eins og jeg tók fram í framsöguræðu minni við 2. umr. þessa máls, að þessi skattur á að koma til þess að jafna þann órjett, sem þeir verða að líða, er búa á þeim stöðum á landinu, þar sem ekki eru aðrir vegir en þeir, sem lagðir eru af náttúrunni eða hestafótum.

Og jeg ber engan kinnroða fyrir það, þó að jeg vilji með samgirni taka fje af þeim mínum hjeraðsbúum, er nota bíla til ferða, til að bæta úr þessu og jafna þennan órjett, því að jeg er fyrst og fremst þm. fyrir landið, og ber að líta eingöngu á hag þjóðarheildarinnar, þangað til að aðrir háttv. þm. fara að vinna beinlínis fyrir sín kjördæmi, þá ber mjer að toga í minn enda, svo að hlutur míns kjördæmis verði ekki fyrir borð borinn.

ATKVGR.

Brtt. 352. voru of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum greiddum atkv.

Brtt. 352,1. (aðaltillaga) feld með 14 : 11 atkv.

— 352,1. (varatill.) feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. B., J. S., J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., P. O., P. Þ., B. J., E. Þ., E. E., B. Sv.

nei: J. A. J., M. G., M. K., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., H. K.

Einn þm. (Gunn S.) fjarstaddur.

Brtt. 352,2. feld með 14 : 9 atkv.

— 352,3. (ný 5. gr.) samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., J. S.,

J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., P. O., P. Þ., B. J., E. Þ., B. Sv.
nei: H. K., J. A. J., M. G., M. K., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., J. A. J., J. S., M. G., M. K., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J. Þór. J.
nei: Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., B. J., B. Sv.

og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 361).

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vildi segja um þetta frv. nú, og skal jeg ekki fara neitt inn á einstök atriði þess. Jeg vil aðeins láta í ljós þá ósk mína, að frv. verði vísað til fjhn., og um leið skjóta því til þeirrar nefndar, að hún athugi sjerstaklega 5. gr. frv., sem komst í gegnum Nd. með eins atkv. mun. Jeg vil mælast til þess, að hv. nefnd yfirvegi það, hvort ástæða sje til að binda hendur stjórnarinnar, með því að stofna sjerstakan sjóð af þessum skatti. Það liggur í augum uppi, að þessi sjóður kæmi hvergi nærri til að hrökkva til viðhalds þeirra vega, sem hjer er um að ræða, og þá virðist það vera lítið annað en fyrirhöfnin að vera að stofna sjerstakan sjóð, sem aldrei yrði fje í ári lengur. — Það er aðeins þetta, sem jeg vildi taka fram, og væri jeg háttv. nefnd þakklátur, ef hún feldi burt þessa gr. frv.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg skal ekki verða langorður að þessu sinni, en þar sem mjer er manna kunnugast þetta mál, get jeg ekki látið vera að gera grein fyrir skoðun minni á því. Jeg verð þá að játa það, að mjer finst þessi skattur alls ekki vera sanngjarn. Hann er of hár, og meira að segja talsvert hærri en hjá öðrum þjóðum, sem hafa þó langt um betri vegi að bjóða sínum farartækjum en við. Hjer er um nýmóðins farartæki að ræða, sem hafa þegar orðið mörgum til þæginda hjer á landi, og mjer finst lítil fyrirhyggja að þröngva mjög kosti þeirra með óhóflegum sköttum. Það gæti verið öðru máli að gegna, ef hjer væri að ræða um farartæki, sem keptu við einhver farartæki ríkisins og hnektu framgangi þeirra. En hjer er ekki um það að ræða. Þessi farartæki hafa þegar sýnt það, að þau eru mjög þörf hjer á landi, enda er þeim altaf að fjölga.

Það eina, sem menn geta fundið að bifreiðunum, og það, sem er þá líka aðalástæðan fyrir skattafrv. þessu, er það, að þær slíti mjög vegunum, einkum þó flutningsbifreiðarnar. Og mjer finst þó einmitt, að frv. hafi fengið bót í hv. Nd., þar sem lagt er til, að stofnaður verði sjóður, sem verja eigi úr fje til viðgerða þessum vegum, sem fyrir mestu sliti verða. Er með þessu að nokkru dregið af því, hve tilfinnanlegt þetta gjald yrði ella bifreiðaeigendum, því að þar fá þeir að nokkru leyti fje sitt aftur í bættum vegum, því að það ver bifreiðarnar sliti.

Jeg er því alls ekki samdóma hæstv. fjrh. (M. G.) um, að þessa gr. beri að fella burt, heldur tel jeg það mikla bót á frv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er misskilningur hjá háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.), að þessi skattur sje eftir frv. hærri hjer en hann er í öðrum löndum. Í Danmörku veit jeg til, að hann er fjórum sinnum hærri en tiltekið er í stjórnarfrv., og hefir hann þó verið færður niður í Nd. Mjer er einnig kunnugt um, að á Norðurlöndum yfirleitt er hann áþekkur því, sem er í Danmörku.

Háttv. þm. (G. Guðf.) taldi 5. gr. vera talsverða bót á frv., því að þá væri víst, að skatturinn færi til viðgerðar vegunum, sem væri bæði rjettlátt og nauðsynlegt. En hvernig færi nú, ef stjórnin tæki til sinna ráða og segði: „Þarna hafið þið fjeð til vegagerðanna; nú látum við ekki meira“. Skyldi þá ekki hætt við því, að þetta fje, sem í sjóðinn kæmi, hrykki skamt til viðhalds vegunum? Það er, eins og jeg tók fram áðan, aðeins til fyrirhafnar að vera að stofna þennan sjóð, sem svo ekki hrekkur til hvort sem er. Það er ekki nema sanngjarnt, að þeir, sem slíta mest vegunum, leggi dálítið af mörkum til viðgerðar þeim, og það eru vitanlega þeir, sem fluttir eru, en ekki þeir sem flytja, sem mundu greiða skattinn með hækkuðum flutningsgjöldum, og jeg skal bæta því við, að jeg álít, að flutningsgjald sje ekki svo hátt hjer enn, að ekki megi bæta við það, — að minsta kosti virðist notkun bifreiðanna ekki bera vitni um það.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg get ekki gengið inn á, að það sje rjett, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði um skattinn á bifreiðum erlendis. Að minsta kosti geri jeg ráð fyrir því, að þar sje þá eingöngu um „luxus“-bifreiðar að ræða.

Það stendur líka alt öðruvísi á hjer en erlendis með vjelar þær, sem bifreiðarnar eru reknar með. Sökum örðugra vega verða þær að vera tiltölulega miklu kraftmeiri hjer en þar sem skatturinn er lagður á eftir hestorku vjelanna, þá yrði gjaldið vitanlega miklu hærra.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er auðheyrt, að háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) finst bifreiðar og rekstur þeirra svo dýr, að þær þoli ekki neinn skatt að ráði. Einn háttv. þm. í Nd. (úr Árnessýslu) hjelt því fram fyrir skömmu, að ódýrara yrði að ferðast hingað að austan með bifreið en á hesti, og býst jeg við, að þetta sje hárrjett.

Jeg veit, að háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) gerði of mikið úr því, hver munur sje á hestorkutali vjela bifreiða hjer og erlendis. Eftir þeim skýrslum, sem jeg hefi fengið, er styrkleiki vjelanna hjer langalgengastur þetta 18—24 hestorkur, og jeg held, að ekki sje til nema ein mannflutningsbifreið hjer á landi, sem hefir yfir 40 hestorku vjel, og er það bifreið, sem einn stórkaupmaður þessa bæjar á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 361, n. 422 (meiri hl.), n. 447 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Eins og sjá má af nál. meiri hl. á þskj. 422, hefir nefndin ekki getað orðið samferða um þetta frv. Meiri hlutinn leggur til, að það nái ekki fram að ganga, og færir fyrir því ástæður í nál. sínu. Þarf jeg ekki mörgu við það að bæta, en þó má drepa á nokkur atriði.

Eins og kunnugt er, var hjer í Reykjavík áður fjöldi hesta, sem notaðir voru

til ferða og flutnings, því að þá voru hestar og kerrur aðalflutningatækin. — Þetta er nú horfið, eða er að hverfa, og í þess stað komnar bifreiðar. Bifreiðarnar verður því, nú orðið, að skoða sem almennings flutningatæki hjer, eins og t. d. sporvagnar og járnbrautir eru erlendis, því að annað tæki er ekki til. Og bifreiðarnar verður líka jafnframt að skoða sem menningartæki. Það er þeim að þakka að ferðalög geta orðið þægilegri og fljótari en á annan hátt, og ekki dýrari.

Að vísu veit nefndin það, að sumir telja bifreiðarnar vera ofnotaðar, að menn ferðist með þeim að óþörfu. En alt má nota í óhófi, og með öllum farartækjum má ferðast að óþörfu. Og það er víst líkt um skipin, að menn ferðast með skipum, þótt eigi sje brýn þörf, sjer til skemtunar. Eins tóku menn áður hesta sína, og taka enn, þar sem þeir eru til, og spretta úr spori sjer til skemtunar og hressingar, og datt þó engum í hug að leggja sjerstakan skatt á reiðhesta þess vegna. En þótt slík ferðalög sjeu talin óþörf, þá er og á það að líta, að mönnum er líka nauðsynlegt að ljetta sjer upp í hófi.

Tekjur af frv. þessu munu ekki verða eins miklar og stjórnin áætlar. Hestaflatala bifreiðanna hjer er víst talin eins og Ameríkumenn telja, en skattskylt hestafl er á Norðurlöndum reiknað alt öðruvísi. Munar það víst alt að helmingi, sem hestaflatalan verður lægri á Norðurlöndum. En annars er nú hvergi ákveðið í frv., eftir hvaða reglu á að reikna hestaflið.

Ef farið er að leggja slíkan umferðaskatt á bifreiðar, þá er ósamræmi í því að taka ekki sams konar skatt af öllum umferðatækjum; þá ætti t. d. að taka gjald af hverjum farseðli og hverju farmbrjefi með skipunum, eftir sömu reglu.

Nál. minni hlutans þarf jeg ekki að svara. Það hrekur í engu ástæður þær, sem meiri hlutinn hefir fært fram í áliti sínu.

Annars var það ekki ætlun mín að halda langa ræðu. Það, sem aðallega ber á milli, er það, hvort þessi farartæki sjeu óþörf, og vona jeg, að háttv. deild fallist á ástæður meiri hlutans og láti frv. ekki ganga fram.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Jeg mun ekki bæta miklu við það, sem stendur í nál. minni hl. á þskj. 447. Þetta mál lá hjer líka fyrir þinginu 1919, og varð þá nokkurt deilumál. Andmælendur skattsins hjeldu því fram þá, eins og nú, að skatturinn sje sjerstaklega skattur á framförum. En nú vil jeg spyrja þá: Erum við ekki altaf að leggja skatt á framfarir? Við látum fiskiskip borga lestargjald, afgreiðslugjöld, vitagjöld og útflutningsgjald af afla sínum, og þetta þykir nauðsynlegt. En eru þetta ekki líka skattar á framförum? Mjer virðast ferðalög ekkert rjetthærri en aðrar framfarir og framkvæmdir.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) játaði þó, að ferðalögin með bifreiðum væru ekki nema að nokkru leyti nauðsynleg. Flutningabifreiðar aftur á móti eru nauðsynlegar, og af þeim er í frv. gert að greiða mjög lágan skatt.

Einkum virðist mjer þessi skattur ekki vera tilfinnanlegur, þegar þess er gætt, að honum á að verja til viðgerða á þeim vegum, sem bifreiðar nota. Honum er því varið beint í þarfir greiðenda. Því meira sem gert verður við vegina og því betur sem það er gert, því lengur endast bifreiðarnar, sem um þá fara, og því minni verður viðhaldskostnaður þeirra. Ekki er þó hægt að segja hið sama um gjöldin af fiskiskipunum og önnur gjöld til ríkissjóðs yfirleitt. Þau ganga ekki beint til þess að hlynna að þeim atvinnuvegum, sem þau eru lögð á. Með þessu þykist jeg

hafa fært rök að því, að þessi skattur sje ekki ósanngjarnari en aðrir skattar.

Jeg hirði ekki að ræða um mismunandi álit manna um það, hver flutningatæki spilla mest vegunum. Þó held jeg nú að fleiri hallist að því, að það sjeu bifreiðarnar. Enda þarf ekki annað en að fara um þá vegi, sem þær eru notaðar á. Þá mun sjón sannfæra þá, sem sannfærst geta.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) sagði, að hestar og kerrur væru að hverfa sem flutningatæki. Jeg neita þessu. Hestar eru víðast ennþá aðalflutningatækið, og svo kerrur, þar sem hægt er að koma þeim við. (*B. K.*: Jeg meinti mannflutningakerrur). Þær hafa nú svo sem aldrei verið til. Og það eru ekki nema mjög takmörkuð svæði, þar sem bifreiðar verða að notum. Það er helst hjer í Reykjavík og nágrenni hennar, austanfjalls og uppi í Borgarfirði. Og mig uggir, að mótstaðan gegn skattinum stafi nú meðfram af því, að hjer eru gjaldendurnir við hendina. Annars efast jeg um, samkvæmt því, sem jeg hefi áður sagt, að gjaldendunum sje nokkur greiði ger með því að hamla því, að skatturinn komist á, þar sem hann á aftur að koma þeim til hagsbóta í betri vegum.

Mjer virðist því, eftir öllu, sem fram hefir komið í máli þessu innan þings, að hv. deild geti vel sjeð sjer fært að samþ. frv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. sýnist eiga hjer talsvert erfitt uppdráttar, svo að tvísýnt virðist, hvort það muni ná fram að ganga. Jeg vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að minnast á það með nokkrum orðum og andmæli þau, sem fram hafa komið gegn því.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) talaði um, að tekjurnar af skattinum mundu verða minni en stjórnin áætlaði. Nei, þær verða nú einmitt meiri, því að háttv. Nd. feldi úr stjórnarfrv. ákvæði um, að þær bifreiðar, sem aðeins ganga innan kaupstaðartakmarka, skyldu greiða skattinn til kaupstaðanna.

Viðvíkjandi því, sem hann talaði um hestaflatölu bifreiðanna, þá vil jeg upplýsa hann um það, að bifreiðar eru skrásettar, og um leið og það er gert, er skylt að gefa upp hestorkutölu vjelarinnar. Eftir því á að fara. Þess vegna er hægt að reikna skatthæðina út alveg nákvæmlega af þeim bifreiðum, sem skrásettar eru á landinu, og það var gert, þegar frv. var samið.

Þá er sú mótbára, að þetta sje skattur á framförum. Hvað á að skatta, ef ekki framfarir og framkvæmdir? Á að skatta afturfarir? Ja, þá held jeg nú að lítið komi inn af sköttum. Nei, skatt verður að leggja á, þar sem verðmæti eru til. Af verðlausum hlutum fæst aldrei skattur. Þessi mótbára er því ekki annað en leikur með orð.

Við erum nýbúnir að samþykkja að leggja skatt á skip. Hestar hafa verið skattaðir hjer á landi frá því tíund fyrst var lögleidd. Og ef bornar eru saman tekjur af einum hesti og bifreið, þá er jeg óviss um, hvor skatturinn verður hlutfallslega hærri. Því að flutningsgjöldin með bifreiðunum eru há. Jeg þurfti nú um daginn að fá sjúkling fluttan suður að Vífilsstöðum, og það kostaði 30 kr. Og svo mun vera hlutfallslega um aðrar vegalengdir. Nú er því borið við, að fargjöldin verði að vera há, vegna þess hve vegirnir eru vondir. En þá finst mjer skynsamlegra að leggja nokkuð í sjóð til þess að bæti vegina. Það gæti orðið góður *spari*sjóður fyrir bifreiðaeigendurna.

Samanburður meiri hlutans á samgöngum hjer og í Danmörku nær engri átt. Danmörk er flatt land, þrefalt minna og þrítugfalt fólksfleira en Ísland. Þar kemst

enginn samanburður að, því að ekkert er sameiginlegt. Það er líkt og að bera saman fíl og fló. En úr því verið er að bera saman við Dani, þá vil jeg geta þess, að jeg var að fá ný blöð frá Danmörku, og þar er sagt frá því, að nú sje lagt fyrir danska þingið frv. um hækkun á bifreiðaskattinum, svo að hann á eftir því að gefa í tekjur 7,6 milj. kr. á ári. En þegar við ætlum að fá 50—60 þúsund með samskonar skatti, þá ætla allir að ærast.

Jeg gat þess, að dýrt væri að ferðast með bifreiðunum. Þó upplýsti háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) það í háttv. Nd., að ódýrara væri að ferðast að austan í bifreið en á hestum, vegna þess, hve dýrt er að hafa hjer hesta. Enda urðu þeir allir þm. austan yfir fjall meðmæltir frv., einkum eftir að því hafði verið breytt í þá átt að leggja skattinn í sjóð til þess að endurbæta þá vegi, sem bifreiðar nota mest.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi ekki hugsað mjer að fara í neinar kappræður um málið, en hæstv. fjrh. (M. G.) veit, að jeg hefi frá upphafi verið á móti þessum skatti.

Nefndin vill ekki gera bifreiðum hærra undir höfði en öðrum samgöngutækjum, en hún vill aftur á móti ekki íþyngja þeim framar öllum öðrum tækjum. Strandferðaskipin eru styrkt með stórfje, en gjalda hverfandi lítinn skatt. Ef rjett er að leggja skatt á bifreiðar og leggja fjeð í vegasjóð, þá er líka rjett að tolla farmiða með skipum og leggja í skipasjóð. Það er sjálfsögð afleiðing og samkvæmni við hitt.

Þótt Danir leggi þennan skatt á, þá er það, eins og tekið er fram í nál., af því að þeir höfðu áður komið upp almenningsflutningatækjum, góðum og ódýrum, en því er ekki til að dreifa hjer. Þar voru bifreiðar því fremur óþarfar.

Hann sagði (fjrh. M. G.) að aðallega væri not að bifreiðum í Reykjavík og grendinni, en jeg vil fullyrða, að notkun þeirra sje orðin miklu almennari. Ef sjómaður þarf að fara suður með sjó, þá fer hann í bifreið. Ef fátækur maður er fluttur á sveit sína, þá er það gert í bifreið, og ef læknir er sóttur og flýti þarf við að hafa, þá er það í bifreið. Alstaðar eru nú bifreiðarnar til meiri eða minni nota hjer, og alveg eins notaðar af fátæku fólki og þeim, sem efnaðir eru.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að bifreiðastjórarnir hefðu mikið upp úr þessari atvinnu sinni, og þyldu því vel þennan skatt. En jeg vil benda hæstv. ráðherra (M. G.) á það, að skatturinn kemur ekki til að hvíla á þeim, heldur þeim, sem nota bifreiðarnar, því þess er að vænta, að stjórnarráðið ákveði taxtana, og taki þá tillit til skattsins, sem hvílir á bifreiðunum.

Jeg verð fyrir hönd minni hlutans að taka það fram, að við álítum það ekki rjett að fara að taka þannig eitt flutningstæki út úr og leggja skatt á það. (*Fjármálaráðh.*: Skipin eru líka flutningstæki, og það er lagður skattur á þau). Sá skattur er svo lítill, að vart er hægt að segja að teljandi sje, enda njóta þau líka styrks, sem ekki má gleyma.

Samanburðurinn hjá hæstv. fjrh. (M. G.) við Danmörku segir alls ekki neitt. Hann sýnir aðeins þann regin-mun á flutningum þar og hjer. Þar eru járnbrautarlestirnar aðalflutningatækin, en við höfum enn ekki náð lengra en fram til bifreiðanna.

Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild með lengri ræðu, en læt nú atkv. skera úr um þetta mál.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) tók fram, er jeg mintist á skipin, að sá skattur, sem á þau væri

lagður, væri vart teljandi. Það má vera, að þar muni miklu, en það þarf heldur ekki að leggja dýran akveg yfir sjóinn fyrir þau. Háttv. þm. (B. K.) sagði, að í Danmörku væri skatturinn 2 kr. á hestorkuna. En jeg verð að halda því fram, að það sje aðeins eftir gömlum lögum, því að nú mun það vera 5—45 kr. á hestorkuna, og hafa eigendur bifreiða þar samþykt þann skatt. — Það er rjett hjá háttv. þm. (B. K.), að stjórnarráðið mun ákveða taxtana, og við hitt verður tæplega ráðið þá, fremur en nú, hvernig farið verður eftir þeim.

Jeg verð að álíta, að hjer sje verið að stíga spor í rjetta átt, og þetta geti með tímanum orðið til talsverðra bóta fyrir vegakerfi okkar. Skatturinn sjálfur munar svo örlitlu á hverja bifreið, að menn munu varla verða hans varir. Það verða einar 140 kr. á hverja bifreið, og er það hverfandi í samanburði við tekjur hennar. Geri jeg ráð fyrir, að menn muni með tímanum sjá, að það borgi sig að borga t. d. 50 aurum meira fyrir sig hjeðan til Þjórsárbrúar en ella, og fá í mót bætta vegi, og svo með tímanum lægri fargjöld. (*B. K.*: Það verða nú aldrei unnin nein stórvirki fyrir það fje, sem hefst inn með þessum skatti). Jeg veit, að það muni ekki hrökkva til, ef ekki verður veitt fje úr ríkissjóði í viðbót, en talsvert mun það þó duga.

Jeg veit, að það eru ólíkt erfiðari samgöngur hjer en í Danmörku, en svo er það nú eitt sinn, og verður því ekki breytt. Við verðum að líta á það eins og það er og haga okkur í öllu eftir okkar staðháttum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., S. H. K., S. J., E. Á.

nei: G. G., G. Guðf., S. E., S. F., B. K., G. B.

2.—5. gr. samþ. með 9 : 4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 5 atkv.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (361, 493, 494).

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi ekki mikið að segja nú fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, því að jeg tók fram mest af því, sem jeg vildi sagt hafa um þetta mál, við 2. umr. Jeg vil aðeins lýsa enn yfir því, fyrir hans hönd, að hann álítur rangt að ganga inn á þessa braut og skatta slík fartæki. Annars hefir þetta mál nú verið rætt svo ítarlega, að jeg tel ekki rjett að tefja tímann á því lengur, en láta það nú ganga til atkvgr.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg get tekið undir með háttv. frsm. meiri hl. (B. K.), að jeg vildi helst, að enginn skattur væri lagður á bifreiðar og frv. þetta fjelli. — En með því að auðsætt er, að það kemur ekki til mála, þá hefi jeg komið fram með þá brtt., sem er á þskj. 494, og lýtur að því að fella alveg burt skattinn á flutningabifreiðum. — Jeg þarf ekki að taka það fram nú, hve óviðeigandi mjer virðist það, að leggja slíkan skatt á þessi fartæki, sem eru að verða aðalflutningatæki okkar, hjer á Suðurlandi a. m. k.

Auk þess er því svo háttað, að þá er búið að leggja fjórfaldan skatt á bifreiðarnar, þegar þetta frv. er gengið í gegn. Því fyrir utan þennan skatt hvíla fyrir á þeim

hátt farmgjald, í sama flokki og silki, tekjuskattur og eignarskattur. Jeg verð því að endurtaka það, að jeg er yfirleitt mótfallinn frv. þessu, en þessi brtt. mín er fram komin í því skyni að miðla hjer málum, eftir því sem unt verður.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg sje það, að háttv. þm (G. Guðf.) er það áhugamál að gera sem minst úr þessum skatti og finna honum sem flest til foráttu. Jeg get ekki með nokkru móti fallist á skoðun hv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) í því að það sje óviðeigandi að leggja skatt á bifreiðar, þótt hjer sjeu engar járnbrautir. Og hvað hinn margfalda skatt snertir, sem sami háttv. þm. (G. Guðf.) talaði um, þá sje jeg ekki, að bifreiðum sje þar vandara um en öðrum hlutum, sem eru fluttir til landsins, og sje jeg ekki t. d., að rjett væri að gera bifreiðum hærra undir höfði í þeim efnum en kornvöru eða öðrum beinum nauðsynjavörum.

Um brtt. er þess að geta, að jeg vil til samkomulags ganga inn á brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.), en vona þó jafnframt, að háttv. þm. Rang. (G. Guðf.) taki sína brtt. aftur.

ATKVGR.

Brtt. 494,1.a. tekin aftur.
— 494,1.b. feld með 8 : 5 atkv.
— 493,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 494,2 feld með 9 : 5 atkv.
— 493,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 : 4 atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 523).

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 523, 545, n. 551, 552).

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Guðmundsson): Háttv. Ed. hefir afgreitt frv. þetta og endursent það þessari deild, þannig breytt, að 8 kr. gjald komi í stað 12 kr. Meiri hluta fjhn. hefir komið saman um að láta þetta ákvæði standa óbreytt eins og það kemur frá háttv. Ed. Hún vill aftur á móti fella niður síðari lið 5. gr., um að mynda sjerstakan sjóð úr skattinum. Jeg gat þess við 3. umræðu, að óþarft sje að hafa sjerstakan sjóð, því að ríkissjóður hefir hvort sem er viðhald veganna, svo að það er aðeins til þess að auka erfiði og störf við reikningshald, að hafa sjerstakan sjóð. Jeg ætla ekki að lengja umræðurnar meira út af þessu atriði, en mun svara, ef ráðist verður á mig.

Þá er 1. brtt. á þskj. 552 frá 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Hún fer fram á að lækka gjaldið úr 8 kr. niður í 5 kr. Meiri hl. nefndarinnar er mótfallinn þeirri breytingu, þar sem hann helst vildi hækka gjaldið aftur úr 8 kr., en leggur það þó ekki til, bara vegna þess, að hann vill forða málinu frá því að þurfa að fara í sameinað þing.

Þá er brtt. á þskj. 545 frá háttv. samþm. mínum, 1. þm. Árn. (E. E.). Meiri hl. nefndarinnar hefir athugað hana og sjer sjer ekki fært að taka hana til greina. Þó að mjer þyki leitt að þurfa að leggja á móti háttv. samþm. mínum (E. E.), þá verð jeg þó að gera það, því að ef það er rjett af hinu háa Alþingi að leggja skatt á bifreiðar, þá á sá skattur engu síður að koma niður á bifreiðum sveitamanna heldur en bæjarmanna, því að bifreiðar slíta jafnt vegunum, hvort sem þær eru eign sveita- eða bæjarmanna. Og þar sem eins stendur á, að einstakir menn njóta sömu

gæða, þá er sjálfsagt, að þeir beri sömu gjöld.

Eiríkur Einarsson: Þingið hefir gengið inn á þá braut að styrkja með fjárframlögum samgöngur á flóum og fjörðum og með ströndum fram. Nú er það vitanlegt, að sumar sveitir eru svo settar, að þær geta ekki orðið þessa styrktarfjár aðnjótandi. Í því sambandi hljóta fyrst og fremst að koma til greina uppsveitirnar, sem liggja langt frá sjó. Býst jeg við, að fulltrúum Árnesinga sje báðum minnisstætt ástandið þar.

Í fyrra fóru bændur í upphreppum Suðurlandssveitanna að brjótast í því að fá sjer bifreiðar til flutninga til og frá kaupstöðunum, eins og jeg hefi getið um fyr við umræðu þessa máls hjer í deildinni. En vegir eru þar svo vondir, að það er með herkjum hægt að koma bifreiðum áfram eftir þeim. Vegna þess, hvað vinna er orðin dýr og fólki fáu á að skipa, þá er nær ógerningur fyrir bændur að flytja alt á hestum eða hestvögnum, slíkur tími sem í það fer þar í uppsveitunum. Það er því óhjákvæmilegt fyrir þá að reyna til að koma flutningum sínum fyrir á annan hagkvæmari hátt. Þá grípa þeir til þess að reyna bifreiðar, eins og jeg hefi áður sagt.

Þegar nú er á það litið, hvað dýrar bifreiðar eru, og annars vegar vegir þar austur frá svo vondir, að þeir slíta afarfljótt flutningatækjunum, þá virðist það skjóta nokkuð skökku við viðleitni þingsins í að styrkja samgöngur með ströndum fram, ef fara á að íþyngja uppsveitamönnum með því að skatta þau tæki, er þeir nota til erfiðra aðdrátta, þó á landi sje. Jeg hjelt að minsta kosti, að háttv. samþm. mínum (Þorl. G.) mundi renna blóðið til skyldunnar í þessu, og því ekki leggjast á móti brtt. minni. Hann spurði, hversvegna þessar bifreiðar ættu ekki að borga eins og aðrar, úr því þær slitu eins mikið vegunum. Þessu hefir hann sjálfur og meðnefndarmenn hans að mestu svarað, með því að rjettlæta skattinn, eigi síst með því að leggja hann sem „luxus"-skatt á óþörfustu tækin. Samkvæmt því eiga þær bifreiðar, sem einungis eru hafðar til nauðsynjaaðdrátta sveitamanna, alls ekki að skattast. Í samræmi við þetta er í frv. lagður fjórfaldur skattur á mannflutningabifreiðar á við þær, sem ætlaðar eru til vöruflutninga.

Samkvæmt þessu öllu saman hlýtur það að vera rjett að undanskilja algerlega skatti þær bifreiðar, sem hafa alveg samskonar hlutverk og bátar þeir, sem styrktir eru til ferða með ströndum fram. Jeg held, að það þurfi ekki að verða neinum sjerstökum vafa undirorpið, hvaða bifreiðar skuli undanþegnar skatti samkv. brtt. minni; það skal, eftir því sem þörf krefur, sannað fyrir lögreglustjóra, að þær sjeu aðallega notaðar til aðdrátta og flutningaþarfa sveitabænda. Hvergi í sýslufjelagi eru, að minsta kosti enn sem komið er, svo margar bifreiðar, að hjer geti orðið álitamál. Þarf því það atriði ekki að fæla neinn frá að samþykkja till. Mjer þótti rjett að miða undanþáguna við það, að bifreiðin væri aðallega notuð í þessu skyni. Má t. d. bóndi ekki gjalda þess, þótt hann ljeði bíl sinn í eina ferð á ári, er teldist til annara nota.

Að lokum vil jeg láta þess getið, að mjer finst þessi till. vera svo sanngjörn og sjálfsögð, að háttv. deildarmenn hljóti að gjalda henni jákvæði. En fari svo, að deildin felli hana, þá get jeg ekki greitt atkv. með frv., úr því sem komið er.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Eins og háttv. deildarmenn sjá, hefi jeg komið fram með brtt. á þskj. 552. Fyrri till. er nú eingöngu orðabreyting. Mjer finst rangt að orða það svo í 1. gr., að skatturinn renni í ríkissjóð, þar sem stofna á

sjerstakan sjóð af honum. En þetta skiftir þó ekki miklu máli, því að altaf hlýtur að fara svo um skattinn sem síðar er ákveðið í frv., sem sje í 5. gr.

Hin till. fer fram á lækkun skattsins úr 8 kr. ofan í 5 kr. af hestorku hverri. Þetta finst mjer sanngjörn lækkun og eðlileg, því að eftir því sem nú er upplýst í málinu, mun þetta vera sá hæsti skattur, sem tekinn er af mannflutningabifreiðum í öðrum löndum. Hjer eru sárafáar „luxus"-bifreiðar, ekki nema svo sem 2—3, svo ósanngjarnt er að miða við þær; eðlilegast að miða við bifreiðar þær, sem flestar eru hjer, en það eru mannflutnings-leigubifreiðar. Átta króna skattur er altof hár, og það er fimm kr. skatturinn auðvitað líka. Það verður eitthvað á annað hundrað kr. á hverja bifreið, og er það allálitlegur baggi, ekki síst þegar tillit er tekið til þess, að bifreiðar þurfa hjer meira viðhald og pössunarsemi en annarsstaðar. Vegir eru hjer slæmir, eins og háttv. þm. hafa iðulega getað sannfærst um. Í bifreiðaferðinni, sem þingmenn fóru út úr bænum núna fyrir skemstu, tjáði einn bifreiðarstjórinn mjer, að þessi ferð borgaði sig ekki fyrir þann taxta, sem ekið væri eftir, sem er 50 kr. fyrir þá vegalengd. Og hann sagði ennfremur, að þó þessi ferð væri farin fyrir 100 kr. svo oft, að inn væri komið verð bifreiðarinnar, þá myndi hún verða útslitin eftir þann akstur, og þá væri ekkert til fyrir bensíneyðslunni eða kaupi bifreiðarstjóra. Þetta sagði þessi bifreiðarstjóri, og jeg skal geta þess, að hann er ekki bifreiðareigandi, heldur ekur fyrir annan, og hafði því enga ástæðu til að vera hlutdrægur. En af þessu mega allir sjá, hversu ósanngjarnt það er að leggja svona háan skatt á þessi samgöngutæki. Jeg skal geta þess, að jeg felst á brtt. 1. þm. Árn. (E. E.). Mjer finst sjálfsagt að undanskilja slíkar bifreiðar, enda er það í raun og veru í samræmi við það, að jeg vil ekki láta leggja skattinn á yfirleitt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get sagt svipað um þetta frv. sem hið síðasta, jeg óska helst að það verði samþ. óbreytt. Jeg vil því beina þeirri ósk til fjhn., að hún taki aftur sína till. Hún hefir hvort sem er enga þýðingu, því að eins og jeg tók fram við 3. umr. málsins, þá er það einungis formsatriði, hvort skatturinn rennur í sjerstakan sjóð eða ekki. Þess vegna vildi jeg að fjhn. tæki hana aftur; það ber of lítið á milli til þess að frv. fari að flækjast á milli deilda fyrir það. Jeg get ekki heldur fallist á brtt. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Fyrri liður hennar getur ekki staðist af reikningslegum ástæðum, og hinn síðari fer fram á svo geysimikla lækkun á skattinum, að jeg get alls ekki aðhylst hana. Jeg verð og að mótmæla því, að skattur sá, sem hjer er farið fram á, sje hinn hæsti sem þekkist. Nýlega er framkomið í Danmörku frv., sem gerir ráð fyrir miklu hærri skatti en þetta. Danir gera ráð fyrir, að skattur þessi nemi 7,6 miljónum á ári. Brtt. 1. þm. Árn. (E. E.) finst mjer einnig mjög órjettlát. Það er engin meining í því, að bændur uppi í Mosfellssveit sjeu undanþegnir skattinum, ef hann gildir hjer rjett hjá. Og ef þetta yrði samþykt, mundi afleiðingin verða sú, að bændur í Mosfellssveit mundu að nafninu til verða eigendur allra bifreiða hjer, og enginn skattur koma í ríkissjóð. Og það er eingöngu fyrir hrossakaup, að háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) getur verið með þannig lagaðri till.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Hæstv. fjrh. (M. G.) tók nú eiginlega af mjer ómakið. Mjer væri kærast, að fjhn. tæki aftur sína brtt. Það er engin fyrirhöfn, þótt skatturinn sje látinn renna í sjerstakan

sjóð. Sem sagt, jeg legg aðalálhersluna á það, að frv. verði nú samþ. hjer óbreytt, svo það þurfi ekki að fara aftur til Ed.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg stend hjer upp í tilefni af brtt. 1. þm. Árn. (E. E.). Mjer skilst, að í henni felist það, að þær bifreiðar, sem notaðar eru til þess að flytja vörur og fólk fyrir sveitabændur, sjeu undanþegnar skattinum. Jeg, eins og líka allir í fjhn., hefi alls ekki getað gengið inn á þetta. Með þessu er hægt að teygja skattfrelsið svo langt, að ef til vill væri ómögulegt að ná skattinum inn, því að margir bifreiðaeigendur munu nota bifreiðar sínar í þarfir bænda að einhverju leyti. Háttv. þm. (E. E.) var með samanburð á hjálp ríkissjóðs til samgöngubóta handa sveitabændum og til þeirra, sem í kaupstöðum búa. En það er ekki sambærilegt. Þó að einstök hjeruð hafi styrk til bátaferða, þá eru það oftast þau hjeruð, sem litlar samgöngur hafa á landi. Ef við bærum t. d. saman Vestfjörðu og svo Árness- og Rangárvallasýslu, þá væru það engin aukahlunnindi, þótt veittur væri styrkur til bátaferða á Vestfjörðum, því að í þessum sýslum, sem jeg nefndi, er á ári hverju varið stórfje úr ríkissjóði til vegagerða. En hvað er lagt til vega í Ísafjarðarsýslu eða á Vestfjörðum? Háttv. þm. (E. E.) þarf ekki að kvarta fyrir hönd Árnesinga yfir þessum skatti. Þar eru ekki nema 3—5 flutningabifreiðar, sem bændur eiga, og þá yrði skatturinn ekki nema um 300 kr. á sýslubúa, og er það ekki mikið á svona stórt hjerað. En annars á háttv. þm. (E. E.) ekki að einblína svona á hag kjördæmis síns, heldur sem víðsýnn þingmaður að hugsa um hag alls landsins og fara þar að dæmi háttv. samþm. síns (Þorl. G.). Sem sagt, jeg verð eindregið að mæla á móti þessari brtt., því að eftir henni verður mjög vafasamt, hverjir bifreiðaskattinn eiga að greiða og hverjir ekki.

Jón Þorláksson: Eins og háttv. deildarmenn kannast við, hefir því altaf verið haldið fram, og enda tekið fram í athugasemdunum við frv. frá stjórninni, að 15 króna skattur á hestorku hverri væri lægri en tíðkaðist annarsstaðar. Jeg skal játa, að jeg hafði tekið þetta trúanlegt, og ekki gert neinar athugasemdir um þetta við 3. umr. málsins. En síðan hefi jeg kynt mjer þetta nokkuð og komist að raun um, að þetta er mjög fjarri því að vera rjett. Í Danmörku hefir til þessa tíma verið gildandi lög, að af bifreiðum einstakra manna hefir verið goldinn 10—18 kr. skattur af hverri hestorku, en af leigubifreiðum 2. kr. (*Fjármálaráðherra*: Frá hvaða tíma eru þau lög?). Þau eru frá 1918. Svo var þessi 2 króna skattur hækkaður með bráðabirgðalögum upp í eitthvað 4 kr. Og það síðasta, sem jeg veit í málinu, er það, að lagt hefir verið fram frv. um að hækka hann upp í 5 krónur. Nálega allar þær bifreiðar, sem hjer eru til, ættu að komast undir þetta ákvæði, því að hjer eru sárafáar „luksus"-bifreiðar til. Sama er að segja um Noreg. Þar er gjaldið miklu lægra en hjer er gert ráð fyrir, hæst 7 kr. Auk þess er amtsráðum, bæjarstjórnum og sveitarstjórnum heimilað að setja gjaldið lægra fyrir bifreiðar, sem annast flutninga innan tiltekinna hjeraða. Svo er annað höfuðatriði, en það er það, hvað við skattinn er gert annarsstaðar. Í Danmörku er því þannig varið, að $^1/_{20}$ partur skattsins rennur í ríkissjóð, en hitt rennur til sveitarstjórnanna, sem hafa vegaviðhaldið á hendi. Sama máli gegnir með Noreg. Skattur bifreiða, sem eru í förum innan tiltekinna hjeraða, rennur í sjóði, sem svo eru notaðir til viðhalds vega í þeim hjeruðum. Ef

bifreið er í förum um fleiri hjeruð, skiftist skatturinn milli hjeraðanna. Af þessu má sjá, að í nágrannalöndunum er skattinum eingöngu varið til viðhalds vegum. Mjer þykir það því undarlegt, að meiri hluti nefndarinnar skuli leggja til, að numið verði burt ákvæðið um, að skattinum skuli varið til vegaviðhalds, eftir að það hefir náð samþykki þessarar deildar og einnig háttv. Ed.

Hæstv. fjrh. (M. G.) hjelt því fram, að það væri formsatriði, hvort gjaldið rynni í sjerstakan sjóð eða ekki. Ríkissjóður kosti hvort sem er meiru til vegaviðhalds en þessum sjóð nemi. En þetta er þó ekki þýðingarlaust atriði. Fyrst og fremst er eftir ákvæðinu í frv. ekki heimilt að nota sjóðinn til vegabóta alment, heldur til að greiða aukakostnað, sem stafar af því að gera bifreiðarhæft slitlag á vegi, umfram það, sem venjulegt malarslitlag kostar. Svo er það og venjan, þegar þröng er í búi og tekjuhalli í fjárlögunum, að klípa fyrst úr fjárveitingum til vegabóta. Og þá er það ekki þýðingarlaust að eiga sjóð, sem hvorki er undirorpinn vilja fjvn. nje Alþingis. Þetta á að vera sjerstakur sjóður, sem safnað er í og tekið er úr til sjerstakra afnota.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Jeg hefi álitið nauðsynlegt að gefa upplýsingar um, hvernig skattinum er fyrirkomið í Danmörku og Noregi, því að hjer hafa verið gefnar villandi upplýsingar um það efni. Og jeg verð að játa, að það er hart fyrir mig, sem stuðningsmann stjórnarinnar, að geta ekki treyst upplýsingum, sem hún setur í aths. við frv. sín.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er bersýnilegt, að þm. Reykv. leggja mikið kapp á, að þetta frv. nái ekki fram að ganga. Mjer finst, að þeir gangi nokkuð langt, ekki síst er þeir tala um bifreiðaskattinn í Danmörku. Jeg verð að segja það, að jeg trúi Jóni Krabbe betur en háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Hann bjó þetta frv. til fyrir okkur eftir lögum þeim, sem gilda um þetta efni í Danmörku. En svo var skatturinn hjer færður niður um helming. Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir aðeins sagt frá lægsta skattinum. Hann getur stigið upp í 45 kr. af hestaflinu á þeim bifreiðum, sem hjer eiga að skattast með 5 kr. eftir brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), sama og 49 af því, sem hann getur verið í Danmörku. Jeg hefi aldrei neitað því, að skattinum yrði varið til vegaviðhalds. En það er ekki nema eðlilegt, að skatturinn renni í sveitasjóðina í Danmörku, því að þar hafa þær vegaviðhaldið á hendi, en hjer er það ríkissjóður, og er það því hugsunarrjett, að skatturinn renni í ríkissjóð. Það var svo ákveðið í stjórnarfrv., að skattur af bifreið, sem ferðaðist innan einhvers ákveðins lögsagnarumdæmis, skyldi endurgreiðast til þess. En þetta ákvæði feldi nefndin niður. Ef það á að fara að lækka skattinn niður í 5 krónur, þá álít jeg eins gott að sleppa honum. Þá munar sama og ekkert um hann.

Að því er snertir sögu þá, sem háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hafði eftir bifreiðarstjóranum, sem flutti hann upp að Álafossi á dögunum, þá getur hún náttúrlega verið góð, en ekki vil jeg leggja mikið upp úr sögusögnum hlutaðeigandi manna. En ef vegirnir eru svo slæmir, sem saga sú ber vitni um, þá ætti það að vera hvöt til þess að hafa skattinn sem hæstan, því að eftir ákvæðum frv. er ekki heimild til að verja honum til annars en vegaviðgerða.

Eiríkur Einarsson: Hæstv. fjrh. (M. G.) mótmælti till. minni og taldi ósamræmi í henni fólgið. Þetta get jeg ekki viðurkent. Till. fer fram á að hlynna að bændum, sem eiga erfitt með aðdrátt allan að heimilum sínum, og er ekki frekar ósamræmi í því að veita þeim hlunnindi þessi

en að veita hjeruðum, sem samgönguerfitt eiga á sjó, styrk til bátaferða. Mosfellssveitardæmi fjrh. (M. G.) á ekki við; er á jöfnum rökum bygt og ef neita ætti t. d. Austfirðingum um styrk til flóabáta þar, af þeim ástæðum, að þeir, sem byggju næst lendingarstað, ættu með því altof hægt aðdrátta. (*Fjrh.*: Skopleg heimska).

Þá andæfði háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) og till. minni og sagði, að hún mundi aðallega hlynna að bifreiðaeigendum. En þá hefir hann ekki aðgætt, að till. nær aðeins til þeirra flutninga, sem bændur annast, eða eru þeirra aðdrættir; væri undanþágan ekki síður nauðsynleg, þótt þeir yrðu t. d. að leigja bílinn eða kaupa aðdrættina. Og ef bændur eiga bifreiðar, ber ekki að líta á þær öðruvísi en sem aðdráttartæki til heimilis þeirra. Má að því leyti jafna þeim til vagna og hesta. Mjer þykir nokkuð langt gengið, ef tolla á vöruflutninga bænda, sem erfitt eiga, en styrkja aðra til samgangna; það hefi jeg áður tekið fram, og á að vera auðskilið.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) benti á það, að Árnes- og Rangárvallasýsla hefði fengið mikið fje úr landssjóði til vegabóta, og er það rjett. En þetta hefir orðið þeim alldýrt, því að viðhald veganna legst þungt á þessar sýslur. Þær standa því ekki betur að vígi en aðrar, því að fjarlægðir eru þar geysimiklar. En þess er ekki að vænta, að háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) skiljist þetta; hann á öðru að venjast, sjófuglinn sá.

Frsm. meiri hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg verð að segja það, að mjer þykir mál þetta ekki orðið svo mikilsvert, því að svo er búið að klípa utan af skattinum, að óvera ein er eftir. Jeg skal ekki tefja tímann með því að tala lengi um slíka smámuni. En af því jeg tel skattinn sjálfsagðan og rjettlátan, verð jeg að svara nokkrum orðum því, sem móti honum hefir verið haft, og vona jeg, að málæði mitt verði ekki verra en annara háttv. þm.

Hæstv. fjrh. (M. G.) fór fram á, að jeg tæki till. á þskj. 552 aftur. Jeg hefi ekki haft tækifæri til þess að bera þetta undir nefndina, og get því ekki tekið till. aftur upp á eindæmi mitt, og jeg vil það ekki, því að jeg álít till. til bóta. Hv. deild er í lófa lagið að fella till., ef hún álítur það rjett, og skal jeg ekki fjargviðrast yfir því.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) lýsti átakanlega erfiðleikum bifreiðaeigenda, og nefndi þar sem dæmi Álafossferðina. En þó að bifreiðaeigendur hafi ef til vill haft skaða af þeirri ferð, held jeg að landssjóður eða sá, sem á að annast viðhald veganna, hafi beðið meira tjón.

Þá átaldi háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) það, að jeg bygði í framsöguræðu minni á umsögn stjórnarinnar um skattinn í Danmörku. Jeg hafði ekki aðrar heimildir og þótti ekki rjett að rengja stjórnina. Mjer verður því ekki um kent, þó að sú skýrsla hafi verið eitthvað villandi, en jeg efast um, að svo hafi verið.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) vildi aðeins láta leggja slitlag á þá vegi, sem bílar gengju um. En hver veit, hvaða vegir það eru? Jeg veit ekki betur en að bílar fari um alt, þar sem þeir komast, og getur enginn sagt um það, hvert þeir geta komist.

Þá vík jeg að háttv. samþingismanni mínum (E. E.). Jeg skal ekki fara í neinar deilur við hann, en mig furðar, að hann skyldi ekki koma fyr með till. sína. Jeg veit, að hún er borin fram af góðum hug til kjósenda okkar, en jeg tel mig fyrst og fremst þingmann alls landsins, og lít á það, hvað því er fyrir bestu. Þessi skattur er rjettlátur og er í þágu allra landsmanna, og þá einnig kjósenda minna, og þó að einstakir menn meðal þeirra þykist verða

hart úti, verður að gæta þess, að ekki má taka meira tillit til þeirra en hinna, og eins eiga hlunnindi þau, sem þeir hafa af bifreiðunum fram yfir hina, að vega á móti skattinum. Dalabúar, sem helst þyrftu á bílunum að halda, geta lítið notið þeirra, nema um hásumarið. Á vetrum þurfa þeir að fara með vagna eða sleða, og jafnvel sleða undir vagninum. Þessir menn nytu því lítils góðs af þessari ívilnun.

Jeg verð að halda fast við það, að skatturinn sje rjettlátur. Jeg tel það ekkert of mikið, þó að bíll, sem fer langar leiðir og slítur mikið vegum, verði að greiða 80 kr. í skatt um árið, því að það er vitanlegt, að þeir skemma vegi fyrir meira en 80 kr. Og þó að t. d. 30 menn í einni sveit í sýslunni hafi sjerstaklega gott af þessum bílaferðum, þá er ekki rjett að láta þá sitja í fyrirrúmi allra hinna. Þó að till. háttv. samþm. míns (E. E.) sje af góðum hvötum runnin, get jeg ekki greitt henni atkv., því að jeg álít hana ekki fyllilega rjettláta, og jeg verð að taka meira tillit til rjettlætisins heldur en til einstakra kjósenda minna. Þó þessi till. háttv. samþm. míns (E. E.) sje af góðum toga spunnin, þarf hv. deild ekki að taka tillit til þess eins, heldur ber henni að fara eftir þeim, sem vitið hafa meira í hvert sinni.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Viðvíkjandi því, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) upplýsti um bílaskattinn í Danmörku, skal jeg taka það fram, að jeg leit eins á það mál og háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.); jeg tók stjórnina trúanlega. En jeg skal geta þess, að þetta hafði engin áhrif á afstöðu mína, því að jeg var mótfallinn skattinum yfirleitt, og fann því enga ástæðu til að afla mjer upplýsinga um það, hve vitleysislegur þessi skattur kynni að vera erlendis. En jeg get ímyndað mjer, að þessar upplýsingar hefðu ef til vill breytt afstöðu einhverra annara nefndarmanna, ef þær hefðu komið fyr. Þeir hafa bygt á samanburði við skattinn í Danmörku, og nú reynist svo, að það hafa verið rangar forsendur. En þó vil jeg ekki áfella stjórnina svo mjög fyrir þetta, því að eftir því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) upplýsti, hafði stjórnin fengið þessa skýrslu frá manni, sem hún hafði ástæðu til að taka trúanlegan. En í samanburði við skattinn í Danmörku er þessi skattur ranglátur. Það er eins og sá, sem upplýsingarnar hefir gefið, hafi tekið meðaltal af skattinum þar, og lagt það meðaltal til grundvallar fyrir skattinum hjer, ef til vill þó með nokkurri hækkun. En bifreiðar hjer eru yfirleitt eins og þær bifreiðar í Danmörku, sem gjalda lægsta skatt, og get jeg ekki skilið, að hv. deildarmenn telji það sanngjarnt, að af þeim sje borgaður „luxus"-skattur. Jeg býst við, að nefndin hefði aldrei gengið að þessum skatti, ef henni hefðu verið kunnir allir málavextir.

Þá vildi jeg gjarnan fá upplýsingar um eitt atriði. Við hvað á að miða skattinn? Annarsstaðar er það venja að miða hann ekki við þá hestaflatölu, sem bifreiðar eiga að hafa, heldur er skatturinn reiknaður út eftir vissum „formúlum", en í þessu frv. er ekkert á þá átt. Ef það er nú tilætlunin, að skatturinn miðist við þá hestaflatölu, sem upp er gefin af verksmiðjunum, þá mundi sú reyndin á verða, að skatturinn yrði margfalt hærri en annarsstaðar.

Þá verð jeg að telja vafasamt, að bifreiðar hjer geti borið þennan skatt. Þær eru yfirleitt lítið notaðar og gera varla betur en að bera sig, og þessi skattur gæti riðið baggamuninn.

Hæstv. frjh. (M. G.) spurði að því, viðvíkjandi Álafossferðinni, hvers vegna bifreiðareigandinn hefði látið fara þá ferð, úr því að á henni tapaðist. Þessu er því til að svara, að meðan vegir eru vondir, tapast á bifreiðaferðum, en bifreiðaeigendur geta ekki lagt ferðirnar niður, heldur verða

þeir að vinna upp tapið þegar færðin batnar.

Þá hjelt háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að landssjóður hefði tapað meira á ferðinni en bifreiðaeigandinn, en jeg held að það sje ekki rjett. Jeg gat engan mun sjeð á veginum á heimleiðinni; hann var eins slæmur, en varla verri, en á leiðinni að Álafossi. Hann var satt að segja svo vondur fyrir, að hann gat ekki versnað.

Það er orðin þjóðtrú, að bifreiðar skemmi vegina meira en nokkurt annað flutningstæki, en þegar það hefir verið rannsakað, hefir annað komið í ljós. Fyrst þegar kom til mála hjer á Alþingi að leggja skatt á bifreiðar, fór nefndin, sem athugaði það mál í Ed., austur yfir fjall í bifreið. Og hún komst að þeirri niðurstöðu, að hestvagnar mundu valda meiri skemdum á vegum en bifreiðar. Þetta er ekki óeðlilegt, þegar þess er gætt, að bifreiðar fara miklu harðar yfir og renna á breiðari og mýkri hjólum.

Það er vitanlegt, að vegirnir slitna, ef þeir eru notaðir, og verður að sætta sig við það. En ef á að fara að skattleggja farartæki á landi, þó að samgöngur á sjó sjeu styrktar, þá er ekki sanngjarnt að taka bifreiðar út úr og leggja skatt á þær, því að þær eru ekki einu sökudólgarnir við vegaskemdir.

Forseti (B. Sv.): Mjer hefir borist brjef frá 10 háttv. þm., er hljóðar svo:

„Undirritaðir þingmenn óska að umr. sje hætt.

Sigurður Stefánsson, Eiríkur Einarsson,
Þórarinn Jónsson, Stefán Stefánsson,
Jón Sigurðsson, Þorleifur Jónsson,
Hákon Kristófersson, Pjetur Ottesen.
Pjetur Þórðarson, Björn Hallsson.“

Nú vil jeg geta þess, að 2 háttv. þdm. hafa þegar kvatt sjer hljóðs, og það er venja, að þeir þm. fái að taka til máls, sem kvatt hafa sjer hljóðs áður en beiðnin um að umr. hætti er fram komin.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg fyrir mitt leyti skal falla frá orðinu, ef aðrir vilja gera það.

Magnús Jónsson: Jeg fell ekki frá orðinu, en hins vegar get jeg lofað því að lengja ekki umr. mikið.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þá fell jeg heldur ekki frá orðinu, úr því háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) er það kappsmál að taka til máls.

Forseti (B. Sv.): Þá verður borið undir atkvæði, hvort umr. skuli hætt, þegar þeir hafa lokið máli sínu, sem kvatt hafa sjer hljóðs.

ATKVGR.

Samþ. með 14 : 2 atkv. að slíta umr.

Magnús Jónsson: Jeg get sparað mjer að lengja umr. og slept mörgu, sem jeg hafði þó hjá mjer ritað, vegna þess, að hv. samþm. minn, 3. þm. Reykv. (J. Þ.) mintist á það, og kom þar að auki með upplýsingar, sem miklu máli skifta. Annars þótti mjer merkilegt, hvernig háttv. frsm. (Þorl. G.) tók þessum upplýsingum. Hjer er þó sjáanlega um mörg ný atriði að ræða og margar merkilegar upplýsingar, sem sjálfsagt er að athuga, svo þeirra hluta vegna hefði háttv. frsm. (Þorl. G.) átt að biðja um, að málið yrði þegar tekið af dagskrá. Jeg sje ekki betur en að upplýsingar háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) kippi algerlega grundvelli þeim í burtu, er stjórnarfrv. virtist vera bygt á. Þess vegna hefði fjrh. (M. G.) átt að beina því til nefndarinnar, að hún tæki aftur við málinu og athugaði betur þessar upplýsingar. Það er ekki langt að muna, að hv.

fjrh. (M. G.) mæltist til, að mál eitt væri tekið af dagskrá vegna lítils misskilnings, sem á hafði orðið. Vilji hann ekki nú taka þetta mál af dagskrá, tekur hann á sig ábyrgðina.

Jeg er ekki að væna stjórnina þess, að hún hafi gefið vísvitandi rangar upplýsingar í þessu máli. En úr því það er sannað, að hæstv. stjórn hefir ekki sjálf rannsakað þetta mál, heldur farið eftir því, sem einhver umboðsmaður hennar hefir sagt henni, og nefndin svo bygt á því, sem stjórnin hafði eftir þessum umboðsmanni, þá ætti háttv. þdm. að vera ljóst, eftir þær upplýsingar, sem nú eru fram komnar, að málið er illa í pottinn búið frá byrjun.

Þess vegna getur það ekki verið af öðru en þráa hæstv. fjrh. (M. G.), ef málið verður ekki tekið af dagskrá og reynt að athuga það betur. Og þó að það dagaði uppi á þessu þingi, tel jeg ekki mikinn skaða, því að þá mætti svo fara, að á næsta þingi yrði það aftur á ferðinni, og þá að líkindum á einhverjum sanngjarnari grundvelli.

Annars vildi jeg spyrja háttv. fjhn., hvort hún hafi nokkuð athugað lög þau, dönsk og norsk, sem að þessu máli lúta, og sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) mintist á, því að hafi hún ekki gert það, þá hlýtur hún að hafa bygt á upplýsingum stjórnarinnar, en þær eru, eins og nú er á daginn komið, ónákvæmar og jafnvel villandi.

Ef fylgja á máli þessu fram með kappi og gera frv. nú þegar að lögum, þá vil jeg leyfa mjer að mælast til, að brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), um 5 kr. af hverri hestorku, verði samþ., því að þar er þó um dálitla sanngirni að ræða. En heppilegast tel jeg, að málinu yrði frestað til næsta þings, og vona jeg því, að hæstv. fjrh. (M. G.), sem einn má tala, noti þetta leyfi sitt til þess, að málið verði tekið af dagskrá.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) spurði, hvernig reikna ætti út þennan skatt. Það á að telja hann eftir hestorku hverrar bifreiðar, eins og hún er skrásett hjá lögreglustjóra, og svo er það gert annarsstaðar. (*J. þ.*: Nei, það er ekki rjett!). Það verður þó að fara eftir þeirri „formúlu", sem verksmiðjurnar, eða þeir, sem bifreiðarnar smíða, leggja til grundvallar fyrir hestorkufjöldanum.

Þegar sami háttv. þm. (Jak. M.) segir, að það komi ekkert málinu við, þó að jeg hafi upplýst um það, að 9 sinnum hærri skattur væri á samskonar bifreiðum í Danmörku heldur en hann ætlast til að sje hjer, þá veit jeg ekki hvaða þýðingu það hefir að mæla með rökum með eða móti máli. Þetta, að kalla skattinn settan á framfarirnar, er bara slagorð, sem ekki er á neinum rökum bygt. Jeg skal játa, að bifreiðarnar mega teljast til framfara, en eigi eingöngu að leggja skatt á afturfarirnar, býst jeg ekki við að hann nemi miklu. Það er fjarstæða, að þessi skattur geri það að verkum, að menn sjái sjer ekki fært að halda úti bifreiðum. Mjer datt ekki í hug að rengja það, sem einhver maður sagði háttv. sama þm. (Jak. M.) um bifreiðaslitið á leiðinni til Álafoss um daginn, en jeg sneri vopninu í höndum háttv. þingmanns með því að sýna honum fram á, að þetta mælti með skattinum en ekki móti; bregst hann reiður við, og gildir mig það einu.

Jeg ætla ekki að deila um það, hvað slíti vegunum mest, en hins vegar vísa jeg til orða háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um það mál. Hann segir, að það sjeu bifreiðarnar, sem mest slíti vegunum og verst fari með þá, og hann er þó sá maðurinn, sem getur úr flokki talað; hann hefir ver-

ið landsverkfræðingur og hefir vit á slíkum málum sem þessu.

Annars get jeg ekki látið vera að benda á það, í sambandi við brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að mjer finst það undarlegt, að þm. komi með brtt. við frv., sem hann ætlar þó að vera á móti.

Viðvíkjandi því, sem hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) beindi til mín, finn jeg enga ástæðu til þess að verða við ósk hans og taka málið af dagskrá. Jeg hefi sjeð þetta nýja frv., sem Danir hafa til meðferðar, og af því sje jeg, að þetta okkar frv. er alls ekki ósanngjarnt. Í Danmörku er skatturinn hærri á flutningabifreiðum heldur en fólksbifreiðum.

Að öllu athuguðu virðist því, að skatturinn ætti að vera hærri hjer, en ekki lægri, og það vegna staðháttanna; landið er 3 sinnum stærra, en þjóðin mörgum sinnum mannfærri. Hvernig getum við þá ætlast til að borga minna.

Að endingu vil jeg bæta því við, að það sat illa á háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) að vera að brýna mig á þessu máli, eftir að jeg var búinn að reka hann í vörðurnar í öðru máli fyrir skemstu. Hann beið þá fullkominn ósigur, og eins mun fara nú, þrátt fyrir munnskálp þm. (*M. J.*: Það er nú hægast að fara með slíkar fullyrðingar, þegar búið er að binda fyrir munninn á manni). Hann getur sjálfum sjer um kent; jeg bauð honum að falla frá orðinu, en það vildi hann ekki.

Forseti (B. Sv.): Mjer hefir borist svohljóðandi rökstudd dagskrá frá háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.):

„Með því að upplýsingar þær, sem miðað er við, þegar ákveðin var upphæð skattsins í frv. um bifreiðaskatt, eru mjög ófullkomnar og jafnvel villandi, telur deildin ekki fært að ráða þessu máli til lykta nú, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Nú hafa umr. staðið alllengi, og ýmislegt það fram komið, er til upplýsinga mætti verða máli þessu, en stuttur tími til þess að átta sig á slíku. (*Margir þm.*: Nei, nei!). Því virðist mjer rjett að skjóta því til hv. frsm. meiri hl. (Þorl. G.), hvort það sje ósk hans, að málið sje tekið af dagskrá. (*Þorl. G.*: Nei, alls ekki). Þá spyr jeg hv. frsm. minni hl. (Jak. M.), hvort það sje ósk hans, að málið sje tekið af dagskrá. (*Jak. M.*: Já!).

Magnús Kristjánsson: Jeg sem formaður nefndarinnar lýsi því yfir, að það sje tilgangslaust að taka málið af dagskrá og víkja því til nefndarinnar. Hún hefir þegar tekið afstöðu til þessa máls, og tekur ekkert tillit til þess, sem fram hefir verið borið hjer í dag.

Forseti (B. Sv.): Þar sem dagskránni var lýst að loknum umræðum (þótt hún væri fyr fram komin), og með því, að komið hefir fram ósk um það að taka málið af dagskrá, þá mun jeg samkvæmt þeim rjetti, sem mjer er gefinn eftir þingsköpunum, verða við þeirri ósk, og tek jeg þá málið af dagskrá.

Sigurður Stefánsson: Að taka málið af dagskrá er gert til þess að lengja þingtímann.

Forseti (B. Sv.): Jeg mótmæli þessu sem alröngu. Málið er tekið út af dagskrá til þess að þingmenn geti betur athugað dagskrána og nýframkomnar upplýsingar. Atkvæðagreiðslan tekur jafnlangan tíma, hvort sem hún fer fram nú eða á morgun. (*S. St.*: Alt hlutdrægni forseta, eins og vant er). Jeg hefi fulla heimild til — ekki

einungis að taka *þetta* mál af dagskrá upp á mitt eindæmi, heldur og *öll* málin á dagskránni, ef mjer þætti svo henta. Víti jeg háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fyrir ósæmileg orð í garð forseta.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var fram haldið einni umr. (A. 523, 545, n. 551, 552).

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 4. þm. Reykv. (M. J.), sú er kom fram á síðasta fundi, var feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. Þ., M. J., M. P., B. J., Gunn. S., Jak. M., J. B., B. Sv.
nei: J. S., M. G., M. K., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J.

Brtt. 552,I.a. tekin aftur.
— 552,I.b. feld með 16 : 8 atkv.
— 545. feld með 18 : 5 atkv.
— 552,II. feld með 16 : 9 atkv.

Frv. óbreytt samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Þ., J. A. J., J. S., M. G., M. K., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.
nei: E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. P., B. J., B. H., B. Sv.

og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 590).

26. Skilgetin börn.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna (A. 20).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki sagt það sama um þetta frv. sem hin tvö náskyldu frv., sem jeg hefi nýlega um rætt, að það sje sjerlega áríðandi að það komist í höfn á þessu þingi. En nái hin frv. fram að ganga nú, sem jeg ekki efa, og þá verði fengin heimildarlög um þau skyldu efni, þá þykir mjer sennilegt, að rjett sje að fá heildarlög um það efni, sem þetta frv. ræðir um, og að mörgu er hliðstætt hinum, enda býst jeg ekki við, að það þurfi að taka mikinn tíma fyrir hið háa Alþingi að láta það fylgjast með hinum. Og svo má minna á það, að Alþingi hefir krafist þessa frv.

Frv. þetta nær að eins til foreldra og hjónabandsbarna, er foreldri eru hvorki skilin að borð og sæng nje að lögum, en þegar svo stendur á, að foreldri eru skilin, eru ákvæði um afstöðu þeirra og barna þeirra að finna í frv. um hjúskap.

Í þessu frv. er safnað saman í eina heild skráðum og óskráðum ákvæðum, lagaákvæðum og ákvæðum, sem fylgt hefir verið í framkvæmd, bætt við nokkrum nýmælum og hin eldri gerð fyllri. Er hjer höfð til fyrirmyndar, eins og í hinum tveimur frv., ný lagasetning á Norðurlöndum.

Mjer þykir eigi þörf á að benda sjerstaklega á nýmæli þessa frv. Það mætti má ske nefna sjerstaklega 24. og 25. gr. frv.

Að öðru leyti hirði jeg ekki að orðlengja um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 438).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vona, að háttv. þdm. hafi kynt sjer nál., og mun jeg því ekki endurtaka það, sem þar stendur, og yfirleitt ekki halda neina ræðu.

Nefndin hefir aðeins gert eina efnisbreytingu á frv., en margar orðabreytingar, sem nefndin að sjálfsögðu telur til bóta, en gerir þó ekki að miklu kappsmáli. Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli á því, að ein brtt. hefir fallið úr á þskj. 438. Hún átti að vera við 11. gr., til samræmis við þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á 10. gr. Brtt. er sú, að fyrir „börnin“ í 1. málsgr. 11. gr. komi „þau“. Vona jeg, að hæstv. forseti sjái sjer fært að leiðrjetta þetta í atkvgr. Fleira hygg jeg, að jeg þurfi ekki að taka fram.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að játa, að jeg hefi ekki athugað orðabreytingarnar nægilega. Vona þó, að þær breyti hvergi efni að neinum mun. Orðalag nefndarinnar er víst að mörgu leyti viðkunnanlegra, en þó er jeg ekki alveg viss um að svo sje alstaðar. Jeg rek mig hjer t. d. á eitt orð í 11. gr., það er orðið „innræta“. Það er nú ef til vill gott og gamalt orð, en jeg kann þó ekki við það, og finst orðið „temja“ gott.

Þessi eina efnisbreyting, sem nefndin hefir gert, er ofursakleysisleg, en gæti þó verið dálítið athugaverð. Ef það hjóna, er annað yfirgefur, er ekki því betur efnum búið, þá getur verið erfitt fyrir það að greiða meðlag fyrirfram fyrir ½ ár. (*Jóh. Jóh.*: Það er eins og um börnin). Nei, það er alt annað. Barnsmeðlög eru varla mjög há, en meðlag til konu t. d., og það mundi venjulega vera maðurinn, er greiða á, getur orðið talsvert hátt, svo að maður getur þurft að leggja út svo þúsundum skiftir í einu, en ef mánaðargreiðsla væri, mundi maðurinn geta greitt það af starfsemi sinni eða launum. Jeg má segja, að maður hefir orðið að greiða 5—6 þús. kr. með konu sinni á ári, og er þá nokkur munur, hvort greiddar eru 3000 kr. í einu eða 500 kr. á mánuði. Hið síðara getur verið manninum kleift, þótt hið fyrra sje það varla.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg skal geta þess, að það hjóna, sem yfirgefur hitt, hefir valdið hjúskaparslitum á ólöglegan hátt, og er því hjer ekki um saklausan að ræða. Greiðslan, sem hjer er rætt um, er bæði til barna og hins hjóna, og getur það líka verið há upphæð, sem með börnunum fer, ef þau eru mörg. Nú á samkv. frv. meðlag með börnum að vera greitt fyrirfram fyrir hálft ár í senn, og er þá eðlilegast, að báðar greiðslurnar geti orðið samferða, enda er erfitt að þurfa að ganga eftir meðlagi mánaðarlega. Og því vafningaminni verður innheimtan sem færri eru gjalddagarnir.

Enn fremur er á það að líta, að ekki er nærri altaf hinu brotthlaupna gert að skyldu að greiða meðlag með hinu. Og meðlagshæðina á að miða við hag beggja hjóna, og getur hún breyst, ef ástæður þeirra breytast. Ef efnin eru nú svo mikil, að hægt sje að gera hátt meðlag, þá sje jeg ekki, að það sje ósanngjarnt, þótt það eigi að greiða fyrir hálft ár í einu.

Forsætisráðherra (J. M.): Fyrst og

fremst er það nú alls ekki víst, að það hjóna, sem yfirgefur hitt, fari brott, heldur getur það eins vel orðið það, sem yfirgefið er. Hitt eru bara lagaorð.

Jeg tek það ekki aftur, að það geta verið töluverðir erfiðleikar á því að greiða fyrir hálft ár í einu. Einkum á þetta þó við um þá menn, sem taka laun sín mánaðarlega. Þeim gæti verið hægt að greiða mánaðarlega, en illmögulegt tvisvar á ári. Meðlag með börnum er varla svo hátt, að ekki sje hægt að komast einhvernveginn yfir það. En meðlag t. d. með konu getur orðið hátt, og þá erfitt að greiða út háar upphæðir, ef maðurinn situr með miklar eignir, þótt erfitt sje að koma þeim í verð.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Alveg sama gildir um meðlag með börnum, og væri eftir því rjettast að breyta því í sama horf.

ATKVGR.

Brtt. 438,1. samþ. án atkvgr.
— 438,2. (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 438,3. (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 438,4. (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 438,5. (ný 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 438,6.a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 438,6.b. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,7. samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,8.a.—b. samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,9. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 438,10.a.—b. samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 438,11.a.—b. samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 438,12 samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,13.a.—b. samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,14.a. samþ. með 14 atkv.
— 438,14.b. samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,15.a.—b. samþ. án atkvgr.
— 438,15.c. feld með 7 : 7 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 438,16.a.—g. samþ. án atkvgr.

17. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 438,17.a.—b. samþ. án atkvgr.

18. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,18 samþ. með 10 shlj. atkv.

19. gr,. svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,19.a. samþ. án atkvgr.
— 438,19.b. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 438,19.c. samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,20 samþ. án atkvgr.

21. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,21 samþ. með 12 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,22.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 438,22.b. samþ. án atkvgr.

24. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 438,23 samþ. með 13 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 438,24 samþ. án atkvgr.

30. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 62. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 471).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vil aðeins fyrir nefndarinnar hönd leggja til, að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur hjer fyrir og sent til háttv. Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgreitt til neðri deildar.

Á. 62. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 471).

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti (B. Sv.): Frv. þetta er hingað komið frá háttv. Ed.; var þar til meðferðar í allsherjarnefnd, og geri jeg það að tillögu minni, að því verði vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 21 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 471, n. 534).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það er hið sama að segja um þetta frv. og hin tvö sifjafrumvörpin. Hefir það fengið að öllu sama undirbúning. Lárus H. Bjarnason hefir samið það, og í Ed. hefir það verið athugað af allsherjarnefnd mjög rækilega. Gerði nefndin við það nokkrar orðabreytingar, en enga efnisbreytingu, og hefir allsherjarnefnd Nd. fallist að öllu leyti á þær.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt og telur það, í sambandi við hin frv., mikilsverða rjettarbót.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
10.—30. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 604).

---

27. Útflutningsgjald af síld.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um útflutningsgjald af síld o. fl. (A. 10).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Í ástæðunum fyrir þessu frv. er gerð grein fyrir því, hvers vegna haldið er útflutningsgjaldi af síld, þótt ætlast sje til, að önnur útflutningsgjöld falli niður. Þessar ástæður vil jeg ekki endurtaka hjer, því að jeg þykist vita, að háttv. þm. hafi kynt sjer þær, og jeg vona, að meginþorri háttv. deildarmanna sje þeim samdóma, enda er stefna frv. alveg samræm því, sem samþ. var á Alþingi 1919, í öllum meginatriðum, þar á meðal um gjaldhæðina.

Jeg mun ekki fara fleiri orðum um frv. við þessa umr., nema andmæli komi fram, en legg til, að því verði vísað til fjárhagsnefndar, þegar þeir, sem eitthvað kynnu að hafa á hjarta, hafa leyst frá skjóðunni.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg mun ekki gefa tilefni til að auka mikið við umræður; vil aðeins lýsa því yfir, að jeg er mótfallinn þessu frv. og mun koma fram með annað frv. í fjárhagsnefnd, sem fer í aðra átt, verðskattsfrumvarp. Ástæðan til þess, að jeg er mótfallinn frv., er sú, að skattgjaldið er mjög órjettlátt, eins og því er fyrirkomið í frv. Útgerðarmenn hafa orðið að borga stórfje í ríkissjóð, enda þótt lítið eða ekkert hafi selst af síldinni og flutningskostnaður ekki einusinni fengist borgaður. Jafnvel dæmi til þess, að útgerðarmenn hafi orðið að borga 10—15 þúsund kr. í skatt af atvinnu, sem rekin hefir verið með hundrað þúsunda kr. halla. Að vísu skal jeg viðurkenna, að það er kostur við frv., að útlendingar koma til að borga

mikið af tollinum, en það eitt er þó ekki nægilegt frv. til rjettlætingar. Frv. mitt mun fara í þá átt, að hár verðskattur sje lagður á þann hreina ágóða, sem verða kann af síldarsölunni, og veit jeg, að þar um er mjer sammála fjöldi útgerðarmanna á Ísafirði og norðanlands, og útgerðarmenn á Ísafirði hafa látið það í ljós við mig, að þeir sættu sig við það, þó að þeir yrðu að gjalda alt að 2 krónum af hverjum 5 krónum, sem þeir hefðu í hreinan ágóða, *fremur* en það skattgjald, sem fram á er farið í frv.

Í þetta sinn læt jeg mjer nægja að benda á það, að við útreikning á skattinum myndi hægt að láta hagstofuna reikna út meðalútgerðarkostnað, og miða svo skattgjaldið við þann ágóða, sem umfram kynni að vera.

Fjármálaráðherra (M. G.): Aðeins örfá orð. Hefi ekki sjeð þetta nýja frv., og get því ekki sagt neitt um það að svo stöddu, nje hvort jeg muni verða því fylgjandi. Verð þess vegna að halda fram mínu frv., og endurtek þá ósk mína, að því verði vísað til fjárhagsnefndar að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 15 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 348).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg get að mestu vísað til nál. fjhn. á þskj. 348 um meðferð nefndarinnar á þessu máli. Eins og sjá má þar, er á frv. gerð ein breyting, sem nokkru skiftir, eins og það kom frá hátts. stjórn.

Þessi breyting er talsvert rótnæm, og má vera að sumum sýnist hún athugaverð, þó að nefndinni virðist það ekki. En þessi breyting byggist á sterkum mótmælum frá síldveiðamönnum gegn þessum feiknaskatti, sem tekinn er án tillits til söluverðsins. Þetta útflutningsgjald er óvenjulega hátt, og hefir aldrei verið jafnhátt sem nú, að síðastliðnu ári undanskildu. En eins og kunnugt er, þá er veiði þessi mikið stunduð af útlendingum, og því gekk þingið 1919 svo langt í að hækka þennan skatt sem það gerði, **eða í 3 kr. af tunnu hverri.** Fyrir þennan tíma var þessi skattur mjög miklu lægri. Frá 1907—1912 var hann 50 aurar á tunnu, og frá 1912—1919 var hann 25 aurar aðeins. En það er fleira, sem hvetur **til þess að hafa gjaldið hátt** en veiði útlendinganna. Margir eru það, sem telja tvísýnt, hvort þessi atvinnuvegur sje hollur þjóðfjelaginu. Veiði þessi fer fram þegar annar eru mestar við önnur störf, og dregur hún fjölda fólks frá öðrum atvinnuvegum, en auk þess vill oft fara svo, að veiðin bregst og fólkið kemur tómhent heim.

Endurgreiðslan á skattinum, ef skaði verður á sölu síldar, sem nefndin leggur til, er ekki eins mikil og útgerðarmenn fóru fram á. Töldu þeir rjett að endurborga hann að fullu, þegar skaði yrði á sölunni.

Má þetta að vísu teljast sanngjarnt, en svo langt taldi nefndin sjer þó ekki fært að ganga, enda mundi það valda altof miklu misrjetti milli erlendra og innlendra manna og valda ágreiningi.

Mjer hefir verið bent á, að þessi brtt. nefndarinnar mundi valda óánægju hjá búsettum útlendingum hjer, sem ekki hafa ríkisborgararjett. Má vera, að þetta sje rjett, en eins og nú er komið, þá er ekki

jafnrík ástæða til fullkomins jafnaðar sem 1919, því að þá vorum við meira upp á grannþjóðirnar komnir.

Önnur brtt. er við 10. gr. og lýtur að því að láta þessar ívilnanir ná til þeirra manna, er veiða síld á þessu sumri. Má rjettlæta hana með því að benda á, að litlar líkur eru fyrir því, að veitt verði mikið á þessu sumri, einkum ef lögin frá 1919 verða látin gilda til næsta árs.

Magnús Jónsson: Þessar breytingar háttvirtrar fjárhagsnefndar á stjórnarfrv. eru sjálfsagt breytingar í rjetta átt. Hún viðurkennir, að gróðavegurinn sje nokkuð stopull af síldarsölunni, og því sje full ástæða til að draga nokkuð úr tollinum, þó að ákveðinn sje, ef illa tekst, en hins vegar sýnist mjer, að nefndin hafi eigi gengið nógu langt. Sýnist mjer sem hjer sje verðtollur það eina sanngjarna.

Þætti mjer vænt um að fá skýrslu um það frá háttv. fjhn., hvort hún hefði athugað þessa leið, og ef svo væri, hvort hún hefði þá sjeð mikla örðugleika á henni.

Ef útflutningsgjaldið er miðað við verð síldarinnar, þá getur það orðið feiknahátt, en þá kemur það rjettlátlega niður, því að það er fyllilega sanngjarnt, að ríkissjóður fái sinn skerf, þegar uppgrip eru mikil hjá útgerðarmönnum. Aðalerfiðleikarnir við verðtollinn eru því að ákveða takmarkið, þar sem ætti að byrja að taka hann. En hægt væri að láta Hagstofuna safna skýrslum um framleiðslukostnaðinn, og miða svo við það. Gæti jeg felt mig við, að greiða mætti lágmarkstoll af síldinni, jafnvel þó að skaði yrði af sölunni, t. d. þó að framleiðslukostnaður á tunnu væri 60 kr., því að þá mætti þó ákveða toll af því, sem færi yfir 50 kr., en hitt verður að fyrirbyggja, að tollur sje greiddur, jafnvel þó stórskaði verði, því að þá er skattur greiddur af mestu útgjöldunum, í stað þess að greiða hann af tekjunum, sem auðvitað er það rjetta.

Vil jeg svo að síðustu ítreka þá ósk mína, að nefndin geri grein þess, hvort hún hefir athugað verðtollsleiðina, og ef svo var, hvað það var þá, sem aftraði henni frá að fara þá leið.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg mundi koma með í fjhn. frv. til laga um verðskatt, sem kæmi í stað stjórnarfrv. Þetta gerði jeg, og hefir nefndin athugað það nokkuð, en jeg hefi þó aðhylst stjórnarfrv. með þeim breytingum, sem nefndin hefir gert á því.

Jeg er sammála háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) í því, að hið eina rjetta í skatti á útfluttri vöru sje verðskattur, sem lagður er á ágóða. Þá gengur ríkissjóður of langt, er hann skattleggur tap manna, og útfluttar vörur má eigi skatta svo, sem hjer er gert. Og þó að jeg hafi nú orðið samferða meðnefndarmönnum mínum, þá er langt frá því, að jeg sje ánægður, en sýndist rjettast að snúast ekki á móti þessu til bráðabirgða, en jeg vænti þess fastlega, að útflutningsgjaldi af allri vöru verði bráðlega svo fyrirkomið, að ekki verði annað skattlagt en ágóðinn.

Viðvíkjandi útlendingunum, sem hjer stunda veiðar, er það að segja, að allir munu kannast við, að við stöndum mun ver að vígi en þeir. Því er t. d. nú slegið föstu, að Svíar skuli fá styrk úr ríkissjóði, til þess að stunda veiðar hjer, og einnig að öðru leyti hafa þeir betri aðstöðu. Aðflutningur á tunnum og salti er miklu ódýrari hjá þeim en okkur. Þeir hafa skip, er koma með þetta til þeirra og taka svo síldina frá þeim og flytja hana út, en við þurfum að leigja dýr skip til þessa. Auk þessa sleppa þeir útlendingar, sem eigi

búa hjer, ljettara við skattabyrðina en við.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg verð að taka það fram, að jeg álít, að brtt. háttv. nefndar sjeu ekki til bóta. Það lítur að sönnu vel út að ætla að endurgreiða, ef síldin selst undir framleiðslukostnaði, en þetta er nú samt sem áður eigi svo mikil sanngirni, sem það sýnist í fljótu bragði.

Það mun oft vera svo, að duglegi og hygni maðurinn selur vel, en sá fyrirhyggjulausi illa. Færi þá svo, að hygni maðurinn fengi ekkert endurgoldið, en hinn, sem illa fer að ráði sínu, fær það. Sýnist mjer þetta allvarhugavert.

Auk þessa er það mikill vandi að afgera um kostnaðarverðið, og hygg jeg, að það verði mjög erfitt að fá ábyggilegar sannanir um það. Býst jeg við, að hjer sje gengið út frá kostnaðarverði hvers einstaks manns, og verða þá verðlögin jafnmörg og síldveiðamennirnir eru. Getur þá enn leitt af þessu, að óhagsýnustu og duglausustu mennirnir hafi mestan hagnaðinn af þessu. Þeir hleypa útgerðarkostnaðinum upp úr öllu valdi, og fá svo tollinn endurgreiddan. Lítur því þetta óbeinlínis svo út, að hjer sje verið að verðlauna ódugnaðinn og óhagsýnina.

Ef brtt. þessar hafa fylgi hjer í háttv. deild, þá þarf nauðsynlega að athuga þetta vel fyrir 3. umr. og koma með ákvæði, sem fyrirbyggir þetta. Ef það er meining nefndarinnar, að sama kostnaðarverð eigi að vera hjá öllum, þá þarf að taka þetta fram.

En þótt ráðin yrði bót á þessu, mun jeg ekki geta fylgt brtt. nefndarinnar, einmitt fyrir þá sök, að jeg er samdóma nefndinni um, að síldveiðar sjeu, eins og nú stendur, miður hollur atvinnuvegur. Jeg er nefndinni samdóma um, að þessar veiðar gefa stundum mikinn arð og stundum mikinn skaða, og verða því að teljast töluvert hættuspil. Nú vil jeg ekki hvetja neinn til að leggja fjármuni sína í hættu í þessum atvinnuvegi, en verði brtt. nefndarinnar samþ., er það sterk hvöt til að stunda þessar veiðar, og meira að segja yfirlýstur vilji Alþingis um, að ríkissjóður skuli taka þátt í þessari áhættu að ekki óverulegum hluta. Það mundi verða talinn mikill stuðningur við aðra atvinnuvegi, ef slíkar ívilnanir væru settar, og jeg neita því ákveðið, að síldveiðarnar eigi þetta skilið öðrum atvinnuvegum fremur.

Það verður að minnast þess, að síldveiðarnar eru versti keppinautur bænda um vinnukraft um sláttinn, og hver getur reiknað út það böl, sem af því getur leitt og hefir leitt.

Það er nú reyndar gott og blessað og ekkert við því að segja, þegar síldin kemur og vel veiðist, en þegar hún kemur ekki eða kemur seint og fólkið verður að bíða vikum saman og aðhefst ekkert, þá fer allur sá vinnukraftur til einskis, eða er ónotaður á þeim tíma, er hans er allra mest þörf í sveitum. Þetta er mikið böl, og úr því vil jeg draga, en ekki auka það.

Annars get jeg í þessu efni vísað til aths. við frv. mitt, og þarf því ekki að fara frekar út í þetta efni.

Það er kunnugt, að eins og stendur er markaður íslenskrar síldar mjög takmarkaður, og er því nauðsynlegt, vegna verðsins, að framleiða ekki meira en markaður er fyrir, til þess að geta haldið verðinu uppi. En brtt. nefndarinnar fara í gagnstæða átt, þar sem þær hvetja til veiða, nema ef sett væru almenn lög um takmörkun síldveiða, sem trygðu það, að menn gætu verið hjer um bil vissir um bærilegan markað.

Það er líka hætt við, ef brtt. nefndarinnar verða samþ., að djúpt skarð verði höggvið í tekjur yfirstandandi árs, og hjelt jeg, að við mættum síst við því, eins og sakir standa nú. Jeg sje því ekki, að

brtt. sjeu til bóta, og óska, að þær verði feldar og frv. samþ. óbreytt.

Um það, sem háttv. frsm. (Sv. Ó.) hjelt fram, að varhugavert væri um þennan toll, að því leyti, að hætt væri við óánægju útlendinga þeirra, er búsettir eru hjer á landi, þá gæti það vel komið fyrir, en það er ekki vert að ræða um það hjer í heyranda hljóði, heldur mun betra að athuga þetta milli umræðanna.

Jeg vil taka það fram, að jeg skil brtt. nefndarinnar þannig, að hinn lögskipaði miðlari við sölu síldarinnar erlendis gefi aðeins vottorð um söluverðið, en hann getur ekki sagt um, hvort hún hefir selst undir kostnaðarverði.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) hefir tekið það fram að mestu leyti, sem jeg þurfti að taka fram um endurborgunina og fyrirkomulagið á henni, og þarf jeg engu að bæta við um það.

Eins og hann gat um og gert er ráð fyrir í aths. nefndarinnar, þá taldi nefndin ekki heppilegt að láta þetta fyrirkomulag gilda um aðrar tegundir af útflutningsvörum.

En út af því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði um erfiðleikana, sem mundu leiða af því, að þetta ákvæði væri sett, að ákveða hvenær rjett væri eða ekki að greiða útflutningsgjald af síldinni, þá vil jeg benda á það, að eftir till. nefndarinnar er það tiltölulega fljótt, að krefjast verður endurgreiðslu, því að innan árs verður að liggja fyrir vottorð um söluna.

Þeim, sem því lengi drægju söluna, í von um meiri gróða, og yrðu þar af leiðandi of seinir að tryggja sjer endurgreiðslu á tollinum, ef illa færi, væri engin vorkunn.

Mjer finst líka, að ekki sje hægt að skoða þetta sem verðlaun fyrir að neita góðum markaði, þó að einhver hafi tapað, af því að hann hafi ekki selt jafnsnemma og aðrir, eða af öðrum orsökum farið á mis við hagkvæma sölu. Og þótt það kæmi fyrir, að einstöku maður tapi, af því að hann ekki hefir selt nógu snemma, þá þarf það ekki að vera sjálfsögð regla.

Hæstv. fjrh. (M. G.) tók það fram, að ekki væri ástæða til að hvetja menn til að stunda þennan atvinnuveg. En hvötin verður ekki mikil, þó að þeir fái þessa ívilnun; miklu fremur er hætta á, að þessi lög verði til að aftra mönnum frá að leggja í þessa veiði. Það er að þessu leyti dálítið varhugavert að fella niður gjaldið, ef illa tekst til um söluna, eins og hitt að halda því svo háu, að menn skirrist við að veiða.

Það hefir líka altaf verið meira bent á skuggahliðar þessa atvinnuvegar en kosti hans, og skal jeg líka játa, að kostirnir hafa oft reynst rýrir.

Magnús Kristjánsson: Jeg get ekki hjá því komist að andmæla ræðu hæstv. fjrh. (M. G.). Það lítur út fyrir, að þessi fáránlegi skilningur á þessu máli ætli að verða arfgengur hjá fjármálaráðherrunum mann fram af manni. Það var stefna fyrverandi fjármálaráðherra að hafa ósanngjarnan toll á síldveiðinni, til þess að fá hann nógu háan að krónutölu á pappírnum, þótt fyrirsjáanlegt væri, að hann gæti aldrei komið inn, svo ósanngjarn sem hann hefir verið nú síðustu árin.

En jeg lít öðruvísi á þetta mál. Jeg álít, að menn sjeu að svíkja sjálfa sig, með því að gera sjer óheilbrigðar vonir um tekjur fyrir ríkið af þessu; jeg vildi reyna að komast hjá því, að þessi vonbrigði þyrftu að eiga sjer stað.

Þegar litið er á, hvaða breyting er á orðin síðan 1907—þá var tollurinn 20 aurar, en nú er hann orðinn 3 krónur — þá

sjer maður, hvað afskapleg ósanngirni hefir verið frammi höfð í garð þeirra, er þennan atvinnurekstur stunda.

Á þinginu 1907, þegar sú breyting kom fram að hækka tollinn úr 20 aurum upp í 50 aura, mætti hún talsverðum mótblæstri. Og þá var löggjafarvaldið svo sanngjarnt að sjá það, að of freklega var að farið, og var því jafnframt ákveðið að endurgreiða innlendum mönnum talsverðan hluta af tollinum. Þá var nú litið svo á málið, og finst mjer sá skilningur vera talsvert heilbrigðari. En til allrar óhamingju hafa nú komið nýir menn, og með þeim ný stefna, sem gerir það að verkum, að ekki er talið rjettmætt að endurgreiða, og því síður að afnema þessa hækkun, sem orðið hefir á tollinum, sem aldrei skyldi verið hafa. Stefna þessara manna er sú að íþyngja þessum atvinnurekstri, með því að bæta við sköttum og hækka þá, uns fullvíst er, að útvegurinn fær ekki undir risið. Þetta hygg jeg, að geti líka valdið miklum erfiðleikum fyrir aðra atvinnuvegi, því að sje síldveiðin rekin í stórum stíl, þá eru það oft margvíslegir hagsmunir, ekki einungis fyrir atvinnurekendur sjálfa, heldur og fyrir alþjóð.

Í sambandi við þetta vil jeg benda á það, að þótt því sje haldið fram, að síldveiðin hafi sjerstaklega orðið til að hækka kaupgjaldið, og með því gert öðrum atvinnuvegum erfitt fyrir, þá er að líta á það, að á stríðsárunum, þegar dýrtíðin óx svo afskaplega og verð lífsnauðsynja margfaldaðist, þá var það aðalhjálpin, að hægt var að stunda þann atvinnuveg, sem einn var fær um að greiða það kaupgjald, að almenningur var fær um að framfleyta lífinu af því. Það verður líka að líta á þessa hlið sem hina, að síldveiðin hefir valdið því, að kaupgjald hækkaði; það varð að hækka, til þess að fólk gæti lifað. Þegar frv. kom fram um, að landið seldi lífsnauðsynjar undir verði, þá hefði orðið að samþykkja það, ef þessi atvinnuvegur hefði ekki verið. Og hvernig hefði þá farið?

Jeg er sannfærður um, að þessi fjárhagsvandræði, sem nú standa yfir, hefðu þá riðið landinu að fullu, ef gjaldþrotið hefði ekki áður verið skollið yfir.

Hæstv. fjrh. (M. G.) taldi brtt. ekki heppilegar. En mjer er óhætt að segja, að það eitt út af fyrir sig er ekki nægilegt til að sannfæra nefndina um, að þær sjeu óviðeigandi. Jeg varð ekki var við röksemdir. Þótt hann reyndi að benda á það, hvað erfitt mundi verða með sanni að ákveða kostnaðinn, þá hafði nefndin athugað það atriði nokkuð, áður en hún ljet málið frá sjer fara, og var henni það fullljóst, að hægt var að fá fastan grundvöll, er ákveða mætti kostnaðinn eftir, ekki í hverju einstöku tilfelli, heldur fyrir heildina, svo ekki þyrfti að muna neinu verulegu.

Á hverju ári er nokkurnveginn fastákveðið verðlag á tunnum og salti og ákveðið verð á vörunni ósaltaðri. Verkalaunin eru ekki svo misjöfn, að komið geti til mála að eltast við það hjá hverjum einstaklingi. Þess vegna ætti ekki að vera mjög erfitt að ákveða verðið eða kostnaðinn. Fyrir þessu er einnig sett næg trygging í brtt., að lögreglustjórar rannsaki málið og að útborgun eigi sjer ekki stað, nema með samþykki stjórnarráðsins, og ætti þá að vera nógu tryggilega um búið.

Hitt, sem hæstv. fjrh. (M. G.) mintist á, að það mundi fara svo, að þeir einir, sem fyrir slóðaskap yrðu illa úti um söluna, mundu fá tollinn endurgreiddan. Á hinn bóginn mun það ekki þykja mannúðlegt að heimta mest af þeim mönnum, sem eru sjerstaklega óheppnir, því að það mun ekki lengi mikið af þeim að hafa, sem ár frá ári stunda síldveiðar með tapi, og

býst jeg við, að það mundi fljótlega gera þá öreiga, svo þeir yrðu ekki færir um að greiða tollinn.

Ein ástæðan, sem hæstv. fjrh. (M. G.) færði fram á móti brtt., var sú, að varhugavert væri að færa niður tollinn, því að það mundi hvetja menn til að stunda þennan atvinnuveg. Jeg held, að við sjeum ekki alveg sammála um gildi þeirrar ástæðu, vegna þess, að jeg álít, að það væri bæði skömm og skaði, að innlendir menn yrðu að hætta við þennan útveg alveg, og þar með gefa útlendingum gott tækifæri til að ásælast þau gæði, er ættu að falla þjóðinni sjálfri í skaut.

Það lítur út fyrir, að menn reyni að stuðla að því, að landið verði meir og meir að fjeþúfu útlendinga, að því leyti, er þennan atvinnuveg snertir. Við vitum, að Svíar og Norðmenn telja það mikilsvert að eiga ítök í þessum atvinnuvegi hjer við land, og ef eitthvað er gert í þá átt að hindra yfirgang þeirra, þá telja þeir það stóra hættu sínum atvinnurekstri, og gera alt sitt til að aftra því, jafnvel leggja stórfje úr ríkissjóði sínum til að efla síldveiðar sinna manna hjer við land.

En hjer ríkir sú stefna, að gera mönnum illkleift eða ómögulegt að halda honum áfram, með því að leggja á þennan háa toll, sem bersýnilega og áhjákvæmilega verður til að ríða þessum atvinnuvegi að fullu.

Þótt það sje ekki sjerlega skemtilegt, þá verð jeg þó að lýsa því yfir, að svo framarlega sem tillögur nefndarinnar ná ekki fram að ganga, þá verð jeg að greiða atkvæði á móti frv. Nefndin hefir gert sínar brtt. til að reyna að bæta úr afleiðingum þeim, sem frv. hlyti að hafa, ef það yrði samþ. óbreytt.

Jeg skal lýsa því yfir, að eftir minni skoðun er of skamt gengið í till. nefndarinnar. Jeg álít, að endurgreiða ætti allan tollinn innlendum mönnum. En þetta ráð var tekið til samkomulags, því að það þótti ekki líklegt, að sú tillaga næði fram að ganga, að endurgreiða allan tollinn, ef skaði yrði á útgerðinni, þar sem þeirrar stefnu er nú farið að verða vart hjer í þinginu, að ekki sje fráleitt að leggja þungan skatt á atvinnurekstur, jafnvel þótt ekki geti verið um annað að ræða en beint tap.

Maður verður oft að sætta sig við það, að koma ekki sínu máli fyllilega fram, ef maður með samkomulagi og tilhliðrun kemst nærri því. Þess má raunar geta, að svo getur farið með síldveiðina, að ekkert þurfi að endurgreiða af tollinum, og það þótt enginn hagnaður verði af útgerðinni.

Jeg býst við því, að sumum þyki nú mál mitt orðið sæmilega langt, og skal því ekki fjölyrða mjög um það frekar. Jeg er ekki í vafa um, að þessi háttv. deild athugar málið svo rækilega sem með þarf, og er þar af leiðandi heldur ekki í efa um hitt, að háttv. deildarmenn hafi sjeð, að tillögur nefndarinnar eru sjálfsagðar, og að varla getur komið til mála að hafna þeim. Þetta sjest ekki síst með því að kynna sjer meðferð málsins 1916—17. Það var ólán, að stefna sú, sem jeg og nokkrir aðrir þm. hjeldum þá fram, hafði ekki nægan stuðning í þinginu. En menn lifðu í þeirri sælu von, að undangengin uppgripaár hjeldust áfram. En jeg þóttist sjá það þá, og talaði um það, þótt árangurslaust væri, að hætta væri á afturkasti. En þessi sama hugsun, sem þá lá til grundvallar fyrir gerðum þingsins, hefir einnig orðið til þess, að hæstv. fjrh. (M. G.) hefir haldið, að enn væri þessi veiðiskapur mjög mikil auðsuppspretta, sem óhætt væri að ausa úr í ríkissjóðinn endalaust. En jeg vona, að hann fari nú að sjá, að þetta hefir ekki

verið rjett álitið. Það verður að fara að takmarka eitthvað þessa hlífðarlausu ágengni við þennan atvinnuveg.

Bæði áleitni ríkissjóðs og sú skoðun, sem oft er reynt að koma inn í fólkið, að hann sje skaðlegur þjóðinni, þarf að breytast þegar í stað, ef það er ekki ætlun löggjafarvaldsins að ganga af honum dauðum.

Magnús Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að svara hæstv. fjrh. (M. G.) nokkrum orðum, en get nú að mestu sparað mjer það, þar sem háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir gert það svo rækilega. Það er annars einkennilegt um þennan atvinnuveg — síldveiðarnar —, að hann virðist hafa eignast óvini, undarlega marga og illvíga. Þeir þreytast aldrei á því, að tönlast á spillingu hans og illum áhrifum. Sannleikurinn er samt sá, að hann hefir veitt út frá sjer afskaplegu fje til fólks; heilir bæir hafa lifað á honum, og þetta hefir komið tiltölulega jafnt og vel niður á fólkinu. Sumir hafa kent síldveiðunum um kauphækkunaröldu þá, sem almennt hefir gengið yfir og haft áhrif á miklu fleiri sviðum. En bæði jeg og aðrir hafa áður sýnt fram á það, hver fjarstæða slíkt er. Að vísu getur það oft komið fyrir, að atvinnuvegirnir rekist að einhverju leyti á í þessu efni, en þá er það rangt af ríkinu að láta það bitna frekar á einum en öðrum af þeim atvinnuvegum.

Svo er það eitt atriði í þessu sambandi, sem hæstv. fjrh. (M. G.) talaði órjettlátlega um, og það var þegar hann talaði um dugnaðar- og útsjónarmennina, sem þátt taka í þessum atvinnuvegi. Það er sem sje kunnugra en frá þurfi að segja, að þar fer ekki alt ávalt eftir dugnaðinum og útsjónarseminni einni saman, og það er vandi að skera úr því, hvar á að setja takmörkin. Stundum geta menn beinlínis tapað á varfærni og fyrirhyggju á móts við hina, sem tefla, jeg vil segja óleyfilega, á tvær hættur, og iðulega stoðar dugnaðurinn ekkert, þegar í öngþveiti er komið af óviðráðanlegum atvikum. Þessi atvinnugrein er svo sjerstök í þessu, sem sumu öðru. Þetta getur alt brugðist til beggja vona. En í rauninni, jafnvel þó svo væri, að þessi skattur lenti aðallega á þeim duglegustu og útsjónarsömustu, þá er það ekkert einsdæmi um þetta skattgjald, því svo er það jafnan. Skattalöggjöfin byggist á þessu, að taka af dugnaðarmönnunum og þeim, sem einhvers hafa aflað.

Það, sem hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um mismun verðlagsins hjá mismunandi útgerðarmönnum, var einnig bygt á misskilningi. Fyrst og fremst getur verðmunurinn í rauninni aldrei verið ýkjamikill, og má sjá slíkt í hendi sjer, ef maður er kunnugur þessu máli. Flest það, sem hjer að lýtur, er fast og óbifanlegt. Síldin er seld fyrir nálega sama verð úr skipi, hver sem í hlut á. Verð á tunnum, salti, verkun o. fl. er sama hjá hverjum sem er það og það sumarið, svo að segja má, að á hverjum síldveiðatíma myndist fast framleiðsluverð, sem ekki skakkar nema í örsmáum stíl hjá einstaklingunum. Þar að auki gleymdi hæstv. ráðh. (M. G.) alveg ákvæðinu um staðfest vottorð lögskipaðs miðlara, og ætti það þó að vera einhvers virði, til tryggingar í þessu tilfelli. Að vísu gæti komið fram einhver smávegis munur, en enginn ætti þó að geta dregið undan svo neinu næmi. Það mundi þegar standa bert og nakið fyrir hverjum manni.

Jeg vil svo að endingu taka það fram, að jeg hefi ekki af þessum umræðum getað sannfærst um það, að fyrri skoðun mín í þessu máli væri röng, og mun því að sjálfsögðu halda fast við hana. Enda liggur það í augum uppi, að rangt er að

láta þörf ríkisins eina ráða því, að ætla að taka af því, sem ekki er til. Og eins og ástatt hefir verið um þennan atvinnuveg upp á síðkastið, þar sem menn hafa orðið að kasta afurðum hans í sjóinn, og peningum svo að segja með, er það bersýnilegt, hve gífurlega órjettmætt er, að ætla að fullnægja þörfum ríkissjóðs á því, að leggja, þó ekki sje nema 1 krónu, á hverja tunnu, sem menn eru áður búnir að tapa stórfje á. Hinsvegar mundi verðtollur, þó hann væri þrisvar sinnum hærri, koma rjettlátar niður, þar sem menn geta stundum grætt á litlu síldar-„partíi“ með góðri sölu meira en menn græða annars á heils árs útgerð í illu meðalári. Og á slíkan uppgripagróða á og má leggja.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er ekki nýtt, sem nú hefir heyrst hjer, að síldveiðarnar verði að leggjast niður, ef þessar „álögur“ verði samþyktar. Þetta hefir heyrst hjer sí og æ, þegar um það hefir verið rætt, að ríkið fengi einhverjar tekjur af síldveiðunum. En jeg held, að hjer sje litið alt of svart á, ef alvara er það, sem mælt er. Jeg hefi ekki orðið þess var, að menn hafi orðið sjerlega ragir við útgerðina síðastliðið sumar, þó horfurnar væru þá ekki neitt sjerlega góðar. Annars skal jeg ekki fara út í það að rekja í einstökum atriðum það, sem fram hefir komið hjer í umræðunum. Jeg vil þó leiðrjetta það, sem háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, að jeg hefði sagt um verkakaupið og vinnukraftinn í sveitum og við síldveiðarnar. Jeg sagði aðeins — og segi enn — að þessar síldveiðar tækju vinnukraft frá öðrum hollari atvinnuvegi. Hitt skal jeg ekkert um segja, hvort það eitt út af fyrir sig hefir orðið til þess, að kaupið alment hækkaði, en jeg býst við, að þar hafi fleiri orsakir tvinnast saman.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að það væru hinir ópraktiskari, sem ekki gætu borgað. Það er nú einmitt ólukkan, að þeir eiga alls ekkert að borga; þeir fá alt eftirgefið. Og það er ekki rjett, að sje útflutningsgjaldið ekki borgað strax, þá verði að taka lögtaki gjaldið hjá útflytjendum. Það er vel hægt að veita umlíðun á gjaldinu, þangað til hægt er að selja erlendis. (*M. K.*: En ef nú alls ekkert selst?). Ja, slíkt hefir aldrei komið fyrir.

Háttv. þm. (M. K.) sagði, að jeg hefði áður viljað afnema útflutningsgjald á landbúnaðarafurðum. Það er satt. Jeg vildi afnema útflutningsgjald af ull 1917, því að, ef það hefði ekki verið gert, þá hefði þessi skattur verið borgaður oftar af þessari vöru en af öðrum afurðum landsins, og það fanst mjer ekki sanngjarnt.

Því hefir annars alls ekki verið mótmælt, sem var höfuðatriðið í mótbárum mínum, í fyrsta lagi, að það væri óhægt að ákveða kostnaðarverðið, og í öðru lagi, að kostnaðarverðið færi eftir dugnaði og elju mannsins, en söluverðið eftir hagsýni hans og fyrirhyggju.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) talaði og alllangt mál, en eins og hann sagði sjálfur, þá var það ekkert annað en það, sem háttv. þm Ak. (M. K.) hafði sagt rjett á undan, og því þarf jeg ekki að svara honum miklu. Háttv. þm. (M. J.) sagði, að margir væru óvinir síldveiðanna. Það má vel vera. En af hverju? Menn sjá, að það er ekki hollur atvinnuvegur fyrir þetta land. Hann sagði, að síldveiðin veitti mikla atvinnu, en sú atvinna er veitt á þeim tíma, þegar nóga atvinnu aðra er hægt að fá, og meiri eftirspurn er eftir vinnufólki en hægt er að fullnægja. — Jeg þekki ekki neitt dæmi þess í tollalöggjöf vorri, að hinir ópraktískari sjeu verðlaunaðir, en svo er einmitt hjer.

Þá fæ jeg heldur ekki skilið það, að kostnaðurinn við síldarframleiðslu sje hinn sami hjá öllum. Háttv. þm. (M. J.)

hlýtur að miða við, að síld sje keypt, sem búið er að veiða. (*M. J.*: Nei, jeg veiddi hana sjálfur). Þá getur háttv. þm. (M. J.) heldur ekki haldið slíku fram. Það þarf enginn að segja mjer, að allir komist að jafngóðum kaupum á lóðum og lendum, skipakosti, salti o. fl., sem til útgerðarinnar þarf.

Háttv. þm. (M. J.) sagði ennfremur, að það væri hart að taka toll af síld, sem kastað væri burtu sem verðlausri. En af hverju er henni kastað burtu, ef ekki af því, að þegar hentugur tími var til að selja, þá vildu eigendur ekki selja. Það er þá heldur ekki nema rjett, að þessir menn fái að borga, sem svo fara að ráði sínu.

Ræðu sína endaði svo þessi háttv. þm. (M. J.) með því að sanna mál mitt um það, að hjer væri full samgirni á ferðinni. Hann sagði, að stundum væri geysigróði af síldveiðinni, en stundum geysitap. Já, þetta er alveg rjett, og til þess að menn leggi ekki út í slíka áhættu að óþörfu og vanhugsuðu ráði, þá verður að leggja háa skatta á þessa atvinnugrein. Og jeg er þess fullviss, að þessi atvinnuvegur mun ekkert síður verða stundaður hjer eftir en hingað til.

Jón Auðunn Jónsson: Það er út af því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) hefir fundið brtt. fjhn. til foráttu, að jeg stend upp. Hann sagði, að ekki væri neitt til að miða við, þegar endurgreiða ætti. En fjhn. var einhuga um það, að hæstv. stjórn væri í lófa lagið að finna út meðalverð síldar. Hún gengur út frá því, að stjórnin láti Hagstofuna reikna út meðalverð á síldartunnu, áður en síldveiði byrjar. Þetta er mjög hægt, þar sem sama verð er á tunnum og salti, og það, sem gefið er fyrir verkunina, og verkunin er eins um alt land. Og það er altaf búið að selja eitthvað af nýrri síld og semja um verðið fyrirfram. En hækki verðið eftir á, þá bara borga menn því hærri toll.

Annars þótti mjer leitt að heyra ummæli hæstv. fjrh. (M. G.); mjer virtist hann vera á þeirri skoðun, að mistök á síldarsölu hafi stafað af peningahraki þeirra, er seldu. Þetta er alls ekki rjett. Mjer er vel kunnugt um það, að á Ísafirði var alt það selt, er tilboð fjekst í. Að ekki seldist meira, kom til af því, að markaður var alls enginn. Ef menn hefðu vitað það fyrirfram, þá hefði verið reynt að selja hana fyrir lægra verð, en allir þóttust vissir um það, að markaður mundi opnast í Þýskalandi og víðar. En svo kom markaður í Svíþjóð, og hann gat aðeins tekið á móti 120—130 þús. tunnum. Þess vegna sátu þeir uppi með sína síld, sem ekki voru þegar búnir að selja. Líka er þetta augljóst af því, að þegar síldin var komin út og boðin fyrir 50—60 aura, þá var hún ekki keypt, og sýnir það, að enginn markaður var þar. En það er ekki til neins að bjóða vörur fyrir lítið verð, þegar engin þörf er fyrir vörurnar. Þjóðverjar og Rússar þurftu að vísu að kaupa, en öll aðstaða þeirra varnaði þeim kaupanna. Þær ásakanir, að það sje mönnunum sjálfum að kenna, að síldin seldist ekki, eru af ókunnugleika gerðar.

Jeg veit ekki hvernig hæstv. fjrh. (M. G.) dettur í hug, að í skattafrv. megi setja ákvæði um takmarkanir síldveiða innlendra manna. Jeg vænti þess, að hjer sjeu á ferðinni lög um síldveiðar, og þar eiga slíkar takmarkanir heima.

Margir hafa á það minst, að síldveiðin hafi dregið vinnukraft frá öðrum atvinnugreinum. Það er rjett, að á árunum 1914—1917 dró hún fleiri að sjer en heilbrigt var. En það er hægra að sjá eftir á en fyrirfram. Ef mönnum hefði dottið slíkur skaði í hug, þá hefði því verið varnað í tíma. En mjer er kunnugt um það, að á

Ísafirði hefir útgerðin ekki dregið vinnukraft frá öðrum atvinnugreinum, því að þar er verkunin unnin af þeim konum, sem ekki hafa að öðru að hverfa þennan stutta tíma ársins, sem síldveiði er stunduð. Og jeg veit, að það eru ekki nema örfáir tugir, nái það þá einum tug, sem stunda þessa atvinnugrein á Ísafirði, sem ella hefðu stundað annað. Svo er líka á Akureyri, eftir því, sem sagt er, og það má líka á það líta, að það er ekki lítil vinna, sem hjer er borguð, og sem ekki fengist, ef þessi atvinnugrein væri ekki stunduð. Útlitið er nú svo, að lítið muni seljast á þessu ári, og svo var einnig í fyrra. Þá var lítið lagt í kostnað, Vestfjarðaveiðin mjög takmörkuð, og þó var stórtap á öllu saman. En eigi að leggja þennan atvinnuveg niður, þá vil jeg biðja menn að íhuga vandlega orð háttv. þm. Ak. (M. K.). Jeg get ekki fært betri ástæður fyrir því, hvernig þá fer, en hann, og fjölyrði því ekki frekar um það.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að hann sæi ekki eftir þeim mönnum að borga toll, sem lægju með síldina, er þeim bærust góð tilboð. Hjer er hlaupið eftir sögusögn annara. Jeg veit engin dæmi til þess, að menn hafi ekki viljað selja síld fyrir gott verð. En 60 aurar gátu þó ekki talist gott verð, síst þegar menn þá væntu þess, að markaður mundi opnast í Þýskalandi. Og það er mjög misráðið, ef stofnað væri til þess, að þessum atvinnuvegi væri hætt, því fremur sem nú er svo komið, að þorskveiðar borga sig svo illa á Vesturlandi, að menn eru margir alveg hættir að stunda þær og teknir að stunda síldveiðar, og sá atvinnuvegur mun verða okkur til blessunar í framtíðinni, jafnskjótt og betra skipulagi verður á hann komið.

Magnús Kristjánsson: Þetta verður aðeins örstutt athugasemd, því að jeg er svo heppinn, að ekki hefir fram komið neitt það, er geti knúð mig til að svara, þar sem ekkert af því, sem jeg sagði, hefir enn verið hrakið. Þó gerði hæstv. fjrh. (M. G.) einhverja tilraun til þess að snúa í villu sumu því, er jeg sagði, en tókst ekki. Hann hjelt því fram, að þessi atvinna hefði ekki getað haft nein áhrif á það að bjarga mönnum frá því að vanmegnast undir dýrtíðinni, því að þeir væru svo fáir, sem þessa atvinnu stunduðu. Þetta þykir mjer nú heldur vera í mótsögn við annað, sem hann hjelt fram, sem sje það, að sá fjöldi manna, sem stundaði þessa atvinnu, drægist frá landbúnaðinum.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það væri ekki skylda lögreglustjóra að kynna sjer það, hvort skýrslurnar væru rjettar. Það mun þó vera skylda hvers embættismanns að kynna sjer til hlítar þau skjöl, er hann á að dæma eftir, og verð jeg því að skoða þetta sem ástæðulausa viðbáru. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að verið væri að losa menn við áhættuna. Þetta nær ekki nokkurri átt.

Loks vildi jeg biðja hæstv. fjrh. (M. G.) og aðra hv. þm., að þeir athugi það, áður en þeir leggjast á móti brtt. nefndarinnar, hvort ekki sje varhugavert að gefa tilefni til þess, að allar eignir, er í þessum atvinnurekstri standa, sem skifta tugum miljóna, verði með öllu verðlausar, ef þessi lagaákvæði ná fram að ganga óbreytt. En það verður, ef atvinnuvegurinn hættir. En ef tilhliðrun verður, þá má búast við því, þótt illa gangi um stutt árabil, að eignirnar hækki aftur í verði.

Jeg get ekki fallist á röksemdafærslu hæstv. fjrh. (M. G.) þar sem hann segir, að það verði þeir óverðugu, sem hann svo nefnir, sem fái hlunnindin eftir tillögum nefndarinnar. Jeg verð að játa, að jeg skil ekki þennan hugsanagang, og verð því að óska frekari skýringa hvað þetta snertir.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sannaði orð mín um það,

hve takmarkaður síldarmarkaðurinn væri, með því að segja, að ekki hefði verið hægt að selja nema nokkurn hluta síldarinnar, sem veiddist hjer 1919.

Sami hv. þm. (J. A. J.) hjelt því fram, að síldarútvegurinn dragi ekki til sín margt fólk frá öðrum atvinnuvegum. (*J. A. J.*: Jeg sagði svo vera á Ísafirði). Það sannar ekkert, þótt slíkt megi ef til vill segja um einn stað á landinu. Því er ekki hægt að neita, að margt fólk frá öðrum atvinnuvegum stundar þessa atvinnugrein. Aftur á móti hjelt hv. þm. Ak. (M. K.) því fram, að þröngt mundi verða fyrir dyrum hjá bændum, ef alt síldarfólkið hyrfi til þeirra. Það verður því ekki hægt að neita því, að rökin, sem þessir háttv. þm. nota til að sanna ágæti síldarútvegarins, sjeu harla *gagnstæð*.

Þá leit háttv. þm. Ak. (M. K.) svo á, að eignir síldveiðamanna yrðu ónýtar, ef síldarútgerðin hætti. Þetta er ekki annað en að gera úlfalda úr mýflugu, og því óþarft að svara því.

Um endurgreiðslu á stimpilgjaldi fjölyrði jeg ekki nú. Það mál liggur ekki hjer fyrir. En slíkt dæmi, sem háttv. þm. (M. K.) nefndi, mun ekki koma fyrir framvegis, ef nýju stimpillögin verða nú samþykt hjer á þinginu. Annars er ekki til neins fyrir þennan háttv. þm. (M. K.) að láta það í veðri vaka, að hann geti ekki svarað, af því að hann skilji ekki hugsanagang minn. Jeg veit, að hann skilur hann vel, en svarar ekki, af því að hann vantar rök til að hrekja mál mitt með.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.

Brtt. 348,1. samþ. með 19 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., J. Þ., M. J., M. K., M. P., P. O., B. Sv.

nei: E. E., J. S., M. G., P. Þ.

P. J. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (B. H., Ó. P., Þorst. J.) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 1 atkv.

3.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 348,2. samþ. með 16 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 395).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 395).

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Jeg legg til, að máli þessu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 395, n.574).
Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ án atkvgr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Frv. þetta er komið frá Nd. og hefir tekið þar dálítilli breytingu á 2. gr. Fjhn. þessarar deildar hefir lagt til, að gerð yrði við sömu gr. ofurlítil breyting, en jeg hygg, að nefndarálitinu hafi eigi verið útbýtt ennþá. (*Margir þm.*: Jú, því er útbýtt). Jæja, jeg hefi ekki orðið var við það.

Breyting Nd. á 2. gr. fer í þá átt, að í hana er bætt ákvæði um, að endurgreiða megi hjerlendum ríkisborgurum ⅔ útflutningsgjalds síðar, ef þeir sanna, áður en ár er liðið frá útskipun hennar hjer, að hún hafi selst undir kostnaðarverði. Þetta er að vísu nokkuð mikið, sem á að endurgreiða, en þó verður að telja sanngjarnt, að menn fái endurgreiddan mestan hluta útflutningsgjaldsins, þegar sannað er, að atvinna þessi er rekin með tapi. Aðeins að þetta ákvæði leiði ekki til þess, að fleiri reki síldveiðar með tapi þess vegna. Brtt. nefndarinnar er aðeins til þess að skýra Nd.-tillögurnar. Reyndar er nefndin ekki vel sammála um orðalag till. Nokkrum nefndarmönnum finst till. illa orðuð, og skal jeg fyrir mitt leyti ekki draga dul á, að jeg tel orðalag hennar hálfgert hnoð. En þar sem vitanlega er meira undir því komið, að lögin sjeu glögg og greinileg en að þau sjeu fallega orðuð, og samkomulag náðist ekki um betra orðalag en þetta, leyfi jeg mjer að leggja til, að brtt. verði samþ. og frv. með henni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 574. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt. samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 587).
Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 587).

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 629).

28. Fasteignaskattur.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um fasteignaskatt (A. 3).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það hefir, að því er jeg best veit, jafnan verið álitið, að fasteignir hvers lands væri sjálfsagt að skatta, en um það, hversu skatti þessum skuli fyrirkomið og hversu hár hann skuli vera, hafa verið mjög deildar meiningar. Sumir álíta, að allir skattar eigi að hvíla á landinu, en landeigendur yfirleitt hafa, að vonum, víðast eða alstaðar sett sig á móti mikilli hækkun þessa skatts. Hjá oss hefir það verið svo, að húsaskattur hefir verið goldinn af húsum, ef þau hafa ekki verið notuð við ábúð á jörðu, en af jörðum hefir verið greiddur ábúðarskattur. Af lóðum og lendum, sem eigi hefir verið metið til dýrleika, hefir aftur á móti enginn fasteignaskattur verið greiddur. Af þessu leiðir, að kaupstaða- og kauptúnalóðir, þótt mjög verðmætar hafi verið, hafa verið skattfrjálsar til ríkissjóðs; en engum mun dyljast, að þetta er ekki rjett. Þetta frv. er bygt á þeim grundvelli, að hinn gildandi húsaskattur og ábúðarskattur falli niður, en í þess stað komi skattur á alt land eftir verðmæti og öll hús eftir verðmæti. Hversu hár þessi skattur á að vera, er vitaskuld álitamál, og jeg vil alls ekki standa fast á, að frv. hitti þar einmitt á hið rjetta, þótt það sje álit mitt, enda er í frv. gefin heimild til að hækka skattinn eða lækka með fjárlagaákvæði, og er þetta samskonar regla og ráðgerð er í frv. um tekju- og eignarskatt.

Eins og kunnugt er, hefir síðan í fyrra setið á rökstólum nefnd, er haft hefir það hlutverk að samræma hið nýja fasteignamat á landinu. Þessi nefnd hefir nú alveg nýlega lokið störfum sínum, svo að jeg hefi ekki enn haft tíma til að setja mig inn í störf hennar og tillögur. En víst er um það, að hún hefir hækkað töluvert matið á fasteignum landsins, svo að líkindi eru til, að skattur þessi nemi nokkru meiru en til er getið í aths. við frv. Hversu miklu munar, mun jeg geta skýrt frá síðar. Vera má einnig, að nauðsynlegt verði að breyta eitthvað fasteignamatslögunum, til þess að þau sjeu í samræmi við þetta frv., og mun jeg taka það til athugunar innan skamms, og koma með tillögur til breytinga, ef þurfa þykir.

Við þessa umræðu vil jeg ekki fara út í einstök atriði frv., en vona, að því verði vel tekið og að það fái greiðan gang gegn um þingið.

Frv. óska jeg, að verði vísað til fjárhagsnefndar, að lokinni þessari umr., og geri það að tillögu minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 17 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 201, 214).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg get að mestu látið mjer nægja að vísa til aths. við stjórnarfrv. og nál. á þskj. 201. Máli þessu hefir verið svo mikill gaumur gefinn um mörg undanfarin ár, að full ástæða er til að ætla, að allir háttv. þm. hafi þegar ráðið það við sig, hvernig þeir ætla að snúast við því. Þess vegna er ekki þörf á að ræða málið alment, og jeg læt mjer nægja að minnast á þær brtt., sem fyrir liggja.

Aðalbrtt. við 1. gr. er sú, að færa skattinn niður um ½‰ á jarðeignum og jafnmikið á húsum. Sú lækkun mundi nema á jarðeignum kr. 21000, en á húsum kr. 28250 eða samtals kr. 49250. Það kann nú að vera, að sumum finnist þetta allmikil upphæð, en jeg skal nú reyna að gera grein fyrir því, á hverju lækkun nefndarinnar byggist.

Það virðist geta haft mikla þýðingu í þessu máli, að annað frv. er á ferðinni, sem gerir ráð fyrir eignarskatti, og sá skattur verður þá einskonar viðbótarskattur við þennan.

Önnur ástæðan er sú, að alment hvíla veðskuldir á fasteignum manna, og skatturinn verður að mun tilfinnanlegri fyrir það.

Þriðja ástæðan er sú, að oft hafa heyrst raddir um það, að nauðsyn væri á því, að útvega sýslu- og sveitarsjóðum einhvern gjaldstofn fyrir útgjöldum sínum, en þennan gjaldstofn mundu þeir missa, ef allir fasteignaskattar rynnu í ríkissjóð.

Þetta eru þá ástæðurnar fyrir því að nefndin hefir litið svo á, að skatturinn megi ekki vera svo hár eins og gert er ráð fyrir í frv. stjórnarinnar. Fleiri ástæður ætti ekki að þurfa; jeg hygg, að þessar muni nægja.

Önnur brtt., sem jeg hýst við, að þyki máli skifta, er að leiguliði greiði skattinn eins og verið hefir, en í frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að eigandi greiði skattinn í nálega öllum tilfellum. Nefndin álítur, að mismunurinn verði ekki svo mikill frá því, sem nú á sjer stað, að ástæða sje til að breyta um fyrirkomulagið þess vegna.

Þriðja atriðið, sem búast mætti við, að mönnum þætti athugavert, en sem nefndin taldi allþýðingarmikið, er það, að skattinum megi breyta með fjárlagaákvæði. Þetta er ekki svo hættulegt. Því ætti að mega treysta, að þing væri svo vel skipað í hvert skifti, að misbrúkun gæti ekki komið fyrir. Samt þótti nefndinni ástæða til að bera fram þá till., að til þess að breyta þessu væri þó ekki einfaldur meiri hl. látinn nægja, heldur ⅔ atkv. í Sþ.

Fleira sje jeg ekki ástæðu til að taka fram viðvíkjandi brtt. fjhn.; hinar allar eru svo smávægilegar.

En þá kem jeg að brtt. á þskj. 214, sem fram er komið frá nokkrum þm. Jeg held jeg megi lýsa því yfir, að nefndin í heild sinni sjái sjer ekki fært að rýra tekjur landssjóðs á þennan hátt. Ekki vegna þess að hún kannist ekki við, að erfiðleikar sjeu á því að afla þessum sjóðum nægilegra tekna, heldur af því, að nefndinni sýndist, að úr því að hún hefði gert till. um lækkun frá því, sem var í frv. stjórnarinnar, þá gæti hún ekki mælt með frekari rýrnun teknanna. Enda verður ekki sjeð, að sýslu- og bæjarsjóðir verði til muna ver úti, þótt frv. nái fram að ganga. Því að þótt grundvellinum, er snertir lausafjártíund, verði breytt, þá er ekki svo um grundvöll fasteignatíunda. Og mjer finst hið gamla niðurjöfnunarfyrirkomulag, hvað fasteignir snertir, geti að mestu haldist óbreytt. Það kann kannske einhverjum að virðast svo, sem jeg sje að fara með fleipur, en jeg lít nú svo á, að þótt ekki sjeu samskonar skýrslur til að byggja á sem verið hefir, þá megi nota fasteignamatsgerðirnar sem grundvöll.

Það þýðir nú ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, síst um þessa till., nema þá einhver andmæli komi fram. Og jeg treysti því, að jafnvel þótt undirtektir nefndarinnar hafi ekki verið betri viðvíkjandi brtt. á þskj. 214, þá muni það ekki hafa þau áhrif, að háttv. þm. álíti frv. með öllu óalandi, því að það er einmitt þetta mál, sem jeg geri ráð fyrir, að þjóðin muni fastlega vænta, að þingið afgreiði nú, þar sem svo mjög hefir verið um það rætt, og þannig vel í haginn búið fyrir það.

Pjetur Ottesen: Jeg get alveg slept því

að fara að ræða um einstakar greinar þessa frv. eða brtt. nefndarinnar, að öðru leyti en því, sem jeg geri í sambandi við brtt. okkar á þskj. 214.

Frv. þetta er alveg nýmæli, að öðru leyti en því, að tekinn hefir verið skattur af húsum í kauptúnum og kaupstöðum.

Jeg get fyrir mitt leyti verið því samþykkur, að sú leið, að skattskylda fasteignir, sje reynd, þótt jeg hins vegar sje smeykur um það, að fasteignir hjer á landi geti tæplega borið aðalskattabyrðina í nánustu framtíð, eins og virðist hafa vakað fyrir sumum mönnum. Og þótt það sje óneitanlega mikill munur fyrir skattgreiðanda að greiða skatt af fasteign, sem hann á skuldlitla eða skuldlausa, eða þeirri, sem öll er keypt í skuld, þá er það ljóst, að grundvellinum er að miklu leyti kipt undan þessum skattstofni, ef skatturinn væri ekki látinn ná til allra fasteigna, án sundurgreiningar á þessu.

Aftur á móti er það mikill kostur við fasteignaskattinn, að ekkert breytist til muna, nema á 10 ára fresti, þegar nýtt fasteignamat fer fram.

Annars er það einkum till. okkar á þskj. 214, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um. Mönnum hefir æ betur og betur orðið það ljóst, þegar í framkvæmd á að ráðast, hversu tilfinnanlegt það er, að bæjar- og sýslusjóði vantar fasta tekjustofna. Útgjöld þeirra hafa vaxið hröðum fetum, bæði við það, að menn eru nú orðnir djarfari til framkvæmda, og svo við hitt, að allar framkvæmdir eru nú orðnar miklu dýrari en áður. Mjer er kunnugt um það, að sum hreppsfjelög hafa ekki treyst sjer til að jafna niður sýslusjóðsgjöldum með öðrum þörfum á gjaldendur hreppanna, og hafa orðið að grípa til þess óyndisúrræðis að taka lán til að standast þennan kostnað. Og sama má víst fullyrða um ýms bæjarfjelög. En þessi aðferð getur ekki gengið til frambúðar, að stofna til skuldar á þennan hátt. Till. okkar er því aðallega fram komin til þess að brjóta ísinn á þessu sviði, og það virðist því fremur, að þessi leið sje farin, þar sem þessi skattur er einmitt mjög vel til þess fallinn að skifta honum milli ríkissjóðs og sýslu- og bæjarfjelaga.

Eins og jeg gat um áðan, þá er ekki mikið á reiki um upphæð skattsins, og má því segja, að á vísan sje að róa.

Það er auðvitað alveg rjett, að sýslu- og bæjarfjelögin muni ekki mikið um þá upphæð, sem þeim er ætluð, en það má segja, að mjór er mikils vísir, og með því er grundvöllurinn lagður, og þann grundvöll er nauðsynlegt að leggja, og það þegar á þessu þingi.

Meining okkar flm. er að sjálfsögðu sú, að skatturinn verði eins hár og stjórnin leggur til, sem sje 3‰ af lóðum og lendum, en 2‰ af húsum. Við lítum svo á, að till. fjhn. um lækkun skattsins mundi einmitt eiga rót sína að rekja til þess, að þeim þætti varhugavert að leggja svo hátt skattgjald á fasteignir til ríkissjóðs einvörðungu, og ef þetta væri nú svo, þá gat þetta af okkar hálfu verið tilraun til að mæta háttv. nefndarmönnum á miðri leið.

Auk þess má á það benda, að það er einmitt mjög hagkvæmt fyrirkomulag, að geta notað eina og sömu innheimtuna á skattinum fyrir þá aðila, er skattsins njóta. Það er miklu hagkvæmara og praktiskara en að leggja skattinn á í tvennu lagi, og innheimta hann svo í tvennu lagi.

Eins og jeg tók áður fram, þá er þetta af hendi okkar flm. tilraun til að brjóta ísinn og koma skriði á það, að farið verði að sjá sýslu- og bæjarsjóðum fyrir nýjum tekjustofnum. Þó bundum við þetta ákvæði aðeins við árið 1922. Og við gerðum það með það fyrir augum, að við leggjum áherslu á það, að ekki verði látið síga úr hömlu að undirbúa og leggja fyrir næsta

þing frv. til laga um þetta efni, og yrði þá úr því skorið, hvort þessu ákvæði yrði haldið áfram í lögum, sem jeg tel vafalaust að verði, eða aðrar leiðir farnar. Rjett væri einnig, að eitthvað ofurlítið af tekju- og eignarskattinum rynni einnig til sýslu- og bæjarfjelaga. Jeg vil skjóta því til hv. nefndar, sem hefir mál það til meðferðar. Ofurlítil úrlausn er þetta á málinu, og með því er þó kominn skriður á málið, og það er hægra að styðja en reisa.

Mjer þykir leitt, að háttv. fjhn. skuli ekki hafa getað orðið okkur sammála, og að tilraunir okkar að mæta nefndinni á miðri leið skyldu ekki takast.

Háttv. frsm. (M. K.) kannaðist við þörf á breytingum í þessa átt, en vildi gera lítið úr þeim örðugleikum, sem á því eru að jafna niður gjöldum með núverandi fyrirkomulagi. Eins og nú er, eru sýslusjóðsgjöldin jöfnuð niður á hreppana, eftir tölu verkfærra manna, en að nokkru eftir lausafjártíundinni. Nú fellur lausafjártíundin niður, ef þetta frv. verður að lögum, og þar með er að nokkru leyti kippt í burtu þeim grundvelli, sem niðurjöfnun gjaldsins hefir hvílt á. Það verður eitthvað að koma í staðinn, og er mikið, að stjórnin skuli ekki hafa hugsað fyrir því.

Jeg gat þess, að við vildum, að skatthæð sú, er stjórnin lagði til, hjeldi sjer, og þess vegna vildi jeg skjóta því til forseta, að viðaukatill. okkar yrði borin undir atkv. á undan brtt. nefndarinnar, um það að færa skattinn niður. Jeg geri ráð fyrir, að fleiri en við flm. sjeu á því, að verði hún samþ., þá eigi skatturinn eins og hann er í frv. stjórnarinnar að halda sjer.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil þakka háttv. fjhn. undirtektirnar og skal taka það fram, að jeg hefi lítið að athuga við brtt. hennar. Þó tekur mig dálítið sárt, að hún skuli hafa fært niður gjaldið, enda þótt hóglega sje í sakirnar farið.

Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hv. nefndar, viðvíkjandi 6. brtt., sem fjallar um, hvaða eignir ríkissjóðs skuli undanþegnar skattgjaldi, hvort eigi muni rjett að láta sama gilda um lóðir, sem standa á leigu. Sýnist mjer, að hjer standi mjög líkt á, og teldi jeg því heppilegra, að hv. nefnd vildi koma fram með brtt. við þetta atriði við 3. umr.

Háttv. nefnd hefir þótt varhugavert að aðhyllast ákvæði 9. gr. frv. óbreytt, og hefir því gert þá brtt., að $^2/_3$ hlutar atkv. í Sþ. þurfi til hækkunar eða lækkunar á skattinum. Hefir hún viljað gera þetta til tryggingar, en mjer sýnist þetta óþarft, því þar eð eigi þarf nema einfaldan meiri hluta til að breyta lögunum, þá sýnist ástæðulaust að setja strangari skilyrði fyrir þessu ákvæði, þó að það sje sett í fjárlögin. Vil jeg því beina því til háttv. nefndar, hvort hún vilji ekki ganga frá þessari brtt. sinni.

Annars vakir sú hugsun fyrir erlendis, þar sem þessu er þannig fyrir komið, að með þessu sje ljettara að gera breytingar á fasteignaskattinum heldur en að breyta lögunum sjálfum.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að viðaukatill. á þskj. 214. Jeg var nú að hugsa um að koma fram með frv. um gjöld til sýslusjóða, en vildi eigi gera það, fyr en jeg sæi, hvernig þessu frv. reiddi af. Annars heyrir það nánar undir atvrh. heldur en fjrh. En mjer dylst eigi, að breyting er nauðsynleg, því að með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er feldur burtu annar aðaltekjustofn sýslufjelaganna. Það er þess vegna full þörf á nýjum lögum, sem gangi lengra eða afli sýslu- og bæjarsjóðum meiri tekna en viðaukatill. þessi fer fram á. Jeg býst því fastlega við því, að bera fram frv. um þetta efni, því að jeg

tel það altof mikla fyrirhöfn að leggja í lausafjárhundruð alstaðar á landinu, einungis til að ná þessum hluta í sýslusjóð.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi litlu að bæta við það, sem jeg hefi áður tekið fram. Þó vil jeg svara lítillega nokkrum aths., sem komið hafa fram við nál.

Út af þeim ummælum hæstv. fjrh. (M. G.), að rjettara sje að koma fram með breytingu við 3. umr., við b-lið brtt. nál., þar sem tekið sje fram, að lóðir sjeu líka undanskildar, þá vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að þetta felist í brtt. nál., og því sje óþarfi að taka það nánar fram. Um hitt atriðið, hvort nefndinni sýndist eigi rjett að falla frá viðaukatill. um atkvæðafjöldann, sem hæstv. fjrh. (M. G.) virðist óþörf, skal jeg taka það fram, að mjer sýnist þessi till. nefndarinnar aðeins til bóta, en á engan hátt til skemda, en annars má athuga þetta til 3. umr.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. þm. Borgf. (P. O.). Það er nú mjög lítið, sem okkur ber á milli, því mjer dettur eigi í hug að neita því, að sýslusjóðir hafi þörf á nýjum tekjum, en hins vegar vakti það fyrir mjer, sem komið hefir og á daginn, að sýslusjóðunum yrði sjeð fyrir tekjum með sjerstökum lögum. Mætti minna á í þessu sambandi, að legið hefir fyrir þinginu frv., sem gengur í líka átt og þetta frv. mundi ganga, og mætti þá styðjast við það.

Annars verður það auðvitað ávalt álitamál, hversu hátt skattgjaldið skal vera á hverjum stað. Sýnist mjer því, að þessu megi bjarga við, hvort sem till. nefndarinnar eða viðaukatillagan á þskj. 214 verður samþ.

Sami háttv. þm. (P. O.) talaði um, að örðugt mundi að ná gjöldunum. Efast jeg eigi um, að þetta sje rjett hjá honum, en annars held jeg, að innheimtan hafi venjulega ekki verið mjög miklum örðugleikum bundin, að minsta kosti ekki þar, sem jeg þekki til.

Jeg hefi getið þess áður, að grundvöllurinn fyrir gjöldunum breytist nokkuð eftir frv., svo jeg þarf eigi að fjölyrða meira um það, en skal þó taka það fram, að vel mátti hafa hliðsjón af síðustu tíundaskrá, og það því ekkert sakað, þó að dregist hefði um 1 ár að fá annan grundvöll, sem hægt væri að miða við.

Annars sker atkvæðagreiðslan úr um þetta, svo að óþarfi er að fjölyrða frekar um málið.

Pjetur Ottesen: Aðeins örstutt athugasemd. Vildi benda á það, að örðugleikarnir á því að ná tekjum handa sýslusjóðunum fara sívaxandi, eftir því, sem ríkið gengur lengra í því að skattleggja almenning. Og það verður vel að athugast, að ríkið mylki ekki svo alla tekjustofna, að ekkert verði eftir handa sýslu- eða bæjarfjelögunum.

Jón Þorláksson: Jeg verð að segja það, að mjer sýnist það vera vandræði, að þetta frv., og yfirleitt öll skattalagafrv., skyldu vera samin án þess að jafnframt væru samin frv. um tekjur handa sýslu- og bæjarsjóðum. Menn verða ragir við að ganga mjög langt í skattaálagningu, meðan alt er í óvissu um það, hvort nokkuð er eftir handa sýslu- og bæjarfjelögum.

Viðvíkjandi 9. gr. vil jeg taka það fram, að jeg er mótfallinn henni, enda þótt jeg viðurkenni, að rjett sje að hafa einhverja skatta, sem heimild væri að breyta með ákvæði í fjárlögum.

En þennan skatt tel jeg illa til þess fallinn af tveim ástæðum.

Í fyrsta lagi nemur þessi skattur mjög litlu, svo framarlega sem ekki er um marg-

földun á skattinum að ræða. Þykir mjer sennilegt, að hann sje ekki meiri en 40.—50. hluti af allri tekjufúlgu hvers árs, og er því mjög illa fallinn til þess að jafna tekjuhalla, sem kynni að verða í fjárlögunum.

Í öðru lagi myndi þessi skattur, eins og hann er hugsaður hjer, lenda á leigulíðum í sveitum, en á eigendum fasteigna í kaupstöðum. Hækkunin mundi gilda fyrir 1 ár í senn, og hlyti eingöngu að lenda á eigendunum í kauptúnum, og verða viðbót við tekjuskatt þeirra manna, er lagt hafa fje sitt í húseignir. Sýnist mjer varhugavert að hafa hreyfanlegan skatt, er lendi á svo fáum mönnum. Vildi jeg því helst, eins og jeg hefi tekið fram, að 9. gr. fjelli burt, en sætti mig þó frekar við brtt. nefndarinnar, ef eigi er annars kost ..

Jakob Möller: Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að til þess að breyta þessu ákvæði, sem nefndin vill setja inn í 9. gr., um, að ⅔ atkv. þurfi til samþyktar í Sþ., þarf ekki nema einfaldan meiri hluta. En sje það ákvæði lítils virði þess vegna, þá er líka tilgangslaust aðalákvæði 9. gr., um að skattinn megi hækka og lækka með ákvæði í fjárl., því að því má líka breyta með einföldum meiri hluta.

Annars finst mjer, að við till. nefndarinnar sje sá kostur, að menn athugi betur en ella, að hjer þarf íhugunar við.

En það var ekki þetta, sem jeg vildi einkum tala um, heldur afstaða flutningsmannanna til vatill. á þskj. 214. Þeir sögðust vilja mæta nefndinni á miðri leið, og mjer sýndist í fyrstunni, að jeg gæti aðhylst tillöguna, en svo rakst jeg á ártalið og sá, að þetta átti aðeins að gilda fyrir árið 1922, og því alls ekki um það að ræða að mæta nefndinni miðja vega, þar eð þetta á aðeins að falla til sýslu- og bæjarsjóða um svona skamman tíma, en síðan að falla í ríkissjóð. Yrði þá niðurstaðan af vatill. sú, að skatturinn fjelli allur í ríkissjóð að þessum tíma liðnum, með þeirri hæð, sem stjórnarfrv. ákveður hann, en nýr skattur yrði lagður á til sýslusjóða, og því er hjer ekki um neina miðlun að ræða.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal fúslega viðurkenna, að það hefði verið æskilegt, að sveitaskattarnir hefðu orðið samferða ríkissjóðssköttunum. En það vanst nú eigi tími til að koma fram með sveitaskattafrv., og svo tel jeg líka vafasamt, að tími hefði unnist til á einu þingi að afgreiða þau öll. Og enn er það, að þál. frá 1919 hnje aðeins að ríkissjóðssköttunum. Auk þess mun það frekar hníga undir hæstv. atvinnumálaráðherra heldur en mig að bera fram sveitaskattafrv.

Um 9. gr. frv. skal jeg geta þess, að mjer er hún ekkert sjerstakt keppikefli. Jeg tók hana upp eftir sams konar ákvæðum erlendis, og þar er þetta ákvæði sett, til þess að vekja menn til athugunar á því, að nú sje verið að leggja á háa skatta, og hvort ekki sje hægt að komast hjá því. Skal jeg játa það, að mjer sýnist nú þetta „Ræsonnement" dálítið hæpið, en sje hins vegar eigi, að ákvæðið sje á nokkurn hátt til skemda.

Það er rjett hjá háttv. 3. þm Reykv. (J. Þ.), að skatturinn myndi lenda á leigjendum í sveitum, en eigendum í kaupstöðum; en að þetta er svo, stafar frá breytingum háttv. nefndar, en var ekki svo eftir stjórnarfrv. Er þetta auðvitað athugavert.

Jeg verð að játa það, að jeg skildi eigi vel, hvað háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) var að fara, er hann mintist á 9. gr. frv. En það, sem felst í ákvæðinu, er þetta, að komast hjá því að þurfa að breyta fasteignaskattslögunum sjálfum, þó að einhverjar breytingar yrðu gerðar á skatthæðinni, með því einungis að heimila þetta

með ákvæði í fjárlögunum, en með brtt. nefndarinnar er þetta gert erfiðara.

Forseti (B. Sv.): Háttv. þm. Borgf. (P. O.) hefir óskað þess, að fyrst yrði borin undir atkv. vatill. á þskj. 214, en þareð það er á móti þingvenju að bera breytingartillögur upp í annari röð en þær eiga heima við greinir frumvarpsins, — þó að ekki sje það beint bannað í þingsköpum, og mundi auk þess geta leitt óþægilegan dilk á eftir sjer, — þá sje jeg eigi fært að verða við beiðni háttv. þm.

ATKVGR.

Brtt. 201,1. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 201,2. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 201,3. samþ. með 13 : 12 atkv.
— 201,4. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. J., B. Sv.
nei: M. P., Ó. P., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St St., Þorl. J., Þorst. J., B. H., E. Þ., M. G.

Tveir þm. (B. J. og E. E.) ekki viðstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 201,5 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 201,6 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 201,7 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 201,8 samþ. án atkvgr.
— 201,9 samþ. án atkvgr..

5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 201,10 samþ. með 14 : 6 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 5 atkv.

Brtt. 214,1 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þorl. J., B. H., E. E., Gunn. S., J. B., J. S., J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., P. O., P. Þ., St. St.
nei: Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., E. Þ., H. K., Jak. M., J. A. J., M. G., M. K., P. J., S. St., B. Sv.

Brtt. 214,2 (10. gr. verður 11. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 254, 256).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 256 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 267).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg býst við að fara fleiri orðum um þetta frv. en jeg geri vanalega; og það nú þegar við 1. umr. Er það mest til þess að vekja athygli þingdeildarinnar á undirstöðunni, sem þetta byggist á, þar sem ekki mun verða kostur á öðru tækifæri líklegra, og þar sem vænta má, að nóg verði til þess að segja um málið frá öðru sjónarmiði við 2. umr. þess.

Málsháttur inn segir, að það „varði mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin". Það er nú öllum ljóst, að undirstaðan er rjett undir frv. þessu, að því leyti, að hjer er verið að leggja skatt á eignir, sem vel geta borið nokkur opinber gjöld, og eins, að full þörf á skatti þessum er fyrir hendi. En þegar athugað er, hve jafnt og sanngjarnlega hann legst á gjaldendurna eða gjaldstofnana, þá geta orðið skiftar skoðanir um það atriði, þrátt fyrir það, þótt æðimiklu fje hafi verið varið til byggingar þessarar undirstöðu. Jeg á hjer við fasteignamatið.

Kostnaðurinn við fasteignamatið er nú orðinn ærið mikill, að því er jeg hygg, um eða yfir 170.000 krónur, og er þó eftir útgáfa fasteignamatsbókarinnar, svo að um það er lýkur, þá má búast við, að fasteignaskatturinn fyrsta árið geri ekki betur en borga skuldina, sem á honum hvílir. Þetta er nú fyrir sig, og væri ekki til þess að fjasa um, ef matið væri þá orðið ábyggilegt, samsvarandi því, sem til þess hefir verið kostað. En mjer finst, að svo sje ekki.

Þetta stafar fyrst og fremst af óheppilegum ákvæðum í fasteignamatslögunum. Sjerstaklega er það 9. gr. þessara laga, sem öllu hefir ruglað, og því fremur, sem henni var gefinn meiri kraftur og gerð enn ákveðnari með lögum 26. okt. 1917. Í þeim lögum var það skýrt og ótvírætt tekið fram, að 10 ára endurbætur skyldu vera skattfrjálsar, og öll hús, önnur en jarðarhús og hús jarðareiganda, og þau þó ekki nema sem svaraði hálfu jarðarverðinu.

En í þessu frv. um fasteignaskattinn er þessum ákvæðum gersamlega kollvarpað, áður en fasteignamatslögin gátu komið til nokkurra framkvæmda.

Jeg held því, að ekki verði neitað, að landsmenn, og ekki síst fasteignamatsnefndirnar, hafi verið gerðar þarna af þinginu að ginningarfíflum. Nú er meining þessa frv. að leggja jafnan skatt á allar umbætur og mannvirki sem á lönd og lóðir, og sama skatt á öll hús, til hvers sem þau eru notuð og hvar sem þau eru. Sami skattur er lagður á húsakofa leiguliða og húsmanna á ystu landshornum, sem á arðsamar byggingar í stærstu kaupstöðum. Þetta býst jeg við, að komi mörgum á óvart.

Jeg fyrir mitt leyti hefði helst óskað, að miðlað hefði verið málum að því er húsin snertir. Jeg tel rjett að gera öll hús skattskyld, og skifting þá á skattskyldum og skattfrjálsum húsum, sem ákveðin er í fasteignamatslögunum, tel jeg fjarstæðu eina, sem aldrei getur staðið á steini. Það er vitanlegt, að margbrotin skifting húsa til skatts er óþægileg, og því ógerleg. En margbrotna gæti jeg ekki kallað hana, þó að skattinum væri ákveðin tvö takmörk. Annað fyrir kaupstaði og kauptún, sem væru hreppur út af fyrir sig, en hitt fyrir allar sveitir og sjávarþorp, sem ekki stæðu í sambandi við kauptún. Þessi tillaga byggist á því, að hús í kauptúnum sjeu því eigulegri sem kauptúnið er fjölmennara. En það kauptún, sem hefir 300 íbúa, getur verið hreppsfjelag út af fyrir sig, og mun oftast vera.

Þá er að víkja aftur að jarðabótunum. Jeg tel mjög óheppilegt, að þær skyldu nokkurntíma vera undanskildar, því að þær eru eins eign og annað af jörðinni, og ekki lakara að borga af þeim skatt en

t. d. nýju húsi; en úr því að þingið gekk inn á þessa braut, að undanskilja 10 ára umbætur, og lagði það ákvæði fyrir alla 3 dómstólana, undirnefndir, yfirnefndir og hæstunefnd, sem öllu fremur má kalla svo heldur en hærri dómstólinn af tveimur hæstarjett. En hvað sem þessu líður, þá er það víst, að þetta ákvæði hefir spilt fyrir rjettlátri niðurstöðu hjá öllum þessum nefndum; eytt fyrir þeim tíma, en peningum fyrir *ríkissjóði*. Og skal jeg nú leitast við að rökstyðja þetta. Fyrsta skuldin, sem er hjá stjórninni, er sú, að þegar hún 1916 samdi reglugerðirnar fyrir fasteignanefndirnar til eftirbreytni, þá gleymdist henni að gefa bendingar um það, hvernig ætti að meta umbæturnar til verðs, það er, eftir hvaða reglu. Það, sem hún tilnefnir, er órjett og villandi. Hún bendir nefndunum aðeins á að heimta skýrslur frá formönnum búnaðarfjelaga og hreppstjórum, og gefur með því í skyn, að á þeim tölum, sem þar eru, skuli byggja. Þangað átti að sækja þær upphæðir 10 ára umbóta, sem draga skyldi frá jarðarverðunum, en þeir, sem þekkja vel þessar skýrslur, vita hve ábyggilegar sumar þeirra eru. En svo er nú líka það, að þótt þær væru nákvæmlega rjettar, þá er eðli þeirra ekki það, að það megi draga þær bókstaflega frá jarðarverðinu.

Það þýðir ekkert upp á verðmæti einnar jarðar, þótt svo og svo mörg dagsverk af jarðarbótum hafi verið unnin þar, ef þau bera lítinn eða engan arð, eins og fá dagsverk af vel unnum jarðabótum í heppilega átt, t. d. vatnsveitingar, þar sem vel er fallið til þeirra, getur stórkostlega hækkað jarðir í verði. — Þetta hefði stjórnin, sem þá var, þurft að segja nefndunum, að þær skyldu meta jarðabæturnar eftir notagildi þeirra, en ekki eftir dagsverkatölu eða því, hvað þær hefðu kostað. Þessi misgáningur kom allur fram hjá undirmatsnefndunum, því að þær hafa aðallega bygt á dagsverkatölunni; en svo hafa þær metið þau mjög misjafnt, sumar á kr. 1.25, en aðrar á kr. 2.50 og nokkrar á 3—4 kr. Þannig hefir þetta valdið miklu ósamræmi hjá undirmatsnefndunum. Yfirmatsnefndirnar hafa leitt þetta atriði fram hjá sjer, ekkert gert, eins og reyndar í flestu öðru. En svo kemur þessi hæstanefnd til sögunnar, sem jeg nefndi áðan, og með hana hefir þetta ákvæði farið einna verst, þegar störf hennar eru borin saman við þetta frv. Þessari nefnd var ætlað að fara eftir fasteignamatslögunum, og þau sögðu nefndinni, að 10 ára jarðabætur væru undanskildar skatti. Henni var ætlað að samræma matið, og sú samræming hlaut aðallega að ganga út yfir það, sem skattskylt átti að vera, enda hafði minni þýðingu, hvert ósamræmi var í öðru, sem aðeins átti að vera á pappírnum, eins og umbæturnar. Og svo hefði verið ómögulegt að samræma umbæturnar út af fyrir sig, svo að nokkurt vit væri í, þar sem þær vöntuðu algerlega sumstaðar, en voru yfirdrifnar í öðrum stöðum. Samræmingin varð því eins og jeg vil sýna með dæmi: Nefndin leitaði sjer eftir sýslu, sem væri svo metin, að hún eftir ítarlegar rannsóknir áleit, að væri hæfilega metin, og hún var svo heppin að finna hana. Síðan finnur hún aðra sýslu, sem hún sannfærist um, eftir að hafa athugað matið frá öllum hliðum, að vera um 50% lægra mat á en rjett væri, samanborið við hina sýsluna, en af varfærni hækkar hana þó ekki nema um 40%. En nú vill svo til, að þrátt fyrir það, þótt matið væri svona lágt, þá voru engar umbætur dregnar frá jarðamötunum, — ekki nefndar á nafn í bókinni, nema lítilfjörleg afsökun nefndarinnar, að hún hefði ekki sjeð sjer fært að meta þær. — Nú hitti nefndin fyrir þriðju sýsluna; þar eru jarðir alls ekki svo lágt metnar að

heildarverði til, en þar átti að draga frá stórkostlegar jarðabætur, og þegar það var búið, þá voru jarðirnar lítið hærra metnar en í þeirri sýslunni, sem við höfðum hækkað um 40%, samanborið við hið skattskylda landverð. Þetta þori jeg að fullyrða, að hver rjettlátur dómstóll dæmir, að hafi verið rjett samkvæmt fasteignamatslögunum.

Þessa sýslu hækkuðum við því talsvert, eða skattskylda landverðið í hlutfalli við hina. — En nú er í þessu frv. ætlast til, að umbæturnar sjeu teknar til skatts sem annað af jörðinni, en þá geta allir sjeð, að matið á síðari sýslunni verður ranglátt, borið saman við þá fyrri, því að þar eru engar jarðabætur til, sem bætt verður ofan á, og svo er um fleiri sýslur.

Þetta liti alt öðruvísi út, ef nefndin hefði haft þetta frv. sem grundvöll gerða sinna. En það hafði hún ekki, enda hefði hún þá um leið orðið að ganga á snið við gildandi lög, og það einmitt þau lögin, sem hún átti sjerstaklega að fara eftir, fasteignamatslögin.

Jeg verð því að álíta, að rjettara sje, úr því, sem komið er, að standa við gefin loforð, eða tilboð þingsins í því að skattskylda ekki 10 ára umbætur. Því að það eykur æðimikið misrjetti og gerir ónákvæmni í skattalögunum.

Það er enginn vafi á því, að fasteignamatslögunum þarf gersamlega að breyta, en það er alt annað en brjóta þau í öllum aðalatriðum, áður en þau eru numin úr gildi og áður en þau koma til nokkurra framkvæmda.

Í einu atriði enn kemur þetta frv. í bága við fasteignamatslögin, þar sem það hættir við að leggja jarðir í hundruð. Þau ákveða, að 150 kr. virði í landi og skattskyldum húsum skuli nefnast hundrað. Þetta er nú ekki nema formsatriði, en jeg er nú orðinn svo gamall og vanafastur, að jeg sársje eftir hundraðatalinu.

Nú fer mjer að detta í hug, að háttv. þm., og sjer í lagi hæstv. fjrh. (M. G.), fari að hugsa, að jeg vilji nú fara að bæta gráu ofan á svart, — það svarta, sem hv. Nd. gerði í því að rýra tekjur ríkissjóðs af þessum væntanlegu skattalögum,— þar sem jeg fer fram á, að 10 ára umbætur sjeu undanþegnar skatti, og að á húsum í sveitum verði lægri skattur en í kaupstöðum og stærri kauptúnum. En þessu er ekki þannig varið; jeg vil helst ekkert rýra þær tekjur ríkissjóðs, sem frv. í upphafi ætlaði honum. Þó er jeg hlyntur breytingu Nd. í því, að láta nokkuð af skattinum renna í sýslusjóði og bæjarsjóði. Mjer finst þetta sú langbesta aðferð til þess að afla þessum sjóðum fastra tekna, og jeg er viss um, að almenningur tekur þessari breytingu vel og vill langtum heldur fá þessa álögu um leið heldur en að árlega sje verið að bæta nýjum sköttum ofan á þá eldri, sem þá mun valda ennþá meira ósamræmi og yrði til þess að ofbjóða sumum gjaldstofnum. En það er augljóst, að skatturinn í heild verður að vera miklu hærri, ef skifta á honum í fleiri staði. Það var því slæmt tilfelli þetta, sem skeði í háttv. Nd., að lækka skattupphæðina, en skifta henni svo í tvo staði, og það því fremur, sem skatturinn, eftir uppástungu stjórnarinnar, mátti ekki lægri vera. Hækkunin er aðallega lóðarskatturinn og hið hækkaða mat á fasteignum. Það lítur helst út fyrir, að hæstvirt stjórn eða þeir, sem aðstoða hana við skattamálin, hafi ekki lagt það nákvæmlega niður fyrir sjer, ef þeir hafa haldið, að ríkissjóður fengi meiri tekjur eftir frv. en eftir fasteignamatslögunum.

Landverð allra jarða á landinu er eftir

síðasta matinu 20.933.100 kr., og skattskyld hús 5.823.100 kr., eða samtals 26.756.200 kr., og með því að leggja þessa upphæð í hundruð, 150 kr. hundraðið, þá verður hundraðatal landsins 178.375.

Nú er í athugasemdum við þetta frv. gert ráð fyrir kr. 1,50 verði á meðalalin, og $^2/_5$ af því, sem á að gjaldast af hverju ábúðarhundraði, er kr. 0,60. Verður ábúðarskatturinn þá 107.025 kr. Svo er lóðarskatturinn. Allar lóðir landsins eru 23.441.991 kr. Þar frá dragast lóðir með opinberum byggingum 1.134.359 kr. Verða þá skattskyldar lóðir 22.307.832 kr., þar af 3‰, samkvæmt frv., gera kr. 66.924. Þá eru hús í löggiltum verslunarstöðum. Þau eru, að frá dregnum opinberum byggingum þar, 38.910.178 kr., og skatturinn af þeim samkv. frv. 77.820 kr. — Yrði þá allur skatturinn 251.769 kr. En samkvæmt frv. stjórnarinnar er allur fasteignaskatturinn — þar á meðal af skattfrjálsum húsum leiguliða og 10 ára umbótum, sem hjer var alt dregið undan, samkvæmt fasteignamatslögunum, — 240.060 kr., — það er 11.709 kr. lægra en ef farið hefði verið beint eftir fasteignamatslögunum, að því er jarðir og jarðarhús snertir, en settur skattur á lóðir og kaupstaðahús, eins og í frv. stendur. En svo bætist það við, að í frv. er lausafjárskatturinn afnuminn, sem 1919 mun hafa verið 100.000 kr., svo að í rauninni rýrir frv. stjórnarinnar tekjur ríkissjóðs um 110—112 þús. kr., að jeg ekki tali um frv. það, sem hjer er til umræðu, því það er fyrir neðan alla gagnrýni að því er þetta snertir.

Jeg hef orðið var við, að nokkrir háttv. þm. í Nd. hafa misskilið grundvöllinn undir frv. þessu. Þeir hafa haldið, að það væri algerlega bygt á fasteignamatslögunum, af því að í 1. gr. stendur, að það skuli gjalda skatt í ríkissjóð af virðingarverði eftir fasteignamatslögunum, en skatturinn legst alls ekki á eftir þeim, þótt hann sje bygður á mati því, sem mælt er fyrir um í þeim lögum. Til þess að koma í veg fyrir þennan misskilning eða misgáning hjer í deildinni, hefi jeg verið að fara svona langt út í málið, enda þótt það eigi eftir að ræðast í nefnd, og jeg sje í henni. En þess vil jeg geta að lokum, að jeg lít svo á, að formið á þessu frv. sje miklu einfaldara og mjer geðfeldara en ef þrætt hefði verið eftir fasteignamatslögunum, og hefði það verið hugsað þannig, þegar þau voru samin og samþykt, þá hefði matið orðið mörgum þúsundum ódýrara og miklu færri fjarstæður komist inn í það; og því vil jeg alls ekki álasa hæstv. stjórn fyrir samningu þess; jeg er henni mikið fremur þakklátur fyrir það, þótt jeg sje ekki alls kostar ánægður með það, af því að það samrýmist ekki við lagningu undirstöðunnar, fasteignamatsins.

Þá er eitt atriði, sem jeg vil minnast á að lokum, og það eru sýslusjóðirnir. Þeir þurfa tekna; það munu allir játa, og hv. Nd. hefir gert svolitla tilraun til þess að bæta úr því. En það er annað, sem jeg vildi benda á. Þetta frv. kippir burtu grundvellinum undan þeim tekjum, sem sýslusjóðir hafa.

Jeg sje ekki annað en sýslunefndirnar standi ráðþrota með áætlanir sínar á næstu aðalfundum, því að engin lög verða til að byggja á, nema stjórnin gefi út bráðabirgðalög. Þar sem á að jafna niður $^2/_3$ hlutum sýslugjaldanna milli hreppanna, eftir tölu ábúðar og lausafjárhundraða, þá reynist það ókleift, þegar hundruðin eru ekki framar til. Hvernig á þá að jafna niður? Um það vantar sjerstök lagaákvæði.

Þó að nú sýslusjóðunum verði áætlaðar einhverjar lítilfjörlegar fastatekjur, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. eins og það nú er orðið, þá hrökkva þær aldrei

til fulls. Verður því ávalt að jafna einhverju niður á hreppana á einhverjum samngjörnum grundvelli. En þann grundvöll vantar.

Fleira þarf jeg þá ekki að segja að sinni. Jeg held, að jeg hafi drepið á flest þau almennu atriði, sem jeg taldi rjett að minst væri á, til athugunar fyrir væntanlega nefnd og háttv. þdm.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg ætla að byrja á því, sem hv. 4. landsk. þm. (G. G.) endaði á. Það er alveg rjett hjá honum, að sýslusjóðina vantar fasta tekjustofna, og jeg hefi margoft lýst því yfir í háttv. Nd., að jeg muni bera fram frv. um það efni, ef sjeð verður, að þetta frv. nái fram að ganga. Það frv. er hugsað í aðalatriðum og ætti ekki að þurfa að taka mikinn tíma. Jeg hefi ekki haft tækifæri til að lýsa þessu yfir fyr hjer í deildinni.

Mjer skildist á háttv. þm. (G. G.), að honum þætti skatturinn of lágur. Það sannast þá hjer, að erfitt er að gera svo öllum líki. Háttv. Nd. þótti skatturinn of hár og lækkaði hann, en ef til vill verður hann þá að lokum eitthvað nálægt því, sem stjórnin lagði til í byrjun. Það má vera, að útreikningur háttv. þm. (G. G.) á hæð skattsins alls sje rjettur; jeg gat ekki fylgst með í því, en jeg er hræddur um, að hann hafi ekki athugað, að þinglesnar veðskuldir eru dregnar frá verði húseigna eftir gildandi húsaskattslögum, og það munar mjög miklu. Og munurinn á skattinum eftir útreikningi hans og stjórnarinnar var þó ekki nema rúmar 11 þús. kr. Annars er jeg alls ekki mótfallinn hækkun skattsins, ef háttv. deild vill, en jeg hjelt, að ekki væri fært að fara hærra í byrjun.

Hv. þm. talaði ennfremur um, að þetta frv. færi í bág við fasteignamatslögin. Það er nú varla hægt að segja, að ný lög fari í bág við eldri lög, en þau geta breytt eldri lögum, og svo mætti segja hjer. Jeg hafði nú einmitt hugsað mjer að leggja fram breytingar á fasteignamatslögunum á þessu þingi. Jeg er honum alveg samdóma um það, að gallar eru á fasteignamatinu, og því þótti mjer vissara að hafa skattinn ekki mjög háan, ef rangt væri metið. Á því græða að vísu sumir, en það er jafnan álitið rjettara en að aðrir líði. Jeg hafði heyrt, að „hæstamatsnefnd", eins og hv. þm. (G. G.) nefndi hana, þætti ýmsir gallar á matinu, og hafði jeg búist við tillögum hennar ekki síðar en í þingbyrjun, en þær eru ókomnar enn.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) er mjer alveg samdóma um það, að ekki sje í raun og veru rjett að vera að undanskilja skatti jarðabætur síðustu 10 ára. Hann taldi aftur á móti ósanngjarnt, að skattur hvíldi jafnt á öllum húsum, en þar er jeg á öðru máli. Alt það, er hefir áhrif á verðmæti hússins, staður, lega o. s. frv., kemur fram í matsverðinu, því að matið á hvergi að miða við hvað húsið kostar, heldur hitt, hvað það mundi ganga kaupum og sölum. Af því leiðir, að hús, sem er reist t. d. á góðum stað í Reykjavík, er metið þrefalt, eða jafnvel fimmfalt á við jafnstórt hús í sveit. Þess vegna verður rjettlátast að miða skattinn beint við verðmætin og hafa hann hlutfallslega jafnan.

Sigurður Jónsson: Mjer virtist hæstv. fjrh. (M. G.) telja það hlutverk yfirmatsnefndarinnar að koma með breytingar á gildandi fasteignamatslögum. Nefndin leit ekki svo á. Aftur mun hún á sínum tíma koma með till. um breytingar á aðferð og undirbúningi næsta mats. En á því lá ekki nú, en nefndin mun fljótlega senda stjórninni álit sitt og tillögur í því efni, um leið og nefndin gerir grein fyrir störfum sínum að öðru leyti. Úr því, sem komið er, verður að byggja á matinu eins og

það kemur nú fullbúið frá nefndinni, og þótt því sje að ýmsu ábótavant, þá verða menn að gæta þess, að öll nýsmíð stendur til bóta. Nú eru ekki nema 8 ár til næsta mats, og skatturinn ekki sjerlega hár, svo að ekki virðist mikið í hættu. Annars virðist mjer nú matið yfirleitt það lægsta, sem hægt var að fara. Jeg sje ekki, hvers vegna ætti að ganga á snið við þá tekjustofna, sem eru fastir og vissir. Og það verður hlutverk þeirrar nefndar, sem fær þetta frv. til athugunar, að samræma það við fasteignamatslögin.

Að lokum ætla jeg að geta þess, að yfirmatsnefndin hefir veitt því eftirtekt, að víðast hvar hafa menn lítt tekið tillit til hinnar snöggu verðhækkunar stríðsáranna, eins og líka verður að telja rjett. Sömu reglu hefir yfirmatsnefndin fylgt. Enn verður ekkert um það sagt, hvort sú hækkun verður varanleg. Yfirleitt er þetta fyrsta mat meira svo sem *tilraun* og grundvöllur til næsta mats.

Guðjón Guðlaugsson: Það er ekki margt, sem jeg þarf að svara í ræðu hæstv. fjrh. (M. G.). Hann má reiða sig á, að útreikningar mínir um upphæð skattsins eru rjettir. Skatturinn verður lægri eftir þessu frv. en eftir gildandi lögum, og það þótt 10 ára umbætur, hús, sem fara fram úr hálfri verðhæð jarðarinnar, og hús leiguliða væru undanskilin, eins og nú er í fasteignamatslögunum. Þetta treysti jeg mjer að gera öllum skiljanlegt. Í þessum reikningi hefi jeg gert húsaskattinn 2‰ og ekki dregið veðskuldir frá. En stjórnin hefir sjálf sýnt í aths. við þetta frv., að það fer mjög nærri því, sem nú er, eða 3‰, að frádregnum veðskuldum. Og nú skal jeg taka dæmi til þess að skýra þetta. Gerum ráð fyrir jörð, sem er metin 12 þús. kr., og hús á henni metin á 6 þús. kr., sem er mjög samsvarandi. Sú jörð yrði, samkvæmt gildandi fasteignamatslögum, talin 120 hundruð, og ábúðarskattur, með kr. 1.50 verði á meðalalin, yrði þá 72 kr., en eftir þessu frv. yrði $3\times12+2\times6=48$ kr., eða 24 kr. lægri, og er þó ekki tekið tillit til þeirrar lækkunar, sem háttv. Nd. gerði. Og þótt jörðin væri metin á 12 þús. og húsin 12 þús., þá væri skatturinn ekki nema $3\times12+2\times12=60$ kr., eða 12 kr. lægra en eftir gildandi lögum. Nú bjóst jeg við, að hæstv. stjórn vildi heldur græða en hitt, og því gerði jeg þessar aths. Og það sem verst er, þessi lækkun kemur niður á þeim, sem vel geta borið skatt. Því held jeg, að væri heppilegra að sigla milli skers og báru og fara nokkru nær fasteignamatslögunum.

Það hefir verið viðurkent, að hart væri að skattleggja jarðabætur. Enn fremur hefir það þótt bert, að hús leiguliða væru verri eign en hús jarðareiganda. Leiguliðinn getur átt á hættu að vera rekinn frá jörðinni og verða þá að rífa húsin og flytja burt, eða þá að selja þau fyrir lítið verð. Það er því hart að færa skattinn niður á gildum sjálfseignarbændum, en reyna til að ná því upp aftur af leiguliðum.

Mjer þótti slæmt, að hæstv. fjrh. (M. G.) mintist ekki á lausafjárskattinn. Hann hverfur á reikning þessa frv., og það nemur yfir 100 þús. kr. Það hefir oft verið talað um að afnema þennan skatt, en jeg hefi jafnan talið það algerlega rangt að afnema skatt af því, sem gefur af sjer mikinn arð í raun og veru.

Það er enginn vafi á því, að lausafje er langtum arðsamari eign en margar fasteignir eru. Mjer finst það vera rangt að sleppa að taka skatt af ám og kúm, þegar skattur er lagður á húsakofa, sem eru mjög óarðberandi og ef til vill látnir standa auðir. Jeg er algerlega sammála hæstv. fjrh. (M. G.) um jarðabæturnar að þessu

leyti, að það hefði aldrei átt að hreyfa við því efni, því að gera það, án þess að taka það frá rótum, er aðeins til þess að mynda ósamræmi í þessu litla, sem þar er fyrir af viti. Jeg vil láta slag standa þarna í þetta sinn og draga jarðabæturnar frá. Fasteignaskattslögunum verður að sjálfsögðu að breyta, því að þau eru í alla staði ömöguleg. Með því móti getum við losnað við það að standa á því skeri, að jarðabæturnar verði dregnar frá oftar.

Háttv. 3. landsk. þm. (S. J.) tók það fram, að við hefðum skoðað frv. aðeins sem frv., og því ekki getað gengið út frá því. Þetta er vitanlega nákvæmlega rjett. Við höfðum hjer ekkert fast út frá að ganga, annað en fasteignamatslögin, því að á frv. verður ekki bygt. Annars skal jeg láta þess getið, að við höfðum við þetta svo miklar skriftir og skýrslugerðir, að ótrúlegt myndi þykja. Við vorum búnir, þegar frv. kom út, að skrifa þessar skýrslur og töflur, sem gáfu okkur möguleika til að samræma matið, en ef nú verður farið að rugla í þessu, þá er alt okkar starf ónýtt. Væri nú aftur á móti rjett að farið, þá eru skýrslur okkar og tölur nothæfar og geta orðið að gagni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg meinti ekki, að jeg hefði búist við, að þessi yfirfasteignamatsnefnd kæmi með breytingar á fasteignamatslögunum, heldur tillögur um framkvæmd matsins í framtíðinni. En svo eru líka aðrar till., sem hjer er um að ræða, en það eru till. um breytingar á hinu nýja fasteignamati, og við þær átti jeg sjerstaklega. Jeg fæ ekki skilið, að 4. landsk. þm. (G. G.) skuli um skatt vilja gera mun á húsum jarðeiganda og leiguliða. Slíkt myndi að minni hyggju reynast mjög illa, því að það, sem er leiguliðahús í ár, er oft jarðarhús að ári. Auk þess virðist mjer hann gera fulllítið úr verðmæti húsa leiguliða, þar sem hann telur þau oft verðlaus að mestu. Þetta getur aðeins staðist, þegar svo stendur á, að leiguliði ætlar að flytja og fær ekki kaupanda, því að meðan hann situr á jörðinni hafa húsin sama notagildi, hver sem á þau. Viðvíkjandi dæminu, sem hann tók máli sínu til sönnunar, þá valdi hann dæmi, sem var mjög hagstætt honum, þar sem húsverðið var svo hátt, í samanburði við jarðarverðið, en í því tilfelli verður skatturinn talsvert hærri eftir fasteignamatslögunum en yfirleitt annars á sjer stað. (*G. G.*: Þau voru tvö dæmin, sem jeg tók, í öðru var húsverðið 6000 kr., en í hinu 12000 kr.). Það gerir engan mismun, því að í dæmum þeim, er hann tók, verður skatturinn hinn sami af húsunum eftir gildandi lögum, þótt helmingsmunur sje á verðmæti þeirra. Þá gleymir háttv. þm. (G. G.) því, þegar hann er að tala um að skatturinn lækki, ef frv. þetta gengur þannig í gegn, að í staðinn fyrir lausafjárskatt, sem áður hefir verið, koma bæði tekju- og eignarskattur, — eignarskatt á að leggja á alla skuldlausa eign, og tekjuskatt á að greiða af tekjum þeim, sem landbúnaður gefur af sjer. Jeg fæ ekki með neinu móti skilið það, að tekjuskattur verði ranglátari en lausafjárskattur. Mjer finst þvert á móti langtum rjettlátara og eðlilegra, að menn borgi skatt eftir því, hve mikill arður er af búpening þeirra, en ekki hinu, hve gripirnir eru margir.

Það var alls ekki mín meining, að jeg hefði ætlast til, að nefndin færi eftir þessu frv. sem gildandi lögum. Og jeg man ekki betur en háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) kæmi eitt sinn til mín og spyrði mig um þetta, og fengi þá skýlaus svör mín í þessu tilliti. En jeg óskaði þá eftir, að skýrsluform nefndarinnar væri þannig útbúið, að eins mikið tillit væri tekið til frv. eins og unt væri, án þess að gera röskun á undirbúningi nefndarinnar, og þetta hefir hv. nefnd gert.

Að lokum skal jeg geta þess, að jeg get

gengið inn á það, eftir atvikum, að í þetta skifti verði slept að taka skatt af jarðabótum síðustu 10 ára, eftir þeim upplýsingum, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hefir **nú gefið.**

Guðmundur Ólafsson: Það eru nú orðnar allmiklar umr. um þetta mál, enda skal jeg ekki lengja þær mikið. Jeg vil þó taka það fram, að mjer þykir það dálítið kynlegt, að stjórnin skuli hafa sjeð sjer fært að fella burt 9. gr. í fasteignamatslögunum 1915, sem var þá samin í þeim tilgangi, að bygt væri á henni sem grundvelli, er skattur væri lagður á fasteignir. Á þinginu 1917 var svo mikið haft fyrir að breyta þessari gr., eða gera hana skýrari, að mjer hefði þá þótt næsta ótrúlegt, að hún væri talin að engu hafandi 1921, en grundvelli fasteignamatsins þrátt fyrir það haldið. Jeg álít, að úr því matið var miðað við þessa undanþágu á húsum og jarðabótum, þá verði það rjettlátara og hagkvæmara, að þessi undanþága haldist fyrir þau ár, sem þetta fasteignamat gildir fyrir, en hverfi svo með öllu, ef það kemur í ljós við reynsluna, að hún sje ekki sanngjörn.

Það þótti mjer undarlegt, er hvorugur hv. nefndarmanna, er talað hafa og eru langt frá að vera ánægðir með fasteignamatið, heldur finst það ósanngjarnt og að ýmsu leyti fjarri rjettu lagi, vilja þá hækka skattinn. Það ætti þó að vera augljóst, að því hærri sem skatturinn verður, þeim mun tilfinnanlegar hlýtur grundvallarskekkja fasteignamatslaganna að koma fram. En því hærri sem skattur, sem bygður er á röngum grundvelli, er settur, því meira ranglæti verða skattgreiðendur beittir.

Því hefir verið haldið fram í þessu efni, að upphaflega hafi matið verið áætlað lágt. Jeg geri nú ráð fyrir, að svo hafi verið, en þrátt fyrir það, mun það ekki vera orðið svo ýkjalágt nú. Jeg veit ekki betur en að það hafi verið drjúgum hækkað síðan, fyrst af yfirmatsnefndum heima í hjeruðum, en einkum þó af síðustu nefnd. Það hefir að vísu hækkað nokkuð mismunandi — en altaf verið að hækka, svo það er líklega orðið fullhátt núna. Jafnvel sannnefnt dýrtíðarverð, þar sem hæst er matið.

Þeim bar saman um það, hæstv. fjrh. (M. G.) og háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), að aðeins ⅓ hluti tekna sýslusjóða væri eftir (nefnilega persónugjöldin). Þetta er ekki rjett. Samkvæmt breytingu á skattafrv. í Nd. er gert ráð fyrir, að nokkur hluti fasteignaskattsins, eða sem nemur ⅓ af honum, gangi til sýslusjóða og bæjarsjóða.

Þá er í aths. við stjórnarfrv. slegið föstu, að miklar skuldir hvíli yfirleitt á húsum, en ekki á jörðum, og skattur af þeim því ákveðinn ⅓ hærri en af húsum. Þetta tel jeg ekki rjett vera, því að mjer er kunnugt, að fjöldi af jörðum eru að meira eða minna leyti í skuld í sumum hjeruðum. Það er því mjög hæpið, út frá þessu, að gera svo mikinn mun á skatti á húsum og jörðum eins og stjórnin hefir gert.

Man jeg svo ekki eftir að jeg hafi meira að segja hjer um að sinni.

Sigurður Jónsson: Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vildi bæta hjer við viðvíkjandi orðum hv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.). Hann taldi það lítið samræmi hjá nefndinni að viðurkenna, að grundvöllur gildandi fasteignamatslaga væri skakkur, en vilja þó hækka skattinn, sem væri bygður á þessum grundvelli. En fasteignamatsnefndin hefir lagt skýrslur sínar um matið svo til hæfis, að lítils er um vert að fylla þær út eftir þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Það má vera, að sumum reynist skatturinn tilfinnanlegur í bili, og um það geta orðið skiftar skoðanir, hvort mat okkar geti staðist til langframa, en jeg vona samt, að landið eigi þá framtíð fyrir höndum, að mat okkar reynist ekki of

hátt, og að ekki þurfi að lækka það neitt til muna við næsta mat.

Eins og háttv. fjrh. (M. G.) tók fram, þá bað hann nefndina að haga skýrslum sínum svo, að að gagni kæmu, þótt frv. stjórnarinnar yrði samþykt. Þetta hefir nefndin gert, eins og jeg þegar hefi tekið fram. Hún hefir skilið eftir auðan dálk aftast á skýrsluforminu, þar sem alt mætti setja í eitt úr fremri dálkunum, eða þá það að eins, sem gjaldskylt verður talið, þá er þingið hefir gengið til fulls frá þessu frv.

Guðjón Guðlaugsson: Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) tók fram um fasteignaskattinn. Jeg býst við, að það hafi verið meining háttv. stjórnar með þessu frv., að fá auknar tekjur ríkissjóðs. En þar held jeg að henni skjátlist. Jeg sje ekki betur en að frv. verði þvert á móti til þess að rýra tekjur ríkissjóðs. Fyrst og fremst með því að svifta burt lausafjárskatti af landbúnaði, sem nemur alt að 100 þúsund krónum og jeg tel rjettast að halda. Og í öðru lagi er fasteignaskatturinn sjálfur lægri eftir frv. stjórnarinnar en eftir fasteignamatslögunum. Jeg hlýt því að óska hæstv. fjrh. (M. G.) til hamingju, og öðrum, sem auka vilja sjálfstæði landsins í peningasökum, ef þetta frv., með þeim breytingum, sem samfara verða, verður ríkissjóði að fjeþúfu, og er jeg þá neyddur til að vænta, að þeim fari fleira vel úr hendi í þeim efnum.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg hefi tekið það fram áður, að jeg er því alls ekki mótfallinn, að skattur þessi verði hækkaður, ef fært þykir; en það er vandlifað fyrir mig, þegar sömu till. þykja of háar í Nd., en of lágar hjer. Þetta er mjer nokkurskonar sönnun fyrir, að jeg hefi einmitt hitt hinn rjetta meðalveg. Háttv. 4. landsk. (G. G.) vill halda lausafjárskattinum. Það vil jeg ekki. Jeg vil ekki, að landbúnaðurinn greiði tvöfaldan skatt. Jeg vil, að hann greiði tekjuskatt og eignarskatt, en ekki lausafjárskatt. Og enginn getur neitað því, að það er lang-sanngjarnast að borga aðeins skatt af tekjum og skuldlausum eignum. Hitt er ósanngjarnt, að greiða sama skatt, hvort sem vel gengur eða illa, en þannig er lausafjárskatturinn. Jeg er því hissa á, að hv. 4. landsk. (G. G.) skuli mæla með honum, slíkur landbúnaðarvinur, sem jeg veit að hann er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 13 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 267, n. 423).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg fór svo ítarlega út í þetta mál við 1. umr., að jeg get sparað mjer að vera langorður nú. — Jeg ætla aðeins að gera stutta grein fyrir skoðunum nefndarinnar á þessu máli, en vísa að öðru leyti til nál. um þau atriði, sem jeg ekki tek hjer fram.

Það, sem nefndin þurfti fyrst að leggja niður fyrir sjer, var það, á hverju skyldi byrja, því að síðan varð að byggja hitt á þeirri undirstöðu, sem þar yrði lögð.

Í þetta frv., sem er á þskj. 254, hefir verið sett inn af háttv. Nd. eitt þýðingarmikið ákvæði, sem er nú 10. gr. frv. Þetta ákvæði er það, að af þeim fasteignaskatti, sem greiddur verður á næsta ári, skuli ½ partur renna í sýslu- eða bæjarsjóð hvers lögsagnarumdæmis.

Jeg var því hlyntur við 1. umr., að þetta væri gert, og þessum sjóðum með

því fenginn fastur gjaldstofn. — En þegar jeg tók að athuga málið nánar, þá sá jeg brátt, að ýmislegt var að athuga við þetta.

Nefndin leit svo á, að ríkissjóður þyrfti þó að fá eins miklar tekjur af þessum skatti eins og hann fær eftir gildandi lögum. Og þegar hún fór að rannsaka þetta nákvæmar, þá sá hún, að það yrði ekki einasta að hækka skattinn frá því, sem hann er í frv., sem hjer liggur fyrir, heldur hækka hann frá því, er stjórnarfrv. ákveður, þar sem það geti ekki talist vera nógu hátt. Eftir stjórnarfrv. er skatturinn áætlaður 240000 kr., og ef svo frá því yrði dreginn ⅓ partur, sem rynni í sýslu- og bæjarsjóði, þá er auðsjáanlegt, að ríkissjóður sæti mjög á hakanum. Það er því auðsætt, að ef halda ætti þessum tekjum ríkissjóðs í sama farinu, og draga þó ⅓ hluta frá til sýslu- og bæjarsjóða, þá yrði að hækka skattinn allmikið frá því, sem nú er, en jeg er í talsverðum vafa um, að það myndi ganga í gegn, þótt tilraun væri gerð.

Þá sá nefndin við nánari athugun málsins, að þennan skatt til sýslu- og bæjarsjóða ber rjettilega að taka af fleiri gjaldstofnum. Er yfirleitt óþægilegt að leita þessum sjóðum tekna, nema allir gjaldstofnar, sem þar geta komið til greina, sjeu skoðaðir í heild, og svo tekið af hverjum um sig það, sem rjett þykir.

Nefndin leggur því til, að 10. gr. frv. sje feld niður að svo stöddu máli, því að hún sá sjer ekki fært annað en fyrst og fremst að binda sig við það að rýra ekki tekjur ríkissjóðsins, sem síst munu of miklar.

Annars gerði nefndin ýmsar tilraunir með þetta. Hún sá, að ef sýslu- og bæjarsjóðir ættu að vera með, þá mættu tekjurnar af frv. ekki vera lægri en 350 þús. kr., en það væri svo mikil hækkun frá því, sem nú er, að vafasamt er, að það hefðist fram.

Þá taldist nefndinni, að ef sýslu- og bæjarsjóðum væri slept, þá þyrfti ríkissjóður að fá inn með skatti þessum 250—260 þús. kr., og lá þá næst fyrir að athuga það, hvernig þeirri upphæð yrði best náð. Gerði nefndin ýmsar tilraunir þar að lútandi. Var ein sú, að leggja 3½ af þúsundi á lönd og lóðir og á öll hús 2 af þúsundi, og myndi sú upphæð nást með þessu lagi. Ýmsar fleiri tilraunir gerði nefndin og fjelst svo að lokum á þá síðustu, og er gerð grein fyrir henni í nál. Einn nefndarmanna vildi hafa gjaldið af löndum og lóðum 5‰, og annar, að öll hús væru með sama skatti, hvort sem þau væru í kaupstað eða sveit. — Niðurstaðan varð þá sú, að nefndarmenn komu sjer saman um, að gjaldið skyldi vera:

Af löndum og lóðum 4‰
— húsum í kaupstöðum 2‰
— öllum öðrum húsum 1½‰

— og stendur annars bæði þetta og greinargerð þar að lútandi í nál.

Þá er komið að því atriði, er snerti sambandið á milli frv. þessa og fasteignamatslaganna. Því verður ekki neitað, að það er náið samband þar á milli, ekki einasta að því er snertir matið, heldur líka skattinn sjálfan. Í fasteignamatslögunum eru, eins og kunnugt er, öll hús leiguliða undanskilin skatti. Á þessu var í frv. gerð gagngerð breyting og jafn skattur lagður á öll hús. Þetta þótti nefndinni heldur geist farið, og hefir komið þar fram með þær miðlunartill., sem nál. ber með sjer og jeg gat um áðan.

Hvað jarðabæturnar snertir, þá áleit nefndin ekki rjett að fara að kippa þeim inn aftur, því að slíkt yrði bara til að koma þar á ósamræmi á ný.

— Jeg hefi annars rekið mig á það, að fasteignamatslögin eru í flestum greinum

ómöguleg. Hafa auk þess orðið ýmsar breytingar á síðan, sem gera nauðsynlegt að breyta þeim ákvæðum, sem þar að lúta. Eins og jeg hefi minst á áður, voru hús leiguliða undanskilin skatti í þessum lögum, en þetta kemur víða illa við nú, þar sem þar hafa síðan orðið á miklar breytingar, og margir, sem voru leiguliðar, þegar fasteignamatslögin gengu í gildi, eru nú orðnir fasteignabændur og „vice versa".

Það er að vísu ekki hægt að neita því, að sjálfsagt sje rjettmætt að gera mun á húsum leiguliða og fasteignabænda. En hinsvegar ber þess að gæta, að ef bygt er með ráðdeild og vel um alt búið, þá eru húsin í rauninni jafnverðmæt sem þjóðareign, hvort sem þau eru eign bóndans eða eigi. Þar af leiðir, að ef rjett er að leggja skatt á hús sjálfseignarbænda, þá er og rjett að leggja nokkurn skatt á hús leiguliða. — Þá sje jeg ekki ástæðu til að taka fremur skatt af húsum þurrabúðarmanna í smásjávarþorpum en leiguliðum í sveit, og verð jeg að telja þann mun, sem þar hefir verið gerður á, bygðan á misskilningi.

Nefndin vildi yfirleitt ekki binda sig við fasteignamatslögin, en reyndi að synda á milli skers og báru eins og frekast var unt. Hún ákvað, að rjett væri að skattleggja öll hús, en gerði þó nokkurn mismun á húsum leiguliða og fasteignabænda, eins og sjá má af nál. Er 1½% ekki hærri skattur en svo, að ekki virðist ástæða fyrir leiguliða til umkvörtunar fyrir það.

Að þessari niðurstöðu hefir þá nefndin komist. Jeg gæti auðvitað tekið margt fleira fram viðvíkjandi þessu, ef nægur væri tími, en álít þess varla þörf. Jeg skal játa, að varla getur skoðast ástæða til að undanskilja skattinum jarðabætur síðustu 10 ára, því að auðvitað er, að jarðabætur eru ekki óarðvænni eign en t. d. hús. En með því, að svo hefir verið ákveðið í fasteignamatslögunum, sem það er, þá þótti nefndinni varla hægt að rifta því, og rjúfa með því samræmi það, sem þar er fyrir, því að með því hlyti þeim grundvelli að verða hreyft, sem alt þetta er bygt á.

Jeg hefi til gamans tekið hjer 3 jarðir til samanburðar. Ein er 40 hundraða jörð, sem er virt á 4000 kr. og skattskyld hús á 2000 kr. Sá bóndi, sem þar býr, verður að borga í skatt:

Eftir fasteignamatslögunum ..	kr.	24.00
— þessu frv.	—	31.95
— stjórnarfrv.	—	39.00
— Nd.-frv.	—	30.75

Önnur jörðin er:

Eftir fasteignamatslögunum ..	kr.	34.00
— þessu frv.	—	32.90
— frv. stjórnarinnar	—	28.40
— Nd.-frv.	—	24.40

Þriðja jörðin:

Eftir fasteignamatslögunum ..	kr.	34.00
— þessu frv.	—	24.00
— frv. stjórnarinnar	—	39.00
— Nd.-frv.	—	32.50

Þarna sjer maður, að tveir af mönnunum græða dálítið við það, að fasteignamatslögin eru ekki talin gilda, en sá fyrsti þarf að borga dálítið meira.

Yfirleitt er það svo, að sveitabændur skaðast ekki, þótt gjaldið af lendum og lóðum sje haft 4‰. Fyrir þá er það ekki of hátt. Dálítið annað er það með lóðareigendur. Jeg vildi ekki fara að breyta þeirri reglu, sem stjórnin hefir tekið, að hafa lendur og lóðir í sama númeri, þótt jeg sje í vafa um, hvort það er fyllilega rjettlátt. Mín skoðun er, að lóðum sje fullmikið boðið með þessu 4‰ gjaldi. Jeg hefi kynt mjer matið í Reykjavík, og virðist það mjög skynsamlegt og sanngjarnt.

En niðurstaðan verður sú, að þessi breyting, sem nefndin vill láta gera, hækkar fasteignaskattinn hjá mjer um 10 kr. Hann verður 60 kr., en 30 kr. er hann hjá stærsta bónda á Suðurlandsundirlendinu. Og hann er aðeins hálfdrættingur á við mig. En við þessu er ekkert hægt að gera, og lóðir eru líka arðberandi; hús á góðum lóðum eru leigð með mjög háu verði.

Við förum fram á, að 9. gr. verði feld niður. Það er sams konar grein og feld var niður hjer í deildinni í frv. um lestagjald af skipum. Í henni er ákvæði um, að heimilt sje með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka fasteignaskattinn fyrir 1 ár í senn. Ástæðan fyrir, að nefndin vill fella þetta niður, er sú, að hugsanlegt er, að það verði misbrúkað, ef hægt er að breyta skattinum með svo hægu móti.

Væri gott, ef deildin gæti aðhylst brtt. nefndarinnar. Og jeg vona, að öllum deildarmönnum sje ljóst, að ekki dugir að færa skattinn niður. Engum dettur í hug að koma fram með frv., sem rýri tekjur ríkissjóðs, en mörg frv. hafa komið fram, sem fara í þá átt að auka þær, og því vona jeg, að deildin láti þetta frv. þannig frá sjer fara, að það gefi ekki af sjer minni tekjur en samkvæmt tillögum nefndarinnar. Hitt gæti komið til mála, að koma með brtt. til 3. umr., þar sem skatturinn væri eitthvað færður til, en aðalupphæðin hjeldist þó hin sama.

Á eitt atriði vil jeg minnast, sem raunar kemur fremur við fasteignamatslögunum en þessum. Einn af göllum þeirra laga er sá, að þar sem talað er um endurmat, er þess alls ekki getið, að ný hús skuli metin. Bóndi getur heimtað nýtt mat, þegar jörð hans skemmist til muna, ef t. d. skriða fellur á hana. Stjórnin getur heimtað endurmat, þegar jarðir batna, sökum járnbrautarlagninga eða akbrauta, svo og ef ný kauptún rísa upp. En hvergi er talað um mat á nýjum húsum; það virðist hafa gleymst. Held jeg, að rjett væri að taka upp í lögin sjerstakt ákvæði um, að ný hús í kaupstöðum skuli metin, jafnóðum og þau byggjast, því að ef þau væru ekki metin fyr en næsta alment mat, eftir að bygging þeirra fer fram, gæti það orðið tekjumissir fyrir ríkið. Það væri t. d. hart að láta Eimskipafjelagshúsið og Sambandshúsið vera skattfrjáls í mörg ár, eða til næsta almenns fasteignamats.

Þá mun jeg ekki segja meira að þessu sinni, en reiðubúinn er jeg til svara, ef einhver kynni að gera athugasemdir.

Sigurjón Friðjónsson: Minn fyrirvari í þessu máli táknar í rauninni það, að jeg er á móti því, eins og það liggur fyrir. Að jeg hefi þó ekki komið með sjerstakt álit, eða sem sjerstakur nefndarhluti, stafar að sumu leyti af því, að jeg er ekki vonlaus um, að eitthvað megi lagfæra frv. til 3. umr., og að sumu leyti af því, að jeg hefi viljað vera háttv. frsm., sem hefir lagt mikla alúð við að lagfæra frv., heldur til stuðnings en vandræða, enda satt að segja búist við stuðningi af honum til meiri lagfæringar. Við þetta frv. eins og það nú liggur fyrir hefi jeg fyrst og fremst það að athuga, að skattur sá, sem hjer er verið að innleiða, siglir undir fölsku flaggi; er nefndur fasteignaskattur, en verður í rauninni afnotaskattur, samkv. 2. gr., að því er snertir land og lóðir. Jeg skal nú ekki segja, að hann sje alveg rjettlaus sem afnotaskattur, en hann ætti þá að koma fram undir því nafni, svo að fær vegur væri fyrir rjett nefndan fasteignaskatt við hlið hans. Því af öllum sköttum álít jeg, að fasteignaskattur sje rjettmætastur og sanngjarnastur. Það var ekki að ástæðulausu, að orðið „staðfesta" skapaðist í okkar gamla

góða máli, og að hver sá, sem höfðingi vildi verða og láta að sjer kveða, byrjaði venjulega á því að fá sjer „staðfestu“. Því að þar sem annars er einstaklingseignarrjettur á jörð, er sá, sem engan á jarðarblettinn, nokkurskonar útlendingur, sem hvergi á höfði sínu að að halla, nema fyrir annara geðþótta eða náð, sem venjulegast er dýru verði keypt, og einmitt af þeim ástæðum er fasteign dýrmætari en nokkur önnur eign, og rjettmætari og sjálfsagðari gjaldstofn en hver eign önnur. Allir skynbærir menn ættu nú að vera farnir að sjá og skilja það fyrirbrigði, að alstaðar þar, sem fólk safnast saman og þjettbýlt verður, hækkar landið í verði, sökum hinnar vaxandi eftirspurnar, eigendum að kostnaðarlausu. Og hvað skyldi vera rjettmætari gjaldstofn en þannig tilkomið verðmæti, sem raunar er aðeins afleiðing af samstarfi þjóðfjelagsins, og að mínu áliti þess rjettmæt eign. Jeg get ekki sagt, að jeg sje ánægður með skattamálatillögur hæstv. stjórnar; það er síður en svo. En í þessu máli hefir hún þó tekið rjett spor í rjetta átt, þó að lítið væri, en háttv. Nd. hefir stigið það spor til baka, að því er virðist, af furðanlegu skilningsleysi á málinu. Finst mjer, að þessi hv. deild megi ekki óneydd láta minna kveða að sjer en svo, að stíga þar aftur jafnframt stjórninni, og helst framar, ef kostur er, og býst við, að fram komi tillaga í þá átt til 3. umr. frá mjer, eða ef til vill allri nefndinni eða einhverjum hluta hennar.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) og jeg vorum algerlega sammála í þessu máli. Við skrifuðum báðir undir með fyrirvara, sökum þess, að okkur þótti of hátt farið með jarðir og lóðir, samanborið við hús, að láta borga 4‰ af þeim. Ef til vill var rjett að hækka þetta eitthvað frá því, sem var í stjórnarfrv., þar sem nú er til ætlast, að 10 ára umbætur sjeu undanskildar skatti. Ekki er um annað að gera en undanskilja þær, þar sem fasteignamatsnefndarmennirnir, sem eiga sæti hjer í þessari háttv. deild, gáfu við 1. umr. þær upplýsingar, að þær hefðu verið færðar til reiknings í sumum sýslum, og að alt matið hefði verið miðað við, að það yrði gert. En að hækka skattinn upp í 4‰ þykir mjer of mikið, sjerstaklega þegar þess er gætt, að matið mun vera slæmt og óábyggilegt, eftir því, sem ráða mátti af orðum nefndarmannanna við 1. umr. 9. gr. gat að nokkru bætt úr þessu, ef hún hefði fengið að standa, því að þá var þó altaf hægt að hækka eða lækka skattinn með lítilli fyrirhöfn, ef þess reyndist þörf. Jeg er þess vegna algerlega á móti því að fella þá grein niður, eins og jeg og var á móti því að fella samskonar ákvæði niður úr lögunum um lestagjald af skipum.

Mjer þykir undarlegt að miða skattinn við vissa upphæð, sem ríkissjóður þurfi nú endilega að fá, eins og mjer virtist hv. frsm. (G. G.) gera. Jeg er hræddur um, að skattinum yrði ekki sanngjarnlega niður jafnað, væri þeirri reglu oft fylgt. Enda ætti þá eftir þessari kenningu að fylgja sömu reglu við álagningu annara skatta, en það hefir ekki verið gert.

Háttv. frsm. (G. G.) gerði mikið úr því á nefndarfundum, að við þyrftum að ná upp lausafjárskattinum með þessum skatti, en því er ekki svo farið, því að í stað hans kemur nýr skattur — tekjuskatturinn. — Og aldrei getur komið til mála, að rjett sje að borga lausafjárskatt af fasteign.

Háttv. frsm. (G. G.) fór ekki vinsamlegum orðum um fasteignamatslögin, kallaði þau „óhæfileg“. Bjóst hann við, að þeim þyrfti að breyta. Lög þessi eru nú búin að standa tæp 6 ár. Á einu þingi er búið að laga þau, og úr því að þinginu

hefir samt ekki tekist að gera þau góð, eða viðunandi, að dómi háttv. frsm., efast jeg um, að því muni nokkurntíma takast það. Annars virðast lögin, sem koma frá þinginu, oft ekki góð, þegar farið er að framkvæma þau, ef það eru þá lögin, en ekki framkvæmd þeirra, sem ekki er góð. (*Jóh. Jóh.*: Það vill nú víða brenna við). Getur verið, jeg þekki best hjer, og veit, að altaf er verið að sjóða lögin upp aftur og aftur, og efast jeg um, að jafnslæmt sje það annarsstaðar.

Jeg held því fram, að skatturinn megi ekki eingöngu miðast við þarfir ríkissjóðs nú, eins og hann er líka varlega notaður, og þegar ákveða eigi skattupphæðina, verði að taka tillit til þess, að matið er gert til 10 ára, og mikil líkindi eru til, að fasteignir manna muni á því tímabili lækka í verði. Verði ekkert tillit tekið til þessa, má búast við, að þetta verði allsæmilegur skattur fyrir ríkissjóð, en alltilfinnanlegur og jafnvel ranglátur fyrir þá, sem greiða eiga, að minsta kosti er nokkuð kemur fram á þetta fyrsta árabil, sem skatturinn er ákveðinn fyrir.

Þá hefi jeg tekið fram, hvað jeg hefi út á frv. að setja eins og það kemur frá nefndinni, og mun jeg ekki eyða fleiri orðum um málið að svo stöddu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get þakkað háttv. nefnd fyrir meðferð hennar á frv. Skilur ekki mikið frv. stjórnarinnar og tillögur nefndarinnar, því að þótt hún hafi fært gjaldið af jörðum og lóðum upp í 4‰, þá er það að athuga, að umbætur síðustu 10 ára skulu dregnar frá skatti, en svo var ekki í stjórnarfrv., og gjaldið af húsum í sveitum er lækkað um ½‰. Brtt. eru ekki svo fjarri stjórnarfrv., að það taki því að tala mikið um þær. Hitt játa jeg, að jeg sje ekki, að brtt. sjeu til bóta. Jeg get viðurkent, að rjett sje að sleppa 10 ára umbótum næstu 10 ár, úr því að upplýst er af yfirfasteignamatsmönnum þeim, sem hjer eiga sæti í þessari háttv. deild, að það mundi valda ósamræmi að taka þær með. En mjer fyndist ætti að standa í breytingartill., að þetta ákvæði gilti aðeins meðan þetta mat er í gildi.

Jeg get gengið inn á lækkun á húsum í sveit, svo framarlega sem nefndin álítur, að hús þar sjeu hærra metin en hús í kaupstöðum og kauptúnum, miðað við hvað líklegt er að þau seldust, en annars alls ekki. Því að ef alt er metið eftir þessum mælikvarða, eiga öll hús að vera með sama skatti.

Jeg skil ekki setninguna „sem er einstakra manna eign“ í brtt. nefndarinnar við 2. gr. Jeg held að hún sje óþörf og geri ekki annað en villa, því að annarsstaðar (í 3. gr.) er tekið fram, hver hús eru undanskilin skatti, og þau hús, sem ekki eru talin þar upp, eru skattskyld. Jeg held að þessa setningu ætti að fella burtu fyrir 3. umr.

Viðvíkjandi því, að skatturinn sje lægri eftir stjórnarfrv. en gildandi fasteignamatslögum, þá hygg jeg að svo sje ekki. Mjer skilst, að eftir fasteignamatslögunum hafi átt að draga frá skattskyldu verði húsanna allar veðskuldir. Ef svo er, þá er skatturinn eftir stjórnarfrv. sem næst jafnhár, eins og ef engu hefði verið breytt.

Jeg er fullkomlega samþykkur því, er háttv. frsm. (G. G.) sagði um húsin. Langt er síðan jeg hefi sjeð, að engin meining er í þessum mun á skattfrjálsum og skattskyldum húsum í sveit.

Það er rjett, að fasteignamatslögunum þarf að breyta. Jeg hefi altaf haldið, að það þyrfti að gerast á þessu þingi, en það getur nú ekki komið til mála hjeðan af. Jeg hafði búist við áliti um málið frá fast-

eignamatsnefnd, en það hefir ekki komið. —

Jeg hefi tekið eftir því, sem háttv. frsm. (G. G.) var að tala um, að hvergi er beint tekið fram í fasteignamatslögunum, að ný hús skuli metin, en þó held jeg að hægt sje að fá þau metin samkvæmt þeim. En mat á nýjum húsum samkvæmt þeim verður dýrt, og getur verið óþægilegt í framkvæmdinni. Matsmennirnir geta t. d. búið hvor á sínum sýsluenda. Þess vegna vil jeg spyrja nefndina, hvort hún vildi ekki koma inn í frv. fyrir 3. umr. ákvæði um, að úttektarmenn í sveitum meti ný hús þar, en þar sem þeir eru ekki til, skipaði stjórnarráðið 2 menn til að hafa þetta starf með höndum. Á þennan hátt yrði matið ódýrara. Auðvitað yrði það ekki jafntrygt með þessu móti, en þó ætti það aldrei að þurfa að verða að skaða, þar sem mat þeirra mundi ekki standa nema í nokkur ár, í hæsta lagi 8.

Háttvirtur 1. landskjörinn varaþingmaður (S. F.) sagði, að frv. sigldi undir fölsku flaggi með þessari fyrirsögn, sem það nú hefir, þar sem skatturinn greiðist að sumu leyti af leiguliðum. Þetta finst mjer ekki rjett, því að fyrirsögnin segir ekkert um, af hverjum skatturinn skuli greiddur. Annars vil jeg taka það fram, að sú breyting, sem veldur óánægju háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), er sett inn í hv. Nd., svo að jeg hefi ekki beina ástæðu til að verja hana, en vil samt ráða frá að breyta skattgreiðsluákvæðinu aftur í þessari hv. deild, vegna þess, að breyting sú, er hjer um ræðir, var samþ. í Nd. með miklum meiri hluta. Breyting hjer mundi því valda hrakningi milli deilda.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Það er ekki mikið, sem jeg þarf að svara. Það er ekki margt, sem andmælt hefir verið, en einungis bent á nokkur atriði, sem nefndin mun athuga og taka til greina, ef þörf þykir. Jeg hefi athugað aths. háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), um að frv. beri ekki rjett nafn. Jeg er honum þar sammála, að það er ekki sama afnotaskattur og fasteignaskattur. Sjerstaklega þar sem sú breyting hefir verið gerð á frv., að skatturinn skuli greiðast af leiguliðum. Jarðir eru nú leigðar með byggingarbrjefi, og í því er tekið fram, að skattur skuli greiddur. Annars eru lóðagjöldin mjög misjöfn. Einkanlega eru þau það, þar sem lóðir voru fyrst teknar í kaupstöðum fyrir lágt verð, og menn voru því fegnir, ef þeir gátu leigt aftur út lóð og lóð, og þær hækkuðu í verði, eftir því sem á leið og meira bygðist. Sumstaðar eru því allar lóðirnar í kaupstöðum metnar með jörðinni. Jeg hefi átt heima á Hólmavík. Sjálf jörðin var seld, en eigandinn gætti þess að halda eftir tanganum með öllum lóðunum. Jeg leit svo á, að það væri eigandinn, sem borga ætti skattinn, en ekki leigjandinn.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.) fanst skatturinn vera of hár. Hann vildi ekki hafa það fyrir mælikvarða, hve mikið ríkissjóður þyrfti. Til hvers er þá verið að hækka vörutoll? Er það ekki vegna þess, að við vitum, að ríkissjóður þarfnast þess? Það verður að haga þessu þannig, að ríkissjóður fái ekki minna en áður. Jeg held því fram, að ef lóðaskatturinn yrði reiknaður eftir því, sem stjórnin stakk upp á, 3‰, en ekki 4‰, eins og nefndin vill, þá muni tekjur ríkisins minka. Hann sagði, að matið væri slæmt. Það er alveg rjett; matið er alt annað en gott, enda þótt nefndin hafi kappkostað að gera matið sem allra rjettlátast. En hitt er víst, að það er ekki of hátt. Ef skakki er, þá er hann sá, að það sje of lágt, og það er óhætt þess vegna að hafa það 4‰, í stað 3‰. Enda sjest það ljóslega af dæminu, sem jeg tók áðan, að það skuli ekki þurfa að borga nema 29 kr. af 60 hundr. jörð með húsum og öðru, sem jörðinni tilheyrir. Jörð upp á 6000 kr.

og hús fyrir 3000 kr. skuli eiga einungis að greiða tæpar 30 kr. í skatt, það sjá allir, að ekki er sjerlega hátt. Þá mintist hann á lausafjárskatt. Jeg hafði nú gleymt að tala um hann við framsöguna. Það er rjett, að það á ekki að blanda inn í þetta lausafjárskatti, sem tekjuskatti, en jeg vil þó aðeins benda á, að lausafjárskattur er nú tekjuskattur. Ef þm. (G. Ó.) hefir setið í skattanefnd í sveit — jeg veit ekki hvort hann hefir gert það —, þá þekkir hann eflaust vel, að ekki er gott að leggja skatt á menn, sem ekki hafa neinar fastar tekjur, og er erfitt að meta það, þar eð maður hefir ekki eftir neinu ákveðnu að fara. Hins vegar er það auðvelt að leggja skatta á menn, ef menn vita hve mikinn arð þeir hafa í aðra hönd. Jeg skal taka dæmi. Það er prestur, sem hefir 1700 kr. árslaun, en hefir fyrir 10 börnum að sjá. Hann þarf að borga skatt. Jeg tek 1700 kr. laun, þar eð í launalögunum voru laun presta 13—1700 kr. á ári. En annar einhleypur bóndi, sem engar fastar tekjur hefir, þarf sjaldan að borga nema lítinn sem engan skatt.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. frsm. fjhn. (G. G.) sagði, að aukatekjur ríkissjóðs hefðu verið hækkaðar um helming, en það er ekki rjett, því að það af tekjunum, sem hefir sjálfkrafa hækkað af völdum dýrtíðarinnar, er látið halda sjer. Vill hann því ákveða þennan skatt eftir þörfum ríkissjóðs. Þá ætti að vera viðhöfð þessi sama aðferð við aðra skatta, og ákveða þá árlega. Hann sagði, að ef væri nokkur skakki á matinu, þá væri hann sá, að það væri of lágt. Um þetta efast jeg mjög, og jeg kann mjög illa við það, að þeim tekjum, sem ekki nást með lausafjárskatti, eigi að ná upp með fasteignaskatti. Það gladdi mig að heyra, að nefndin taldi 2. gr. frv. lakari eins og hún kom frá Nd. heldur en hún var upphaflega í stjórnarfrv., en hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það þýddi ekki að breyta þessu aftur hjer, þar eð það hefði verið samþ. þannig með miklum atkvæðamun í Nd., og verður þá þessi deild líklega að beygja sig eins og oftar.

ATKVGR.

Brtt. 423,1.a. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 423,1.b. samþ. með 11 : 2 atkv.
— 423,2. samþ. með 11 shlj. atkv., með þeirri aths., að orðin: „sem eru einstakra manna eign“ falli burt.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 423,3 samþ. með 11 : 1 atkv.
— 423,4. samþ. með 8 : 3 atkv.

11. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 458, 479, 480).

Sigurjón Friðjónsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 480, sem jeg býst við, að deildarmenn hafi haft lítinn tíma til að átta sig á, því að þær komu fyrst fram nú á þessum fundi. Brtt. þessar eru í samræmi við þá skoðun, sem jeg hjelt fram við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni, að skattur þessi hefði komið hjer inn á þingið sem fasteignaskattur, og eigi því að vera það út í gegn; en jeg tel hann alls eigi vera það, ef koma á honum yfir á leiguliðana.

Jeg hefi því gert þessar brtt., til þess að reyna að velta málinu á þann grundvöll, sem það upprunalega var á.

Hin fyrri brtt. mín gengur þó að því leyti lengra en upphaflega var í stjórnarfrv., að í henni er aðeins gert ráð fyrir, að eigandi geti krafið leiguliða endurgjalds á því, sem ábúðarskatturinn hefir numið, eftir meðaltali verðlagsskráa árin 1912—1921, að báðum árum meðtöldum.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer þykir leitt að þurfa að leggja á móti brtt. á þskj. 480, því að þær eru að mestu í samræmi við stjórnarfrv. En jeg sje ekki annað en verði þær samþ., verði það aðeins til þess að flækja málinu á milli deilda, eftir atkvæðagreiðslunum í Nd.

En brtt. á þskj. 479 tel jeg mjög til bóta, því að hún er í samræmi við það, sem jeg hjelt fram við 2. umr. þessa máls hjer.

ATKVGR.

Brtt. 479. samþ. með 8 : 2 atkv.
— 480,1. feld með 8 : 3 atkv.
— 480,2. tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 11. shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 489).

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11 maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 489, n. 553, 554).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Þetta frv. hefir tekið nokkrum breytingum í hv. Ed., og hefir fjhn. Nd. haft þær til athugunar og ekki getað fallist á þær. Brtt. fjhn. eru á þskj. 554. Er 1. brtt. ekki efnisbreyting, heldur aðeins leiðrjetting.

3. brtt. er aftur á móti efnisbreyting. Hv. Ed. hækkaði skattinn af fasteignum upp í 4‰ úr 2½‰, sem nefndin hafði lagt til. Til málamiðlunar lagði svo nefndin til, að skatturinn yrði 3‰. Hygg jeg, að ef háttv. Ed. getur fallist á þetta, þá muni nást samkomulag. Sje jeg nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar að sinni.

Jakob Möller: Jeg gat ekki orðið samferða hv. meðnefndarmönnum mínum í að fylgja frv. eins og það er nú orðið.

Eins og kunnugt er, þá var fasteignaskatturinn ákveðinn í stjórnarfrv. 3‰ af jarðeignum, en 2‰ af húseignum. Þegar stjórnarfrv. kom upphaflega til fjhn., þótti henni þetta of hátt, bæði vegna þess að ekkert tillit er tekið til áhvílandi veðskulda við ákvörðun skattsins, og einnig sökum þess að nefndin gerði ráð fyrir því, að aðalgjöldin til sýslusjóðanna hlytu að verða lögð á fasteignirnar. Vildi nefndin, af þessum sökum, lækka skattinn. Nú hefir hv. Ed. hækkað skattinn frá því, sem hann var í stjórnarfrv., og get jeg eigi sjeð, að neitt það hafi framkomið, er rjettlætt geti slíka hækkun. Jeg tel eins og áður, að hann hafi verið of hátt ákveðinn í stjórnarfrv., og því kem jeg fram með brtt., um að færa hann í sama horfið og fjhn. hafði áður lagt til, sem sje 2½‰ af jarðeignum og 1½‰ af húsum öllum, bæði til sveita og í kauptúnum. Hefir nú, síðan fjhn. hafði frv. til meðferðar fyrra sinni, komið fram frv. um gjald til sýsluvega, og er það gjald einmitt lagt á fasteignirnar, svo sem við mátti búast. Er það alltilfinnanlegurskattur, og hefði því skatturinn til ríkissjóðs frernur átt að lækka en hækka frá því, sem áður var samþ. hjer í deildinni. Skil jeg því alls eigi hvað hv. meiri hl. nefndarinnar hefir til gengið að hækka skattinn eða að fallast á hækkun hv. Ed.

Það, að skattgjald sje mismunandi af húseignum í kaupstöðum og utan þeirra, tel jeg blátt áfram bersýnilegt ranglæti og

örgustu hreppapólitík, sem þinginu sje ósæmandi. Er sú röksemd einskisvirði, að þetta sje rjettlátt, sökum þess að húseignir gefi meira af sjer í kaupstöðum, því að það er einmitt tekið tillit til þessa, þegar þær eru metnar; virðingarverð þeirra verður því hærra og þar af leiðandi meiri skattur goldinn af þeim en húseignum til sveita. Hefir einmitt verið upplýst fyrir nefndinni, að tekið sje meira tillit til þess í fasteignamatinu, hvað eign gæfi af sjer, en hvað hún kostaði, og var nefndinni innan handar að sjá þetta, ef hún hefði athugað fasteignamatið.

Hús til sveita munu ætíð hafa verið virt lægra en í kaupstöðum, og því enn síður ástæða til að hafa skattinn lægri á þeim. Hitt gæti komið til mála, að fella þar sum hús undan skatti, t. d. nauðsynlegustu peningshús. Ætla jeg svo ekki að fjölyrða um þetta frekar. Hygg að það sje þýðingarlaust, úr því að háttv. meiri hluti nefndarinnar hefir hringlað svo átakanlega í málinu, sem raun ber vitni um.

Fjármálaráherra (M. G.): Jeg hefði helst óskað, úr því sem komið er, að hv. fjhn. hefði gengið inn á frv. eins og það kom frá háttv. Ed.

Er jeg hræddur um, að Ed. geri það að kappsmáli að hafa skattinn 4‰, og það veit jeg, að hún gengur aldrei inn á að hafa hann 2½‰. Auðvitað fer málið þá í Sþ., en æskilegast hefði verið, að til þess kæmi eigi. Frv. er nú mjög líkt því sem það kom frá stjórninni, og er því engin ástæða fyrir hana að vera óánægð.

Um skattgjaldið af húsunum skal jeg taka það fram, að jeg er sammála háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að ekki sje rjett að gera neinn mun á því, svo framarlega, að rjett sje metið. Tók jeg þetta fram í háttv. Ed., en fjekk það svar frá 3 af þeim, sem sitja í yfirmatsnefndinni, að hús í sveitum væru hærra metin hlutfallslega en hús í kaupstöðum, miðað við venjulegt söluverð. Jeg var ekki svo kunnugur matinu, að jeg gæti borið á móti þessu, og ef svona væri, þá er ástæða til þess, að einhver mismunur sje á skattgjaldinu.

Um 1. brtt. skal jeg taka það fram, að það upplýstist í Ed., að það mundi valda ósamræmi, ef þessi mannvirki síðustu 10 ára væru ekki undanskilin skatti nú. En það gildir aðeins þetta mat, en ekki framvegis. Þess skal jafnframt getið, að þetta mun eigi nema meiru en 7000 kr. lækkun á skattinum á ári.

Um 3. brtt. skal jeg geta þess, að það var skýrt sýnt fram á það af frsm. Ed., að þó skatturinn yrði 4‰, þá yrði hann samt eigi hærri en ábúðar- og húsaskatturinn mundi hafa orðið samkv. nýja matinu, því að báðir þessir skattar hefðu hækkað mjög mikið.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg get ímyndað mjer, að ef háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefði haldið þessa ræðu sína á nefndarfundi, þá hefði vel mátt vera, að einhver nefndarmanna hefði látið sannfærast. En jeg heyrði eigi, að hann legði svo mikið kapp á brtt. sína þar. Nefndin leit svo á, að enda þótt að hún fengi ekki öllum kröfum sínum framgengt, þá væri þó betra að slá dálítið af, í von um, að hægt yrði að mætast á miðri leið. Tel jeg líka mjög óvíst, hvernig um málið færi í sameinuðu þingi, því víst er, að Ed. hefir gert þetta að kappsmáli.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) talaði um hreppapólitík hjá nefndinni. Þetta getur nú alls eigi átt sjer stað, því að nefndin er skipuð bæði mönnum úr kaupstöðum og sveitum. Hygg jeg að nefndin hafi litið alveg hlutdrægnislaust á málið.

Annars þýðir ekki að fjölyrða mjög um þetta atriði. Hygg jeg, að vonlaust sje að málið gangi fram eins og það var í fyrst-

unni, og þess vegna fór nefndin þennan miðlunarveg. Sýnist háttv. þdm. hinsvegar, að mismunurinn sje ósanngjarn, þá er ekki annað fyrir þá en að aðhyllast brtt. hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), en jeg tel það óheppilegt, eins og nú er komið.

Háttv. fjrh. (M. G.) vildi helst láta samþ. frv. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed., en það finst mjer altof langt gengið. Sýnist mjer, að hv. Ed. hafi gengið altof langt í því að hækka skattinn, og að fjhn. Nd. hafi farið hjer hóglega í sakirnar og stuðst við meiri rök en háttv. Ed.

Jeg legg enga áherslu á það, hvort 4. brtt. hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) verður samþykt eða eigi, en geri ráð fyrir því, að meðnefndarmenn mínir telji sig bundna við sína tillögu.

Jakob Möller: Jeg ætlaði mjer að þakka háttv. frsm. (M. K.) fyrir orð hans, en niðurlagið á þeim varð á þann veg, að eigi mun vera ástæða til þess fyrir mig. Hjelt jeg að hann ætlaði að lýsa því yfir, að nefndarmenn hefðu óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu um tillögu mína, sem rjett hefði verið, því hefði samkomulag ekki fengist um mína till. við Ed., þá var eigi annað en halla sjer að miðluninni.

Annars hefir ekkert nýtt komið fram í umr., sem hrakið hefir mál mitt, svo jeg þarf engu við að bæta það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. Viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. (M. K.) sagði, að jeg hefði ekki haldið þessari brtt. minni jafnfast fram í nefndinni, er því til að svara, að það gerði jeg einmitt. Hitt má vel vera, að jeg hafi notað önnur orð og aðra áherslu, en hafi orð mín nú verið meira sannfærandi, þá ætti nefndin að fallast á þau nú engu að síður.

Sýnist mjer einkennilegt, ef fjhn. álítur sig bundna með atkvæði sitt við sínar till., enda þótt hún sjái, að brtt. mín sje sanngjarnari. Vænti jeg þess, að hv. þm. fari meir eftir sannfæringu sinni en því, hvað háttv. Ed. vill. Því, þó að þessi hv. deild sje kölluð efri deild, þá megum við ekki hjer niðri fyllast altof mikilli undirgefni og samþ. alt, sem henni þóknast.

Út af orðum hv. fjrh. (M. G.) um upplýsingarnar frá yfirmatsnefndinni, skal jeg taka það fram, að 1 maður úr yfirmatsnefndinni gaf þær upplýsingar í fjhn., að af einni smáeign hjer í bænum yrði goldinn helmingi hærri skattur en af einni stærstu jarðeign austanfjalls. Þetta samrýmist því eigi vel upplýsingum hinna nefndarmannanna. Það, að húseignir til sveita sjeu metnar hærra en húseignir í kaupstöðum, skil jeg ekki, þar sem ekki er aðallega farið eftir byggingarkostnaði, og auk þess sitja í yfirmatsnefndinni mestmegnis tómir bændur, og væri þetta því dæmafá ósjerplægni, ef rjett væri.

Þau ummæli, sem jeg ljet falla um hreppapólitík, áttu aðallega við hv. Ed., en ekki við hv. fjhn. þessarar deildar.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að fara að taka þátt í neinum deilum hjer. Jeg vil aðeins leiðrjetta misskilning hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) á ummælum eins skattanefndarmanns á fundi fjhn. Vitnisburður hans var þveröfugur við það, sem hv. þm. (Jak. M.) segir, því að hann sagði, að skatturinn væri helmingi lægri á eigninni, sem hann nefndi hjer, en jarðeigninni fyrir austan. Annars kemur ekki upp á, hvort skatturinn er hár eða lágur, heldur verður að miða við virðinguna, sem landsnefndin hefir samræmt.

Viðvíkjandi virðingu á húsum í kaupstöðum og sveitum, þá verður að taka tillit til þess, að í kaupstöðum gefa húsin háa leigu, en í sveitum enga. Og þar sem stærri byggingar eru á jörðum, eru þær ómagar.

Þá sagði hæstv. fjrh. (M. G.), að frv. yrði að fara í sameinað þing, ef brtt. fjhn. um að lækka skattinn úr 4‰ niður í 3‰

yrði samþ., vegna þess, að hv. Ed. mundi halda fast við sitt. En mjer er kunnugt um, að þetta er ekki rjett, því að menn í Ed.nefndinni ganga fúslega inn á þetta.

Jón Þorláksson: Jeg vil leyfa mjer að kalla það fádæmi, ef á að byggja skattlagninguna á því, að fasteignamatið, sem verið er að framkvæma, sje rangt. Til þess að ná rjettlætinu á að fá nýtt ranglæti, til þess að vega á móti hinu. Jeg held, að það gæti þá komið til mála að setja bráðabirgðaákvæði fyrir þau 10 ár, sem matið á að standa. Jeg skil ekki í því, að hæstv. stjórn skuli vilja taka við þeim ummælum mótmælalaust, að starf yfirmatsnefndarinnar verði rangt, þegar það kemur frá henni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta er rjett að sumu leyti hjá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). En jeg verð að biðja hv. deild að muna það, að matið á að standa til 1930, og þá get jeg ekki sjeð, að það sje nokkur fjarstæða að laga eftir því lög.

Hv. þm. (J. Þ.) furðaði á því, að stjórnin vildi taka við svona ummælum um matsnefndina. Það verður að gæta að því, að þar sem 40 menn starfa saman í nefnd, þá er ekki við því að búast að algert samræmi sje á skoðunum þeirra allra. Annars þarf ekki að gera mikinn hvell út af þessu.

Jeg held, að engum blandist hugur um það, að jeg vil hafa sama skatt á húsum utan kaupstaða og innan, ef þau eru rjett metin. En jeg hefi ekki haft tækifæri til þess að rannsaka matið svo, að jeg geti gengið úr skugga um, að það sje rjett.

Jakob Möller: Aðeins örstutt athugasemd út af orðum hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.). Jeg man það alveg greinilega, að sá maður úr fasteignamatsnefnd, sem jeg vitnaði til, sagði, að skatturinn af eign þeirri hjer í bænum, sem hann tók til samanburðar, væri helmingi hærri en af jarðeigninni fyrir austan með húsum og öllu saman. Jeg skil ekki annað en aðrir hv. fjhn.menn muni það líka, eins og jeg. (*Þór. J.*: Helmingi lægri.). (*H. K.*: Jeg hygg nú, að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hafi rjett fyrir sjer í þessu). Hann tilgreindi fleiri dæmi, sem voru í algerðu samræmi við þetta, helmingi hærri skattur í Reykjavík heldur en fyrir austan. Um mismæli held jeg að varla hafi getað verið að ræða. Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) heyrði líka á það rólegur og hreyfði engum mótmælum.

Jón Þorláksson: Jeg sný ekki aftur með þá skoðun, sem jeg þegar hefi lýst. Ef jeg skil hæstv. fjrh. (M. G.) rjett, þá hafa 3 af 5 yfirmatsmönnum, er sæti eiga í Ed., haft þau ummæli, að matið myndi verða svo rangt, að með tilliti til þess þyrfti að setja sjerstakt ákvæði í lögin. En þá var það bein skylda hæstv. stjórnar að heimta af yfirmatsmönnunum, að þeir leiðrjettu matið, því að til þesss eru þeir skipaðir.

Þórarinn Jónsson: Það hefir litla þýðingu að þrátta við hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). En til þess að gera mín orð skiljanlegri, þá skal jeg nefna tölur þær, sem maðurinn nefndi fyrir okkur. Hann sagði, að það væri 16 kr. skattur á eigninni hjer, en ca. 34 kr. á jarðeigninni fyrir austan. Jeg býst við, að allir sjái, að 34 eru helmingi hærri en 16. (*Jak. M.*: Hv. þm. snýr bara við tölunum.).

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil benda hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) á það, að það er ekki stjórnarinnar að leiðrjetta matið, heldur nefndarinnar. En hún álítur sjer ekki fært að ferðast út um alt land, til þess að leiðrjetta það, sem kynni að vera eitthvað ábótavant. Stjórnin á hjer

engan hlut að máli. Hún gat ekki skipað nefndinni að meta á ákveðinn hátt.

Jón Þorláksson: Ef hægt er að fá rjettlæti í skattinn með því að hafa hann sumstaðar 2‰ en sumstaðar 1½‰, þá er hægt að ná sama rjettlæti með því að breyta matsupphæðunum eftir sama hlutfalli, og til þess þarf engin ferðalög.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gleymir því, að jeg hefi hjer aðeins talið ástæður nefndarinnar, en ekki mínar eigin. Jeg vildi hafa skattinn jafnháan alstaðar, eins og frv. mitt sýnir.

ATKVGR.

Brtt. 554,I. samþ. án atkvgr.

— 554,II. feld með 13: 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: J. B., J. S., J. Þ., M. J., M. P., P. O., Þorl. J., B. J., E. Þ., E. E., Jak. M., B. Sv.

nei: M. G., M. K., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., H. K., J. A. J.

Einn þm. (Gunn. S.) var fjarstaddur.

Brtt. 554,III. samþ. með 14: 1 atkv.

— 554,IV. samþ. með 12:11 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: P. J., P. O., P. Þ., Þorl. G., E. Þ., E. E., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. P., B. Sv.

nei: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. H., H. K., J. A. J., J. S., M. G., M. K.

Þrír þm. (B. J., Gunn. S. og Þorl. J.) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 575).

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 575, n. 625).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nefndarálits. Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg hefi nú ekki mikið að segja. Þótt nál. sje stutt, þá hygg jeg þar sje tekið fram það, sem segja þarf nú um þetta mál. Eins og tekið er fram í nál., þá hafa breytingar Nd. á frv. í för með sjer um 63 þús. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð.

Mikill meiri hl. fjhn. þessarar hv. deildar er þeirrar skoðunar, að breyta beri frv. þessu aftur, en bæði af því, að nú er skamt til þingslita og óvíst um afdrif frv. í sameinuðu þingi, þá er nefndin ásátt um að ráða til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Tekjurýrnun þessi er eigi að síður mjög varhugaverð, þegar þess er gætt, að um leið er afnuminn lausafjárskatturinn, sem mun um 100,000 kr., og þó að hann eigi aftur að jafnast upp með auknum tekjuskatti af landbúnaði, þá tel jeg það fyrir mitt leyti aðeins vonarpening, því jeg er sannfærður um, að ábúðar- og lausafjárskatturinn næst aldrei upp í tekjuskattsfrv.

Eins og sjest á nál., hefir það haft allmikil áhrif á nefndina í þessu máli, að sú stefna virðist vera að ryðja sjer til rúms að leggja sem flesta skatta á fasteignirnar.

T. d. er nú á leiðinni annað frv., sem fer í þá átt að stórhækka skattinn á fasteignunum úr því, sem þegar er komið. — En annars virðist eins og þm. haldi, að þeir eigi aðallega að hugsa um tekjur fyrir sveitar- og sýslusjóðina, en ekki fyrir ríkissjóð. Þessi stefna gerir það að verkum, að þótt jeg algerlega sje á móti því að lækka fasteignaskattinn á löndum og lóðum úr 4‰ niður í 3‰, og á húsum í verslunarstöðum úr 2‰ niður í 1½‰, eins og er nú í frv., er það kemur frá Nd., þá þykist jeg sjá, að fasteignunum muni verða nóg boðið samt, og líklega ofboðið að lokum, sem jeg mun síðar taka fram við umræðu um annað mál hjer í deildinni. Jeg mun því greiða atkvæði með frv., af því að jeg tel, að varhugavert sje að ofhlaða fasteignirnar með sköttum. Og hins vegar má einnig líta svo á, að skattur þessi sigli að nokkru leyti undir fölsku flaggi, og sje frekar afnotaskattur en fasteignaskattur, eins og háttv. 1. landsk. þm. (S. F.) hefir tekið fram, þar sem hann kemur niður á leiguliðana, en ekki eigendurna, þar sem jarðir eru í leiguábúð. Af þessum ástæðum getur nefndin frekar sætt sig við, að skattur þessi sje eins lágur og Nd. gekk frá honum, þegar búast má við því, að hann hækki á öðrum stöðum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 645).

29. Manntalsþing.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð (A. 8).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þetta frv. um færslu manntalsþinganna er bein afleiðing af ákvæðum tekju- og eignarskattsfrv., og stendur því og fellur með því. Það er því, eins og nú stendur, ekki ástæða til að ræða margt um frv., og læt jeg mjer því nægja að vísa til athugasemda þeirra, er frv. fylgja.

Það hafa heyrst raddir um það að afnema manntalsþing með öllu, og má vera að ýmislegt mæli með því. Þó er mín reynsla sú, sem sýslumaður, að manntalsþingin hafi talsverða þýðingu, bæði fyrir sýslumanninn og sýslubúa.

Nýlega sá jeg grein í blaði frá einum af sýslumönnum landsins, er reynir að færa rök fyrir því, að manntalsþingin sjeu að engu hafandi, og eigi því að leggjast niður. Í grein þessari voru talin upp helstu störf þau, sem framkvæmd eru á manntalsþingum, og saknaði jeg þar eins, sem jeg tel talsvert þýðingarmikið. Sýslumaðurinn er framkvæmdarstjóri sýslunefndar um mál þau, sem fyrir sýslufund koma, og hefir þar af leiðandi á hendi allar greiðslur til verklegra þarfa í sýslunni og hefir umsjón með sýsluvegum. Finst mjer því nauðsynlegt fyrir sýslumanninn að ferðast um sýsluna og athuga sjálfur, hvar mest er þörf á viðhaldi vega, leggja brýr eða eitthvað þess háttar. Slíkar athuganir getur sýslumaðurinn framkvæmt á þingaferðum sínum, auk þess sem altaf

koma fyrir á manntalsþingunum skuldaskifti og ýmislegar greiðslur, sem hagkvæmara er fyrir hjeraðsbúa að lúka þar heldur en heima á skrifstofunni.

Þess vegna verð jeg að líta svo á, að það sje ekki heppilegt að afnema manntalsþingin með öllu, enda þótt jeg geri það ekki að neinu kappsmáli.

Að svo mæltu vona jeg, að frv. þetta fái að fara í friði til 2. umr., og virðist mjer þá rjett, að því verði vísað til fjárhagsnefndar, svo það geti orðið samferða tekju- og eignarskattsfrv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 15 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 475).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3 umr. (A. 8).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 8).

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Tillaga frá þm. Vestm. (K. E.), um að vísa frv. til fjhn. feld með 8 : 1 atkv.

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til 3. umr (A. 8).

Of skamt var liðið frá 2. umr. Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(sjá A. 657).

---

30. Hreppskilaþing.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt
Frumvarpi til laga um hreppskilaþing (A. 13).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Í raun og veru er ekki ástæða til að vísa þessu litla frv. til nefndar vegna þess sjálfs, heldur vegna sambands þess, sem það er í við frv. um fasteignaskattinn. Jeg legg því til, að frv. þessu verði vísað til þeirrar nefndar, sem það mál hefir með höndum. Hins vegar er óþarft að fjölyrða um frv. Það skýrir sig sjálft.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 476).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Frá nefndarinnar hálfu er ekki annað um þetta mál að segja en það, sem sjá má af nál. á þskj. 476. Þar er aðeins ein brtt., sú, að í stað 2 kr. í 1. gr. komi 5 kr., og vænti jeg þess, að hv. deild samþykki hana.

ATKVGR.
Brtt. 476 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 507).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 507).

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 507).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 507).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 658).

---

31. Fjárlög 1922.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1922 (A. 41).

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var frv tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (**M. G.**): Jeg býst við, að flestum háttv. þingmönnum hafi orðið það, er þeir fengu þetta frv., að gæta að, hvort gert væri ráð fyrir tekjuhalla á árinu 1922, og að þeim hafi brugðið í brún, er þeir sáu í 20. gr. frv., að þar er gert ráð fyrir nærri 2 milj. kr. tekjuhalla. En þetta er ekki eins slæmt og út lítur fyrir, og vil jeg í þessu efni vísa til athugasemdanna við frv., því að þær skýra hvernig á þessu stendur. Hjer vil jeg sýna fram á, að ef tillögur stjórnarinnar í skattamálum ná fram að ganga, er ekki búist við neinum tekjuhalla 1922.

Eins og frv. sýnir, er gert ráð fyrir að gjöld á árinu nemi kr. 8786210.69.

En ef skattafrv. stjórnarinnar ganga fram eins og þau eru nú, má gera ráð fyrir, að tekjurnar verði sem hjer segir, taldar í þúsundum:

1.	Fasteignaskattur	240
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1000
3.	Aukatekjur	150
4.	Erfðafjárskattur	50
5.	Vitagjald	150
6.	Leyfisbrjefagjöld	10
7.	Útflutningsgjald af síld	300
8.	Áfengistollur	200
9.	Tóbakstollur	750
10.	Kaffi- og sykurtollur	750
11.	Te o. fl. tollar	150
12.	Vörutollur	1500
13.	Gjald af konfekt og brjóstsykri	25
14.	Stimpilgjald	500
15.	Pósttekjur	300
16.	Símatekjur	1100
17.	Tekjur af tóbaks- og vínverslun	640
18.	Bifreiðaskattur	40
19.	Lestagjald af skipum	50
20.	Hækkun söknargjalda	85
21.	Tekjur samkv. 3. gr. frv.	390
22.	Tekjur samkv. 4. gr. frv.	500
23.	Tekjur samkv. 5. gr. frv.	20
	Samtals kr.	8900 þús.

Af þessu yfirliti sjest, að búist er við, að tekjurnar hrökkvi rúmlega fyrir gjöldum, en jeg get búist við, að háttv. fjárveitinganefnd þyki sjer markaður nokkuð þröngur bás með þessari áætlun, og skal jeg að sönnu játa, að svo er, og er það raunar heldur eigi meining mín, að hún megi ekki hækka lítið eitt gjöldin, ef brýn ástæða þykir til, en þess vil jeg biðja hana umfram alt, að hækka ekki

gjöldin í tillögum sínum meira en hún telur alveg óhjákvæmilega nauðsyn. Jeg geri mjer mikla von um, að háttv. nefnd muni ekki í þetta skifti hækka gjöldin nærri eins mikið og hún hefir gert undanfarin ár, bæði af því, að jeg ber það traust til hennar, að hún sjái, að hin mesta nauðsyn er að spara á hinum erfiðu tímum, sem nú standa yfir, og af því, að jeg vona, að nefndin finni óvíða ástæðu til að hækka áætlunarliði stjórnarinnar, eins og oft hefir þótt brenna við áður, því að það hefir verið reynt, er frv. var samið, að horfast beint í augu við dýrtíðina og áætla engu lægra en ætla mætti, að kostnaður yrði, eftir því útliti, sem var, þá er frv. var samið. Og einmitt þess vegna eru gjöldin nú áætluð miklu hærri en nokkru sinni áður. Jeg vona, að nefndin virði þessa viðleitni og gjaldi hana með hóflegum tillögum frá sjer, hafandi það hugfast, að útlitið er ískyggilegt og alt annað en það var t. d. 1919.

Um tekjur þær, sem nefndar voru, vil jeg geta þess, að þær hefi jeg áætlað alveg eins og jeg tel líklegast að þær verði. En að sjálfsögðu verður að gæta þess, að þar sem sumar af tekjugreinunum eru nýjar og aðrar töluvert breyttar, er allmiklum erfiðleikum bundið að áætla þær. Sjerstaklega er tekju- og eignarskattur á þessum tímum töluvert vafasamur. Það er þó sannfæring mín, að ekki sje óvarlegt að búast við hinum áætluðu tekjum, ef ekkert óvænt kemur fyrir. Hinsvegar vil jeg taka það skýrt og greinilega fram, að það er með öllu óforsvaranlegt að hækka þessa áætlun, því að í henni er, eins og tekið hefir verið fram, áætlað eins hátt og fært er, og það meðfram vegna þeirrar stefnubreytingar, sem kom fram í þessu 1919, sjerstaklega í háttv. Ed. Ef svo fer móti von minni, að háttv. fjárveitinganefnd sjái sjer ekki fært að láta sjer nægja að ráða yfir þeim rúmum 100 þús. kr., sem tekjurnar eru áætlaðar umfram gjöldin, eða tekjufrv. verður breytt til lækkunar eða eitthvað af þeim felt, er alveg óumflýjanlegt að bera fram nýja tekjuauka, því að þótt jeg verði að telja það mjög varhugavert að leggja þyngri skattabyrði á þjóðina en hjer er ráðgert, verð jeg þó að telja það enn varhugaverðara að ganga svo frá fjárlögunum, að fyrirsjáanlegur halli verði á landsreikningnum. Þjóðarbúskapurinn verður að bera sig; um það vona jeg að öllum komi saman.

Ef til þess óyndisúrræðis verður að taka, að auka tekjurnar fram yfir það, sem hjer er ráðgert, sje jeg ekki annan útveg til þess en að setja útflutningsgjald á landbúnaðar- og sjávarafurðir, svo mjög sem jeg þó er mótfallinn slíkum skatti, sem eftir eðli sínu hlýtur fremur að lama framleiðsluna, og auk þess kemur ekki rjettlátlega niður. — Verði það ofan á hjá hinu háa Alþingi að hækka gjöldin eða draga úr tekjunum, mun þó naumast annar vegur fyrir hendi, og mundi jeg þá sætta mig við það, þó þannig, að það yrði aðeins bráðabirgðaráðstöfun, er fjelli úr gildi þegar dýrtíðin minkaði og gjöldin þar af leiðandi lækkuðu. En eins og jeg þegar hefi vikið að, tel jeg þessa aðferð eigi rjetta. Hitt tel jeg aftur á móti rjett, að draga úr framkvæmdum, meðan dýrtíðin er svo gífurleg, sem nú er, til þess að komast hjá því að íþyngja atvinnuvegum landsins um of, einkum nú, er þeir stynja undir þrælsoki dýrtíðarinnar.

Um áætlun símateknanna hjer að framan verð jeg að geta þess, af því að hún er 100.000 krónum hærri en frumvarpið segir, að hækkun þessi er gerð af því, að það hefir komið í ljós síðan frv. var samið, að tekjur þessar síðastliðið ár verða eitthvað yfir 1 milj. kr., ef til vill um 1 milj. 100 þús. kr., og minni ættu þær ekki að verða 1922.

Jeg skal játa það, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, gerir ekki ráð fyrir miklum framkvæmdum, og er það í samræmi við það, sem jeg sagði áður, um nauðsynina á að íþyngja eigi landsmönnum um of með sköttum. Einstaklingarnir taka nú það ráð að draga úr framkvæmdum, og hið sama verður ríkið að gera. Það má og minna á það, að fjárlögin eru ekki einasta framkvæmdaheimildin, sem stjórnin hefir, því að hún hefir heimild til brúagerða, símalagninga og húsabygginga eftir sjerstökum lögum. Og ef fært verður, munu þessar heimildir verða notaðar eitthvað, og til þess notaðar eftirstöðvar lánsins frá 1920, en varlega verður í slíkt að fara, nema ástandið breytist verulega til batnaðar. Á tímum eins og þeim, sem nú standa yfir, verðum vjer að láta oss nægja hægfara framsókn, og það er áreiðanlega hollara en safna stórskuldum á eftirkomendurna, vegna þess hve allar framkvæmdir eru óheyrilega dýrar.

Jeg get ímyndað mjer, að einhverjir hinna háttvirtu deildarmanna undrist það, að jeg hefi ekki hjer að framan talið neitt fyrir væntanlegum fjáraukalögum 1922, nje fyrir gjöldum samkvæmt sjerstökum lögum. En þetta er með vilja gert, og ástæðan er sú, að jeg geri mjer von um, að dýrtíðin minki töluvert á þessu ári. Jeg býst til dæmis við, að naumast þurfi að búast við, að dýrtíðaruppbót verði 1922 yfir 100%, en í frv. er alstaðar gert ráð fyrir 120% uppbót. Útlitið hefir breyst nokkuð síðan frv. var samið. Enn fremur má benda á, að í frv. er gengið út frá 200 kr. verði á kolasmálest, en alt útlit fyrir nú, að þau muni ekki kosta meira en rúmar 100 kr. Fleiri lækkanir mætti nefna, en út í það skal ekki farið nú. En ef dýrtíðaruppbótin lækkar um 20% og kol eins og að ofan er greint, mun það ásamt öðrum lækkunum, sem sennilegar eru, nema um ½ milj. kr., og þessi fjárhæð ætti að nægja fyrir aukafjárveitingum 1922.

Jeg mundi þora að leggja út á árið 1922 með þessa áætlun, sem að framan er greind, en vil jafnframt taka það fram, að tæpara má ekki áætla.

Í þetta skifti skal jeg þá ekki fara fleiri orðum um þetta frv., en skal aftur á móti fara nokkrum orðum um árið 1920 og hag ríkissjóðs í lok þess. Áætlun fyrir yfirstandandi ár mun aftur á móti bíða til framhalds þessarar umr., eins og venja hefir verið til.

Um tölur þær, sem jeg tilfæri hjer, vil jeg geta þess, að með því að ennþá er töluvert ógreitt af gjöldum ársins 1920, og alveg allar tekjur eigi heldur komnar fram, munu tölur þessar breytast nokkuð, en veruleg áhrif getur það eigi haft. Þegar alt kemur til alls, getur ef til vill munað 1—2 hundr. þús. kr., en naumast meiru.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti, sem samið hefir verið, nema tekjur og gjöld 1920 því, sem hjer segir, talið í þúsundum:

I. Tekjur.	Áætlað kr.	Varð kr.
1. Ábúðar og tekjuskattur	100000.00	207265.23
2. Húsaskattur	40000.00	62178.00
3. Tekju- og dýrtíðarskattur	500000.00	840236.00
4. Aukatekjur	120000.00	251305.93
5. Erfðafjárskattur	17000.00	42561.59
6. Vitagjald	100000.00	162423.34
7. Leyfisbrjefagjöld	8000.00	12002.98
8. Gjald af Kínalífselixír	10000.00	2066.67

	Áætlað kr.	Varð kr.
9. Útflutningsgjald	600000.00	799353.18
10. Áfengistollur	125000.00	304949.31
11. Tóbakstollur	400000.00	618954.01
12. Kaffi- og sykurtollur	525000.00	420692.92
13. Vörutollur	750000.00	1373527.93
14. Annað aðflutningsgjald	60000.00	73860.04
15. Gjald af konfekt og brjóstsykri	10000.00	30700.00
16. Stimpilgjald	500000.00	1757804.65
17. Pósttekjur	200000.00	277660.00
18. Símatekjur	550000.00	1000000.00
19. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs	18000.00	43200.00
20. Tekjur af silfurbergsnámum	100.00	
21. Tekjur af skipum	350000.00	350000.00
22. Tekjur af Íslandsbanka	120000.00	270000.00
23. Tekjur af Landsbankanum	59500.00	105000.00
24. Tekjur af ræktunarsjóði	20000.00	21967.00
25. Vextir af bankavaxtabrjefum og útdregin brjef	58000.00	84781.00
26. Arður af hlutafje í Eimskipafjelagi Íslands	6000.00	10000.00
27. Vextir af innstæðum í bönkum	5000.00	13296.00
28. Greiðslur frá Landsversluninni	154000.00	2340000.00
29. Óvissar tekjur	23600.00	778061.00
30. Tekið innlent lán		3000000.00
Samtals	5429200.00	15253846.78

II. Gjöld.			Áætlað kr.	Varð kr.
1. Vextir og afborganir af lánum			1120324.25	3567938.00
2. Borðfje konungs			60000.00	60000.00
3. Alþingiskostnaður			70000.00	239161.00
4. Gjöld samkvæmt 10. gr. fjárlaga			154800.00	332319.00
5. Dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.			302000.00	481080.00
6. Gjöld vegna heilbrigðismála			378840.00	1232589.00
7. Til samgöngumála	Áætlað	Varð		
a. Póstmál	234600.00	424088.00		
b. Vegamál	349600.00	558913.00		
c. Strandferðir	244500.00	265300.00		
d. Símamál	509450.00	1069142.00		
e. Vitamál	202100.00	419215.00		
			1540250.00	2736658.00
8. Kirkju og kenslumál:				
a. Andlega stjettin	63906.41	432559.00		
b. Kenslumál	471000.00	913734.00		
			534906.41	1346293.00

	Áætlað kr.	Varð kr.
9. Til vísinda, bókmenta og lista	266290.00	342206.00
10. Til verklegra fyrirtækja	537740.00	557576.00
11. Lögboðnar fyrirframgreiðslur o. fl.	3100.00	4080.00
12. Eftirlaun og styrktarfje	123187.25	212246.00
13. Óviss gjöld	20000.00	344467.00
14. Gjöld samkvæmt sjerstökum lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum		2885170.00
15. Tekjuafgangur		1912063.78
Samtals	5111437.91	15253846.78

Þessi er þá tekna- og gjaldareikningur síðastliðins árs, en jeg tek það hjer fram aftur, að þessar tölur breytast eitthvað, sjerstaklega að því leyti, að útgjöld hljóta að koma enn, sem tilheyra árinu 1920.

Ef litið er nánar á þetta yfirlit, sjest það, að tekjur hafa verið miklar og allir tekjuliðirnir farið fram úr áætlun, nema kaffi- og sykurtollur og gjald af kína, og af silfurbergsnámunum eru engar tekjur, því að námurnar hafa ekki verið starfræktar. Auk þess er gjald af skipum alveg eins og áætlað var. Aðflutningsgjöldin og vörutollur hafa farið minna fram úr áætlun en vænta mátti, samanborið við aðrar tekjur, og er ekki vafasamt, að aðflutningshöftin hafa valdið því. Eftir atvikum er því engin ástæða til óánægju með tekjuliðina, og sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um hana, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til að gefa frekari skýringar um einstök atriði, ef einhver hv. þm. kynni að óska þess við nánari athugun þessarar skýrslu.

Um gjöldin er aftur á móti að segja, að þau hafa, eins og skýrslan sýnir, farið gífurlega fram úr áætlun, og er það ekki að undra, þegar litið er til þess, að sumarið 1919, er núgildandi fjárlög voru sett, var búist við mikilli verðlækkun, sem brást svo hrapallega, að dýrtíðin þvert á móti magnaðist stórum og hefir aldrei verið verri en 1920. Og einmitt í trausti þessarar verðlækkunar var Alþingi 1919 áreiðanlega miklu örara á fje en ella mundi, og nokkru mun og hafa valdið þar um stríðsgróðinn, sem mörgum óx í augum. Alkunnugt er og það, að ekkert var áætlað fyrir dýrtíðaruppbótinni, nje launum barnakennara, og ekki heldur fyrir væntanlegum fjáraukalögum. Það er því í raun og veru ekki að undra, þótt gjöldin fari mikið fram úr áætlun.

Vegna þess, hversu geysihá sú upphæð er, sem greidd hefir verið samkvæmt sjerstökum lögum, fjáraukalögum og þingsál., skal jeg geta þess, að aðalliðirnir í þessari upphæð eru þessir, talið í þúsundum:

Notað af innanríkisláni til brúa, síma og húsabygginga, samkv. þar að lútandi lögum, ca. 1150 þús. kr., afföll af innanríkisláninu og vextir til 1. júlí 1920 ca. 150, laun og dýrtíðaruppbót barnakennara ca. 500, fjáraukalög 1920 750, greiðslur samkv. ýmsum lögum 350. Samtals ca. 2900 þús. kr.

En yfirlitið hjer að framan sýnir aðeins, hvað komið hefir í fjárhirsluna á árinu og hvað hefir verið úr henni greitt. Nú er að athuga, hvort vjer höfum tapað eða grætt á árinu, því að þótt meira sje greitt í fjárhirslu en úr henni, sannar það eigi, að vjer höfum grætt. Til þess að komast að raun um þetta, verðum vjer að athuga, hvaða lán hafa verið tekin og hvort vjer höfum fengið afborganir af útistandandi skuldum eða aðrar tekjur, sem ekki eru ætlaðar

til eyðslu. Ef vjer förum nú yfir tekjubálkinn hjer að framan, sjest, að vjer höfum haft allmikið af slíkum tekjum, sem sje:

Hið innlenda ríkislán 3000 þús. kr., afborgun af láni til landsverslunarinnar 2100, áætlað inn komið 1919 og 1920 af hinum sjerstaka kola- og salttolli, er gengur til greiðslu á halla af sölu þessara vara undir verði, 500, afborgun af dýrtíðarlánum sveitar- og bæjarfjelaga ca. 60 þús. kr. Samtals 5660 þús. kr.

Þá er spurningin, hvað orðið hefir af þessum 5660 þús. kr., því að það, sem ekki er hægt að sýna, að varið hafi verið til skuldalúkninga eða fyrirtækja, sem ekki teljast til venjulegra útgjalda, hlýtur að hafa eyðst á þjóðarbúinu á árinu, að svo miklu leyti, sem það er ekki óeytt í peningum. Við athugun á þessu kemur það í ljós, að vjer höfum á árinu: borgað af láni íslenskra botnvörpungaeigenda 1030 þús. kr., borgað lán í Íslandsbanka, tekið 1918 til landsverslunar, 1000, varið til símalagninga, brúagerða og bygginga af innlenda láninu (ekki áætlað í fjárlögum) ca. 1300, óeytt af tekjum ársins, samkv. framangreindu, ca. 900 þús. kr. Samtals 4230 þús. kr. — Hjer við má í raun og veru leggja: Samningsbundnar afborganir af lánum, flestar áætlaðar í fjárlögunum, ca. 900 þús. kr., innskotsfje í Landsbankann, sem ber þar vöxtu, 100 þús. kr. Samtals 1000 þús. kr.

Eftir þessu höfum vjer tapað á árinu 470 þús. kr., eða um ½ miljón að minsta kosti, því að enn koma einhver aukin gjöld fram, eins og drepið er á áður. Þessi mismunur geri jeg ráð fyrir að vinnist upp á ágóða ýmsra stofnana á árinu, t. d. Landsbankans og Landsverslunar, og í aukning viðlagasjóðs og annara sjóða, svo að óvíst er, að efnahagsreikningur ríkissjóðs sýni halla eftir árið. En þrátt fyrir þetta verður það ekki varið, að annaðhvort hafa tekjurnar á árinu verið of lágar eða gjöldin of há, því að búskapurinn er ekki góður, nema vjer getum greitt samningsbundnar afborganir hvers árs af tekjum þess hins sama árs, en til þess að vjer hefðum getað það, og einnig haft upp í halla þann, sem um er getið hjer að framan, hefðu tekjurnar þurft að vera 1½ milj. kr. meiri, eða gjöldin 1½ milj. kr. minni. Nú geri jeg ráð fyrir, að flestir muni sammála um það, að öllu athuguðu, að eigi sje gerlegt að þyngja skatta eins og nú stendur, og þess vegna mun stjórnin reyna að takmarka gjöldin og gera það, sem í hennar valdi stendur, til að vinna upp halla ársins 1920 á árinu 1921. Og þess er fastlega vænst af þinginu, að það styðji stjórnina í þessu og gæti hófs í kröfum sínum til ríkissjóðsins.

Eins og landsreikningurinn 1919 ber með sjer, skuldaði landsverslunin ríkissjóði í árslok 1919 ca. 6300 þús. kr. Á árinu 1920 hefir hún borgað í afborgun 2100 þús. kr., svo að ógreiddar voru við áramótin 4200 þús. kr., en frá þessu er rjett að draga um 1½ milj. kr., vegna halla af sölu kola og salts undir verði, enda mun þegar vera kominn í ríkissjóðinn ⅓ þeirrar fjárhæðar. Hin raunverulega skuld er því nú um 2700 þús. kr. Landsverslunin hefir því greitt af skuld sinni við ríkissjóð á 7. milj. kr. frá árslokum 1918, því að þá var skuld hennar rúmlega 9,1 milj. kr. Þessar tölur sýna, hversu stórkostlega verslunin hefir fært saman kvíarnar. Það hefir verið nokkuð um það deilt, hvort rjett væri að draga hallann á kolum og salti frá inneign ríkissjóðs hjá versluninni eða frá varasjóði hennar. Jeg verð að telja hið fyrnefnda rjettara, vegna þess, að Alþingi hefir ákveðið, að halli þessi skuli unninn upp með sjerstökum tolli, sem rennur í ríkissjóð, en ekki til verslunarinnar. Vitaskuld kemur þetta alveg í sama stað niður,

eins og tekið er fram í svörum stjórnarinnar við hjer að lútandi aths. yfirskoðunarmanna. Og að minsta kosti má ekki gleyma því, að um þriðjungur þessarar fjárhæðar er þegar greiddur.

Um efnahag landsverslunarinnar við síðastliðin áramót verð jeg mjög stuttorður, því að enn þá liggur ekki fyrir efnahagsreikningur hennar fyrir síðastliðið ár, sem ekki er við að búast, því að reikningar yfir ýms viðskifti erlendis eru sumpart alveg nýkomnir og sumpart ókomnir, og reikningar frá útibúunum eru að eins nýkomnir. En svo mikið mun þó óhætt að segja, að verslunin hefir hagnast um að minsta kosti ½ miljón á síðastliðnu ári, og þegar það er athugað, að varasjóður verslunarinnar var í árslok 1919 rúmlega 2 milj. kr., hlýtur hann við síðustu áramót að hafa verið að minsta kosti 2½ milj. kr. Það er því nokkuð fjarri sanni, sem heyrst hefir hjer í bænum, að tap mundi á verslunarrekstrinum yfirleitt. Hirði jeg ekki að fara frekar út í það atriði hjer, enda verður ef til vill tækifæri til að minnast á þetta mál síðar. Um kolakaup landsverslunarinnar ætla jeg ekki heldur að ræða í þetta skifti, og það því síður, sem mjer er ekki kunnugt um, að því hafi verið haldið fram, að mögulegt hafi verið að komast hjá að kaupa þau, eftir því útliti, sem þá var í heiminum.

Um skip ríkissjóðs er þess að geta, að reikningur um tekjur þeirra og gjöld 1920 er ekki ennþá kominn, og ekki heldur bráðabirgðayfirlit, enda er framkvæmdastjóri ríkissjóðsskipanna alveg nýkominn heim. En eftir þeim fregnum, sem jeg hefi haft af hvernig skipunum hefir gengið síðastliðið ár, er ekki þaðan tekna að vænta, því að útgerðin hefir borið sig illa, og veldur þar um miklu hin geysidýru kol, sem Sterling hefir orðið að kaupa, og tafir, sem skipin hafa orðið fyrir, einkum vegna verkfalla. Þær 350 þús. kr., sem tilfærðar eru sem tekjur hjer að framan, eru frá árinu 1919, en innborgaðar 1920. Á yfirstandandi ári getum vjer því naumast vænst neinna tekna frá skipunum, en þess verður að gæta, þegar um þetta er rætt, að ef vjer hefðum eigi Sterling til strandferðanna, þyrftum vjer að borga stórfje fyrir þær. Annars býst jeg við, að hægt verði síðar á þinginu að gefa skýrslu um skipin, ef hv. deild óskar þess.

Jeg skal þá í þetta sinn ekki fara fleiri orðum um fjárhag ríkissjóðsins, eins og hann var í árslok 1920, en við framhald þessarar umr. mun væntanlega verða tækifæri til að athuga nánar haginn í árslok 1921 og 1922, því að þá verður sjeð um tillögur hv. fjárveitinganefndar. Aftur á móti hefi jeg í hyggju að minnast nokkrum orðum á fáein atriði, er snerta fjárhag ríkisins í heild.

Fyrst skal þess þá getið, að mjer hefir af ýmsum blöðum verið legið mjög á hálsi fyrir það, að jeg tók ekki erlent lán í utanför minni í haust. En jeg sje satt að segja ekki, að það sje neinn gæfuvegur að taka lán á lán ofan, og jeg er þeirrar eindregnu skoðunar, að vjer eigum að sporna við nýjum lántökum, svo sem vjer getum framast, nema ef vjer höfum með höndum arðvænleg fyrirtæki, sem sjálf geta greitt lánið með vöxtum, eða þá stutt lán til verslunar, en slík lán álít jeg, að bankarnir eigi að taka, en ekki ríkissjóður, nema hans eigin verslun eigi í hlut. Lán til eyðslu eru svo óhyggileg, að jeg get ekki skilið, að neinn vilji mæla þeim bót, og sleppi því alveg að ræða um þau. En til hvers áttum vjer þá að taka þetta lán? Að taka það til að borga eldri lán hefði verið hin mesta heimska, því að vjer hefðum ekkert nýtt lán fengið, nema með miklu verri kjörum en eru á hinum gömlu. Það er fjármálaspeki, sem jeg ekki skil, að taka 8—10% lán, til þess að borga 4—5% lán, sem ekki eru fallin í gjalddaga. Og jeg held, að það

sje rjettara að staldra dálítið við og aðgæta, hvað vjer erum búnir að taka af lánum á síðustu árum. Árið 1919 tókum vjer 4½ milj. kr. lán og 1920 3 milj. kr. lán. Af þessum lánum þurfum vjer að borga um 700 þús. kr. fyrstu árin í vöxtu og afborgun. Og ef litið er á vaxta- og afborganagrein fjárlagafrv. fyrir árið 1922, sjest, að vjer þurfum á því ári að borga um 1½ milj. kr. í vöxtu og afborganir af skuldum, með öðrum orðum 15—20 kr. á hvert mannsbarn á landinu, 75—100 kr. á ári á hvert heimili. Er nú ekki ástæða til að fara varlega í að auka þessa fjárhæð? Jeg er ekki í efa um það.

Annars virðist mjer, að skifta megi lánum í 4 flokka, sem sje þessa: 1. Lán til eyðslu, 2. lán til verslunar, 3. lán til annara arðvænna fyrirtækja eða mannvirkja, 4. lán, sem tekin eru aðeins í gróðaskyni (spekúlations-lán).

Það er nú rjett að athuga, hverskonar lán það hefði átt að vera, sem jeg hefði átt að taka, eða undir hvern þessara flokka það hefði átt að heyra. 1) Um lán til eyðslu hefi jeg áður talað, og af því að jeg þykist þess fullviss, að enginn hv. deildarmanna álíti, að jeg hefði átt að taka slíkt lán, læt jeg úttalað um það. 2) Jeg hefi aldrei neitað því, að lán til verslunar sjeu mjög oft hagkvæm, ekki síst nú á tímum, en af því að stjórnin hefir yfirleitt ekki verslun landsins í sínum höndum, virðist mjer ekki geta komið til mála, að ríkissjóður eigi að taka slík lán, nema að því leyti sem þeirra þarf með til rekstrar landsverslunar. Önnur verslunarlán sýnist mjer, að bankarnir eigi að útvega. Jeg sje ekki að það geti komið til mála, að ríkissjóður taki lán til að lána aftur Pjetri og Páli til verslunarrekstrar. Það er verksvið bankanna, en ekki ríkissjóðs. Aftur á móti getur það vel verið á verksviði landsstjórnarinnar að hjálpa bönkunum til að útvega slík lán, ef þeir þurfa þess og óska þess. Og eftir þessum reglum hefir stjórnin farið, eins og jeg nú skal sýna fram á.

Eins og kunnugt er, keypti landsverslunin hveitifarm frá Canada í haust, með þeim skilmálum, að hann skyldi eigi greiddur fyr en eftir 4 mánuði, og áður en þeir mánuðir voru liðnir, hafði stjórnin tryggt sjer 1½ milj. kr. lán í Ameríku til þess að þurfa ekki að borga, er þessir 4 mánuðir voru liðnir, ef gengið væri óhagstætt. Það hefir nú farið þannig, að dollargengið hefir á síðustu tímum lækkað svo, að rjettast þótti að greiða sem mest af þessari skuld, og er það nú gert, þannig að á því hefir græðst um 3—4 hundruð þús. kr., svo að það verður þó ekki sagt, að ríkissjóður hafi einskis hagnaðar notið af gengisbreytingunni. Og stjórnin getur hvenær sem er tekið til áðurnefnds 1½ milj. kr. láns, og hefir þegar gert, þó ekki sje í stórum stíl. Frekari lán vegna Landsverslunarinnar hefir ekki þurft.

Þetta sýnir, að stjórnin er ekki hrædd við að taka slík lán sem þessi, en jeg vænti þess, að fáir lái henni, þótt hún leiki sjer ekki að því að taka lán að óþörfu.

Til þess að sýna, að stjórnin hefir einnig haft opin augun fyrir því, að eftir atvikum gæti verið rjett að hjálpa bönkunum til að fá slík lán sem þessi, vil jeg geta þess, að forsætisráðherra útvegaði Landsbankanum í utanför sinni í sumar rúmlega tveggja milj. kr. lán, gegn ábyrgð ríkissjóðs, og er það lán þegar greitt aftur. Jeg minnist þess ekki, að bankarnir hafi oftar en í það skifti farið fram á aðstoð stjórnarinnar í þeim tilgangi. Og þegar jeg var í Kaupmannahöfn í haust, kallaði jeg á fund sendiherra vorn þar, sendisveitarritarann og þá bankastjóra, sinn frá hvorum bankanna, sem þá voru í Kaupmannahöfn, til þess að ræða um, hvort nauðsynlegt væri, eftir því sem út leit þá, að taka lán, og eftir að hafa athugað þetta nákvæmlega ljetu báðir bankastjórarnir það í ljós, að

þeir teldu ekki nauðsyn á því, enda var mjer kunnugt um, að Landsbankinn fjekk í Kaupmannahöfn hjá bankasambandi sínu þar það lán, sem hann fór fram á. Jet get alls ekki gengið inn á, að jeg hefði átt að neyða láni upp á bankana; jeg skoða það sem hreina og beina fjarstæðu. Að því er snertir verslunarlánin held jeg því óhikað fram, að stjórnin hafi gert skyldu sína í fylsta mæli.

3) Um lán til arðvænlegra fyrirtækja eða mannvirkja get jeg verið mjög stuttorður, af því að vjer höfum nú engin slík fyrirtæki með höndum, önnur en þau, er innlenda lánið var tekið til síðastl. sumar, og þar sem það lán er ekki eytt enn nema að hjer um bil helmingi, getur ekki verið um lántöku að ræða í þessum tilgangi.

Hjer getur því ekki verið um vanrækslu að ræða.

4) Um „spekúlations"-lánin verð jeg aftur á móti að fara nokkrum orðum, því að svo undarlega hefir nú við brugðið, að ýmsar raddir hafa komið fram um það, að stjórnin hefði átt að taka þannig lagað lán, lán í landi með háu gengi (Englandi eða Ameríku) og borga það svo aftur, er gengið fjelli. Það hefir verið reiknað út, að á þennan hátt hefðum vjer getað grætt miljónir. Það hefir verið hrópað hátt um þá afskaplegu heimsku, sem jeg hafi gert mig sekan í, að taka ekki þannig lagað lán. Jeg er talinn óhæfur í stöðu minni fyrir það, að jeg vildi ekki „spekúlera" með fje ríkissjóðs. En jeg tek mjer þetta ljett, því að jeg veit, að ef jeg hefði gert þetta, hefði jeg drýgt höfuðsynd, dauðasynd. Jeg veit það, að engin stjórn í nokkru landi hefir heimild til undir nokkrum kringumstæðum að „spekúlera" með fje ríkisins. Og það hefir aldrei verið gert hjer og jeg vona, að það verði aldrei gert. Að minsta kosti get jeg sagt það um núverandi stjórn, að hún mun aldrei gera það. Jeg er líka alveg sannfærður um, að það eru ekki margir menn í þessum sal, sem álíta að ríkið eigi að fást við nokkurskonar kauphallarbrask.

Gengislán (Valútalán) hefði verið með öllu tilgangslaust fyrir oss að taka, bæði af því, að gengi krónu okkar fylgir gengi dönsku krónunnar, og af því, að slík lán yfirleitt ná ekki tilgangi sínum. Þetta hefir sýnt sig best hjá Norðmönnum, sem tóku þannig lagað lán síðastliðið ár. Við lánið hækkaði gengið örfáa daga og lækkaði svo aftur lengra niður en áður. Þessi lækning er því skottulækning, svipuðust því, að maður, sem hefir „timburmenn", drekkur sig fullan til þess að hafa þá í burtu. Ætli þeir komi ekki aftur næsta dag, og þá ekki betri en þeir voru áður?

Jeg held því þessvegna fast fram, að stjórnin hafi farið alveg rjett að í þessu máli, og það er fróðlegt að bera orð lánapostulanna saman við ályktanir alþjóðafundar þess um fjármál, sem haldinn var í Brüssel í sumar. Á þann fund sendu flestar þjóðir álfunnar bestu fjármálamenn sína, og þeir voru sammála um það, að eitt meginskilyrði fyrir því, að fjármál heimsins komist í lag, sje einmitt það, að ríkissjóðirnir takmarki lán sín eins mikið og unt sje.

Þá ætla jeg að minnast fáeinum orðum á viðskiftahöftin, sem hátt hefir verið hrópað um. Hver röddin hefir komið fram annari hærri um afnám allra slíkra hafta, og kallað hefir verið hástöfum á hina frjálsu samkepni, sem væri hið rjetta meðal og allra meina bót. Dýrtíðin hyrfi eins og mjöll fyrir sólu, ef öll höft væru afnumin. En mjer er þetta óskiljanlegt. Mjer skilst, að það geti ekki verið efamál, að nú, þegar verðlækkun sumpart er komin og sumpart stendur fyrir dyrum, sje það best að eiga sem minstar birgðir, því að þær hljóta að seljast með tapi, og það ætti ekki að þurfa skýringa við, að tapið verður því minna, sem vörubirgðirnar eru minni. Og að innflutningshöftin valdi því, að minni

birgðir sjeu í landinu en ella mundi, hygg jeg að ekki verði um deilt. Það er og næsta einkennilegt, að sumir þeir, sem hæst láta um afnám haftanna, halda því jafnframt fram, að innflutningsnefndin hafi ekki verið nægilega ströng, og að of mikið hafi verið flutt inn. En slíka menn er ekki hægt að rökræða við, því að þeir snúast í hring og elta sitt eigið skott. Ef nefndin hefir leyft of mikinn innflutning, er vitaskuld ekki rjetta leiðin að afnema höftin, heldur herða þau, ef þau annars geta gert gagn, og það játa þessir menn með því að segja, að of mikið hafi verið flutt inn.

Jeg er alveg sannfærður um það, að innflutningshöftin hafa sparað oss miljónir, og það á þeim tíma, er oss var þess mest þörf. Til þess að ganga úr skugga um þetta þarf ekki annað en fá skýrslu innflutningsnefndar um starf hennar, eða þá athuga það, að að minsta kosti 2 ferðir es. „Botniu" hafa fallið alveg burtu, vegna þess að engar vörur var að flytja hingað, og mörg skip hafa í haust og vetur siglt hingað með hálffermi eða rúmlega það. Ætli þær vörur, sem þurft hefði til að fylla þessi auðu rúm, hefðu ekki eitthvað kostað? Jú, þær hefðu kostað mikið fje, sem við höfum að miklu leyti sparað, því að þrátt fyrir innflutningshöftin hefir oss eigi brostið neinar nauðsynjavörur, og þetta sýnir, að hið auða rúm í skipunum mundi hafa verið fylt með ónauðsynlegum vörum. Gegn þessu kynni einhver að segja, að óvíst sje nema sama rúm hefði verið autt í skipunum, þótt engin innflutningshöft hefðu verið, því að vjer hefðum eigi sökum gjaldeyrisskort getað keypt meira en vjer höfum keypt; en þar til er því að svara fyrst og fremst, að jeg þekki þess eigi dæmi fyr, að skip hafi eigi getað fengið flutning hingað, og í öðru lagi, að það er engum efa bundið, að ýmsan óþarfavarning gátum vjer altaf fengið, því að hann fæst lánaður til langs tíma. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að hjerlendum kaupmönnum hefir staðið til boða allskonar glingur, tilbúið á stríðsárunum, með 1 til 2 ára gjaldfresti. Og hjer kemur fram annar aðalkostur innflutningshaftanna, en hann er sá, að þau gera mögulegt að hafa hönd í bagga með, hvaða vörur eru fluttar inn. Þriðji kostur þessara hafta er sá, að vjer höfum sparað gjaldeyri vorn erlendis, og jeg hygg, að enginn geti mælt á móti því með rökum, að það hafi verið nauðsynlegt. Báðir bankarnir hjer munu vera eindregið á þeirri skoðun, að innflutningshöftin hafi gagnað oss stórum, og þeir ættu að fara nær um þetta en flestir aðrir.

Það er ekkert undarlegt, þótt ýmsir kaupmenn, sem hafa orðið fyrir barðinu á innflutningshöftunum, láti hátt út af þeim, því að eigin hagsmunir eru þungir á metaskálunum, en alþjóðarheill er þó meira verð; það ættu þeir að athuga. Og jeg held að þeir hugsi helst til skamt, því að vera má, að ekki hefði þeim sumum hverjum sviðið minna að eiga miklar birgðir, þegar verðfall kemur og peningakreppa veldur því, að almenningur getur eigi keypt. Gjaldþrotavofan mundi þá hafa sýnt sig fyrir sjónum þeirra sumra, og jeg efast um, að hún hefði verið broshýrri en innflutningshöftin.

Jeg vík aftur að þessum töfraorðum „frjáls samkepni", sem jeg alls ekki skal gera lítið úr, en má misbrúka, eins og alt annað, sem í sjálfu sjer er gott. Frjáls samkepni á ekki alstaðar við og á öllum tímum, og það hafa kaupmenn hjer á landi sjálfir viðurkent í verkinu, því að ekki er fjelag það, sem þeir ráðgera um síldarverslun, í anda frjálsrar samkepni, og ekki er „fiskhringurinn" svo nefndi það heldur. Það verður að minnast þess, að óvanalegir tímar krefjast óvanalegra ráðstafana. Og það munu ekki margar þjóðir, sem nú leyfi á öllum sviðum frjálsa samkepni.

Jeg er þess fullviss, að hingað til hafa tímarnir ekki verið þannig, að rjett hafi verið að afnema þessi höft, en hversu lengi ástæða er til að halda þeim, með eða án breytinga, er ekki hægt að segja nú. Hins vegar get jeg fullvissað háttv. deild um, að ef þessi stjórn verður við völd framvegis, mun hún að sjálfsögðu engum höftum halda lengur en hún telur nauðsynlegt, en vitaskuld svo lengi. Jeg fæ ekki betur sjeð en að vjer sjeum neyddir til, vegna gjaldeyrisskorts erlendis, að takmarka innflutning eins og vjer getum, og jeg verð að játa það, að mjer finst það ekki stórkostlegt böl, þótt vjer þurfum að spara við oss nokkuð um skammman tíma. Að minsta kosti er það áreiðanlega betra en að sökkva sjer í skuldafen, sem langan tíma þarf til að losna úr. Ef vjer nú athugum, hvernig á því stendur, að oss vantar erlendan gjaldeyri, þá sjáum vjer, að til þess liggja einkum fjórar ástæður, en þær eru þessar: 1. Of lítið flutt út af vörum, 2. of lágt verð á þeim, 3. of mikið innflutt í landið, og 4. of hátt verð á þessum innfluttu vörum.

Þegar reyna á að bæta úr þessum gjaldeyrisskorti, verður viðleitnin að ganga í þá átt að nema burtu eða eyða sem mest þessum orsökum, einni eða fleiri. Það er því rjett að líta á, hvort vjer erum þess megnugir eða ekki, og tek jeg hverja ástæðuna fyrir sig.

1. Útflutningurinn fer eftir framleiðslumagninu í landinu, og mjög skjótlega er ekki auðið að auka það, og auk þess þarf til aukningar því ýmislegt af erlendum vörum, sem hefir verið svo dýrt, að hæpið hefir verið, að framleiðslan hafi borgað sig. Það er því auðsætt, að þessari orsök gjaldeyrisskortsins getum vjer alls eigi rutt úr vegi í bráðri svipan.

2. Um verð hinna útfluttu vara ráðum vjer ekki miklu. Það, sem hægt er að gera til þess að halda uppi verðinu, er einkum það, að vanda hana vel, og það er sjálfsagt að gera og mun venjulegast vera gert. En þótt svo sje, að varan sje vel vönduð, verður verð hennar ætíð sett í hlutfalli við verð sams konar vara annarsstaðar frá, og það verð getum vjer eigi skapað. Þessari orsök gjaldeyrisskortsins verður eigi rutt úr vegi, svo að verulegu nemi.

3. Þegar erlendur varningur er keyptur, verður kaupandinn að hlíta verðinu, sem á honum er á heimsmarkaðinum, og það verð höfum vjer alls engin áhrif á. Hið eina, sem er auðið að gera, er að nota hagkvæman stað og hentuga stund til kaupanna, en það er auðsætt, að þörfin og erfið aðstaða knýr oft til kaupa á óhagkvæmum stað og óhentugri stund. Þessari orsök gjaldeyrisskortsins getum vjer því ekki verið vissir um að geta rutt úr vegi, svo að verulegu nemi.

4. Alt öðru máli er að gegna um hið aðflutta vörumagn. Því verður alls ekki neitað, og jeg hygg, að enginn muni neita því, að vjer getum dregið úr innflutningnum, og meira að segja, vjer getum dregið allmikið úr honum, án þess að verulegt óþægindi fylgi. Og hví eigum vjer þá ekki að gera það? Allir vilja draga úr gjaldeyrisskortinum, en hví vilja þá ekki allir beita þeirri aðferð, sem til þess er líklegust og affarasælust? Þetta ráð er örugt. Hví á þá ekki að nota það meðan þörf er á?

Af því, sem hjer hefir verið tekið fram, vona jeg, að það sjáist, að besta ráðið til að bæta úr gjaldeyrisskortinum erlendis er takmörkun innflutnings, með öðrum orðum sparnaður í kaupum erlends varnings. Jeg sje því eigi, að stjórnin sje vítaverð fyrir að hafa farið þessa leið, og það því síður, sem síðasta Alþingi ljet ótvírætt í ljós, að það teldi þetta rjettmætt. Jeg veit vel, að það er til annað meðal við þessum gjaldeyrisskorti, og það er lán-

taka erlendis, og jeg veit líka vel, að þá leið vilja sumir fara. En ef lán á að taka í þessu skyni, þá verður það að vera til skamms tíma. Það er lífsnauðsyn, að fje sje fyrir hendi til að borga það einhvern tíma á árinu, því að ef svo er ekki, sýnir það, að vjer flytjum meira verðmæti inn en út, en það má engin þjóð gera til lengdar, annars sekkur hún í erlent skuldafen og týnir fjárhagslegu sjálfstæði sínu, og hinu pólitíska sjálfstæði er þá hætt, því að efnalegt sjálfstæði er hyrningarsteinn undir öllu öðru sjálfstæði. Hin útlendu verslunarlán verður því að fara varlega með, og þegar vjer vitum með vissu, eins og nú er, að vjer haftalaust mundum flytja meira verðmæti inn en út, sýnist mjer ekki geta verið efamál, að hyggilegra sje að halda höftunum fyrst um sinn, ef til vill með einhverjum breytingum, ef Alþingi sýnist svo.

Hjer í bænum hefir verið mikill þytur ger út af hveiti- og sykurskömtuninni, sjerstaklega því atriði, að það var auglýst fyrirfram, að skamtað skyldi frá nýári. Ef á þarf að halda, mun atvrh. (P. J.) skýra það mál nánar, en að því er þessa auglýsingu snertir, skal jeg taka það fram, að með því að jeg var erlendis þegar hún var gefin út, er mjer ekki eins kunnugt um ástæðurnar fyrir henni og ella mundi, en jeg geri mjer í hugarlund, að hugsunin hafi verið sú, að fregnin um skömtunina mundi hvort sem væri komast um alt land, áður en hún kæmi í framkvæmd. Það þyrfti að rita öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnum landsins um þetta, og í þessum nefndum eru um 1000 manns. Allir þessir menn hlutu að fá vitneskju um skömtunina, áður en hún kom í framkvæmd, og fjölda margir aðrir, sem að þessu þurftu að vinna. Gamalt máltæki segir: „Þjóð veit, ef þrír vita", og þá ætti að vera óhætt að álykta: „Þjóð veit, ef þúsund vita". Hjer er því um ekkert annað að ræða en það, að það ráð hefir verið tekið, að segja það opinberlega, sem fullvíst var um, að hvort sem var hefði orðið opinbert, sumstaðar löngu og sumstaðar nokkru áður en það átti að koma í framkvæmd, en alstaðar áður en til framkvæmda kom. Ef nota má þetta sem hengingaról, má flest að gagni koma í þeim efnum. Annars má það merkilegt heita, hver þytur hefir verið ger út af þessari skömtun. Það er þó sannarlega engin nýlunda á þessum tímum. Jeg veit t. d. ekki betur en að Danir skamti bæði sykur og hveiti. Og það er ekki meira en rúmir 2 mánuðir síðan þeir hættu að skamta eldsneyti. Allskonar korn er þar tekið af bændum með nauðungarráðstöfun, fyrir miklu lægra verð en þeir gætu fengið á frjálsum markaði. En hjer má ekkert gera, ekkert takmarka, ekkert spara, án þess að allur fjöldinn gangi af göflunum.

Áður en jeg lýk máli mínu, skal jeg minnast örlítið á það, að fyrir nokkru bar blað eitt hjer í bænum mjer það á brýn, að jeg hefði vanrækt að láta innheimta 190 þús. kr. tekjuskatt hjá firma einu, sem búsett er í Danmörku. En þetta eru helber ósannindi. Skattur þessi fjell í gjalddaga á manntalsþingi í vor, og jeg hafði einmitt lagt svo fyrir við hlutaðeigandi sýslumann, að láta mig strax vita, ef skatturinn yrði ekki greiddur á manntalsþingi, sem haldið var um 20. maí í vor, og af því að skatturinn greiddist ekki þá, sendi sýslumaður mjer strax þinggjaldsseðilinn, og hinn 9. júní í sumar sendi jeg kröfuna skrifstofu stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn til innheimtu. Þessa varkárni sýndi jeg af því, að mjer var kunnugt um, að firmað stóð höllum fæti, enda sýndi það sig, að það gat ekki borgað þá, og er málið eigi útkljáð enn, og

kemur sennilega til þingsins kasta. Þessu hefi jeg viljað skýra frá stuttlega, þótt jeg annars fáist ekki við að hrekja ósannindi þessa blaðs um mig, eða skifti mjer af níði þess.

Að lokum legg jeg það til, að þegar þeir hafa talað, sem nú kunna að óska að fá orðið, verði frv. vísað til fjárveitinganefndar og þessari umr. frestað.

Jakob Möller: Jeg stend aðallega upp til þess að þakka hæstv. fjrh. (M. G.) lesturinn. Hann gerði þarft verk, er hann lýsti nú þegar afstöðu stjórnarinnar til þessara mála, og jeg gat einskis frekar óskað en að það yrði gert sem fyrst. Að þessu sinni ætla jeg ekki að fara ítarlega út í þessa sálma eða hefja deilur. Það verður ef til vill gert síðar. En jeg get ekki varist þess að segja nokkur orð, vegna þess, að jeg hygg, að nokkuð af ummælum hæstv. fjrh. (M. G.) hafi verið meint sjerstaklega til mín.

Jeg er einn þeirra mörgu manna, sem hafa ásakað stjórnina fyrir að taka ekki lán, og þær ásakanir vil jeg endurtaka hjer. Því hefir hvergi verið haldið fram, að stjórnin ætti að taka „spekulations"-lán. En á hitt hefir verið bent, að taka bæri tillit til þess, hvar hagfeldast væri að taka lán. Mjer virtist hæstv. fjrh. (M. G.) gera sjer ekki nægilega ljósa greinfyrir sambandi stjórnarinnar og bankanna. Jeg get fallist á það, að lántakan hafi verið hlutverk bankanna, en stjórnin er yfirstjórn beggja bankanna, og henni ber að taka í taumana, þegar þeir vanrækja skyldu sína. Alþjóðarheill krafðist þess að lán yrði tekið; bankarnir brugðust þeirri skyldu að verða við þeim kröfum, og þá var skylda stjórnarinnar að láta þá gera það. Jeg þykist ekki þurfa að gera frekari grein fyrir því, að stjórnin sje yfirstjórn bankanna. Um það mun enginn efast. Hæstv. forsrh. (J. M.) er formaður bankaráðs Íslandsbanka, og Landsbankinn er eign landsins. Þess vegna ber stjórnin í raun og veru ábyrgð á gerðum bankanna, og þó sjerstaklega í eins mikilvægum málum og þessum. Um þörf lántökunnar þarf ekki að deila. Hún var og er öllum ljós. En jeg held, að hæstv. fjrh. (M. G.) hafi ekki gert sjer það nægilega ljóst, þegar hann var að tala um gjaldeyrislántökur annara þjóða, að munur er á ástandinu hjer og í öðrum löndum. Hjer hafa bankarnir ekki getað staðið í skilum við útlönd. Þá hefir vantað gjaldeyri til þess að geta fullnægt skuldbindingum sínum erlendis. Þetta veit jeg ekki til, að hafi átt sjer stað í öðrum löndum. Þessvegna var það óumflýjanlegt að afla erlends gjaldeyris, til þess að geta staðið í skilum við útlönd og viðhalda lánstrausti landsins.

Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir líka viðurkent, að hjá lánum hafi ekki orðið komist. Stjórnin hefir tekið tvö smálán, og ef það er nauðsynlegt að taka lán til þess að kaupa hveiti og kol, eða þær vörur, sem landsverslunin aðallega annast um aðdrætti á, þá er ekki ólíklegt, að eins sje nauðsynlegt að taka lán til þess að kaupa aðrar vörur, því fleira eru nauðsynjavörur en þær, sem landsverslunin hefir á boðstólum. En þessi lán voru tekin til skamms tíma og greidd fyr en ráðgert var og fyr en skyldi, af „spekulation". Og þó hæstv. fjrh. (M. G.) þyki „spekulation" óhæfa, þó kom það fram, að hann hefir „spekulerað" engu að síður. (*Fjrh.*: Nei!). Nei segir hæstv. fjrh. (M. G.), nei, segir hann, þó að hann hafi lýst því yfir, að lánið hafi verið greitt vegna þess, að gengið fjell. En hæstv. fjrh. (M. G.) gat ekki um það, hvort ekki mundi hafa verið meiri þörf að halda fjenu. Hjer vantaði peninga, og þá hefði þeirri hugsun átt að

geta skotið upp hjá hæstv. fjrh. (M. G.). En út í þá sálma fer jeg ekki frekar að þessu sinni.

Mjer þætti vænt um, ef hæstv. fjrh. (M. G.) vildi skilja það, að hjer er öðruvísi ástatt en í öðrum löndum. En þetta er undirstaða málsins. Bankarnir geta ekki staðið skil á þeim greiðslum, sem þeim ber. Þá vantar gjaldeyri, og þá er aðeins um eina leið að ræða: gjaldeyrislán. Stjórnin er yfirstjórn bankanna, og það var skylda hennar að sjá um að slíkt lán yrði tekið.

Þá verður ekki hjá því komist að drepa lítillega á viðskiftahömlurnar. — Stjórnin hefir nú lýst því yfir, að hún sjái enga aðra leið, til þess að ráða bót á því hörmungarástandi, sem hjer er, aðra en þær. Þær eiga að takmarka innflutninginn, en þær gera það ekki. Þær jafnvel auka hann. Áhættan, sem því er samfara að flytja mikið inn, minkar. Menn eru varðir fyrir verðfallinu. Innflutningshvötin eykst við þetta, og innflutningurinn væntanlega að sama skapi. Viðskiftahömlurnar hafa líka aðrar afleiðingar. Þeirra vegna verður gjaldeyrisskorturinn tilfinnanlegri. Menn fara í kringum bankana með gjaldmiðil, draga hann undan yfirráðum þeirra.

Jeg hafði búist við því, að stjórnin bæri fram einhverjar tillögur, til þess að bæta úr ástandinu, sem þjakar okkur nú og við fáum að þreifa betur á áður en lýkur. Það hefir nú komið fram, að það er brent fyrir, að stjórnin bendi á nokkur slík ráð. Það er gott að vita það svona snemma. Menn vita þá, hvernig þeir eiga að haga sjer.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er óþarfi að vera margorður. Það er rjett hjá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að stjórnin er yfirstjórn bankanna. En jeg spyr: Er hægt að búast við því, að ráðherra, sem staddur er erlendis og hefir tal af bankastjórunum, sem álíta, að hægt sje að komast af án láns, segi þá skrökva því og skipi þeim að taka lán. Jeg veit, að ástandið hefir breyst til hins verra síðan. En þegar dæma á einhverja ráðstöfun, ber að dæma hana eftir þeim ástæðum, sem voru þegar hún var gerð, en ekki eftir því, sem síðar kann að koma fram.

Háttv. þm. (Jak. M.) þorði ekki að mæla bót „spekulations"-láni. En hann misskildi algerlega, hvað jeg átti við með þeim lánum. Lán stjórnarinnar voru ekki tekin sem „spekulations"-lán í upphafi, þótt svo vildi til, að á þeim græddist. Þau voru greidd þegar gengið var lágt, en ekki af því, að það var lágt, heldur af því að þau voru fallin í gjalddaga. Þá benti háttv. þm. (Jak. M.) á það, hvort ekki hefði verið betra að borga ekki, og því get jeg svarað aftur eins og jeg tók fram áðan, að það var óþarfi að láta vera að borga, vegna þess, að trygt var lán annarsstaðar, og sú lánsheimild er ennþá opin, og að nokkru notuð.

Þá mintist háttv. þm. (Jak. M.) á viðskiftahöftin, og vakti það undrun mína. Jeg verð að telja það fjarstæðu, að innflutningshöft auki innflutning. (*Jak. M.*: Innflutningslöngunina). Já, en vjer þurfum ekki að greiða peninga fyrir hana, og þessi kenning háttv. þm. (Jak. M.) er staðleysa, er contradictio in adjecto.

Þá gat háttv. þm. (Jak. M.) um það, að stjórnin bæri ekki fram neinar till. til þess að bæta úr ástandinu, aðrar en þær, sem jeg gat um áðan. Um þetta getur hv. þm. (Jak. M.) ekkert sagt. Jeg hefi hvergi lýst því yfir. En háttv. þm. (Jak. M.) þykist hafa fundið ráð, óbrigðult ráð, og það ráð er lántaka.

Jakob Möller: Jeg skal viðurkenna, að jeg svaraði orðum hæstv. fjrh. (M. G.) um „spekulations"-lánin eins og jeg gerði, af því, að jeg vissi, að hann var að fara undan í flæmingi. Jeg hygg, að hæstv. fjrh. (M. G.) hafi verið svo margorður um þessa tegund lána í þeim ákveðna tilgangi að vekja óhug manna á *öllum* lántökum. En því getur hann ekki neitað, að hann sagði, að stjórnin hefði hagað sjer eftir „genginu" á dollaranum, er hún greiddi hveiti-lánið, með öðrum orðum, hún „spekúleraði" í genginu!

Hæstv. fjrh. (M. G.) verður að viðurkenna, að vöruinnflutningurinn hlýtur að fara að miklu leyti eftir hvötinni til að flytja inn vörur til að selja, og að hvötinni sje gefið undir fótinn með viðskiftahöftunum. Eftirsóknin eftir að fá að flytja inn eykst og innflutningurinn verður meiri við það, að innflytjendurnir eru verndaðir gegn verðfallinu, sem annars hlyti að baka þeim tjón.

Hæstv. fjrh. (M. G.) þýðir ekkert að reyna að snúa sig út úr þessu með orðaleikum; hann kemst þá bara sjálfur í „contradictio in adjecto".

Jón Þorláksson: Jeg hafði ekki búist við, að landsverslunin og viðskiftahöftin yrðu tekin svo rækilega til umræðu nú, en úr því að svo er komið, þykir mjer ekki rjett að láta tækifærið ónotað til að láta í ljós skoðun mína.

Það hefir verið rætt um hag landsverslunarinnar. Hæstv. fjrh. (M. G.) gerði grein fyrir því, að tapast hefði 1½ miljón króna vegna verðfalls á kolum og salti árið 1920. Því næst tók hann til athugunar, hvort rjett væri að draga þetta tap frá varasjóði landsverslunarinnar, eða að setja það á reikning ríkissjóðs, og gat þess rjettilega, að það skifti í raun og veru engu máli, hvort gert væri, þar sem það væri ekki annað en að flytja úr einum vasa í annan á sömu flíkinni. Þó taldi hann rjettara að færa það ríkissjóði til útgjalda. En mjer virtist hann hvorki draga tapið frá varasjóði landsverslunarinnar, nje telja það með tekjuhalla ríkissjóðs í yfirliti því, er hann las upp rjett áðan. (*Fjrh.*: Það er tilfært á árinu 1919). Úr því bent var á þetta í sambandi við yfirlit ríkissjóðs 1920, þá varð jeg að álíta, að upphæðin ætti þar heima, enda hefi jeg ekki getað fundið, að hún væri talin með útgjöldum eða tekjuhalla á landsreikningi 1919.

Þá er að minnast á viðskiftahöftin. Jeg held, að ríkisstjórnin hafi ekki sætt ámælum fyrir það, að hafa komið þeim á. Allir munu hafa virt tilgang hennar í því efni. En annars vegar sjá menn nú, að þessum tilgangi hefir ekki verið náð, og hins vegar, að allar ástæður eru nú svo breyttar frá því, sem áður var, að ekki virðist rjettmætt að þessu sje haldið áfram. — Hæstv. fjrh. (M. G.) gerði svo grein fyrir aðaltilganginum, að aðeins með slíkum viðskiftahöftum væri hægt að rjetta hallann milli andvirðisins á innfluttum og útfluttum vörum. En þetta hefir mistekist. Viðskiftanefndin hefir látið það ráða veitingu eða synjun innflutningsleyfa, hvort kaupendur hefðu útlendan gjaldeyri til að borga með vörurnar. Mönnum virðist hún ekki hafa farið eftir því, hvort þær vörur, sem sótt var um innflutning á, væru nauðsynjavörur. Þessar framkvæmdir viðskiftanefndar hafa haft þær afleiðingar í för með sjer, að innflytjendur hafa leitað allra ráða til þess að ná í útlendan gjaldeyri hjá vöru-útflytjendum. Þetta hefir svo aftur orðið til þess, sem síst mátti, að gjaldeyrisverslunin hefir farið fram hjá bönkunum, og annar þeirra ekki getað staðið skil á því fje, sem hann átti að greiða ytra, og hefir þetta vakið mesta vantraust á viðskiftum við landið. Það mun þurfa langan tíma til að

rjetta traustið á landinu við aftur, og það því fremur, sem þetta er ekki komið í lag ennþá. Viðskiftanefndin starfar ennþá, og gjaldeyrir fer enn sem áður fram hjá bönkunum. Á þessu verður að ráða bót, nógur skaði er skeður. Það eru margir, sem álíta, að þetta vandræðaástand, sem er bein afleiðing af starfsemi viðskiftanefndar, mundi lagast, ef hömlunum væri ljett af, enda eru nú fallnar helstu ástæður fyrir höftunum. Því að í fyrsta lagi var þá kaupgeta almennings mikil, en nú er þetta breytt, lítið fje til innanlands, almenningur farinn að draga mjög úr vörukaupum. Í öðru lagi er verðfall þegar byrjað, svo að kaupmenn eru tregir til að kaupa meira en nauðsyn krefur. Í þriðja lagi, þá er gjaldeyriskreppan orðin ennþá tilfinnanlegri en áður, svo að hún ein, ásamt verðfallinu, mun nægileg til þess að takmarka innflutning. Þess vegna eru menn mjög komnir á þá skoðun, að þótt þessi höft hafi verið góð í byrjun, þá beri nú að afnema þau. Það liggur í augum uppi, að einu mennirnir, sem eiga nokkuð á hættu við afnám þeirra, eru kaupmennirnir, sem hafa vörubirgðir fyrirliggjandi, en almenningur allur hefir beinan hagnað af því, þar sem kaupmenn verða að lækka verðið. Almenningur álítur því, að skæðasta vopnið á dýrtíðina sje afnám viðskiftahaftanna. Það væri, eins og jeg gat um, eðlilegast, að mótstaðan kæmi frá kaupmannastjettinni, en nú veit jeg, að áskorun frá henni, sem fer í þá átt, að hömlunum sje ljett af, er á leiðinni. Þeir hljóta auðvitað að tapa einhverju, sumir hverjir, en þeim þykir það rjettmætt og tilvinnandi, ef verslunin verður gefin frjáls.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg þarf ekki að svara háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), þar sem hann aðeins tók það upp aftur, sem hann var búinn að segja í fyrri ræðu sinni.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gerir mjer rangt til, er hann segir, að jeg hafi ekki sagt rjett frá tapinu á árinu 1920. Það má ekki tvítelja skaðann á kolum og salti; hann er þegar talinn á árinu 1919.

Háttv. þm. (J. Þ.) taldi það hafa verið rjett, að höftin voru sett á í byrjun, en vill nú láta upphefja þau. Jeg held, að hann hafi ekki fært sönnur á það, að höftin hafi ekki náð tilgangi sínum, með því að benda á það, að okkur vantar gjaldeyri. Háttv. þm. (J. Þ.) verður að játa það, að ástandið væri miklu verra en það er nú, ef höftin hefðu ekki verið. Hv. þm. (J. Þ.) áleit enn fremur, að viðskiftanefndin hefði misskilið starf sitt, og vildi því láta afnema hana. Það er rangt; það á auðvitað að leiða hana inn á rjettar brautir. Annars er það eiginlega hæstv. atvrh. (P. J.), sem ætti að svara þessu. Jeg vil þó geta þess, að meginregla viðskiftanefndar var sú, hvort þörf væri á vörunum eða ekki, en ekki eingöngu það, hvort kaupendur gætu borgað með erlendum gjaldeyri.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. (J. Þ.) sagði, að gjaldeyrir færi framhjá bönkunum, þá er það að sumu leyti rjett. En varla eru þó mikil brögð að þessu. Við vitum það, að nær allur fiskur hjer í landi er á einni hendi, og þegar hann verður seldur, verður andvirðið að ganga í gegnum bankana. Ennfremur gengur andvirði mestallra landbúnaðarafurða gegnum bankana, því að þær eru keyptar og seldar af sambandi íslenskra samvinnufjelaga. En auðvitað fer ávalt eitthvað framhjá bönkunum, einnig á venjulegum tímum, vegna þeirra, sem vilja spara „provision“ og gengismismun.

Um viðskiftahöftin er þess að geta, að það mun rjett, sem háttv. 3. þm. Reykv.

(J. Þ.) segir, að það eru einkum kaupmenn, sem berjast gegn þeim, en ef það er rjett, sem háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) segir, að afnám þessara hafta valdi mikilli verðlækkun, þá verður niðurstaðan sú, að kaupmenn berjast gegn eigin hagsmunum, því að verðlækkun hlýtur að verða þeim til stórskaða. Það er náttúrlega mjög fallegt að sýna slíka sjálfsafneitun, en — er mjer láandi, þótt jeg eigi dálítið erfitt með að trúa þessu?

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 1657) og umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var f r a m h a l d i ð 1. u m r. um frv. (A. 41, 338. n. 347).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg stend ekki hjer upp til þess að ræða mál þetta fyrir nefndarinnar hönd, heldur vildi jeg vekja athygli háttv. deildarmanna á einu atriði.

Eins og allir vita, hefir því miður sá siður verið upp á síðkastið hjer á Alþingi, að fjárlagafrv. hefir verið skift á milli þriggja nefnda: fjárveitinganefndar, fjárhagsnefndar og samgöngumálanefndar. Nú er aðeins komið álit frá einni nefndinni: fjvn., og hefir það aldrei tíðkast áður, að fjárlagafrv. væri hleypt til 2. umræðu, áður en hinar nefndirnar leggja fram álit sitt. Nú vildi jeg gefa þeim nefndum tækifæri til að skýra frá því, hvers vegna till. þeirra eru ekki fram komnar, því að jeg býst við, að háttv. þingdeildarmönnum komi betur að vita, hvað þær hugsa sjer í því efni.

Fleira þykist jeg ekki þurfa að segja, en mun ef til vill taka til máls aftur, ef háttv. þm. fara á annað borð út í eldhússtörf.

Annars vildi jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki þurfi sjerstök afbrigði frá þingsköpum til að afgreiða frv. nú til 2. umr., fyrir þær sakir, sem jeg nú þegar hefi getið.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer skilst, að fjárhagsnefnd geti ekki komið fram með neitt álit, eins og nú standa sakir, skattafrv. ekki það á leið komin, að hægt sje á þeim að byggja. Enda sje jeg ekki, að það þurfi neitt að gera til, þó að álit nefndarinnar komi ekki fyr en fjárlögin verða til 2. umr. í hvorri deild, og finst mjer því rjett að gefa henni frestinn þangað til.

Þorsteinn Jónsson: Það var út af því, sem háttv. frsm. fjvn. (M. P.) sagði, að jeg vil gefa nokkrar upplýsingar.

Samgöngumálanefndir beggja deildanna hafa unnið saman, en sumir af nefndarmönnum Ed. eru þar líka í fjvn., svo nefndarstörf þeirra hafa rekist á, og því orðið fundaföll hjá okkur í samgöngumálanefndinni. Þó mun nefndin hraða svo störfum sínum sem kostur er á, en það held jeg að mjer sje óhætt að segja, að brtt. nefndarinnar verði svo smávægar, að þær ættu ekki að breyta miklu gjaldlið fjárlaganna.

Magnús Kristjánsson: Mjer þykir hlýða að gera nokkra grein fyrir því, að álit fjárhagsnefndar er ekki fram komið, enda þótt háttv. þdm. hljóti að vera það kunnugt, af hvaða ástæðum það er.

Annars þarf jeg ekki að fara um þetta mörgum orðum, því að hæstv. fjrh. (M. G.) hefir þegar tekið margt það fram, er jeg vildi segja.

Samt vil jeg geta þess, að þótt þetta sje þingvenja, þá er það þó ekki lögboðið, að fjárhagsnefnd eigi að leggja fram álit í þessu máli. Nefndin sá það ekki þýða neitt að gefa álit um málið nú, vegna þess,

að aðaltekjuvonin byggist á því, að þingið fari nokkurnveginn skynsamlega að ráði sínu gagnvart tekjuaukafrv. stjórnarinnar.

Tekjuáætlunin getur ekki verið ábyggileg nú, því að bæði eru nú ýmsar tekjur óábyggilegar, sem áður voru nokkurnveginn vissar, og sjálfsagt langt um rýrari. Auk þess eru ýmsar upphæðir í fjárlögunum, er algerlega geta fallið niður. Þótt nefndin því færi að gefa eitthvert álit, þá yrði það algerlega út í bláinn. En slíkt vildi hún ekki gera, en hún geymir rjett sinn til að koma fram með álit sitt síðar, þegar betur verður sjeð, hvernig fara muni um ýms tekjuaukafrv.

Einnig má drepa á það í þessu sambandi, að jafnvel þótt öll tekjuaukafrv. stjórnarinnar verði samþ., þá verður þó ekki komist hjá allmiklum tekjuhalla, og þarf þá enn að finna einhver ráð til þess að afla landinu tekna.

Jeg hygg, að háttv. frsm. (M. P.) ætti nú að skilja, að hjer er ekki um þýðingarmikið atriði að ræða. En annars er velkomið, að jeg beri það undir nefndina, hvort hún vilji afgreiða nál. nú þegar.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það er síður en svo, að jeg vilji álasa nokkuð þessum háttv. nefndum. En mjer finst, að formenn þeirra mættu vera mjer þakklátir fyrir það, að gefa þeim hjer tækifæri til þess að færa hjer fram ástæður sínar fyrir þessum afbrigðum frá þingvenju.

En jeg vil geta þess, að fjvn. hefir aldrei komið til hugar, að hún yrði spurð um till. viðvíkjandi tekjubálki fjárlaganna.

Skýringu háttv. þm. Ak. (M. K.) tek jeg fyrir mitt leyti góða og gilda, og býst við, að háttv. deild geri það einnig, svo ekki þurfi hann þess vegna að láta prenta það, sem hann hjer hefir sagt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 347, 338, 359).

Forseti (B. Sv.): Fjárlagafrv. verður skift svo, að fyrst verður rætt og til atkvæða gengið um 1.—13. gr., þá um 14.—15. gr. og loks um 16.—23. gr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það vill svo vel til, að jeg hefi lítið að gera í dag. Síðan jeg komst í fjárveitinganefnd og varð frsm. hefir aldrei fallið jafnlítið í minn hlut. Jeg vil forðast að tefja háttv. deild að óþörfu, en áður en jeg ræði um einstakar brtt., vil jeg sýna fram á, að nefndinni hefir að ósekju verið brugðið um seinlæti í störfum sínum. Það er gerð grein fyrir því í upphafi nál., en jeg vil fara út í það nokkru nánar. Fjáraukalagafrv. hefir tafið nefndina meira en venja er til, það hefir kostað næstum ¾ af öllum fundum hennar. Á þinginu 1919 var haldinn 41 fundur til 2. umr., og þar af fóru aðeins 8—10 til fjáraukalaga. Þá hefir nefndin þurft yfir 30 fundi til fjárlaganna, en nú hefir hún látið sjer nægja 13—14. Það má því sjá, að nefndin hefir unnið meir en helmingi fljótar en áður, og þó að fjáraukalögin hafi tafið hana mikið, skilar hún af sjer störfum aðeins 5 dögum síðar en 1919, og þar eru innifaldir páskarnir og aðrir helgidagar. Á þessu má sjá, að það er að ósekju, að nefndinni hefir verið brígslað um seinlæti og slæm vinnubrögð.

Jeg þarf því ekki að ræða þetta frekar, en sný mjer að brtt. Eins og sjá má, eru þær engar við fyrstu greinarnar, og get jeg því hlaupið yfir þær. Við 12. gr. eru brtt. aðallega, og skal jeg þá víkja að þeim.

Fyrsta brtt. fer fram á það að lækka tillag til læknisvitjana í Ólafsfirði. Þessi liður er svo tilkominn, að árið 1919 var farið fram á að gera Ólafsfjörð að læknishjeraði. Það náði ekki fram að ganga, en 1500 kr. voru veittar til að greiða lækni kaup, ef einhver vildi setjast þar að. Það reyndist ómögulegt — eins og vænta mátti — að fá þangað lækni; en samkvæmt athugasemdum við frv. hefir sveitin heldur ekki getað notað peningana til læknisvitjana. Nefndinni þótti því rjett að fella niður þessa aths., en veita hreppnum hjálp á líkan hátt og öðrum hreppum er veitt í þessu skyni, þar sem líkt stendur á. Þetta hefir nefndin gert í samráði við hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), og þarf þessi brtt. því ekki að sæta mótmælum.

Næsta brtt. er varla annað en leiðrjetting. Athugasemd um læknisvitjanastyrk til hreppa hefir komist á milli liða, en á að vera síðust og gilda um liðina alla. Jeg býst varla við, að atkv. þurfi að leita um þessa brtt., því að þetta mun standa svo í frv. af vangá frá fyrri þingum.

Þá er veiting til aðstoðarlæknis á Ísafirði, og er gerð grein fyrir því í aths., og þarf tæpast að fara um það fleiri orðum. Jeg býst við, að ráðið hafi gleymska stjórnarinnar, en ekki hitt, að hún hafi ætlað að komast hjá þessari veitingu. Embættið var stofnað með læknaskipunarlögum frá 1907, og hefir enn ekki verið lagt niður. Launin voru þá ákveðin 800 kr., en voru ekki tekin upp í launalögin fyrir þá sök, að gert var ráð fyrir, að þetta embætti yrði lagt niður jafnskjótt og það losnaði, eins og aðstoðarlæknisembættið á Akureyri, sem þegar er lagt niður. Á þinginu 1919 voru því laun þessa embættismanns sett í fjárlögin ásamt með áætlaðri dýrtíðaruppbót, og upphæðin sett í svipuðu hlutfalli við laun hjeraðslæknanna, eins og áður var. Nú er þessi fjárveiting lækkuð með það fyrir augum, að dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins verður væntanlega lægri næsta ár.

Þá kem jeg að brtt. fjvn. um það að veita 3 þúsund kr. rekstrarstyrk til Radiumstofnunarinnar. Jeg vil taka það fram, auk þess, sem sagt er í nál., að stofnunin fór fram á 5000 kr., en nefndin sá sjer ekki fært að verða við þeirri beiðni fullkomlega, en vildi þó veita nokkra úrlausn. Þessar lækningar eru nýjar hjer, en þó ómissandi, og mikið komið undir, að þær ekki leggist niður.

Næsti liður fer fram á dálitla hækkun á rekstrarstyrk til sjúkrahúsa. Nefndin álítur, að sá styrkur eigi að vera áætlunarstyrkur, en ekki fastákveðinn. Svo er fyrirskipað í gildandi fjárlögum, að styrkur þessi skuli nema 60 aurum fyrir hvern legudag. Mjer er ekki kunnugt um, hvernig stjórnin hefir framfylgt þessu 1920. En um það getur hún gefið upplýsingar, ef búið er að úthluta þessum styrk fyrir það ár.

En ef þessu ákvæði er framfylgt, þá liggur í augum uppi, að þetta hlýtur að vera áætlunarstyrkur. Og þá er einnig óhjákvæmilegt, að hann hækki nokkuð nú, vegna þess, að sjúkrahúsum hefir og er að fjölga, og þá legudögum sjúklinganna einnig. En þó nefndin hafi nú hækkað þessa upphæð lítilsháttar, þá telur hún þó alls óvíst, að hún muni hrökkva.

Þá kemur byggingarstyrkur til sjúkrahúsa. Fyrst þegar þessi byggingarstyrkur var lögfestur á Alþingi, þá var hann miðaður við íbúatölu læknishjeraðanna. En það hefir margsýnt sig, að þetta ákvæði er ómögulegt, enda þingið sjálft virt það að vettugi. Kemur þetta ákvæði sjerstaklega hart niður á sjúkrahúsum í kaupstöðum. Má þar sem dæmi nefna sjúkrahúsið á Akureyri. Ef fram hefði verið fylgt þessu ákvæði um það, þá hefði byggingarstyrkurinn í mesta lagi orðið um 10—15 þús. krónur, í stað 40 þús. kr. Nefndin

vill því leggja til, að þetta ákvæði verði niður felt, og að þessi styrkur verði framvegis miðaður aðeins við ⅓ byggingarkostnaðar.

Þá kem jeg að stærstu brtt. nefndarinnar, þar sem farið er fram á 60 þúsund kr. hækkun á styrk til sjúkrahússbygginga. Er þessi styrkur hækkaður með það eitt fyrir augum, að styrkja sjúkrahúsið á Eyrarbakka, sem nú er langt komið að reisa. Þetta hús er vandað mjög og bygt eftir uppdrætti húsagerðarmeistara ríkisins og samkvæmt tillögum landlæknis. Það er að vísu ekki hægt að segja um það nú með vissu, hvort þessar 80 þús. kr., er nefndin vill veita, muni þurfa allar. En þó má við því búast, enda leggur nefndin það til, samkvæmt tillögum milliþinganefndarinnar í berklaveikismálinu, að kostnaður við að útbúa tvær stofur fyrir berklaveika sjúklinga verði greiddur að hálfu úr ríkissjóði, en annar kostnaður við bygginguna að ⅓ hluta.

Það vildi nú svo vel til, að byggingu hússins var ekki svo langt komið, er berklaveikisnefndin lauk störfum sínum, að frágangssök væri að lagfæra bygginguna í samræmi við tillögur nefndarinnar. Fóru þeir austur í þeim tilgangi, bæði landlæknir og húsagerðarmeistari, og gerðu ráðstafanir til breytinga, er að þessu lúta.

Ennfremur lá fyrir nefndinni samskonar styrkbeiðni til fyrirhugaðs sjúkrahúss á Ísafirði. En nefndin sá sjer ekki fært að leggja það til nú, að veittur verði þangað á annað hundrað þúsund króna styrkur. Nefndin sá sjer ekki fært að veita nema einu sjúkrahúsi byggingarstyrk á þessu ári, vegna fjárhagsörðugleikanna í landinu. Og hún hefði engan slíkan styrk veitt, ef hægt hefði verið að komast hjá því. En húsið á Eyrarbakka er nú þegar að mestu reist, og því ekki hægt að neita. Auk þess má geta þess, að á Ísafirði er til sjúkrahús, þótt ekki sje það fullkomið, og því ekki eins brýn nauðsyn þar eins og sumstaðar annarsstaðar á landinu, þar sem alveg er sjúkrahússlaust.

Nefndin verður því að leggjast á móti brtt. háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) í bráð, og það eingöngu af þessum ástæðum, en mun verða fús að mæla með styrk til þess á sínum tíma, þegar eitthvað raknar úr um fjárhaginn.

Þá kemur nýr liður, einar 500 kr. til styrktar slysasjóði verkamanna í fjelaginu „Dagsbrún“. Það er á það drepið í nál., að þessi styrkur hefir áður verið í fjárlögunum. Þó hefir nefndin lækkað hann dálítið, því að áður voru sjerstakar ástæður fyrir hendi, sem nú eru fallnar niður.

Um styrkinn til „Líknar“ þarf jeg ekki að ræða hjer frekar en jeg hefi gert, er fjáraukalögin voru hjer til umr. Bæjarstjórnin hefir veitt fjelaginu tilsvarandi styrkhækkun, og þó heldur meiri.

Næst koma tvær brtt., sem fjvn. ber fram eftir tillögum berklaveikisnefndar.

Það er kunnugt, að eitt ráðið til þess að finna sem fyrst berklaveiki í fólki, er það, að hægt sje að fá ókeypis rannsókn á hrákum. Hjerlendir læknar hafa ekki nærri allir átt slík rannsóknartæki, og því orðið að senda hráka þeirra manna, sem berklagrunur leikur á, alla leið til Reykjavíkur. Erlendis eru víða slíkar hrákarannsóknarstöðvar, og sjerstakar umbúðir um hrákana, sem eru einkar handhægar. Nefndinni finst þetta bæði þarflegt og nauðsynlegt, og leggur því til, að þessu verði komið hjer á fót á næsta ári. Upphæðin er ekki há, og verður þó sennilega hæst fyrsta árið, vegna eyðublaðaprentunar, umbúðakaupa og annars slíks.

Hinn liðurinn er nokkru stærri. Eins og háttv. þm. mun kunnugt af tillögum milliþinganefndarinnar, þá telur hún nauðsyn á því, að hjer sje bráðlega komið á fót

berklavarnafjelagi. Nú var hjer fyrir nokkrum árum sett á stofn heilsuhælisfjelag, mest til þess að gangast fyrir fjársöfnun til byggingar heilsuhælisins á Vífilsstöðum. Þetta fjelag er til enn, og hefir styrkt að nokkru berklaveika sjúklinga. En þó hefir mjög yfir því dofnað í seinni tíð, eftir að hinu upphaflega marki var náð, og sjúklingum lítil fjárvon þaðan nú.

Milliþinganefndin hafði nú hugsað sjer, að sjálfsagt væri að reyna að endurreisa þetta fjelag. Slík fjelög hafa gert afarmikið gagn erlendis, safnað miklu fje frá einstökum mönnum og varið því til styrktar þarflegra framkvæmda til berklaveikisvarna, svo sem byggingar hæla og rekstrar o. s. frv. Eins og jeg tók fram, þá vildi milliþinganefndin vekja þetta fjelag og útbreiða það. En til þess, að það geti náð hjer verulegri útbreiðslu, þá þarf að fá sjerstakan mann til þess að vinna að útbreiðslunni og stofna sjerstakar deildir víðsvegar um land. Slíkt fyrirkomulag er haft erlendis, og hefir reynst mæta vel, og var einnig hjer á landi meðan Heilsuhælisfjelagið stóð með blóma. En slíkur maður þyrfti að geta varið öllum starfskröftum sínum til þessa starfs, og því eru það till. fjvn. og berklaveikisnefndar líka, að fjelag þetta fái dálítinn styrk, einkum fyrst í stað, meðan því er að vaxa fiskur um hrygg. Ef það tekst að stofna þetta fjelag, þá er enginn vafi á, að það verður að miklu gagni, en ef ekki tekst að stofna það, þá kemur þessi styrkur aldrei til útborgunar. Þetta er því nokkurskonar áskorun frá nefndarinnar hálfu og hvatning til manna, um að koma þessu fjelagi á fót.

Það er og trygging fyrir því, að þessu fje verði vel varið, og það ekki notað í þarfleysu, að stjórn heilbrigðismálanna þarf að fallast á lög fjelagsins og fyrirætlanir, áður en styrkurinn er útborgaður.

Um styrkinn til hjúkrunarkvennanna þriggja þarf jeg ekki að taka neitt sjerstakt fram, umfram það, sem sagt er í nál. Það er alsanna, að slíkur skortur er á hjúkrunarkonum hjer, bæði í bæjum og sveitum, að til vandræða horfir. Er því síst að óttast, að háttv. deild leggist á móti þessum lið.

Þá koma viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, 300 kr. Þangað hefir engin ljósmóðir fengist á síðustu árum. Er þó síst vanþörf á slíkri konu þangað, þar sem enginn læknir er á eynni. Jeg tel þá veitingu svo sjálfsagða, að jeg fer ekki um hana fleiri orðum, enda gerð fyrir henni glögg grein í nál.

Jeg er þá kominn út fyrir 12. gr., og hafa brtt. nefndarinnar við hana alls í för með sjer 84 þús. kr. gjaldauka, sem mestur er á einum lið, nefnilega þessar 60 þús. til sjúkrahússins á Eyrarbakka.

Við 13. gr. eru 2. brtt., er fara fram á 9 þús. kr. útgjaldaauka, en af því eru þó 4 þús. kr. endurveiting. Eru það einsdæmi, því að á undanförnum þingum hefir 13. gr. verið sú greinin, sem mestum breytingum hefir tekið og stærstum fjárhæðum hefir velt. Þetta stafar nú ekki af því, að nefndin hafi ekki gjarnan viljað veita meira fje til þessara verklegu framkvæmda, heldur af hinu, að hún sá sjer það ekki fært vegna fjárhagsástandsins. En jeg vil skjóta því til hæstv. stjórnar, að ef hún hefir nú afráðið að framkvæma ekki símabyggingar þær, sem nú standa í fjárlögunum, þá getur til mála komið, að nefndin mæli með endurveitingu á þeim upphæðum, ef fært þykir að framkvæma þau verk á næsta ári.

Um endurveitinguna til Krossárdalsvegarins þarf jeg ekki að fjölyrða. Veit ekki hversvegna sá liður hefir fallið úr frv., þar sem hann þó er í till. vegamálastjóra, enda leggur hann það yfirleitt til, að það fje, er ekki verður notað á yfirstandandi fjárhagstímabili, skuli endurveitt. Stjórnin hefir síðan tekið upp allar þær endur-

veitingar, sem hann lagði til, nema þessa einu. Býst jeg við, að hún hafi fallið niður af vangá.

Seinni brtt. er um 3 þús. kr. til dragferju á Skjálfandafljóti. Áður hefir staðið í fjárlögunum 1 þús. kr. til þessa fyrirtækis. En engin leið hefir verið til þess að hrinda þessu fram með svo litlu fje. Það hefir verið um það talað áður, að þetta væri nauðsynlegt, og Alþingi viðurkent nauðsynina, með því að veita áður fje. En ef háttv. þm. eru í vafa um þá nauðsyn, þá býst jeg við, að hæstv. atvrh. (P. J.) verði fús á að gefa upplýsingar.

Brtt. einstakra þm. fer jeg ekki út í að svo stöddu.

Að lokum vil jeg svo geta þess, að nefndin getur lýst ánægju sinni yfir því, hve áætlunarupphæðir stjórnarinnar virðast nú hóflega áætlaðar nú. Og nefndin hefir ástæðu til að gera sjer von um, að þótt nokkur tekjuhalli kunni að verða á fjárlögunum, þá muni hann þó rýrna að mun við það, að þessar upphæðir munu reynast talsvert lægri en áætlað er. T. d. eru allar líkur til, að laun embættismanna verði lægri en stjórnin gerir ráð fyrir, vegna lækkandi verðlags á öllum vörum.

Fjármálaráðherra (**M. G.**): Jeg vil aðeins segja fáein orð um brtt. háttv. fjvn. Það er ekki rjett, sem háttv. frsm. (M. P.) hjelt, að aðstoðarlæknirinn á Ísafirði hafi gleymst hjá stjórninni, heldur var honum slept alveg viljandi. Hann var settur inn af háttv. fjvn. 1919 og stjórnin ætlaðist til, að þingið skæri úr einnig nú.

Um byggingarstyrk sjúkrahúsa er þess að geta, að eins og sjá má af aths. við fjárlagafrv., þá eru fjárveitingar til sjúkrahúsbygginga bundnar því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikninguna, eftir að hafa fengið álit landlæknis. Þetta samþykki hefir alls ekki verið fengið, svo mjer sje kunnugt um. Mjer finst það varhugavert að brjóta hjer skilyrðið, og koma með því þeirri aðferð á í framtíðinni, að hægt sje að heimta styrk af Alþingi, strax og hugsað hefir verið um byggingu sjúkrahúss, hvort sem það hefir verið gert að ráðum stjórnarvalda eða ekki.

Jeg veit ekki, hvað miklar líkur eru til, að berklavarnafjelag verði stofnað á næstunni. (*M. P.*: Það er ómögulegt að segja). Þá hefði fjárveitingin mátt bíða fyrst um sinn, finst mjer.

Jeg sje ekki neitt skilyrði sett við utanfararstyrk hjúkrunarkvenna, sem tryggi það, að styrknum verði varið til hjúkrunarnáms, og að hjúkrunarkonan komi aftur hingað, að loknu námi. Stjórnin hefir enga heimild til þess, upp á eindæmi, að binda styrkinn neinu skilyrði, en það er afarvarhugavert að veita fje skilyrðislaust.

Jeg finn ástæðu til að lýsa ánægju minni yfir því, hvað háttv. fjvn. hefir farið hóflega í brtt. við þennan kafla. Jeg sá það við samanburð í gær, að nefndin fer fram á 4 sinnum minni hækkun heldur en nefndin 1919. En þegar þess er gætt, að fjárlögin 1919 voru samin fyrir 2 ár, en þessi aðeins fyrir eitt, þá má vel segja, að hækkunin sje helmingi minni nú en þá. Það er því auðsætt, að nefndin hefir tekið tillit til þeirrar nauðsynjar, sem nú er á að spara á þessum kafla, en jeg get ekki sagt það sama um síðari kaflann, en það ræði jeg um síðar.

Forsætisráðherra (**J. M.**): Það eru aðeins örfá orð. Það er alveg rjett hjá háttv. fjvn. að flytja athugasemdina við styrkveitingar til að vitja læknis aftur fyrir 15. lið, því að hún á jafnt við alla hreppa, sem slíkan styrk fá.

Um byggingu sjúkrahúss á Eyrarbakka hefir ekkert verið samþykt í stjórnarráðinu. Jeg býst þó við, að teikningin hefði

verið samþykt, ef hún hefði verið lögð fram, því að hún mun vera gerð af húsagerðarmeistara ríkisins, og landlæknir mun hafa verið í ráðum. Jeg verð þó að telja það mjög óheppilegt fordæmi, að svona háar kröfur komi fram á þingi, stjórninni algerlega að óvörum. Þetta er líka tiltölulega geysifje, 80 þús. kr., og stingur illa í augun, þegar litið er til þess, að stjórnin hefir orðið að hætta fyrir ríkisins hönd við byggingu nú nýlega, af því, að hún treysti sjer ekki til að standast kostnaðinn, og það þótt lánsfje væri fyrir hendi til byggingarinnar og byrjað væri á henni. En úr því svona er komið, verð jeg þó að leggja til, að þessi fjárveiting verði samþ. En til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði eru engin tiltök að veita fje nú. Slík stórfyrirtæki verða að bíða þangað til eitthvað rætist úr.

Það var rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.). að um utanfararstyrk til hjúkrunarkvenna er það sama að segja og um styrk til annarar fræðslu erlendis, að það er altaf undir hælinn lagt, hvort styrkþeginn komi aftur, að loknu námi. En nauðsynin á að fá vel mentar hjúkrunarkonur er svo brýn, að varla er rjett að setja slíkt fyrir sig.

Jeg vona, að viðbótarlaun yfirsetukonunnar í Grímsey verði samþykt, því að það hlýtur að vera öllum ljóst, að eins og Grímsey er sett, þá þarf yfirsetukonan, sem þar situr, að kunna talsvert meira til lækninga heldur en alment gerist um yfirsetukonur. Annars sje jeg ekki ástæðu til að segja meira um brtt.

Atvinnumálaráðherra (**P. J.**): Jeg vil minnast örlítið á till. háttv. fjvn. um að veita 3 þús. kr. til dragferju á Skjálfandafljóti, þó að jeg þurfi ekki að bæta miklu við það, sem hv. frsm. (M. P.) sagði. Það er rjett, að ekkert getur orðið úr framkvæmdum, nema styrkurinn til dragferjunnar sje hækkaður, vegna þess, hvað alt verðlag á efni er orðið hátt. En jeg vil ekki gera hann að kappsmáli, ef það gæti orðið til þess að fækka fjárveitingum í fjárlögunum. En samanborið við ýmsar aðrar fjárveitingar, álít jeg rjett, að þessi fylgist með. Jeg vil geta þess í sambandi við þennan kafla fjárlaganna, að jeg álít mjer skylt að beygja mig undir kröfu fjármálaráðherra, um að fara aðeins fram á það minsta, að hægt er til vega og samgangna.

Eftir síðasta samkomulagi við landssímastjórann, þá verður ekkert aðhafst við símabætur í ár, nema viðgerð á línunni frá Borðeyri. Til hennar er alt efni fyrir hendi, nema koparvír. Enn fremur að kaupa vír og leggja línuna til Kálfshamarsvíkur. Staurar og vír og alt annað efni er komið til þeirrar lagningar, og staurarnir fluttir á línuna. Loks er dálítil stækkun bæjarsímans hjer í Reykjavík. Símastjórnin hefir tjáð mjer, að fullar 200 pantanir á símanúmerum sjeu fyrirliggjandi, svo ekki verður hjá því komist að rýma til í húsinu, svo að hægt verði að bæta við númerum. Símalagningunum í Dala- og Strandasýslu verður aftur á móti að fresta. Þær hafa ekki verið neitt undirbúnar enn, og er ekki útlit fyrir, að hægt verði að veita fje til þeirra, jafnvel á næsta ári.

Jeg ætla þá að minnast á eina brtt., sem jeg vona, að ekki sje þörf á að mæla með. Það er launaviðbótin til yfirsetukonunnar í Grímsey. Það hefir lengi verið nauðsyn að hafa þar færari og fullkomnari yfirsetukonu en alment gerist. Jeg vil beina þeirri fyrirspurn til háttv. frsm. (M. P.), hvort nokkur trygging sje fyrir því, að þessi yfirsetukona kunni að fara með fæðingartengur eða annað þesskonar, og fái heimild til slíks.

Þó mjer líki vel, hvað háttv. fjvn. hefir takmarkað sig í fjárveitingum, þá verð jeg að taka í sama streng og hinir ráðherrarnir um sjúkrahúsið á Eyrarbakka. Það er ekki síður nauðsyn á að koma upp sjúkra-

húsi á Ísafirði eða Akureyri. Og það er aðgætandi, að það munar litlu, þegar farið er að flytja sjúkling á sjúkrahús, hvort hann er fluttur úr sveitum fyrir austan fjall niður á Eyrarbakka eða til Reykjavíkur. Mjer finst það ekki vel ráðið að ráðast í að reisa sjúkrahús á Eyrarbakka fyrir 240 þús kr. eða meira, á meðan t. d. Ísafjörður hefir ófullnægjandi sjúkrahús að öllu leyti. Jeg efast því um, hvort jeg get greitt atkv. með þessari fjárveitingu. Og því fremur, sem stjórnin hefir neyðst til að fresta geðveikrahælinu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á tvær brtt. á þskj. 359. Það er síður en svo, að mjer sje ánægja að auka útgjöldin, en nauðsyn brýtur lög. Jeg hjelt, að háttv. fjvn. myndi sjá sjer það fært að taka sjúkrahúsbygginguna á Ísafirði upp í till. sínar, en þegar litið er á till. hennar við 13. og 14. gr., þá má segja, að hún hafi afsökun fyrir, að hafa ekki tekið þennan styrk með.

Á Ísafirði er svo ástatt, að sjúkrahús er þar að vísu til, en afarljelegt, sjerstaklega vegna þess, hvað það er lítið. Einmitt vegna þess hve lítið það er, er ómögulegt að koma þar við því hreinlæti, sem nauðsynlegt er á sjúkrahúsi, nje heldur sæmilegri hjúkrun. Þetta sjúkrahús er ekki aðeins notað af bæjarbúum, heldur öllum sýslubúum og fleirum, og auk þess af útlendingum. Tæplega ⅖ af legudögum á sjúkrahúsinu eru notaðir af íbúum kaupstaðarins. Þetta sýnir, að húsið er ekki síður nauðsynlegt fyrir hjeraðið heldur en Ísafjörð sjálfan. Það hefir þó oft komið fyrir, að orðið hefir að neita hjeraðsmönnum um vist á sjúkrahúsinu, vegna þess að bæjarmenn hafa, eins og eðlilegt er, gengið fyrir. En sjerstaklega hafa sjúklingar utan Norður-Ísafjarðarsýslu, sem reynt hafa að komast þangað, orðið að sitja á hakanum.

Á síðasta fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar var ákveðið um byggingu sjúkrahúss. Í Norður-Ísafjarðarsýslu er nú ekkert sjúkraskýli, nema eitt herbergi hjá lækninum á Nauteyri og annað í Bolungarvík til bráðabirgða fyrir sjúklinga, sem á að koma til Ísafjarðar. Það hlýtur að koma að miklu gagni, að komið sje upp svo stórum og vel útbúnum sjúkrahúsum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, að öll nærliggjandi hjeruð geti flutt þangað sjúklinga sína, og þurfi ekki að flytja þá alla leið til Reykjavíkur. En það hlýtur að verða afardýrt að koma upp slíkum byggingum, og ómögulegt nema að ríkissjóður leggi að minsta kosti til ⅓ kostnaðar, og eitthvað að auki í árlegan rekstrarkostnað. Þar sem nú Landsspítalinn, sem mest verður notaður af íbúum Reykjavíkur, verður reistur að miklu leyti af samskotafje alþjóðar og styrk úr ríkissjóði, og líklega að einhverju með styrk úr bæjarsjóði Reykjavíkur, þá virðist ekki nema sanngjarnt, að ríkissjóður styrki ríflega sjúkrahúsbyggingar í kaupstöðum landsins, sjerstaklega á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að sjúkrahúsið á Ísafirði yrði að bíða. Jeg býst við því. Jeg hefi aðeins bent á nauðsyn þess, að það verði bygt sem allra fyrst, helst á næsta ári, því að þörfin er mjög knýjandi.

Þar sem hjer hefir verið minst á styrkinn til aðstoðarlæknisins á Ísafirði, skal jeg geta þess, að honum höfðu verið ætlaðar 800 kr. í fjáraukalögum, en það er lítil sem engin hjálp. Það hefir að vísu verið notað til þess að fetta fingur út í þetta mál, að ráðgert hafi verið að leggja niður aukalæknisembættið á Ísafirði, þegar stofnað var læknisembætti í Bolungarvík. Þetta mun vera satt, en það er fjarstæða samt. Læknisannirnar eru svo miklar orðnar á Ísafirði, að eiginlega getur ekki komið til mála, að einn maður annist þær. Auk þess er hjeraðslæknirinn svo oft sóttur út um sýsluna, í all-löng

ferðalög, að óforsvaranlegt væri að skilja kaupstaðinn sjálfan eftir læknislausan á meðan, og það því fremur, sem sjúkrahúsið venjulega er yfirfult af sjúklingum. Það ber því í rauninni alt að sama brunni, að Ísafjarðarkaupstað og umhverfi hans er nauðsyn á tveim læknum, en hins vegar getur aukalæknirinn þar ekki komist af með þau launakjör, sem honum voru ætluð eftir stjórnarfrv. Þess vegna vænti jeg þess, að háttv. deild fallist á þessa sanngjörnu fjárveitingu.

Forsætisráðherra (**J. M.**): Út af sjúkrahúsinu á Ísafirði vil jeg taka það fram, að þótt jeg álíti, að sú fjárveiting verði að bíða, eins og nú er ástatt, er það síður en svo, að jeg telji hana ónauðsynlega. En jeg tel engin tök á því að styrkja meira en eitt slíkt stórfyrirtæki í einu. Það er líka í sjálfu sjer ekki ólíklegt, að einmitt slíkur dráttur gæti orðið bæði kaupstaðnum og ríkissjóði til góðs. Svo vildi jeg leiðrjetta það, sem sagt hefir verið um Landsspítalann í þessu sambandi, því að það er engin ástæða til þess að halda, að Reykjavík noti meira spítalann tiltölulega en önnur hjeruð úti um land. Það er meira að segja gert ráð fyrir því, að þrátt fyrir landsspítalann verði Reykjavík að sjá sjer fyrir sínum eigin spítala að auki. Um Eyrarbakkaspítalann get jeg ekki sagt annað til viðbótar við ummæli mín áður en það, sem kunnugt er, að byggingarkostnaðurinn hefir þar farið fram úr upphaflegri áætlun, og þess vegna er þörf á nýrri fjárveitingu. Hins vegar er spítalinn sjálfsagt ekki of stór, eins og sumir hafa talað um, en er mikið nauðsynjaverk.

Sveinn Ólafsson: Jeg á enga brtt. við þann kafla, sem hjer liggur fyrir, og skal því ekki tefja tímann með langri ræðu. Jeg hefi aðallega kvatt mjer hljóðs af því, að í 13. gr. standa upphæðir, sem ekki eiga að standa þar, því að þær heyra til árinu 1920. Jeg vissi það reyndar um þessar fjárveitingar til vitanna á Austurlandi, því það eru þær sem jeg á við, að þær eru þarna komnar með það fyrir augum, að fresta byggingunni til 1922. Og við þetta sameiginlega skipbrot fyrir flestöll meiri háttar mannvirki hafði jeg hugsað mjer að sætta mig, af því að hjer væri um að ræða frestun á öllum vitabyggingum jafnt, vegna fjárskorts. En nú hefir það komið fram í þessu máli, sem ekki virðist benda á, að hjer hafi verið um frestun að ræða fyrir fjárskortssakir, þar sem ætlast er til þess, að 45 þús. kr. verði nú veittar í aukafjárlögum í ár til að endurbyggja og til að færa í nýtískusnið vita á Vesturlandi, um leið og Austfjarðavitunum er skákað frá í þessum fjárlögum um eitt ár enn.

Til þess að skýra dálítið fyrir mönnum, hver áhrif þessi vitaskortur hefir austur þar, skal jeg t. d. minna á það, að síðastliðinn vetur hefir alveg mishepnast vetrarvertíðin eystra, og orsökin er að langmestu leyti sú, að frá helstu eða næstu höfninni við veiðisvæðið, Berufirði, verður trauðla haldið út vegna vitaleysis, jafnvandrötuð og leið er inn þangað. Þess vegna hafa flestir leitað til Hornafjarðar, en langvinn hafátt hefir bannað þeim flesta daga að komast út þaðan, þótt veður og veiði vantaði ekki, og er því þessi vetrarvertíð gersamlega mishepnuð. Allir, sem staðháttu þekkja austur þar, vita að vandræðalaust hefði verið að sækja frá Berufirði á þessum tíma, ef vitana og leiðarljósin hefði eigi vantað.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni, en úr því jeg er staðinn upp á annað borð, vil jeg víkja lítillega að brtt. nefndarinnar á þskj. 338. Mjer þykir þar gefið óviðfeldið fordæmi, þar sem undir tölulið 27. í 12. gr. á að koma 80 þús. kr.

fjárveiting til eins sjúkrahúss, sem ekki hefir þó einu sinni fullnægt skilyrðum fyrir veitingunni, og auk þess í tiltölulega fámennu hjeraði. Mjer finst því árinni tekið óþarflega djúpt í hjer, þar sem alstaðar annarsstaðar er verið að draga saman seglin. Annars vil jeg ekki rekja hjer hverja einstaka till., en verð að láta mjer nægja að sýna afstöðu mína til þeirra með atkvæði mínu.

Frsm. (**Magnús Pjetursson**): Jeg þarf aðeins að gera örfáar athugasemdir, því að andmæli hafa verið mjög lítil og hófleg gegn till. nefndarinnar. Jeg get miklu fremur þakkað bæði hæstv. stjórn og öðrum háttv. þm. fyrir undirtektirnar, ekki síst fyrir hólið fyrir sparnaðinn, því að það er nýtt fyrir fjárveitinganefnd að heyra slíkt.

Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) spurði hvort ætlast væri til þess, að þessar 3000 kr. væru öll laun aðstoðarlæknisins á Ísafirði, eða hvort hinar fyrri 800 kr. væru þar að auki. Þessi upphæð er reiknuð út í samræmi við laun hjeraðslæknanna, eins og jeg áður hefi getið um, og eiga öll launin að vera 3000 kr., en 800 kr. þá að falla niður.

Um sjúkrahúsið á Eyrarbakka þarf jeg ekki margt að segja, því að ekkert nýtt hefir þar komið fram, nema það, að uppdrættir byggingarinnar hafi ekki verið staðfestir af stjórnarráðinu fyrirfram. Þetta vissi nefndin ekki, enda getur það varla talist neitt aðalatriði, þar sem þeir voru þó gerðir af húsameistara ríkisins í samráði við landlækni. Jeg vil þó í þessu sambandi ekki láta hjá líða að leiðrjetta það, að óhæfilegt sje að veita svo mikið til þessa spítala, þar sem hann sje aðeins fyrir eitt hjerað, og það hjerað hafi hlaupið af sjer hornin með of stórri spítalabyggingu. Þetta er ekki rjett, bæði af því, að það eru mörg hjeruð, sem þarna standa að, og spítalinn því sennilega ekki of stór, og svo af hinu, að það er ekki heldur rjett, sem hæstv. atvrh. (P. J.) gaf í skyn, að eins auðvelt væri að flytja sjúklinga að austan úr sumum sveitum í bílum til Reykjavíkur eins og til Eyrarbakka. Þetta nær engri átt, þar sem vitanlegt er, að alveg er ófært bílum þessa leið mikinn hluta ársins, og engar samgöngur, sem geta stutt að sjúkraflutningi til Reykjavíkur. Þar að auki má geta þess, að meðal hjeraðsbúa sjálfra er mjög mikill áhugi á þessu máli, og hafa ýmsir þeirra lagt fram mikið fje til fyrirtækisins frá sjálfum sjer.

Þá spurði hæstv. atvrh. (P. J.), hvort ætlunin væri, að yfirsetukonur gætu fengið þá fræðslu, að þær hefðu t. d. leyfi til þess að fara með fæðingartengur o. þ. h. En það er ekki ætlunin. Það mega læknar einir. En til hins er ætlast, að þær gætu leiðbeint eða hjálpað í smærri tilfellum, þar sem ekki næst til læknis.

Út af athugasemd hæstv. fjrh. (M. G.) um hjúkrunarkonurnar, að utanfararstyrkurinn væri veittur skilyrðislaust, þá er þess að geta, að eftir skjölum þeirra að dæma, ætla þær allar að koma heim hingað aftur, og ein þeirra er þegar ráðin við sjúkrahús á Norðurlandi.

Um sjúkrahúsið á Ísafirði þarf jeg ekki að fjölyrða; þörfin er þar viðurkend af öllum, líka nefndinni, en hún sjer hins vegar ekki fært að leggja út í svo stórt fyrirtæki, eins og nú er ástatt, jafnhliða Eyrarbakkaspítalanum svo að segja.

Fleira þarf jeg ekki að segja að sinni.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg ætla aðeins að minnast örfáum orðum á spítalann á Eyrarbakka, því að þótt fjárveitinganefndin sje málinu hlynt og hæstv. forsrh. (J. M.) og fjrh. (M. G.) hafi báðir mælt með því, hefir komið fram hjá hæstv. atvrh. (P. J.) misskilningur, sem

jeg verð að mótmæla, vegna þeirra manna í mínu kjördæmi, sem sjúkir kunna að verða og þurfa á læknishjálp að halda, sem útheimtir sjúkrahúsvist.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að ekki væri þörf á spítala á Eyrarbakka, vegna þess, að flytja mætti sjúklingana á bíl til Reykjavíkur. En jeg verð að mótmæla þessu, því að það er öllum ljóst, sem nokkuð þekkja til, að vegurinn austur er ófær fyrir bifreiðar nema lítinn tíma ársins. Og auk þess er vegurinn svo langur, og ferðin líka fram úr hófi kostnaðarsöm, og mjög erfitt að flytja sjúklinga, þó á bíl sje, á jafnósljettum vegi og hjer um ræðir. Jeg hefi svo oft sjálfur verið við slíkan sjúkraflutning, að mjer er þetta vel kunnugt af eigin reynslu. Jeg hefi verið með í að flytja sjúklinga yfir Hellisheiði á vetrum, og orðið þess var, hvað þeim hefir liðið illa í slíkum flutningum, og er það eina, sem komið hefir mjer til þess að telja sjúkrahússbyggingu á Eyrarbakka bráðnauðsynlega.

Jeg vona því, að háttv. deild sjái sjer fært að samþ. þennan lið. En út af ummælum, sem hafa fallið, skal jeg játa, að jeg hefi ekki beitt neinum meðulum til þess að koma þessu fram, enda lít jeg svo á, að þess eigi ekki að þurfa, því að það er sannfæring og samviska hvers þingmanns, sem ráða á atkvæði þeirra, en engar „agitationir".

Jeg ætla ekki að segja fleira, því að jeg stóð aðeins upp til að mótmæla hæstv. atvrh. (P. J.), vegna þess, að mjer þótti það nokkuð fljótfærnislega mælt af manni í hans stöðu, sem einnig er samgöngumálaráðherra, að halda því fram, að sjúklinga mætti altaf flytja í bílum austan úr sveitum hingað suður til Reykjavíkur.

ATKVGR.
um 1.—13. gr.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 338,1. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 338,2. samþ. án atkvgr.
— 338,3. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 338,4. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 338,5. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 338,6.a. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 338,6.b. samþ. með 14 : 3 atkv.
— 359,I. feld með 14 : 4 atkv.
— 338,7. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 338,8. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 338,9.a. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 338,9.b. samþ. með 14 : 5 atkv.
— 338,10.a. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 338,10.b. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 338,10.c. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 338,11. samþ. með 20 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 338,12. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 338,13. samþ. með 17 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Það verður margt æði undarlegt nú á dögum. Jeg hefi aldrei vitað fyr jafnspaklegar umr. um 13. gr. fjárlaganna sem nú, svo að á dauða mínum átti jeg von, en ekki því, að jeg yrði svo snemma á degi að kveðja mjer hljóðs. Hafði jeg þó búist við að fá góðan umhugsunartíma, á meðan umræður færu fram um fyrri hluta fjárlaganna.

Nefndinni var í hug að spara, þar sem margir hyggja, að fjárþröng sje fyrir dyrum, þó að jeg vilji engu um það spá, en vona hins vegar, að hægt verði að greiða fram úr þessum fjárkröggum. En nefndinni var ríkt í hug að spara, en hún vildi gera það viturlega. Nú er því svo varið, að

á 13. gr. mætti helst spara, ef nokkuð er hægt að spara. Þar eru upphæðirnar stærstar og ýmislegt þar, sem fremur þolir að bíða heldur en flest í seinni greinunum. Því að þótt vont sje, að vegagerð og önnur mannvirki liggi niðri 2 eða 3 ár, þá er þó fremur hægt að þola það en fyrir einstakar stofnanir og menn að bíða í eitt ár. Ef þröng er fyrir dyrum, má spara þar alt, nema til leiða og lendinga, enda hefir nefndin haft í hug að spara ekkert á því sviði, þar sem líf manna er í veði, og hefir þess vegna bætt ýmsu við, sem þar til heyrir og verða mætti til þess að vernda líf manna og heilsu. Og vil jeg þá í þessu sambandi geta þess, að það var fyrir vangá nefndarinnar, að hún ekki tók upp í brtt. sínar styrkinn til að gera brimbrjótinn í Bolungarvík, því að öll nefndin hafði talið sig honum fylgjandi.

Þó að nefndinni þyki sjálfsagt að hjálpa stjórninni í öllum skynsamlegum sparnaði, fann hún enga ástæðu til að veita stjórninni heimild til að fella niður styrki þá, er hjer ræðir um, þegar vitanlegt er, að þing kemur saman áður en sumt af þessu kemur til framkvæmda, og þá hægt að fella það niður, ef slík vá verður fyrir dyrum, að fjárhagur landsins sje einskis megnugur.

Um 15. og 16. gr. er alt öðru máli að gegna. Þar munar engu hvað sparað yrði, því að mest eru þetta smástyrkir til einstakra manna, sem ekkert myndi draga, þótt af væri sneitt, og hversu hart sem væri að gengið, enda hætt við, að hálfur styrkur yrði ónýtur. Og á 16. gr. verða engar af hinum stærri upphæðum sparaðar án stórskaða. Enda er því svo varið, að í seinni hluta fjárlaganna er ógerningur að spara svo nokkru nemi, eins og í fyrri hluta þeirra.

Menn vita það af venju undanfarinna þinga, að þennan kafla fjárlaganna verður altaf að hækka, vegna þess, að svo mýmargar fjárbeiðnir berast þinginu, sem ekki verður komist hjá að veita, og stjórnin hafði enga hugmynd um, er hún samdi fjárlögin. Hefði stjórninni borist slíkar beiðnir nógu snemma, er eins víst, að hún hefði sjálf tekið þær upp í fjárlögin, svo að hækkun þessi þarf hvorki að koma í bág við vilja stjórnarinnar nje stefnu hennar.

Vegna þess, sem nú er sagt, er því hækkunin meiri á hinum síðari greinum, og hefi jeg látið telja saman hvað hún er á hverri grein, svo háttv. þm. geti betur áttað sig á því, hver munurinn er frá frv. stjórnarinnar. Hann er sem hjer segir:

Á 14. gr. 60.900 kr.
Á 15. gr. 47.200 kr.
Á 16. gr. 96.750 kr.
Á 18. gr. 975 kr.

En þetta verður samtals 205.825 kr., sem brtt. nefndarinnar eru hærri en frv., og getur varla nokkrum heilskygnum manni vaxið upphæð sú í augum nje fundist hún ósanngjörn.

Þótti mjer rjett að hafa þennan inngang, þar sem 13. gr. hefir verið samþ. því nær hljóðalaust, enda vona jeg, að hv. þm. skilji, að sömu mennirnir hafa unnið að síðari hluta fjárlaganna, og þó að skift hafi verið um framsögu og jeg tekið að mjer að mæla nokkur orð með seinni brtt. nefndarinnar, þá er ástæðulaust að láta þær lifa á þeim vinsældum, sem jeg á að fagna hjá einstökum háttv. deildarmönnum.

Vík jeg svo máli mínu að brtt., og tel þá rjett að taka hvern lið út af fyrir sig og tala um hann. Mun þá hægra fyrir þm. og skrifara að fylgjast með því, er jeg segi.

En vel má vera, að jeg verði langorður um suma liðina, því að svo getur farið, að þetta sje í síðasta sinn, sem jeg mæli

hjer, og vildi jeg þá láta sjást, hvað fyrir mjer vakti og hverju jeg fylgdi.

Byrja jeg þá á 14. liðnum í brtt. á þskj. 338, og er sá liður merktur a. og er til undirbúnings bæjar í Reykjaholti. Það er vikið að því í nál., að ríkið ætti að vera svo myndarlegt að reisa bæ þennan frá grunni, svo að hann gæti verið eins konar minnisvarði okkar mesta manns, Snorra Sturlusonar. Þessar 5000 kr. eru vitanlega aðeins lítilsháttar byrjun af fje því, er slík bæjargerð kostar, og ætlaðar til þess, að hægt verði á næsta ári að byrja á undirbúningi þessa verks, aka að möl og sandi. Húsagerðarmeistari landsins hefir gert uppdrátt og áætlun að bæ þessum, og reiknast honum til, að hann muni kosta 98 þús. krónur, en sú upphæð lækkar eftir því sem efni fellur og alt færist í sitt fyrra horf. Þótti nefndinni því ekki rjett að reisa bæ þennan nú þegar, heldur bíða eftir því að dýrtíðinni ljetti að einhverjum mun, en vildi hins vegar láta það koma fram, að þingið teldi sjer skylt að inna þetta starf af hendi er stundir liðu fram.

Þá er stafliður b., og er sú upphæð ætluð til húsabóta á Desjarmýri. Er það í samræmi við það, sem tíðkast hefir hin síðari ár, að veita nokkurt fje til þess að byggja upp prestssetrin, en hins vegar litið á það, að nú er svo dýrt að byggja, að prestar geta það ekki.

Annars er það nú svo um þessi húsabótalán til presta, að þau hafa skamt hrokkið, og prestarnir orðið meira og minna að leggja til af fátækt sinni, en skilmálarnir svo óhagstæðir, að það ætti að leggjast sem fyrst niður, að ríkissjóður láni fje sitt á þann hátt, að þegar búið er að byggja og afborga svo árum skiftir, á presturinn ekkert í húsunum, þegar hann flytur í burtu, og hefir þó upphaflega runnið drjúgt fje úr hans vasa í bygginguna. Ef svo sami prestur húsar upp staðinn, er hann fluttist á, og fer þaðan eftir nokkur ár, fer á sömu leið. Gæti þetta endurtekið sig oftar, og ef um ungan prest væri að ræða, sem ætti fyrir höndum að flytjast brauða milli á nokkurra ára fresti, gæti hann á efri árum sínum verið búinn að byggja 5—6 hús fyrir ríkissjóð, og ekkert haft fyrir, nema erfiði sitt og armæðu. Kjör þau, sem hjer um ræðir, benda ekki á það, að hjer sjeu kristnir menn að hygla sálnahirðum sínum, því að þetta er svo ómannúðlegt og ekki sæmandi mönnum þeim, er kallast vilja siðaðir. Hitt væri eðlilegra, að ríkið tæki að sjer að byggja yfir embættismenn sína, og seldi þeim aftur húsin á leigu með sanngjörnum skilmálum.

Þá er það skilyrði sett, að prestar þeir, er stjórnin veitir fje til húsabóta, gjaldi 6%, er verða vextir af láninu, og eru þau kjör allhörð. Mennirnir leggja sjálfir fram fjeð og skila svo húsunum með álagi. Verður þetta því einskonar húsaleiga,og leggur nefndin til, að þetta skilyrði sje niður felt.

Þá fanst nefndinni, að stjórnin hefði sparað fullmikið fje til eftirlauna handa uppgjafaprestum. Hafði biskup lagt til, að veittar yrðu 12000 kr., en stjórnin fært það niður í 8000 kr. Nefndin leggur til, að upphæð þessi sje 11000 kr.

Eru ýmsir af mönnum þessum fátækir, og yrðu þeir hart úti,ef fjeð er mjög lítið; er hjer líka um smáupphæð að ræða.

Næsta till. við 16. lið þarf ekki skýringar við. Þar er lagt til, að fyrir „Synodus“ komi prestastefna. Er Synodus gríska orð og þýðir samleit, en biskup hefir kallað það prestastefnu, og þótti nefndinni ekki ástæða til að breyta því. Hinsvegar sýndist nefndinni, þó að hún sje ekki fjandsamleg gríska orðinu, að vel mætti fella hana úr fjárlögunum.

Um till. nefndarinnar að fella niður úr aths.: „þó aldrei meira en 100 kr. til hvers“, skal jeg taka það fram, að nefnd-

inni sýndist þessi takmörkun mjög óheppileg, því að hún mundi leiða til þess, að þeir prestar, sem lengst ættu að sækja, legðust ferðirnar undir höfuð, vegna þess hve styrkurinn er lítill. Mun hafa brytt á þessu undanfarið.

Þá kemur ný till. eftir ósk biskups, að veita 2500 kr. fulltrúa til þess að sækja kirkjuþing í Uppsölum. Er svo til stofnað, að halda skuli alment kirkjuþing í Uppsölum á næsta ári. Hefir slíkt kirkjuþing eigi verið haldið síðan siðaskifti varð, og sýndist nefndinni rjett, að Íslendingar ættu þar fulltrúa. Hafði biskup sótt um 4000 kr. styrk til utanferðar 3 manna, en það varð ofan á í nefndinni að veita hjer sama styrk og áður hefir verið veittur til utanferða.

Þá kem jeg að 17. liðnum. Þarf jeg eigi að fjölyrða um hann, því að jeg býst við, að sú fjárveiting hafi fallið burtu fyrir vangá. Á þinginu 1919 var samþ. að veita Magnúsi Jónssyni dócent 1500 kr. til rannsókna á kirkjusögu Íslands. Býst jeg við, að þm. haldi ekki, að hann hafi lokið rannsókninni á 2 árum. Mun því sama nauðsyn vera enn á styrkveitingu til þessa. Var og fjárveiting þessi samþ. með miklum atkvæðamun á þinginu 1919.

Um fjárveitinguna til háskólaritara þarf jeg ekki að taka neitt fram, því að um hana er skýrt ritað í nál. En eins og víst flestum háttv. þm. er kunnugt, er maður þessi kandidat í læknisfræði og var læknir í Vestmannaeyjum, en fjekk svo liðagigt og varð ófær til vinnu á ungaaldri, og er ekki sennilegt, að honum batni mein þetta í bráð. Er því allsennilegt, að það sje ekki við skap hv. þingmanna að skera laun manns þessa við neglur sjer, og það því síður, sem maðurinn er ágætlega til starfs þessa fallinn, en starfið hinsvegar mjög vandasamt og vex með ári hverju. Mun launabótin fremur koma of seint en of snemma.

Við 19. lið hefir nefndin komið með þá brtt., að falli burtu úr aths.: „þó ekki yfir [illegible]. Þótt þessi brtt. sje stutt, þá felst það samt í henni, **að hver stúdent** fái 120 kr. á ári, eða 100 kr. á mánuði. Umsóknir frá stúdentum, er ætluðu að sigla, komu ekki fyr en komið var að þinglausnum 1919, og var fjvn. ókunnugt, hve margir mundu sigla. Setti hún því upphæðina 8000 kr., og hafði þar til hliðsjónar tölu þeirra, er sótt höfðu. En það vakti fyrir nefndinni, að þeir væru eigi ver settir en áður, meðan þeir nutu Garðstyrks, þó að þeirra eigið ættland sæi um að þeir lærðu nytsöm fræði. En eftir því, sem jeg hefi heyrt frá aðstandendum tveggja manna, hafa stúdentar eigi fengið nema 300 kr. á ári, og má það hörmulegt heita og er á alt annan veg en nefndin ætlaðist til.

Garðstyrkur mun síðast hafa verið um 130 kr. á mánuði; er því gert ráð fyrir verðfalli í Danmörku, ef 100 kr. eiga að verða jafngóðar nú, en ver mega þeir eigi vera settir en þeir voru áður.

Er það ætlun nefndarinnar, að þeir fái þessa upphæð, hvort sem þeir sækja til Kaupmannahafnar eða annað, og stjórnin reikni það út, hversu dýrt er að lifa í því landi, sem þeir dvelja í, og veiti þeim svo styrk samsvarandi Garðstyrknum, er þeir mistu, þegar Ísland varð fullvalda ríki.

Þá kem jeg að 20. liðnum, námsstyrknum til Mentaskólans. Er styrkur þessi svo lítill, að öllum þm. mun ljúft að veita uppbót á honum með verðstuðli.

Um 21. lið, styrkinn til útgáfu kensluboka við Mentaskólann, leggur nefndin til, að það skilyrði, **að** styrkurinn fari eigi fram úr 80 kr. á örk, falli burtu. Býst jeg við, að þm. samþ. þessa brtt., því að öllum er það auðsætt, að ómögulegt er nú að gefa

út bók fyrir svona lítið, því að prentunin ein fer fram úr þessu.

Brtt. við 22. og 23. lið eru fram komnar til að koma samræmi á þessa skóla. Hitt veit jeg eigi, hvort nefndin er á því að taka skólagjald af nemendum, en fyrir sjálfs mín reikning skal jeg láta þess getið, að jeg hygg, að það muni aldrei vel gefast hjer.

Um 24. lið, fjárveitingu til Sveinbjarnar Egilssonar til fyrirlestra við stýrimannaskólann, þarf jeg ekki að fjölyrða. Hefir hann komið hjer til umr. áður. Vita allir, að maðurinn er allra manna fróðastur um þessi efni.

Um 25. lið, fjárveitingu til Eiðaskóla, þarf jeg heldur eigi að taka margt fram. Hefir þessi fjárveiting sennilega fallið burtu af fjárlögunum fyrir vangá af stjórnarinnar hálfu, því að öllum öðrum skólum er ætluð einhver upphæð til óvissra útgjalda.

Um 26. lið, að styrkveiting til Iðnskólans verði 8000 kr. í staðinn fyrir 6000 kr., þarf jeg heldur eigi að segja margt. Er þetta hin minsta styrkveiting, sem hægt er að bjóða skólanum, sem bæði er þarfur og góður.

Leggja iðnaðarmenn honum mikið fje, án þess að þeim beri nein skylda til; gera þeir það af mannúð einni saman, og má tæpast vænta minna af landinu.

Brtt. við 27. lið fer fram á að veita jafna upphæð til verslunarskóla samvinnumanna og hins verslunarskólans. Telur nefndin rjett að hafa þá jafna, meðan þeir standa báðir. Hinsvegar munu sumir í nefndinni líta svo á, að skólinn eigi að vera einungis einn. Segi jeg þetta þó í mínu nafni, en eigi nefndarinnar, en mjer sýnist svo, að verslun sje verslun, hvort sem hún er rekin fyrir eitt höfuð eða mörg; er kaupmönnum nauðsyn að vita gerla um kaupfjelögin og alt, sem að þeim lýtur; er enda samvinnuhreyfingin orðin svo rík í heiminum, að enginn getur talist maður með mönnum í verslunarstjett landsins, sem eigi þekkir hana nokkuð til hlítar.

Brtt. við 28. lið er aðeins leiðrjetting á prentvillu, sem var í stj.frv.

Brtt. við 29. lið er sama eðlis. Stóð í stj.frv. „til kvenna", og má það til sanns vegar færast, en nefndinni sýndist greinilegar að kveðið, ef „skóla" væri bætt aftan við.

Um 30. lið er skrifað skýrt í nál., og þarf því litlu við að bæta. Ríður það á lífi þessa skóla, að hann fái fjárveitinguna. Eru skólagjöld orðin afskaplega há, og gegnir furðu, að stúlkur skuli hafa getað sótt hann. Ber þetta vott um, að skólinn er góður, og hafa færri komist að honum en viljað hafa. Hefir stjórn skólans lagt á sig mikið erfiði til að halda skólanum uppi, og ennfremur hefir Eiríkur Briem unnið honum mikið. Ætti þetta að mæla með hækkuninni.

Fylgir með fjárveitingu þessari heimild frá fjvn. til stjórnarinnar, að auka við upphæð þessa, ef hún skyldi eigi til hrökkva.

Er þetta, sem jeg hefi nú látið getið, mælt í nafni fjvn., en hvað mjer viðvíkur, er það að segja, að jeg hygg, að mörgum komi undarlega fyrir, að jeg skuli mæla með fjárveitingu þessari, því að jeg hefi ætíð talið, að gagnfræði ætti að vera sameiginleg körlum og konum. Mundi jeg einnig hafa það svo, ef jeg væri einvaldur í skólamálum, en sökum þess, að jeg hygg, að á því muni enn verða nokkur bið, er jeg þessu meðmæltur til bráðabirgða. Er að sjálfsögðu ófæra að leggja Kvennaskólann niður, eins og sakir standa nú, því væri það gert, hefði kvenþjóðin enga aðra staði í að venda en lærðaskólann. Viðbótin til kvennaskólans á Blönduósi byggist á sömu ástæðu. Er það einnig góður skóli.

Brtt. við 33. lið er tekin upp eftir brjefi

frá fræðslumálastjóra. Heldur hann að þetta nægi, og vona jeg, að háttv. þm. stilli sig um að hækka hana.

Brtt. við 34. lið lýtur að fjárveitingu til fræðslumálastjóra fyrir skrifstofuhald. Hefir þetta áður verið til umr. hjer í deildinni og tekin fram nauðsynin á þessari fjárveitingu. Mælir sú ástæða með henni, sem ríkust er, og það er að gera rjett. Hefir honum að undanförnu verið sýnt hið mesta ranglæti, því að hann hefir orðið að leggja til stofu sjálfur, ásamt hita og ljósi, sem honum hefði verið í lófa lagið að leigja út fyrir 150 kr. á mánuði. Er hjer nú dálítið bætt úr, þó að eigi að fullu sje. Hefi jeg aldrei lært það að skera rjettlætið niður í búta og stinga sumum bútunum í vasann, eins og stundum hefir verið gert hjer á þingi. Mun það sæma best þm. að gera rjett en ekki rangt.

Jeg tek þá til þar, sem frá var horfið áður, við 35. lið í brtt. nefndarinnar. Það eru þá fyrst Unglingaskólarnir. Menn sjá, að nefndin hefir lagt til, að allveruleg breyting verði gerð á styrkveiting til þeirra. Fyrst er það, að upphæðin til þeirra er aukin úr 28 þús. kr. upp í 40 þús. kr. Þetta eru skólar, sem hjeruðin hafa sjálf komið upp, og kenna þeir þau fræði, sem að notum koma í daglegu lífi, og hjeruðin þurfa að leggja mikið fram, og einstakir menn hafa lagt sig í líma, til þess að halda þessum skólum uppi. Sem dæmi þessa má geta, að Dalasýsla hefir keypt höfuðbólið Hjarðarholt, til þess að halda þar uppi einum slíkum skóla.

Annars leggur nefndin til, að í stað þess að 4 unglingaskólar hafa áður verið teknir út úr og verið ánafnaður viss styrkur, hverjum í sínu lagi, þá verði styrkveitingin til allra slíkra skóla veitt í einu lagi, og stjórninni falin úthlutunin. Þótti nefndinni hin fyrri aðferð eigi jafntryggileg, þar sem ekki er víst, að fjárveitingavaldið sje ávalt jafnrjettlátt og skyldi, og ekki heldur víst, að háttv. þm. geti haft þá þekking á skólum þessum, að þeir sjeu færir um að ákveða, hve margar krónur hver þeirra skuli hljóta úr ríkissjóði. Þetta hlýtur að vera verk stjórnarinnar. Og þar sem farið er fram á það, að ríkið styrki skóla þessa ríflegar en verið hefir, þá er ekki of mikið, þótt jafnframt sje krafist aukins eftirlits með þeim, og það er eðlilegast, að stjórnin, trúnaðarmaður Alþingis, hafi slíkt eftirlit með höndum. Ekki málamyndareftirlit, heldur og ríkulegt eftirlit með rekstri skólanna, að húsakynni þeirra sjeu sæmileg, kenslan fari vel fram og kenslukraftarnir sjeu sæmilegir. Þetta eftirlit alt verður því stjórnin að hafa á hendi.

Jeg vil ekki segja, að jeg tali í nafni allrar nefndarinnar, en þó býst jeg við, að meiri hluti hennar sje mjer samþykkur, er jeg segi, að í framtíðinni eigi að verða gagnfræðaskóli í hverju hjeraði landsins, en við gagnfræðaskóla á jeg við þá skóla, er veita þá fræðslu, sem nauðsynleg er til þess að geta búið og lifað í landinu, og auðvitað að kenna vel. Það er ekki nóg að kunna að skrifa íslensku stafrjett, heldur að geta ritað gott íslenskt mál; ekki nóg að skilja nútíðarmálið, heldur verða menn og að kunna fornmálið og lesa sjer til fræðslu Íslendingasögur og önnur fornrit, og vera færir um að kenna börnum sínum þessi fræði. Enn fremur að kunna hið nauðsynlegasta í reikningi, ekki einungis almenna talnafræði, heldur og stærðfræði, helst svo mikið, að bændur þurfi ekki að sækja menn í fjarlæg hjeruð til þess að mæla túnskækilinn sinn. Þá er og hverjum manni sjálfsagt að vita aðaldrætti í sögu landsins, kunna að rekja æfiferil þessarar þjóðar, og vita hvað kom henni á kaldan klaka í fortíðinni, svo sjeð verði, hvað forðast beri í framtíðinni. Skal jeg nefna eitt dæmi þess, hver

áhrif það hafði, er menn förguðu skipakosti sínum úr landinu og settu alt sitt traust á siglingar erlendrar þjóðar, að þá fór hag þessarar þjóðar hnignandi. Þá þurfa menn og að vita, hvað hjer má gróa til nytsemdar og fegurðar, og hversu með skal fara, svo að vel sje og farnist vel. Kunnátta í þessu er öllum mönnum nauðsynleg. Sama er að segja um landslag og eðlisfar landsins, þar með greinileg lýsing landshátta og hjeraða. Jeg minnist sennilega á það í öðru sambandi, býst við að koma að því í öðrum lið, hve nauðsynlegt er að leggja mikla stund á íþróttakenslu. Það er sjálfsögð krafa, að aukinn verði líkamsþróttur þjóðarinnar, svo sem auðið er. Íþróttirnar gera unglingana sterkbygða, vaxtarfagra og áræðna. Það er sennilegt, að brestur á íþróttakenslu hafi gert þessa þjóð smærri en hún var á blómaöldinni. Svo er og sjálfsögð kensla í náttúrufræði landsins, og þar til heyrir alt um það, hvernig búa eigi í landinu, og eins hvernig fara beri með sjálfan sig og sínar skepnur.

Með þessu þyrfti stjórnin að hafa eftirlit, og síðan ætti skólaskipulagið með tímanum að komast í það horf, að námsskyldan væri lögð á unglinga frá 16—20 ára aldurs, og skólatíminn 2—3 ár. Þetta myndi reynast auðvelt, þegar það væri komið í fast kerfi, og ekki jafndýrt og sumir kynnu að geta sjer til, því að jafnframt yrði sparnaður á öðru, því að sjálfsögðu ætti að afnema skólaskyldu barna frá 11 ára aldri og færa barnafræðsluna yfir á herðar heimilanna, og sú fræðsla ætti að nægja unglingunum alt til þess er þeir gengju í þessa skóla.

Með þessu móti verður fræðslan ódýrust, hollust og best samkvæm þjóðareðlinu og þjóðarþörfinni. Eins og menn sjá, þá er með þessari fjárveitingu hafið byrjunarstig að þessu skólakerfi, og jeg efast ekki um, að árangurinn verði góður og að skólunum fjölgi, þar til allar sýslur hafa sinn sjerstaka skóla.

Jeg skal geta þess, að jeg álít eigi nauðsynlegt að nema erlendar tungur í alþýðuskólum landsins. Þeir, sem nema vilja tungumál,verða að afla sjer þeirrar kenslu annarsstaðar, en ríkið á eigi að kosta tungumálanám. Jeg býst við, að háttv. þm. fallist á að veita upphæð þá til skóla landsins, sem farið er fram á, og um tilhögun styrkveitingarinnar. Ef dregið yrði úr upphæð þessari, mundi það leiða til þess, að margir skólar landsins legðust niður, en jeg hygg, að skólarnir megi ekki — enginn þeirra — leggjast niður, heldur verði þeim að fjölga, og stjórnin verði að biðja um það fje, sem útheimtist til þess að halda uppi alþýðuskólum landsins.

Jeg lít svo á sem þetta mál sje eitthvert mikilsverðasta mál, sem þetta þing hefir til meðferðar, hvernig ala beri upp þá kynslóð, sem eftir okkur kemur í þessu landi. Bæði núverandi og næsta þing munu ræða um þetta og tillögur þær, er mentamálanefndin hefir gert um skipulag lærða skólans, sem nú er kallaður Hinn almenni mentaskóli, og fyrirkomulag háskóla alþýðumentunarinnar, þ. e. Kennaraskólans. Þótt sjegja megi máske, að eigi hlýði að ræða um þetta nú, þá vildi jeg segja mína skoðun á þessu máli, því að óvíst er, að jeg fái tíma til að ræða þetta mál framvegis.

Þá skal jeg minnast á þá skóla, sem sjerstaklega eru styrktir og nefndin hefir gert við í fjárlagafrv.

Um Flensborgarskólann get jeg verið fáorður, því að jeg veit, að hann er þingmönnum kunnur. Hann á allmiklar eignir, en þær eignir gefa honum engar tekjur, og hann getur því aðeins haldið áfram, að þingið veiti honum sæmilegan styrk. Nefndin leggur til, að styrkveiting til skóla þessa sje færð úr 15 þús. kr. upp í

22 þús. kr. Það er hið minsta, sem komist verður af með. Það má ef til vill segja, að skóli þessi sje óþarfur, þar sem neðri deild Hins almenna mentaskóla og Akureyrarskólinn veita sömu fræðslu sem hann. Rjettast væri, að mentaskólinn yrði það, sem hann á að vera: undirbúningsskóli hinnar æðri mentunar landsins. En þá þurfum við einnig gagnfræðaskóla, annan norðanlands og annan hjer syðra. Hvort það verður þessi skóli, eða annar nýr reistur, er ekki vert að tala um nú. Næstu 3 árin munu ganga til þess að komast að fastri niðurstöðu um þessi mál, og á meðan er einsætt að halda þessum skóla við og láta hann ekki falla niður fyrirvaralaust, og það því fremur, sem skólinn er stofnaður fyrir gjafafje einstaks manns, og landið hefir engu þurft að kosta til bygginga handa honum.

Þá er það styrkur til kvenfjelagsins „Óskar" á Skutilsfjarðareyri til húsmæðrafræðslu. Fjelag þetta hefir haft styrk í þessu skyni áður, og nefndin leggur til, að því verði veittar 2000 kr., gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar frá. Býst jeg við, að þeir háttv. þm., sem kunnir eru þeim góðu konum, sem að þessari fræðslu standa, og hafa bragðað á þeim góða mat, sem húsmæðraefnin framleiða, leggi þessari styrkveiting liðsyrði.

Þá er 39. l., styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, til þess að kenna stúlkum leikfimi. Hún hafði áður 800 kr., en stjórnin hefir lækkað styrkveitingu þessa um 300 kr., og færir þá ástæðu fyrir þeirri ráðbreytni, að hún hafi sæmilega launaða stöðu við barnaskóla Reykjavíkur. Nefndin getur ekki fallist á þessa ástæðu fyrir lækkun þessa styrks. Það getur ekki talist gild ástæða til þess að lækka laun fyrir ákveðið starf, þótt sú, er það vinnur, leggi á sig að gegna jafnframt öðru fullgildu starfi, og að því, er til þessarar styrkveitingar kemur, þá er upphæðin, sem veitt er, svo lág, að sannarlega virðist eigi ástæða til þess að klípa af henni.

Þá er um 40. l., styrkveiting til Stefáns Eiríkssonar. Nefndin leggur til, að í stað 1500 kr. komi 2000 kr. Þessi maður er að svo góðu kunnur og hefir unnið að starfi sínu af svo miklum áhuga, að ekki verður komist hjá því að hækka styrkinn til hans í 2000 kr. Það er og sannast að segja, að 2000 kr. nú er miklu minna en 1000 kr., er hann hafði áður, voru á þeim tímum, er verðgildi peninga var lítt eða ekki raskað, svo að hjer er ekki einu sinni farið svo langt, að veita rjettmæta dýrtíðaruppbót ofan á styrkveitingu þá, er Stefán Eiríksson hafði áður.

Þá er nú komið að 15. gr. Hún er, eins og menn vita, samsafn af mörgum liðum, vísindamönnum, skáldum og listamönnum. Og alt það, sem vant er að telja eftir, þegar verið er að ræða um eyðslusemi einstakra þingmanna, er í þessari grein. Það er óvinsælasta greinin, og jafnframt sú vinsælasta. Þeir, sem líta svo á, að mannslífið verði ekki metið til peninga, að andleg vinna og andleg verk hafi það gildi, að það sje heiminum meira virði en silfur eða gull í sjóð lagt, þeir telja þetta vinsælustu greinina. Hún gerir þeim mönnum, sem leggja sjálfa sig í sölurnar fyrir að iðka hugsjónir sínar, fært að kasta ljósi yfir íslensk heimili og hlýja hugskoti margra manna, er ella myndu fara á mis við þennan yl.

Fyrst skal jeg minnast á safnið. Nefndin leggur til, að Hallgrímur Hallgrímsson aðstoðarmaður við safnið fái 2000 kr. í laun með dýrtíðaruppbót. Þessi maður hefir sint störfum á lestrarsal safnsins undanfarið, en þar eð tvímælalaust er, að safnið þarfnast hans til mikilvægari starfa, þá er ekki vanþörf á, að hann bætist við þá starfsmenn, er hinum meir áríðandi störfum gegna þar. Á hitt er og að líta, að borgun sú, er hann hefir fengið

fyrir starf sitt, er langt of lítil, og ekki bjóðandi manni með hans mentun, þar eð hann er kandidat í sögu. Með þessu fær og safnið einum atorkumanni fleira, og hann mun þá gefa sig óskiftan að starfi sínu, en undanfarið hefir hann orðið að leggja að sjer með stundakenslu, til þess að hafa nægilegt fyrir sig að leggja. Allir, sem manninn þekkja, segja hann verkmann góðan og reglusaman og gáfaðan. Jeg þekki hann lítið nú, en jeg þekti hjer á árunum skólapilt, sem var ágætlega gáfaður og lærdómsmaður, Friðrik Sigurðsson, föðurbróður Hallgríms. Og þessi piltur er ekki ólíkur honum í sjón. — Jeg býst nú ekki við, að neinn mótmæli þessu, og skal því hverfa að öðrum liðum.

Þá kem jeg að 42. lið í brtt.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar standa 3000 kr. til þess að kaupa íslensk listaverk.

Það er nú svo hjer á landi með listir, eins og aðra andans ment, að þeir menn, sem þær stunda, eiga erfitt með að afla sjer lífsviðurværis með starfi sínu. Spurningin verður því sú: Eru störf þeirra þörf eða óþörf? Það hefir frá fornöld verið talið mest listagildi í listaverkum og bókmentum, því að ekkert göfgar lífið eins og það að lesa góða bók, því að þá er sem opnist fyrir manni nýr heimur, er maður kemur frá líkamlegu striti, eða t. d. frá rifrildi af þingbekkjunum, ef maður les rit Snorra, Egilssögu eða kvæði Jónasar, og hið sama er, ef maður horfir á fögur listaverk, því að það slökkur sorgir og andstreymi, en eykur víðsýni og gerir hugann mýkri og betri.

Það er nú úr vöndu að ráða fyrir þjóð, sem er jafnfámenn eins og vjer Íslendingar erum, hvernig vjer eigum að snúa oss í þessu efni. En þó held jeg að hún geti ekki og megi ekki fara á mis við það sólskin, sem slík listaverk veita, og hinsvegar verða þeir, sem hafa lagt sig í það að sækja eldinn til himna, eins og Prometheifs, að geta dregið fram lífið, þó að þjóðareinstaklingarnir sjeu svo fátækir, að þeir geti ekki keypt slík verk, og jeg er í engum vafa um, að betra er fyrir þjóðina að reyna að láta þessa menn lifa heldur en að fara á mis við listaverk þeirra.

Spurningin verður því sú, hvernig á að láta þá lifa, og jeg vil því þegar til svara, að það á ekki að vera með bitlingum, eins og hingað til, svo að hver uppskafningur geti sagt við þá: „Þú er sníkjudýr á landssjóði“, heldur með því, að ríkið sjálft kaupi listaverk þeirra, úr því þjóðareinstaklingarnir eru svo fátækir, að þeir geta ekki keypt svo mikið, að listamennirnir geti lifað af því. Ætti svo ríkissjóður að geyma listaverkin á listasöfnum, svo þjóðin gæti notið þeirra sem best, og jeg er í engum efa um það, að það sólskin, sem listaverkin veita, er meira virði fyrir þjóðfjelagið en þeir peningar, sem fara til þess að kaupa þau. Með þessu eru slegnar tvær flugur í einu höggi, fyrst og fremst, að þjóðin nýtur listaverkanna, og svo hitt, að listamennirnir gætu lifað sómasamlegu lífi.

Mjer hefir oft sárnað, þegar þessir menn hafa verið kallaðir beiningamenn, og hinn litli styrkur, sem þeir hafa fengið, bitlingur. En ef við nú athugum mennina, þá getum við fljótt sjeð, að þeim myndi hafa verið flestir vegir aðrir færir; tökum t. d. Einar Jónsson. Að hverju sem hann hefði snúið sjer, er enginn efi á, að hann hefði getað lifað ágætu lífi. Hann hefði meðal annars getað orðið húsagerðarmeistari, því að maðurinn er þjóðhagur smiður að upplagi. En af einlægum áhuga fyrir hugsjón sinni, ræðst hann þegar á unga aldri til hins mjög svo erfiða náms, sem fyrirsjáanlega gat seint eða aldrei gefið fje í aðra hönd, og það, sem hann var styrktur til þessa náms, var svo auðvitað kallað bitlingur.

En ef nú reikningurinn væri gerður upp,

hvað hefir hann þá látið í tje, og hvað landssjóður? Maðurinn hefir látið allar sínar framtíðarvonir, alt starf sitt og starfsþol, er hann hefir orðið að vinna tvent í senn, að verjast örbirgðinni og þjóna list sinni, og meira að segja heimili sitt, þar sem hann hefir eigi getað gift sig, fyr en á gamals aldri, sökum fátæktar, og lifað við fátækt og örbirgð mestan hluta aldurs síns. Og ofan á alt þetta hefir hann gefið landinu öll verk sín.

Og hver er þá veitandinn og hver þiggjandinn, Einar eða ríkið? Sannarlega er Einar sá örláti veitandi.

Jeg hefi nefnt þennan mann aðeins sem dæmi upp á kjör listamanna yfirleitt, því að eins og er um hann, svo er og um flesta aðra listamenn, að þeir hafa farið alls góðs á mis, en lagt af mörkum alt, sem þeir áttu til, fyrir hugsjónir sínar og af ást til þjóðar sinnar. Þó er það fje kallað bitlingur, sem þeir fá, sem vitanlega nægir lítið til að bæta líf þeirra, heldur nægir einungis til þess, að þeir geti treint lífið, svo þeir deyi ekki úr hungri á meðan þeir eru að vinna fyrir hugsjónir sínar.

Það hefði ef til vill ekki þurft að hafa svona mörg og stór orð til þess að skýra þetta tiltæki nefndarinnar, að hún færði þessar umgetnu 3000 kr. upp í 6000 kr. En þetta er fyrsta sporið, sem stigið er í þá átt, að verja fje, svo nokkru nemi, til þess að kaupa listaverk af þessum mönnum, svo þeir geti lifað sómasamlega. — Vitanlega er upphæðin smá, samanborið við það, sem hún ætti að vera, en eins og jeg sagði, er þetta spor í áttina, og mætti hækka upphæðina á næsta þingi.

Þá er b.-liður þessarar brtt., sem jeg býst við að hafi fallið niður af vangá. Það eru kr. 300, til að semja skýrslur um safnið frá 1876. Það er yfir miklu lengri tíma en þessi maður hefir verið þjóðmenjavörður. Þetta heyrir ekki til starfi mannsins, og því hvílir engin skylda á honum að gera það. En hinsvegar er þetta engin borgun fyrir slíkt starf, en nefndin lítur svo á, að þetta eigi að vera nokkurskonar viðurkenning fyrir starf hans, og því hvöt til þess, að hann haldi því áfram.

Hvað snertir 43. lið, þá er það eflaust prentvilla „hvort árið“, því að auðvitað er í fjárlögunum aðeins átt við eitt ár.

Styrk til að vinna að textaútgáfu á Íslensku fornbrjefasafni hefir nefndin hækkað úr kr. 1600 upp í kr. 2000, því að hún efaðist um, að hin fyrri upphæð væri nóg, þegar styrkurinn var bundinn því skilyrði, að út skyldi gefa registur, samskonar og gert hefir verið við fyrsta bindi. En hinsvegar hefir nefndin bætt því við athugasemdina, að það skuli gera jafnóðum.

Þá er 45. liður málrjetting, því að nefndin kannast ekki við, að eignarfall af orðinu „Íslendingur“ sje „Íslendingur,“ heldur Íslendings.

Þá kem jeg að 46. lið, sem mörgum mun vera hjartfólginn. Hann er um námsstyrk til listamanna, og heyrir því undir eldsóknina, sem jeg var að tala um áðan.

Allir kannast við söguna af Prometheifi, þegar hann gerðist svo djarfur að stela þessum eldi frá guðunum. Þá var hann reyrður með hlekkjum við klett, og örn einn settur til þess að höggva í lifur hans alla daga, og þegar hann gerðist harðorður um Seif, þá laust hann Prometheif með reiðarslagi og þá fjell alt til undirheima, og þar varð hann að kveljast sökum þess, að hann náði í eldinn. Í þessari sögu liggur það, hve miklar framfarir það hafi verið fyrir mannkynið að ná í þennan eld.

Að síðustu leyfði Seifur Herkúlesi syni sínum að leysa Prometheif.

Þótt nú háttv. þm. sjeu ekki eins sterkir eins og Herkúles, þá er það eitt víst, að þeir eru nógu sterkir til þess að leysa fátæktarfjötrana af nokkrum ungum lista-

mönnum, því að til þess þarf eigi annað en skilning á þörf þeirri, sem er á því, að láta börn sín njóta listarinnar, og til þess útheimtist eigi annað en það að vera góður drengur, sem er það að hugsa rjett og vilja vel.

Jeg vænti því, að háttvirtir þm. geti gengið inn á það að veita listamönnum örlítið meiri styrk en verið hefir, og samþykki það hjá nefndinni, er hún færir þennan styrk úr 20 þús. upp í 30 þús. kr., þegar líka þessi framfærsla er ekki heldur nærri því í hlutfalli við verðfall peninganna, þar sem 12 þús. fyrir stríð voru betri en 60 þús. nú, en þessi hækkun er aðeins um ⅓.

Það er því ekki nema eðlilegt, að nefndin, sem átti að úthluta þessum styrk síðast, hafi eigi getað það, og því snúið sjer til þingsins um að fá hækkun á honum. Jeg býst því við, að háttv. þm. samþykki þessar 30 þús. kr.; en að vísu hefir nefndin sett aðra varatillögu, en vonar þrátt fyrir það, að þm. samþykki hina hærri upphæðina, því að nú hafa margir ungir og efnilegir listamenn sótt um þennan styrk. Jeg hefi látið prenta nöfn þeirra, til þess að háttv. þm. geti áttað sig á því, hverjir það eru.

1. Jón Þorleifsson. Hann er mjög efnilegur maður, og hefir Ásgrímur Jónsson málari sagt, að hann væri einn hinn efnilegasti maður í þeirri list, sem hann hafi kynst. Hann hefir nú verið erlendis um nokkurt skeið, og er ekki ríkur og þarfnast því styrks með, þrátt fyrir það þó að faðir hans hafi verið hreppstjóri í 30 ár og notið þeirra háu launa, sem því embætti fylgja. — Jeg hefi hugsað mjer, ef lægri upphæðin verður samþykt, að koma með brtt., sem fari fram á sjerstakan styrk handa honum, svo að hann geti farið til Parísar og víðar, til þess að auðga anda sinn.

2. er Ásmundur Sveinsson. Jeg þekki hann persónulega; það er mjög vel gefinn og gáfaður maður, iðinn og kappsamur og fullur af hugmyndum. Hann hefir hin bestu meðmæli frá Ríkarði Jónssyni, sem hefir kent honum trjeskurð og myndamótun, svo og líka frá Einari Jónssyni listamanni, og þá menn veit jeg óljúgfróðasta um slíka hluti, af öllum þeim, er jeg þekki.

3. er Davíð Stefánsson. Hann er þegar orðinn þjóðkunnur maður og talinn af öllum mjög efnilegt skáld.

Þá hafa og sótt söngmennirnir:
Benedikt Árnason,
Ingi T. Lárusson og
Sigurður Skagfeldt.

Jeg hefi heyrt rödd þeirra beggja B. Á. og S. S., og má segja að báðir sjeu góðir, en þó er Sigurður sjerstaklega góður á háum tónum, og báðir eru þeir svo efnilegir, að þeir eiga skilið að læra listina til hlítar.

Um Inga Lárusson er það að segja, að hann er talinn mjög söngfróður maður, og hefir lagt stund á sönglagagerð. Hefir slíkt vakið minni eftirtekt en söngurinn sjálfur. En það virðist ekki úr vegi að styrkja þann mann, því að að því ber að stefna, að hingað komi einhver í þennan bæ, sem kunni að kenna þessa list. Því að það þyrfti ekki að verða ýkjadýrt að koma hjer upp sönglistarskóla, og það hefði átt að vera löngu búið. Því að söngurinn er einhver hin besta og göfugasta ment, sem til er, og er um hana eins og Goethe segir: „Wo man singt, da lass dich ruhig nieder, böse Menschen haben keine Lieder". — Sestu hvar sem söngur er í ranni, söngur aldrei geðjast vondum manni.

Þá er sá 7., sem hjer er nefndur, Stefán Sigurðsson frá Hvítadal, sem jeg tel bestan hinna nýrri skálda, og vil jeg þó ekki með þessu gera lítið úr öðrum. Fer þar saman sljett og lipurt rím og vandað og fagurt mál, enda yrkir hann hin fegurstu

hörpuljóð, sem nú eru kveðin hjer á landi. Hitt veit jeg ekki, hve víðfaðma hann er. Hann hefir sótt um styrk og lán, en lánbeiðninni hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að sinna nú. Með þessum formála læt jeg hann ganga í hendur þeirri nefnd, sem á að úthluta styrknum. Tel jeg sjálfsagt, að hann fái sinn skerf. En sínum augum lítur hver á silfrið, og er eigi víst, að allir telji Stefán best skáld hinna yngri manna. Einkum virðast menn hafa skifst um það, hvorn þeirra bæri að telja fremstan, Stefán frá Hvítadal eða Davíð Stefánsson. Davíð er yngri og er ágætur líka, en í mannjöfnuð milli þeirra vil jeg ekki fara. Þeir eru svo ólíkir, að samanburður getur ekki komist að. Og jeg vil, að báðir fái notið sín og báðir fái styrk.

Í athugasemdinni við þennan lið hefir nefndin lagt til, að Listvinafjelagið verði sett í stað Háskólans. Það er mikið uppgangsfjelag og hefir skilyrði til að hafa vel vit á þessu. Fer vel á, að það sje sett við hlið hinna fjelaganna, Stúdentafjelagsins og Bókmentafjelagsins. Hverf jeg svo frá þessum lið og vonast eftir fullum skilningi hv. þdm.

Nefndin vill hækka styrkinn til Bjarna Sæmundssonar upp í 1000 kr. Hann hefir gegnt fiskirannsóknum í heilan aldarfjórðung, og er jafnmikils metinn erlendis sem ágætur vísindamaður, sem hann hefir litla viðurkenningu fengið hjerlendis fyrir starf sitt. Hann er ágætur vísindamaður og hefir unnið mikið starf fyrir litla þóknun. Er því þessi hækkun síst um of. Ekki sótti hann sjálfur um hækkun, heldur taldi hann svo ilt í ári, að ekki væri fært að fara fram á slíkt, en jeg held nú varla, að þessar 400 kr. velti ríkissjóði.

Í næsta lið hefir nefndin farið fram á að hækka styrkinn til Helga Jónssonar nokkuð frá því, sem stjórnin lagði til. Það er meiri vandi fyrir mig að ræða um þennan lið en aðra, vegna þess, að maðurinn er bróðir minn. Þó hyggst jeg munu geta heimfært upp á hann það, sem jeg hefi látið mælt um þá, sem ungir helga sig listinni. Hann ákvað þegar á unga aldri að stunda vísindi og rannsaka gróðurnáttúru landsins. Veit jeg ekki nema um tvo, sem þá braut hafa gengið, þá Stefán á Möðruvöllum og Helga bróður minn. Stefán tók skóla og gerðist kennari, en er nú dáinn um örlög fram á miðjum aldri. Nú er því Helgi einn eftir. Frá þessum tíma hefir Helgi stundað vísindi sín og ritað og rannsakað mikið. Hefi jeg hjer skrá yfir þau rit hans, sem út hafa verið gefin, og er það eigi alllítið. En öll eru þau þess háttar, að útgáfa þeirra hefir ekki gefið höfundinum mikið í aðra hönd, heldur mundi frekar hafa þurft að gefa með þeim, og öll eru þau mjög tímafrek, svo sem vitanlegt er um vísindarit.

En því aðeins hefir Helgi getað unnið að þessu, að hann hefir notið styrks af dönsku fje, því að Danir hafa oft reynst íslenskum vísindamönnum góðir fjedrengir. Svo var, til dæmis, þá er Helgi hafði eigi enn lokið prófi og vildi hefja rannsóknir á sæþörungum (algæ) austanlands, en var fjeþurfi til starfsins. Þá var Helgi hjer heima, en jeg suður í Leipzig. Skrifaði jeg þá umsókn fyrir hans hönd um styrk úr dönskum sjóði. Fekk Helgi styrkinn og gat haldið áfram rannsóknunum.

Nú á Helgi eftir að vinna úr ferðabókum og margra ára athugunum og rannsóknum, og blettir eru eftir á landinu ókannaðir. Því tel jeg það illa farið, að hann varð að taka fasta kennarastöðu, og láta ráðast, hvort unnið yrði úr þessu verkefni. Því að vitanlega getur enginn annar unnið úr athugunum hans. Og ef hann endist ekki til að vinna úr þessu,

þá er glatað hálft æfistarf hans. Hann er nú 54 ára og hefir jafnan verið brjóstveikur. Og setjum svo, að hann deyi áður en hann hefir lokið við að vinna úr rannsóknum sínum, þá verður landið að kosta annan mann til þess að vinna rannsóknarstarfið af nýju, láta vinna sama starfið tvisvar, og þá verður óhægra að flýja á náðir Carlsbergssjóðsins en áður, er vjer erum orðnir fullvalda og ættum að tíma að kanna náttúru eigin lands vors.

Nefndinni var óskiljanlegt, hví stjórnin færði niður styrkinn til Guðmundar Bárðarsonar. Þessi styrkur er þó ekki meiri en sem svarar því, sem hann þarf að gjalda kaupamanni í sinn stað fyrir þann tíma, er hann slökkur niður við rannsóknir sínar.

Frímann Arngrímsson fanst nefndinni vel að því kominn að fá 1200 kr. Hann er maður mjög sparneytinn, og hefir jafnvel hjálpað fátækum námsmanni ungum af þessari litlu upphæð, sem hann hefir fengið. Hann er nú hniginn að aldri, en áhugasamur enn, og hefir leyst af hendi mikið starf fyrir lítinn styrk.

Þá er 55. liðurinn. Það er Sigfús á Eyvindará, sem margir þekkja. Hann hefir unnið mikið verk að þjóðsagnasöfnun, og telur víst enginn eftir honum 600 kr. En annars hygg jeg, að hann hafi aðeins gleymst eða fallið úr prentun hjá stjórninni.

Styrkurinn til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins leggur nefndin til, að sje hækkaður um 1000 kr., og fái stúdentafjelagið á Akureyri fjórðung styrksins, og annist það Norðlendingafjórðung. Mætti þá setja fræðsluna betur í kerfi og taka kvikmyndir í þjónustu hennar.

Um styrkinn til Listvinafjelagsins býst jeg ekki við að þurfa að fjölyrða.

Þá hefir nefndin lagt til, að styrkurinn til Íþróttafjelagsins yrði hækkaður upp í 2000 kr., og ennfremur yrði endurveittur fjórðungur þess fjár, sem ætlað var til Olympíufarar, en eigi varð notað. Veit jeg að öllum háttv. þm. er mjög kært að styrkja þetta fjelag. Sú endurvakning íþrótta, sem það beitist fyrir, er fegursti morgunroðabletturinn, sem komið hefir yfir þjóð vora á seinni öldum. Lítum til Grikkja hinna fornu, sem allra manna best hafa kunnað að sameina fegurð og hreysti. Aþena er talin bjartasta borg heimsins. Þar koma ekki nema 30 skýjadagar á ári hverju, ef jeg man rjett. En sama birtan var yfir grísku þjóðlífi, og var það framar öðru íþróttum að þakka. Og nokkur líking þessa var hjer á landi í fornöld. Þá voru menn aldir upp við íþróttir og vopnaburð frá blautu barnsbeini. Og báðar þessar þjóðir voru jafnfremri samtíðarþjóðum sínum í öðru sem í íþróttum. Fyrir því er það sannfæring mín, að framtíð þessa lands sje undir því komin, að þessir hlutir komist í rjett horf og íþróttaiðkanir verði almennar aftur sem í fornöld. Þá mun vel farnast og framtíð þjóðarinnar vera borgið, er hraustir, sterkir, íturvaxnir og hugaðir menn vaxa upp í landi og halda um stjórnvöl þjóðmálanna. Og eigi mun fremur skorta andlegt atgervi nje yfirburði. Það er venjulega samferða. Sókrates var ekki síður íþróttamaður en vitsmunamaður.

Þá er næst Sigurður Guðmundsson húsagerðarmaður. Stjórnin segir í aths. við frv., að upphæðin sje hin sama og áður. Þetta er því eflaust prentvilla í frv., sem hjer er leiðrjett.

Þá koma nokkrir nýir liðir. Um Prestafjelagsritið hefir áður verið rætt við umr. um fjáraukalagafrv.

Lagasafn það, sem Ísafoldarprentsmiðja hygst að gefa út, er nauðsynleg bók. Almenningur getur keypt hana og átt og notað, en ekki stjórnartíðindin.

Reykjavíkurdeild norræna stúdentasambandsins hefir áður haft styrk í sama skyni. Telur nefndin, að utanfarir ungra manna

sjeu góðar, og vildi því veita styrkinn áfram.

Þá er námsstyrkur til Jóns Eyþórssonar og Bjarna Jósefssonar, 2000 kr. til hvors. Bjarni mun ljúka við nám á næsta ári og verður þetta þá lokaveiting.

Þá er námsstyrkur til Ingu Magnúsdóttur, skjalþýðanda. Hún hefir þegar lokið ágætu prófi í námsgrein sinni, en á eftir að fara til Englands og afla sjer fullkomnunar í enskri tungu.

Þessi upphæð er veitt sem ferðastyrkur og er talin með því fje, sem jeg tel mönnum nauðsynlegt að hafa, er þeir ferðast til annara landa til náms. Jeg býst við, að ekki verði nein mótstaða að veita þetta efnilegri stúlku, og ekki síður er stjórnin leggur til með henni, því að eins og flestum er kunnugt, mundi hún ekki gera það, ef hún áliti hana ekki þess verða.

Þá hefir nefndin lagt til, að Samúel Eggertssyni verði veittar 2500 kr. til að gera landslagsuppdrátt af Íslandi, og átti jeg að skila því frá meiri hl. nefndarinnar, að hún áliti þetta merkilega vinnu og manninn vel færan til þess.

Þá er styrkur til Baldvins Bergvinssonar fyrir 1. bindi af endurminningum hans, enda gangi handritið til Landsbókasafnsins. Þetta er styrkur til gamals gáfumanns, sem er að rita upp endurminningar sínar, og gætu þær orðið merkilegar söguheimildir fyrir seinni tímann, því að maðurinn er skýr og rjettorður og segir glögt og rjett frá, svo að ekki er að óttast, að hann segi rangt frá. Jeg hefi lesið nokkra kafla frá þeim tíma, er hann var að alast upp, og leist mjer vel á. Hann hefir og meðmæli frá dr. Jóni Þorkelssyni og dr. Sig. Nordal, er telur þetta muni verða allmerkilegt rit. — Það er ætlast til, að þessi hluti verði látinn af hendi fyrir styrkinn, og gangi handritið til Landsbókasafnsins að því fullgerðu.

Hann hugsar sjer að ljúka við endurminningar sínar, með því að halda þeim áfram, að þessu bindi loknu, og geta þá önnur þing ráðið, hvað þau gera, hvort þau vilja styrkja hann til starfans. En þetta bindi verður sjálfstætt og getur staðist, þó að Landsbókasafnið fái ekki hitt, en það mun aðallega verða saga Stykkishólms fram að þessum tíma. Mun það vera æskilegt að fá fullkomna sögu kauptúna hjer á landi, og af henni má gera sjer hugmynd um vöxt þeirra og viðgang, og hafa þar öll skjöl og skilríki fyrir því á einum stað.

Þá hefir Einar Jónsson frá Galtafelli verið tekinn út af lista skálda og listamanna, og lagt til, að honum yrði veitt laun eða lífeyrir sæmilegur til að lifa af. Jeg vil endurtaka þann formála, sem átti við Einar Jónsson og listabrautina og Helga bróður minn og vísindabrautina. Og jeg vil biðja menn að minnast þess, að þessi maður hefir gefið landinu öll listaverk sín fram að því, er hann var fertugur, eða fram að þessum tíma, en hann er fæddur 1874, svo að hann fer nú að nálgast fimtugt. Það kann að vera, að einstaka menn líti svo á, að það sje ekki mikils um vert, og að þessi gjöf sje lítils virði. En öll byrjun í list er mikilsverð. Og ef þau hefðu brotnað eða farist á annan hátt, myndi hvert brot af þeim, sem fyndist eftir 30—40 ár, kosta meira en öll verkin kosta núna. Þó að það væri ekki nema eitt höfuð, er sýndi, hvernig menn hugsuðu sjer listaverk á þeim tíma. Það er líka nauðsynlegt að hafa þau til sýnis, svo að þau geti orðið eins og skóli fyrir þá, sem gefa sig að listum á því sviði, og fyrir alla alþýðu manna.

Það er aumt að hugsa það, að ekki skuli vera til ein einasta teikning frá 15., 16. og 17. öld í landinu, er sýni hvernig listinni var farið á þeim tíma. Það eina, sem jeg hefi sjeð, er frá norskum manni, sem hefir gefið út teiknibók með myndum frá Ís-

landi. Þær teikningar höfðu verið fluttar til annars lands, og ekkert af þeim hefi jeg sjeð á Íslandi. Þær höfðu lent á Árna Magnússonar safninu, eins og margt annað, og þessi norski maður fann þær eða gróf þær upp og gaf út.

Það er sorglegt, að Íslendingar skuli ekki sjálfir hafa unnið neitt að máli, sögu og öðru því, er einkennir þjóð vora, nema Jón Sigurðsson. Það er ekki til nein íslensk málfræði, er samin sje eftir Íslending, er kendi íslensku í skóla, nema Jón Þorkelsson. Jón Sigurðsson í sögu og Jón Þorkelsson í málfræði hafa lokið upp fjársjóðum íslenskum í þessum greinum, en aðrir hafa lánað Dönum vit sitt til að skýra rit vor, en Danirnir lagt til nafnið á titilblöð bókanna.

Það ætti ekki að verða svo í framtíðinni. Vjer ættum að eiga það í söfnum landsins, sem þjóðlegt er, og þess vegna er þessi gjöf Einars Jónssonar mikils verð, að hún sýnir þjóðlega list, því að verkin eru ramíslensk.

Nú þurfa menn ekki að vera hræddir, eins og á fyrstu þingum er jeg sat á, þegar jeg barðist fyrir því að fá styrk handa Einari, um það, hvort hann mundi hljóta nokkra viðurkenningu. Nú er hann búinn að hljóta hana og orðinn víðfrægur fyrir list sína. Hans er getið og myndir af verkum hans eru í helstu lista-tímaritum menta-þjóðanna, eins og í Englandi, Vesturheimi, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Þýskalandi og víðar. Hefir hann alstaðar hlotið viðurkenningu og lof fyrir frumleik þann, er einkennir list hans.

Nefndin leggur því til, að hann fái nokkurn styrk úr landssjóði, til þess að geta unnið að því að auðga landið að listaverkum, sem ekki auka einungis gleði manns, heldur og andlegan auð og mentun. Yfir dyrum í dönsku leikhúsi stendur: „Ei blot til Lyst“. Og er það meiningin, að menn eigi ekki að koma þangað eingöngu til að horfa á leikinn og skemta sjer, heldur einnig til að mentast.

Það er kunnugt, að Aþena var einhver mesti mentastaður í heimi. Grikkir voru forgöngumenn í vísindum og listum. Þeir voru það um allar listir, og ekki minst þá, er fegurst hefir verið talin, og eftir henni hefir verið kent til þessa tíma, og mun lengi verða.

Það var siður frá tíma Periklesar, að þeir, sem fátækir voru, þurftu ekki að borga aðgang að leikhúsi ríkisins. Það voru engir aðgöngumiðar hafðir, en leikhúsið var selt á leigu, og sá, er tók það á leigu, þurfti að taka aðgangseyri til að standast kostnaðinn. Þetta gjald var kallað sýningargjald. Fátækir menn urðu að gjalda tvo obola, um 25 aura, og það galt ríkissjóður fyrir þá, og er sagt, að ríkir menn hafi jafnvel ekki slegið hendinni á móti því. Þetta var svo ríkt hjá þjóðinni, að það fjell ekki niður nema í Pelopseyjarófriðnum. En er þjóðin rjetti við eftir ófriðinn, var þessi siður tekinn upp aftur. Þetta var skoðað eins og sólskin lífsins, er allir þyrftu að njóta til þess að styrkja og lífga sálina, og talið sjálfsagt, að ríkissjóður greiddi fyrir þá, sem ekki höfðu sjálfir efni á því. Með þeim útreikningi, sem venjulega er hafður, þá mundi það hafa verið um 140 þús. kr., sem ríkið varð að borga.

Hvort sem það eru leikhús, söfn eða annað því líkt, þá hefir það lífsgildi, ef menn kunna að meta það og byggja á því áfram. Og hjer á Alþingi efast jeg ekki um, að menn kunni það, og sýni það með því, að greiða þessum styrk atkvæði sitt.

Jeg býst við, að jeg láti nú úttalað um þennan lið. Jeg veit, að Einar er öllum að góðu kunnur, en hefi einungis gert þessar almennu athugasemdir til þess að hv. deildarmenn gætu áttað sig betur og til þess að mín skoðun væri bókfest einhversstaðar.

Þá er loks tillaga nefndarinnar, að J. C. Poestion í Wien skuli fá nokkurn styrk, til að vinna áfram að ritverkum sínum í

íslenskum fræðum. Hann hefir fyrstur orðið til að benda heiminum á ný-íslenskar bókmentir, með því að þýða á þýsku „Pilt og stúlku", og hefir svo árum saman haldið sjálfur áfram. Hann hefir vakið Þjóðverja og aðra til að leggja rækt við íslenskar bókmentir. Hefir þetta orðið Íslandi að miklu gagni, að aukin hefir verið þekking útlendinga á landinu, eins og jeg hefi sagt, að Thorvaldsen hafi átt þátt í því að danska smjörið varð kunnugt. — Þetta kemur alstaðar fram, að þegar menn, þektir að góðu meðal þjóðanna, geta þeirra að góðu í ritum sínum og sýna heiminum hvaða gildi þær hafa í listum og vísindum.

Þessi maður á nú bágt og hefir varla lífsviðurværi. Það hörmungarástand ríkir nú í Austurríki, að ríkið getur nú ekki borgað embættismönnum laun þeirra, og verður því að segja þeim upp og gjalda þeim eftirlaun, sem eru svo lítil, að þeir geta ekki lifað á þeim.

Hann byrjaði fyrstur manna að kynna sjer íslenzka bókmentasögu, og hefir skrifað þá einu nútíma og síðari alda bókmentasögu íslenska, sem til er. Og það er ekkert flaustursverk, heldur stórt og vandað og hið merkasta verk. Hann hefir einnig skrifað sögu leiklistarinnar hjer á landi, og er það því merkilegra, sem hjer er aðeins vísir að henni, og þá erfiðleika, sem hún hefir átt við að búa, að hún skuli þó hafa lifað fram á þennan tíma.

Hann hefir nú í smíðum rit um Jón Arason og Lýsingu Íslands og ferðasögu frá því, er hann ferðaðist hjer heima, og er hún nú til í handriti, og mun óhætt að segja, að ef hann ekki fellur frá, muni hann gefa hana út.

Hann hefir ekki beðist eftir neinum styrk, en nefndin frjetti það svona utan að sjer, hvernig högum hans var komið, og varð sammála um að veita honum þennan styrk; einasta það að honum, að hann er heldur lítill.

Jeg ætla þá að láta útrætt að sinni, úr því að ekki er nema 14. og 15. gr. fjárlaganna til umræðu.

Sveinn Ólafsson: Jeg hafði búist við, að 14., 15. og 16. gr. yrðu teknar allar í einu lagi, og mjer skildist það á frsm. (B.J.), að svo ætti að verða, en úr því ekki er lengra farið en að 16. gr., þá verður því að taka.

Jeg sje þá ekki annað en að jeg verði að gera grein fyrir brtt. minni við 15. gr., af því, að það er samband á milli hennar og þess, sem fyrir liggur. Jafnframt vil jeg leyfa mjer að víkja dálítið að brtt. fjvn., og get jeg sagt nokkuð líkt um þessar 2 greinar, að venju fremur er nú fjárveitingum í hóf stilt. Þó mætti víst niður falla brtt. 15 við 14. gr., um uppbót á eftirlaunum presta. Jeg skal taka það fram, að þessi 3 þús. kr. aukning á því, sem stjórnin hafði lagt til að veitt verði, er harla óþörf, þegar á leiðinni er í gegnum þingið sjerstakt lagafrv., er lýtur að því, að bæta upp eftirlaun presta, sem samkvæmt því njóta eftirlauna. Væntanlega gengur frv. þetta fram, og þá finst mjer ekki þörf á að auka upphæðina frá því, sem stjórnin hefir lagt til.

Jeg tek svo liðina næstu, og kem þá að 17. lið B. I. A. Nefndin hefir gert ráð fyrir, að sú fjárveiting hafi gleymst hjá stjórninni. Jeg skal ekkert um það segja, en mjer finst sú veiting ekki reka svo á eftir, þegar margt annað er sett til hliðar, og hygg hjer enga gleymsku vera hjá stjórninni.

Svo er 20. liður 14. gr. Þar er gert ráð fyrir verðstuðulsuppbót á námsstyrk lærisveina Mentaskólans. Það væri alveg sama ástæðan að ákveða verðstuðulsuppbót við aðra skóla, svo sem Akureyrarskólann, og úr því, að það ekki er gert, greiði jeg atkv. á móti þessum lið.

Þá sje jeg á 33. lið við 14. gr. B. XIII.1, að þar er lagt til, að bætt sje nýjum lið við, til farskóla og eftirlits með heimafræðslu.

Þarna tel jeg að nefndin hafi hitt naglann á höfuðið, og er jeg henni þakklátur fyrir þessa till. Þeirri fjárveiting er áreiðanlega vel varið,ef hyggilega er um búið, og mest þörfin þar á að hjálpa. Skólahaldið í sveitahjeruðunum verður gagnslítið, ef eftirlitið með heimilafræðslunni vantar. Henni hefir hrakað mjög síðustu árin, af því að skólafyrirkomulagið nýja hefir blekt og flestir vanrækt heimakensluna og varpað áhyggjunum á þróttlausa farskóla, en hún ætti nú að aukast aftur, þegar fyrirskipað er eftirlit af því opinbera. Heimilið verður hvort sem er altaf drýgsti skólinn, eins og til hagar hjer í sveitum, og betri stuðning getur íslensk alþýðumentun ekki fengið en endurnýjun hinnar fornu og heilladrjúgu heimilisfræðslu.

Jeg ætla svo ekki að eyða fleirum orðum um brtt. nefndarinnar, en get látið mjer lynda með atkvæði mínu, þegar þar að kemur, að sýna afstöðuna til þeirra; það er ekki sjerstaklega margt, sem jeg er mótfallinn, og meira fyrir samræmissakir, að jeg vil fella ýmislegt úr.

Jeg vil þá leyfa mjer að lokum að minnast á brtt. á þskj. 359. Jeg veit, að það er ekki þakklátt verk að bera fram þessa till., og verður líklega metið mjer til lasts, að jeg ber hana fram. Hún er við 15. gr. 19b., styrkveitingin til að þýða Faust. Þó að jeg leggi til, að styrkurinn falli niður núna strax, þá liggur engin lítilsvirðing í því á verki þýðandans. En jeg álít, að slíkt starf eigi fyrst að koma fram í dagsbirtuna, og njóta þá viðurkenningar, ef vel er unnið, og einmitt fyrir þá skuld hreyfði jeg engum mótmælum, er í fjáraukalögunum var veittur útgáfustyrkur til ritsins. Það er um leið viðurkenning á, að starfið sje vel unnið. En styrkur þessi er að upphafi bitlingur, veittur í atvinnuskyni til kaupbóta, þegar hagur þýðandans var erfiðari en nú. Síðan er sú breyting orðin, að hann nýtur fyrir ýms störf samtals hærri launa en flestir aðrir opinberir starfsmenn. Þess vegna er þörfin horfin, og er sjálfsagt að láta slíkar fjárveitingar sitja á hakanum, þegar fjárhag landsins er svo komið, að brúagerðir, vegagerðir, vitabyggingar og annað verður að bíða vegna fjárskorts. Slíkar upphæðir sem þessi hlýtur að hneyksla almenning á þessum tímum, og ættu háttv. þm. að muna, hve óvinsæl þessi fjárveiting hefir jafnan verið.

Jeg mun fara fram á lítilfjörlega fjárveitingu í næstu grein, og hana tel jeg rjettlátari en þessa og nauðsynlegri, og er það ein ástæðan með öðrum fyrir mig til að vera á móti þessari hjegómlegu veitingu til þýðingar á Faust.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst ekki við, að háttv. nefnd hafi farið frekar í fjárveitingar en hún hefir talið þörf, og að því leyti sem tillögur hennar fara fram úr tillögum stjórnarinnar í þeim köflum fjárlaganna, er snerta mína stjórnardeild sjerstaklega, þá skal jeg taka það fram, er hjer segir á eftir. Tillögur mínar um þessi atriði voru sniðnar eftir ætluðum fjárhag landsins, og leit jeg svo á, að ekki væri fært yfirleitt að leggja meira af mörkum en þar var farið fram á. Hv. nefnd hefir verið dálítið rífari, en ekki þó svo, að jeg vilji lasta það. Jeg hefi yfirleitt ekkert á móti till. hennar um framangreind atriði, ef svo má líta á, að fjárhagurinn leyfi sæmilega. Jeg get því ekki sagt, að jeg sje óánægður með starf nefndarinnar; þvert á móti, því að brtt. hennar eru í rauninni tiltölulega mjög litlar. Vil jeg svo drepa á örfáar brtt. hennar, og þá helst þær, sem jeg mæli með.

Þá verður fyrst fyrir mjer brtt. um bæjargerð í Reykholti. Presturinn í Reykholti hefir skýrt kirkjustjórninni frá á standi bæjarins, og er það ekki glæsilegt; viðir allir gerfúnir og bærinn nær óbyggilegur. Kirkjustjórnin hefir síðan

skýrt nefndinni frá þessu, og hefir hún fallist á það, að aðgerða þyrfti, og vill nú veita fje til undirbúnings. Það er öllum ljóst, að óviðkunnanlegt er, að illa húsaður bær sje á þessu gamla höfuðbóli, og þegar svo stendur á, að nú er hafin fjársöfnun í Noregi, til þess að reisa Snorra Sturlusyni minnisvarða og gefa Íslandi, þá væri illa til fallið, ef við vildum ekki sýna Reykholti einhvern sóma. Húsagerðarmeistari hefir gert teikningar og kostnaðaráætlun, og er það mikið fje og óvíst, hvort fært verður að veita það alt á sínum tíma. En hvort sem bærinn verður reistur eingöngu fyrir landsins fje eða ekki, þá þarf að hraða undirbúningi, og vil jeg mæla með, að veittar sjeu 5000 kr. í því skyni.

Það var ekki af gleymsku, að styrkurinn á 17. lið, til Magnúsar Jónssonar dósents, fjell niður. Jeg álít rjett að veita framvegis þennan styrk, en það var ekki samþykt af ráðuneytinu. Þingið hefir sjálft tekið upp þessa fjárveitingu, og áleit jeg best til fallið, að hún stæði áfram, og get jeg því ekkert haft gegn þessari tillögu.

Það var ekki rjett hjá háttv. frsm. (B. J.), að styrkur, veittur stúdentum erlendis, hefði aðeins verið 300 kr. á mann. Í fyrra var engum veitt svo lítið, og í ár held jeg að styrkurinn verði um 700 kr. á hvern stúdent. En stjórnin hefir ekki talið sig bundna við hámark veitingarinnar, 1200 kr., því að stúdentarnir eru svo margir, að ekki er unt að veita það öllum. Jeg get heldur ekki litið svo á, að nauðsynlegt sje að veita svo mikið, þó að miðað sje við Garðstyrk, því að hann stóð aðeins í 4 ár, en námið varir yfirleitt lengur. En ef háttv. deild vill veita meira, þá skal jeg ekki hafa neitt á móti því, en þó hygg jeg, að ekki sje ástæða til að fara yfir 1200 kr.

Jeg get verið samdóma háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um, að ekki sje ástæða til að veita dýrtíðaruppbót á styrk eftir verðstuðli.

Ef hækka á þessa veitingu, kann jeg betur við, að tilgreind sje ákveðin upphæð. Annars er það vafamál, hvort ekki eigi að fara aðra leið til þess að styrkja fátæka nemendur, því að námsstyrkurinn verður altaf svo lítill, að hann kemur að litlum notum. Gæti þá komið til mála að lögleiða skólagjald, og væri ef til vill rjett að veita stjórninni heimild til þess.

Jeg skal ekkert hafa á móti því, að það ákvæði sje felt burt, að ekki megi greiðsla fyrir örk af kenslubókum nema meiru en 80 kr., en það held jeg ofmælt, að ekki sje hægt að koma bókinni út að öðrum kosti.

Um námsstyrk viðvíkjandi Akureyrarskóla get jeg vísað til þess, er jeg sagði áðan, og getur verið ástæða til að hafa þar skólagjald, en jeg held, að það sje misráðið að gera það einnig við kennaraskólann. Þar stendur sjerstaklega á. Þó að laun kennara sjeu nú bætt, þá er kennarastaðan ekki svo glæsileg, að ekki þurfi að hvetja menn frekar en letja til þess að leggja inn á þá braut. Það væri meiri ástæða til að auka styrkinn en sleppa skólagjaldinu, og vona jeg, að hv. nefnd taki þá athugasemd sína aftur.

Jeg tel það rjett hjá nefndinni, að taka upp liðinn „ýmisleg gjöld“ við Eiðaskóla. Slík gjöld geta altaf komið fyrir, og þarf að hafa heimild fyrir greiðslu þeirra.

Það getur verið ástæða til að hækka tillög til kvennaskólanna í Reykjavík og á Blönduósi og Flensborgarskóla, og hefir reynslan orðið sú, að landssjóður hefir orðið að greiða kostnað þeirra að mestu. En jeg verð þó að telja það varhugavert að hækka veitinguna svo mjög.

Þá kann jeg ekki vel við Skutilsfjarð-

areyri. Það á að vera Ísafjörður. Ísafjörður er lögmælt heiti kaupstaðarins, og er óþarfi að rugla því.

Jeg er þakklátur nefndinni fyrir 41. brtt., og var því rjett hjá háttv. frsm. (B. J.) að hún væri nauðsynleg, en jeg er ekki þakklátur fyrir þá till. nefndarinnar að taka það af Háskólanum að skipa mann í nefnd til útbýtingar listastyrknum. Það getur verið, að þetta vald sje eins vel komið hjá Listvinafjelaginu, en jeg tel óviðkunnanlegt að taka það af Háskólanum; það felst einskonar óvirðing í því. Um listastyrkinn sjálfan skal jeg segja það, að stjórnin treysti sjer ekki til að hafa hann hærri, með tilliti til fjárhagsins. Nú hefir nefndin hækkað hann, með því að taka Einar Jónsson út úr. En ef Alþingi vill hækka hann, þá set jeg mig ekki á móti því; þetta er hvort sem er ekki há upphæð.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar brtt. Jeg get ekki haft mikið á móti þeim, en þó vil jeg benda á, að varhugavert er að hækka á þessum lið, þegar spöruð eru fjárframlög til verklegra framkvæmda.

Fjármálaráðherra (**M. G.**): Því verður ekki neitað, að háttv. nefnd hefir ekki verið eins sparsöm viðvíkjandi 14. og 15. gr. eins og hinum greinunum á undan. Jeg get ekki viðurkent, að áætlun stjórnarinnar hafi verið tiltölulega lægri á þessum greinum en annarsstaðar í fjárlagafrv. Nefndin hefir verið stórtæk til vísinda, lista og kenslumála, en sparað verklegar framkvæmdir, og er þá um algerðan stefnumun að ræða frá frv. stjórnarinnar. Nefndin hefir verið sjerstaklega rífleg við kenslumálin. Það er ástæða til að athuga þetta nánar. Jeg ætla þó ekki að rekja brtt. allar, heldur grípa niður þar, sem mjer virðist helst athugavert.

Jeg verð að telja nefndina stórtæka og djarfa, þegar hún gefur í skyn, að eyða verði um 100 þús. kr. til bæjargerðar í Reykholti. Ef það á að vera bústaður prestsins, verður hann furðu dýr. Jeg skil heldur ekki, hvaða undirbúning þarf að gera sem kosta mun 5 þús. kr. Jeg get því ekki fallist á þessa till. og tel hana furðu gálauslega.

Þá vill nefndin fella það úr athugasemdum stjórnarinnar, að prestar skuli greiða 6% af fje því, er veitt verður til húsabyggingar á prestssetrum. Jeg skil ekki hverja ástæðu nefndin getur haft til þessa. Mjer virðist það eðlilegt og sjálfsagt, að það opinbera taki vexti af fje því, sem það lánar, og það þess heldur, þegar landið kostar alla bygginguna, en presturinn leggur ekkert á móti. Viðhaldsskylda prestanna getur ekki losað þá undan að greiða vexti, því að það er eðlilegt, að þeir endurgreiði á sínum tíma höfuðstólinn óskertan eða skili húsunum í sæmilegu standi. Það hefir viljað verða misbrestur á þessu. Húsin hafa oft reynst ónýt með öllu, viðir fúnir o. s. frv. Með tilliti til þessarar reynslu verður 6% gjaldið eðlilegt; landssjóður tapar oftast höfuðstólnum. Auk þess má benda á, að þetta gjald greiðist aðeins þar til nýtt mat fer fram. Þá verða húsin metin með jörðinni og í því standi, sem þau eru þá, og fellur þá þetta sjerstaka húsagjald niður. En það er ekki sanngjarnt, að prestar, sem njóta þeirra hlunninda að fá ný hús, losni við gjald vegna þess, að húsin eru reist eftir að gildandi mat hefir farið fram.

Það var alveg rjett, sem hæstv. forsrh. (J. M.) sagði um styrkinn í 17. brtt. fjvn., að á ráðherrafundi hefði verið samþ. að taka þann lið ekki upp aftur. Jeg fyrir mitt leyti kann illa við að veita embættismönnum styrk til þess að vinna það verk, sem beint liggur í þeirra verkahring.

Um hækkunina til háskólaritara skal

jeg geta þess, að í fjáraukalögum hækkaði nefndin nokkuð laun hans. En henni hefir ekki þótt það nægja, og nú farið nokkuð lengra en stjórnin í frv. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að sje þetta starf borgað með 2000 kr., þá er það óþarflega vel borgað.

Hins vegar geng jeg inn á það, að þessi maður hefir fulla þörf hækkunar, og það má þá ef til vill taka nokkuð tillit til þess.

Fyrirsögnin við B. XII virðist hafa hneykslað háttv. fjvn., og skal jeg ekkert hafa á móti þeirri breytingu.

Jeg vil undirstrika orð hæstv. forsrh. (J. M.), út af kvennaskólanum. Það er ekki svo, að jeg viðurkenni ekki, að skólinn þurfi meira fje, en hjer stendur svo á, að stjórnin hefir engin tök á að fylgjast með reikningshaldi og framkvæmdum þvílíkra skóla, á sama hátt og annara.

Og það er hyggilegra að hafa upphæðina minni nú, þegar dýrtíðin virðist vera í rjenun. Það hefði verið hyggilegra að hafa hana hærri 1919; þá var hún 14 þús., en nú er hún færð upp í 25 þús., nærri tvöfölduð. Alt bendir til þess, að rekstur skóla verði lægri 1922 en 1920. Annars mætti, ef illa færi, bæta það upp eftir á, er á kann að vanta. Sama er að segja um unglingaskólana. Það er hyggilegra að láta fjárhæð stjórnarinnar halda sjer.

Styrkurinn til listamanna hefir verið hækkaður svo mjög, að jeg geri ekki ráð fyrir, að háttv. deild geti fylgst með nefndinni í því efni.

Styrkurinn til Guðm. Bárðarsonar var lækkaður vegna þess, að engin umsókn var fram komin, er fjárlögin voru samin, og stjórnin vissi ekki, hvort honum væri þægð í því að halda styrknum áfram. Jeg er ekkert á móti því, að styrkurinn verði hækkaður, þar sem hjer á í hlut slíkur dugnaðarmaður, sem hann er.

Jeg held, að styrkurinn til Frímanns Arngrímssonar komi honum að mjög litlum notum, en jeg skoða hann þá líka sem viðurkenningu eingöngu.

Styrkurinn til Sigfúsar frá Eyvindará var feldur burtu, af því að engin umsókn var fram komin.

Það er rjett, að það hefir misprentast styrkurinn til Sig. Guðmundssonar. Það var ætlun stjórnarinnar að hann stæði óhaggaður.

Svo eru þessir níu liðir, sem nefndin hefir bætt inn. Mjer sýnist, að ekki allfáir mættu falla burtu. Það er t. d. lítil ástæða til að styrkja útgáfu lagasafns, því að stjórnartíðindin eru seld svo ódýrt, en hafa það sama inni að halda. Það væri þá heldur að lækka verðið á þeim. Jeg veit ekki, hvort þessi landslagsuppdráttur er nauðsynlegur. Mjer þykir ólíklegt, að þessi maður sje fær um það, og enn ólíklegra að þetta fje nægi til slíks.

Þá kem jeg að styrknum til Einars frá Galtafelli. Háttv. frsm. (B. J.) virtist gefa í skyn, að lítið hefði verið fyrir þennan mann gert, er komið gæti til jafns við gjöf hans. Mjer finst það vera mikil viðurkenning í því, að bygt hefir verið hús yfir listaverk hans, og honum sjálfum þar ætlað ókeypis húsrúm, ljós og hiti. Jeg get ekki sjeð, að þessum manni hafi verið sýnt neitt vanþakklæti fyrir gjöf sína. Og verði till. samþ., þá er hann nú með álíka háum launum og þeir af embættismönnum landsins, sem hæst eru launaðir.

Síðasta liðnum er jeg meðmæltur; þótt engin umsókn liggi fyrir, þá er sjálfsagt að taka till. fjvn. til greina.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Jeg er ekki vel frískur í dag; hefði ella farið nánar út í það. En jeg vil endurtaka það, að mjer sýnist ekki í till. nefndarinnar um þessar greinar (14. og 15. gr.) kenna eins mikillar sparsemi og

í hinum (1.—13. gr.). Það er alls ekki svo lítil upphæð, sem hjer er farið fram á umfram áætlun stjórnarinnar; hún er víst um 107 þús. kr. En jeg vona, að háttv. deild skeri mikið af þessum till. niður.

Umræðu frestað.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Atvinnumálaráðherra (**P. J.**): Háttv. frsm. fjvn. (B. J.) sagði, að hækkanir á 14. og 15. gr. samkv. brtt. nefndarinnar væru á fyrri greininni 62 þús. kr. og á síðari greininni 48 þús. kr. Þetta mun rjett talið.

Þar sem nú um allmikinn mun er að ræða á till. fjvn. til þessa kafla og næsta kafla á undan, þá get jeg ekki orða bundist, heldur minnist á þetta dálítið.

Þegar stjórnin í haust sem leið gerði ráðstafanir til frestunar verklegra framkvæmda, þá var það aðeins neyðarúrræði, og gert vegna fjárþröngar.

Þegar svo stjórnin samdi fjárlagafrv., þá lagði hún afarmikla áherslu á það að draga úr útgjöldunum sem allra mest, til þess að geta þó fengið þolanlegt samræmi milli tekna og gjalda ríkissjóðsins. Þetta kom nú langharðast niður á samgöngu- og atvinnumálum, sem jeg veiti forstöðu. Og stafar það af því, að ekki er hægt að víkja sjer undan gjöldum nema á sumum greinum fjárlaganna. Skal jeg minnast á hinar einstöku greinar.

Fyrst er 7. gr. um skuldarentur og afborganir af lánum ríkissjóðs. Sá liður fer síst lækkandi, heldur miklu fremur hækkandi, og verður ekki undan þokað. Sama má segja um konungsfje og alþingiskostnað í 8. og 9. gr. Þá má nefna landsstjórn og löggæslu í 10. og 11. gr. Gjöldin til þessa er ekki hægt að lækka, og jafnvel þótt samþ. yrðu breytingar á embættaskipuninni í sparnaðarátt, þá kæmi það ekki að haldi fyr en eftir mörg ár.

Þá koma lækna- og heilbrigðismálin í 12. gr., sem naumast verður af klipið. Það er mest lögmælt laun og heilbrigðisstofnanir.

18. gr. er eftirlaunagreinin. Þar verður heldur ekki neitt fje af tekið, því að þeir menn, sem þangað eru komnir á annað borð, verða ekki af henni teknir, meðan þeir eru á lífi. Það eru því ekki nema fjórar greinar fjárlaganna, sem hægt hefir verið fyrir stjórnina að reyna að spara fje á, og er þó 14. gr. þannig, að mest á henni er fastákveðið með sjerstökum lögum.

Mjer virðist það því vera dálítið athugavert, úr því sparnaðurinn frá stjórnarinnar hálfu hefir því nær eingöngu komið niður á atvinnu- og samgöngumálunum, að nefndin skuli þá fara fram á svona miklar hækkanir til lista og vísinda, sem raun ber vitni um. Þó má ekki taka orð mín svo, að jeg vilji láta dýrtíðina koma eingöngu niður á listum og þess háttar, en heldur ekki eingöngu á samgöngumálum og atvinnumálum. Og jeg vildi vekja athygli hv. deildar á þessu, þar sem jeg nú þarf að svara til þess, hversvegna stjórnin hafi frestað verklegum framkvæmdum og hvers vegna hún hafi ekki farið fram á meira fje til atvinnu- og samgöngumála en fjárlagafrv. ber með sjer.

Tökum dæmi af hyggnum bónda; aldrei mundi honum detta í hug að láta skartgripi og skemtanir sitja fyrir lífsnauðsynjunum. En jeg er hræddur um, að háttv. fjvn. hafi því miður ekki tekið upp þá hyggilegu aðferð í till. sínum.

Annars skal jeg hjer ekki fara út í einstakar till. nefndarinnar Mun sýna með atkvæði mínu, hverjar þeirra jeg get fallist á. En ef jeg ætti að benda á, hvar mjer þykir nefndin hafa of langt gengið í till.

sínum, þá get jeg nefnt fyrst og fremst styrkveitingar til listamanna og viðbótarstyrki til skólanna. Fer jeg svo ekki lengra út í einstök atriði. Bendi aðeins á þennan samanburð á t. d. listum og landbúnaði. Finst mjer, sem það muni verða lítið gagn að sparnaðarstefnunni, ef hún á eingöngu að koma niður á samgöngubótum og atvinnu. Verður þó ekki á móti borið, að einhver andi í fjvn. hefir ráðið nokkru í slíka stefnu.

Þórarinn Jónsson: Jeg stend hjer aðeins upp til þess að leiðrjetta misskilning, sem hjer kom fram í gær, bæði hjá háttv. frsm. (B. J.), hæstv. fjrh. (M. G.) og forsrh. (J. M.), viðvíkjandi kvennaskólanum hjer og á Blönduósi.

Háttv. frsm. (B. J.) tók það fram, að skólarnir væru ekki styrktir nema úr ríkissjóði. Hinir tóku þar í sama strenginn. Þetta kann nú að vera rjett um skólann hjer, en ekki um Blönduósskólann. Má sjá það af skjölum þeim, sem hjer liggja fyrir og fjvn. hefir haft með höndum, að hann nýtur mikils styrks úr sýslusjóði og hefir altaf notið, eins og fjvn. ætti líka að vera fullkunnugt frá fyrri þingum.

Háttv. fjvn. hefir nú lagt til, að styrkurinn til Blönduósskólans verði ofurlítið hækkaður, í samræmi við styrkhækkun til Reykjavíkurskólans. En þó hefir nefndin ekki hækkað styrkinn til Blönduósskólans hlutfallslega jafnmikið. Fer það nokkuð í bág við það, sem þó er viðurkent, að heldur beri að styrkja skóla í sveit heldur en í kaupstað. Þó hefi jeg ekki gert neina brtt. við þetta, en skýt þessu aðeins til nefndarinnar nú.

Það er sagt, að nú þurfi skólinn minni styrk, af því að afurðir lækki í verði og aðrar vörur innlendar og útlendar. En jeg vil þá benda háttv. deild á það, að eftir þeirri áætlun, sem hjer liggur fyrir þinginu, þá er ekki hægt að reka þennan skóla fyrir minna en 20 þús. kr. á ári. Og á síðasta ári safnaði skólinn 7 þús. kr. skuld. Getur og ekki verið um nokkra verulega lækkun að ræða á því, sem skólinn þarfnast, nema þá helst ofurlítið á kolum.

Hjer er þess vegna því síst til að dreifa, að of mikið fje fari til þessa skóla úr ríkissjóði, því að hjeraðið hefir frá fyrstu borið skólann uppi. Jeg vil geta þess hjer um leið, viðvíkjandi skólanum, að á honum eru nú um 50 námsstúlkur í heimavist, auk nokkurra, sem ganga á skólann, og hefir hann aldrei verið betur sóttur en nú. Hefir mörgum verið vísað frá vegna þrengsla, og er þó skólagjald orðið afarhátt, eða 25 kr. fyrir hvern nemanda.

Jeg tek í sama streng og hæstv. atvrh. (P. J.) um það, að hækkanir þær, sem nefndin vill gera, eru alleinkennilegar. Hún vill spara til allra verklegra framkvæmda, og gerir t. d. ráð fyrir að fresta algerlega vegagerðum þetta ár, en um leið fer hún fram á töluverða hækkun á þeim styrkjum, sem nefndir eru í 14. og 15. gr.

Jeg get vel tekið undir ýmislegt, sem hv. frsm. (B. J.) sagði um listamennina. En það eru tvær hliðar á því máli. Eins og það er rjett og sjálfsagt að veita þeim viðurkenningu og styrk, sem það verðskulda, þá er hitt ilt, að veita óverðugum mönnum listamannastyrk. Við vitum, að það er drep fyrir metnað hvers listamanns, að fúskarar sjeu dæmdir á bekk með honum. Jeg veit til þess, að slíkt hefir verið gert. Jeg vil þó ekki nefna nein nöfn, en ef hv. frsm. (B. J.) vill vita, hvað jeg á við, þá skal jeg gjarnan segja honum það ‚privat'. Allur styrkur til listamanna, og sjerstaklega til námsmanna, er tvíeggjað sverð. Hann dregur úr sjálfsbjargarviðleitni mannsins, sem er hans sterkasta skapandi afl, ef hún er ólömuð. En sá, sem ekki þarf annað en rjetta fram hendina til þess að fá það, sem hann vantar, lærir aldrei að meta gildi þess.

Það er samt óverjandi af þinginu, að sýna ekki góðum listamönnum viðurkenningu. En það verður að gæta þess að ganga ekki of langt. Það er ekki altaf nóg trygging, þó að maður hafi fengið góð meðmæli. Það verður að gæta þess, hvort þeir er vottorðin gefa, eru færir um að dæma um list.

Jeg mun annars sýna það með atkvæði mínu, hvað jeg vil styrkja. Það er öðru nær en að jeg álíti allar till. hv. nefndar rangar. En það verður að gæta hófs, þegar framkvæmdir eru drepnar niður á öðrum sviðum.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla ekki að halda langa tölu. Jeg get sagt það sama og háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), að það er varhugavert að ganga eins langt og till. nefndarinnar við 14. og 15. gr., þegar allar verklegar framkvæmdir eru látnar bíða og verða að bíða, vegna fjárhagsörðugleika.

Jeg ætla að segja nokkur orð um innskotsgrein háttv. fjvn. í 35. lið. brtt. hennar. Mjer þykir það dálítið einkennilegt, að hún leggur sjerstaka áherslu á að styrkja unglingaskóla í sveitum, fremur en í kaupstöðum og kauptúnum. Háttv. nefnd álítur víst, að skólarnir í sveitunum sjeu meira notaðir heldur en í kaupstöðum og kauptúnum, og því beri þeim meiri styrkur. Jeg get fullvissað hana um það, að t. d. unglingaskólinn á Ísafirði er meira sóttur af unglingum úr Ísafjarðarsýslu heldur en Ísafirði sjálfum. Þessi skóli er líka eini unglingaskólinn í Vestfirðingafjórðungi, sem styrktur er af almannafje, að undanteknum Núpsskóla í Dýrafirði. Í þeim fjórðungi er enginn kvennaskóli, enginn gagnfræðaskóli og enginn bændaskóli, svo það er því meiri ástæða til að hækka styrk til unglingaskólans á Ísafirði. Jeg vona líka, að háttv. fjvn. geti fallist á till. frá mjer, sem fer í þessa átt.

Jeg er annars sammála háttv. frsm. (B. J.) um það, að heimafræðsla er hollari en almenn skólafræðsla. Af kynnum mínum af unglingum á síðari árum, sem eru allmikil, hefi jeg sannfærst um það, að mentun unglinga hefir hnignað síðan heimakensla fór að leggjast niður.

Þá er það 37. brtt. fjvn. — 2000 kr. styrkur til húsmæðrafræðslu á Ísafirði. Þessi skóli hefir lagst niður vegna húsnæðisleysis, en nú hefir honum verið trygt húsnæði fyrir næsta vetur, svo ef hann fær styrk úr ríkissjóði, þá mun hann starfa, því að kvenfjelagið „Ósk“ og Ísafjarðarkaupstaður munu leggja honum nokkuð til eftir megni. Skólinn nýtur góðs álits, og forstöðukonan hefir mjög góð meðmæli og mun vel til starfs síns fær að öllu leyti. Og þegar þess er gætt, að yfirfult er í matreiðsludeild kvennaskólans hjer, þá skil jeg ekki annað en að háttv. þm. muni veita þessu stuðning.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg get sagt það fyrir nefndarinnar hönd, að hún er þakklát hæstv. kenslumálaráðh. (J. M.) og hæstv. fjrh. (M. G.), því að þeir hafa lýst sig sammála henni í flestu.

Hæstv. forsrh. (J. M.) vildi ekki hafa verðstuðulsuppbót á námsstyrknum til Mentaskólans. Nefndin telur engan vafa á því, að fremur beri að styrkja þennan skóla en nokkurn annan, en hvort það er gert með þessu móti eða á annan veg, er henni sama. Verðstuðulsuppbótin er eftir till. mentamálanefndar.

Sami hæstv. ráðherra (J. M.) áleit ekki rjett að fella niður orðin „alt að 80 kr. fyrir örkina“, sem standa við kenslubókastyrk Mentaskólans í fjárlagafrv. Jeg hygg, að hann hafi ekki athugað nægilega, hvað erfið aðstaðan er fyrir þá menn, sem gefa út kenslubækur fyrir hina æðri skóla, Mentaskólann og Háskólann. Markaður fyrir þær bækur er svo lítill hjer á landi, að ógerlegt er að gefa þær út styrklaust,

nema með tapi, en fyrir barna- og alþýðuskóla er engin hætta fyrir menn að gefa út bækur. Jeg ætla annars ekki að deila um þetta atriði, aðeins benda á það.

Hæstv. forsrh. (J. M.) kann illa við nafnið Skutilsfjarðareyri. Jeg hugði, að staðurinn hjeti þessu nafni. Ísafjörður liggur langt inni í Djúpi, ef jeg man rjett. Jeg geri mjer þá ánægju, þegar jeg sje færi á því, að fella niður dönsk heiti hjer á Íslandi. En ekki skal jeg gera þetta heiti að neinu kappsmáli á Alþingi, ef menn geta ekki felt sig við það.

Forsrh. (J. M.) þótti Háskólanum gerð minkunn í því, að nefndin vill skifta um, og láta Listvinafjelagið velja mann í úthlutunarnefnd listamannastyrksins í stað háskólaráðsins. Nefndin hefir alls ekki ætlað sjer að gera háskólaráðinu neina minkunn með þessu, og leggur heldur ekki neina áherslu á það. En henni virðist Listvinafjelagið líklegt til að hafa einna best vit á list.

Sami hæstv. ráðherra (J. M.) sagði, að nefndin hefði ekki verið eins sparsöm í þessum greinum og þeim fyrri. Sú kvörtun var þó sárari hjá ýmsum öðrum, svo jeg læt bíða að svara henni þangað til jeg kem að hæstv. atvrh. (P. J.).

Jeg gat ekki sannfærst af því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði um húsabæturnar á Desjarmýri. Það er að vísu satt, að aths. nefndarinnar ætti ekki við, ef ríkissjóður ætti að kosta allar bæturnar. En jeg býst ekki við, að svo muni verða, heldur leggi prestur fram talsvert frá sjálfum sjer; þó að hann sitji í húsi, sem hann á að svara fullu álagi af á eftir, þá sje jeg ekki ástæðu til að láta hann greiða leigu af því.

Jeg get þakkað öðrum hinna hæstv. ráðherra (J. M. og M. G.) fyrir ummæli þeirra um 17. lið, en ekki báðum. Hæstv. forsrh. (J. M.) var sammála því, að það væri vart sæmilegt að byrja fyrst á styrknum í 2 ár, en láta hann síðan niður falla. En hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að þetta heyrði til kenslugrein Magnúsar Jónssonar, og hann gæti því unnið að rannsókn kirkjusögunnar styrklaust. Það er að vísu satt, að kirkjusaga er kenslugrein hans, en það er ekki hægt að krefjast þess af mönnum, að þeir vinni að ákveðnum vísindaverkum fyrir háskólalaun sín, jafnhliða kenslunni. Auk þess er gerður of mikill munur á launum dócenta og prófessora, svo þessi styrkur væri rjettlátur, þótt ekki væri nema til þess að bæta þann halla.

Fjrh. (M. G.) þykir óþarflega hátt að borga háskólaritara 2000 kr. Er reiknað er fæði á 150 kr. á mánuði og húsaleiga á 50 kr., þá hrekkur þetta ekki nærri til. (*M. G.*: Það er ekki aðalstarf). Að vísu ekki aðalstarf, en ærið starf fyrir svo lítil laun. Auk þess má líta á, að maðurinn er fatlaður.

Jeg brígslaði engum, þegar jeg talaði um Einar Jónsson. Jeg bar aðeins saman, hvað hann hefði lagt fram og hvað ríkið hefði lagt á móti. Jeg get ekki reiknað það sem þægðarverk eður velgerning við Einar, þó að ríkið byggi hús yfir verk þau, sem hann hefir gefið því. En það er auðvitað velgerningur við hann að leyfa honum að búa í húsinu. Húsaleiguna mun hann þó endurgreiða fullkomlega, með því að vinna kauplaust að því að skreyta húsið, og það skoðar hann sem skyldu sína að gera.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að það kvæði við annan tón hjá nefndinni í 14. og 15. gr. heldur en í 13. gr. Jeg sagði í upphafi, að það gegni sjerstöku máli um skóla og lifandi menn. Skólar geta legið niðri um stundarsakir, en þeir geta ekki beðið án tjóns, því að þeir eru skapandi stofnanir. En lifandi menn, sem rjett er að veita fje, geta ekki beðið. Það er undir hælinn lagt, hvort þeir geta stundað köllun sína og hvort þeir lifa eða deyja. Svo má geta þess, að þessar fjárhæðir eru svo litlar, að

ríkið munar ekkert um þær. Munurinn á till. nefndarinnar og stjórnarinnar eru einar 100 þús. kr. Atvrh. (P. J.) sagðist hafa tekið að sjer sparnaðinn og óvildina, en hinir sætu að krásinni.

Hæstv. stjórn hefir ekki verið eins sparsöm í 13. gr., og skal jeg ekki átelja það, því að ekki er jeg ófús að styðja framkvæmdir í landinu, en þó hefir nefndinni virst svo, að þessir liðir mættu helst bíða. Það sjest best á meðferð 16. gr., hve mikið stjórnin vill leggja til verklegra framkvæmda, og skólamálum væri ekki illa fyrir komið, ef eins ríflega væri til þeirra veitt. Það er mikið talað um dýrtíð í landi. og má það tal til sanns vegar færa. En dýrtíðin er engu mýkri fyrir þá, er fá fje sitt úr landssjóði, og verður að taka tillit til þess. Þegar skórinn kreppir að, verður að fresta framkvæmdum, en einu er þó ekki hægt að fresta, og það er líf manna. Landssjóður hefir viðurkent skyldu sína til þess að sjá farborða ýmsum merkum mönnum eða mannsefnum, og má hann því ekki bregðast þeim, þegar að þeim kreppir. Þetta eru ekki dauðir hlutir, sem hægt er að fresta frá ári til árs; það eru lifandi menn, og þurfa þeir að geta haldið áfram að lifa.

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði um Blönduósskólann, og misskildi orð mín. Það var síður en svo, að jeg væri illviljaður þeim skóla eða vilji ekki hag hans; en jeg hagaði orðum mínum með vilja á þann veg, að fram kæmi, að jeg setti þann skóla ekki hærra en aðra.

Þá kem jeg að listamönnunum. Jeg vona, að háttv. deild sje mjer sammála um, að þá verði að styrkja og láta þá ekki gjalda dýrtíðarinnar frekar en aðra. Jeg get verið sammála mönnum um það, að ekki eigi að styrkja nema efnilega menn, ekki fleygja fje í fúskara; en jeg hefi heldur aldrei mælt með því, að fúskarar fengju styrk. Menn hjeldu lengi, að Kjarval teldist til þeirra manna, en nú hefir hann hlotið almenna viðurkenningu; jeg sá og þar betur en aðrir. Einari Jónssyni hefi jeg einnig haldið fram, og nú berst hróður hans um heim allan, og þarf jeg ekki um hann að tala. Þá hjelt jeg Þorsteini Erlingssyni fast fram, og hygg jeg, að ekki þurfi að bera kinnroða vegna þess. Jeg hefi fylgt þeirri reglu að fara varlega í það að veita listamönnum styrk, en skera svo ekki við neglur sjer, þegar einhver hefir sýnt, að hann er styrks maklegur. Nefndin hefir orðið á sömu skoðun. Hún leggur það til, að styrkur verði veittur til þess að kaupa verk listamanna, og er það þá segin saga, að ekki verði keypt af öðrum en þeim, sem verðir eru. Það er engin hætta á því, að farið verði að kaupa eftir einhverja klessukónga eða leirhnoðara, og er það rjett leið til styrktar listamönnum, að kaupa verk þeirra, sem þess eru verð. Vinst þá tvent: listamaðurinn er styrktur og landið eignast helstu listaverk barna sinna.

Þá er námsstyrkur til listnema, og verður þar að renna frekar blint í sjóinn. Það er vandsjeð, hvað í hverjum og einum býr, en jeg tel það öruggara til þess að efla listalíf í landinu, að vera ekki of tortrygginn. Maðurinn, sem hjer um ræðir, hefir meðmæli frá Einari Jónssyni og Ríkarði Jónssyni, og veit jeg ekki, hvort hægt er að fá meðmæli betri manna í þessari grein. Menn geta sagt sjer sjálfir, að ekki er þægilegt fyrir fátæka menn að brjótast áfram einir á þessari braut, og er þá vissara að styrkja þá nokkuð, því að ekki er mikið fje, sem til þessa fer.

Þá er styrkur til námsmanna, og hafa menn amast við honum. Menn hafa borið við þeirri broslegu ástæðu, að þessir menn hættu að geta unnið fyrir sjer, vendust á að fá alt fyrirhafnarlaust og yrðu lítt nýtir aumingjar á eftir. Jeg veit ekki betur en að ⅔ af öllum lærðum mönnum landsins hafi notið einhvers styrks, og flestir þeirra

hefðu ekki getað klofið námið með öðru móti. Jeg veit ekki til, að þeir hafi þótt ónýtari en aðrir menn eða gleymt að vinna fyrir sjer. Þetta hafa orðið merkismenn þjóðarinnar, og sjá víst fáir eftir þeim styrk nú, sem þeir hafa fengið á sínum tíma.

Allar tölur þykja ægilegar nú, enda þó að það sjeu í raun og veru smáupphæðir, vegna peningaverðfallsins. Þessir styrkir verða ekki til þess að setja landið á höfuðið; en ef þeir yrðu ekki veittir, gæti það orðið til þess, að öllu mentalífi landsins hrakaði, og þá væri illa farið. Þær 3000 kr., sem nefndin vill heimila til verðlauna einhverju snildarverki, verða til þess að auka kappgirni og vandvirkni listamanna vorra. Upphæðin er ekki há, og það er ekki víst, að hún verði veitt 1922, en miklu góðu getur hún komið til vegar.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) átti bágt með að skilja, að nefndin vildi leggja meira til skóla í fámennum sveitum heldur en í fjölbygðum kauptúnum. Þetta er þó ekki undarlegt. Það er vitanlegt, að kenslukraftar eru dýrari til sveita, því að þar geta kennarar ekki haft aukakenslu á hendi, og fámennir skólar geta ekki fengið eins mikið inn í skólagjöldum og þeir, sem fjölmennari eru. Þá er erfiðara með húsnæði í sveitum, og þarf oft að byggja fyrir skólann, en í kaupstöðum má leigja nokkur herbergi. Sveitaskólarnir standa þannig ver að vígi á allan hátt, og má nefna, auk þess, sem jeg hefi talið, að aðdrættir eru þar örðugri og verra um ódýra kenslukrafta.

Að endingu get jeg þakkað háttv. þm. fyrir það, hve aðfinslur þeirra hafa verið hógværar og reiðilausar, en vitanlega undanskil jeg þar háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann var ekki í góðu skapi, og er honum það vorkunn, því að hann er rödd hrópandans í eyðimörkinni. Hann á eina brtt., sem jeg er því miður forfallaður frá að tala um, og aðrir verða eflaust ekki til þess. En jeg vona, að háttv. þm. (Sv. Ó.) láti ekki gremju sína yfir þessum Gvöndi Faust (frb. faust) bitna á mjer frekar en orðið er.

Þorleifur Jónsson: Hæstv. fjrh. (M. G.) lagðist á móti till. nefndarinnar um ákvæðin um styrkinn til húsabóta á Sandfelli í Öræfum. Nefndin fer fram á það, að prestinum sje ekki gert að skyldu að greiða 6% af styrkupphæðinni árlega. Ef presturinn á að greiða þetta, er ekki um styrk að ræða, heldur lán, og það ekki með sjerstaklega góðum kjörum, ekki betri kjörum en alment prestakallalán. Jeg vil geta þess, að jeg get ekki búist við, að 6000 kr. nægi til húsabótanna, og þegar útreikningurinn var gerður, sem hljóðar upp á þá upphæð, var aðeins reiknað efni til bæjargerðarinnar. En auk þess verður presturinn að greiða flutningskostnað og kaup verkamanna, og getur það orðið æðihá viðbót.

Presturinn á Sandfelli hefir skrifað mjer ítarlegt brjef og skýrt mjer frá fyrirætlunum sínum viðvíkjandi byggingunni. Hann ætlar að byggja stóra baðstofu, 18 álna langa og 6 álna víða, og auk þess hús til geymslu. Þetta verður stór bær og er áreiðanlegt, að efnið eitt kostar einar 6000 kr. Baðstofan bygð, uppi og niðri 7 herbergi, þakið járnvarið og þakið torfi að utan og veggir upphlaðnir, svo sem siður er til.

Til gamans og fróðleiks skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr brjefi prestsins, sem fjallar um ástand húsanna nú:

„Baðstofan er eina íbúðarhúsið á bænum, og er orðin mjög gömul. Hún hefir ekki fengið verulega viðgerð síðan snemma í tíð síra Ólafs. Hún er 2 íveruherbergi og eldhús. Og það segi jeg satt, að það er hreinn og beinn lífsháski að vera í henni

lengur; í fyrra brotnaði sperra, í vetur önnur og framþilið gekk út. Engin viðgerð getur komið að gagni, vegna þess, að allir viðir eru orðnir svo fúnir og ónýtir, að fáeinar spýtur nýjar gera ekkert gagn. Jeg ljet aðgæta það síðastliðið vor, og ætlaði þá að láta gera nokkrar lagfæringar, en það reyndist ómögulegt að framkvæma þær.

Utan húss er alt eins, fjenaðarhús ónóg og þurfa endurbóta sum þeirra; girðingar engar, en bráðnauðsynlegar. Og loks vil jeg svo bæta því við, að mjer er ekki vært hjer lengur, ef jeg ekki fæ þennan styrk, sem jeg tel óhjákvæmilegan til allra nauðsynlegustu bóta á húsakynnunum.“

Þetta er ekki ofmælt. Sá, sem til þekkir, veit að þessi lýsing er rjett.

Biskup hefir lagt til, að prestinum yrði veittur þessi styrkur, og mun öll sanngirni mæla með því. En hann verður allhart úti, ef hækka á eftirgjaldið um 6% af styrkhæðinni, og þó verður hann að leggja mikið til sjálfur. Eftirgjald af Sandfelli er nú 158 kr., og ef þessum 6% er bætt við, verða það 158 + 360 eða 518 kr. Þetta er afskektur staður og ekki eftirsóknarverður, og er því ekki rjett að gera presti of erfitt fyrir. Ef slík byrði verður lögð á prestakallið, er mjög hætt við, að ekki verði sótt um það, en Öræfin, eins afskekt og þau eru, mega ekki prestlaus vera. Jeg teldi því ekki vel farið, ef brtt. nefndarinnar yrði feld, og vona að svo verði ekki. Jeg vil einnig benda á það, að presturinn á að skila öllu af sjer sem nýju, og verður því að kosta miklu til viðhalds. Á þessu vildi jeg vekja athygli hæstv. ráðherra og háttv. deildarmanna.

Um Saurbæ get jeg ekki sagt. Jeg er þar ekki kunnugur, og skal því ekki ræða það mál hjer.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) taldi lán til prestsins í Sandfelli ekki betra en prestakallalán. Hann gleymdi því, að gengið er út frá, að þessi upphæð, 6000 kr., sje allur kostnaðurinn. Það var fyrst gert ráð fyrir, að viðgerðin mundi kosta um 4000 kr., en síðan barst stjórninni brjef frá presti, þar sem sagt var, að kostnaður yrði meiri, og eftir lýsingu háttv. þm. (Þorl. J.), get jeg vel trúað, að svo sje. En jeg get ekki talið það rjett, að ríkið láni einstökum mönnum fje, án þess að taka af því vexti. Eftirgjald af Sandfelli, sem er ágæt jörð, er ekki gífurlegt. Það eru einar 158 kr.; og ef nú á að hjálpa prestinum til þess að koma upp góðum bæ, er ekki nema sanngjarnt, að eftirgjaldið hækki að sama skapi. Jeg sje ekki, að þetta sje ranglátt, sjerstaklega þegar þess er gætt, að þetta stendur aðeins í 9 ár. Þá verður metið af nýju, og bærinn með, og eftirgjaldið fer eftir því mati. Jeg rengi ekki lýsinguna á ástandi húsanna; það er hörmulegt, en óþarfi var að vera að lýsa því hjer, því að það er tekið fram í athugasemdum stjórnarinnar við frv.

Og jeg er alveg viss um, að þetta mat, eða 158 kr. eftirgjald, er miðað við það, sem er, en ekki það, sem verða muni þegar búið er að byggja.

Þá vil jeg með nokkrum orðum snúa mjer að háttv. frsm. síðari hl. fjárlaganna, þm. Dala. (B. J.). Háttv. frsm. mintist á 17. brtt. og taldi meiningarlaust að fella úr fjárlögunum þennan styrk, af því að hann væri til vísindalegra rannsókna. Jeg álít nú, að sú vísindarannsókn sem hjer er um að ræða, falli undir starf þessa manns sem háskólakennara, og er algerlega á móti því að veita mönnum styrk til þess að inna af höndum þau störf, sem þeir eru bundnir við samkvæmt embætti sínu. Það má vel vera, að það sje hugsunin, að bæta svo upp embætti þetta, að það verði líkt launað og það væri „professorat“, en þá finst mjer, að fara hefði mátt einhverjar aðrar leiðir.

Annars kemur hjer fram stefnumunur hjá háttv. fjvn. og stjórninni, sem jeg gleymdi að minnast á í gær, af því að jeg fór svo fljótt yfir sögu. Og þennan stefnumun er víðar að finna; t. d. styrkurinn til orðabókarinnar. Stjórnin vill gera sem minst að því, að embættismenn fái styrk til þess að vinna önnur verk en þau, sem þeir hljóta að eiga að vinna samkvæmt embætti sínu. Í þessu sambandi get jeg nefnt staflið b. í 42. brtt. Það er styrkurinn til þjóðmenjavarðar. Það er ekki langt síðan að maður þessi hafði 1800 kr. í árslaun, en er nú kominn upp í 9500 kr. á ári. Stjórnin leit svo á, að þessi 300 kr. styrkur hefði verið uppbót á launum hans, meðan þau voru svo lág; þess vegna líka sjálfsagt að fella hann niður, þegar búið var að hækka launin og samræma þau við aðra embættismenn ríkisins. Jeg get ekki skilið, að hann hafi ekki tíma til þess að semja þessa skrá, enda hlýtur það að liggja beint í hans verkahring.

Svipað er að segja um styrkinn til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, sem nefndin hefir hækkað um 300 kr., og sama er að segja um styrkinn til gróðurrannsókna dr. Helga Jónssonar. Þann styrk færði stjórnin niður um helming, af því að maður þessi hafði tekið að sjer kennaraembætti.

Það er líkt um allar þessar fjárhæðir, að hjer kemur fram greinilegur stefnumunur frá stjórnarfrv.

Jeg gleymdi í gærkveldi að minnast á 33. brtt., en skal nú gera það, og þá með tilliti til orða háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Mjer þykir þessi formáli dálítið undarlegur: „Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir".

Jeg skildi svo umr. um laun barnakennara 1919, að það ætti ekki að veita barnaskólum annan styrk en þann, sem felst í því að launa kennarana. Hjer er verið að lauma inn litla fingrinum, og farið fram á að styrkja skólana aukreitis, nema þá eigi að skilja það svo, að þennan styrk fái þau fræðsluhjeruð, sem ekki hafa neinn kennara, er nýtur launa úr ríkissjóði. Um þetta atriði vildi jeg fá upplýsingar hjá nefndinni. Ef það á eingöngu að ná til þess síðara, þá virðist mjer það sanngjarnt. En hjer stendur „farskólar", og kennarar þeirra fá laun sín úr ríkissjóði.

Þá finst mjer undarlegt að tvískifta styrknum til Íþróttasambandsins; en þetta mun vera af hyggindum gert og búist við, að það gangi betur í háttv. þdm. Olympíuförin er um garð gengin, og stendur ekki til, að sú för verði farin á næsta ári, enda segir nefndin, að upphæðina megi nota til annars. Undarlegt að endurveita styrk, sem nota á til annars en upphaflega var til ætlast, og virðist því, að rjettara hefði verið að veita upphæðina í einu lagi. Hitt er í raun og veru ekki annað en tilraun til að gabba.

Háttv. frsm. (B. J.) kvartaði undan því, að jeg hefði misskilið orð hans um Einar Jónsson, en hann hefir víst ekki skilið mig betur. Jeg benti einmitt á það, að þessum manni hefði verið sýnd fullkomin viðurkenning. Eða getur verið um stærri viðurkenning að ræða en þá, að ríkið reisir veglegt hús yfir listasafn hans, og fær honum það til fullra og frjálsra afnota? Það er fjarri mjer að vera að telja betta eftir, en mjer finst hins vegar, að á þetta megi líta, og hálfgerðum brigslum um vanþakklæti af hálfu þingsins verð jeg að vísa á bug.

Háttv. frsm. (B. J.) sagði, að ekki hefði verið mikið sparað hjá stjórninni á 13. gr. Stjórnin vildi sem minst þurfa að draga úr verklegum framkvæmdum, en reyna heldur að draga saman seglin á

öðrum sviðum. En þó sá hún sjer ekki annað fært en að draga úr mörgu einmitt á 13. gr., og fór þar eins langt og hún sá sjer fært.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki mikið, sem háttv. frsm. (B. J.) og mjer ber á milli, svo að jeg þarf ekki að vera langorður.

Jeg er ekki alveg á sama máli og hann, að svo miklir örðugleikar sjeu á því að fá útgefendur að kenslubókum við umræddan skóla. Má samt vera, að það sje örðugra nú en áður. Jeg veit ekki hvort hann hefir tekið eftir þeirri aths. minni, að það geti ekki komið til mála að taka skólagjald við kennaraskólann. Mjer sýnist slíkt svo fjarri allri sanngirni, og eins þó að það yrði ofan á að taka skólagjald við Akureyrarskólann.

Jeg man nú ekki eftir fleiru í svip, og þó finst mjer, að jeg hafi átt eitthvað eftir, en það hefir þá víst verið ómerkilegt.

Jú — nú man jeg það. Það er þessi Skutilsfjarðareyri. Það er ósköp óvanalegt að heyra Ísafjörð nefndan svo, enda munu fáir kannast við það heiti fjarri staðnum. Prestssetrið heitir Eyri í Skutilsfirði. Þessi Skutilsfjarðareyri kemur aldrei, eða þá mjög sjaldan, fyrir í fornum skjölum. Jeg hefi litið eftir því í Diplomatarium, og þar hefi jeg hvergi fundið það, svo ástæðulaust virðist vera að smeygja því hjer inn í frv. Sem sagt, Ísafjörður er lögheitið á staðnum, og engin ástæða að rugla frá því.

Jeg skal taka það fram, áður en jeg sest niður, að það mun hafa verið meiningin hjá fræðslumálastjóra, sem mæltist til að fá þennan 5000 kr. styrk, að nota hann til eftirlits með heimafræðslu og til styrktar henni.

Magnús Jónsson: Það er aðeins örstutt aths., sem jeg vildi gera út af ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), um 15. brtt. Hann setti styrk þennan í samband við frv., sem jeg flyt hjer á Alþingi, og er honum það vorkunn, vegna þess hvernig þetta er orðað í brtt. Þar stendur: „viðbót við eftirlaun presta", en þessi styrkur og frv. mitt kemur mjög lítið hvað við annað, ef rjett er á litið.

Styrkur þessi er í raun rjettri ekki nema að mjög litlu leyti í sambandi við eftirlaun presta. Hann fer sem sje nálega allur til fátækra prestsekkna. Það er ekki nema örlítill hluti hans sem fer til fátækra uppgjafapresta,mig minnir þriggja eða fjögra. Þetta er sá styrkur, sem synodus úthlutar á ári hverju, ásamt vöxtum af prestsekknasjóði og svo kölluðum árgjaldasjóði, og er aðalstofn þeirrar fjárupphæðar. Biskup gerir um það tillögur, og á síðustu árum fjallar og nefnd kunnugra presta um það, svo að þessum styrk er mjög nákvæmlega úthlutað. Og það mun óhætt mega segja, að þessi styrkur sje aðallífsuppeldi margra þessara fátæku, gömlu ekkna, víðsvegar úti um land. Yrðu nú eftirlaunakjör presta bætt, þá myndi auðvitað þessi litla upphæð, sem nú fer til presta, bætast við ekkjurnar, nokkrar krónur til hverrar, en það er svo lítið, að það má með engu móti hafa áhrif á afstöðu manna til þessarar brtt.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessu vel, því að það mun óhætt að fullyrða, að þótt margir styrkir sjeu vel þegnir og þarfir, þá mun þó enginn brýnni eða nauðsynlegri nje betur þeginn en þessi litli styrkur.

Svo var það annað atriði, sem jeg ætlaði nú að vísu að leiða hjá mjer að minnast á, en af því að jeg sje, að háttv. frsm. (B. J.) er forfallaður frá að tala um það, þá er mjer ekki nema ljúft að leggja því liðsyrði mitt. Það er styrkurinn til þess að halda áfram að þýða „Faust".

Mjer finst það næsta undarlegt að bera saman verklegar framkvæmdir og bókmentir. Það er með það eins og smjör og brauð, að það getur verið gott hvað með öðru, en óæti ella, enda lifir maðurinn ekki á einu saman brauði.

Við Íslendingar höfum hingað til lifað mjög á okkar fornu andlegu fjársjóðum, sem varpað hafa ljóma um öll Norðurlönd og víðar, enda mun erfitt að benda á verk frá fornöld, sem betur hafa geymst heldur en Njála og önnur gullaldarrit okkar.

Er okkur því mikill gróði að hafa fengið „Faust" í íslenskri þýðingu. Slík bók verður ekki aðeins þeim til yndis, sem ekki kunna að lesa þýska tungu, heldur og hinum líka, sem lesið hafa rit þetta á frummálinu. Að minsta kosti veit jeg um mig, að jeg hefi meira yndi af þýska tekstanum síðan jeg las „Faust" á íslensku, enda er þýðingin, að dómi þeirra manna, sem vit hafa á, snildarlega vel af hendi leyst.

Það eru margar bækur, sem eru sílifandi og fyrnast aldrei, hversu gamlar sem þær verða. Margir lesa ennþá hina helgu bók, ritninguna, og ennþá grípa margir til Passíusálmanna í tómstundum. Slíkar bækur eru til uppbyggingar og andlegs gróða á öllum tímum, en þó eiga þær ekki við allra skaplyndi. Goethes Faust er eitt af þeim ritum, sem hefir í sjer fólginn hinn eilífa eld og altaf má lesa. Og þó að leggja mætti vegarspotta fyrir þessa upphæð, finst mjer það lítt saman berandi.

Þá vildi jeg minnast lítils háttar á þennan húsabótastyrk og brtt. nefndarinnar. Þessi styrkur er svo lítill, að óhugsandi er, að hann hrökkvi til þess að húsa upp staðinn. Og þó að vitnað sje í það, að þetta hafi dugað í Saurbæ, þá getur þar ekki hafa verið um annað en smávægisviðgerð að ræða. En að veita ekki sæmilega til þessara húsabóta getur orðið til þess að binda prestunum of þunga bagga.

Annars get jeg ekki kallað það styrk, sem bundið er við 6% ársvöxtu; það er þá langtum verra en prestakallalánin. Hitt væri mjög eðlilegt, að þeirri venju yrði komið á, að embættismenn fái styrk til húsabygginga, en að ríkið eigi svo mannvirkin, og þeir greiði venjulega vexti eins og af lánum, en leggi ekkert til úr eigin vasa.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það var víst ekki mikið, sem háttv. frsm. (B. J.) svaraði ræðu minni, enda vildi svo til, að jeg var kallaður frá í bili, og heyrði því ekki alla ræðu hans. En okkur greinir mikið á, og sjerstaklega um fjármálastefnuna, enda var það aðallega um það efni, sem ræða mín snerist. Sjerstaklega er jeg óánægður með hækkunina á þessum seinni gr. fjárlaganna, samanborið við fyrri hlutann eða það, sem ætlað er til verklegra framkvæmda. Það er að vísu nokkur hækkun á 16. gr., eins og jeg mun koma að síðar.

Það veit háttv. frsm. (B. J.), að jeg hefi ekki á undanfarandi þingum sett mig á móti listum og vísindum, og aðrir háttv. þdm. vita það líka, þótt jeg hins vegar hafi ekki verið eins óðfús til slíkra styrkveitinga eins og sumir aðrir. En þegar jeg lít í kringum mig og fram undan á ástandið, eins og það er og verða mun, þá sje jeg ekki betur en að við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Þegar illa árar, láta flestir það ganga fyrir, sem óhjákvæmilegt er, eða svo mun öllum góðum og greindum bændum farast, og taka svo hinar þarfirnar eftir röð, eftir því sem getan leyfir. Það andlega þolir heldur nokkra bið, og á jeg þar við ýmsar upphæðir í 14. og 15. gr., sem mjer finst að við gætum sparað. Hinu er verra að fresta, bráðnauðsynlegri vegagerð eða

brúa ófærurnar eða bæta lendingar. Jeg ætla þó ekki að fara lengra út í þetta, en vildi aðeins benda á þau vonbrigði, sem hljóta að verða hjá þeim mönnum, sem búist hafa við að fá fje til ýmsra nauðsynlegra framfarafyrirtækja, en í staðinn fyrir það sjá því eytt í ýmislegt, sem þeir hljóta að líta á sem óþarfa, í slíku árferði sem nú er.

Jeg vil aðeins minnast á afgjaldshækkunina á Sandfelli, vegna styrksins til húsabóta, sem gert er ráð fyrir. Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) vill ekki kalla það styrk, sem hækkun afgjaldsins greiðist eftir. — Sams konar húsabótastyrkir hafa þó verið veittir (gegn afgjaldshækkun) yfir 40 ár, og ætíð verið kallaðir „styrkir". Afgjaldshækkun fyrir þessi fjárframlög hefir verið mjög eðlileg og sanngjörn, þegar litið er á það, að afgjald á jörðum þessum hefir verið svo lágt. Jeg væri til með að lækka þessa 6% vexti, en ekki fella þá niður, því að jeg sje ekki betur en að prestarnir geti borgað húsaleigu með þeim launum, sem þeir hafa nú orðið, engu síður en aðrir.

Þórarinn Jónsson: Jeg er auðvitað þakklátur háttv. frsm. (B. J.), að hann skuli vera á sama máli og jeg um styrkinn til listamanna. Hann sagði, að það væri oft svo, að námsmenn gætu eigi komist áfram án styrks. Má vel vera að svo sje. En hitt er líka jafnvíst, að margir duglegir menn hafa brotist áfram af eigin ramleik, og þekki jeg dæmi þess.

Háttv. frsm. (B. J.) komst líka að þeirri undarlegu niðurstöðu, að þeim væri auðvelt að komast áfram styrklaust, ef þeir gerðust síldarkongar. En því er niðurstaða þessi undarleg, að sami háttv. þm. (B. J.) hefir áður haldið því fram, að menn stórtöpuðu á þessum atvinnuvegi.

En vera má, að hann hafi viljað leggja sjer skepnufóður „Tímans" í munn, og hafi ætlað sjer að sneiða að mjer með orðum þessum. Er honum það síst of gott, ef hann er svo óvandætinn, og bendir ótvírætt á það, að bjargarskortur muni vera í búi hans, er hann leitar þangað til fanga.

Sigurður Stefánsson: Það eru aðeins örfá orð, til þess að gera grein afstöðu minnar til brtt. háttv. fjvn. Tel jeg þær eigi allar upp, en mun sýna afstöðu mína með atkvæði mínu.

Jeg játa það, að þegar jeg las fjárlagafrv. stjórnarinnar, þá brá mjer í brún, hversu mjög var dregið úr öllum verklegum framkvæmdum. En þegar jeg hafði lesið það alt, sá jeg, að stjórnin hafði farið hóglega og rjett í sakirnar. Fjárhagsvandræðin ollu því, að nauðsynlegt var að draga saman seglin, og sparnaðurinn var það skynsamlegasta, eins og sakir stóðu.

Í sambandi við þetta má láta þess getið, að stjórnin hefir ekki gengið lengra í sparnaði sínum gagnvart vísindum og listum en það, að hún hefir látið allar undanfarnar fjárveitingar til þeirra halda sjer.

Sýnir þetta, að stjórnin hefir ekki horn í síðu þessara fjárveitinga, heldur dregið minna úr þeim en mörgu öðru, sem alþjóð ríður þó einna mest á.

Mjer dettur eigi í hug að álasa háttv. fjvn. fyrir till. hennar, því að jeg veit, að hún er í miklum vanda stödd, en hins vegar verð jeg að játa það, að mjer óar útlitið, þegar stjórnin, þrátt fyrir mikinn sparnað á veitingum til verklegra framkvæmda, skilar fjárlagafrv. með 2 milj. kr. tekjuhalla. Veit jeg að vísu, að stjórnin hefir reynt til að bæta úr þessu með tekjuaukafrv. sínum, en það er alveg óvíst, hvernig þeim kann að reiða af, og einnig er hætta á því, að tekjurnar verði minni en þær eru áætlaðar. Og ef

svona skyldi fara, þá sje jeg fram á tekjuhalla, sem í mínum augum er afskaplegur.

Háttv. fjvn. eykur mest fjárveitingum við 15. gr., til vísinda og lista. Jeg er henni samdóma í því, að þessu tvennu má ekki gleyma, en það dugir ekki að hækka þessar styrkveitingar, þegar knýjandi ástæður eru fyrir því, að láta þær standa í stað. Þegar ákveðin eru útgjöld, þá verða háttv. þm. að muna það, hverjir eiga að borga þau. Það er þjóðin, sem verður að gera það, en gjaldþol hennar er nú lítið, sem eðlilegt er, þar sem aðrar eins hörmungar og ófarir hafa dunið yfir atvinnuvegina sem nú. Er til þess ætlast af alþjóð manna, að þm. athugi þetta.

Viðvíkjandi styrknum til skólanna vil jeg taka það fram, að það er minni ástæða til að hækka hann nú en síðast, þar sem dýrtíð fer nú minkandi, og hlýtur það auðvitað að koma þeim að haldi sem öðrum.

Jeg viðurkenni það, að hv. fjvn. hefir ekki farið geist í sakirnar, en eins og ástandið er, var hyggilegast að láta sem mest sitja við frv. stjórnarinnar.

Mjer dettur auðvitað ekki í hug að neita því, að góðar bækur sjeu nauðsynlegar, og full þörf sje að auðga anda sinn á þeim, en sje bjargarskortur í húsi bóndans og vanti hann mjöl út á pottinn fyrir svanga fjölskyldu sína, þá kaupir hann það fremur en jafnvel bestu bókina, sem völ er á; já, jafnvel fremur en Goethes Faust, því að enda þótt það sje göfugt skáldrit og háfleygt, og þó að góð þýðing sje fengin á því, þá verður sú bók samt aldrei fyrir alþýðuna.

Þó að jeg sje sumum brtt. hlyntur, þá get jeg eigi greitt þeim atkv. mitt, eins og nú horfir, að fáeinum undanskildum.

Valda því hin ægilegu fjárhagsvandræði, sem standa fyrir dyrum og jeg hefi áður um getið.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Aðfinslurnar hafa komið svo á slitringi frá háttv. þm., að jeg er til neyddur að standa upp í 3. sinn, enda þótt jeg hefði að fullu getað svarað þeim í 2. sinn, ef þær hefðu þá verið framkomnar.

Vil jeg þá fyrst svara fyrirspurn frá hæstv. forsrh. (J. M.). Nefndin hefir ekki farið fram á annað en það, að sama aths., sem stóð við Mentaskólann, verði sett við aðra skóla. Hinsvegar leggur nefndin enga áherslu á, að skólagjöld verði sett, og dæmir ekkert um það, hvort sú leið er heppileg eður eigi, en telji stjórnin, í samráði við kennara, þetta hagkvæma leið, þá gerir hún það, annars ekki.

Nefndin hefir einungis viljað samræma skólana. Sjálfur tel jeg skólagjald óheppilegt.

Viðvíkjandi Skutilsfjarðareyri skal jeg taka það fram, að orð hæstv. forsrh. (J. M.) sannfærðu mig þar engan veginn.

Ef þetta danska sjómannaheiti er orðið lögfest og lögskipað á stað þessum, þá á að breyta þessum lögum og færa nafnið til rjetts máls aftur. Er það skylda stjórnarinnar að gera lagfæringar á málvenjum eða málltýtum, að minsta kosti ef henni er bent á það. Mun á næsta þingi reynt til að lagfæra bæði þetta og annað, sem aflagað er orðið í máli voru.

Um farskólafjárveitinguna skal jeg geta þess, sem jeg gerði einnig við framsögn mína, að hún er tekin upp eftir brjefi frá fræðslumálastjóra. Er hjer ekki verið að smeygja inn fingri um aðrar fjárveitingar.

Viðvíkjandi fjárveitingunni til Íþróttasambandsins skal jeg geta þess, að ytri ástæður urðu því valdandi, að þetta varð í tvennu lagi. Umsóknin um að halda styrknum, sem veittur var í öðru skyni, kom seinna fyrir nefndina, og taldi hún því rjett, að því yrði veittur hann með sjerstakri veitingu.

Upprunalega var fjárveiting þessi ætluð til þess að sjá og læra af olympísku leikunum, því að eigi var búist við því, að Íslendingar gætu verið þar þátttakendur. En nú ætla norskir íþróttamenn að heimsækja Íþróttasambandið bráðlega og leika við það. Er það gott til lærdóms, en Íþróttasambandið verður að kosta viðdvölina. Veit jeg, að þm. muni ljúft að veita fje þetta, því að ella fellur kostnaður þessi á fjelagsmenn.

En ef háttv. þm. eru litlir íþróttavinir, þá er þeim hægt um vik að fella aðrahvora upphæðina. Er það auðsætt, að það er eigi af undirhyggju gert hjá nefndinni að hafa tvær fjárveitingarnar, því að væri hún einungis ein, myndu þm. meira víla fyrir sjer að fella hana.

Hæstv. atvrh. (P. J.) kom aftur að sínu fyrra keppikefli, að nefndin hefði ófyrirsynju hækkað á þessum greinum. En þetta er ekki rjett, enda hefir hæstv. fjrh. (M. G.) játað það, að þótt sparað hafi verið á 13. gr., þá hafi meira verið sparað hjer. Má hæstv. atvrh. (P. J.) líka vita, að eftir er að hækka 13. gr. enn, því svari hann fyrirspurninni til sín svo, að ekki eigi að nota peningana í sumar, þá mun verða lagt til, að endurveitt verði bæði til Strandasímans og 90 þús. til Dalasýslu. Hjelt jeg að nota ætti fje þetta í sumar; en sje það eigi ætlunin, þá kemur til hækkunar á 13. gr. (*Atvrh.*: Ætlar háttv. þm. Dala. (B. J.) þá að skila því af 15. gr.?). Hefi jeg nokkru stolið? Hygg jeg, að það sje frekar hæstv. atvrh. (P. J.) að skila því.

Annars er dálítið gaman að athuga það, að hæstv. atvrh. (P. J.) heldur, að þegar illa láti í ári, þá megi svelta vísindamenn og listamenn í eitt ár eða svo; en svo segir annar spekingurinn, að óáranið sje búið, og þessvegna sje engin þörf á að auka við styrkinn til vísindamanna eða skóla. En þrátt fyrir þetta mætast þessir báðir föðurlandsvinir í sama troginu, blóðugir upp til axla af að slátra því, sem dýrmætast er í eign þjóðarinnar.

Þeim finst hækkunin á 15. gr. alveg ógurleg, þó að hún sje einar 48 þús. kr., og halda að fjárhag landsins sje búin voðahætta með þessu.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að nefndinni væri eftirskildar 100000 kr. til ráðstöfunar. (*Fjrh.*: Hún er búin að taka það annarsstaðar). Já, hún lætur ekki alveg skamta sjer úr hnefa, en allar hækkanir hennar nema þó eigi meiru en nokkuð á þriðja hundrað þúsund krónum.

Annars eru þeir einkennilegir spádómarnir um þennan mikla halla, sem óhjákvæmilega á að verða árið 1922. Jeg gæti best trúað, að enginn halli yrði, og jeg ætla mjer að lifa þangað til, og sanna þá þessi orð mín. Þykir mjer líklegt, að allur halli hverfi, bæði af frv. stjórnarinnar og brtt., ef tekjuaukafrv. verða samþ. Einn háttv. þm. sagðist mundi hafa orðið nefndinni þakklátur, ef hún hefði hækkað til verklegra framkvæmda.

Hann ætti að vera nefndinni þakklátur, því að þetta hefir hún gert með því, að leggja til helmingi meiri hækkun á 16. gr. en hækkunin á 15. gr. nemur.

Annars getur nefndin ekki talað eins úr flokki og hann, því að henni sýnist, að [illegible] þörf sje á því að auka andlega auðinn í landinu. En honum finst sennilega, að predikanir sínar hafi aukið hann nægilega, og það sje óþarfa eyðsla að vera að auka við hann.

Jeg vil geta þess, út af ræðu háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), að það var fjarri mjer að bera honum neitt síldarbrask á brýn, nje taka undir það þvarg, sem stóð í blöðunum um það. Hefði jeg munað það, þá hefði jeg eins getað nefnt fisk, í stað síldar. En jeg mundi alls ekki eftir, að þessi skolli hefði komið fyrir, og varð því mjög hissa, er jeg heyrði svar háttv. þm. (Þór. J.), því að mjer hefði aldrei

dottið í hug að minnast á þetta, ef það hefði ekki verið fallið mjer úr minni. (*Þór. J.*: Það þarf ekki að afsaka þetta). Jeg er ekki að afsaka það, því að jeg hefði aldrei getað notað slíkt vopn, þó að jeg væri reiður, og þá því síður þegar jeg er óreiður.

Jeg vildi svo svara nokkrum mótbárum, sem komið hafa fram, en jeg vil halda því fast fram, að nefndin hefir verið mjög varkár og sparsöm og hvergi farið fram úr því, er nauðsynlegt var.

Það er ókunnugt og ósannað, hvort útgjöldin mundu ekki hafa orðið jafnhá í frv. frá stjórnarinnar hendi, ef hún hefði fengið öll þau erindi til meðferðar, er fjvn. hefir haft með höndum.

Stjórn og þing verður því að viðurkenna sparnaðarviðleitni nefndarinnar, er athugað er, hve mýmörg erindi hafa borist fjvn., sem heyra undir 14. gr.

Ef þau hefðu komið til stjórnarinnar, mundi hún vafalaust hafa sint mörgum þeirra. Og munurinn á frv. stjórnarinnar og tillögum nefndarinnar er heldur ekki mikill.

Mjer hefir komið það undarlega fyrir, að hæstv. ráðherrar hafa talað eins og jeg ætti þessar tillögur einn. (*Atvrh.*: Þegar maður er að svara háttv. frsm.) Framsögumaður talar fyrir nefndarinnar hönd, og það er engin till. í þessu, sem jeg á einn.

En við 3. umr. skal jeg gefa hæstv. atvrh. (P. J.) tækifæri til að ræða brtt., sem jeg á einn.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta, en það, sem jeg sagði í gær, sagði jeg með þeim hætti, að enginn gat stygst af því, heldur tók jeg aðeins hlutlaust fram ástæðu til hverrar tillögu um sig, eins og þeir vita, er á það hlýddu.

Vel getur verið, að fram hafi komið í ræðum þeirra hv. deildarmanna, er hafa tekið til máls, ýmislegt, sem jeg hefði átt að svara. En jeg bið þá velvirðingar á því, að jeg geri það ekki, og er það ekki af því, að jeg virði þá ekki svars, heldur sumpart af því, að jeg hefi gleymt því, eða þá að jeg hefi ekki heyrt það.

Jeg vænti þess svo, að háttv. deildarmenn sýni við atkvgr. viðurkenningu á sparsemi nefndarinnar og samþykki þessar tillögur hennar, sem hún hefir teflt fram.

Ef háttv. deildarmenn hefðu fengið allar málaleitanir, sem nefndinni hafa borist, þá mundi þeim betur skiljast, hvað nefndin hefir verið sparsöm í tillögum sínum.

ATKVGR.

um 14. og 15. gr.

Brtt. 338,14.a. samþ. með 16 shlj. atkv.

— 338,14.b. samþ. með 15 shlj. atkv.

— 338,14.c. feld með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Ó. P., P. O., St. St., Þorl. J., B. J., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. P., B. Sv.

nei: P. J., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K.

Brtt. 338,15 feld með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. P., Ó. P., St. St., Þorl. G., Þorl. J., B. Sv.

nei: B. H., E. E., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J.

Brtt. 338,16.a. samþ. án atkvgr.

— 338,16.b. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 338,16.c. feld með 15 : 7 atkv.
— 338,17. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., Ó. P., St. St., Þorl. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., B. Sv.
nei: M. K., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G.
M. J. greiddi ekki atkv.

Brtt. 338,18. samþ. með 14 : 5 atkv.
— 338,19. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 338,20. samþ. með 14 : 7 atkv.
— 338,21. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 338,22 samþ. með 17 : 5 atkv.
— 338,23 samþ. með 17 : 5 atkv.
— 338,24 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 338,25 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 338,26 samþ. með 15 : 3 atkv.
— 338,27 samþ. með 15 : 1 atkv.
— 338,28 samþ. án atkvgr.
— 338,29 samþ. án atkvgr.
— 338,30 samþ. með 14 : 7 atkv.
— 338,31 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 338,32 samþ. með 15 : 3 atkv.
— 338,33 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 338,34 samþ. með 18 : 1 atkv.
— 338,35.a. samþ. með 16 : 3 atkv.
— 338,35.b. samþ. með 16 : 5 atkv.
— 338,36 samþ. með 14 : 2 atkv.
— 338,37 samþ. með 14 : 2 atkv.
— 338,38 samþ. án atkvgr.
— 338,39 samþ. með 14 : 10 atkv.
— 338,40 samþ. með 14 : 2 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 338,41 samþ. með 15 : 5 atkv.
— 338,42.a. feld með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. P., Ó. P., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. E., B. Sv.
nei: H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., E. Þ.

Brtt. 338,42.b. samþ. með 16 : 9 atkv.
— 338,43 samþ. án atkvgr.
— 338,44.a. samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., Gunn. S., Jak. M., M. J., M. K., M. P., Ó. P., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. Sv.
nei: B. H., E. Þ., H. K., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G.

Brtt. 338,44.b. samþ. án atkvgr.
— 338,45 samþ. án atkvgr.
— 338,46.a. (aðaltill.) feld með 14 : 11 atkv.
— 338,46.a. (varatill.) samþ. með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. Sv.
nei: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H.

Brtt. 338,46.b. samþ. með 14 : 5 atkv.
— 359,II. feld með 18 : 3 atkv.
— 338,47 samþ. með 14 : 3 atkv.
— 338,48 samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., M. J., M P., Ó. P., B. Sv.

nei: S. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., P. J., P. O., P. Þ.

Brtt. 338,49. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 338,50 samþ. með 15 : 8 atkv.
— 338,51 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 338,52.a. samþ. með 14 : 2 atkv.
— 338,52.b. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 338,53 samþ. með 15 : 4 atkv.
— 338,54.a. samþ. með 18 : 2 atkv.
— 338,54.b. feld með 16 : 7 atkv.
— 338,55 samþ. án atkvgr.
— 338,56.a. feld með 14 : 6 atkv.
— 338,56.b. feld með 15 : 7 atkv.
— 338,56.c. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 338,56.d. samþ. með 16 : 7 atkv.
— 338,56.e. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., J. Þ., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., B. Sv.
nei: J. A. J., J. S., M. G., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., H. K.
E. E. greiddi ekki atkv.

Brtt. 338,56.f. samþ. með 17 : 2 atkv.
— 338,56.g. feld með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., Gunn. S., H. K., Jak. M., M. J., M. K., M. P., Ó. P., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J.
nei: B. H., E. Þ., E. E., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. Sv.

Brtt. 338,56.h. samþ. með 15 : 7 atkv.
— 338,56.i. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 338,56.j. samþ. með 22 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal ekki þreyta menn með löngum ræðuhöldum. Jeg get verið stuttorður sökum þess að brtt. nefndarinnar í þessum kafla munu þm. hugþekkari en þær, sem jeg hafði framsögu fyrir í gær. Jeg vil ekki fara út í neinn samanburð á brtt. í þessum kafla og hinum, en að eins geta þess, að hækkunin í þessum kafla nemur 90 þús. kr., og með brtt. þeim, sem nefndin ætlar að mæla með, 106 þús. kr., eða er hjer um bil jafnmikil og í báðum undanfarandi gr. kaflans til samans. — Jeg hafði tækifæri í gær til að minnast á, að nefndin er samþ. meiri hl. deildarinnar um, að styrkja beri helst þau fyrirtæki, sem líkindi eru til að gefi eitthvað í aðra hönd.

Vil jeg nú minnast á hvern lið fyrir sig, og taka þá í þeirri röð, sem þeir standa á þskj. 338, til þess að þingmenn og skrifarar eigi hægra með að fylgjast með.

Fyrst er þá 57. liðurinn. Þar er farið fram á að hækka styrkinn til sandgræðslu um 5000 kr., eða úr 10 þús. upp í 15 þús. Flestum mun vera ljóst, að höfuðatvinnuvegur þessa lands hefir verið, er og mun verða landbúnaðurinn. Því að þótt hann sje ekki tekjumestur, þá er hann þó sá atvinnuvegurinn, sem heldur við lífinu í kjarna þjóðarinnar og viðheldur þjóðerninu og menningunni. Þeir, sem landbúnað stunda, hafa um myrkraaldirnar geymt hinn heilaga arf feðranna. (*S. St.*: Hinn heilaga eld). Já, rjett. Þeir hafa geymt hinn heilaga eld, og ekki einu sinni hefir honum mátt granda: Klerka þvaðurs heimskuhríð, er hylur sannleiksljóma. En til þess að þeir, sem stunda landbúnað, geti einnig í framtíðinni orðið kjarni þjóðarinnar og frömuðir í öllum framförum, þarf ekki hvað síst að vernda landið sjálft fyrir skemd-

um. Það er undirstaðan. Allir þeir, sem ríða hjá Knafahólum, munu komast við, er þeir sjá alt hulið sandi, það sem Njála segir, að alt hafi verið grasi gróið. Rangárvellirnir eru nú mikið til huldir sandi. Þar má nú sjá tveggja mannhæðaháar eyjar, þar sem jarðvegurinn stendur eftir, en er umhverfis fokinn burt og sandur hefir síðan breiðst yfir alt. Þetta stafar af því, að menn hafa ekki haft fje, þekkingu eða þol til að verja landið uppblæstri. Svo ætti ekki að verða í framtíðinni, og þótt upphæðin sje smá, sem nefndin vill nú láta leggja fram í þessu skyni, er þar þó stefnt í rjetta átt. — Það er áreiðanlega hægt að stöðva sandfokið og græða upp það, sem þegar er skemt, og sje nokkuð til, sem borgar sig, þá er það það. Þetta hefir þingið sjálft viðurkent, með því að veita 100 þús. kr. til þess að landspilda sú, sem Markarfljót hefir eyðilagt, gæti aftur orðið sem á dögum þeirra Njáls og Gunnars, þótt ekki hafi enn verið hægt að byrja á því verki, sökum hinna óhagstæðu tíma. Jeg þykist þess fullviss, að þinginu muni ekki hafa snúist hugur síðan, og kann því hinni háttv. deild að þykja upphæð sú, sem nefndin vill verja til sandgræðslu, helst til lítil. Get jeg þess til, að einhver af búhöldum þeim, sem sæti eiga í þessari háttv. deild, muni koma fram með tillögu um að tvöfalda upphæðina, og mun þá síst standa á mjer að mæla með því og gefa því atkvæði mitt.

Þá vill nefndin bæta við nýjum lið. Vill hún veita búnaðarfjelögunum 30 þús. kr. styrk. Vill hún veita þeim þennan styrk til þess, að þau þurfi ekki að öllu leyti að vera háð Búnaðarfjelagi Íslands, en geti ráðist í ýmsar framkvæmdir, svo sem verkfærakaup, án styrks frá því. Þessari upphæð vill nefndin láta skifta milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu, til þess að það fjelagið, sem mest hefir unnið, fái mestan styrkinn. Ekki er tilgangurinn sá, að fjelagsmenn skifti með sjer þessum styrk þannig, að hver fjelagsmaður fái t. d. 11 aura fyrir hvert dagsverk, sem hann hefir látið vinna; heldur er tilætlunin sú, að fjelögin noti styrkinn til einhverra framkvæmda.

Með því að veita hinum einstöku búnaðarfjelögum þetta fje, er því betur varið en þótt sömu upphæðinni hefði verið bætt við styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands. Því að fjeð, veitt á þennan hátt, mun verða til þess að vekja samkepni milli fjelaganna innbyrðis og á þann hátt knýja til framkvæmda, sem ekki mundi að öðrum kosti verða unnar. Þar sem nú gagnsemi þessa styrks fyrir landbúnaðinn er svo auðsæ, er jeg þess fullviss, að hann muni hljóta góðar undirtektir bænda og bændavina hjer á þingi.

58. liðurinn er um styrk til Garðyrkjufjelagsins. Áður hefir fjelaginu verið veittur styrkur til að launa garðyrkjustjóra. En nú sótti fjelagið um þessar þúsund krónur í viðbót, til þess að geta gefið út bæklinga um garðrækt og því um líkt. Vitanlegt er, að garðrækt hjer á landi er ekki svo langt komin, sem vera bæri. Víða, þar sem garðrækt gæti vel borgað sig, er hún ekki stunduð, svo nokkru nemi, nema á 10. hverjum bæ. Ætlun Garðyrkjufjelagsins er nú að verja þessum styrk til þess að örfa menn til garðræktar og veita tilsögn, svo að verk það, sem unnið er, verði ekki ónýtt. Býst jeg við, að allir vilji veita fjelaginu þennan styrk, þar sem allir vita, hvað bókaútgáfa er afardýr nú.

Þá er 59. liðurinn. Nefndin hefir þar hækkað styrkinn til Fiskifjelags Íslands úr 50 þús. kr. upp í 60 þús. Þetta er ekki mikil hækkun. Er þessi viðauki veittur eftir beiðni fjelagsins, og virðist mjög rjettlátur, borinn saman við styrk Búnaðarfjelagsins.

60. liðurinn er fjárveiting til Gísla Guðmundssonar til kjötrannsókna. Gísli hefir mikinn áhuga á þessu máli. Hann er nú

kominn á rannsóknarferil, sem virðist geta leitt til þekkingar á því, hversvegna kjöt súrnar stundum og verður þannig verri vara. Virðist öll rannsókn hans benda til þess, að orsökin sje sú, að fjenu hafi verið slátrað þreyttu. En til þess að geta sannað þetta fullkomlega þarf Gísli að sigla. Ætlar hann sjer að ferðast til Kiel og verða þar á „laboratorium" hjá frægum þýskum efnafræðingi. En sökum fjárskorts þýska ríkisins, verður þessi maður sjálfur að kosta „laboratoríið", og þessvegna verður hver sá, sem þar vill vinna, að leggja sjer sjálfur til efni það, sem hann vinnur úr, og auk þess borga með sjer. Gísli hygst að leggja af stað með 10000 kr. Sótti hann um 5000 kr. styrk til þingsins, hitt ætlar hann að borga úr eigin vasa. — Nefndin vill ekki veita honum nema 2500 kr. Lítur hún svo á, að hinar 2500 kr., sem vantar upp á fjárhæð þá, sem hann beiddist, eigi sláturhús og kjötsöluhús að borga, þar sem rannsóknin er mest gerð í þeirra þágu. Býst nefndin við, að ekki muni erfitt að fá þá upphæð þaðan. Nefndin teldi meira að segja rjettast, að sláturhús og kjötsöluhús borguðu allan kostnað af rannsóknunum, sem ríkissjóður ekki borgaði, því að auðvitað er Gísli ekki skyldur að leggja neitt fje fram, þar sem hann er ekki að rannsaka þetta til að græða á því, heldur eingöngu af áhuga fyrir málefninu.

61. liðurinn er um styrkinn til Heimilisiðnaðarfjelagsins. Aths., sem nefndin hefir tekið upp, býst jeg við að hafi fallið niður hjá stjórninni af vangá. Hún var lengri í fjárlagafrv. fyrra árs. Þar var styrkurinn bundinn því skilyrði, að heimilisiðnaðarfjelögin ynnu saman og hefðu sameiginlega framkvæmdastjórn. Þetta ákvæði tók stjórnin upp í fyrirsögnina, og varð athugasemdin því óþörf, nema það af henni, sem nefndin hefir nú tekið upp, ef stjórnin hefir ætlast til, að styrkurinn til skóla Halldóru Bjarnadóttur hjeldist. En það vil jeg álíta, þangað til jeg heyri annað.

Í 62. lið er farið fram á 200 kr. hækkun til vörumerkjaskásetjara. Þessi litla hækkun kemur af því, að hann þarf sjálfur að leggja sjer til húsnæði, ljós og hita, en þetta er aukakostnaður, sem rjett er að sjá við hann. Stjórnin hækkaði laun hans um 200 kr., en nefndin telur rjett að hækka þau um aðrar 200. Býst jeg ekki við neinum mótbárum við því; það virðist svo sanngjarnt.

63. liðurinn er aðeins málsrjetting. Nefndinni fanst óþarft að setja „til líkamlegra íþrótta", þar sem íþróttir er vanalega haft um fimleika. Þegar talað er um andlegar íþróttir, er „andlegar" altaf haft með, svo orðið „líkamlegar" er óþarft hjer.

Í 64. lið leggur nefndin til, að ábúandanum á Tvískerjum verði veittar 800 kr. Kunnugir segja, að nauðsynlegt sje að hygt sje á Tvískerjum, svo að hægt sje að fá þar beina og fylgd. En mjög erfitt kve vera að sækja þaðan til heyskapar og aðdrættir allir svo örðugir, að ábúandi sá, sem þar er nú, muni alls ekki geta haldist þar við, fái hann ekki að minsta kosti 800 kr. styrk.

65. liður er settur eftir beiðni stjórnarinnar, því að hann hefir fallið niður. Áður hefir verið samþykt af fjvn. að greiða þetta fje, svo sjálfsagt er að koma því inn í fjárlögin, svo stjórnin sje ekki í neinum vafa um, að henni beri að greiða það.

Þá er 66. liður brtt. Þar eru taldir upp nokkrir nýir liðir, sem nefndin leggur til að teknir verði upp í fjárlögin. Fyrst er fjárveiting til bryggjugerðar sunnan Blönduóss. Þetta er ekki annað en endurveiting, því að í núgildandi fjárlögum eru veittar til þessa fyrirtækis 18 þús. kr. Nú er ætlast til, að í sumar verði aðeins unnið fyrir 8 þús. kr. Hjer er því ekki um annað að ræða en flytja þessar 10 þús. kr., sem eftir verða af fjárlögum þessa árs, yfir í

fjárlög næsta árs. — Mönnum mun vera kunnugt um hafnleysið á Blönduósi og sömuleiðis, hversu miklum töfum það hefir oft valdið skipunum. Það getur því orðið til beins hagnaðar fyrir ríkissjóð að leggja fram fje til þess að minka tafir skipanna á þessari höfn, eða rjettara sagt hafnleysu. Hafi jeg gleymt að taka eitthvað fram þessari fjárveitingu viðvíkjandi, þá er hjer í deildinni háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), sem gæti bætt úr því. Jeg held annars að þessi fjárveiting muni ekki mæta mótspyrnu, því að hún virðist vera ein af þeim sjálfsögðu.

Til hafskipabryggju á Búðareyri vill nefndin veita 10 þús. kr., alt að ⅓ kostnaðar. Þetta er endurveiting að nokkru leyti. Eins og menn vita, er Búðareyri endastöð Fagradalsbrautarinnar. Þessi braut er mjög þörf Hjeraðsbúum. Það eitt er að brautinni, að undirbygging vegarins í dalnum er ekki nógu góð. Hún þyrfti að vera svo, að hægt væri að nota til flutninganna betri tæki en nú gerist, helst svo sterk, að hægt væri að hafa bíla, sem drægju vagna á eftir sjer. Mætti þá hafa Egilsstaði fyrir nokkurskonar miðstöð, flytja þangað vörurnar á hinum stóru flutningstækjum, og þaðan svo út um sveitina. En til þess að þessi braut geti komið að fullu gagni, er hafskipabryggja nauðsynleg sem niðurlag eða endastöð á þessum vegi. Aths. nefndarinnar við þessa fjárveitingu er sú sama, sem áður hefir fylgt fjárveitingum til þessarar bryggju.

Til lendingarbóta í Rifsósi vill nefndin veita 5000 kr. Skjöl og teikningar hafa legið fyrir nefndinni, sem sýna, að verkið er framkvæmanlegt fyrir þetta fje. Mikil nauðsyn er á að hafa bærilega lendingu þarna, til að geta bjargað skipum, einkum mótorskipum, undan sjó. Lendingin þarna er nú mjög slæm, og til þess að hún geti orðið bærileg, þarf að dýpka ósinn. — Eins og jeg gat um í gær, hefir nefndin sjerstaklega haft auga á því, sem viðkemur lendingum, sökum þess, að þar sem vantar lendingar, eru ekki einungis eignir manna í hættu, heldur einnig líf.

Þá kem jeg að *d*-lið (undir 66), að veittar sjeu 8000 kr. til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, og er það þriðjungur kostnaðar. Það er gert ráð fyrir, að þetta kosti 22—24 þús. kr., og þótti nefndinni rjett að veita til þessa ⅓ af upphæðinni. Mjer er sagt, að það sjeu tvö sund, sem þurfi að dýpka, til þess að þau sjeu skipum fær til siglingar. Og er þá nokkuð bætt úr hafnarvandræðunum á Suðurlandi með þessari litlu upphæð, sem farið er fram á.

Næsti liðurinn, *e*-liðurinn, er til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka, og er uppbót á áður veittum fjárstyrk, er var of lítill. Það er veitt ½ af því, sem á vantaði, og er hjer notað sama hlutfall og nefndin hefir viðhaft við slíkar fjárveitingar. Það sjer hver maður, hvílík nauðsyn er á að viðhalda sjóvarnargarði á Eyrarbakka, þar eð landið liggur opið fyrir holskeflum, sem á land brjótast og gætu brotið og bramlað, ef ekki væri gert eitthvað til að tálma för þeirra.

Þá er *f*-liðurinn, sem er 5000 kr. styrkveiting til hjálpræðishússins í Hafnarfirði. Hvað sem má segja um hjálpræðisherinn og trúmálastarfsemi hans, sem jeg vil leiða hjá mjer, þá er þó ekki hægt að neita því, að líknarstarfsemi hans hefir verið hin nýtasta og mikils virði. Gistihúsið hjer hefir reynst bæði gott og ódýrt, og er vel farið, ef hjálpræðisherinn er styrktur til þess að koma upp opinberu gistihúsi. Jeg skal ekki segja, hvað er hjer á landi, en víst er um það, að þessi hjálparviðleitni hans er viðurkend um allan heim sem mikilsverð og þörf. Sveitamenn og sjómenn geta borið vitni um þetta, því að áður kom það oft fyrir, að þeir komu hingað án þess að hafa nokkurt skýli yfir höfuðið, en nú geta þeir

fengið bæði góða og ódýra gistingu í húsi Hjálpræðishersins.

Næst er *g*-liðurinn, og er uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri. Þetta mál hefir verið hjer áður til umr. á þingi. Gestur á Hæli og Ágúst í Birtingaholti tóku að sjer að grafa skurð eftir áætlun. En verkið reyndist dýrara en áætlað var, sökum þess, að það var móhella í botni, og gátu þeir því ekki hagað tilboðinu eftir áætluninni. Sökum *þessa* ófyrirsjáanlega atviks varð 4800 kr. halli á verkinu, og lagði landsverkfræðingur, Geir Zoëga, það til, að þeir fengju þessa uppbót. Raunar fóru þeir fram á meira, en þareð verkfræðingur áleit, að þeir hefðu einungis beðið 4800 kr. halla af því atviki, sem ófyrirsjáanlegt var, taldi hann þetta sanngjarnast, og nefndin fjelst á það. Af þessum 4800 kr. veitti þingið 1919 3000 kr., eftir eru þessar 1800 kr.

Þá er 1000 kr. styrkveiting til útgáfu „Sindra", og leggur nefndin til að þetta sje veitt. Þetta er iðnfræðilegt tímarit, og þótt farið væri fram á meira fje, þá gat nefndin ekki sint því, þótt annars væri full þörf á því.

i-liðurinn er 500 kr. styrkur til Þórdísar Ólafsdóttur. Hún er dóttir Ólafs á Fellsenda, mesta merkisbónda. Hún hefir verið erlendis í nokkur ár, til þess að fullkomna sig í hannyrðum og öðrum kvenlegum fræðum, sem nauðsynlegt er að hver stúlka kunni. Þetta er lítill skóli, sem hún kennir við, og verður ekki keppinautur *hinna stærri skóla*; hún býst við að kenna bæði munnlegt og verklegt. Hún hefir sýnt mikinn áhuga í þessu máli og kent bæði heima og í Borgarnesi, og hefir hún meðmæli margra mektarmanna í Borgarnesi, er vel þekkja til. Jeg býst við, að háttv. deild verði þessu ekki mótmælt, og hverf jeg því frá þessu og tek fyrir næsta lið (*j*-lið), sem er 1500 kr. styrkur til Þórðar Jónssonar á Mófellsstöðum. Þetta er ákaflega merkilegur hagleiksmaður, og sótti um styrk til þess að gera smiðju, og á það jafnframt að vera skýli fyrir hann. Hann er bæði hugvitsmaður og listamaður. Sem dæmi upp á þetta má nefna, að hann skoðaði eitt sinn vjel, með fingurgómunum auðvitað, því að hann er blindur, en þegar hann kom aftur til smiðju sinnar, smíðaði hann aðra eins og setti saman. Hann sótti um 2000 kr., en við ætlumst til að hann fái 500 kr. annarsstaðar frá; og hygg jeg, að það muni einungis vera ánægja fyrir sveitunga hans að skjóta saman og gefa honum það, sem á vantar.

Þá kem jeg að 18. gr., tölulið 67, að fyrir 3000 kr. komi 1200 kr., með verðstuðulsuppbót. Jeg skal játa, að jeg tala ekki fyrir minn munn hjer, en mál þetta hefir nýlega verið hjer til umr., og um það þæft töluvert, svo það er öllum kunnugt, og þarf jeg því ekki að fjölyrða meira um það.

Næst er 68. liður, sem er 400 kr. viðbótareftirlaun til Sigríðar Hjaltadóttur, og sama upphæð til Ingileifar Snæbjarnardóttur. Jeg býst ekki við, að því verði mótmælt, sem nefndin lagði til, að þessum tveimur konum yrði veitt, þar sem þetta var nýlega samþykt í fjáraukalögunum.

69. liðurinn er styrkur til síra Bjarnar Jónssonar frá Broddanesi, nú prófasts að Miklabæ. Hann sækir um hækkun á eftirlaununum, svo þau verði 1000 kr. alls, en til þess þarf 475 kr. í viðbót, er nefndin leggur til að veitt verði. Það þekkja margir þennan mann. Hann er bráðgáfaður og merkismaður. Hann varð kandidat sama ár og jeg kom í skóla. Hann var hvers manns hugljúfi og gerði mörgum manni gott, og í alla staði þarfur maður í þjóðfjelaginu, *eins og allir mentaðir menn eiga* að vera og eru, er þeir hafa hinn rjetta lykil að góðum framkvæmdum, þ. e. að hugsa rjett og vilja vel.

Þá er 70. liður, sem er 100 kr. styrkur til gamals manns, sem var póstur. Hann hafði 100 kr., en menn geta hugsað sjer,

að lítið yrði úr þeim, og sótti hann um 100 kr. í viðbót, sem þó mun ekki vera meira en 20 kr. fyrir stríð. Nefndin leit svo á, að þetta væri bara uppbót á verðfalli peninganna, og álítur, að sjálfsagt sje að veita þetta.

Næst er 300 kr. styrkur til tveggja pósta, Kristjáns Jónssonar og Jóhannesar Þórðarsonar. Jeg heyri sagt um fyrri manninn, að hann hafi verið mesti dugnaðarmaður, en sje nú ófær til vinnu. Hinn manninn þekki jeg sjálfur. Hann er nú aldraður maður og ei fær um að gegna póstferðum. Nefndin leggur til að þetta sje veitt.

Þá er 500 kr. styrkur til Páls Erlingssonar. Hann hefir notað mikinn hluta starfsæfi sinnar til að útbreiða sundkunnáttu hjer á landi. Fyrir nokkrum árum var algerlega fyrir það tekið, að nokkur gæti í heilum landsfjórðungum kent sund. Jeg varð að bíða með að læra það, þar til jeg kom til Kaupmannahafnar, þótt mig langaði til þess löngu fyr. Páll Erlingsson hefir útbreitt merkilega og gagnlega íþrótt, og á því gott eitt skilið, og má þetta ekki vera minna en hjer er farið fram á.

Næst er 300 kr. styrkur til Erl. Zakaríassonar. Nefndin lagði til, að honum yrði veitt það sama og póstunum. Hann hefir unnið að vegagerð og verið atorkumaður, en er nú sjóndaufur eða sjónlaus. Það er ilt, ef hann þarf að fá sveitarstyrk og missa um leið mannrjettindi sín. En jeg álít, að þeir, sem unnið hafa fyrir ríkið, hafi kröfu til þess, eins og hjú til húsbónda; en ríkið á að vera sínum hjúum góður húsbóndi, og því skylt að sjá fyrir þeim.

73. liður er 10 þús. kr. lán til Vigfúsar Guðmundssonar í Borgarnesi. Meiri hluti nefndarinnar var þessu meðmæltur, því að hann áleit, að það væri mikils vert, að ferðamenn gætu fengið gistingu, er þeir væru á ferð um Borgarnes. Jeg áskildi mjer mitt atkvæði laust.

Loks kem jeg að 74. og síðasta liðnum, sem er heimild til að borga Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, eftirlaun. Má geta þess, að nefndin lagði það til á síðasta þingi, að henni yrði greitt jafnmikið og maður hennar hefði haft í eftirlaun. Af vangá hefir prentast 400 kr. í stað 600, og mun jeg leiðrjetta það við 3. umr.

Ef jeg hefi skýrt tillögur nefndarinnar of lítið, þá mun hæstv. atvrh. (P. J.) skýra þetta betur. Raunar hefi jeg rakið brtt. nokkuð, en mun skýra betur, ef einhverjir vilja spyrja um eitthvert atriði. Jeg býst við, að auðvelt verði að fá þessar brtt. samþyktar, því að þær eru allar til bóta að einhverju leyti, og get jeg því horfið frá framsöguræðu minni.

Jeg hafði nær gleymt brtt. einstakra manna. Það er þá fyrst brtt. á þskj. 359, við 16. gr. 30., frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann leggur til, að við liðinn um styrk Sig. Ólafssonar frá Hellulandi verði bætt tveim hreppstjórum. En Sigurði er styrkurinn veittur í viðurkenningarskyni fyrir hagleik og hugvit, en ekki fyrir hreppstjórn. Nefndin gat ekki aðhylst þetta, því að þótt *hann* sje mikill hugvitsmaður, þá er ekki þar með sagt, að *allir* hreppstjórar sjeu það.

Þá er brtt. IV á þskj. 359, frá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), um að kr. 10.000 sjeu veittar til endurbótar og viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík. Jeg gat þess í gær, að fyrir sjerstök atvik tók nefndin ekki þessa fjárveitingu upp; en hún heyrir undir þær fjárveitingar, sem nefndin lætur ekki niður falla, eins og t. d. viðgerð vita. Jeg býst við, að ef háttv. flm. tillögunnar (S. St.) heldur eins snjalla ræðu um nauðsyn brimbrjótsins eins og hann gerði 1909, þá muni mál þetta verða auðsótt, og nefndin er þessu meðmælt.

Þá er brtt. V á þskj. 359, frá háttv. þm. Ak. (M. K.), um að kr. 300 sjeu veittar til Kristins Jónssonar. Mál þetta er nefndinni óþekt, og hefir hún ekki heyrt um þetta

fyr, og hefir því algerlega frjálsar hendur við atkvæðagreiðsluna.

Næst er brtt. VI á sama þskj., frá háttv. þm. Borgf. (P. O.), um 30,000 kr. lánveitingu til þess að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju. Meiri hluti nefndarinnar leggur á móti þessu, en það mun annars sýna sig við atkvgr., hvern byr till. hefir.

Loks er brtt. VII, einnig á sama þskj., frá hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), um lánveitingu, alt að 100,000 kr., til sjúkrahússbyggingar á Ísafirði. Nefndin er á móti þessu, og frsm. fyrri hlutans hefir tekið fram ástæðurnar fyrir því, og hafa þær verið ræddar í deildinni.

Það er ekki svo að skilja, að nefndin hafi ímugust á þessu, en hún telur sjer ekki fært að styrkja bæði Eyrarbakka og Ísafjörð, en það rjeði úrslitum, að byrjað er á byggingunni á Eyrarbakka, en ekki á Ísafirði.

Nú hygg jeg engu gleymt og óhætt að setjast niður.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg hefi ekki ástæðu til annars en vera háttv. fjvn. þakklátur fyrir brtt. hennar við 16. gr., því að sú grein á aðallega við þá grein stjórnarstarfseminnar, sem jeg er við riðinn. Jeg verð þó að gera grein fyrir þeim fjárveitingum, sem nefndin hefir tekið upp, en jeg treystist ekki til að taka til greina þegar fjárlagafrv. var samið. Kem jeg þá fyrst að sandgræðslunni. Vitanlega mun það ekki spilla fyrir, þótt fjárveitingin til sandgræðslu sje aukin um þriðjung. En jeg hjelt að það varðaði ekki miklu fyrir sandgræðsluna, hvort veittar eru 10 eða 15 þús. kr. Ef gera á eitthvað verulegt í því skyni, þarf vafalaust að breyta tilhöguninni og margfalda fjárveitinguna. En jeg geri nú ráð fyrir, að það sje sjerstakt augnamið með þessa 5 þús. kr. viðbót.

Annað atriði, sem jeg vildi minnast á, er fjárveiting til Búnaðarfjelags Íslands. Þegar fjárlagafrv. var samið, var það haft í huga að draga úr fjárveitingunni til búnaðarins, eins og annars, en þó svo, að Búnaðarfjelag Íslands hefði styrk, sem nægilegur mætti teljast til þess að halda starfsemi þess nokkurn veginn gangandi. Búnaðarfjelagið hefir nú í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár um 205 þús. kr., og mátti ekki teljandi af því draga, til þess að trufla eigi framkvæmdir þess frá nokkuð fastri áætlun. Sýndist mjer þá að sparnaðurinn yrði að koma niður á styrknum til búnaðarfjelaganna, fremur en á Búnaðarfjelagi Íslands.

Þessi styrkur kemur nú orðið að litlum notum og er búinn að vinna sitt fyrra ætlunarverk að mestu leyti. Hann hefir nú staðið í fjárlögunum í marga áratugi, og hafði fyrst lengi vel mikla þýðingu, í því skyni að örfa menn til fjelagsskapar um búnaðarumbætur víðsvegar í landinu. Þessi styrkur hefir víða mjög verið notaður þannig, að úthluta honum eftir dagsverkatölu á bændur innan búnaðarfjelaganna. Óhætt er að fullyrða, að styrkur þessi er ekki til neinnar uppörfunar lengur, síst þegar svo er með farið, því að þegar aðstöður manna eru batnaðar til þess að sinna jarðabótum og ýms kunnátta fengin, sem ekki var til áður, þá þarf enga slíka hvöt, því að öllum er það ljóst, að þetta er í flestum tilfellum mjög arðvænlegt. Þar að auki er fjárhæð sú, sem úthlutað er, milli 10 og 20 aura á dagsverk, svo smá, að hún er sama sem einskis virði. Það má geta nærri, hvort slík upphæð á dagsverk vegur nokkuð upp í tilkostnað við jarðabætur nú á tímum. Framan af árunum, þegar á færri dagsverk var að skifta, var upphæðin hærri, auk þess sem peningagildið, alt fram að styrjöldinni, gaf henni margfalt nota-

gildi, gat þetta orðið uppörfunarstyrkur efnalitlum bændum. Jeg get talað um þetta af eigin reynslu, því að jeg hefi verið við búskap undir 40 ár, og alt til síðustu ára, og hefi verið með viðleitni til jarðabóta, líkt og aðrir með litlum efnum, en mjer hefir aldrei fundist þessi styrkur vera nein uppörfun fyrir mig í þessu efni, og allra fráleitast nú orðið.

Nú hefir nefndin tekið fram, að ekki sje ætlast til, að þessum styrk verði skift niður milli búenda innan búnaðarfjelaganna, eins og víða áður, heldur eigi hvert búnaðarfjelag að nota hann til eigin fjelagsþarfa. Ef trygging væri fyrir því, að hvert fjelag notaði hann til fjelagslegra búnaðarframkvæmda, þá væri þetta breyting til batnaðar. En jeg get ekki sjeð annað en stjórninni sje nær ómögulegt að útbýta styrknum og ábyrgjast, að eftir þessu sje farið. Og nú vil jeg spyrja háttv. fjvn., hvort eigi því aðeins að greiða þennan styrk, að stjórnin hafi tryggingu fyrir því, að styrkurinn verði notaður til fjelagslegra þarfa? (*B. J.*: Já.). Jeg óska að háttv. þm. (B. J.) taki þetta fram síðar í ræðu, svo það sjáist í Alþt., hver sje skilningur nefndarinnar á þessu atriði. (*B. J.*: Jeg skal gera það).

Þá kem jeg að till. um styrk til kjötrannsókna. Jeg er hlyntur því, að bætt sje við fjárveitingu til Gísla gerlafræðings. Mjer er sem sje líka kunnugt um kjötrannsóknartilraunir hans, og það var með tilliti til þeirra að nokkru leyti, að þessi liður er látinn standa. Jeg hefði því lagt til, að bætt hefði verið við styrkveitingu til gerlarannsóknanna, því að þessar kjötrannsóknir eru í sjálfu sje ekkert annað en gerlarannsóknir. Hjer er á leiðinni talsvert mikilsverð athugun eða uppgötvun, er getur haft praktiska þýðingu fyrir landið, og líklega vísindalega yfirleitt, og er vert að hlúa að því, en mjer sýndist nóg, að styrkurinn til gerlarannsóknanna væri hækkaður nokkuð, með tilliti til þessa.

Þá er fjárveitingin til húsagerðarmeistara, eða aðstoðarmanns hans, og hefi jeg ekkert við hana að athuga.

Viðvíkjandi Jóh. Fr. Kristjánssyni vil jeg taka það fram, að þegar stjórnin ekki tók styrk til hans í þessi fjárlög, var það ekki af því, að hún vantreysti honum að gera gagn með leiðbeiningum við húsagerð á sveitabæjum, heldur af því, að undanfarin ár hefir hann haft svo lítið að gera við slíkar leiðbeiningar, og þær þess vegna orðið að altof litlum notum. Og mjer virðist eftir horfum, að líkt mundi fara næstu árin, af því svo fáir myndu leggja í steinsteypubyggingar í þessu árferði. Sjálfur hafði hann ekki þau launakjör, að hann eigi gæti unnið þau upp með því að leita sjer annarar smíðaatvinnu. Breytist horfurnar, gæti stjórnin tekið hann upp í fjáraukalög fyrir 1922. Er nú að koma í ljós, að hann hefir eitthvað að gera í sumar, og er þá síst á móti mínu skapi, að starf þetta geti haldið áfram, ef líf kemst í það aftur.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að gera frekari grein fyrir máli þessu að sinni.

Þá vil jeg minnast á nokkra nýja liði, sem nefndin hefir tekið upp, og kem þá fyrst að bryggjugerðinni á Blönduósi. Mjer þykir ólíklegt, að sýslan geti lagt út í að byggja tvær bryggjur á fjárhagstímabilinu, en það er þegar búið að heimila fje til gömlu bryggjunnar, sem sjálfsagt er að gera við. Ef sýslufjelagið ætlar að leggja fram að minsta kosti ⅔ kostnaðar til beggja, þá ætti að vísu ekki að standa á ríkissjóði að leggja fram þriðja hlutann, en mjer virðist ósennilegt, að sýslan geti látið byggja þessar bryggjur báðar nú í sumar og næsta sumar.

Um hafskipabryggjuna á Búðareyri er ekkert annað að segja en sjálfsagt er að halda byggingu hennar áfram.

Mjer er ókunnugt um fyrirhugaðar lendingarbætur í Rifsósi, og get því ekkert um þær sagt.

Viðvíkjandi styrkveiting til að bæta innsiglinguna á Stokkseyri, vil jeg geta þess, að jeg skil ekki, að 24 þús. kr. bæti mikið úr skák eða dragi langt upp í kostnað við þá aðgerð, sem um munar. Jeg gæti trúað því, eftir þeirri reynslu, sem fengin er um kostnað við hafnarbætur eða tilraunir á þessum stað undanfarið, þá yrði þessu, svona litlu fje, sama sem fleygt í sjóinn. Jeg hefi kynt mjer nokkuð þær hafnarbætur, sem fyrirhugaðar eru, búið að mæla fyrir og gera jafnvel uppdrætti af, og allar *þurfa* að komast til framkvæmda. Er það mikið fje, sem til þeirra þarf að leggja, ef nokkuð á að vinnast, margar miljónir, og langan tíma til framkvæmda. Þá er einmitt hætta á því, að smáar fjárveitingar, sem að engu gagni koma, valdi afturkipp og seinki fyrir framgangi þessara mála, þegar hafist verður handa fyrir alvöru í þeim.

Viðvíkjandi uppbótinni á skurðgreftrinum í Miklavatnsmýri, vil jeg geta þess, að þing er búið að veita þar uppbót, sem jeg hygg, að hafi átt að vera til fullnaðar af þess hálfu. Jeg vildi minna á þetta, án þess að spilla fyrir fjárveitingu þeirri, sem hjer er borin fram. Jeg hefi ekki við hendina gögn þessu viðvíkjandi, en það var að tillögu vegamálastjóra, að uppbót var veitt.

Jeg er nefndinni þakklátur fyrir það, að hún hefir tekið til greina beiðni mína um eftirlaun til frú Önnu Stephensen, þó að upphæð sú, sem henni er ætluð, sje tæplega eins mikil og verðleikar standa til og jeg vildi.

Það er ekki eingöngu af því, að hún er ekkja eftir Stefán Stephensen, sem var lengi m. a. starfsmaður Landsbankaútibúsins á Akureyri, heldur og annað, sem jeg álít að hún eigi sjerstaka opinbera viðurkenningu fyrir. Það er kunnugt, að hún er ein meðal þeirra kvenna, er fyrst börðust fyrir aukinni mentun kvenna hjer á landi, og varð kennari við annan fyrsta kvennaskóla hjer á landi. Þar að auki hefir hún og maður hennar ráðstafað fje sínu á þann hátt, að það á alt að koma almenningi til nota eftir hennar dag.

Jeg get ekki verið með byggingarstyrknum til spítalans á Ísafirði, þótt jeg geti fallist á það, að rjettara væri að veita fje til spítalabyggingar þar en á Eyrarbakka. Og þá get jeg heldur ekki verið með lánsheimildinni, af því jeg tel ríkissjóð ekki færan um að skuldbinda sig til að lána jafnmikla upphæð og farið er fram á.

Mig hefði langað til að vera með till. háttv. þm. Borgf. (P. O.) um lánsheimild til kjötniðursuðuverksmiðju, því að þar er um tilraun að ræða, sem þyrfti að komast til framkvæmda sem allra fyrst, ekki einungis vegna þess, að kjötinu okkar, með núverandi verslunaraðferð, virðist mikil hætta búin á markaðinum, heldur vegna þess, að við flytjum þegar inn mikið af niðursoðnum matvælum, sem við eigum að geta framleitt í landinu sjálfu. Hjer vilja áhugasamir, efnilegir menn leggja út í áhættusamt og kostnaðarmikið fyrirtæki, til þess að gera tilraunir í þessa átt.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal ekki í stórum stíl hrifsa framsöguna frá háttv. frsm. (B. J.), en verð þó að fara nokkrum orðum um einn liðinn í frv., sandgræðsluna. Sá liður snertir mitt kjördæmi, og fjvn. hefir gengið inn á að veita 5 þús. kr. til þess sjerstaklega, og er jeg þakklátur háttv. samnefndarmönnum mínum fyrir það.

Allir kannast við vísupartinn, að

þar sem að áður akrar huldu völl
ólgandi Þverá veltur yfir sanda.

og þarf ekki að lýsa vatnaáganginum í Rangárþingum; hann er flestum kunnur. En spell sandfokanna eru ef til vill síður kunn. Öld fram af öld hefir nú þessi vágestur eytt og óprýtt hinar ágætu og frjóu gullfögru sveitir, Rangárvellina og Landið, og enda fleiri sveitir. Mörg höfuðból hafa lagst í auðn og önnur smærri býli svo tugum skiftir. Má til dæmis benda á höfðingssetrið Klofa á Landi, þar sem skörungurinn Torfi bjó, Stóru-Velli o. fl. Víða standa smábýli nú í þessum sveitum og gróðrarreitir í eyðimörkinni eins og minnisvarðar yfir hinum fornu, fögru sveitum. Þó hjer sje að verki svo voldugt afl, til að níðast á einum sólfegurstu og söguríkustu sveitum þessa lands—þá mega mennirnir sjálfum sjer og sinni stjórn að miklu leyti um kenna. Þeir hafa flúið sandinn, í stað þess að hefta hann. Það er eins með sandgárana og vatnsföll, að þá skal að ósi stemma, en örvar gáranna geiga ekki þegar þeir hafa einu sinni náð sjr fram.

Jeg man frá bernsku minni austur þar eftir einni ágætisjörð. Þar var þá einn sandgári á uppsiglingu. En ekkert var gert til þess að hefta hann. Og eftir 4—5 ár var jörðin öll komin í kaf.

Svo stendur sjerstaklega á nú, að gári er að koma úr Landsveit og stefnir suður á Holtasveit, sem er sveit að mestu óskemd af sandfoki. Þennan gára þarf nauðsynlega að stöðva.

Alt ber því að sama brunni, að óumflýjanleg nauðsyn sje að veita fje það, sem ræðir um í 16. gr.

Jeg skal geta þess, að Búnaðarfjelagið hefir stutt að hækkun styrksins. Þessi styrkveiting ætti að verða upphaf þess, sem á að verða framtíðardraumur allra manna á landinu, að gera allar Rangárvallaauðnirnar að grónu landi.

Sveinn Ólafsson: Jeg á dálitla brtt. við 16. gr., á þskj. 359, og skal takmarka orð mín að mestu við hana, þótt hins vegar sje einnig úr miklu að moða um brtt. háttv. nefndar og einstakra þingmanna, og jeg sje þar víða á öðru máli en flytjendur. En tíminn er af skornum skamti og leyfir ekki að rekja þær nákvæmlega.

Brtt. mín fer nú, í stuttu máli sagt, fram á það, að á eftir heiðurslaunum þeim, sem ætluð eru Sig. hreppstjóra Ólafssyni, í 30. lið 16. gr., verði bætt jafnháum heiðurslaunum til tveggja stjettarbræðra hans á Austurlandi, þannig, að þeir fái 1000 kr. hver, eða að allur liðurinn verði 3000 kr., í stað 1000 kr. Jeg afhenti á öndverðum þingtímanum háttv. fjvn. ýms plögg þessu viðvíkjandi, og þar á meðal vottorð frá 2 sýslumönnum í Suður-Múlasýslu og öðrum um verðleika þessara manna, ágætum meðmælum. En hún hefir daufheyrst við ósk minni. Annar þessara manna, Einar Jónsson á Nesi, hefir í 32 ár verið hreppstjóri á sama staðnum og haft margfalt meiri störf en hreppstjórar alment hafa, þar sem hann hefir í rauninni verið lögreglustjóri í fjölmennasta kauptúni austanlands, og þar sem fjölsóttast er af útlendingum, en sýslumaður kemur sjaldan, vegna fjarlægðar, torfæra og annara staðhátta. Þess vegna hefir Einar orðið að ganga í stað sýslumanns um flest, gjaldheimtur miklar og annað, einnig að kynna sjer talsvert útlendar tungur, vegna sífeldra viðskifta við útlendar þjóðir, sem leita hafnar á Norðfirði, og mælir Einar sæmilega bæði ensku og frönsku. Nú er maðurinn aldurhniginn og fjelítill, og hefir fyrir sitt langa starf, sem alveg jafngildir starfi sýslumanna á fámennum stöðum að erfiðleikum, aldrei notið annars en þóknunar þeirrar, sem hreppstjórum er ætluð í afskektum sveitum, og er síst hjer til mikils mælst.

Hinn hreppstjórinn, Jón P. Hall, er á

áttræðisaldri, hefir verið hreppstjóri um 30 ár í yfirsóknarerfiðu og víðlendu hjeraði, og lætur af hreppstjórn á þessu ári sakir ellilasleika, þótt ungur sje hann í anda. Fje hefir hann ekki safnað við þennan 30 ára starfa, því að meðaltalslaun hans á ári hafa víst verið um 50 kr. allan tímann. En allir, sem þekkja þennan gamla sveitarhöfðingja, munu sammála um, að starfann hafi hann leyst mætavel af hendi, eins og líka áðurnefnd vottorð sýslumannanna sýna.

Sumir finna það þessari brtt. minni til foráttu, að hún gefi ilt fordæmi og að á eftir muni koma fjöldi hreppstjóra. Þetta getur verið; en því er til að svara, að fordæmið er skapað áður, því bæði var slík viðurkenning veitt hreppstjórum 1919, og einnig er það gert nú í fjárlögum við Sig. Ólafsson. En sannast að segja hafa ýmsir þeir, sem styrks njóta í fjárlögunum, síður unnið til slíkra launa en hreppstjórar, sem rækt hafa erfitt starf í mörg ár í þarfir þjóðarinnar, svo gott sem kauplaust. Jeg að minsta kosti verð að telja störf margra þessara gömlu hreppstjóra eigi notaminni nje ómerkari en t. d. þýðing á Faust, jafnvel þó háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) hafi lagt hana til jafns við ritninguna og Passíusálmana. En ummæli hans um Faust mun þó fremur hafa átt að skilja sem meðmæli með annari fjárveitingu, sem snerti hann sjálfan og sem fjell hjer í deildinni.

Að lokum verð jeg að geta þess, að þessi litla till. mín er eina fjárbeiðnin í þessum fjárlögum, sem bundin er við nafn úr Austfjörðum. (*M. P.*: Þjóðsagna-Sigfús). Já, að henni fráskilinni, en hún er gömul. Það væri því lítil sanngirni sýnd með því, að fella brtt. mína, eins freklega og fje er nú ausið í allskonar liðljettinga og landshornamenn, enda verð jeg að líta svo á, sem þessir tveir ágætismenn gjaldi mín hjá háttv. fjvn. og andstöðu minnar við háttv. frsm. (B. J.), og sje með því misboðið.

Pjetur Ottesen: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 359, við 21. gr. fjárlaganna, þar sem farið er fram á það, að landsstjórninni sje veitt heimild til þess að veita alt að 30 þús. kr. lán úr viðlagasjóði, til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Ástæðan til þess, að jeg hefi leyft mjer að koma fram með þessa brtt., er sú, að fyrir þinginu liggur erindi frá 11 bændum í Borgarfirði, þar sem þess er farið á leit við þingið, að það heimili þessa fjárveitingu.

Af því, að margir hv. deildarmenn hafa ef til vill ekki kynt sjer erindi þetta, vil jeg með nokkrum orðum drepa á aðdraganda þessa máls og þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir því, að málaleitun þessi er fram komin.

Sumarið 1919 hjeldu nokkrir bændur í uppsveitum Borgarfjarðarsýslu fund með sjer til að ræða um sölu og söluhorfur á innlendum afurðum. Bændur þessir bundust samtökum um það á fundinum að ráða mann til utanfarar, til að læra niðursuðu matvæla — kjöts og fiskjar — og jafnframt að bera kostnaðinn af sendiför og námi þessa manns. Þeim tókst svo brátt að fá ungan og mjög efnilegan mann, Jón Erlendsson frá Sturlu-Reykjum, til þessarar farar, og fór hann þegar um haustið til Danmerkur. En þegar þangað kom var þess enginn kostur, að hann kæmist að neinni niðursuðuverksmiðju, og reyndust þar allar leiðir lokaðar til slíks náms, og var öllum niðursuðuaðferðum haldið þar stranglega leyndum. Naut maðurinn þó ötullar aðstoðar bæði einstakra manna og fjelaga, t. d. Dansk-íslenska fjelagsins, en það hrökk ekki til samt.

Lagði hann þá leið sína til Noregs og farnaðist þar betur. Komst hann þar að námi við niðursuðuverksmiðju og dvaldi þar um árstíma, eða rúmlega það. Og nú er maður þessi kominn heim aftur, með bestu vitnisburðum kennara sinna og er fullur áhuga á starfi sínu, og má sjálfsagt telja hann mjög vel til þess fallinn að taka að sjer forstöðu á framkvæmd slíks fyrirtækis. Síðan hefir einnig verið gerð áætlun — að vísu aðeins lausleg — um kostnað við byggingar og áhöld fyrirtækisins, og var hún miðuð við verðlag 1919. Samkvæmt þeirri áætlun kostar sjálft verksmiðjuhúsið, ásamt vatnsveitu og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, 75 þús. kr., en vjelar til niðursuðu, dósasmíðis og annars, um 30 þús. kr., eða alls 105 þús. kr. Fjelagið ætlar sjer að reisa verksmiðjuna við hveri í Reykholtsdal, til þess að geta notað hverahitann eins og kostur er, enda mundi það draga mjög úr rekstrarkostnaði fyrirtækisins. Notkun hverahitans hefir talsvert verið reynd áður í Borgarfirðinum og gefist vel. Líklegast er, að verksmiðjan verði reist við Deildartunguhver. Því það er hvorttveggja, að sá hver er stærstur hver þar í dalnum, og aðstæður allar góðar. Hann liggur t. d. allnærri sýsluvegi, og ætti því að verða auðvelt um aðdrætti og að koma afurðunum frá. Vegalengdin þaðan og til Borgarness er um 50 km., alstaðar bílfær, góður akvegur, enda mundu bílar verða notaðir þar til flutninga, eins og þegar er byrjað þar í sveitinni, þar sem bændur í uppsveitunum hafa keypt sjer stóra og góða flutningabifreið.

Þótt aðaltilgangur verksmiðjunnar sje að sjálfsögðu að sjóða niður kjöt, er einnig til þess ætlast, að soðinn verði niður fiskur líka. Um kjötniðursuðuna þarf varla að fjölyrða — hún er nauðsynleg, og ef til vill happadrýgsta úrræðið til þess að koma íslensku kjöti á sem bestan hátt á sem bestan markað, og upptök þessa eru einmitt þeir erfiðleikar, sem á síðustu árum hafa komið í ljós, á því að afla viðunandi markaðs fyrir kjötið, þar sem skygt hefir fyrir söluhorfurnar bæði á söltu kjöti og frystu, meðal annars vegna útflutningserfiðleika.

En þar sem gera má ráð fyrir því, að verksmiðjan mundi ekki geta starfað neitt verulega við kjötniðursuðuna nema takmarkaðan tíma á ári, hefir, eins og jeg tók fram áðan, einnig verið gert ráð fyrir fiskniðursuðu á því tímabili, þegar fiskafli er á Akranesi. En þaðan er um tveggja tíma sigling í Borgarnes, og ætti það því ekki að vera frágangssök að koma nýjum fiski að verksmiðjunni til niðursuðu. Þá er einnig — eins og kunnugt er — mikil laxveiði í Borgarfirðinum, og liggur því vel við að gera einnig tilraun með niðursuðu á honum, enda er þess ekki síður nauðsyn að reyna að greiða fyrir markaði hans, þar sem mjög erfitt hefir reynst undanfarið að koma honum á erlendan markað óskemdum og sæmilega söluhæfum. Þetta er því sennilega eina ráðið til að bæta þennan markað, og hefir laxniðursuða áður verið reynd í Borgarfirðinum af útlendum manni og farnast vel.

Þessu fjelagi leikur mjög hugur á því, að geta komið þessari hugmynd sinni í framkvæmd á næsta ári, og það svo tímanlega á árinu, að hægt verði að sjóða niður kjöt á því hausti.

Vil jeg nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer upp niðurlagsorðin í þessu erindi þeirra:

„Vjer snúum því máli voru til hins háa Alþingis, í fullu trausti þess, að það sjái sjer fært að verða við málaleitan vorri, og væntum þess, að því sje fyllilega ljóst, hver þörf sje á því, að leita fyrir sjer um nýjar leiðir til að koma afurðum landbúnaðarins í meira álit og hærra verð en vjer eigum nú við að búa".

Jeg er þess fullviss, að háttv. deildarmenn munu vera þessum mönnum sammála um, að nauðsyn beri til þess að ryðja íslenskum afurðum braut erlendis, meira en nú er gert. Og ráðið til þess verður þá fyrst og fremst það, að reyna fleiri verkunaraðferðir. Og er nauðsyn þess ekki minst hvað kjötið snertir.

Nú er fylsta útlit fyrir það, að verðið, sem fæst fyrir saltkjöt á erlendum markaði, muni ekki bera framleiðslukostnaðinn, enda er það vitanlegt, að saltverkunaraðferðin er að verða úrelt, og það liggur ef til vill nær en margan varir, að saltkjötsmarkaðurinn hverfi alveg úr sögunni. Og hvar stöndum vjer þá, ef ekkert verður aðgert?

Að vísu eru til fleiri verkunarleiðir. Sennilega væri hægt að fá markað fyrir kælt kjöt t. d. í Englandi. En það eru þó miklir örðugleikar á því að nota þann markað. Og veldur þar mestu um, hvað slátrunin er dreifð hjer á marga staði, en til flutninga mundi sennilega þurfa allstór skip, og yrði því mjög dýrt að láta þau sleikja allar þær hafnir, sem sækja þarf kjötið á. Auk þess mundi þurfa að koma upp kælihúsum á öllum slátrunarstöðvunum. Þessir annmarkar allir valda því, að það verður sennilega lítt kleift að koma kjötinu kældu á markaðinn.

Einnig hefir verið bent á, hvort ekki mundi hægt að fá afnumdar hömlur á innflutningi lifandi fjár til Englands, sem ollu því, að útflutningur á lifandi fje þangað lagðist með öllu niður. Alla þessa sölumöguleika, sem nú hefi jeg drepið á, þarf nauðsynlega að rannsaka.

En hvað sem því líður, þá er þó bráðnauðsynlegt að gera tilraun með niðursuðu á kjöti og fleiri afurðum, enda er það álit verslunarfróðra manna, að mjög miklar líkur sjeu til, að ryðja megi þessum vörum braut á erlendum markaði. Mun þessi verkunaraðferð því óefað vera líklegust til skjótrar úrlausnar á þessu mikla vandamáli.

Auðvitað er það, sem hjer er um að ræða, aðeins lítil byrjun. En það er til gamalt máltæki, sem segir: Hálfnað er verk, þá hafið er.

Jeg fulltreysti því, að háttv. deildarmenn sýni viðleitni þessara manna alla velvild og líti á það, hve þessir menn eru ótrauðir að leggja á sig fyrirhöfn og áhættu, til þess að brjóta hjer ísinn. Jeg fulltreysti því, að háttv. deildarmenn ljái þeim lið og unni þeim þessa láns, sem hjer er farið fram á. Þetta lán mundi verða þeim mikill styrkur. Er það bæði, að vextir af því eru lægri en víxilvextir, og þó einkum hitt, að það er til langs tíma. Vil jeg um leið þakka hæstv. atvrh. (P. J.) undirtektir hans um þetta mál.

Jeg hefi og vakið athygli háttv. landbúnaðarnefndar á þessu erindi, og þykist jeg þess fullviss, að nefndin sje málinu hlynt.

Þá má og á það minnast, að allmikið er flutt inn í landið af niðursoðnum vörum, bæði kjöti og fiski.

Árið 1916 voru þessar vörur fluttar inn fyrir 70 þús. kr., og mun þó meira hafa verið stundum. Það er sorglegt til þess að vita, að vjer skulum kaupa frá útlöndum rándýru verði vörur, sem þó eru framleiddar í landinu sjálfu — vörur, sem við getum ekki selt á erlendum markaði, nema fyrir lágt verð, af því verkunaraðferðir vorar eru svo einskorðaðar og úreltar.

Háttv. þm. mun reka minni til þess, að hjer á dögunum var á ferðinni í þinginu frv., sem veitti Mýramönnum og Borgfirðingum heimild til þess að taka Andakílsfossana eignarnámi. Þar hafa nú verið gerðar rækilegar rannsóknir og áætlanir um rafvirkjun þeirra fossa. Sú áætlun er miðuð við það að taka 3 þús. hestöfl til virkjunar, og er kostnaðurinn við það með

leiðslum og öllu saman, áætlaður um 3 miljónir króna. Þessi áætlun var miðuð við það, hvað mikið slíkar virkjanir kostuðu á síðastliðnu ári, og einnig með einhverri hliðsjón af virkjun Elliðaánna hjer.

Á sýslufundum, sem haldnir voru í vetur eftir nýárið, fóru sýslurnar fram á, að þingið heimilaði stjórninni að ábyrgjast 3 miljón króna lán til virkjunar Andakílsfossanna og rafveitu frá þeim og út um hjeraðið. Þessi beiðni hefir legið hjá hv. fjvn., og sje jeg nú á brtt. nefndarinnar, að hún hefir ekki tekið þessa ábyrgð upp í fjárlögin. Jeg geri ráð fyrir, að nefndin hafi ekki gert þetta vegna þess, að framkvæmd verksins er ekki, enn sem komið er, bundin við ákveðinn tíma, og hafi litið svo á, að þar sem nú er ákveðið að þing skuli háð á hverju ári, þá sje hægurinn hjá að taka þessa ábyrgð upp seinna. Jeg þykist því mega treysta því, þegar til framkvæmda kemur, að ekki muni þá standa á nauðsynlegri ábyrgð ríkissjóðs, svo mikið nauðsynja- og framfaramál, sem hjer er um að ræða.

Þeir rafmagnsfræðingar, Steingrímur Jónsson og Guðmundur Hlíðdal, sem hafa undirbúið þetta verk, segja, að 10 þúsund hestaflaorku megi fá úr þessum fossum, og öll aðstaða mjög hagleg. Ef öll þessi 10 þús. hestöfl væru virkjuð, þá er um afarorku að ræða, sem getur uppfylt mikla þörf. Jeg hefi hjer í höndum álit þessara verkfræðinga, um það, að fremur sje auðvelt að leiða þetta rafmagn til Reykjavíkur og annara staða hjer í grend, er þörf hafa slíkrar orku.

Svo er ráð fyrir gert, að orkan verði leidd til Akraness, og lægi sú lína fyrst suður að Hvalfirði og svo út eftir, en frá þeim stað við Hvalfjörð, sem lína þessi lægi um, eru 40 kílómetrar til Reykjavíkur. Af þeirri leið er sjóvegur aðeins 2,8 km. yfir Hvalfjörð. En að öðru leyti er leiðin um bygð.

Þessir menn hafa og skýrt mjer svo frá, að eftir þeim rannsóknum, sem gerðar hafa verið á fossum hjerlendis, þá munu Andakílsfossarnir, hvað legu þeirra og alla aðstæðu snertir, vera álitlegastir til þess að uppfylla raforkuþörf Reykjavíkur og nærliggjandi staða hjer, og á svo stóru svæði, sem orka þeirra hrekkur til.

Jeg er nú svo bjartsýnn á framtíð þessa lands, að jeg vona, að fljótt verði hafist handa um þessi stórræði, og að þá muni þingið veita þeim framkvæmdum fult liðsinni.

Þá vil jeg drepa hjer á eina brtt. fjvn., þá, að taka upp styrkinn til búnaðarfjelaganna. Finn jeg sjerstaka ástæðu til að þakka nefndinni það verk. Þessi litli styrkur hefir verið mjög happadrjúgur. Hefir hann orðið mönnum til hvatningar, bæði að stofnun búnaðarfjelaga, sem svo hefir leitt til þess að koma á fót búnaðarsamböndum innan hjeraðanna, og aukið þannig stórum samvinnu í landbúnaðarmálunum. Og þó ekki hafi mikið dregið um þetta fje fyrir hvern einstakan, þá hefir þó óbeina gagnið af þeirri fjárveitingu orðið afarmikið.

Mjer er það því hreinasta ráðgáta, að slíkur búnaðarfrömuður sem hæstv. atvrh. (P. J.) skuli ekki geta kannast við gagnsemi þessa styrks og búnaðarfjelaganna.

Jeg viðurkenni það, að heppilegra væri má ske að haga styrkveitingu innan fjelaga öðruvísi en nú er. Tel jeg heppilegustu leiðina í því efni þá, sem hv. frsm. fjvn. (B. J.) benti á. Ætla jeg, að við 3. umr. muni koma fram brtt. um, hvernig styrknum skuli úthluta.

Háttv. fjvn hefir einnig tekið upp styrk til Þórðar blinda á Mófellsstöðum, og finn jeg einnig ástæðu til að þakka henni það. Þetta er merkur maður. Hann hefir verið blindur frá því hann var barn. Þegar í æsku kom fram hjá honum lagtækni og mjög sterk löngun til smíða. Hefir hann

síðan fengist mjög mikið við smíði, og má heita dverghagur, þótt blindur sje, og afkastamaður svo undrum sætir.

Hjer liggur nú fyrir umsögn um smíðisgripi þá, er Þórður sendi hingað á iðnsýninguna 1911, frá Jóni Halldórssyni trjesmíðameistara, er var forstöðumaður iðnsýningarinnar. Munir þeir, er hann sendi á sýninguna, eru þar taldir upp og voru, ef jeg má, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer upp svolítinn kafla úr brjefi, sem forstöðumaður sýningarinnar hefir sent fjvn. Þar segir meðal annars:

„Smíðisgripir, sem hann sendi, voru: Kommóða, koffort, klyfberi, orf og hrífa, sljetthefill, falshefill, strykhefill o. fl.

Þessir munir þóttu mjög vel gerðir af manni, sem ekkert hafði lært, en svo þegar þess er gætt, að smiðurinn er blindur, var dáðst að því af hverjum sem sá".

Illutskifti þessa manns, eins og margra annara, hefir orðið fátæktin. Foreldrar hans voru heilsulítil ómegðarhjón. Og hefir hann því orðið að fara margs á mis, og meðal annars þess, að ekki hefir verið hægt að sjá honum fyrir sæmilegu smíðahúsi.

Vona jeg, að háttv. deild lofi honum að fá þessa litlu viðurkenningu, og mun hjeraðsbúum hans vera sönn ánægja að því að leggja þar fram fje það, sem áskilið er, að komi á móti. Þessi styrkur ætti að gera honum kleift að koma sjer upp sæmilegu smíðahúsi, svo hann geti betur neytt sín við sitt hugleikna starf, smíðarnar, sem hann segir, að sjeu sjer sólskinsblettur í myrkrinu.

Björn Hallsson: Jeg á hjer að vísu enga brtt. við fjárlögin. En þó vil jeg minnast ofurlítið á 2 brtt. fjvn. á þskj. 338, og þá einkum vegna þess, að jeg er persónulega kunnugur því, sem önnur brtt. lýtur að.

Þáverandi landsverkfræðingur, en núverandi 3. þm. Reykv. (J. Þ.), gerði áætlun að þessari bryggjugerð fyrir stríðið, og gerði sú áætlun ráð fyrir, að bryggjan mundi kosta 11 þús. kr. Síðan veitti þingið styrk 1915 til bryggjugerðarinnar, miðaðan við ⅓ kostnaðar. En í þeim svifum skall ófriðurinn á. Alt efni hækkaði í verði, og var ófáanlegt, og verkið hefir þar af leiðandi dregist fram til þessa. Í fyrra var svo loks pantað efni, og er bryggjan nú reist að mestu leyti, nema bryggjuhausinn. Mjer er nú um það kunnugt, að bryggja þessi varð margfalt dýrari en ráð var fyrir gert, og var það að vonum, þar sem alt efni hafði stórum hækkað í verði. Kaupfjelagsstjórnin sótti nú til þingsins um hækkaðan styrk, eftir verðshlutfalli nú og fyrir stríðið. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga hjá verkfræðingum hjer, og töldu þeir sanngjarnt, að styrkurinn yrði hækkaður 3½—4 sinnum, og mundi það þá svara til þess, að bryggjan kostaði nú ca. 40 þús. kr.

En nú hefi jeg fengið símskeyti frá kaupfjelaginu um, að hún muni kosta 40 til 45 þús. kr. Í umsókninni frá mjer, sem lá fyrir fjvn., var farið fram á 13 þús. kr. styrk, miðað við ⅓ af áætlunarverði nú. En síðan er upplýst, að þessi upphæð verður ekki ⅓ hins raunverulega kostnaðar.

Jeg get þakkað hæstv. atvrh. (P. J.) og háttv. frsm. (B. J.) fyrir það, hvað vel þeir hafa tekið í styrkveitingu til bryggjunnar. Það var auðheyrt á háttv. frsm. (B. J.), að hann hafði komið þarna og skyldi nauðsyn og þýðingu bryggjunnar fyrir hjeraðið og aðra notendur.

Jeg get samt ekki verið ánægður með þessar 10 þús. kr., sem háttv. fjvn. hefir

tekið upp. Auðvitað hefir þar ráðið sparnaður, eins og sjálfsagt er, og kann jeg auðvitað vel að meta þá ástæðu. En það má benda á ýmislegt, sem gengið hefir gegnum 1. og 2. umr., sem ekki verður talið jafnnauðsynlegt og þetta. Jeg hefi þó hikað við að fara fram á meira en 13 þús. kr., enda þótt ⅓, eins og lofað var í upphafi, sje 14—15 þús.

Jeg get nefnt það, að bryggjan verður ekki prívatmanna eign, því að landssjóður á landið. Jeg hefi ekki enn komið með neina brtt., og ekki víst hvort jeg geri það til 3. umr., en jeg efast ekki um, að styrkurinn verði veittur að ⅓ hluta að afloknu bryggjusmíði, eftir þeim meðmælum, sem hann hefir frá háttv. frsm. fjvn. (B. J.). Jeg tel það fyrirheit um það, að kaupfjel. eigi von á ⅓ kostnaðar bryggjusmíðisins, og því skifti ekki miklu máli, hvort nú fæst sett inn í fjárlög einu þúsundi meira eða minna. Enda er venjan sú, að veita ⅓ kostnaðar til svona fyrirtækja.

Annar liður, sem jeg vildi minnast á, er Búnaðarfjelagsstyrkurinn, en háttv. þm. Borgf. (P. O.) hefir að mestu tekið af mjer ómakið. Jeg álít, að þessi styrkur geti komið að miklu liði, ef honum er rjett varið. En jeg tek undir það með hæstv. atvrh. (P. J.), að honum hefir ekki altaf verið rjett varið. Sum búnaðarfjelög hafa úthlutað honum eftir dagsverkatölu til fjelagsmanna, en þannig munar engan um hann. Aftur hafa önnur fjelög, og meðal þeirra það fjelag, sem jeg heyri til, varið honum til verkfærakaupa og annara fjelagsþarfa, og það tel jeg rjetta stefnu. Þannig hefir styrkurinn komið að góðum notum. Jeg vil eindregið leggja með því, að sett sje skilyrði fyrir veitingu hans, að honum sje varið á rjettan og hagkvæman hátt. Með því einu móti heldur hann fjelögunum saman og styrkir þau.

Sigurður Stefánsson: Það má ekki minna vera en jeg mæli nokkur orð með brtt. minni á þskj. 359, þótt jeg ekki vilji verða við tilmælum háttv. frsm. (B. J.) um að þylja upp fyrri ræður mínar um þetta efni, en jeg er þakklátur háttv. fjvn. fyrir, að hún vill líta sanngjörnum augum á þetta mál.

Jeg játa það, að það er mikið fje, sem lagt hefir verið í brimbrjótinn í Bolungarvík. Þótt árangurinn hafi ekki orðið sem skyldi, þá telja Bolvíkingar hann hafa orðið þeim hin mesta blessun, og hafa borgið fyrir þeim, ekki aðeins miklum eignum, heldur og mannslífum. Því að áður en nokkuð var að gert, var það títt, að menn mistu eignir sínar og týndu mannslífum í þessum háskalega lendingarstað.

Íbúar Hólshrepps báðu mig að fá því framgengt, að þingið veitti þeim 40—60 þús kr. til þess að bæta og lengja brimbrjótinn, svo að stærri skip gætu lagst að honum heldur en nú er kostur á. En nú eru það aðeins smá skip, 10—20 smálesta skútur, sem geta lagst að honum, og ekki nema um háflæði. Jeg sagði þeim, að jeg byggist ekki við, að hægt væri að fá það fje nú, en eftir þessari till. er hægt að bæta nokkuð úr. Þetta mannvirki hefir átt við það ólán að stríða, að ekki hefir verið gengið nógu vel frá því, til þess að það væri trygt gegn skemdum. Það hefir ekki staðist hafbrimið, sem líklega er meira en víðast hvar annarsstaðar á landinu, þar sem lendingar eru.

Mig langaði til að koma fjárveitingu í fjáraukalögin, sem gerði Bolvíkingum mögulegt að bæta brimbrjótinn svo á þessu ári, að tryggilegt væri til frambúðar. En af nærgætni við fjárhaginn gerði jeg það ekki, þótt jeg viti, að Bolvíkingar leggi fram eins mikið frá sjálfum sjer og þeir geta. Og þar sem búast má við, að sement og annað efni lækki, þá vona jeg, að

þessi 10 þús. kr. fjárveiting, sem brtt. mín fer fram á, komi að enn meiri notum að ári en í ár.

Ef þeir fá þessa 20 metra viðbót, þá segjast þeir muni geta látið sjer það nægja til lengri tíma og hætt að kvabba á þinginu, sem þeir sjálfir eru löngu orðnir leiðir á.

Jeg sagði þeim strax, að jeg vildi ekki mæla með styrk til þessarar viðbótar, nema þeir legðu fram fje á móti. Og þeir gangast fúslega undir það. Jeg býst við, að þessi viðgerð geti orðið til þess að tryggja það, sem komið er. Hitt verður þá að bíða.

Jeg endurtek þakklæti mitt til háttv. fjvn. fyrir undirtektir hennar. Og jeg get sagt henni á móti, að jeg get fylgt flestöllum till. hennar til eflingar atvinnuvegunum.

Jeg vil minnast fáum orðum á Búnaðarfjelagsstyrkinn. Jeg er sammála hæstv. atvrh. (P. J.) um það, að ef honum ætti að skifta upp, eins og áður hefir átt sjer stað, eftir dagsverkatölu, þá mundi jeg ekki hika við að greiða atkv. á móti honum.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) hefir vakið máls á því, og jeg vil taka undir það, að sett sjeu skilyrði fyrir styrknum, sem tryggi, að honum verði varið skynsamlega. Áður fyrri, þegar engin dýrtíð var í landinu og peningar í háu verði, þá munaði þá menn, sem áhuga höfðu fyrir jarðabótum, dálítið um það að fá 10—20 aura fyrir dagsverk í jarðabótum. En nú munar engan um þá aura. Jeg mun greiða atkv. með þessum styrk, í þeirri von, að settar verði nánari reglur um úthlutun hans.

Jeg tel mjer skylt að gera dálitla athugasemd við þau orð háttv. frsm. (B. J.), að það væri merkilegt, hvernig alþýðan íslenska hefði geymt „hinn heilaga eld“ þrátt fyrir áhrif óviturra klerka. Jeg get ekki setið þegjandi undir þessum áburði á hina íslensku klerkastjett. Og það er sjerstaklega undarlegt, að háttv. frsm. (B. J.), sem er sögufróður maður, skuli viðhafa þessi ummæli hjer í þingsalnum, því að honum er kunnugt um, að það er einmitt mest að þakka prestastjettinni íslensku, að alþýðan hefir geymt „hinn heilaga eld“, sem hann svo kallar. Það er óþarfi af honum að láta prestastjettina gjalda þess, þó að honum og þm. N.-Ísf. komi ekki sem best saman.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla aðeins að minnast lítillega á eina brtt. á þskj. 359, frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Mjer þótti leitt að heyra undirtektir nefndarinnar, vegna þess, að mjer er kunnugt um málavexti og veit, að vel hefði mátt taka öðruvísi í þetta, og þó fremur af því, að jeg hefði viljað láta bæta við þriðja hreppstjóranum, eftir tilmælum sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu. Þessi maður heitir Eyjólfur Runólfsson frá Reynivöllum. Hann hefir þjónað hreppstjórastarfi í 50 ár, en lagðist í rúmið í fyrra og er nú orðinn blindur og örvasa. Hafi hann nokkuð átt til, þá munu nú öll efni af honum gengin. Þessi maður á skilið að fá einhverja viðurkenningu.

Jeg ætla annars ekki að lengja umræðurnar mikið, því að þessir kaflar snerta mig lítið.

Þorleifur Guðmundsson: Það er um 31. lið d. við 16. gr., um að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, að jeg finn ástæðu til að segja nokkur orð. Jeg mundi ekki hafa tekið til máls, ef hæstv. atvrh. (P. J.) hefði ekki ráðist á þessa styrkveitingu, án þess að færa nokkur gild rök fyrir skoðun sinni.

Hann sagði, að þetta væri að kasta peningum í sjóinn. Það er satt. En það er hjer ekki sama og að glata þeim. Það á að nota þá til þess að sprengja sker, sem eru í sjónum, til þess að skip geti farið óhult leiðar sinnar. Þessi upphæð er smá, en hún verður að meira gagni heldur en margar þær, sem stærri eru. Jeg vil þakka háttv. nefnd, að hún var nógu vitur til að sjá, að ekki mátti ganga fram hjá þessari styrkbeiðni. Jeg skal svo gera lítillega grein fyrir, hvernig hún getur komið að gagni.

Það ganga um þessa leið um 20 vjelbátar með 200 manns. Í hvert sinn sem bátur leggur út, er skipshöfnin í óvissu um, hvort hún komist inn aftur, og þá hvenær. Það þarf að dýpka leiðina þar, sem brimið er mest. Allir kunnugir vita, að það er engin skemtun að liggja úti á hafinu og vita ekkert um, hvort komist verði til lands. Það er að vísu stundum hægt að bjargast inn til Þorlákshafnar, en það er mjög ilt viðureignar. Jeg man eftir tveimur bátum, sem hafa farist þarna nú nýlega. Annar kom frá Þorlákshöfn og hann fórst með manni og mús. Hinn kom frá Reykjavík. Þegar hann kom á þessar stöðvar, treystist hann ekki til að leggja að. Báturinn fórst, en skipshöfnin bjargaðist fyrir tilviljun.

Jeg vona, að háttv. þm. meti mannslífin meira en þessa fáu peninga. Það má líka gæta þess, að þessir peningar koma áreiðanlega aftur í ríkissjóð. Þessir bátar gáfu í fyrra um 4 þús. kr. í ríkissjóð. En ef þessi dýpkun gengur vel, er enginn vafi á því, að þeir geta gefið í það minsta einu þúsundi meira á ári. Mun þetta þá verða endurgreitt á 10—12 árum, með vöxtum og vaxtavöxtum. Oft hefir lán verið veitt til lengri tíma, og þótt viturlega ráðið.

Kirk heitinn verkfræðingur áætlaði kostnaðinn 1916. En vegna verðfallsins, sem síðan hefir orðið á peningum, fjekk jeg Krabbe vitamálastjóra til þess að snara áætlun hans á nútíðarverð, og reyndist það 22 þús. og 800 kr.

Jeg skal líka geta þess, að jeg finn til þess, að hið háa Alþingi hefir áður veitt fje til hafnarbóta hjá Stokkseyri. En þetta stendur ekkert í sambandi við það. Þessi styrkur er einungis ætlaður til þess að víkka út innsiglingarleiðina, sjerstaklega til að sprengja burtu sker, sem er í innsiglingunni.

Jeg vil svo geta þess, að mjer finst þessi fjáveiting eiga fullan rjett á sjer, samanborið við ýmsa styrki, t. d. til íþróttamanna, og jeg tala nú ekki um eftirlaunin. Og þá þætti mjer færast skörin upp í bekkinn, ef þessi fjárveiting væri látin sitja á hakanum fyrir áðurnefndum styrkjum, þar sem þetta miðar beinlínis að því að afla meiri peninga.

Jeg vona nú, að jeg hafi skýrt þetta nokkurnveginn fyrir háttv. deild, svo hún hafi sjeð, að þótt hæstv. atvrh. (P. J.) hafi hjer verið fljótur að hugsa, hafi hann ekki að sama skapi hugsað vel.

Þá langar mig til að minnast örlítið á annað, og það er hreppstjórastyrkurinn. Þau tíðindi gerast nú, að allmargir hreppstjórar eru farnir að reka upp höfuðið hjer í deildinni. Jeg skal játa það, að þetta eru heiðarlegir menn, sem og líka flestir hreppstjórar eru. En þrátt fyrir það finn jeg enga ástæðu til þess að veita þeim nein heiðurslaun, því að sje það gert, má búast við, að oddvitarnir lalli á eftir, því að það eru heiðarlegir menn líka. Og þar á eftir má búast við bændum og sjómönnum og öðrum verkamönnum, því að alt eru þetta heiðarlegir menn, og svo eru flestir embættismenn, sem ekki eru í embættum, komnir á eftirlaun. Verður maður því að spyrja, hverjir eiga þá að vinna og borga.

Jeg ætla nú eigi að fara fleiri orðum

um þetta, því að jeg veit þá ekki nema jeg spilli fyrir styrkbeiðni þeirri, sem jeg hefi leyft mjer að flytja.

Magnús Kristjánsson: Það er út af V. brtt. á þskj. 359, að jeg tek til máls. — Háttv. fjvn. hefir ekkert álit látið uppi um hana, vegna þess, að ekkert skjallegt hefir legið fyrir henni um þetta. Jeg áleit, að hjer væri um svo lítið að ræða, að ekki væri vert að auka annir hennar með því að fara að senda umsókn. Jeg vona, að allir deildarmenn sammfærist um, að hjer sje um mjög sanngjarna málaleitun að ræða.

Jeg verð að skýra nokkuð frá manni þessum. Þótt hann sje eflaust sumum hv. þm. nokkuð kunnur, þá eru þó líklega einhverjir háttv. deildarmenn, sem ekki þekkja hann.

Maður þessi fór til Vesturheims á unga aldri. Dvaldi hann þar nokkur ár. Kom svo heim, mest til þess að láta ættjörðina verða aðnjótandi þeirrar þekkingar, sem hann hafði aflað sjer í utanförinni, og sjerstaklega hinnar verklegu kunnáttu. Hið fyrsta, sem hann starfaði, eftir að hann kom heim, var það, að hann tók að sjer verkstjórn við skurðgröft í Staðarbygðarmýrum í Eyjafjarðarsýslu. Það er líklega hið fyrsta þess konar fyrirtæki, sem styrks hefir notið af opinberu fje hjer á landi. Síðan varð hann verkstjóri við vegavinnu landssjóðs, og var það í nærfelt 38 ár. Og hið einkennilegasta við það var það, að hann valdist til að vera verkstjóri á hinum verstu fjallvegum þessa lands, og má þar til nefna Sprengisand, Heljardalsheiði og Haugsöræfi. Jeg læt mjer nægja að telja þetta upp, þessu til sönnunar.

Það er auðvitað ekki hægt að segja, að þessi maður hafi verið útilegumaður í orðsins eiginlegu merkingu, þá er það þó víst, að hann hefir átt við allharðan kost að búa. Jeg get getið þess, að hann hefir ekki einungis hugsað um að láta verkamenn sína afkasta sem mestu verki, heldur hefir hann sjálfur unnið meira en meðalmaður, því að óhætt er að segja, að hann sje tveggja manna maki til verks.

Hann hefir alla tíð átt fyrir þungu heimili að sjá, þar sem hann hefir átt 8 börn, sem hann hefir komið öllum vel upp. Auk þess hefir hann orðið að stríða við mikið heilsuleysi konu sinnar.

Mjer er kunnugt um, að ekki ómerkari maður en Páll sál. Briem sagði, að ef nokkur maður væri verður þess að fá ellistyrk, þá væri það hann, og sagðist ætla að stuðla að því, að hann fengi hann. En þessi maður sagðist ekki vilja sækja um styrk, fyr en hann gæti ekki lengur unnið. — Nú er hann 75 ára gamall og getur ekki unnið lengur fyrir sjer og sínum. Og finst mjer því öll sanngirni mæla með því, að hann fái þennan styrk, og jeg vona, að háttv. deild sýni það, að hún kunni að meta svona menn.

Að lokum skal jeg geta þess, að ekkert hefir þessi maður óttast meir en það, ef svo færi, að hann þyrfti að leita á náðir framfærslusveitar sinnar.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vona, að þessi litla styrkbeiðni fái góðar undirtektir.

Jeg skal svo eigi tefja umræðurnar lengi, en þó langar mig til að geta þess, að mjer þótti kynlegt, er jeg fór yfir fjárlagafrv. og sá, að niður hafði verið feldur 14. liður 16. gr. í núgildandi fjárlögum. Það er nefnilega feldur burtu styrkur til manns til þess að leiðbeina í húsagerð til sveita.

Jeg get að vísu verið fáorður um þetta, því að hæstv. atvrh. (P. J.) gerð nokkra grein fyrir, hvernig á þessu stæði.

Jeg álít þetta svo þýðingarmikið, að það mætti ekki niður falla. Því hefir verið borið við, að þessi maður hefði eigi haft

nóg að starfa, sökum hins óvenjulega ástands, sem nú hefir verið og er með allar framkvæmdir. Jeg fullyrði, að hann hefir ekki verið iðjulaus, og vel unnið fyrir mat sínum. Laun hans voru fyrst 1000 kr. á ári og því næst 1500 kr., og mjer finst ekki viðeigandi að fella þetta burtu, einmitt nú, þegar nýlega hafa verið bætt launakjör hans og útlit er fyrir að starfið fari óðum vaxandi.

Til þess nú að sýna það, að hann hefir ekki verið með öllu iðjulaus þau ár, sem hann hefir haft þetta starf með höndum, skal jeg telja upp þá staði, sem hann hefir haft eftirlit með byggingu á, og eru þeir:

1914. Hjaltabakki í Húnavatnssýslu, Fremstagil og Holtastaðir.

1915. Grímsstaðir í Mýrasýslu, Sveinsstaðir í Húnavatnssýslu (skólahús), Glerárskógar í Dalasýslu.

1916. Munkaþverá í Eyjafjarðarsýslu, Hof í Svarfaðardal og Stóra-Hraun.

1917. Svarfhóll í Mýrasýslu, og enn fremur hafði hann ferðalög um Norðurland til leiðbeiningar.

1918. Sjúkraskýli á Hvammstanga og ferðalög um Skagafjarðarsýslu.

1919. Gufunes (peningshús).

1920 hafði hann ferðalög erlendis.

1921 á hann væntanlega að sjá um byggingar á Stað í Grunnavík og Melgraseyri.

Jeg get nú ekki annað sagt en að þetta sje æðimikið starf, og svo mikilvægt, að ekki sje rjett að fella það niður, og hefði því þessi fjárveiting átt að standa í fjárlögunum. Það getur nú verið, að stjórnin hafi ætlað sjer að taka þennan styrk upp í aukafjárlögin, en jeg tel það mjög varhugavert að taka upp í aukafjárlög það, sem standa á í fjárlögum, og svo er með þetta. Því að tæplega er hugsanlegt, að maður, sem jafnvel er starfi sínu vaxinn sem þessi maður, geti verið að binda sig við starf, sem óvíst er að hann haldi nema um stundarsakir, og því ekkert eðlilegra en að hann fái sjer annað, sem tryggara er.

Það hefði nú helst verið hægt að rjettlæta þetta, ef sannast hefði, að maður þessi væri ekki starfi sínu vaxinn. En það er nú þvert á móti, því að það er margsannað, að þau hús, sem hann hefir sjeð um byggingu á, eru með þeim bestu, sem hjer er um að gera.

Að jeg fór að minnast á þetta nú, stafar aðallega af því, að jeg sje, að allrífleg upphæð hefir verið áætluð til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara. En jeg get nú eigi talið það annað en afturför að fara að stofna hjer í Reykjavík slíka skrifstofustarfsemi, sem mestmegnis á að vinna að stjórnarbyggingum, því að jeg hefði talið það miklu nauðsynlegra að hafa 1 eða 2 menn, er hefðu það starf á hendi að leiðbeina með húsabyggingar í sveitum og undirbúa þær, því að svo bjartsýnn verður maður að vera, að gera sjer von um, að eitthvað breytist til batnaðar, svo hægt verði að halda áfram byggingum til sveita. Jeg fyrir mitt leyti tel hin illu húsakynni, sem víða eru enn til sveita, vera höfuðástæðuna fyrir því, hversu fólkið tollir þar illa og flytst til kaupstaðanna. Það má nú ef til vill segja, að þetta mál komi ekki öðrum við en stjórninni og manninum sjálfum, sem starfinu gegndi. En úr því jeg á annað borð stóð upp, gat jeg eigi annað en minst á það.

Jón Sigurðsson: Það er út af 30. lið 16. gr. í fjárlagafrv. stjórnarinnar, sem er styrkur til Sigurðar Ólafssonar á Hellulandi, að jeg stend upp.

Það eru nú helst líkur fyrir því, að svo margir hreppstjórar hlaðist utan á hann, að þeir verði honum að fótakefli. Jeg vil því leyfa mjer að skýra háttv. deild frá starfi þessa manns, ef verða mætti, að það gæti orðið honum til styrktar hjer í deild-

inni. Þegar hann byrjaði búskap, var hann efnaður maður. En hugur hans hneigðist að öðru, því að hann var hugvitsmaður, og slíkum mönnum er ekki búsýsla hent. Hugurinn var því of fjarri, til þess að búskapurinn gæti blessast. Enda er það nú komið á daginn, því að nú eru efni hans gengin mjög til þurðar. Hann hefir lagt fram því nær alla sína krafta til þess að hugsa upp áhöld og verkfæri, sem okkur gætu að gagni komið, og mætti þar til nefna „rakstrarkonuna", sem svo er nefnd, sem nú er orðin útbreidd víðsvegar um land og þykir hinn mesti kostagripur, þar sem hún á við.

Hefði þessi maður dvalið meðal efnaðrar og fjölmennrar þjóðar, væri hann án efa orðinn viðurkendur hugvitsmaður og jafnvel orðinn efnaður fyrir hugvitssmíðar sínar. Okkur Íslendingum er flestum þjóðum fremur þörf slíkra manna, þar sem kalla má, að tæplega nokkurt útlent verkfæri, sem ætlað er til starfa í þágu landbúnaðarins, verði notað hjer óbreytt. Við verðum sjálfir að breyta útlendu vjelunum eða smíða nýjar við okkar hæfi. Þetta er torsótt starf og þýðingarmikið, og ber því að verðlauna það, sem vel er gert, öðrum til hvatningar.

Jeg vona nú, að háttv. deild sýni það í verkinu, að hún viðurkenni þetta, og samþykki orðalaust þennan litla viðurkenningarvott til þessa manns.

Úr því jeg stóð upp, vil jeg drepa á nokkur atriði önnur. Jeg vil þá fyrst minnast á styrkinn til búnaðarfjelaganna. Mjer þótti vænt um, að nefndin tók hann upp. Ef hún hefði ekki gert það, þá er mjer kunnugt um, að nokkrir þdm. voru ráðnir í að bera fram samskonar till. Þessi styrkur er ein af undirstöðunum undir búnaðarfjelagsskapnum á útkjálkum strjálbygðra sveita. Allir vita, hve erfitt er að halda saman nokkrum fjelagsskap í mjög strjálbygðum sveitum, þar sem kalla má, að hvert heimili verði sjerstakt ríki, sem verður að vera sjálfu sjer nóg. Þessi styrkur hefir hjálpað mjög mikið til að halda við fjelagsskapnum, þótt lítill sje. En það er rjett, að það verður að tryggja, að honum verði varið til sameiginlegra þarfa, svo sem til verkfærakaupa, verðlauna o. fl. Stjórnin getur falið sýslumönnum að úthluta styrknum, og krefjast þá þeirra skýrslna, sem með þykir þurfa.

Annað, sem jeg vildi minnast á, er brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.), um lán til þess að koma á fót kjötniðursuðu í Reykholtsdal. Þetta mál hafði einmitt landbúnaðarnefnd athugað nokkuð, og kom það til orða, að slíka tilraun þyrfti að gera og styrkja mann til þess að fara utan og kynna sjer þetta; en þegar nefndin fjekk vitneskju um, að Borgfirðingar hefðu þegar hafist handa, sá hún ekki ástæðu til þess að gera tillögu þar að lútandi. Jeg býst því við, að öll landbúnaðarnefnd verði með þessari till.

Þá vil jeg drepa lítið eitt á einn lið enn, en það er styrkurinn, 400 kr., til síra Björns Jónssonar í Miklabæ. Hann er nú orðinn alblindur, og þó tæplega sextugur maður. Fyrir því varð hann að segja af sjer prestskap í vetur, og verður nú að flytja burt frá staðnum, sem hann hefir dvalið á 20—30 ár. Hann á að vísu nokkur efni, en ef hann ætti langt líf fyrir höndum, þá mundu þau hrökkva skamt til framfærslu þeim hjónum. Hann er sæmdarmaður, sem er góðs maklegur, og áreiðanlega eins maklegur þessa styrks eins og ýmsir þeirra, sem þingið hefir þegar veitt margfalt hærri fjárupphæðir. Annars hefir hv. frsm. (B. J.) mælt svo vel fram með þessum litla styrk, að jeg hygg, að enginn hv. þdm. geti orðið á móti. Jeg vildi aðeins bæta þessu við, til þess að árjetta orð hv. frsm. (B. J.).

Pjetur Þórðarson: Það eru ummæli nokkurra háttv. þdm. um styrkinn til búnaðarfjelaganna, sem kom mjer til þess að standa upp. Mig furðaði satt að segja á að heyra reynda búhölda, eins og háttv 2. þm. N.-M. (B. H.), háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), hv. þm. Borgf. (P. O.) og háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.), viðhafa þau ummæli, er þeir höfðu. Jeg get ekki skilið, eftir hvaða reglum ætti að úthluta styrknum, öðrum en þeim, sem nefndin hefir sett. Ef t. d. ætti að fara að binda styrkinn við verkfærakaup, þá hygg jeg, að margur mundi brosa, því að bændur eru ekki svo fyrirhyggjulausir, að þeir hafi ekki trygt sjer verkfæri til þess, sem þeir ætla að láta gera. Og þau verkfæri, sem þeir þyrftu helst, væru þá svo dýr, að þeir yrðu að geyma styrkinn í mörg ár, áður en hann gæti komið að notum.

Um leið vildi jeg minnast á eitt atriði í frv. Það er 16. gr. 4., skógræktin. Liðurinn er í tvennu lagi: a. laun 14,080 kr. og b. laun skógarvarða og til skógræktar 9000 kr. Nú þætti mjer betur að fá að vita hjá hæstv. atvrh. (P. J.), hvort b-liðurinn er ætlaður að nokkru leyti til launa, eða líka til skógræktar.

Svo er mál með vexti, að maður einn í Mýrasýslu, sem á jörð með allmiklu skóglendi, hefir boðið skógræktarstjóra að gefa landinu landspildu nokkra, í því skyni, að þar verði sett upp skógræktarstöð eða plantekra. En til þess að koma þessu í kring, þarf nokkurt fje. Það þarf að gera girðingu alt að 200 m. langa. En svo stendur nú á, að girðingarstólpar frá skógræktinni eru einmitt til í Borgarnesi. Og þar sem mjer er kunnugt, að þessi maður vill gjarnan láta landinu í tje nokkra vinnu, líka ókeypis, þá hygg jeg, að hann mundi ekki telja eftir sjer að flytja þá á staðinn. Líka má benda á það, að margir vilja nú fá plöntur til þess að gróðursetja heima, kringum hús sín og bæi. Hefir þessi sami maður gert talsvert að því að láta menn fá þær, jafnvel hingað til Reykjavíkur og víðar.

Nú vildi jeg fá að vita, hvort hægt væri að taka þessu tilboði. Mjer er kunnugt, að skógræktarstjóri er þess mjög fýsandi, en hann telur sig þurfa til þess meira fje en hann hefir úr að spila. Og ef jeg fæ það svar, að ekki sje hægt að taka það af þessari fjárveitingu, þá hygg jeg, að jeg finni mig knúðan til að koma með brtt. um hækkun á þessum lið til 3. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hafði búist við, að háttv. fjvn. mundi ekki verða öll á móti brtt. minni um lán til sjúkrahússbyggingar á Ísafirði. En mjer skildist þó á orðum háttv. frsm. (B. J.), að svo væri. Nefndin hefir ef til vill álitið, að ekki væri þörf á að veita þessa lánsheimild, þar sem styrkveitingin til þessa sama sjúkrahúss fjell. En jeg hefi ástæðu til að halda fast við þessa brtt., þótt hún fjelli. Jeg hefi talað við oddvita bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, og telur hann víst, að bæjarstjórnin muni láta vinna að undirbúningi byggingarinnar næsta vetur, með því að afla innlends byggingarefnis, að svo miklu leyti sem unt verður. En til þess þarf fje, og það fje hyggur bæjarstjórnin, að auðveldara verði að fá, ef þessi lánsheimild er fengin.

Háttv. fjvn. kveðst meðmælt því, að styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði verði tekinn upp í næstu fjárlög, þ. e. fyrir árið 1923. Ef nefndinni er alvara um þetta, þá skil jeg ekki, hvernig hún getur staðið á móti lánsheimildinni nú, þegar hún veit þessar ástæður.

Þá vildi jeg benda á styrkinn til búnaðarfjelaganna, sem orðið hefir hjer að talsverðu umræðuefni. Hefir háttv. þdm. nokkuð greint á um það, hvernig bæri að úthluta þessum styrk. Mjer virðist nú, að auðveldasta leiðin í því máli sje sú að

hækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands, svo sem nemur þessari upphæð, til þess að það gæti þá úthlutað því ríflegar til búnaðarsambandanna. Þau munu kunnugust öllum ástæðum og staðháttum, og því best fær um að úthluta rjettlátlega.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Enn sem áður hefir farið öðruvísi en við var að búast. Mestar umræður hafa orðið um 16 gr., og virðast þó allir vera þar sammála.

Vil jeg nú leyfa mjer að drepa á ýms atriði, sem fram hafa komið í ræðum háttv. þdm., og vil jeg þá fyrst snúa mjer að hæstv. atvrh. (P. J.). Hann fann að því, að fjvn. hefði verið of ör á fje við 14. og 15. gr., en þá hjelt jeg satt að segja, að hann mundi geta fylgt nefndinni um 16. gr., þar sem nefndin hefir það eitt fyrir augum að styðja atvinnuvegina, eftir því, sem efnahagur leyfir.

Vil jeg þá fyrst minnast á það, sem hann sagði um sandgræðsluna. Jeg veit frá fornu fari, af samstarfi okkar í fjvn. um mörg ár, að hann er mjer samdóma um nauðsyn þess að verja landbroti. En hann taldi þessar 5000 kr., sem nefndin leggur til, að bætt verði við, mundu hrökkva skamt. Satt er það, en þó mundu þær nægja til þess að hefta að nokkru leyti nýja sandgárann í Holtunum, sem ógnar heilli sveit með eyðingu. Og þar sem hinu er nú öllu ráðstafað, svo að það verður eigi til þessa notað, hygg jeg, að háttv. þdm. skiljist, að þessi viðbót sje eigi ófyrirsynju veitt. Og ef hæstv. atvrh. (P. J.) finnur að því einu, hve upphæðin er lítil, þá má hann vita það, að nefndin er fús til að fallast á hækkun, ef hann fer þess á leit.

Hann kvaðst hafa felt niður styrkinn til búnaðarfjelaganna vegna þess, að lítið gagn mundi að verða, ef styrknum yrði úthlutað svo, sem áður hefir verið. Jeg þóttist nú einmitt hafa tekið fram, að það er ekki tilætlun nefndarinnar. Nefndin ætlast til, að styrknum sje úthlutað eftir dagsverkatölu til fjelaganna, en ekki til einstakra fjelagsmanna.

Það er tilætlunin, að þessum styrk væri ekki úthlutað eftir dagsverkatölu, heldur væri fjenu varið til búnaðarframkvæmda, t. d. verkfærakaupa o. fl., sem þar að lýtur. Lagði nefndin mesta áherslu á, að styrkurinn væri veittur áfram, til þess að þar væri hvatarefni fyrir fjelagið til þess að halda áfram starfsemi sinni, og eins fyrir ný fjelög að verða til. Tel jeg þar með svarað fyrirspurn þeirri, sem hæstv. atvrh. (P. J.) lagði fyrir mig um þetta efni.

Um liðinn, sem snertir Gísla Guðmundsson, sagði hæstv. atvrh. (P. J.), að hann teldi rjettast, að steypt yrði saman styrk þeim, sem væntanlega yrði veittur honum til rannsókna á kjöti, og launum þeim, er hann fær fyrir gerlarannsóknir sínar, og fært alt undir þann lið. Hjer er því til að svara, að nefndin leit svo á, að það væri hjer að ræða um dálítið óskyld efni, og því væri rjettast að hafa þetta sjerstakan lið. Jeg býst líka við, að það verði erfitt að hrekja þá skoðun nefndarinnar, því að eins og flestir vita, heyrir þeyta í vöðvum alls ekki undir gerlafræða orsakast af þeim.

Þá sagði hæstv. ráðherra (P. J.) um bryggjurnar á Blönduósi, að ótrúlegt væri, að þetta hjerað legði út í þann kostnað, að ráðast í tvær bryggjusmíðar í einu. Hvað sem ágiskunum hæstv. atvrh. (P. J.) líður, þá *ætlar* nú hjeraðið að ráðast í þetta, og þar sem það leggur svo mikið af mörkum sjálft til þessa fyrirtækis, þá ætti það ekki að verða til að draga úr þm. að veita fjeð, heldur hið gagnstæða. Þetta er bæði nauðsynjamál þessu hjeraði, og ætti auk þess að geta orðið gott fordæmi öðrum hjeruðum landsins í þessum efnum, og er þess síst vanþörf, þar sem höfnum og

lendingarstöðum hjer er víða svo mjög áfátt.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að styrkur sá, sem áætlaður væri til að dýpka innsiglinguna að Stokkseyri, myndi ekki koma að gagni, sökum þess, hve lítill hann væri. Gagnvart þessu skal jeg taka það fram, að það liggja hjer fyrir skilríki þeirra verkfræðinganna Krabbe og Kirks, og benda þau til alls annars en að svo sje, sem hæstv. ráðherra (P. J.) segir. Hefir Krabbe sagt, að áreiðanlega megi fara eftir kostnaðaráætlun þeirri, sem gerð hefir verið; segir hann, að dýpkun hins vestra sunds muni kosta 14000 kr., en hins eystra 8600 kr. Verður það þá, eins og áætlað hefir verið, 22—24 þúsundir alls, og þær 8000 kr., sem nefndin hefir lagt til að veittar yrðu, ⅓ kostnaðarins.

Jeg á bágt með að samsinna því hjá hæstv. atvrh. (P. J.), að nokkur ástæða sje til að óttast, að fje þessu verði þar með á glæ kastað, því að jeg hygg, að vart hafi annað fyrirtæki hjer á landi verið betur undirbúið en þetta.

Þá mintist hæstv. ráðherra (P. J.) á skurðgröftinn í Miklavatnsmýri. Jeg skal þar bæta því við, að í skýrslu frá Geir Zoëga verkfræðingi um þetta er eindregið lagt til, að þessi styrkur verði greiddur, og nemur sú upphæð 4800 kr. Á síðasta fjárlagaþingi voru veittar 3000 kr. til þessa, og eru það því 1800 kr., sem með þessu yrði bætt við. Nefndin leggur fastlega til, að þetta fje verði greitt, og telur það í fylsta máta sanngjarnt, enda mun ekkjunni full þörf á að fá sinn skaða bættan.

Að því er snertir ráðunautinn Jóhann Kristjánsson, þá hefi jeg ekki getað skilið í því, hversvegna hæstv. atvrh. (P. J.) hefir felt hann niður, þangað til nú, er hann í ræðu sinni skýrði frá ástæðunni. En það verð jeg að játa, að sú ástæða þótti mjer heldur bágborin og alt að því ómannúðleg. Mjer finst það heldur hart, þó að nú sje ilt í ári og örðugt að afla húsaviðar, að ætla sjer að kasta þeim manni út á klakann, sem svo hefir unnið dyggilega um margra ára bil í þarfir landsins sem þessi. Virðist mjer rjett að láta manninn hafa sæmileg laun í bili, svo að hann megi vel lifa af, og sjá svo, hverju fram vindur. Er vonandi, að bráðum ljetti svo af þessari óáran, að hægt verði að taka hjer til starfa. Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir annars talað áður um þetta mál og fært fram gild rök fyrir, að þetta sje nauðsynlegt. Jeg var fyllilega samþykkur röksemdum hans, og jeg þori að segja það fyrir hönd bænda, bæði þeirra, sem hjer eiga hlut að máli, og annara, að þeim er ekki þægara verk gert en að láta þá fá góðan mann og rjettlátan fyrir ráðunaut, sem getur forðað þeim frá að lenda í greipum spekúlanta, sem annars kynnu auðveldlega að fjefletta þá. Þessi maður á einmitt þann eiginleika, sem mestu varðar hjer sem víðar, — hann er áreiðanlegur og heilráður maður.

Jeg vænti þess nú fastlega, að hæstv. atvrh. (P. J.) komi annaðhvort fram með brtt. að þessu lútandi eða biðji nefndina að koma aftur inn þessum lið.

Háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) drap á Búðareyri í ræðu sinni og ljet í ljós undrun sína yfir gerðum nefndarinnar í því máli. Jeg get þá sagt honum það, að ástæðan til þess, að nefndin lagði ekki til, að veitt væri nema ⅓ af upphæðinni, var sú, að hún bjóst við, að verðfall yrði svo mikið, að allur kostnaður mundi lækka svo, að þessi upphæð dygði; en ef svo verður ekki, þá býst jeg varla við, að nokkur tregða verði á því, að fjvn. á næsta þingi veiti það sem eftir er.

Í ræðu háttv. þm. Borgf. (P. O.), sem annars var að mestu sammála mjer, er aðeins eitt atriði, sem jeg vil minnast á, þótt það komi þessu máli ekki beint við. Það er þessi skoðun verkfræðinganna, að ódýrara

verði að veita raforku til Reykjavíkur úr Andakílsá en úr Soginu. Jeg býst ekki við, að þær rannsóknir, sem hafa verið gerðar þar að lútandi, hafi við svo mikið að styðjast, að á því sje byggjandi. Eftir því, sem jeg fæ skilið, yrði að taka meiri straum og hafa digrari leiðslu, ef valin yrði sú leiðin, sem þeir ráðgera, og auk þess þyrfti á sæleiðslu að halda yfir fjörðinn, en hún er jafnan miklu dýrari. Á jeg yfirleitt örðugt með að trúa, að ekki verði ódýrara að leiða raforkuna frá Soginu, eins og áður hefir verið ætlað, og býst jeg við, að þeim ágætu verkfræðingum hafi skotist í þessu efni.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) brást reiður við, þegar jeg sagði, að nefndin væri mótfallin till. um að hlaða mörgum hreppstjórum á bakið á Sigurði Ólafssyni. Þessu fylgdu annars engin heiftarorð af minni hálfu til þessara manna. Jeg veit, að Einar á Nesi er gamall og fátækur maður, sem líklega hefir þörf á að fá einhvern stuðning, en hinn manninn tel jeg alls ekki þurfa styrk; að minsta kosti eru hjer á landi margir hreppstjórar, sem fremur þyrftu hans með.

Það er annars fjarri mjer að vilja ýfast við hreppstjóra, enda væri slíkt heldur óhyggilega gert af mjer, þar eð ekki sitja færri en 9 hreppstjórar hjer í deildinni; og það segi jeg, að ef þessi maður fengi styrk, þá vildi jeg láta bæta þeim við. Skal jeg til gamans nefna hv. form. fjvn. (Þorl. J.). Hann er nú búinn að vera hreppstjóri í 30 ár og væri víst allverðugur fyrir slíkan styrk.

Það er hreinasti misskilningur hjá hv. þm., að jeg hafi með þessu haft í hyggju að sýna þor mitt og karlmensku, að leggjast á hreppstjórana. En þess vegna mun háttv. þm. hafa flogið þetta í hug, að hann hefir öðrum fremur getið sjer orðstír í þessum efnum. Hefir hann eins og kunnugt er, sýnt karlmensku sína með því að leggjast á prestsekkjur og aðra, sem farið hefir verið fram á að styrkja.

Þá brást háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og reiður við, þegar jeg mintist á prestana áðan. Það var fjarri því að vera ætlun mín að fara að lasta prestastjettina, því að jeg veit vel og viðurkenni það, að prestar hafa verið manna þarfastir hjer á landi. Ef háttv. þm. (S. St.) kynni nokkuð að því að ráða svip manna, þá hefði hann líka vel mátt sjá, að sú athugasemd mín var fremur af glensi gerð en að hugur fylgdi máli. Jeg hefi líka oft sýnt, að jeg er prestavinur, þótt jeg þyki lítill trúmaður, og man jeg meðal annars, að það er ekki alllangt síðan, að jeg studdi háttv. þm. (S. St.) að því að fjölga prestunum, þótt hann hafi eigi launað mjer eins prestslega og vænta mátti af slíkum guðsmanni.

Þá vil jeg enn minna á till. um fjárveitingu til Þórdísar Ólafsdóttur, til þess að halda áfram skólahaldi sínu. Þessi kona hefir unnið mikið gagn með starfi sínu og hefir fengið mjög góð meðmæli sýslumannsins í Dölum og ýmsra annara merkra manna í Dalasýslu, sem eindregið mæla með því, að henni verði veittur styrkur úr ríkissjóði, til að halda áfram kenslustarfi sínu.

Jeg held svo, að það sje ekki fleira, sem jeg þarf að minnast á. Það ætti að vera óþarft að endurtaka það, að hjer er ekki um að ræða neitt kappsmál af minni hálfu, heldur hefi jeg nú aðeins skýrt frá því, hverjar eru till. nefndarinnar og um hvað hún hefir ekki sjeð sjer fært að gera till.

Jeg vænti þess svo, að þeir, sem eftir mig tala, stilli orðum sínum svo í hóf, að jeg verði eigi til neyddur að tala í 3. sinn.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það er nú orðið heldur áliðið dags, og skal jeg því reyna að vera svo stuttorður, sem mjer er frekast unt.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hjelt, sem von var að, ræðu mikla um sandgræðslutill., og heyrði jeg af orðum hans, að hann heldur, að hugur minn standi öðruvísi til þess máls en er. Jeg væri alls ekki á móti því, að þetta fje yrði veitt, ef jeg hefði nógu mikla von um, að það hrykki til að stöðva jarðspellin. En mín skoðun er sú, að það komi ekki teljandi að liði, svo lítið sem það er. Það má vera, að þetta sje trúarskortur hjá mjer, en jeg lít svo á, að allar fjárveitingar verði að spara á þessum vandræðatímum, sem hætt er við, að ekki komi að nokkurn veginn tilætluðum notum. En nú munu Rangvellingar hafa trú á þessu, og vona jeg að þeir sýni það þá með því að leggja fram ríflegar fje, á móts við landssjóð, en þeir hafa áður gert, sem áður hafa notið styrks til sandgræðslu, og trúi jeg þeim vel til þess.

Jeg skal annars lýsa yfir því, að viðnám landbrotanna í Rangárvallasýslu er eitt af þeim fyrirtækjum hjer á landi, sem jeg hefi mesta trú á, þegar nóg fje er fyrir hendi til þess að geta tekið það með nógum krafti. Jeg hefi því allan vilja á, að því sje hrundið sem fyrst til framkvæmda, en það er fjárskorturinn, sem er hjer, eins og víðar, þrándur í götu.

Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) talaði með þjósti til mín, út af ummælum mínum um dýpkun innsiglingar til Stokkseyrar. Að vísu er hann umboðsmaður þeirra þar eystra, en þó gæti hann reynt að tala með meiri kurteisi. Jeg endurtek það, að jeg hefi ekki trú á þessu fyrirtæki, nema mikið meira fje kæmi til, en það er ekki unt að veita. En hitt er að kasta peningum í sjóinn, að veita svo lága upphæð, að hún komi ekki að notum.

Þá hefir stjórninni verið borið það á brýn, að hún hafi viljað draga 10 þús. kr. af Fiskifjelagi Íslands. Jeg hefi því miður ekki þau plögg við hendina, sem að þessu lúta, en jeg get fullyrt, að það voru liðir á áætlun fjelagsins, sem stjórnin varð að telja óþarfa. Það var fje til rannsóknar leiðum og lendingum og kaup til verkfræðilegrar aðstoðar. Jeg held, að fjelagið hafi einusinni sent mann kringum landið til þess að athuga leiðir og lendingar, en skýrslu um árangur þessarar farar hefi jeg ekki sjeð. Efast jeg ekki um, að fjelagið hafi þar gott yfirlit, eftir því sem leikmaður getur gert. Þarf til þess meira fje en unt er að veita nú, og aðra menn en fjelagið hefir á að skipa, ef halda á áfram á sama hátt. En svo hefir Kirk heitinn rannsakað á miklu fullkomnari hátt hafnarstæði og lendingar víðs vegar um land, og er það stórt verkefni, sem verið er að lúka við, að vinna úr hið nauðsynlegasta fyrir næstu árin.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) talaði um Jóh. Kristjánsson húsagerðarmann, og beindi ákúrum að stjórninni fyrir það, að hún hefði ekki tekið hann í fjárlögin. Jeg hefi áður skýrt frá ástæðum til þessa, og þarf ekki að endurtaka þær. Nú er mjög lítið um byggingar, og því lítið starf fyrir manninn sem stendur.

Háttv. þm. Mýra (P. Þ.) talaði um laun skógvarða, sem hafa slæðst inn í liðinn til skóggræðslu, einungis í fyrirsögninni. Og er það af vangá í hreinskrift stjórnarfrv. Þarf að lagfæra þetta, og er jeg honum þakklátur fyrir að benda á það, enda er þarna um vangá að ræða í frv., sem leiðrjetta má.

Þá vík jeg aftur að Búnaðarfjelagsstyrknum. Um hann hafa ýmsir talað. Jeg skal taka það fram, að jeg skal ekki leggjast á móti því, að hann verði hækkaður í 30 þús., ef fjenu verður aðeins varið til fjelagsstarfsemi. En viðvíkjandi athuga-

semdinni um þetta efni, tel jeg rjettara að hafa hana skýrari.

Jeg skal þá víkja að háttv. frsm. (B. J.) örfáum orðum. Honum þótti jeg nokkuð þungur á móti, viðvíkjandi 16. gr., þar sem ætla mætti, að skoðanir mínar og nefndarinnar fjellu saman. En jeg var ekki að leggjast á móti nefndinni, heldur var jeg að skýra, hvað vakað hefði fyrir stjórninni, þegar sú grein var samin. Jeg hefi viljað setja mjer það mark að stilla fjárveitingum svo í hóf, að hægt sje að sigla þjóðarskútunni heilu og höldnu í höfn. Þetta hefir verið mark stjórnarinnar, og hafa fjárveitingar til atvinnu- og samgöngumála farið eftir því. Jeg tel ekkert unnið við það að samþykkja fjárveitingu til margra framkvæmda, þegar fyrirsjáanlegt er, að ekki verður hægt að greiða peningana. Jeg tel þá ver farið en heima setið. Skútunni verður að sigla heilli í höfn, til þess að hún verði viðbúin því fyr að leggja út aftur með fullum seglum, þegar veður lægir og betur byrjar. Við höfum beðið tjón, og við því er ekkert að segja eftir á, en það á að vera okkur áminning um að fara varlegar næst, því að það gæti verst hent okkur, ef skipið strandaði nú.

Sveinn Ólafsson: Það er fátt eitt, sem jeg vil segja að þessu sinni, því að mjer er ekkert um það gefið, að umr. standi langt fram á nótt. Eitt atriði hefir hjer valdið einkennilegum misskilningi, og það er um meðferð styrks til búnaðarfjelaganna. Af hálfu nefndarinnar og hæstv. atvrh. (P. J.) hefir því verið haldið fram, að honum eigi aðeins að verja í sameiginlegar fjelagsþarfir, svo sem til verkfærakaupa. En hvað á að gera við styrkinn, ef svo stendur á, að á honum þarf ekki að halda? Er tilætlun þessara manna, að fjelagið setjist þá að sumbli og gæði sjer á styrknum? Það má kalla það til fjelagsþarfa. Jeg verð að halda því fram, að það sje of kínverskt að setja fjelögunum ákveðin skilyrði um meðferð styrksins. Þau ættu sjálf að geta best um það dæmt, hvernig þarf að nota hann, svo að sem mestum notum verði.

Um þetta vil jeg ekki fjölyrða meira, heldur snúa mjer að 31. lið 16. gr. Mjer hefir láðst að leita upplýsinga hjá hæstv. stjórn um fjárveitinguna á þessum lið, en það ætti ekki að vera úrhættis nú.

Hún er til sendimanns á Spáni, og verð jeg að segja, að mjög er óviðfeldið að samþykkja þann lið, fyr en vitað er, hvað sá maður hefir afrekað. Upphæðin er 20 þús. kr., en ef ekkert fæst í aðra hönd, annað en sú fullnæging hjegómagirni einstakra manna, að íslenskur sendimaður sje á Spáni, tel jeg því fje ekki vel varið. Jeg vildi vekja athygli á þessu, áður en menn samþykkja það til fullnustu. Jeg óska að fá að vita, hvað þessi maður gerir, ef hann gerir nokkuð á annað borð. Mjer er sama, þó svarið komi ekki fyr en við 3. umr.

Þá er brtt. mín á þskj. 359, sem frsm. nefndarinnar (B. J.) mælti í móti og tók hart á. Hann bar einkum fyrir sig tvær ástæður. Fyrst þá, að styrkurinn til Sig. Ólafssonar væri veittur fyrir hagleik og hugvitssemi, og gætu því hreppstjórar þeir, er jeg vil veita viðurkenningu jafnt honum, eigi komið til greina, af því að þeir væru ekki hagleiksmenn.

Þetta er vandræðavörn hjá háttv. þm. (B. J.), og allir sjá, að verðleikar fleiri en hagleikur eiga viðurkenningu skilda.

Öll framkoma háttv. þm. (B. J.) mælir á móti þessari kenningu hans. Gamlir hreppstjórar hafa fengið styrk í viðurkenningarskyni 1919 og oftar, og hefir háttv. þm. (B. J.), svo fremi jeg man, ætíð stutt það. Hann hefir mælt með styrk til gamallar lækningakonu og hvers kyns bitlingum, sem nöfnum tjáir að nefna.

Mjer kom því mjög á óvart, að háttv. þm. (B. J.) skyldi snúast gegn till. minni, og ekki er mjer það grunlaust, að háttv. þm. (B. J.) níðist á mönnum þessum í hefndarskyni við mig. Þessi grunur minn staðfestist, er jeg sá að honum sárnaði, er jeg mintist á bitlingabruðl hans. En þótt hægt sje að telja fram dæmi þess í alla nótt, vil jeg aðeins drepa á eitt. Maður einn þótti mjög leikinn í því að finna og vinna tóugreni. Hann sótti um 2500 kr. styrk til þingsins í viðurkenningarskyni, og fjekk hann fyrir atbeina háttv. þm. (B. J.). En svo var mál með vexti, að maður þessi átti þefvísan rakka, sem grenin fann, og átti því seppi styrkinn í raun og veru, því að styrkurinn var, nánast skoðað, viðurkenning á þefvísi hans.

Hv. þm. (B. J.) hefir hælt sjer af því, að hafa aldrei viljað veita öðrum styrk en þeim, sem verðugir væru, og vænti eg nú till. frá honum um að veita seppa ríflegan styrk, það sem eftir er æfinnar.

Önnur mótbára háttv. þm. (B. J.) var sú, að ef till. mín yrði samþ., mundi á eftir koma heill her hreppstjóra, sem allir vildu fá viðurkenningarstyrk. Þessa varasemi notar hann ekki að jafnaði, enda á hún hjer síst við, því ef veita á styrki til einstakra manna á annað borð, þá standa þeir óneitanlega næst, sem unnið hafa alla æfi kauplaust eða kauplítið í þarfir þjóðarinnar. Jeg tel að minsta kosti nær sanni að veita þessum mönnum styrk en óreyndum námsmönnum eða spjátrungum, sem ekkert hafa til nytja unnið, en þeir eiga helst upp á pallborðið hjá háttv. þm. (B. J.). Annars er ekki nema eðlilegt, að okkur beri hjer margt á milli, þegar um landssjóðsstyrki ræðir. Jeg hefi sett og set metnað minn í það að þiggja ekkert af því opinbera, heldur vinna fyrir mjer með höndum mínum og vera einskis þurfamaður. En háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir sett metnað sinn í það að þigga sem oftast og þiggja sem mest. Til þess hefir hann setið á þingi, og það hefir verið starf hans í öll þessi ár.

Jeg hefi nú ef til vill gefið háttv. þm. (B. J.) tækifæri til þess að skrafa dálítið *sjer* til skemtunar og öðrum til leiðinda. En svo marga þreytandi langloku hefi jeg hlustað á hjá honum, að ekki tel jeg eftir mjer að hlusta á eina í viðbót, og vona jeg, að hæstv. forseti leyfi honum að leysa frá skjóðunni.

Magnús Jónsson: Jeg stend upp nauðugur, því að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þóknaðist í dag að henda til mín þeim hnútum, sem jeg get ekki setið undir.

Jeg fann ástæðu til að ræða einn lið í brtt. nefndarinnar, og tók um leið tækifæri til þess að minnast á Faust. Jeg andæfði till. háttv. þm., og gerði jeg það með rökum og illindalaust. Mjer kom það því á óvart, að háttv. þm. (Sv. Ó.) stóð upp og sneri út úr orðum mínum um Faust, biblíuna og passíusálmana. Jeg lagði ekki þessar bækur á sama mælikvarða, heldur benti á gildi þeirra, hverrar fyrir sig, og taldi þær allar stórmerkilegar og mörgum mönnum nauðsynlegar. Verður háttv. þm. (Sv. Ó.) að afsaka, þótt mjer verði á að nefna ritninguna með, þegar jeg nefni góðar bækur. En það hefði verið afsakanlegt, ef háttv. þm. (Sv. Ó.) hefði látið sjer nægja að snúa þannig út úr; honum er ekki óvön sú iðja. Hitt þótti mjer leiðara, að hann fann ástæðu til þess að gera mjer upp lubbalegar hvatir. Hann gat þess til, að jeg hefði farið í hrossakaup og verið að mæla með mínum eigin styrk. Viljann vantaði hv. þm. (Sv. Ó.) ekki til þess að reyna að svívirða mig, en vitsmunirnir voru ekki að sama skapi. Jeg hefi ekki haldið hingað til, að Faust væri svo vinsæll, að hægt væri að afla sjer atkv. með því að mæla með honum.

Jeg býst við, að ummæli háttv. þm.

(Sv. Ó.) hafi átt að skiljast svo, að jeg hafi gengið meðal manna og „agiterað" fyrir sjálfum mjer. Sje þetta rjett skilið hjá mjer, felst í þessu óskemtileg aðdróttun. Jeg vil nú skora á þá háttv. þm., sem jeg hefi „agiterað" í, að gefa sig fram og gefa skýrslu. Ef svo fer, sem jeg veit, að enginn verður til þess, því að jeg hefi við engan talað í þessu skyni, þá get jeg ekki gert að því, þó að háttv. þm. (Sv. Ó.) standi sem ómerkari maður eftir þetta algerlega tilefnislausa, en eitraða gorkúlukast til mín.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg þarf ekki neinu að svara, sem fram hefir komið síðan jeg settist niður, því að hæstv. atvrh. (P. J.) talaði ekki þann veg, að jeg þess vegna þyrfti að standa upp í þriðja sinn.

En það er háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem knýr mig til þess. Hann hefir einu sinni enn sýnt, til hvers hann er kominn á þing. Og ef Sunnmýlingar lesa ræðu hans orðrjetta í Alþingistíðindunum, eins og hann flutti hana og skrifararnir heyrðu hana, þá þykist jeg vita, að hann hafi ekki brugðist vonum þeirra manna, er fólu honum að fara með umboð sitt á þingi. En þá má hv. þm. (Sv. Ó.) ekki umskrifa ræðu þessa, eins og allar aðrar ræður, er hann hefir fluttar á þingi hjer, því að kunnugt er það orðið, að hann hefir látið prenta í þingtíðindunum orð eftir sjer, sem hann hefir aldrei sagt, og margra dálka ræður, er hann hefir aldrei flutt í þinghelginni.

Ef háttv. þm. (Sv. Ó.) er svo skilningslítill, að halda, að þm. Dalamanna sje einn að leggjast á móti honum, þá segi jeg honum það, að þm. Dalamanna hefir ekki áskilið sjer neitt sjeratkvæði um það, er hann mælir fyrir hönd sjö manna nefndar þeirrar, er fól honum framsöguna. Þetta hefði hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.) átt að geta snuðrað uppi, ef hann er jafn grensmoginn og hundurinn, sem hann var að tala um.

En hann mun ekki hafa fengið vitið í grenjunum, nje heilindi þau, er hann mælir af, heldur mun hvorttveggja vera keypt á hvalaveiðastöðinni í Mjóafirði. Þaðan mun honum og kominn gorgeir sá, er hann telur sig aldrei hafa unnið fyrir launum hins opinbera. Enda mun það og satt vera, að hann hafi aldrei unnið ærlegt handtak fyrir þjóðina, heldur sjálfan sig, og trúi jeg því vel, að slíkur maður, sem hann er að innræti, hafi sjeð um sig.

Væri og eftir öðru hátterni hans, ef hann á langa þingsetu fyrir höndum, að hann veitti sjálfum sjer ríflega heiðurslaun fyrir umboðsmenskuna austur þar, svo þjóðin sæi hvílíkt fágæti hann væri.

Annars sýnir hann hjer í öllu sínu æði, að enginn er líklegri til þess að bana hreppstjórunum hans en sjálfur hann. Hann mælir ekki með einni einustu fjárbeiðni til annara kjördæma en sjálfs síns, en hamast í móti mörgum. Illvígur við alla og allgjarn í allra garð. Hann leyfir sjer að koma með getsakir um sendimann ríkisins suður á Spáni, af þeim ástæðum, að hann, þm. (Sv. Ó.), hefir ekki í sinni æfilöngu rauðmagaverslun fengið brjef frá honum. Sýnir þetta, hversu illviljaður hann er mönnum og málefnum.

Og vil jeg, áður en jeg lík máli mínu, endurtaka það, er jeg mælti í upphafi, að ef Sunnmýlingar sjá þessa ræðu hans óbrjálaða í Alþt. og að hann umskrifi hana ekki öðruvísi en þingskrifararnir heyrðu hana, þá mun hann vafalaust á sínum tíma fá fullar þakkir kjósenda sinna fyrir framhleypnina.

ATKVGR.
um 16.—23. gr.

Brtt. 338,57.a. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 338,57,b. — — 16 : 1 atkv.
— 338,58. — — 19 shlj. atkv.
— 338,59. — — 17 — —

Brtt. 338,60. samþ.með 17 shlj. atkv.
— 338,61. — — 18 — —
— 338,62. — — 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. Þ., M. J., M. K., M. P., Ó. P., St. St., Þorl. J., B. Sv.
nei: B. H., J. A. J., J. B., J. S., M. G., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J.
P. J. greiddi ekki atkv.

Brtt. 338,63. samþ. án atkvgr.
— 338,64. samþ. með 17 : 1 atkv.
— 338,65 samþ. með 14 : 6 atkv.
— 359,III. feld með 19 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorst. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., J. A. J., M. K.
nei: Ó. P., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. H., Jak. M., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., B. Sv.

Brtt. 338,66.a. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 338.66.b. — — 21 — —
— 338,66.c. — — 20 — —
— 359.IV. — — 19 — —
— 338,66.d. — — 20 — —
— 338,66.e. — — 21 — —
— 338,66.f. — — 17 — —
— 338,66.g. — — 16 — —
— 338,66.h. — — 15 : 5 atkv.
— 338,66.i. — — 17 shlj. atkv.
— 338,66.j. — — 20 — —

16. gr., svo breytt, samþ. með 23. shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 338,67. samþ. með 14 : 2 atkv.
— 338,68.a. — — 20 shlj. atkv.
— 338,68.b. — — 19 — —

Brtt. 338,69. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 338,70. — — 18 — —
— 338,71.a. — — 15 — —
— 338,71.b. — — 18 — —
— 338,72.a. — — 19 — —
— 338,72.b. — — 20 — —
— 359.V. — — 23 — —

18. gr., svo breytt, samþ. með 21. shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
20. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar öðrum gr. frv., samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 338,73. feld með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., M. J., M. K., Ó. P., B. Sv.
nei: S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., H. K., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. P., P. J.

Brtt. 359,VI. samþ. með 20 : 2 atkv.
— 359,VII. feld með 19 : 4 atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 338,74. samþ. með 16 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á. 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 374, 426, 429, 436).

Forseti (B. Sv.): Frv. verður skift til umr. og atkvgr. í tvent. Verður í fyrri kaflanum tekið út 13. gr. og síðan niðurlagið.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg vil byrja mál mitt á því að þakka hv. deild fyrir undirtektirnar undir brtt. þær, sem fjvn. bar fram við aðra umr. málsins.

Enn ber fjvn. fram nokkrar brtt., sem fara fram á 238 þús. kr. gjaldaauka, en af því eru 145 þús. kr. endurveiting, svo hinn beini gjaldaauki er aðeins 93 þús. kr. En eins og frv. var komið, eftir 2. umr., þá var gjaldaaukinn orðinn 298 þús. kr.

Sumum háttv. þm. þótti þetta mikil hækkun, en mjer þótti hækkunin, satt að segja, undarlega lítil í samanburði við gjaldahlið fjárlaganna.

Útgjöld ríkissjóðs á fjárlögunum nema um 9 miljónum kr., en vöxtur hefir orðið tæp 300 þúsund, eða ekki 3% af útgjöldunum. Og er það víst einsdæmi í þingsögunni, að ekki hafi verið hlutfallslega meiru við útgjöldin aukið. Það sjá allir heilvita menn, að ekki er rjett að miða útgjaldaaukann við krónutölu, heldur við hlutfallið milli gjaldanna og gjaldaukans.

Við 2. umr. var fjvn. nokkuð álasað fyrir eyðslusemi, en stjórninni jafnframt hælt fyrir sparsemi. Kann þetta rjett að vera. En þó get jeg ekki sjeð nein viðbrigði í sparsemi stjórnarinnar frá því, sem verið hefir á fyrri árum. Gjöldin eru nú 3 miljónum kr. hærri. Segi jeg þetta ekki til ámælis hæstv. stjórn, heldur aðeins til þess sýna fram á, að ekkert er farið öðruvísi að nú er áður. En eitt er þó hrósvert við frv. stjórnarinnar, og það er, að hún hefir áreiðanlega áætlað sumar fjárhæðirnar ríflegri en áður hefir tíðkast. En þó verð jeg að halda því fram, að fjvn. og háttv. deild hafi verið, að sínu leyti, engu síður sparsamar en stjórnin.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta alment, heldur snúa mjer að þessum fáu brtt., sem fjvn. á við þennan kafla fjárlaganna (1.—13. gr.).

Kem jeg þá fyrst að II. brtt. á þskj. 426, um að læknisvitjunarstyrkur til Árnesshrepps verði hækkaður. Nefndin vildi hækka þennan styrk vegna þess, að enginn hreppur á landinu mun jafnilla settur að vitja læknis sem þessi. Það hefir komið þar fyrir, að ein læknisvitjun hafi kostað sjúkling 600 krónur, og útgjöld hreppsins til læknisvitjana munu nema á 3. þúsund kr. á ári. Því þótti nefndinni ekki nema sanngjarnt, að þessi hreppur yrði þó að minsta kosti gerður jafn Ólafsfjarðarhreppi, að því er slíkan styrk snertir.

III. brtt. á sama þskj. fer ekki fram á nýja fjárveitingu, heldur aðeins orðabreyting á þeim lið.

Ríkið hefir undanfarið veitt sjúklingum með hörundsberkla styrk, til þess að fara utan til lækninga, vegna þess að ekki hafa verið til áhöld hjer til slíkra lækninga. Nú hefir verið samþ. hjer að kaupa Finsenslampa, og þurfa þá ekki hörundsberklaveikir sjúklingar lengur að fara utan. Nefndin leggur það til, að þessum styrk verði nú varið til þess að starfrækja hjer Finsensljós.

IV. brtt. er 8 þús. kr. til þess að kosta umbúðasmið til útlanda. Það er svo hjer, að ef menn missa lim, eða þurfa umbúða með af öðrum ástæðum, þá hafa menn ekki getað fengið sæmilegar umbúðir nema þeir færu til útlanda. Það er nú sýnilegt, að sá kostnaður, sem af þessu leiðir, er afarmikill, og auk þess mikill óbeinn kostnaður, því að þær umbúðir, sem smíðaðar hafa verið hjer, eru flestar sá óskapnaður, að menn þeir, sem slíkar umbúðir hafa fengið hjer, hafa ekki getað unnið líkt því eins mikið og þeir hefðu annars getað, ef þeir hefðu haft góða gervilimi. Smíði slíkra

gervilima hefir fleygt mjög fram erlendis nú eftir ófriðinn, og því meiri hagnaðarvon fyrir notendur gervilimanna, ef hæfur maður fengist til þess að læra þessa list.

Læknafjelag Reykjavíkur hefir haft þetta mál til meðferðar og leitað sjer upplýsinga um það erlendis. Út af fyrirspurnum, sem fjelagið hefir sent til útlanda, hefir það komið í ljós, að ef ætti að læra umbúðasmíð til fullnustu, þá mundi þurfa til þess 5 ára nám.

Þetta er langur námstími, og því litlar eða engar líkur til, að nokkur maður fáist til þess að nema það og setjast að hjer á landi, því að hann mundi ekki geta haft fulla atvinnu af þeim starfa hjer. Enn gerði læknafjelagið fyrirspurn út, og fjekk það svar, að ef fjelagið gæti fundið góðan hagleiksmann, þá gæti hann komið að allmiklu gagni, þótt ekki væri hann nema 1 ár ytra.

Nú hefir læknafjelagið verið svo heppið að finna slíkan ágætis hagleiksmann, sem að sögn er bæði trjesmiður, járnsmiður, gullsmiður, úrsmiður og jeg veit ekki hvað fleira, sem sagt maður, sem alt leikur í höndunum á.

Þessi maður hefir nú gefið kost á sjer, ef hann fengi 8 þús. kr. í styrk. Af þessum styrk er ekki hægt að klípa neitt hjer, vegna þess, að þetta er samningur milli læknafjelagsins og þessa manns. Þessi styrkur er að vísu nokkuð hár, en það er ekki viðlit að fá manninn fyrir minna. Hann er giftur og á fyrir heimili að sjá, hefir nóga atvinnu og góðar tekjur, og því ekki von, að hann vilji gefa kost á sjer fyrir lítið. Það má að vísu segja, að ekki liggi mikið á að gera þetta nú. En þess er að gæta, að nú er hægt að fá til starfsins hæfan mann, en ekki víst, að slíkt takist seinna.

Þá er jeg búinn að tala um brtt. nefndarinnar við 12. gr. og kem að 13. gr., og er þá fyrst fyrir endurveiting til Öxnadalsvegar, 10 þús. kr. Af vegi þessum er nú ógerður aðeins stuttur spölur til þess að hann geti komið tveim hreppum að gagni. Taldi og vegamálastjóri rjett, að þessi fjárveiting yrði nú tekin upp, í von um, að hægt yrði að vinna að veginum á næsta sumri. Nefndinni virtist því sjálfsagt að taka upp þessa endurveitingu.

Þá koma tvær till., sem báðar fjalla um endurveitingu til tveggja síma, sem átti að byggja á þessu ári, en sem þá var ekki hægt að framkvæma. Nefndinni fanst rjett að flytja þessar upphæðir í fjárlögin. En þó hefir hún lækkað báðar upphæðirnar nokkuð, vegna þess að efni hefir nú fallið í verði, og líkur til, að það falli enn meir. Því er líklegt, ef verkið verður framkvæmt sumarið 1922, að kostnaðurinn muni verða minni en áætlað var í fyrstu. Og líklega verður hann enn minni en þeirri upphæð nemur, sem nefndin nú tekur til. Það var ætlast til þess í till. fjvn. á þinginu 1919 og ákvörðun deildarinnar, að þessar símalínur væru lagðar fyrir tekjuafgang landssímans, en aðrar línur skyldi leggja fyrir lánsfje. Auk þess var sett það skilyrði fyrir að hinar fyrnefndu væru lagðar, að trygging væri fyrir, að ný lína, sem leggja átti fyrir lánsfje, kæmi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar. Þessari línu er gert ráð fyrir að verði lokið í sumar, og þá er skilyrðið uppfylt.

Áður en jeg sest niður, vil jeg segja örfá orð um brtt. háttv. einstakra þm. við þennan kafla, á þskj. 426.

Um 1. brtt. á þskj. 426, frá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) get jeg lýst því yfir fyrir hönd meiri hl. fjvn., að hann er hlyntur varatill.

Þá er 6. brtt. á þskj. 426, frá háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.). Fjvn. hefir ekki sjeð sjer fært að taka afstöðu til hennar, vegna þess að hún hefir ekki fengið í hendur nein skjöl þessu viðvíkjandi, en væntir þess, að hv. flm. (J. S.) geri nánari grein

fyrir till. við umr. Annars má geta þess, að nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að taka upp neinar nýjar fjárveitingar til vegagerða.

Um 7. brtt. frá samvinnunefnd samgmn. um 400 þús. kr. styrk til Sterlingsferða, á jeg ekkert að segja fyrir hönd fjvn. En frá sjálfum mjer vil jeg skjóta þeirri fyrirspurn til háttv. samgmn., hvort það muni vera hyggilegt að láta Sterling halda áfram eftir áætlun? Hvort ferðirnar sjeu svo gagnsmiklar, að þær svari hinum gífurlega kostnaði, sem þeim fylgir? Jeg er ekki viss um, nema það sje hagkvæmara fyrir þjóðina að láta skipið standa uppi einhvern tíma heldur en að halda stöðugt áfram ferðum á þennan hátt.

Þá verð jeg að biðja hæstv. forseta velvirðingar á því, þótt jeg fari nokkrum orðum um síðustu brtt. á þessu sama þskj. (426), enda þótt hún ekki heyri beinlínis mínum kafla til, þá heyrir hún til fjárlögunum í heild sinni, og þykist jeg því fremur mega tala um hana nú, vegna þess að ef hún verður samþ., þá kemur hún ef til vill harðast niður á mínum kafla fjárlaganna.

Till. gengur út á það að heimila fjrh. að fresta eða fella niður greiðslu á þeim fjárveitingum, sem ekki eru í öðrum lögum en fjárlögunum. Þetta þykir fjvn. nýstárlegt ákvæði, og álítur með þessu lagt alt of mikið vald í hendur einum ráðherra, enda mun þetta í fyrsta skifti, sem komið hefir til tals að leggja alræðisvald í fjármálum í hendur einum manni. Og sannkallað alræðisvald er það, sem till. felur fjrh., því að samkvæmt henni hefir hann vald til að fella niður meginþorrann af liðum fjárlaganna. Úr 12. gr. gætu t. d. fallið allir læknavitjanastyrkir og allir spítalarnir, nema Holdsveikraspítalinn, undir þetta vald. Úr 13. gr. eru laun póstmanna og símamanna og nokkurra einstakra manna ákveðin með launalögum og öðrum lögum, en allar framkvæmdir 13. gr. standa hvergi nema í fjárlögunum, og falla því undir þetta vald. Það væri heldur hægt að sjá einhverja meiningu í þessu, ef gamla tilhögunin væri enn við líði, að halda þing aðeins annað hvert sumar. En eins og nú er, þegar þing er haldið snemma á hverju ári, þá er hægurinn hjá fyrir þingið að gera sjálft þær ráðstafanir, sem þurfa þykir.

Fjvn. samþ. í e. hlj. að vera á móti till., samt hefir hún ekki látið sjer detta í hug að beita þeim rjetti, sem hún hefir samkvæmt þingsköpum, til þess að heimta meira atkvæðamagn til þess að till. nái fram að ganga heldur en meiri hl. greiddra atkv., því að hún telur sjálfsagt, að þess þurfi ekki við.

Það er haft eftir Magnúsi Stephensen landshöfðingja, að sjerhver landsstjórn í þingræðislandi eigi að virða fjárlögin mest allra laga, og megi síst fitla við þau eins og þingið fái henni þau í hendur. Ef það er rjett, sem enginn efast víst um, þá er það sjerstaklega varhugavert að gefa stjórninni einveldi, einmitt um fjárlögin. Jeg álít það í rauninni alls ekki geta komið til mála. Bið jeg svo háttv. flm. (J. Þ.) velvirðingar á því, að jeg hefi skotið þessu fram, án þess að till. sje beinlínis komin enn til umr.

Þorsteinn Jónsson: Það er aðeins út af brtt. samgmn. við 13. gr. c., að jeg verð að segja nokkur orð. Eins og háttv. deild veit, þá varð hallinn af ferðum Sterlings 300 þús. kr. síðastliðið ár. Eftir útlitinu að dæma, sem nú er, þá þori jeg að fullyrða, að hann verður ekki minni þetta ár.

Háttv. þm. Str. (M. P.) spurði, hvort nefndin hefði athugað, hvort betra væri að leggja Sterling upp eða láta hann halda áfram á þennan hátt. Jeg hygg, að flest-

um muni þykja ómögulegt að hugsa sjer að leggja honum upp. (*M. P.*: Jeg meinti aðeins að fella niður einstakar ferðir). Það gæti fremur orðið álitamál, og jeg býst við, að nefndin muni taka það til athugunar áður en þingi slítur, hvort ekki sje hægt að fækka ferðunum, þótt strandferðirnar sjeu í raun og veru of strjálar vegna fólksflutninga. Það er ekki annað sjáanlegt en að hallinn á þessu og næsta ári verði gríðarlega mikill. Í fjárlagafrv. sínu hefir hæstv. stjórn áætlað 175 þús. kr. til Sterling. En það er víst, að hallinn verður miklu meiri, ef Sterling verður notaður í strandferðir. Nefndin hefir því hækkað áætlunarupphæðina upp í 400 þús. kr. Þótt alt benti til, að hallinn verði svona mikill, þá ber að geta þess, að Sterling verður eina skipið, sem haft verður á næsta ári í strandferðum. Suðurland verður ekki styrkt til strandferða á næsta ári, ef samgmn. má ráða.

Það skiftir í sjálfu sjer litlu máli, hvort deildin samþ. þennan lið eða ekki. Hvort sem í fjárlögunum standa 175 þús. eða 400 þús., þá verður hallinn jafnmikill fyrir það, og ríkissjóður verður alt að einu að greiða þann halla. Nefndin hefir hækkað liðinn aðeins vegna þess, að henni finst engin ástæða til að vera að slá ryki í augu manna, með því að áætla gjöldin minni heldur en þau fyrirsjáanlega hljóta að verða.

Sterling er að vísu ekki hentugur til strandferða. Hann er afarkolafrekur og of stór til strandferða. Nefndin tók því til íhugunar, hvort ekki mundi rjett að selja Borg eða Villemoes og kaupa hentugt strandferðaskip fyrir andvirði annars hvors þeirra. Fór hún þess á leit við Nielsen framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands, að hann gæfist fyrir um það, hvað mikið mundi fáanlegt fyrir Borg og Villemoes, og jafnframt hvað nýtt, hentugt strandferðaskip mundi kosta. Hann varð við þessari beiðni okkar og gaf þær upplýsingar, að nýtt farþegaskip, hæfilega stórt til strandferða, kostaði 1 milj. og 200 þús. kr. Skip, bygt 1887, kostar 600 þús. og skip, bygt 1916, sem eyðir 840 tonnum kola, kostar 950 þús. Enn fremur gat hann þess, að flest skip, sem ætluð eru til farþegaflutnings, væru annaðhvort óhæfilega stór eða óhæfilega smá til strandferða hjer.

Um Borg og Villemoes segir hann, að ekki muni fást meira en ½ milj. króna fyrir þau bæði til samans — eftir því ekki nema helmingur þess, sem eitt strandferðaskip mundi kosta. Ástæður þess sagði hann liggja í því, að mestur hluti heimsflotans lægi nú uppi, og því væri eftirspurn eftir flutningaskipum mjög lítil. Samkvæmt þessu getur nefndin ekki lagt til, að nýtt skip sje keypt, eins og nú standa sakir, nje heldur Borg eða Villemoes seld.

Þá er ekki um annað að gera en að láta Sterling halda áfram strandferðum. Jeg veit, að menn munu ekki verða ánægðir með ferðir hans, en vegna þess, hvað dýrar þær eru nú, þá verða menn að láta sjer þær nægja, meðan þessi fjárkreppa varir. Samgmn. hefir skipað undirnefnd, sem á að semja áætlun fyrir skipið, í samráði við Nielsen framkvæmdarstjóra, en hún hefir ekki enn lokið störfum sínum.

Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að koma með brtt. um að hækka styrkinn til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum. Styrkbeiðnir hafa komið miklu fleiri en hægt var að sinna, en það er heldur ekki svo mikil hætta, þó að áætlunarupphæðin hrökkvi ekki, því að þing kemur saman svo snemma á næsta ári, að því er í lófa lagið að bæta upp það, sem því finst þörf á vera.

Þeir bátar, sem sjálfsagt er að veita styrk, eru fyrst og fremst póstflutningsbátarnir á Faxaflóa og Ísafjarðardjúpi. Svo má ganga að því vísu, að það verði að styrkja Breiðafjarðarbátinn og Skaftfell-

ing, og Rangárvalla- og Árnessýslubátana. Einnig Austfjarðabát og Norðurlandsbát.

Til bátaferða á vötnum hefir nefndin ætlast til, að veittar yrðu 1500 kr. til bátsins á Lagarfljóti. Stjórn bátsins hefir sótt um þá styrkhæð. Nefndin telur það mjög hóflega beiðni og leggur til, að veitt verði. Þessi bátur kemur 4 hreppum að notum.

Jón Sigurðsson: Háttv. frsm. fjvn. (M. P.) óskaði eftir, að jeg gerði nánari grein fyrir brtt. þeirri, sem jeg á á þskj. 426, og skal jeg verða við þeim tilmælum hans.

Þessi brtt. fer fram á 3000 kr. fjárveiting til viðgerðar á vegi frá Hólum í Hjaltadal til Kolkuóss, gegn 2000 kr. tillagi frá hreppnum. Þetta er sýsluvegur, 15 km. á lengd. Það hefir smámsaman verið gert við hann, svo hann á nú að teljast vagnfær. Hann er þó ekki akfærari en svo, að naumast er hægt að fara með meira en 300 til 350 pd. í kerru eftir honum. En það verða menn að viðurkenna, að er aðeins á takmörkunum að teljast akfært.

Vegurinn liggur fyrir austan Hjaltadalsá, og eru það 5 bæir, sem hafa bein not af honum, auk Hólastaðar sjálfs. Bæir hinumegin árinnar hafa að vísu not af honum yfir sumartímann, en haust og vor er áin oft í svo miklum vexti, að þeir eru afskornir afnotum hans.

Þessi vegur er því aðallega fyrir skólann á Hólum og skólabúið. Eins og kunnugt er, er Kolkuós næsta höfn við Hóla, og er þar skipað upp vörum til skólans og búsins. En vegna þess, hve vegurinn er illa akfær, verða flutningar mjög dýrir. Reikningar skólans sýna, að flutningur aðeins á kolum og steinolíu kostar tæpar 2000 kr., auk alls annars, sem stöðugt þarf að flytja. Ef gert er ráð fyrir, að helming þessarar upphæðar, eða 1000 kr., mætti spara, ef vegurinn væri gerður sæmilegur, þá eru það vextir af margfalt hærri upphæð en jeg hefi árætt að bera hjer fram. Það er því auðsætt, að þetta vegabótarfje ætti að spara stórfje með tímanum.

Þótt rafveitan komist bráðlega á, sem jeg vona, þá er engu að síður stórmikil flutningaþörf; t. d. má benda á, að nú er aðkallandi þörf á miklum húsabótum á Hólum. Sjerstaklega eru fjárhúsin í svo vondu ástandi, að við slíkt er ekki unandi til lengdar fyrir annað eins höfuðból og Hólastaður er, og þar sem á að reka fyrirmyndar búskap.

Ef horfið er að því ráði, sem jeg legg til, að gera við veginn, þá sparast með því allmikið af þeim flutningskostnaði, sem annars mundi leggjast á byggingarefnið, og landssjóður þyrfti að greiða. Jeg vona því, að háttv. þdm. sje það ljóst, að landssjóður er hjer aðallega að vinna fyrir sjálfan sig, og því er ekki óeðlilegt, þótt jeg hafi stigið feti framar um kröfu til fjárframlags úr ríkissjóði en venja er um framlög til sýsluvega.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. frsm. (M. P.) gat þess víst við 2. umr., að ef til vill væri von einhverra nýrra brtt. við þessa umr., enda kom ekki við 2. umr. frá nefndinni svo miklar brtt., að ástæða væri til þess að vera sjerstaklega óánægður. Og jeg, og víst margir fleiri, höfðu vonað, að áframhald gæti orðið á þessari hófsemi nefndarinnar. En þar hafa vonirnar brugðist hrapallega, þar sem hækkunartill. nefndarinnar nema miklu meiru nú en við 2. umr., og mun það einsdæmi og veit jeg ekki hverju sætir. Nefndin virðist nú alveg hafa lagt sparsemina á hilluna og hegðar sjer eins og við hefðum fullar hendur fjár.

Skal jeg svo leyfa mjer að víkja nokk-

uð að einstökum brtt., og þá fyrst að launabótum sendiherrans í Kaupmannahöfn, og vildi jeg þar mæla með varatillögunni. Að vísu ber engin skylda til þess að samþ. neitt í þessa átt, og það var meira að segja tekið fram við sendiherrann, að hann gæti ekki átt von á launahækkun strax, jafnvel þótt launin væru í sjálfu sjer of lág. Hins vegar var búist við því, að hann hefði sjálfur ýmsar tekjur af fyrirtækjum hjer heima, en mjer er kunnugt um, að það flest hefir brugðist, og er sanngjarnt að taka tillit til þess. Jeg vildi því mæla með þessu í þetta skifti.

Um 2. brtt. þarf ekki margt að segja. En það má búast við því, að nýr skrifstofustjóri komist á alla slíka styrki, ef byrjað er á annað borð að hækka einn þeirra. Jeg hefi þó fengið úr mínu kjördæmi eina slíka beiðni, en ekki viljað halda henni fram, svo að hún yrði ekki til að hleypa fleirum af stað.

Um 3. brtt., um starfrækslu Finsensljósanna, hjelt jeg að áður hefði verið ákveðið, undir öðrum lið (41. lið í 12. gr.). 4. brtt. virðist mjer eiga að bíða betri tíða. 5. liðurinn, um endurveiting til Öxnadalsvegar, mun ekki vera nema lítið brot af því, sem þarf til að fullgera veginn. Um Hólaveginn er svipað að segja, að ekki mun unt að gera hann akfæran fyrir þessa upphæð. Þeirri till. er jeg meðmæltur, því að hún mun spara ríkissjóði fje, vegna flutninga til Hólaskóla.

Um 9. brtt. þarf jeg aðeins að segja það, að jeg sje engar líkur til, að fje verði fyrir hendi til að leggja í þessa síma árið 1922, og er því tilgangslaust að samþykkja slíkt.

Jón Þorláksson: Jeg ætla fyrst að minnast örfáum orðum á brtt. samgmn., sem jeg hefi áskilið mjer óbundið atkvæði um. Jeg verð sem sje að líta svo á, að þessi strandferðamál sjeu komin í mestu ógöngur og ekki verði hjá því komist að taka alt skipulag þeirra til rækilegrar íhugunar, áður en langt um líður. Með því skipulagi, sem nú er, munu ferðir Sterlings kosta um 400 þús. kr. árlangt, og aðrar ferðir líklega 150 þús. kr., eða alls um 550 þús. kr. Jeg álít þessa upphæð altof háa, en meðan núverandi skipulagi á strandferðunum er haldið, tjáir ekki annað en taka upp í fjárlögin þá upphæð, sem þær kosta í raun og veru.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta atriði, en vil hins vegar nota mjer heimild þingskapanna til þess að tala almennt um fjárlögin í sambandi við fjárhag landsins við þessa umr.

Það er fyrirsjáanlegt, að með þeim breytingum til hækkunar, sem óhjákvæmilegt mun teljast að samþykkja, verða útgjöldin í fjárlögunum 1922 um 9½ miljón kr., og með útgjöldum samkv. fjáraukalögum og öðrum lögum má telja efalaust, að tekjurnar þurfi að vera 10 miljónir kr., til þess að komist verði hjá tekjuhalla. Tekjurnar samkv. 3.—5. gr. fjárlaganna nema nálega 1 milj. kr., og þurfa þá þær tekjur, sem venja er að telja undir 2. gr., að nema 9 milj. kr., ef nokkur von á að verða um það að komast hjá tekjuhalla.

Þótt gjaldaupphæðin sje svona há, verður ekki með sanni sagt, að mjög mikið sje í frv. af nýjum gjaldaupphæðum, eða af gjaldaupphæðum, sem unt væri að komast hjá eða fresta. Fjárveitingar til verklegra framkvæmda eru svo spart skamtaðar, að alveg verður nauðsynlegt að rífka þær á næstu árum, ef framfarir landsins eiga að verða aftur ámóta hraðfara og þær voru fyrir stríðið.

Það er óhjákvæmilegt, að sú spurning vakni, hvort þjóðin muni vera fær um að bera slík útgjöld. Þess verður vel að gæta, að hjer er ekki um það að ræða, að út-

gjöldin sjeu óvanalega há þetta eina ár, heldur verður að búast við því, að þetta verði árleg útgjaldabyrði fyrst um sinn, ef ekki eru gerðar alveg sjerstakar og óvenjulegar ráðstafanir til lækkunar. Að vísu má búast við því, að dýrtíðaruppbót embættismanna lækki eitthvað, ef dýrtíðinni linnir, en eftir undanfarinni reynslu má búast við því, að árleg aukning útgjalda, m. a. til nýrra embætta, muni fullkomlega jafnast við þá útgjaldalækkun.

Það er erfitt að finna ábyggilegan mælikvarða fyrir gjaldþoli þjóðarinnar. Eins og hjer stendur á, held jeg, að verðmæti útfluttrar vöru sje einna besti mælikvarðinn. Jeg hefi því tekið mjer fyrir hendur að rannsaka hlutfallið milli skattabyrðanna og verðs afurðanna frá aldamótum. Er fyrst að athuga skattabyrði þá, sem þjóðin hefir borið, en þar undir tel jeg öll útgjöld samkv. 2. gr. fjárlaganna, af því að þau eru öll þess eðlis, að þau hvíla beint á framleiðslu landsmanna, eins þau — svo sem tekjur af bönkum, símum, póstferðum — þar sem ríkið beinlínis lætur eitthvað í tje fyrir gjöldin, eins og hin, skattar og tollar, sem ganga til almennra þarfa ríkisins, án þess að gjaldandinn fái neitt sjerstakt í aðra hönd. Um þetta hefi jeg gert eftirfarandi yfirlit:

Ár	Útfl. vörur í þús. kr.	Skattar og tollar. Kr.	%
1901	9136	732768	8.0
1902	10147	909087	8.9
1903	10207	867046	8.5
1904	9877	882234	8.9
1905	12752	1056670	8.3
1906	13499	1171821	8.7
1907	15426	1460603	9.5
1908	12075	1417164	11.7
1909	13129	1334510	10.1
1910	14406	1484084	10.3
1911	15691	1646406	10.5
1912	16558	1956603	11.8
1913	19128	2036570	10.6
1914	20830	2086173	10.0
1915	39633	2553413	6.4
1916	40107	2993722	7.4
1917	29715	2751033	9.2
1918	36920	2901490	7.9
1919	ca. 68000	7970818	11.7
1920		ca. 9390000	

Yfirlit þetta sýnir fyrst, að skattabyrði landsmanna fer hægt og hægt hækkandi úr hjer um bil ¾ milj. kr um aldamótin, upp í tæpar 3 milj. kr. þrjú síðustu stríðsárin. En árið 1919 hækkar gjaldabyrðin snögglega upp í tæpar 8 milj. kr., hún hækkar um 5 milj. kr. á því eina ári. — Sjálfsagt er þetta ein af orsökunum til fjárkreppu þeirrar, sem skall yfir snemma á árinu 1920. Sje nú gjaldabyrðin borin saman við gjaldþolið, verð útfluttu vörunnar, þá kemur í ljós, að sjö fyrstu ár aldarinnar nema skattarnir frá 8% til 9.5%, eða að meðaltali 8.7% af verði útfluttu vörunnar. Næstu sjö árin, 1908 til 1914, er skattabyrðin dálítið þyngri, 10% til 11.8%, eða að meðaltali 10.7% af verði útfluttrar vöru. Þessi hækkun er eðlileg, af því að á þessu tímabili er síminn kominn, og tekjur af honum taldar með í gjaldabyrðinni. Svo koma stríðsárin 4. Á þeim nemur skattabyrðin ekki nema 7.7% af verði útfluttrar vöru að meðaltali, þ. e. gjaldþol landsmanna er ekki notað til fulls þessi árin. Loks sýnir yfirlitið, hvernig á því stendur, að landsmenn gátu borgað 5 milj. kr. meira í ríkissjóð árið 1919 en nokkru sinni áður; það var mögulegt vegna þess, að verð útfluttrar vöru fóru þá upp í 68 milj. kr., en hafði verið hæst um 40 milj. kr. á stríðsárunum. Skattabyrðin nemur þetta ár 11.7% af verði útfluttrar vöru, en það er hámark gjaldþolsins eftir undanfarandi reynslu.

Það er erfitt að segja nú, hve miklu muni nema verð útfluttra afurða 1922. Þó má

varla, ef dæmt er eftir líkunum í ár, búast við að það nemi mun meiru en helming þeirrar upphæðar, er útflutningur afurða okkar nam árið 1919, miðað við, að framleiðslumagnið haldist óbreytt, því útlit er fyrir, að verðið muni upp og ofan verða helmingi lægra en 1919. Það yrðu þá 34 milj., og geri menn sjer von um einhverja lítilsh. framleiðsluaukning, gæti sú upphæð hækkað dálítið. Þó finst mjer, að jeg geti ekki verið bjartsýnni en svo að gera ráð fyrir, að þetta geti hækkað í mesta lagi upp undir 40 miljónir króna.

En þá horfir málið svo við, að skattaálagningin þarf að vera helmingi hærri en áður, svo að jöfnuður náist á tekjum og gjöldum fjárlaganna, eða með öðrum orðum, það þarf að taka 23% af andvirðinu fyrir útfluttar vörur landsmanna, til þess að borga í ríkissjóð. Jeg býst ekki við, að atvinnuvegir landsins þoli slíkar álögur, að minsta kosti ekki nema 1—2 ár — og jeg býst heldur ekki við, að með þeim skattalögum, sem nú eru, eða samþykt verða, muni þetta fást í ríkissjóð, svo í mínum augum er þá ekki annað framundan 1922 en fjármálaöngþveiti og stórkostlegur tekjuhalli. Og yrði gripið til þess að jafna halla þennan með nýjum sköttum, hlýtur að reka að því, að atvinnuvegunum verður um megn að rísa undir þeim.

Það er að vísu tilgangslítið að rekja orsakir þær, sem valda því, að svo er komið. Aðalundirrótin mun vera sú breyting á hugsunarhætti manna, sem komið hefir af truflun viðskiftalífsins. Almenn fjármálaljettúð vegna velmegunar þeirrar, sannrar eða ímyndaðrar, sem leiddi af verðhækkun landsafurðanna á stríðsárunum og af aukningu seðlamergðarinnar í landinu.

En það má líka benda á breytingar á stjórnarfari landsins, sem eiga sinn þátt í því, að svo er komið, og fyrsta og stærsta breytingin var sú, er ráðherrunum var fjölgað upp í þrjá og landritaraembættið lagt niður.

Mjer var kunnugt um, að á meðan jeg var starfsmaður landsins, var það landritari, sem tekið hafði við því verki af landshöfðingja að sjá um fjárhag landsins og halda honum í horfinu. Tel jeg breytingu þessa ótvírætt til hins verra, því að jeg geri mjer ekki von um, að þetta geti farið eins vel hjá fjármálaráðherrum þeim, sem ríkja skamt og taka við hver af öðrum, auk þess sem ábyrgðin hlýtur að dreifast á þá alla þrjá, ráðherrana. Þess vegna tel jeg enga von um, að þeir sjái eins vel um fjárhag landsins eins og gert var á meðan landshöfðingi bar einn ábyrgðina, eða einn ráðherra með landritara sjer við hlið.

Annað atriði hefi jeg rekið mig á í þinginu sjálfu, en það er ákvæði þingskapanna, sem háttv. frsm. fjvn. (M. P.) mintist á hjer fyrir skömmu, að meðferð fjárlaganna er skift á milli tveggja nefnda í þinginu. Þetta er svo mikil afturför, að mjer er óskiljanlegt, hvernig það skyldi komast inn í þingsköpin.

Jeg hefi verið sjónarvottur að því á þessu þingi, og sannfærst um þann mikla mun, sem nú er á starfi fjvn. og á starfi fjárlaganefndar, sem áður var. Jeg hefi sjeð fjvn. bera fram sínar till. um fjárveitingar og berjast fyrir þeim, án þess að líta á það, hvort fjárhagur ríkisins þolir það eða ekki, enda ber henni engin skylda til þess. En fjhn., sem um tekjuhlið fjárlaganna á að fjalla, hefir ekkert látið uppi um fjárhag ríkisins, enda munu ekki, enn sem komið er, þau skilyrði fyrir hendi, að hún geti komið með ábyggilega áætlun um tekjurnar. Þetta verð jeg að skoða afaróheppilegt fyrirkomulag, þótt jeg hins vegar viðurkenni, að háttv. fjvn. hafi ekki

komið með miklar útgjaldaaukningar, en hún hefir heldur ekki sýnt neina viðleitni í því að draga úr útgjöldunum.

Þetta, sem nú er sagt, er eins konar inngangur eða forsendur fyrir brtt. minni aftan við fjárlagafrv., sem háttv. frsm. (M. P.) gerði að umtalsefni. Hún er framborin frekar af því, að jeg álít hana rökrjetta ályktun af því, er jeg nú hefi sagt, en af því, að jeg ætli að fylgja henni fast fram eða búist við að hún verði samþykt.

Það var siður hjá Rómverjum, að þegar eitthvað það kom fyrir, sem þing þeirra treystist ekki að ráða fram úr, sögðu þeir við ráðherra sína: „Videant consules ne quid detrimenti capiat respublica", það er: sjái ráðherrarnir um, að ríkið bíði ekki tjón. Mjer lýst fjárhagsástandið þann veg nú, að full ástæða sje að grípa til ítrustu úrræða, ef vera mætti, að hægt væri að afstýra þeim voða, sem fram undan er. Þess vegna ber jeg fram þessa till. Og jeg geri það til þess að sýna mitt álit á málinu, enda þótt jeg geri ráð fyrir því, að hún muni lítinn byr hafa hjer í hv. deild. En mjer þótti rjettara, að þessi skoðun mín kæmi fram í till.formi, svo háttv. þm. gætu með atkv. sínu sýnt afstöðu sína til hennar.

Af mótbárum hv. frsm. (M. P.) gegn þessari till. minni ætla jeg að minnast á tvær.

Hann sagði, að með till. fengi fjármálaráðherra alræðisvald, eða að hjer skapaðist einveldi í fjármálum; en þetta er ekki rjett. Fjármálaráðherranum er ekki fengið neitt fjáreyðsluvald með tillögunni, heldur fengin heimild til þess að spara fje ríkissjóðs: honum er fengin lagaleg afsökun fyrir því að greiða ekki fje úr ríkissjóði, þegar það er ekki til.

Hvað ummæli landshöfðingja um fjárlögin snertir, þá eiga þau við það, að þingið sjái um, að stjórnin eyði ekki fje um fram heimildir, nje gangi lengra en nauðsyn krefur í því efni.

Hin ástæða hans var á meiri rökum bygð, að mjer virtist. Jeg viðurkenni, að mögulegt er að koma þessu ákvæði fram í tíma, þó að það verði ekki á þessu þingi. Það er mögulegt að gera þetta á næsta þingi, og láta það þó gilda fyrir 1922. Jeg viðurkenni fúslega, að þetta hefir mikið til síns máls, og geri það þess vegna að engu kappsmáli að halda till. minni fram, en hins vegar vildi jeg láta hana sjást, sem alvarlegustu áminningu um það, hve djarft mjer þykir vera teflt fjárhag landsins og langt gengið í álögum á landsmenn nú á þessum örðugu tímum.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg vil taka undir það, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði um fjárhag landsins, því að við verðum að viðurkenna það, að nú eru hvað alvarlegastir tímar framundan fyrir ríkissjóð, og að menn hafa ekki horft fram á annað eins fyr, og þess vegna er ekki ólíklegt, að grípa þurfi til óvenjulegra meðala eða óyndisúrræða. Þess vegna þótti mjer vænt um, er till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) kom fram. Þó get jeg fallist á, að svona heimild *þurfi* kannske ekki handa stjórninni. Hún geti eða hljóti að undanfella að greiða út fjárhæðir, sem standa í fjárlögunum, af þeirri einföldu ástæðu, að fjeð verður ekki til. Þess vegna hefi jeg litið svo á, að þær fjárlagaupphæðir, sem ekki eru bundnar af öðrum lögum, eða bundnar við stofnanir, sem landssjóður á ekki að sjálfsögðu að standa straum af, beri frekar að skoða sem heimild heldur en skipun. Hitt er annað mál, hvort orða eigi till. eins og hún er nú, að öllu leyti. Þar er tekið svo til orða, að „ef fjármálaráðherra telur, að tekjur hrökkvi ekki". Þetta er dálítið sterklega að orði kveðið;

getur jafnvel valdið deilum, hvernig orðið „tekjur“ á að skiljast í þessu sambandi. Það gæti t. d. verið álitamál, ef stjórnin ætti kost á láni til að borga með, hvort hún ætti þá ekki að ganga að því, og telja þá fáanlegt lán með „tekjum“. Það er þó vilji þingsins, sem kemur þarna fram í þessum fjárveitingum, og eftir þeim vilja á stjórnin að fara, eftir því sem hún getur og sjer best fara, án þess þó að tefla ríkinu í voða.

Að öðru leyti er jeg mjög þakklátur hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) fyrir till. hans, og mun greiða henni atkvæði mitt, enda þótt jeg viðurkenni, að jeg hefði heldur kosið hana dálítið öðruvísi orðaða.

Sumir háttv. þdm. hafa vitnað í Magnús Stephensen landshöfðingja sem sjerstakan fjármálamann. Jeg hefi ekki annað en gott eitt að segja um þennan mæta mann, þótt jeg hins vegar geti ekki tekið undir það, að hann væri neinn sjerstakur afburða fjármálamaður. Jeg var nokkur ár samtíða honum á þingi, bæði í landshöfðingjatíð hans og þingmanns. Hann var gætinn í allri meðferð fjármála og þannig skapi farinn, að fara gætilega með fje landsins, en tregur til þess að leggja út í ný fyrirtæki, sem þó voru arðvænleg eða nauðsynleg. Reglulega góðan fjármálamann hugsa jeg mjer þannig, að hann með lægni geti komið miklu í verk, sje duglegur framfaramaður og hygginn í framkvæmdum, en vitanlega fylgir þar með að vera sparnaðarmaður líka á það, sem miður er nauðsynlegt.

Jeg veit ekki, hvort hægt er að segja, að við höfum átt slíkan fjármálamann, einn eða fleiri. En jeg held þó, að frá 1904—14, eða þangað til áhrif stríðsins veltust yfir okkur, að við höfum komið mörgu nytsamlegu fyrirtæki í framkvæmd, og þó fór alt vel um fjármál okkar á þeim árum. Þess vegna hygg jeg, að sá stórhugur, sem þá var kominn inn í menn, hafi valdið því, að menn urðu djarfari en skyldi, þegar truflun komst á fjármálin, og sigldu þess vegna djarfara á meðan á stríðinu stóð og alt fram á síðasta ár.

Það var rjettilega tekið fram hjá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að úr því ekki hepnaðist að ná sköttum þá eftir gjaldþoli manna, þá sje um seinan að ná til styrjaldargróðans nú, og tekjuvonin því nú langt um minni en búast hefði mátt við, eftir þeim uppgangi, sem var um skeið.

Að svo mæltu vildi jeg hverfa að brtt. þeim, sem fyrir liggja, og fara nokkrum orðum um þær.

Mjer þykir vænt um, að vegurinn frá Hólum í Hjaltadal til Kolkuóss skuli vera tekinn upp. Jeg komst að raun um það í sumar, hve erfitt er fyrir jafnstóra stofnun eins og Hólaskóla og bú hans að geta ekki notað vagna til aðdrátta. Og er slíkt ásigkomulag tilfinnanlegt á meðan öll vinna hesta og manna er í slíku verði og nú hefir verið um hríð og hlýtur að verða framvegis, á meðan ekki er úr bætt, en fjöldi manna saman kominn á þessu heimili, svo t. d. eldiviðarflutningar hljóta að vera sjerstaklega örðugir, með því vegaleysi sem er. Vil jeg því leggja með, að þessi brtt. nái fram að ganga.

Þá er það brtt. samgmn. Það hefir nú gengið svo að undanförnu, að það hefir verið aðeins að nafninu til fjárveiting til strandferða, þ. e. þegar miðað hefir verið við kostnaðinn af „Sterling“, þótt hún hafi hagað sjer svipað í þessu eins og Alþingi að undanförnu og áætlað ófullnægjandi upphæð fyrir Sterling. Jeg ætla ekki að fara að afsaka stjórnina neitt í þessu máli, en hins vegar vil jeg vona, að tekjuhallinn af rekstri Sterlings verði ekki eins mikill og gert er ráð fyrir í till. samgmn., enda nauðsynlegt að koma í veg fyrir það, þó að jafnvel verði að fækka ferðum til þess. En jeg sje ekkert á móti því, þó að till. þessi sje samþ.; hún er þá að minsta kosti til viðvörunar.

Jeg get tekið undir það með háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að það má ekki við svo búið standa um þennan mikla kostnað til strandferða í kringum land, eins og nú er búið að hrúga inn í fjáraukalög og fjárlög, að viðbættum tekjuhallanum af Sterling. Að verja meiru fje til strandferða og bátaferða heldur en til vegagerða í landinu, er ekki í rjettu hlutfalli, miðað við það, hvað langir landvegir okkar eru, og mörg hjeruð, sem engin not hafa af þessum sjóferðum.

Við síðari till. samgmn. hefi jeg ekkert að athuga.

Þá kem jeg að brtt. fjárveitinganefndar við 13. gr. Það er um símana. Mjer var það mjög á móti skapi að þurfa að útiloka þessa síma, því að jeg hefi altaf talið þá nauðsynlega, og þótti því leitt að geta ekki tekið þá upp til endurveitingar í fjárlagafrv. stjórnarinnar.

Að vísu býst jeg við, að fje geti vantað til þeirra og fleira, en verði þeir nú teknir upp af nýju, þá standa þeir þó jafnfætis öðrum samskonar fyrirtækjum í fjárlögunum.

Alt þetta verður að sjálfsögðu með því skilyrði, að heimilt verði fyrir stjórnina að fresta þeim framkvæmdum, sem ómögulegt er við að eiga vegna fjárskorts.

Jakob Möller: Það mun ekki vera þakklátt verk nú að mæla fram með till., sem hafa útgjaldaauka í för með sjer, en jeg neyðist samt til þess, því að jeg á hjer brtt. í þá átt. Hafa bæði háttv. frsm. fjvn. (B. J.) og hæstv. fjrh. (M. G.) tekið henni fremur vel, og er jeg þeim þakklátur fyrir. Tillagan er um hækkun launa sendiherrans í Kaupmannahöfn. Aðaltill. fer fram á 20 þús. kr., en varatillagan 16 þús. kr. Vil jeg minna á það, að á þinginu í fyrra var samþykt í Nd. að hækka laun sendiherrans upp í 17—18 þús. kr., en hækkunin var feld í háttv. Ed. Skal jeg í sambandi við þetta geta þess, að launin munu upphaflega hafa orðið svona lág af alveg sjerstökum ástæðum, sem sje sökum þess, að stofnun þessa embættis vakti allmegna mótspyrnu, og mun hafa verið ætlast til að gera hverjum manni óviðunandi að taka embættið að sjer. (*P. O.*: Stjórnin sagði að launin væru nóg). Hún er þá komin að annari niðurstöðu nú, því að henni dylst eigi, að maðurinn verður að leggja með sjer af sínu fje. Enn fremur hygg jeg, að það sje rjett, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að kringumstæður þessa manns, sem hjer á hlut að máli, sjeu orðnar það breyttar nú, að síður væri verjandi að hafa launin svona lág. Er það og athugandi, að þótt mótspyrna væri móti þessu embætti í fyrstu, þá munu nú allir vera sammála um þörf þess, enda kemur mönnum saman um, að valið á manninum hafi vel hepnast, og ætti það að bæta fyrir till. minni. Annars held jeg, satt að segja, að þessar svartsýnu ræður um fjárhagsútlitið, sem hjer hafa verið haldnar, sjeu tilgangslitlar. Er jeg heldur ekki viss um, að þær hafi við svo mikil rök að styðjast, að ástæða sje til að láta þær fæla sig frá því að sinna svo sjálfsagðri sanngirniskröfu, sem hjer er á ferðinni. Verður að gæta þess, að þetta eru fjárlög fyrir næsta ár, en ekki það yfirstandandi, og getur margt skipast til betri vegar á þeim tíma. Er erfitt að segja um útkomuna á þessu ári, en þó erfiðara fyrir árið 1922.

Háttv. samþm. minn (J. Þ.) áætlaði, að útfluttar vörur myndu á næsta ári svara til þess, sem þær voru 1918, eða tæplega það. En þetta getur tæplega staðist, því að líkindi eru á, að þær verði talsvert meiri. Togurum hefir fjölgað mikið síðan; tala þeirra nálega tvöfaldast; framleiðsla er því líkleg til að aukast svo mik-

ið, að töluvert hamli upp á móti verðfalli afurðanna. Sýnist mjer, sem ofmikið hafi verið að því gert að mála útlitið sem ískyggilegast, og vona jeg, að menn láti eigi það fá altof mikið á sig, þegar um smávægilegar og sanngjarnar fjárveitingar er að ræða.

Hákon Kristófersson: Jeg finn ástæðu til þess að þakka hæstv. atvrh. (P. J.) ummæli hans um fjárveitingar til símalagninga, sem fjvn. mælti með. Vildi hann að vísu ekki fullyrða, að hægt yrði að framkvæma þær nú þegar, en jeg geri ráð fyrir, að stjórnin muni hafa þær í huga og láta þær framkvæmdir sitja fyrir öðrum á því sviði.

Hæstv. fjrh. (M. G.) tók ekki að sama skapi vel í þær. Virðist honum líklega meiri þörf á fjárveitingu til að bæta úr vegleysunni frá Hólum, og er það ekki óskiljanlegt, ef þess er gætt, að hæstv. fjrh. (M. G.) hefir þar hagsmuna að gæta sem þingmaður viðkomandi kjördæmis.

En jeg er þess fullviss, að slíkar símalagningar, sem hjer ræðir um, mundu fyrir löngu komnar í framkvæmd, ef háttv. þm. hefðu gert sjer grein fyrir nauðsyn þeirra.

Allflestir af háttv. þm. munu nú þegar hafa fengið síma um kjördæmi sín, og meira að segja heim til sín. Þeir láta sig því litlu skifta óskir eða þörf þeirra hjeraða, sem eru svo ólánssöm að vera ennþá án alls símasambands, og er það glöggast einkenni á rjettlætistilfinningum hv. þm.

Telur símastjóri hina mestu nauðsyn á síma í Barðastrandarsýslu, því að fyr sje eigi símasambandið við Vestfirði nægilega trygt. Ef símasamband kæmist á um syðri hluta Barðastrandarsýslu, mundi hverfa að miklu eða öllu leyti hið margvíslega óhagræði, er stafar af hinum sífeldu símabilunum á þeirri leið, er síminn liggur nú um til Patreksfjarðar.

Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að jeg leyfi mjer að fullyrða, að viðkomandi hreppar mundu vilja leggja það á sig að flytja símaefni, ríkinu að kostnaðarlausu, eftir að það væri komið í hreppana. Mundi sá kostnaður verða talsvert minni en ef ríkið ætti að kosta flutninginn. Þetta er þó auðvitað sagt með það fyrir augum, að undinn verði bráður bugur að þessari fyrirhuguðu símalagningu. Því er nú mjög borið við, að öll vinna við símalagningu sje afardýr, og það meðal annars geri það ókleift að leggja síma. Ef nú hrepparnir vildu það til vinna að taka að sjer nefndan flutning, ríkinu að kostnaðarlausu, þá má þó segja, að sá steinn sje farinn úr götunni.

Menn hafa fundið það, hvílíkt óhagræði það er að vera símalaus, og fæ jeg satt að segja varla skilið, hve Alþingi hefir verið framkvæmdalítið í þessu efni. En sennilegast þykir mjer, eins og jeg þegar hefi sagt, að það stafi af því, að flestir þm. eru búnir að fá síma heim í sveit sína, og jafnvel á heimili sín, og láta sig því litlu skifta, hvort þeir fá hann, sem enn eru eftir. Verður því lítið úr símalagningum, ef stjórnin fylgir þeim eigi fram. Og því held jeg óhætt að slá föstu, að þrátt fyrir hina miklu nauðsyn, er öllum ætti að vera ljós, á símalagningu um alla Barðastrandarsýslu, að þá verði hann aldrei lagður, ef bíða á eftir því, að fje verði aflögu í ríkissjóði til framkvæmda á þessu. Býst jeg við, að taka þurfi lán til þess að leggja þennan síma, því að ekki mun veita af tekjunum í annað. Enda veit jeg ekki betur en símastjóri hafi fyrir löngu lagt til, að sú leið yrði farin. En þegar þess er gætt, hve ýmsir hreppar í Barðastrandarsýslu eiga erfitt um samgöngur, þar sem vegir eru illir og torsóttir á landi og samgöngur á sjó nær engar, þá vona jeg, að þrátt fyrir erfiðan fjárhag, sje háttv. þdm. það ljóst, að lang-

varandi framkvæmdaleysi í þessu efni má ekki eiga sjer stað.

Háttv. frsm. samgmn. (Þorst. J.) sagði, að fyrirhugaður styrkur til bátaferða fjelli að einhverju leyti til Breiðafjarðarbáts. Þessi ummæli eru dálítið villandi, því að eftir þeim mætti líta svo á, að hjer væri aðeins um einn bát að ræða.

Vil jeg geta þess, að eins og fyrir liggur, eru 2 bátar til flutninga á Breiðafirði, og skiftist styrkurinn milli þeirra.

Vil jeg beina því til stjórnarinnar, að hún geri sjer ljóst, að styrkurinn má ekki miðast við „Svan" einvörðungu, því að af honum hafa 5 nyrstu hrepparnir engin not, og hafa auk þess erfiðar samgöngur á landi.

Undanfarið hefir hinn báturinn notið 2 þús. kr. styrks, en nú hefir eigandi bátsins afsagt að halda ferðunum áfram, og erum við því farartækislausir. Mun ekki rætast úr þessu næsta ár, ef aukinn styrkur verður eigi veittur. Í því sambandi vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. stjórnar, að jeg teldi hæfilegt, að af væntanlegum styrk til bátaferða á Breiðafirði fengi „Svanur" ¾, en báturinn að norðanverðu, hver sem hann yrði, fengi að minsta kosti ¼. Því að þessi styrkur er allsendis ónógur. Hefir maðurinn rekið bátinn áður sökum þess, að það var nauðsynlegt vegna hagsmuna verslunar hans, en nú hefir afstaða hans breyst að nokkru leyti, og því vill hann hætta ferðunum, enda ómögulegt að halda þeim uppi, svo að sæmilegum notum komi, með 2 þús. kr. styrk.

Sami háttv. þm. (Þorst. J.) mintist einnig á sölu landssjóðsskipanna og taldi, að þau mundu ekki seljanleg nema lágu verði. Vil jeg benda á það, að nýstofnað er fjelag á Vestfjörðum, sem vill kaupa skip til innanlands- og millilandaferða. Sýndist mjer, sem eigi væri ólíklegt, að það vildi kaupa eitthvert þeirra, t. d. Villemoes. Hefi jeg hjer auðvitað ekkert umboð í þessu efni, en bendi aðeins á þetta. Því að fremur teldi jeg viðeigandi að selja innlendum mönnum skipin, þótt fyrir minna verð væri, en útlendingum.

Viðvíkjandi till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem raunar á eigi við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu, en talað hefir þó verið um, skal jeg geta þess, að enda þótt jeg viðurkenni, að nokkur ástæða sje til þess að gera einhverjar takmarkanir í þessa átt, þá sýnist mjer þó, að með þessu sje of mikið vald falið einum manni, að minsta kosti yrði sá maður að hafa traust mikið og vera óhlutdrægur. Mun jeg því, enda þótt jeg viðurkenni að útlitið sje ekki glæsilegt, ekki geta greitt þessari brtt. atkvæði mitt.

Magnús Kristjánsson: Jeg hafði hugsað mjer að taka eigi til máls við þennan kafla fjárlaganna, en sökum nokkurra orða, sem fallið hafa, sje jeg mig til neyddan að mótmæla þeim.

7. liður brtt. þar sem gert er ráð fyrir 400,000 kr. fjárveitingu til strandferða, virðist mjer hafa vakið ótta hjá sumum háttv. þm., og ef til vill ekki að ástæðulausu. En jeg býst við því, að háttv. samgmn. hafi verið það ljóst, að þessi upphæð væri sett hærri en nauðsyn krefur, án þess að jeg skilji þó, hvað henni hefir getað til þess gengið. En það mætti ilt kallast, ef þessi upphæð yrði til þess að draga kjark úr mönnum til þess að styðja nauðsynlegar samgöngubætur. Er vert að athuga, að síðastliðin 4 ár hafa verið svo erfið, að litlar líkur mega teljast, að þetta eða næsta ár verði jafnerfitt, en þrátt fyrir þetta hefir þó eigi orðið nema ¼ milj. kr. halli á rekstri Sterlings að meðaltali þessi ár, og því full ástæða til að halda, að hann fari minkandi. Munar t. d.

mjög miklu á kolaverði; eru þau nú meira en helmingi ódýrari en þá er þau voru dýrust.

Vil jeg benda á þetta til skýringar, en því mótmæli jeg eindregið, að skipinu sje lagt upp, eins og einstaka háttv. þm. hafa talið jafnvel ráðlegast. Ber það vott um altof mikið kjarkleysi, og væri tvímælalaust spor aftur á bak. Því að sje nauðsynlegustu samgöngubótunum á sjó kipt burtu, þá erum við um leið komnir aftur í aumasta fortíðarástand.

Er því einkennilegt, að koma skuli til tals að láta þetta eina skip hætta ferðum, þar sem talið hefir verið hingað til, að það nægði alls ekki. Sýnist mjer upphæð þessi heldur ekki vera svo mjög ægileg, þegar þess er gætt, að kostnaður við strandferðir var 80—100 þús. kr. meðan peningar voru í venjulegu gildi. Eru 250 þús. kr. síst meiri upphæð nú en þessi var, þegar gætt er, hve mikið peningar hafa fallið í verði.

Hins vegar er, eins og jeg hefi þegar bent á, kostnaðaráætlun nefndarinnar altof há, en raunar ætti það ekki að saka, því að auðvitað verður sá raunverulegi kostnaður aðeins útborgaður.

Er það alkunna, að hin ríkasta þörf er á ferðum þessum fyrir fólk víðsvegar af landinu, sem þarf að leita sjer atvinnu annarsstaðar. Hefir jafnvel reynst svo, að farþegarúm skipsins hefir ekki nægt undanfarið.

Vænti jeg því fastlega, að hvort sem þessi upphæð samgmn. verður samþykt eða ekki, þá hafi það engin áhrif á rekstur skipsins. Gæti leitt af því hið mesta tjón, ef strandferðum yrði aðallega haldið uppi á smábátum og mótorskipum. Eru siglingar hjer við land svo hættulegar að vetrarlagi, að hin mesta þörf er á að hafa til þeirra gott skip og vandað. Er því algerlega óviðeigandi að skera við neglur sjer fjárveitingar til jafnvandaðs skips og góðs í sjó að leggja, sem við nú erum svo heppnir að eiga, og sem veldur því, að ferðir þessar verða eins áhættulitlar og kostur er á.

Sterling er vel útbúið í alla staði og með bestu skipum í sjó að leggja, og er það nokkur trygging fyrir því, að ferðalög með því verða áhættulítil. Þess vegna ættum við að vera ánægðir yfir því að hafa eignast þetta ágæta skip, og reyna að halda því út til strandferða.

En jeg skal svo ekki fjölyrða meira um það: vildi aðeins benda á, að þessi ótti út af till. er alveg ástæðulaus.

Þá vildi jeg með örfáum orðum minnast á 3. brtt. á þskj. 426. Þar er gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir styrk til sjúklinga, sem hafa hörundsberkla, skuli veittar 3000 kr. til starfrækslu Finsens-ljósa. Það væri ágætt, ef hjer í þessum bæ væru til nauðsynlegustu lækningatæki, ef þau í sjálfu sjer eru fullnægjandi eftir kröfum nútímans. Jeg get ekki af eigin þekkingu dæmt um, hvort svo muni vera, en geri ráð fyrir, að háttv. frsm. (M. P.) sje það kunnugt og hefði ekki leyft sjer að mæla með tillögunni nema hann teldi það óyggjandi.

Svo er það annað, sem jeg vildi taka fram. Undanfarið hefir verið veitt fje og nú einnig gert ráð fyrir að veita talsverða upphæð í svipuðu skyni, nefnilega til Röntgen- og radíumlækninga. — Það er fjarri mjer að leggja á móti slíkum fjárveitingum, því að mínu áliti eru engar fjárveitingar jafnnauðsynlegar og þær, er veittar eru í þeim tilgangi að stuðla að því að veita mönnum heilsuna. Jeg er að því leyti samþykkur háttv. fjvn. En hitt er það, að jeg hefi ekki orðið var við, að fyrir þinginu hafi legið skýrslur um það, hve mikils góðs almenningur hafi notið af þessum stofnunum, sem hafa verið styrktar af landsfje. Jeg hygg, að þegar þingið veitir fje í því skyni, að sjúk-

lingum sje gert auðveldara að leita sjer lækninga, að þá sje ætlast til af löggjafarvaldinu, að gjaldið, er sjúklingarnir greiða, sje haft þeim mun lægra. Það væri því ekki ástæðulaust, að með slíkum fjárveitingum væru sett þau skilyrði, að lagðar væru fram skýrslur, svo að hægt væri að sjá það, að krafist væri hæfilegrar þóknunar fyrir aðstoð þessara stofnana. Þetta getur verið af þekkinarleysi mínu á þessu, að mjer finst þetta sjálfsagt, en jeg hefi ekki orðið var við, og það hefir ekki verið sannað, hvorki af nefndinni eða öðrum, að almenningur hafi notið þess, þótt þingið hafi veitt styrk til slíks.

Sveinn Ólafsson: Jeg á enga brtt. við þann kafla fjárlaganna, sem fyrir liggur, og yfirleitt ekki við fjárlagafrumvarpið að þessu sinni, og þarf því ekki að vera langorður. En þótt jeg að þessu sinni eigi enga brtt., og hafi því ekki fyrir neinu að vinna fyrir kjördæmi mitt, sem er að vísu sett alveg hjá við skömtun úr þessum kjötpotti, þá þykist jeg samt, sem gjaldþegn, mega athuga þær byrðar, sem verið er að binda landsmönnum á herðar með þessum fjárlögum, sem flestum munu reynast þyngri en nokkru sinni áður. Get jeg því ekki leitt hjá mjer að minnast á tillögur háttv. fjvn. og þeirra háttv. þm., er hafa gert fjelagsbú með henni.

En áður en jeg vík að þeim, ætla jeg að snúa mjer snöggt að öðru efni. Eins og háttv. þdm. muna, fjellu hjer í deildinni orð við 2. umr. þessa máls, sem jeg ætla að leyfa mjer að svara. Það voru aðdróttanir, óvirðingarorð og brigslyrði í minn garð frá háttv. þm. Dala (B. J.) sem mjer var þá ófyrirsynju varnað að svara. Jeg get ekki verið að bíða með að svara, þótt háttv. þm. Dala. (B. J.) sje ekki við; hann er má ske á næstu grösum að totta vindilstúfinn sinn.

Jeg sje samt ekki ástæðu til að rifja það alt upp aftur, en aðallega var tvent, sem jeg get ekki látið ómótmælt. Það voru þau ummæli háttv. þm. (B. J.) um mig. að jeg mundi bráðlega koma og leita viðurkenningar þingsins fyrir umboðsstörf mín. Jeg lít svo á, að í þessum ummælum, eins og þau voru töluð og í því sambandi, sem þau voru sögð, liggi aðdróttun um, að jeg hafi vanrækt þessi störf, og leyndi sjer ekki í þessu óvildarhugsun hans, því að óvingjarnlegri aðdróttun hefi jeg eigi fengið. Jeg get skotið þessu til allra ráðherranna, er verið hafa, síðan jeg tók við starfinu og annars eru á lífi, hvort jeg hafi vanrækt starfið. Óttast jeg ekki úrskurð þeirra um þetta, og mundi háttv. þm. Dala. (B. J.) hafa lengra farið, ef hann hefði treyst sjer.

Annað er það, að háttv. þm. (B. J.) taldi mig í ræðu minni hafa óvirt sendimann vorn á Spáni og sagt, að hann hefði enga skýrslu gefið. Jeg mintist ekki á það á þann veg. En jeg gerði fyrirspurn til stjórnarinnar um það, hvað fyrir lægi um starf hans, því að jeg hafði heyrt, að ekkert hefði heyrst frá honum um langan tíma. Í þessu lá engin óvirðing við manninn, heldur var þetta aðeins sjálfsögð fyrirspurn um opinbert mál, sem engum dettur í hug, að þm. Dala. (B. J.) eigi að leyfa; fyrirspurn, sem svarað verður líklega. En jeg tók það fram, að það væri óviðkunnanlegt að veita fje í fjárlögunum til þessa starfa, án þess að vita hvernig starfinn nýttist. Þetta varð jeg að leiðrjetta, og beini nú fyrirspurn minni að nýju til hæstv. stjórnar, og vænti svars, því að mjer þykir miklu máli skifta, að skýrsla þessi komi fram.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að svara því, sem þessi háttv. þm. (B. J.) sagði, en vil aðeins gera aths. við eitt, sem hann sagði, sem sje það, að aðalerindi mitt á þing væri að greiða atkvæði með fjárveitingum til míns hjeraðs. Þessi fyndni hefði verið brúkleg, ef einhverjar slíkar fjárveitingar

hefðu verið til, en nú eru þær engar. En það er að minsta kosti eitt annað verkefni mitt hjer, — og þykir mjer slæmt að háttv. þm. (B. J.) er ekki nærri, — nefnilega að greiða atkvæði á móti þeim háskalegu tillögum hans, er nær daglega koma fram í fjármálum og öðrum greinum.

En af því, að háttv. þm. Dala. (B. J.) er ekki við, þá læt jeg þessum formála lokið, og sný mjer þá að frv.

Jeg þarf ekki að minnast á niðurstöður þær, sem fjárlagafrv. fekk við 2. umr., eða hvað við horfir, ef samþ. verða allar till. á þskj. 426; það er öllum sýnilegt.

Jeg get ekki varist þeirri hugsun, að fjvn. hafi tekið langt of lauslega á þessu máli. Jeg get sem sagt ekki varist þeirri hugsun, að hún hafi vanrækt að vinna verk sitt eins og vera bar. Hennar verk er ekki eingöngu að auka við nýjum gjaldliðum, eins og hún virðist álíta, heldur alt eins að draga úr, þar sem stjórnin eða aðrir hafa áætlað ógætilega. En nú er svo komið, að frá því stjórnarfrv. kom fram, hefir tekjuhalli bráðum tvöfaldast, og ekki ósennilegt, ef alt verður samþ., sem hjer liggur fyrir, að hann komist upp á 4. milj., eða gjöldin alls í 10 milj. Landsm. er þá, með öðrum orðum, bundinn baggi, sem svarar 90—100 kr. á hvert nef í landinu. Jeg fyrir mitt leyti held, að þetta sje langt um fram efni og getu þjóðarinnar. Þótt segja megi um ýmsar fjárveitslur, sem hv. nefnd og aðrir fara fram á, að þær sjeu út af fyrir sig eins rjettmætar og margt í frv., þá verð jeg að greiða atkv. á móti flestum till. á þskj. 426, að jeg ekki tali um brtt. á þskj. 429.

Það verður að taka á einhvern hátt í taumana, og þegar ekki er hægt að draga úr þeim hóflausu veitingum, sem inn í frv. eru komnar, þá verður að fella niður það, sem síðast kemur.

Jeg ætla ekki að fara að telja upp alla einstaka liði, en vil benda til dæmis á 2. lið í 2. brtt. á nefndu þskj. Það er lítil upphæð, 300 kr., sem á að veita ákveðnum hreppi. Háttv. frsm. (M. P.) sagði, að þar stæði svo á, að erfitt væri að ná til læknis, og að ein læknisvitjun hefði kostað 600 kr., og því ástæða til að breyta út af sparnaðarreglunni og veita styrkinn. En það er öllum kunnugt, að það hagar svo til víðar á landi voru, að ein læknisvitjun getur kostað þetta, og sumstaðar ekki hægt fyrir 600 kr. að ná í lækni, jafnvel ekki fyrir tvisvar 600 kr. Landslag og torfærur á sjó og landi valda þessu í sambandi við vetrarhríðir, og á slíkum stöðum kemur það ósjaldan fyrir, að deyjandi menn fá enga læknishjálp.

Ástæðan er hjer engu brýnni en víða annarsstaðar til að veita fje á þennan hátt, nema svo sje, að hjerað hv. frsm. (M. P.) eigi að ganga fyrir öðrum.

Um 7. liðinn hefi jeg áður talað. En þar sem ómögulegt er að áætla kostnaðinn við ferðir Sterlings, þá finst mjer þýðingarlítið að vera að hækka þessa upphæð í fjárlögum. Hallinn kemur hvort sem er á aukafjárlög.

Þá kem jeg að 9. lið, símunum vestra. Það er að vísu endurveiting, en það stóð nokkuð einkennilega á þegar þessi fjárveiting komst inn á þinginu 1919, sami hv. þm. þá í fjárveitinganefnd, og því ekki ástæða til að taka þetta upp nú sem forgangsfje til opinberra starfa.

Jeg skal svo ekki rekja þessar tillögur lengra, en verð að minnast á síðustu till. Það er 37. till. á atkvæðaskránni frá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Hún heimilar fjármálaráðherra að fella niður þær fjárveitingar, sem honum sýnast mega falla. Mjer þykir hún að vísu nokkuð óþjál, en get ekki annað en lýst samúð minni með henni. Það er nokkurskonar neyðarúrræði, til að bjarga við því fjárhagsástandi, sem þessi óforsvaranlegu fjárlög skapa. Vitanlega mundi þetta koma niður á hinum verklegu

framkvæmdum, en ekki fjárveitingum, sem bundnar eru við nöfn, og kæmi því niður þar, er síst skyldi. Það yrði í reyndinni einskonar hrossalækning, sem getur þó verið nauðsynleg, þegar svona stendur á. Og fer nú eftir atvikum, hvort jeg greiði atkvæði með henni eða móti.

Jeg tek það svo enn fram að lokum, að fjvn. hefir alveg brugðist vonum mínum, og jeg tel að hún hafi ekki fyllilega leyst verk sitt af hendi eins og vera átti.

Þorsteinn Jónsson: Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að samgöngumálanefndinni hlyti að vera það ljóst, að hallinn á Sterling 1922 gæti ekki orðið svona mikill, sem hún gerir ráð fyrir. Jeg get ekki skilið, hvað hefir vakað fyrir háttv. þm. (M. K.), er hann hjelt, að nefndin gerði þetta í þeim tilgangi að blekkja deildina, nema hann haldi, að eigi að skrifa af verði skipsins, sem ekki væri fjarri sanni að væri gert, því að það er beinlínis villandi að reikna verð skipsins hærra en það er í raun og veru.

Jeg skal annars taka það fram, að nefndinni er ekkert kappsmál, að till. verði samþykt, því að útgjöldin verða jafnmikil, hvort sem hún verður samþykt eða ekki, og vil jeg benda á það, að hún tiltekur „alt að 400 þús.“.

Eins og jeg tók fram áðan, þá er tilgangur tillögumanna sá, að fara sem næst því er greiða þarf, en hallinn er áætlaður svo mikill, að víst sje, að ekki þyrfti að greiða meira.

Það getur verið, að sumum háttv. þdm. þyki það skemtilegra að hafa svo lágt áætluð útgjöld ríkissjóðs, að stjórnin verði að bæta við, þegar hún fer að borga út, og láti þá viðbót svo koma á aukafjárlögum. En mjer fyrir mitt leyti þykir hitt skemtilegra, að fara sem næst sanni með fjárlögin.

Því að hitt er aðeins blekking, til að láta fjárlögin líta betur út, svo þjóðinni sýnist hallinn minni en hann er í raun og veru.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tók það skýrt fram, að hann ætlaðist til, að hallinn yrði settur í aukafjárlög, og vildi því halda sjer við frv.-upphæðina. Mjer skildist á honum, að hann áliti, að hallinn mundi verða meiri, en teldi samt rjett að halda sjer við frv.

Það voru ekki mín orð, að jeg áliti rjett að setja Sterling upp. Þvert á móti hefi jeg tekið það fram áður, að við verðum að hafa strandferðirnar, hvað sem þær kosta. En við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti.

Vitanlega verður það altaf ónóg að hafa eitt skip, en ef við eigum að komast fram úr þessu öngþveiti, verðum við að slá af kröfunum, og þá jafnvel þeim, sem við höfum til nauðsynlegra þarfa. Það væri auðvitað heppilegast að hafa tvö skip, sem altaf gengju. Og þegar samgmn. byrjaði starf sitt, þá kom þetta til mála, en hún sá sjer ekki fært að leggja með því, að svo verði á næsta ári.

Það er ómögulegt að segja, hvað hallinn verður mikill 1922. En hr. E. Nielsen framkvæmdastjóri Eimskipafjelagsins, og sem jafnframt er framkvæmdastjóri landssjóðsskipanna, hefir gefið þær upplýsingar, að hallinn á ferðum Sterlings í ár muni verða um 400 þús. kr. Af þessu verður það sjeð, að þrátt fyrir það, þótt farþegarúmin á skipinu sjeu troðfull í hverri ferð, þá nægir það ekki upp í rekstrarkostnaðinn, nema farmurinn sje nægur líka. En þrátt fyrir það, þótt þetta haldi svo áfram, þá tel jeg það ekki ná nokkurri átt að láta Sterling hætta þessum ferðum sínum, vegna flutninganna.

Frsm. (Magnús Pjetursson*): Það eru aðeins nokkrar stuttar athugasemdir, sem jeg ætla að gera.

Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um það í ræðu sinni áðan, að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum**) .....
.....
Hinu ber nefndin auðvitað enga ábyrgð á, hvað kemur frá háttv. deildarmönnum, en það hefir sýnt sig, að þeirra till. hafa jafnan gengið talsvert lengra en tillögur nefndarinnar. Þykist nefndin hafa verið mjög sanngjörn gagnvart hæstv. stjórn, enda sýnir það sig, þar sem hún hefir engar lækkunartillögur gert við frv. hennar, en því er yfirleitt mjög sjaldan að fagna.

Hæstv. fjrh. (M. G.) og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gerðu báðir aths. við brtt. nefndarinnar, um að hækka læknisstyrkinn í einu umdæmi um 300 kr., og bar hæstv. fjrh. (M. G.) kvíðboga fyrir því, að þá myndi hver taka við af öðrum, og af verða mikil blóðtaka fyrir landssjóð. Jeg hygg, að ekki þurfi að óttast þetta, því að ef þeir hefðu það í hyggju, þá væru þeir búnir að því fyrir löngu. Ef þessi styrkur ætti að vera jafn alstaðar, þá væri það sama sem að slíta sum hjeruð alveg út úr og svifta þau öllu sambandi við lækna.

Um upphæðina gildir annars ekki svo föst regla, þar sem ákveðið er, að lægst skuli hún vera frá 600—300 kr. Verður vitanlega í þessum sökum að fara eftir staðháttum og aðstöðu hreppsbúa. Svo vil jeg benda hæstv. fjrh. (M. G.) á það, að auk þess sem jeg hefi þegar tekið fram, þá er því svo varið, að ríkissjóður græðir beint á þessum hreppum. Því að hjer er um læknishjerað að ræða, sem í raun rjettri á heimting á að hafa sjerstakan lækni, sem þá þyrfti að borga full laun. Þar sem nú bæði er viðurkent, að þarna þyrfti að vera læknir, og svo víst hitt, að fáir hreppar ættu betur skilið þennan styrk, þá vona jeg, að háttv. þdm. láti sjer þessa smáupphæð ekki í augum vaxa.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kvaðst vera hálfsmeykur um, að þessar 300 kr. — sú eina fjárveiting, sem jeg hefi farið fram á á þessu þingi — væru kosningabeita fyrir kjósendur mína. Jeg þori að fullvissa háttv. þm. (Sv. Ó.) um það, að jeg á óskift fylgi í þeirri sveit, hvort sem þessar 300 kr. verða veittar eða ekki.

Það var að heyra á háttv. sama þm. (Sv. Ó.), að jeg gerði helst til mikið úr örðugleikum þeim, sem á væru að ná í lækni fyrir hreppsbúa. Jeg vil fullvissa háttv. þm. (Sv. Ó.) um það, að ef hann hefði búið í þeirri sveit, þá hefði kveðið við annan tón hjá honum. Þeir vita það best, sem þar hafa verið, að það er með köflum algerlega ókleift að ná í lækni þangað, bæði sjóleiðina og á landi.

Um efnahag þessa hjeraðs mun hæstv. fjrh. (M. G.) best kunnugt, því að það er eitt af þeim hjeruðum, sem varð að taka sjer hallærislán nú fyrir skömmu.

Hæstv. fjrh. (M. G.) var að tala um það, viðvíkjandi styrknum til berklaveikisútrýmingar, að veita þyrfti styrk til ljóslækningastofnana. Jeg skal játa það, að gott væri það, ef þetta væri kleift, en hins vegar þarf þar miklu til að kosta, þar sem um það er að ræða að skifta um ljós, taka upp ný áhöld og aðra aðferð en höfð hefir verið. Að því er snertir styrkinn, sem læknafjelag Reykjavíkur hefir farið fram á, þá sagði hæstv. fjrh. (M. G.) að ekki myndi saka mikið, þótt það drægist nokkuð. Viðvíkjandi því skal jeg geta þess, að það stendur þannig á, að engin hjálp verður að þessu fje, ef það er ekki veitt nú þegar, því seinna er ekki

*) Ræðan óleiðrjett af þm., og prentuð eftir handriti innanþingsskrifarans (P. M.).

**) Hjer er slept úr handritinu nokkrum línum, óskiljanlegri lokleysu.

hægt að gera það, sem nú á að verja því til. — Þá mintist hæstv. fjrh. (M. G.) á Öxnadalsveginn, og óx mjög í augum upphæð sú, er þyrfti til að fullgera hann. Það er nú aðeins eftir stuttur kafli, um 5 kílóm. að lengd. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það þyrfti tífalda upphæð til að ljúka vegagerðinni við það, sem áætlað er.

Þetta er ekki rjett hjá hæstv. ráðh. (M. G.), því að samkvæmt útreikningi vegamálastjóra, verður kostnaðurinn 30—35 þús. kr. mest, miðað við 7 kr. kaup á dag.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði um *..... að það hefði staðið alveg sjerstaklega á, þegar það var sett inn í fjárlögin. En jeg man ekki til þess, að hann hafi nokkurn tíma verið andvígur þessu. Hann var hjer á þingi þá, og kom þó ekki fram með neina brtt. um það.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hjelt mjög fróðlegan fyrirlestur og mælti fram með till. sinni. Þótti mjer vænt um, er hann gat þess, að hann legði ekki neitt sjerstakt kapp á hana. Jeg skil hann svo, að ætlunin sje að útvega stjórninni lagalega afsökun, er um það er að ræða, að hún verður að víkja frá fjárlögunum í einhverju. En jeg tel þetta að öllu leyti óþarft og óviðeigandi, þareð jeg hygg það ekki næga afsökun, er tekjur hrökkva ekki. Jeg veit ekki betur en að yfirleitt hvaða bú sem er komist trauðla undan því að gjalda starfslaun og annað slíkt, þótt fjefátt sje, en verði þá heldur að taka lán, til að klára með gjöldin. Það eina, sem í því efni er gild afsökun, er að ómögulegt sje að fá fje.

Hæstv. atvrh. (P. J.) þakkaði háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) fyrir þessa till. sína. En jeg verð að segja það, að jeg er mjög hissa á því, að hæstv. stjórn skuli ekki hafa andmælt þeirri till. Jeg skil ekki í því, að nokkur stjórn skuli vilja hafa vald á hendi, sem er svo vandfarið með og líklegt til óvinsælda. Ef annars stjórninni fyndist eitthvað það í fjárlögunum, sem ekki sje hægt að greiða eða vel mætti bíða, þá býst jeg við, að hún myndi á næsta þingi reyna að fá því breytt.

Þetta ætti að vera nægileg bending til fjvn. Hún er þess ekki dulin, að óvíst er, hvort hægt verði að greiða alla fjárhæðina í fjárlögunum.

Jeg vil annars leyfa mjer, fyrir hönd fjvn., að mótmæla þeim orðum hæstv. atvrh. (P. J.), að fjárveitingar þær í fjárlögunum, sem svo standi á um, væru aðeins heimild fyrir stjórnina, en engin skylda til að veita þær. Jeg vil aðeins í nafni nefndarinnar mótmæla þessu, og fer svo ekki frekar út í það.

Hæstv. atvrh. (P. J.) gat þess áðan, að Alþingi hefði siglt nokkuð djarft í peningasökunum á meðan á stríðinu stóð. Jeg hygg, að það fari fjarri því, að svo hafi verið. Árið 1915 kom talsverður afturkippur í alt, því að þá hugðu menn, að ófriðnum mundi linna innan skamms, og töldu það búhnykk að tefla þá sem varlegast, en sú hefir raunin á orðið, að þetta hefir verið til stórskaða.

Þá mintist háttv. þm. Ak. (M. K.) á brtt. um styrkinn til Finsensljósanna. — Það er alveg rjett hjá honum, að mjer hefir ekki dottið í hug að kippa burt þeim styrk, sem þau hafa haft, en jeg vil í nafni fjvn. skjóta því til hæstv. stjórnar, að hún afli skýrslna um það, hve mikil not eru af þessari stofnun og hve margir fá þar lækning meina sinna. Sumir þykjast hafa pata af því, að það hafi aðeins dregið úr lækningunum, er styrkur hefir verið veittur til þeirrar stofnunar.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er sá eini, sem nú hefir vítt fjvn. fyrir starfsemi sína. Hann kvað nefndina hafa vanrækt mjög starf sitt, enda kæmi það best í ljós

*) Eyða í handritinu.

á till. hennar. Jeg verð að segja það, að mjer þykja þetta hörð orð, og væri ilt við að búa, ef sönn væru. En það er hjer til bótar, að þau voru með öllu órökstudd, og verða því vart tekin alvarlega. Háttv. þm. (Sv. Ó.) hefði haft rjett til að tala svona, ef hann hefði um leið nefnt eitthvað í fjv.till. nefndarinnar og stjórnarinnar, sem fella þyrfti niður eða breyta. En nú hefir hann ekki komið fram með nema eina einustu brtt., þar sem munaði á upphæð einum 1200 kr. Hann virðist því hafa verið, þrátt fyrir alt, sammála nefndinni og stjórninni, um hvað veita ætti og hvað ekki, og eru því aðfinningar hans mjög furðulegar, og verða vart skildar nema á einn veg.

Það hefir annars varla komið fyrir, að gerðum fjvn. hafi verið svo lítið hreyft sem nú. Finst mjer það, að svo fáar brtt. hafa verið gerðar við till. nefndarinnar, bera vitni um, að skoðanir háttv. þdm. sjeu í samræmi við skoðanir nefndarinnar, — nema þá ef vera skyldi þessi eini háttv. þm. (Sv. Ó.).

Háttv. sami þm. (Sv. Ó.) kom með þá snjöllu uppástungu, að þegar sjeð væri, að gjaldþol ríkissjóðs væri að þrotum komið, þá yrði að fella niður þær till. til fjárveitinga, sem síðast hefðu komið. Jeg skal játa það, að þetta væri mjög þægilegt, að fella bara þær till., sem síðast kæmu til umræðu, en hitt læt jeg eftir háttv. þingdm. að dæma um, hve holt þetta væri og viturlegt.

Háttv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að tekjuhalli væri nú tvöfaldur. Jeg þykist vita, að háttv. þingmaður muni telja endurveitingarnar með. En jafnvel þótt þær væru taldar, þá er þó útgjaldaaukningin af tillögum nefndarinnar ekki svo mikil sem hann sagði. En ekki hefir það verið siður að telja endurveitingu sem beinan gjaldaauka, því að það hefir talist sparað á hinu árinu.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) endaði ræðu sína með því, að svo ógætilega hefði verið farið með fjárhag landsins, að hann væri nú mjög illa kominn, og taldi hann þetta mikið stafa af því, að fjárveitinganefnd hefði ekki unnið sem skyldi. Jeg vil leyfa mjer að segja, að þingmaðurinn fari hjer með staðlausu stafi. Ef það er ógætilegt, að hafa hækkað útgjöldin um 3—4%, þá hefði mátt liggja flestum fjárveitinganefndum á hálsi fyrir þeirra aðgerðir. — Það er undarlegt, að þessi þingmaður, er hefir talað við hverja umræðu og altaf hnjóðað í nefndina, skuli ekki koma með brtt. (*Sv. Ó.*: Það er ekki til neins að koma með brtt., þær hafast ekki fram). Háttv. þm. (Sv. Ó.) gat þó gert það til þess að friða samviskuna, því að áður, þegar hann hefir borið fram brtt., hefir háttv. þingmaður sagt, að hann bæri þær fram til þess, og gott ef hann sagði það ekki þegar hann mælti fram með þeirri einu till. í lækkunarátt, sem hann bar fram við þessi fjárlög. (*Sv. Ó.*: Nei).

Þá mun jeg ekki segja fleira; jeg veit, að háttv. deild er á sama máli og fjárveitinganefnd og mun ekki vilja taka undir orð háttv. þm. (Sv. Ó.) í hennar garð. Það hefir hún sýnt með því að samþykkja flest það, sem fjvn. hefir borið fram.

Gunnar Sigurðsson: Ekki mun jeg lengja umræðurnar mikið. Jeg stend aðallega upp í tilefni af ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Jeg er honum sammála um að útgjöld ríkissjóðs eru nú orðin of mikil, samanborið við tekjurnar. Jeg hefi bent á það áður, og undirstrika það nú, að undirbyggingin er ótrygg. Ef öll framleiðsla er rekin með tapi, eins og því miður mun nú eiga sjer stað, þá er ekki von að yfirbyggingin geti staðist, þá er ekki von að ríkisssjóður geti borgað það, sem hann þarf að borga. Hversu undirbyggingin er orðin ótrygg, er alls ekki þessu þingi

að kenna, heldur ýmsum ráðstöfunum margra undanfarandi þinga, og má þá í fyrsta flokki telja launahækkunarlöggjöfina nýju. Menn tala nú mikið um, að nauðsynlegt sje að spara. Þetta er satt. En samt er það nú ekki aðalatriðið. Það hjálpar lítið, þótt menn skeri smáupphæðir utan af ýmsum styrkveitingum. Nei, negatíva hliðin — að spara — er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er positiva hliðin, að reyna að tryggja sem best framleiðsluna og reyna af öllum mætti að finna nýjan markað fyrir hana. Jeg skal t. d. benda á kjötið. Eins og sakir standa er það ljeleg fæða fyrir sjómenn í Noregi. Meðan svo er, getur aldrei orðið öruggur og góður markaður fyrir það. Miklu öruggari leið er að senda fjeð lifandi eða kælt, og sjálfsagt að vinna að því. Jeg bendi á þetta aðeins sem dæmi. Það eru „positivar" framkvæmdir í þessa átt, sem geta bjargað og eiga að bjarga landinu út úr öngþveiti því, sem það nú er komið í, en ekki sparsemin ein.

Þá skal jeg snúa mjer að till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Jeg vil leyfa mjer að segja, að ekki getur komið til mála að samþykkja hana. Engin lög eru eins vel varðveitt eins og fjárlögin. Í 37. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum". Og í 2. gr. stendur: „Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi". Tel jeg heimilt að álykta út frá þessu ákvæði, að ekki sje heimilt að leggja þetta vald í hendur eins manns; að minsta kosti er það svo „reelt". Annars virðist þm. ekki vera ljóst, hvað hjer er um að ræða. Alþ. er að afsala sjer fjárveitingavaldinu og fá það í hendur einum manni, fjármálaráðherra. Og það er með þessu að leysa fjármálaráðherra undan allri ábyrgð; hann ber samkvæmt till. enga ábyrgð á því, þótt hann felli niður liði í fjárlögunum, eftir því sem honum sýnist. Ef taka á þessa till. alvarlega, þá er það sýnilegt, hvílíkt gerræði slíkt er, að fela fjárveitingavaldið einum manni.

Ef tillaga háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) verður samþykt, getur fjrh. t. d. látið hætta að starfrækja Vífilsstaðahælið og sent sjúklingana heim, ef honum svo sýndist. Engri ábyrgð væri hægt að koma á hendur honum fyrir slíkt; hann hefir fullkominn rjett til þess samkvæmt heimildinni.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir brugðið mjer um, að jeg væri ekki þinglegur. Hann gerði það í kurteisum tón, og mun jeg svara á sama hátt. Það var aðeins formið á minni tillögu, sem hann taldi óþinglegt, en þessi tillaga er sú óþinglegasta, hvað efni snertir, sem nokkurn tíma hefir verið fram borin á Alþingi. (*J. Þ.*: Gott, að það er þessi þm., sem álítur það). Það er ekki jeg einn, sem álít það. Jeg vona, að háttv. þm. (J. Þ.) geri sjer og þinginu þann sóma að falla frá þessari tillögu. En ef hann ekki gerir það, þá heimta jeg nú þegar nafnakall um hana, því að jeg vil sjá, hverjir það eru, sem vilja taka fjárveitingarvaldið frá þinginu og fá það í hendur einum manni, fjármálaráðherra.

Björn Hallsson: Jeg stend ekki upp til þess að tala með neinni brtt., enda er jeg svo heppinn að eiga hjer enga brtt. Út af öðru atriði vil jeg tala nokkur orð. Búið er að benda á, að fjárhagshorfurnar sjeu ekki glæsilegar. Rækilegast hefir háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gert þetta, sem háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) var nú að heilsa upp á fyrir. Tel jeg hann hafa lýst ástandinu rjett, en ekki sjeð það í neinum spjespegli. Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) virtist hafa nokkra aðra skoðun á fjárhagsástandinu, og hjelt að menn litu fulldökkum augum á það. Ekkert er við því að segja, þótt háttv. þm. (Jak. M.) hafi þá skoðun. En jeg hygg fulla ástæðu til að fara gætilega, því

að ljótt er útlitið. Gamall málsháttur segir, að menn eigi að búast við því illa, því að það góða skaði aldrei, og hygg jeg að þetta sje fullkomlega rjett. Slíkar horfur sem nú eru, hafa aldrei verið, frá því löggjafarvaldið komst í okkar hendur, og sökum þess hefi jeg viljað fara gætilega í öll fjárútlát, en það hefir ekki tekist, vegna þess, að meiri hluti þessarar háttv. deildar virðist ekki vera búinn að átta sig á afturkippnum, sem í alt er kominn, frá því, sem var á veltiárunum.

Mjer hefir verið borið það á brýn, að jeg væri íhaldssamur. Slíkt tel jeg ekki ámæli. En hitt teldi jeg ámæli. ef hægt væri að segja um mig með sanni, að jeg væri eyðslusamur, eins og nú er ástatt fjárhagslega. Illa er mjer við að þurfa að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum, eins og lagningu símalína og vega, byggingu vita o. s. frv., en því miður virðist mjer einmitt langmest dregið úr fjárveitingum til slíkra hluta. En þá er ástandið óneitanlega ilt, þegar landssjóður gengur mest í laun og bitlinga, eins og nú virðist útlit fyrir. — Jeg vil ekki mála neinn fjanda á vegginn, en mjer virðist ástandið þannig nú, að nauðsynlegt sje að greiða atkvæði á móti öllum fjárveitingum, sem með nokkru móti mega bíða. Því að álögurnar eru gífurlegar, ef 90—100 kr. koma á hvert nef á landinu, eins og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði vera. Tekjuhallinn er nú orðinn 2¼ milj., og þar við bætist, að gera má ráð fyrir, að tekjurnar nái hvergi nærri áætlun. Jeg hefi heyrt, að tollarnir væru ekki nema nál. ⅓ af hinu áætlaða þann ársfjórðung, sem liðinn er af þessu ári, og sje það rjett, þá gefur það slæma bendingu. Og væru brtt. þær samþyktar, sem hjer liggja fyrir, eykst fjárhagshallinn enn. Ekki líta fjáraukalögin heldur vel út, þar sem upphæð þeirra fyrir 1920 og 1921 er víst orðin yfir 1¼ milj. Er það eins há upphæð eins og fjárlögin hljóðuðu upp á fáum árum fyrir stríðið. Að vísu liggja fyrir tekjuaukafrumvörp. En sá galli er á, að þau íþyngja gjaldendunum, en hjá því verður ekki komist, eigi ríkissjóður ekki að fara um koll. En álögin verða þó að hafa einhver takmörk, og það verður, eins og jeg hefi sagt, að spara, til þess að þjóðin sligist ekki undir gjöldunum. Atvinnuvegirnir eru dofnir og í móki, og því er athugavert, hvað óhætt er að leggja á landsmenn, hvaða gjaldþol þjóðin hefir.

Á þskj. 426 er ein brtt., sem mikið er búið að tala um. Það er fjárveitingin til Sterlings. Það er stór upphæð, og þó er mjer illa við að greiða atkv. á móti henni. Finst mjer upphæðin svo há, að lítil líkindi sjeu til, að Sterling muni þurfa alt það fje, því að ástæða er til að ætla, að útgerðarkostnaður muni lækka, þar sem kol hafa stórlækkað frá því á síðastliðnu ári. Teldi jeg hæfilegt að veita Sterling 300 þús. kr. og mundi greiða atkvæði með því. Mætti laga það í háttv. Ed. Hins vegar er jeg sammála háttv. samþm. mínum (Þorst. J.) um það, að ekki sje til neins að hafa falska liði í fjárlögunum, því að upphæðin kemur þá í aukafjárlögunum. En jeg vil samt heldur hafa þessa upphæð of lága en of háa. Jeg vil ekki vera að ýta undir stjórnina, með því að ætla óþarflega háa upphæð til strandferðanna. Hitt er bending til stjórnarinnar að fara gætilega, ef upphæðin er ekki mjög há.

Jeg get tæplega álasað fjvn. yfirleitt fyrir tillögur hennar. Finst mjer hún ekki hafa verið mjög ógætin. Vitanlega má deila um rjettmæti einstakra fjárveitinga, sem hún hefir tekið upp, en vandi hefir verið fyrir hana að velja úr, þar sem vitanlegt er, að hún hefir ekki tekið til greina nema einn tíunda part af fjárbeiðnum þeim, sem fyrir henni lágu. Þótt jeg þannig ekki álasi nefndinni fyrir ógætni, þá tel jeg mikið spursmál, hvort

ekki hefði verið rjett, eins og sakir standa nú, að skera svo mikið niður af fjárveitingum, að nokkurnveginn hefði verið fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður mundi geta borgað það, sem í fjárlögunum stendur. En eins og alt er nú í pottinn búið, kæmi mjer ekkert á óvart, þótt tekjuhallinn yrði 3 til 4 miljónir, þegar öllu er á botninn hvolft. — Og ekki tel jeg rjett í þessu árferði að mæla með mjög miklu af bitlingum, en þar finst mjer nefndin ekki nógu gætin. Jeg verð því, býst jeg við, eins og áður, að greiða atkv. á móti ýmsum till. hennar, sem mjer virðast mega bíða.

ATKVGR.
um brtt. út 13. gr.

Brtt. 426.I. (aðaltill.) feld með 17 : 4 atkv.
— 426.I. (varatill.) feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P., P. J.
nei: P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. E., H. K., J. A. J., J. B., J. S.,
Tveir þm. (B. Sv. og Ó. P.) fjarstaddir.

Brtt. 426.II. samþ. með 15 : 3 atkv.
— 426.III. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 426.IV. feld með 13 : 8 atkv.
— 426.V. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. J., Gunn. S., J. S., J. Þ., M. J., M. K., M. P., P. J., P. Þ., St. St., Þorl. G., Þorl. J.
nei: Þorst. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., M. G., P. O., S. St., Sv. Ó.
Tveir þm. (B. Sv. og Ó. P.) fjarstaddir.

Brtt. 426.VI. samþ. með 13 : 4 atkv.
— 426.VII. feld með 13 : 10 atkv.
— 426.VIII. samþ. án atkvgr.
— 426.IX.a. samþ. með 14 : 6 atkv.
— 426.IX.b. samþ. með 15 : 6 atkv.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg hafði hugsað mjer að lengja ekki umræðurnar um of, og tala því ekki mikið um fjárlögin og stefnu nefndarinnar alment, en neyðist þó til að fara með nokkrum orðum út í það, vegna ummæla, sem hjer hafa fallið. Jeg vil minna á, að jeg sagði við 2. umr., að þær upphæðir, sem mætti spara, væru svo litlar, að fjárhag landsins munaði það engu, svo bágur mun hann trauðla vera, og jeg vona, að hann verði það heldur ekki.

Jeg gat þess þá og, að 14. og 15. gr. hækkuðu fjárlögin um 205,000 kr. og 16. gr. um 96,000 kr., samtals 300 þúsund kr. Er það næstum alt til framkvæmda, en lítið sem ekkert til einstakra manna, eða svo lítið, að það hefir engin áhrif. Mjer finst, að menn hafi talað allóvarlega hjer í deildinni um fjárhag landsins, þegar það er gefið í skyn, að það mundi valda fjárhagslegu hruni fyrir landið, ef lögin yrðu samþykt 300—400 þús. kr. hærri en stjórnin lagði til. Stjórnin áætlaði svo varlega, að enginn hefir treyst sjer til að skera neitt niður, nema einar 1200 kr. Jeg hugsa, að ekki mundi heldur vera gengið eftir þeim, ef fjárhagur landsins væri undir því kominn. Það er ekki ósparsemi að kenna, þó að nefndin hafi hækkað fjárlögin nokkuð frá því, sem stjórnin gekk frá þeim, því að hún samdi þau nokkru áður en þau komu í nefnd, og hafa henni komið margar umsóknir í hendur, sem vitanlega hafa ekki komið fyrir stjórnina, en hún hefði þó væntanlega samþykt. Þessi deila um stefnu nefndarinnar er því deila um skegg keisarans, því að nefndin hefir ekki komið með aðrar tillögur en þær,

sem hver stjórn hefði hlotið að taka upp. Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) kom með skýrslu um hlutfallið á milli verðsins á seldum vörum og tekna ríkissjóðs. Var hún fróðleg, og það sýndi sig, að tekjur ríkisins voru of litlar á stríðsárunum. Því að svo stóð á, að verð á peningum fjell, og sá, sem greiddi áður 1 krónu, átti eftir gildi peninganna að greiða 0,50 kr., og síðast 0,20 kr., er þeir stóðu lægst. Þetta var í fullu samræmi við það, sem jeg vissi og hafði bent á, að of lágt gjald var lagt á menn er peningar stóðu sem lægst. Jeg vildi fara eftir verðlagsskrá, og að það mætti fara eins með tekjur ríkissjóðs eins og t. d. greiðslur til embættismanna. Ef það hefði verið gert, er gjaldþol manna var best, þá væri ríkissjóður betur staddur en hann er nú, og mundi þar að auki eiga fje afgangs. Jeg þori ekki að segja hverjir stóðu þar aðallega á móti, en það mætti sjá það í Þingtíðindum, ef að væri gætt, en jeg hygg, að það hafi verið hinir svonefndu sparnaðarmenn. Það kann að vera, að *þá* hafi verið auðvelt að sannfæra menn um, að tillaga mín væri ekki sem hollust, en *nú* mun það vera erfiðara, þegar það er orðið hverjum manni augljóst, að gjaldþol ríkissjóðs líður við, að þessum ráðum mínum var ekki hlýtt. Skýrsla háttv. þm. (J. Þ.) sannar, að það væri langt frá því, að landið væri nú í vandræðum, heldur mundi það eiga í sjóði. Það er vert að benda á, að það er mikils vert að geta sjeð fram á veginn, og ríkið reyni að ná í sem mestar tekjur, þegar gjaldþol manna er gott, en hlaupa ekki til og skera niður allar framkvæmdir, er til góðs mega vera. Slíkt getur litið út sem sparsemi, en er eyðslusemi af verstu tegund, eyðslusemi á því, sem er dýrmætara en nokkrir peningar, kröftum þjóðarinnar.

Þetta læt jeg mjer nægja að segja um hin almennu atriði að sinni. En mjer þótti vænt um að heyra skýrslu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), er sannaði hve landið skaðaðist mikið á að fallast ekki á tillögur mínar. Jeg skal svo minnast lítið eitt á till. fjárveitinganefndar á þskj. 426. Það er þá fyrst XI. liðurinn, að 3% komi í stað 6%. Jeg ætla, að sjálfur hæstv. fjrh. (M. G.) hafi látið þess getið, að hann mundi sætta sig betur við, að það væri lækkað heldur en að það væri afnumið. (*M. G.*: Það má ekki vera of mikið). Jeg vona að hæstv. fjrh. (M. G.) láti sig engu skifta hvort þetta er lækkað um 1% meira eða minna, og það verði ekki gert að ágreiningsatriði. XIII. liðurinn er leiðrjetting. Það vantaði 600 kr. til Blönduóss-skóla til þess, að styrkurinn til hans væri í samræmi við annan skóla, er líkt stóð á fyrir. Þetta þurfti auðvitað lagfæringar við. Þá er XVI. liðurinn, um að í stað 3000 komi 5000 kr. til kaupa á listaverkum. Það vildi svo slysalega til, að fyrir misskilning fjell það við 2. umr., sem þó allir vildu samþykt hafa. Menn hafa látið í ljós, að æskilegt væri, að keypt væru ýms listaverk, en það veit hver maður, að lítið fæst fyrir 3000 kr., og mundi þá þurfa að kaupa þau upp á lán, og greiða með afborgunum. Jeg tel því víst, að deildin verði fús á að veita þessa viðbót.

XVII. liðurinn er 1500 kr. styrkveiting til útgáfu bókar um norræn viðurnefni. Það er alkunnur sænskur vísindamaður, sem hefir safnað til bókarinnar. Hann hefir styrk frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og er leitt, ef við drögum okkur í hlje; að vísu munar lítið um þetta, en er þó betra en ekki. Bók þessi er efalaust afarfróðleg, eins og alt, sem að nöfnum lýtur, því að þau geymast og minna á liðna tíma. Hjer eru svo mentaðir menn, að jeg tel nóg að minna á þetta, og veit, að þingmenn sjá gagnsemi þessa styrks til útgáfunnar.

XIX. liðurinn er 2000 kr. námsstyrkur til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema. Hann er sá eini, sem ekki var lokaveit-

ing til í fjáraukalögunum, og hefir þetta því verið sett inn í fjárlögin. Hann er ágætur námsmaður og efnilegur, og er sjálfsagt að styrkja hann. Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að halda langa ræðu um þennan lið, því að jeg tel víst, að þm. beri saman um, að sjálfsagt sje að styrkja þennan efnilega mentamann, þar eð hann getur ekki numið hjer á landi. Háttv. Ed. ljet alla námsstyrki halda sjer, þrátt fyrir allan sinn sparnað, og mun hún að sjálfsögðu ekki fella þennan námsstyrk, ef hann gengur í gegnum Nd.

Þá er XXIII. liður, sem er 9300 kr. til manns, sem tekur að sjer leiðbeiningar um húsagerð til sveita. Þar í er talið: laun, ferðakostnaður og skrifstofukostnaður. Jeg ætla, að þetta sje það mesta gagn, sem hægt er að veita bændum, að veita þeim leiðbeiningar, er þeir vilja byggja sjer hús. Ella ættu þeir það á hættu að reisa dýr hús með vondu fyrirkomulagi, sem lítil not yrðu að, og hefði í för með sjer, að brátt yrði að byggja á ný. En með því að hafa ráðunaut, er þeir gætu ráðfært sig við um kaup á efninu, þá myndi þetta margborga sig, þótt ríkið legði fram þessa fjárupphæð. Nefndin hefir miðað laun hans við laun aðstoðarmanns húsagerðarmeistara landsins, og telur það ekki of hátt, en hann má ekki taka borgun af bændum, og byggist það á því, að svo mörg hús mundu vera í smíðum í einu, að hann gæti ekki unnið á neinum sjerstökum stað, heldur yrði að ferðast á milli og líta eftir. Hann mun fá nóg að starfa, og má því til stuðnings nefna, að 14 menn í Eyjafjarðarsýslu ætla að byggja á næsta ári og vilja fá leiðbeiningar þar að lútandi. Þessum manni var áður ákveðið kaup hjá bændum, og svo nokkur laun frá ríkinu, en þau voru lítil, og átti hann við ill kjör að búa, þar til allra síðast að laun hans voru orðin sómasamleg. Þennan mann þekkja margir, og er ekki þörf að fara ítarlegar út í það hjer. Jeg kyntist honum, er hann var að námi í Osló, höfuðstað Norðmanna, og mjer var vel kunnugt um áhuga hans, og jeg er sannfærður um, að hann hefir unnið manna best fyrir því fje, sem honum hefir verið veitt. Jeg hverf því frá þessu, í því trausti, að bændur taki í þá hjálparhönd, sem að þeim er rjett, og líti á hag stjettar sinnar.

Jeg hefi áður haft tækifæri til þess að skýra háttv. deild frá gagnsemi „Þórs“. Hann hefir ekki aðeins bjargað nokkrum bátum og þar með mannslífum, heldur hefir hann og bjargað einu útlendu skipi. Þá getur hann og tekið sjúka menn í hafi og flutt í land, og sparað öðrum skipum með því langa siglingu fram og aftur. Hann hefir lækni um borð, og getur því veitt sjúklingum sínum alla þá hjúkrun, sem nauðsynleg er. Þess skal jeg geta um Vestmannaeyinga, að jeg hygg, að annað loflegra fyrirtæki hafi ekki verið stofnað hjer á landi en Þór er. Hann vinnur ekki fyrir eyjaskeggja eina, svo sem á hefir verið bent, og auk þess sækja menn sjó úr Eyjum víða af landinu, og er að því ekki lítil björg. Þá má benda á það, að eyjaskeggjar eru fertugasti hluti landsmanna og eiga eins styrk skilið og aðrir, og þeir greiða meira í landssjóð en aðrir landsmenn yfirleitt. Ef hver fertugasti hluti greiddi jafnmikið, væri ekki þurð á fje, og mætti þá veita upphæð þessa, án þess að á sæi. Jeg tel því sjálfsagt, að þingið styrki þetta loflega fyrirtæki, og mætti gera það með fleira móti en fje. Það væri bæði hagur landsins og eyjanna, ef Þór væri notaður til varnar við Norðurland um síldveiðitímann, því að þá er landinu mest þörf slíks skips, en lítið fyrir það að gera við Vestmannaeyjar. Oss veitir ekki af að verja landhelgi vora,

og eiga Vestmannaeyingar lof skilið fyrir framtakssemi sína í því máli. Það er auðvelt fyrir skipið að verja landhelgina í kringum eyjarnar, því að það er altaf á staðnum. En annars sæi jeg ekkert á móti því að leggja nokkurn skatt á fiskveiðarnar, í því skyni að auka landhelgisgæsluna, og mætti þá verja því fje til líkra skipa og Þórs, því að það er von mín, að ekki líði á löngu, áður en fleiri fara að dæmi eyjaskeggja. Þennan skatt væri ekki hægt að telja ranglátan, því að þar greiddu þeir, sem njóta ættu hlunnindanna.

En þó að úr þessu verði ekki í bili, tel jeg fulla ástæðu til að veita Vestmannaeyingum styrk nú þegar, og má hann ekki vera lægri en fram á er farið.

Þá kem jeg að 28. till., um lífeyri til hjónanna á Staðarfelli. Eins og mönnum er kunnugt, hefir Magnús bóndi Friðriksson og kona hans gefið höfuðbólið Staðarfell til almenningsþarfa. En þau hafa áskilið, að landið gyldi þeim lífeyri meðan annaðhvort þeirra hjóna lifði. Jeg þarf ekki að ræða um þetta mál; jeg veit, að háttv. þm. hljóta að vera þar allir á einu máli. Það er að vísu hægt að hafna gjöfinni, ef menn vilja, en sami er verknaður Magnúsar bónda eftir sem áður. Það er rausnarlegt og höfðinglegt að gefa landinu svo stóra gjöf, jörð, sem ekki mun metin undir 75 þús. kr.; og ef íbúðarhúsið stæði hjer í Reykjavík, mundi það eitt talið þess virði. Jeg skil ekki, að menn vilji forsmá slíka gjöf, og væri betur, að sá siður tækist upp, að menn gæfu gjafir til þjóðþrifafyrirtækja, til minningar um látna ástvini.

Þá er 29. till. um uppbót á eftirlaunum ekkju síra Árna á Kálfatjörn. Hún hefir nú minni eftirlaun en aðrar prestsekkjur, og mun stjórnin svara því, hvernig á stendur. En ekki er það stjórnarinnar sök.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Páls sundkennara Erlingssonar sje hækkaður úr 500 kr. í 1000 kr. Þessi maður hefir barist fyrir því alla æfi að útbreiða þarfa og fagra íþrótt, sundið, og hefir honum orðið ágengt svo feiknum sætir. Hann gerist nú gamall og er ekki fær um að stunda erfiðisvinnu, og er einnig of gamall til þess að leggja sig eftir nýrri atvinnugrein, þó að hann gæti ef til vill fundið eitthvað lífvænlegt. 500 kr. eru rjett fyrir húsnæði hjer í Reykjavík, og er það illa til svo mæts manns gert, og því hefir nefndin hækkað styrkinn. Jeg býst við, að það verði auðsótt við háttv. deildarmenn.

Þá vill nefndin veita ekkju Þorsteins Guðmundssonar 400 kr. með sömu skilmálum og öðrum. Það er talið, að fáir menn hafi unnið Íslandi meira gagn en Þorsteinn Guðmundsson; hann hefir unnið ósleitilega að vöruvöndun, og hefir orðið til þess, að álit Íslands hefir aukist og vörur þess hækkað í verði. Nefndin býst við, að mönnum verði ljúft að veita þessa fjárhæð.

Þá er 32. till. um, að af óvissum gjöldum greiðist 20 þús. kr. til Ásgeirs Pjetursonar, til endurgreiðslu á síldartolli 1919. Þessu máli er svo varið, að Ásgeir Pjetursson keypti nokkrar síldartunnur erlendis, löngu áður en tollur var lagður á síldartunnur, en hann gat ekki flutt tunnurnar allar til landsins, og galt því tollinn. Hann fór fram á 37 þús. kr. uppbót, en það varð ofan á í nefndinni að hafa það 20 þús. kr., og mælir sanngirni með því.

33. till. fer fram á lánsheimild til handa Dalasýslu, til þess að kaupa Hjarðarholt fyrir skólasetur. Upphæðin er um 30 þús. og lánist gegn vanalegum skilmálum. Jeg þarf ekki að mæla mikið með þessari till. Það er gleðiefni, þegar sýslum gefst kostur á að kaupa höfðingjasetur til skólaseturs, og er sjálfsagt að styrkja það.

Þá er 35. brtt. frá nefndinni, og fer hún

í þá átt að efla innlendan ullariðnað. Ísl. ull er ágæt og stendur ekki að baki annari ull. Það má vinna úr henni alt, sem til klæðnaðar þarf, annað en lín, og væri það mikill fengur, ef íslensk ull væri aðallega, eða nær eingöngu, unnin í landinu sjálfu. Við eyðum árlega stórfje í erlenda vefnaðarvöru, og kemur það sjer illa, sjerstaklega nú í gjaldeyrisskortinum. Ef þessi vara væri unnin hjer, sparaðist við það erlendur gjaldmiðill, sem er dýrmætur nú sem stendur, og verkakaup, því að það hjeldist í landinu sjálfu. Verksmiðja sú, sem um er að ræða, vinnur nú um 10 þús. stikur af vefnaði, en ef sú breyting yrði á henni gerð, sem nauðsynleg er, gæti hún framleitt um 100 þús. stikur. Nú munu fluttar inn um 250 þús. stikur, og sjá menn því hvílík áhrif verksmiðja þessi gæti haft, ef breytingin yrði gerð. Verksmiðjunni er vel í sveit komið; hún hefir hægan aðgang að fossafli og er hæfilega langt frá höfuðstaðnum. Eigendur hennar, sem eru ötulir og framtakssamir menn, geta fengið lán erlendis, ef landið vill ganga í ábyrgð. Það væri því misráðið, ef verksmiðja þessi væri ekki styrkt, þegar svo stendur á. Það ætlast enginn til, að gengið sje í ábyrgðina nema hagur verksmiðjunnar sje þekkur og tryggur. Eins verður landið að hafa einhverja íhlutun um rekstur verksmiðjunnar. — Stjórnin má ekki tefla fje landsins á tvær hættur, en hún má heldur ekki vera of rög eða smásálarleg. Nefndin telur nauðsynlegt, að stjórnin skipaði einn eftirlitsmann, og hafa eigendurnir tjáð sig fúsa til að greiða kaup þess manns. Með þessum tryggingum og öðrum, sem stjórnin telur nauðsynlegar, og ekki er hægt að vita nákvæmlega um fyrirfram, telur nefndin hættulaust, að landið gangi í ábyrgð fyrir þessu láni. Það er sjálfsagt, að landið geri alt, sem í þess valdi stendur, til þess að efla atvinnuvegi landsmanna. Þessi verksmiðja hefir verið rekin með dugnaði og fyrirhyggju, og geta háttv. þm. nokkuð dæmt um hana af eigin sjón. Jeg býst við, að þeir fallist á það, sem jeg hefi hjer sagt, og fylgi nefndinni í þessu máli.

Þá er 36. brtt. frá nefndinni, við 22. gr. Nefndin fer fram á, samkvæmt beiðni hæstv. atvrh. (P. J.), að frú Anna Stephensen fái 1000 kr. án uppbótar. Hæstv. ráðh. (P. J.) mun eflaust gera nánari grein fyrir þessu, og jeg vænti, að háttv. þm. verði ljúft að samþykkja það, er þeir hafa heyrt skýringu hans.

Þá kem jeg að brtt. einstakra þingmanna, og skal jeg reyna að lýsa afstöðu nefndarinnar til þeirra, eftir því, sem mjer er fært.

Nokkrir háttv. þm. vilja fella niður styrk til undirbúnings byggingar í Reykjaholti. Nefndin hefir ekki sjeð ástæðu til þess að skifta um skoðun í því máli, og jeg býst ekki við, að þær ástæður verði fram færðar, sem knýi fram skoðanaskifti. Jeg vona því, að þessi tillaga verði feld.

Þá kem jeg að 12. brtt., frá hv. 3. þm. Reykv. (J.Þ.) um,að saman sje slegið þessum tveim verslunarskólum og þessum eina skóla veittar 12 þús. kr. Nefndin telur það hreina ófæru nú sem stendur, en er hins vegar á því máli, að þessir tveir skólar ættu ekki að vera til í framtíðinni. En hinu hefir nefndin ekki trú á, að þessum stofnunum semji svo vel, að ráðlegt sje að slá þeim saman. Hugsunin á bak við brtt. hv. þm. (J. Þ.) er alveg rjett, en nefndin telur betra,að þingið semji lög um einn slíkan skóla. Og það ættu þá ekki að verða nein vandkvæði á því, að koma á fót slíkum skóla, því að sama er verslunarfræðin, sem allir versla eftir.

Þá er 14. brtt. frá háttv. þm. Ísaf. (J.

A. J.). Hann ætlar sjer þá dul að setja hjer upp aftur alla skólarununa, og láta Alþingi skifta á milli skólanna. Nefndin áleit skiftinguna eiga að vera í höndum fræðslumálastjórnar, enda fjelst deildin á þá skoðun við 2. umr. Það er því undarlegt, að nú skuli koma fram till. um það, að láta menn, er alls ekki hafa neina þekkingu á málinu, skifta þessu fje niður. Þessar fjárveitingar eiga að koma rjettilega niður, svo að engri stofnun verði gerður órjettur. En til þess treysti jeg mjer ekki, og er jeg þó málinu eins kunnugur og aðrir háttv. deildarmenn. Og jeg vil í sambandi við þetta minnast á það, hver eigi að vera stjórn skóla landsins. Sumir vilja hafa skólaráð, en þeim get jeg ekki fylgt að máli. Yfirstjórn skólanna á að vera í höndum kenslumálaráðherra, og það verður aldrei sæmilegri skipun komið á kenslumál vor, fyr en kenslumálaráðherra hefir fengið sjerstaka kenslumálaskrifstofu, en fyrir henni ætti að vera, ef jeg svo mætti að orði komast, kenslumálafræðingur, maður með sjerþekkingu á öllu því, er að fræðslumálum lýtur. Það er ekki hugsanlegt, að sami maðurinn sje jafngóður sem skrifstofustjóri fyrir dómsmálaráðherra og fyrir kenslumálaráðherra. Lögfræði og kensla eru svo ólíkar og óskildar, og að lögfræðingum annars ólöstuðum, þá held jeg, að einmitt þeir sjeu síst til að gegna þessu starfi. Nefndin getur því alls ekki fallist á till., enda geta líka komið upp 5—10 skólar á næsta ári, og enginn skóli er svo góður, að ekki geti komið annar betri, og þá er óheppilegt, ef búið væri að skifta upp öllum fjárveitingum til slíkra skóla.

Jeg kem þá að 15. brtt., frá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Öll nefndin hefir getað fallist á hana. Ýmsir í nefndinni þektu þann skóla, og hinir vildu ekki fyrir ókunnugleika sakir verða meinsmenn skólans í því, að hann fengi þennan 400 kr. styrk.

Næst verður fyrir mjer 18. brtt., frá hv. 1. þm. Árn. (E. E.). Háttv. þingmaður hefir enn ekki talað fyrir þessari brtt. sinni, og þar eð jeg veit ekki, hver þörf er á því að gefa út þjóðsögurnar sjerstaklega nú, þá bíð jeg, uns jeg hefi heyrt rök þau, er hann kann fram að bera fyrir máli sínu.

Brtt. við 3. lið 16. gr., frá þremur háttv. þm. (J. S., B. H., P. O.), er nefndin samþykk, nema að því leyti, að hún vill fella niður orðin: „eða lagður í fjelagssjóð", eins og sjá má á brtt. hennar á þskj. 436. Það er ekki svo, að nefndin væri því mótfallin að geymt væri frá ári til árs, en þessi orðatiltæki eru svo almenn, að vel mætti misbrúka þau. Þess vegna er hjer ekki um skoðanamun að ræða, heldur aðeins sjerstaka varkárni af hálfu nefndarinnar.

Um 21. brtt., frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), er það að segja, að meiri hluti nefndarinnar var mótfallinn þeirri auknингu til skóggræðslu, en jeg fyrir mitt leyti er henni samþykkur og áskildi mjer rjett til að haga svo atkv. mínu.

22. brtt. má samþykkja án atkvgr.

Þá er 24. brtt. frá hv. þm. Barð. (H. K.), um eftirgjöf á láni til Suðurfjarðarhrepps. Meiri hl. nefndarinnar var á móti henni, en sumir aftur með, og meðal þeirra var jeg, og áskildi jeg mjer að mega greiða svo atkvæði mitt.

25. brtt. frá háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) hefir nefndin getað fallist á, enda var ekkert kapp í nefndinni við 2. umr. að hafa frekar 10 þús. en 12 þús., en rök háttv. þm. (B. H.) þótti nefndinni fullnægjandi.

Till. frá háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) er nefndin andvíg. Hún hefir ekki viljað veita styrk til húsagerðar, sem ekki er byrjað á.

Að því er snertir 34. brtt., frá háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), um lán til veitingamannsins í Borgarnesi, þá eru þar óbundin atkvæði nefndarinnar. Jeg var á móti því síðast, og tel naumast heppilegt, þar sem 2 veitingamenn eru í sama þorpi, að styrkja annan þeirra sjerstaklega.

Jeg kem þá næst að 37. brtt., frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), en þar er að ræða um allsherjarheimild fyrir fjrh. til að semja ný fjárlög. Nefndin var öll á því máli, að svo góð stjórnarbylting væri enn ekki orðin hjer, að rjett væri að afhenda alla ráðstöfun fjármála einum manni og gera hann að alræðismanni. Vildu menn semja sig að háttum hinna fornu Rómverja og semja lög sín eftir þeim, þá mætti auðvitað setja í stjórnarskrána ákvæði, er gerði einn mann að „dictator" með fullkomnu alræðisvaldi, en meðan slíkt ákvæði er ekki til í stjórnarskránni, sje jeg ekki, að ástæða sje til þess að taka upp slíkt fyrirkomulag. Annars trúi jeg varla, að háttv. þm. (J. Þ.) sje full alvara með þessa brtt. sína, því að hjer er hvorki meira eða minna en verið að ónýta alt starf þingsins og selja það einum manni í hendur. Þetta furðuverk hefði heldur átt að gerast þegar í byrjun þings, og stytta svo þingið.

Fleira er svo ekki, sem jeg þarf að segja fyrir hönd nefndarinnar, en jeg á 2 brtt., sem jeg vildi minnast lítilsháttar á. Jeg ber þær fram einn, af því að nefndin hefir þar ekki treyst sjer til að ljá mjer aðstoð sína.

Önnur þeirra er viðvíkjandi orðabókinni. Svo er mál með vexti, eins og jeg áður hefi skýrt frá, að byrjað var á samningu þessarar bókar á öðrum grundvelli; hún átti sem sje ekki að vera vísindaleg, sem kallað er. En þegar sá maður dó, sem að henni vann, fjekk jeg, ásamt nokkrum öðrum, því til vegar komið, að lagt var út í að semja vísindalega orðabók. Er það það eina stórvirki á því sviði, sem þingið hefir ráðist í, og það eina stórvirki, sem Íslendingar hafa gert til ágætis tungu sinni. Alt annað, sem á þessu sviði hefir fram komið, hefir verið útlenskt, nema Supplement Jóns Þorkelssonar og einstök vísindarit eftir hann, sem þá eru alveg um sjerstök efni. Það er svo grandvart um bókmentasöguna á síðari öldum, að Íslendingar hafi skrifað, heldur hefir austurrískur maður ritað um það efni. Auðvitað má telja bókmentasögu Finns Jónssonar; hann er þó af íslensku bergi brotinn, þótt bókin sje samin erlendis. En enginn Íslendingur hefir enn samið sómasamlega orðabók, sem til vísindarita megi teljast. Nú er kominn tími til þess, að Íslendingar fari sjálfir að yrkja sinn akur, taki sjálfir að sjer að vernda tungu sína og þá fjársjóðu, sem hún á liðnum öldum hefir eignast. En slíkt verk er einmitt orðabókin. Svo óheppilega tókst til, að sá, er að henni vann í síðara skiftið, Björn frá Viðfirði, fjell frá að hálfnuðu skeiði. Hefði hann lifað, þá mundi fje hafa fengist tregðulaust hjer á þingi, en þegar hann dó, þá komu þeir, er andvígir voru verkinu, ár sinni svo fyrir borð, að mjög var spilt fyrir fyrirtækinu. Og nú hefir það komið í ljós hjer á þinginu, að menn vilja ekki veita þá fjárveitingu, er að haldi kemur, svo bókin verði vísindaleg. En slík hálfvelgja verður til þess, að verkinu miðar ekkert áfram og fjárveitingin verður aðeins styrkur til einstaks manns. Nú er Jakob Jóhannesson af öllum íslenskum mentamönnum best fallinn til þess að vinna að orðabókarstarfi, og er fús til þess að gefa sig allan við þeirri iðju, og hins vegar eru margir menn eins vel fallnir til kenslu sem hann. Í orðabókina er hann ágætur, hefir alla þá mentun og þekking, er þarf til þess að vinna það verk vel. En engin nauðsyn var til þess að keyra hann inn í Mentaskólann, því að nógir menn voru til þess að skipa þann sess. Það er líka undarlegt, að hæstv. stjórn skuli vera í svo miklum vanda að finna kennara. Jeg beið í 10 ár, áður en mínir ágætu landar fundu ástæðu til að sjá mjer fyrir lífvænlegri stöðu. Og undarlegt mætti það heita, ef nú, svo skömmu eftir að 10 ára bið þurfti til að fá stöðu fyrir lægstu laun, skyldi vera ómögulegt

að fá mann fyrir full laun. Þess vegna er það ekki annað en fyrirsláttur, að þennan mann þurfi endilega á þennan stað.

Hin brtt. mín hygg jeg muni ná fram að ganga, úr því að þingið þegar einu sinni hefir tekið Þórberg Þórðarson að sjer. Starf hans er nokkuð sjerstakt og mjög nytsamt. Með þessu væri borgið hinu mikla verki. Það slitnaði þá ekki sundur og færi alt forgörðum á endanum.

Jeg vil nú sanna þetta mál mitt með því að lesa hjer upp fáein brjef, sem Jóhannesi Lynge hafa borist viðvíkjandi orðabókinni.

Það er þá fyrst frá Dr. J. C. Poestion:

„Sehr geehrter Herr!

Besten Dank für „Álit og tillögur um vísindalega íslenska orðabók, ásamt sýnishorni". Es ist hocherfreulich dass wir ein wissenschaftliches isländisches Wörterbuch bekommen sollen u.z.w. —

(*Forseti* (*S. St.*): Þm. hafa ekkert gagn af þessum lestri. Vill ekki háttv. þm. (B. J.) annaðhvort hætta eða lesa á íslensku). Bæði er það, að ekki þarf jeg að biðja forseta um leyfi til þess að lesa skrifað mál — það er hverjum þm. heimilt — og svo hitt, að flestir háttv. þm. munu skilja mál mitt.

— — von berufenen Händen. Die längeren Proben sind köstliche Bissen und Kostproben. Hoffentlich erlebe ich noch das Erscheinen dieses trefflichen Werkes".

Hjer er kafli úr öðru brjefi, frá próf. Finni Jónssyni:

„Jeg þakka yður fyrir brjefið og Álitið. Mjer var það ekki ókunnugt að efni, eins og þjer vitið nú. Af því að Jón ráðherra bað mig að lesa það í handriti, þóttist jeg ekki hafa heimild til að segja yður frá því í sumar, enda vissi jeg, að það mundi koma fram á sínum tíma. Hafi mitt álit orðið að nokkru gagni, er mjer það ánægja. Aðalatriðið haldið þjer fast við, það að taka fornmálið með — og má það til sanns vegar færa auðvitað. Jeg sje, að þjer hafið farið að eins og mig grunaði og jeg þóttist finna, tekið dæmi úr orðabókunum, og er það skiljanlegt og eftir atvikum verjandi."

Það er merkilegt við þetta brjef, að próf. Finnur hjelt því fram áður, að rjettast væri að hafa orðabækurnar þrjár, eina yfir fornaldarmálið, aðra yfir miðaldamálið og þriðju yfir nútímamál. En nú hefir hann horfið frá þessari skoðun, eins og sjá má af brjefinu. Var það og rjett, því að ef gefnar væru út þrjár samhliða orðabækur, þá mundi að minsta kosti $^{9}/_{10}$ allra íslenskra orða koma fyrir í öllum bókunum. Og mega allir sjá, hversu mikil hyggindi eru í því fólgin að prenta þannig hvert orð þrem sinnum.

Enn er hjer brjef frá Halldóri Hermannssyni:

„Jeg hefi lesið álit ykkar og tillögur vandlega, og virðast mjer þær mjög góðar. Jeg er algerlega á yðar máli, að því er það snertir, að orðabókin taki yfir alt málið að fornu og nýju, og jeg varð alveg hissa þegar jeg sá það (í grein í Ísafold, að mig minnir), að próf. Finnur hallaðist að þeirri skoðun, að rjettast væri að skilja málið í þrent: forn- mið- og nýíslensku, og er það bara vegna þess, að sú skifting á sjer stað í skyldum germönskum málum. Vonandi fáið þjer yðar málstað fyllilega viðurkendan, að taka skuli alt málið að fornu og nýju, og virðast mjer allar tillögur yðar þar að lútandi vera rjettar. Það er mikið starf, sem þið hafið tekist á hendur, og ættuð þið skilið að vera styrktir vel og drengilega við það, því ekkert er okkur Íslendingum jafn dýrmætt og málið, og það er víst fátt, sem er meira áríðandi nú um stundir en að fá góða orðabók yfir það. Jeg

veit, að fyrir yður mun það vera „labour of love", en vegna þess ætti hið opinbera ekki að láta yður búa við sultarlaun. En starfið er veglegt, og víst er um það, að framtíðin mun meta það eftir verðleikum."

Þetta eru þá ummæli þessara háttv. manna og ágætu fræðiskörunga, og hefi jeg lesið þau hjer til þess að háttv. þm. sjái, að það eru fleiri en jeg, sem halda fram þessari orðabók, og að hjer sje ekki um eintómar sjerkreddur að ræða frá Bjarna Jónssyni frá Vogi. Nei. Jeg hefi aðeins haldið í þessu efni fram því, sem viðurkent er um heim allan af mentuðum mönnum.

Háttv. þm. geta því óhræddir samþykt brtt. þess vegna, að hjer eru engar sjerkreddur og hjegómi á ferðum, heldur er þetta hið mesta þarfamál. Og jeg býst og við, að þeir geri það og veiti fúsir þessar 9100 krónur, til þess að halda megi áfram eina bókmentastórvirkinu, sem í hefir verið ráðist, að því er íslenskt mál snertir, og til þess að halda uppi sóma íslenskrar þjóðar og íslenskrar tungu.

Þá kem jeg að till. um lánveitingu til Stefáns skálds í Hvítadal, til kaupa á nokkrum hluta af jörðinni Melum.

Þetta skáld er vafalaust besta núlifandi ljóðskáld. Hann er fullþroska maður og fullþroska skáld. Með þessu vil jeg þó engan veginn spá neinum hrakspám um ungu skáldin. Þau eru mörg efnileg, og má vel vera, að eitthvert þeirra verði Stefáni fremra síðar, er þau hafa náð fullum þroska. En jeg tel Stefán nú langfremstan af lyriskum skáldum þessa lands. Það má vera, að jeg særi einhvern með þessum orðum. En jeg hefi sjálfur fengist við rím töluvert, og meira að segja hafa allir hv. þm., nema 2, talið mig færan til að snúa erlendum hugsunum í íslenskt rím. Það mætti því líta svo á, að jeg hyggi nærri sjálfum mjer með þessum dómi. En jeg segi mjer það til hróss, að jeg hefi ekki þekt öfund, og get því fyllilega unnað þessu ágæta skáldi sannmælis.

Stefán er maður fátækur og heilsuveill. Það er honum því mjög haglegt að hafa smábýli, þar sem hann getur alið önn fyrir konu og börnum, en fengist við ljóðagerð í tómstundunum. Bændur í sveitum hafa venjulega lítið að gera á vetrum og langar frístundir, jafnvel þótt þeir sinni sjálfir gegningum, en þó miklu meiri, ef þeir hafa gegningamenn. Þessir menn hafa því bestan tíma og best næði til andlegra starfa. Væri það vafalaust best, ef skáld og listamenn landsins vildu búa í slíkri kyrð, sem sveitirnar bjóða, í stað þess að flykkjast til kaupstaðanna.

Það munu og á annan hátt verða betri kjör þessa manns, ef hann fer að búa. Honum ætti þá að vera efnalega borgið, og landið þyrfti því ekki að taka hann á sína arma, að líkindum. En þingið hefir venjulega orðið bæði seint og illa við fjárbeiðnum slíkra manna. Og er þar skemst að minnast á Þorstein heitinn Erlingsson, er lifði mörgum árum skemur fyrir það, hversu illa hann var styrktur af landinu. Landið á að hjálpa fáum mönnum, en það á þá líka að hjálpa þeim vel.

Hjer er ekki farið fram á styrk beinlínis, heldur lán, og mundi jörð og hús standa fyrir því láni.

En því hefi jeg komið fram með þessa tillögu, að jeg hygg þetta hægastan og sómasamlegastan máta, til þess að hjálpa áfram þessum ágæta manni. Hygg jeg, að varla muni koma fram mótmæli gegn þessari till., og skal því ekki fara um hana frekari orðum.

Jeg hefi nú þegar talað alllengi, en þó vil jeg telja mjer til hróss, hvað jeg hefi verið stuttorður. Till. þær, sem jeg hefi haft framsögu að, eru mörgum sinnum fleiri en hinar, sem hjer voru til umræðu áður í dag. Jeg hafði hugsað mjer að vera

í þessari ræðu sem stuttorðastur, og var það öfugt við ætlun mína við 2. umr. fjárlaganna. Þar vildi jeg skýra rækilega frá og gera grein fyrir skoðun minni á fjármálunum, og hafði þá fyrir augum, að j[illegible] gæti þá dregið mig nokkuð í hlje við þessa umr.

Hákon Kristófersson: Jeg á eina brtt. við fjárlögin að þessu sinni, og þótt hún sje raunar þess eðlis, að mjer sje ógeðfelt að flytja hana, af því að hún fer í útgjaldaáttina, enda þótt hún að öðru leyti eigi, eins og á stendur, mikinn rjett á sjer, þá verð jeg þó að fara um hana nokkrum orðum.

Þessi tillaga hefir legið fyrir háttv. fjvn., en hún sá sjer ekki fært að fylgja henni, og býst jeg við, að það hafi verið vegna hins afarerfiða fjárhags landsins, en ekki af því, að henni hafi ekki verið fullkomlega ljóst, hve sanngjörn tillaga þessi er. Eins og háttv. fjvn. er kunnugt, þá var upphæðin, sem farið var fram á af hálfu hreppsnefndarinnar, mun hærri en sú upphæð, sem jeg fer fram á í minni till. En jeg lækkaði upphæðina, í þeirri von, að hin háttv. deild sæi sjer þá fremur fært að fylgja tillögunni.

Fjárveiting þessi hlýtur að verða einskonar styrkveiting, því að það eru engar líkur til, að þetta fyrirtæki geti borið sig eins og ástatt er, nema að ríkissjóður hlaupi undir baggann, eins og jeg tel sjálfsagt að hann geri, eftir því, sem fyrir liggur. En ef maður nú lítur til þess, hvað háar fjárveitingar hafa nú verið samþyktar hjer í háttv. deild, þá sýnist mjer þó, að hjer sje ekki úr hófi farið. Sem besta sönnunargagn í máli þessu vil jeg leyfa mjer að lesa hjer upp brjef viðvíkjandi þessu máli, sem hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps sendi Alþingi. Mun það best skýra málið fyrir háttv. þm.

„Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt af brjefi hreppsnefndar Suðurfjarðarhrepps, dags 21. mars 1918, hafði hreppsnefndin með höndum byggingu raforkustöðvar fyrir Bíldudalskauptún, er byrjað var á vorið 1916. Í tjeðu brjefi er lýst gangi málsins til vors 1918.

Það ár var strax og frost leysti úr jörðu, farið að setja niður steinsteypupípur þær, sem hreppsnefndin hafði fengið frá pípuverksmiðju Rvíkur, í staðinn fyrir járnpípur þær, sem sökt hafði verið, og var fenginn maður frá pípuverksmiðjunni til að sjá um verkið. Þegar vatni var hleypt í pípurnar kom þá þegar í ljós leki á nokkrum þeirra, svo sjáanlegt var, að ekki var hægt að nota þær í því ástandi, og var því í samráði við seljanda fenginn Ólafur verkfræðingur Þorsteinsson til að skoða pípurnar. Meðan hann var hjer, var leki á nokkrum pípum, sem gert var við, með því að steypa utan um þær, og eftir að hann fór komu enn í ljós gallar á pípunum, og það að mun meiri en áður; tókst þó loks að gera svo við þá galla, að stöðin gat starfað yfir veturinn.

Vorið eftir, þá er frost fór úr jörðu, komu enn á ný í ljós stórvægilegir gallar á pípunum, þannig, að á þær duttu stór göt, sem alt vatnið kom út um og gerði skemdir á löngu svæði meðfram pípunum. Í byrjun var reynt að gera við þessar skemdir, en jafnfljótt og vatni var hleypt í pípurnar, komu nýjar skemdir í ljós. Var því fyrirsjáanlegt, að pípur þessar mundu aldrei verða til frambúðar, þrátt fyrir það, þótt verkfræðingur hefði verið fenginn til ráða við tilbúning þeirra. Var því ei annað fyrir hendi en að taka pípur þessar upp, og kom þá bersýnilega í ljós, að pípur þessar voru algerlega

óhæfar til notkunar, því að margar af þeim voru svo gljúpar, að hægt var að mylja þær upp með höndunum, og varð því að fá trjepípur í þeirra stað, þar sem járnpípur voru svo dýrar, að mátti heita ókaupandi. Trjepípur þessar voru fengnar frá Ameríku og settar niður um haustið, og hefir alt síðan verið í góðu lagi.

Fyrir þessi vansmíði á steinsteypupípunum fór hreppsnefndin í mál við pípuverksmiðjuna, er samkvæmt samningi átti að dæmast af gerðardómi verkfræðingafjelagsins, og krafðist þess, að fá pípurnar endurborgaðar, og allan kostnað við þær, alls að upphæð 16,892 kr. + krónum 888, sem var ógreitt af andvirði pípanna.

Eins og sjest af hjálögðu eftirriti af gerðardóminum, hefir hreppsnefndin fengið í skaðabætur kr. 1456,50; þar af mun hafa gengið til verkfræðings Ólafs Þorsteinssonar og í málskostnað á 9. hundrað krónur, og hefir því hreppurinn fengið um 500 kr. í bætur fyrir steinsteypupípurnar og allan kostnað þeim viðvíkjandi.

Af framangreindu sjest, að beint tap, sem rafveitan hefir orðið fyrir, af því að steinsteypupípurnar reyndust óhæfar, verður á 18. þúsund krónur, þess utan óbeint tap við það, að rafstöðin gat eigi starfað í nærri heilt ár, og við það mist tekjur, sem ekki mun of hátt reiknað 8 þús. kr.

Af þessu leiddi, að rafstöðin varð miklu dýrari en hreppsnefndin gat búist við, og lenti hún því í peningavandræðum, og varð því að taka nýtt lán að upphæð kr. 15000, sem endurborgist á 10 árum, til að greiða þennan kostnað. Þar af verður hún árlega að greiða háa vexti.

Þegar hreppsnefndin tók lán þetta, gerði hún sjer von um að geta endurgreitt það með væntanlegum skaðabótum frá pípuverksmiðjunni, en sú von má segja að hafi algerlega brugðist, eins og að framan segir.

Á þessu ári kemur til að borga afborgun af nefndum 15000 kr. og viðlagasjóðsláni því, er vjer fengum árið 1918, kr. 25000, þá sjer nefndin eigi að stöðin geti risið undir því, þar sem fyrirsjáanlegur er mikill tekjuhalli á stöðinni síðastliðið ár (ársreikningur er óuppgerður), enda þótt gjöld til hennar væru hækkuð það fylsta sem gjaldskráin leyfði. Er því óhjákvæmilegt að hækka gjaldskrá stöðvarinnar að miklum mun, en hreppsnefndin sjer enga leið til að hækka hana svo, að hún geti staðið straum af öllum þeim lánum, er á henni hvíla, vegna þess, að raforkan yrði þá alt of dýr, samanborið við annað eldsneyti og ljósmeti, sem búast má við að lækki að mun í verði á næstunni.

Hreppsnefndin sjer sjer heldur ekki fært að taka á hreppssjóðinn gjöld vegna rafveitunnar, þar sem útgjöld hreppsins hafa margfaldast á síðustu árum, en gjaldþol manna rýrnaði stórkostlega síðastliðið ár.

Af framangreindum ástæðum leyfir hreppsnefndin sjer að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það veiti eftirgjöf á viðlagasjóðsláni því, er það veitti Suðurfjarðarhreppi til byggingar raforkustöðvarinnar árið 1918, að upphæð kr. 25000.

Til frekari útskýringar á máli þessu lætur hreppsnefndin fylgja staðfest eftirrit af gerðardómi verkfræðingafjelagsins.

Treystum vjer hinu háa Alþingi, að það sjái sjer fært að taka til greina þessar málaleitanir vorar.“

Nú hafa menn heyrt þær skýringar, sem felast í þessu brjefi, og ætti það að nægja háttv. þm. til þess, að geta tekið ákveðna afstöðu til málsins. Að vísu liggur hjer einnig fyrir gerðardómurinn. En af því að hann kemur ekki beint við tillögu minni, þá sleppi jeg að lesa hann hjer, enda þótt það sje álit margra manna, að hann sje einstakur í sinni röð, og sje þess verður að komast fyrir augu sem allra flestra, því að af honum má ráða rjettdæmi þeirra, er kváðu hann upp.

Jeg legg svo þessa tillögu fyrir háttv. deild, og vona, að hæstvirtur forseti leyfi, að nafnakall fari fram um hana, til þess að greinilega sjáist, hverjir eru með og hverjir móti.

Það hefir ekki komið fram hjá háttv. fjvn., hvernig hún mundi líta á þetta mál á næstunni, ef till. yrði feld nú. Og jeg gæti gengið svo langt nú að taka þessa tillögu mína aftur, ef jeg mætti eiga von á vissu fylgi fjvn. á næsta þingi. Jeg viðurkenni fyllilega fjárkröggur landsins nú. Og þó að jeg sjái, að 15 þús. kr. eru í sjálfu sjer ekki stór upphæð fyrir ríkissjóð, þá munar þó allmikið um hana. En jeg veit þó hinsvegar, að hjer er úr vöndu að ráða, því að útgjöld Suðurfjarðarhreppsins eru afarmikil. T. d. var þar á síðasta ári jafnað niður um 19 þús. kr.

Jeg ætla þá að láta þessi ummæli duga og bíða úrslita. Vil þó að lokum geta þess, að vel mætti vera, að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vildi gefa einhverjar þær upplýsingar, er mættu verða til stuðnings þessari tillögu minni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal vera stuttorður og tala ekki um allar brtt., en aðeins þær, sem mjer finst helst athugaverðar.

Mjer sýnist háttv. fjvn. hafi farið of langt niður í 11. brtt. Jeg hefði getað gengið inn á samþ. 4 eða 5% af styrkupphæðinni, en alls ekki 3%. Mjer finst það sanngjarnt, að þeir, sem fá afnot prestsetursins, greiði 5% af kostnaði endurbótarinnar.

17. brtt., um að styrkja útgáfu bókar um norræn viðurnefni, er allóþörf, og skil jeg ekki, að hún fái mörg atkvæði. Er slíkt að leika sjer með fje sem fáráðlingar, á tímum eins og þeim, sem nú standa yfir.

Sama er að segja um næstu brtt., 18. 1. þm. Árn. (E. E.). Jeg get fylgt hinni brtt. frá sama þm. (E. E.), um að spara 5000 kr., en hreint ekki þessari. Mjer finst þessi brtt. vera nokkuð út í bláinn, þar sem engin skilyrði eru sett fyrir fjárveitingunni. Ef bók þessi væri gefin út, sem vitanlega er æskilegt, þá mundi hún fá svo mikinn kaupendafjölda, að útgáfan gæti vel borgað sig styrklaust. Og þótt enginn vilji gefa bókina út nú, á meðan útgáfan er sjerstaklega dýr, þá sje jeg ekki neitt voðalegt í því, þótt það dragist 2—3 ár enn.

Þá er 24. brtt., frá háttv. þm. Barð. (H. K.), um eftirgjöf á láni til Suðurfjarðarhrepps, vegna raforkustöðvarinnar, Jeg heyrði því miður ekki alla ræðu hv. þm. (H. K.), en mjer skilst, að þessi eftirgjafarbeiðni sje bygð á því, að hreppurinn hafi skaðast á pípukaupum til raforkustöðvarinnar. Hefir svo málið verið lagt í gerð, og hreppurinn tapað. Jeg veit ekki, hverjir hafa setið í gerðardómi þeim, sem dæmdi málið, en jeg býst við, að það hafi verið sanngjarnir og óvilhallir menn. En samkvæmt dómnum hefir sökin ekki legið hjá seljanda, heldur hjá hreppnum. Auk þess gæti það komið hart niður á ríkissjóði, ef menn fara að taka þann sið upp, að fá fyrst lán, og koma svo 2—3 árum seinna og biðja um eftirgjöf.

Út af Vestmannaeyjabátnum vil jeg geta þess, að þm. verða að athuga það, að ef hann kemst bæði í fjárlögin og fjáraukalögin, þá er hann orðinn fastur útgjalda-

liður í okkar fjárlögum. Þetta er mjög þung byrði, eins erfitt og nú er í búi, og 40 þús. kr. styrkur svarar til vaxta af nærri milj. kr. Háttv. þm. verða að athuga, að þegar þeir samþykkja þetta, samþykkja þeir í raun og veru að setja 1 milj. kr. fasta í þessu skyni.

Háttv. frsm. (B. J.) benti á, að ef till. væri samþykt, mætti ná kostnaðinum upp með því að leggja skatta á sjávarútveginn. Þá er náttúrlega öðrumáli að gegna. En hræddur er jeg um, að það þætti ósanngjarnt.

Þá er 27. brtt., frá háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), um 10 þús. kr. styrk til sjómannahælis og gistihúss Hjálpræðishersins á Ísafirði. Mjer datt það í hug, þegar styrkurinn til gistihússins í Hafnarfirði var samþyktur hjer, að hann myndi draga dilk á eftir sjer. Og hjer er líka fyrsta afkvæmið. Jeg vona, að háttv. deild fari ekki að gera það að venju að veita fje til gistihúsa. Dilkarnir gætu orðið nokkuð margir áður en langt liði.

Þá er lífeyrir hjónanna á Staðarfelli. Jeg veit ekki annað en gjöfin hafi verið þegin, og get jeg viðurkent það, sem frsm. (B. J.) sagði, að þetta er sæmdargjöf. En jeg hjelt ekki, að lífeyririnn ætti að koma í fjárlögin. Jeg bjóst við, að eftirgjaldið ætti að ganga til þess að greiða hann. Það getur verið, að eftirgjaldið nægi ekki, en þó er það ekki víst. Jeg bjóst undir öllum kringumstæðum við, að lífeyririnn væri ríkissjóði óviðkomandi, því að ef eftirgjaldið nægir ekki, mundi Herdísarsjóðurinn, sem jörðin var gefin, borga mismuninn. Nú sýnist mjer, að nefndin ætli að gefa Herdísarsjóði, ekki einungis mismuninn, heldur alla hina árlegu greiðslu til Staðarfellshjóna. Þessu vil jeg mótmæla, og mun gera mitt til að fá þessu breytt í háttv. Ed., ef það gengur hjer í gegn.

Hækkunin til Páls Erlingssonar gerir ósamræmi í 18. gr. Jeg hefi auk þess sjeð í blaði hjer, að hann hefir eftirlaun úr bæjarsjóði, sem ekki eru lægri en þetta. Hann kemur þá til með að hafa yfir 3000 kr. í eftirlaun, því að eins og kunnugt er, er reiknuð dýrtíðaruppbót af liðunum í 18. gr. Þetta verða þá nokkuð há eftirlaun, og getur orðið til að skapa óánægju meðal þeirra, sem eftirlaun hafa. Jeg held að það nægði fyrir hann að hafa 500 kr. úr ríkissjóði, auk dýrtíðaruppbótar.

Jeg vil mæla með styrkveitingunni til ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar. Þar stendur alveg sjerstaklega á, því að sá maður hefir unnið okkur gagn, sem ef til vill nemur tugum miljóna, með því að koma nýju skipulagi á fiskmeðferð hjer á landi og fisksölu á Spáni og Ítalíu.

Jeg býst við því, að háttv. nefnd hafi sannfært sig um, að endurgreiðslukrafa Ásgeirs Pjeturssonar sje á rökum bygð. Ef svo er, er vitanlega sjálfsagt, að hann fái henni fullnægt. En jeg vil benda á það, að 19. gr. er of lágt áætluð. Það er þó ekkert nýtt, því að sú grein hefir altaf farið fram úr áætlun.

Um lánsheimildina til kaupa á Hjarðarholti er það að segja, að slíkar heimildir verða því aðeins notaðar, að fje sje fyrir hendi í viðlagasjóði. En jeg get tekið það fram, að það eru engar líkur til, að svo verði á þessu ári, einkum þar sem háttv. deild hefir samþ. að leggja hann til ríkisveðbankans, gegn 2% vöxtum, svo að peningar í þessum sjóði verða engir eða mjög litlir. Það gerir því lítið til, þótt þetta verði samþykt. En jeg vil vara háttv. þm. við því að kveikja vonir í brjósti manna um svona lagaðar lánveitingar. Því að það er sannleikur, að það yrðu aðeins tálvonir.

Þá er XXXV. brtt., um að ríkið ábyrg-

ist ½ miljónar lán til klæðaverksmiðjunnar á Álafossi. Það er rjett hjá háttv. frsm. (B. J.), að það er nauðsyn að koma á fót góðri klæðaverksmiðju. En eigi að gera það á þennan hátt, þá verður að fara varlega í sakirnar. Þetta er nokkuð há upphæð, ef taka á hana í einu lagi. (*M. P.*: Á þrem árum). Þá er heimildin fallin burt, því að hún gildir aðeins fyrir eitt ár, 1922.

Mjer er ekki ljóst, hvað háttv. frsm. (B. J.) meinti með því, að stjórnin mundi sjá um aðrar tryggingar. Jeg veit ekki, hvort hann hefir átt við veð, eða sjálfskuldarábyrgð eða eitthvað annað. Ef hann hefir átt við það, þá eru litlar líkur til að það fáist, vegna þess hvað upphæðin er há. Það mundi reynast ókleift að fá nægilegt veð fyrir svo hárri upphæð, og ef ætti að fá sjálfskuldarábyrgð fyrir henni, þá yrði að skifta henni í smærri upphæðir, því að það er ómögulegt að fá neina menn hjer til að ábyrgjast hálfa miljón. Það væri nokkuð annað, að setja 100 þús. kr. upphæð hvert ár, og sjá svo hverju fram vindur.

Þá er síðasta till. frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Þó að jeg, af skiljanlegum ástæðum, ætli mjer ekki að fara að mæla með henni, þá verð jeg að segja, að mjer fanst þeir 3 háttv. þm., sem um hana hafa talað, vera óþarflega harðorðir í garð tillögumanns. Mig furðar líka dálítið á því um nefndarmennina, því að eftir nál. að dæma, hefir nefndin einmitt haft í huga, að þetta gæti komið til mála á næsta þingi. Synd háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) virðist því aðeins vera í því fólgin, að till. hans sje of snemma fram komin. (*M. P.*: Það hefir aldrei verið hugsað um svo víðtæka heimild). Nei, það er satt, en svipað hefir vakað fyrir nefndinni 1917, þar sem hún heimilaði þá að fresta ýmsum framkvæmdum.

Jeg vil segja háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) það, að stjórnarskrárbrot er þetta ekki. (*Gunn. S.*: Það er á móti anda stjórnarskrárinnar). Ónei, ekki heldur.

Hitt er satt, að varla er hægt að gera nokkrum fjármálaráðherra verri grikk, persónulega, en að veita honum slíka heimild og þessi er. Ef hann sparar, þá á hann vísa óþökk þeirra, sem fjeð eiga að fá, og allra, sem þeim fylgja að málum. En ef hann er ósparsamur, þá á hann vísa óþökk þeirra, sem vilja láta hann beita heimildinni. Það er því lítil ástæða fyrir mig að vera að falast eftir þessari heimild, enda mun jeg ekki gera það.

En það getur þó hugsast, að slíkar kringumstæður væru fyrir hendi, að einhver fjármálaráðherra, hvort sem það væri jeg eða einhver annar, áliti sjer rjett og skylt að leggja sitt góða nafn (*M. P.*: og „Rygte") já, og „Rygte", í sölurnar, til þess að reyna að bjarga við fjárhagnum. Jeg vil því alls ekki taka undir hinar þungu ákúrur á háttv. flm. till. (J. Þ.).

Það má bera það saman, að háttv. fjvn. leggur til, að stjórninni verði falið að taka ábyrgð á og hafa eftirlit með hálfrar milj. kr. láni. Með því er henni veitt heimild til að gera ráðstafanir, sem geta haft stórmikil áhrif á fjárhag landsins, og ætti henni þá ekki síður að vera treystandi til þess að spara á rjettum liðum. Og jeg vil taka undir þau ummæli eins háttv. þm., að engin óvitlaus stjórn mundi loka Vífilsstaðahælinu fyr en í fulla hnefana. Það er rjett hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó), að þessari heimild mundi fyrst verða beitt við ýmiskonar framkvæmdir. Hjá því væri ómögulegt að komast.

Út af þeim ummælum, sem fallið hafa um tekjuhalla, þá vil jeg geta þess, að þegar jeg lagði fram fjárlagafrv. stjórnarinnar í byrjun þings, þá benti jeg á, að ef tekjufrumv. stjórnarinnar yrðu samþykt eins og jeg lagði þau fram, þá yrði enginn halli á fjárlögunum fyrir 1922. Ef

menn vilja finna hallann, sem verður, þá er ekki annað en reikna viðbót þá við útgjöld fjárlaganna, sem samþykt eru og verða við 2. og 3. umr. þeirra, og leggja þar við þá rýrnun, sem orðið hefir á tekjunum, samkvæmt breytingum á tekjufrv. frá því, er þau komu frá stjórnarinnar hendi. Að vísu er enn ekki víst um forlög þeirra allra.

Jeg býst ekki við að taka til máls aftur, en vil leyfa mjer að brýna fyrir háttv. þm. að sýna sparsemi við atkvæðagreiðsluna. Þess er full þörf. Vjer erum á fjárhagslegum villigötum, er liggja til glötunar, ef áfram er haldið.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) áleit, að háttv. fjvn. hefði átt að fella niður óþarfa liði úr stjórnarfrv. Jeg hygg þó, að það sje rjett, sem háttv. frsm. fyrri hluta fjárlaganna (M. P.) sagði, að þeir sjeu undra fáir.

Pjetur Þórðarson: Þegar jeg heyrði ummæli háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um efnalegt ástand þjóðarinnar, eins og hann taldi það vera, samanborið við síðasta ár, og þegar hann taldi þær ástæður, sem hann áleit vera fyrir því, þá kom mjer til hugar, að gott hefði verið að hafa hann á Alþingi 1917. Þá var hjer til umræðu og meðferðar frv. um það, hvað nærri mætti ganga hagsmunum ýmsra atvinnurekenda meðal þjóðarinnar, í því viðskifta ástandi, sem þá var. Það ár var eitthvert hið mesta gróðaár, sem komið hefir yfir þessa þjóð. Hæstv. þáverandi fjármálaráðherra (S. E.) háði þá harða baráttu fyrir því, að lagður yrði þungur skattur á gróðamennina meðal þjóðarinnar. Mætti frv. harðri mótstöðu í þessari háttvirtu deild, en marðist þó í gegn um hana, en var síðan drepið í háttv. Ed., sem er og hefir verið aðalaðsetur íhaldsstefnunnar á Alþingi. Jeg get þessa einungis vegna þess, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði í dag um gjaldþol þjóðarinnar.

Jeg ætlaði að minnast á brtt. mínar á þskj. 426. 22. brtt., sem jeg hefi gert, er lítið annað en orðabreyting, eins og frsm. (B. J.) hefir tekið fram. Býst jeg ekki við að þurfa að mæla með þeirri till., því að hún þyki sjálfsögð.

Annars fer vitanlega um þá till. eftir því, hver afdrif næsta till. á undan, frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), fær.

Um hina brtt., 34. till. á sama þskj., vil jeg geta þess, að jeg hefi leyft mjer að flytja hana, eftir að till. í sömu átt hefir fallið með örlitlum minni hluta, að mig minnir 1 atkvæðis mun, við 2. umr. Geri jeg mjer fylstu vonir um, eftir að jeg hefi fært lánsupphæðina niður, að háttv. deild líti með sanngirni á hinar rjettmætu ástæður, sem liggja að baki þessarar till. Háttv. deildarmönnum mun það kunnugt, að Vigfús Guðmundsson hefir nýlega keypt veitingahúsið í Borgarnesi ásamt bróður sínum. Hafa þeir endurbætt húsið mikið og sýnt mikla viðleitni í því að hafa þetta veitingahús í góðu lagi, og kostað til þessa miklu fje. Og í sambandi við aðrar örðugar ástæður, er þeim mjög örðugt að halda gistihúsinu áfram, eins og sakir standa. En vitanlega er mikil þörf á góðu gistihúsi þarna, og mun mörgum háttv. deildarmönnum kunnugt um þá þörf. Það sem aðallega ber til þess, að gistihús ber sig ekki jafnvel í Borgarnesi og ætla mætti, eru hinar strjálu samgöngur við kauptúnið. Vitanlega er ákaflega mikil umferð í Borgarnesi af fólki, sem leið á til Reykjavíkur, og aftur frá Reykjavík og norður og vestur á land.

En þessar samgöngur eru fremur óhentugar, vegna þess, að ferðirnar eru miklu strjálli en vera ætti. Hrúgast því margir í einu að þessu gistihúsi, en þess á milli er þar svo að segja gestalaust tím-

um saman. Þetta veldur ákaflega miklum erfiðleikum fyrir þá, er halda uppi gistihúsi þarna. Háttvirtur frsm. (B. J.) mintist eitthvað á það, að ekki væri viðeigandi að veita öðru gistihúsinu á þessum stað fjárhagslega hjálp. Ef einhverjir háttv. þm. þekkja ekki til þessa, þá vil jeg geta þess, að þetta gistihús hefir miklu meiri greiðasölu, betur sótt og að öllu betur útbúið og getur tekið á móti langtum fleiri gestum en hitt, sem ekki er útbúið sjerstaklega sem gistihús. Á einhverju hinna síðustu þinga flutti hv. frsm. (B. J.) tillögu um að veita hinu gistihúsinu í Borgarnesi styrk. (*B. J.*: Það voru einar 600 kr.). Jeg var ekki á þingfundi þegar tillaga þessi var rædd, og gat því ekki látið álit mitt um hana í ljós. En jeg hefði ekki trúað því, að háttv. frsm. (B. J.) yrði á móti jafnlítilli lánveitingu og hjer er farið fram á, eftir að hann hefir flutt till. um að veita hinu gistihúsinu styrk. Það er vitanlegt, að hvort heldur er um þessa eða aðra fjárveitingu að ræða, þá er ekki hægt að lána fjeð, nema það sje fyrir hendi, eins og hæstv. fjrh. (M. G.) mintist á. En jeg treysti því, að allar þær lánbeiðnir, sem samþyktar kunna að verða, sæti sömu örlögum, að látið verði ganga jafnt yfir alla, hvort sem fjárhæðin er stór eða smá, nokkur hundruð kr. eða tugir þúsunda, þegar þeim verður úthlutað. Það er á valdi háttv. þd. að taka til íhugunar þær fjárbeiðnir, sem fram koma, og meta samgirnisástæðu þeirra. Það er sanngirnis og rjettlætisástæðurnar, sem eiga að ráða í því sem öllu öðru, en ekki þótt búið sje að samþykkja svo og svo stóra lánveitingu áður á þinginu — og jeg vona, að þær ástæður einar ráði úrslitum þegar atkvæði verða greidd um þetta mál hjer í deildinni.

Jeg býst ekki við, þótt jeg tíni til fleiri sanngirnisástæður fyrir máli þessu, að það hafi áhrif. En jeg verð að segja það, að sem stendur er líklega hvergi á landinu jafnmikil þörf á góðu gistihúsi og í Borgarnesi. Allir kunnugir vita og, að þótt umferð sje þar afarmikil, þá koma þó oft vikur og jafnvel mánuðir, sem varla kemur þar næturgestur, eins og jeg hefi áður sagt. Þetta veldur því, að þeir, sem halda uppi gistihúsinu, verða fljótt þreyttir á því, og það er þessi örðugleiki, sem jeg hefi nefnt, að þurfa að hafa mikið húsrúm og mörg gestaherbergi til reiðu, sem eigi eru notuð, nema endrum og eins, sem gerir það sjerstaklega sanngjarnt að hlaupa þarna undir bagga.

Jeg get ekki stilt mig um, áður en jeg sest niður, að geta einnar brtt., sem og liggur fyrir. Það er viðbótartillaga frá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) við fjárveitinguna til skólans í Bergstaðastræti hjer í bænum. Mjer er kunnugt um það, að ákaflega mikil sanngirni mælir með að hækka styrk til skóla þessa úr 600 kr. í 1000 kr. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um fjárlögin, en læt mjer nægja að sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á hinar einstöku brtt.

Jón Þorláksson: Jeg á tvær brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Fyrri tillagan er við 14. gr. B. og fer í þá átt að veita í einu lagi styrk til verslunarskólans og Samvinnuskólans, þannig, að skólar þessir verði sameinaðir í einn skóla. Þessi till. þarfnast engra meðmæla nje skýringa, því að háttv. frsm. (B. J.) hefir fært fyrir henni öll þau rök, sem þarf, þótt till. hafi eigi fengið náð fyrir augum fjárveitinganefndar, vegna þess, að hann segir, að þeir aðiljar, er hjer eiga hlut að máli, muni aldrei geta komið sjer saman um að skipa einn skóla. En hann hefir engin rök fært að því, hvers vegna þessir aðiljar eigi geti komið sjer saman. Jeg

tel það fjarstæðu, að stjórnin geti ekki látið þessa fjárveitingu koma að notum á þann hátt, sem jeg legg til, því að það er vitanlegt öllum þeim, sem til þekkja, að auðveldlega mætti komast af með einn verslunarskóla í landinu. Það er engin hætta á því, að báðir skólarnir legðust niður, heldur mætti þvert á móti fá einn myndarlegan skóla úr þeim báðum með þessum hætti.

Jeg minnist þess, að tveir þingmenn gátu þess um daginn hjer í deildinni, að verslunarstjettin væri of fjölmenn í þessu landi. Jeg bar brigður á þetta þá, vegna þess, að samanburð vantaði um fjölmenni þessarar stjettar hjá öðrum þjóðum, en hitt getur enginn verið í minsta vafa um, að verslunarstjett vor er orðin svo fjölmenn, að ekkert vit er í því að leggja fje til tveggja verslunarskóla hjer í bænum. Vonast jeg eftir að þeir tveir háttv. þm., — það var 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og 2. þm. Árn. (Þorl. G.) —, sem töluðu um fjölmenni verslunarstjettar okkar, minnist þessa nú og greiði þessari brtt. minni atkv.

Þá var brtt. mín við 16. gr. 5 b., fjárveiting til skógræktar. Till. fer fram á, að liður þessi hækki upp í 21 þús. kr.

Jeg ber þá brtt. fram vegna þess, að jeg get ekki unað því, að skógræktin sje látin sitja algerlega á hakanum, þegar jafnmiklu fje er varið til ýmissa miður nauðsynlegra fyrirtækja eins og gert er í þessu fjárlagafrv.

Eins og háttv. deild mun kunnugt, þá er fjárveitingu þessari þannig varið, að af henni er launaður forstjóri skógræktarinnar og nokkrir skógarverðir. En þegar laun þessara manna eru greidd, þá er svo sem ekkert fje fyrir hendi til framkvæmda skóggræðslunnar. Starfsmenn skóggræðslunnar geta bókstaflega ekki gert neitt, sem beint fje útheimtist til, af þessum sökum.

Málið horfir nú þannig við, að þegar byrjað var á skóggræðslu hjer á landi fyrir tveim tugum ára, þá trúðu menn því alment, að unt væri að stunda skógrækt hjer með nokkrum árangri. Og þessi trú ók heldur fyrstu árin við það, að gerðar voru allmiklar framkvæmdir í þessa átt, meðal annars voru girt allstór svæði í Hallormsstaða- og Vaglaskógum og víðar. Og þótt mistekist hafi um ýmislegar tilraunir í jafnvandasömu máli, þá má eigi setja það fyrir sig, því að það er búið að sýna sig, að það er mögulegt að ná hjer nokkrum árangri.

Á jeg einkum við reynslu þá, sem fengist hefir í Vaglaskógi, því að þar hefi jeg oft komið, og jeg hygg, að sama megi segja um tilraunirnar í Hallormsstaðaskógi og víðar. En svo er farið, vegna ósamkomulags við forstjóra skógræktarinnar, að skera fjárveitingu til hennar svo við neglur sjer, að ekkert er eftir umfram laun starfsmannanna, eins og jeg hefi tekið fram, og verk þeirra bera því sárlítinn ávöxt. Og að sama skapi þverrar áhuginn óðum hjá þeim mönnum, sem upphaflega báru mál þetta fyrir brjósti, vegna þess, að þeir sjá svo sárlítinn árangur af því, sem gert hefir verið í þessu máli undanfarið.

Jeg skal gera stutta grein fyrir því, hvernig jeg ætlast til, að þessari auknu fjárveitingu verði varið. Jeg geri fyrst og fremst ráð fyrir, að tekið verði eitt skógarsvæði til viðbótar, það verði girt og grisjað, eftir því sem þörf krefur. Annars ber jeg till. fram í því skyni að vekja athygli háttv. deildar á skógræktinni. Jeg álít, að það sje óverjandi að láta þetta fyrirtæki deyja út. Ef eitthvað er við forstjóra skógræktarinnar að athuga, þá má ekki láta fyrirtækið gjalda þess. Með öðrum orðum, að ef stjórnin treystir ekki

núverandi forstjóra til að rækja starfið, svo að sæmilegu gagni komi, eins og mjer hefir skilist, þá beri henni að gera tillögur um, að skift sje um mann, án þess að beitt sje harðýðgi við þennan mann, en líka án þess, að málefni þetta þurfi að liggja í dái þess vegna.

Þá ætla jeg að minnast stuttlega á viðaukatillögu mína við 23. gr. Jeg get verið háttv. frsm. (B. J.) þakklátur, alveg á sama hátt og háttv. frsm. fyrri hluta (M. P.). Báðum hefir þeim farið svo, að til þess að geta mælt á móti tillögunni hafa þeir þóst þurfa að skýra rangt frá innihaldi hennar. Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að í henni fælist heimild til stjórnarinnar til að setja ný fjárlög. En svo er ekki, heldur einungis heimild til að undanfella greiðslu á fjárveitingum. Og er þetta ekki nýmæli nema að litlu leyti. Háttv. þm. Dala. (B. J.) verður að sætta sig við það, að stjórnin hefir heimild til þess að fresta framkvæmdum, sem í fjárlögum standa, sjeu fjárveitingarnar ekki veittar á nafn. Því hefir verið lýst yfir, að stjórnin hafi frestað framkvæmdum á verkum, sem fjárveiting var til í núgildandi fjárlögum, og veit jeg ekki betur en að það hafi verið óátalið. En mín tillaga gengur það lengra, að eftir henni er stjórninni heimilt að greiða ekki fjárhæðir í fjárlögum, þó að þær sjeu bundnar við nafn, jafnvel fella niður greiðslu á bitlingum, og þá er vitanlega komið við hjartað í háttv. þm. Dala. (B. J.), eins og hann hefir sýnt svo greinilega með ummælum sínum um tiltekna fjárveitingu í núgildandi fjárlögum, sem stjórnin neitaði að greiða og bundin var við nafn.

En eins og jeg tók fram, er mjer ekkert sjerlega mikið áhugamál, að þessi tillaga verði samþykt. Hún er einungis rökrjett afleiðing af þeim forsendum, sem jeg hefi komist að, hvað fjárhagsástandið snertir.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á tvær brtt. á þskj. 426. Þær hafa ekki fundið náð hjá háttv. fjárveitinganefnd, þrátt fyrir það, þótt önnur hafi engin útgjöld í för með sjer. Aðeins skilgreining um það, hvernig styrknum til unglingaskólanna skuli útbýtt.

Háttv. frsm. (M. P.) sagði, að jeg vildi miða hann við kunnugleika háttv. deildarmanna. Það hefi jeg aldrei sagt, og ekki hefi jeg heldur dregið taum míns hjeraðs. Þvert á móti. Heldur einungis fylgt þeirri reglu, að aðalskólunum væri veitt viss fjárupphæð.

Mjer þætti nú fróðlegt að vita, hvort fjárveitinganefndin hefði leitað til fræðslumálastjóra um hækkun á styrk þessum, því að jeg bjóst eindregið við því, og einmitt með það fyrir augum bar jeg fram brtt. á þskj. 426.

Af vissum ástæðum fór jeg til fræðslumálastjóra, til þess að leita upplýsinga hjá honum, og fekk þá að vita, að fjárveitinganefndin hefði ekki leitað til hans.

Mjer finst þetta nokkuð undarlegt, sjerstaklega þegar þess er gætt, að skólum þessum fækkar, því að nú eru eigi nema 6 starfandi, fyrir utan skólana í Hafnarfirði og Akureyri. En vitanlega getur þeim fjölgað þegar dýrtíðin minkar, en þrátt fyrir það býst fræðslumálastjóri ekki við, að þeir verði orðnir fleiri en 10 árið 1922.

Jeg býst ekki við, að það hafi verið tilgangur nefndarinnar, að öll upphæðin væri notuð, ef ekki væru starfræktir nema 6 eða 7 skólar á árinu 1922. Því að það væri allríflegt fjárframlag. Hver skóli myndi þá fá svo sem 6 þús. kr. Jeg vissi ekki, er jeg kom með brtt., að skólarnir væru svona fáir, og hjelt, að þeir væru 10, og með það fyrir augum bar jeg fram brtt. mína, því að sjálfsögðu hefði jeg verið á móti styrkhækkuninni, ef jeg hefði vitað alla málavöxtu, þó að eitthvað

af honum komi til góða mínu kjördæmi. Fari nú svo, að aðeins 6 skólar verði starfræktir næsta ár, virðist ekki óþarfi að ákveða styrkupphæðina til hvers skóla, því að afgangurinn yrði þá eftir í ríkissjóði, sem jafnframt væri heimilað að borga út, ef þörf krefði.

Þá er önnur brtt. á sama þskj., XXVII., sem jeg vil fara um nokkrum orðum. — Háttv. fsrm. (B. J.) gat þess, að aðalstefna fjvn. væri sú, að veita ekki styrk til húsa, sem ekki væri farið að byggja. En ef háttv. nefnd hefði haft svo mikið við, að lesa skjöl þau, er hún fjekk þessu viðvíkjandi, hlyti hún að hafa sjeð, að þegar er búið að verja til þessarar byggingar um 40 þús. krónum. Mjer þykir því ærið undarlegt samræmi í niðurstöðu háttv. nefndar, er hún leggur til, að gistihúsinu í Hafnarfirði verði veittar 5000 krónur, en gistihúsinu á Ísafirði ekki neitt. Þó hefði nefndinni átt að vera kunnugt, ef hún hefði kynt sjer skjölin, að þetta gistihús hefir notið meiri styrks, bæði frá einstökum mönnum og bæjarfjelaginu, heldur en þetta Hafnarfjarðargistihús. Því að það hefir fengið frá bæjarfjelagi Ísafjarðar 5000 krónur frá sýslufjelagi Norður-Ísafjarðarsýslu 4000 krónur og frá einstökum mönnum um 30 þúsund krónur. Þetta er tvöfalt við það, sem lagt er til gistihússins í Hafnarfirði.

Jeg hafði því vonað, að nefndarmenn, sem kunnugir eru á Vestfjörðum, mundu líta með sanngirni á þetta mál. Því að Ísafjörður er, eins og allir vita, einn hinn mesti sjómannabær á landinu, því að þangað koma, auk innlendra sjómanna, fjöldi erlendra sjómanna. Það er því hvergi eins brýn þörf á sjómannahæli eins og þar, að undantekinni Reykjavík. Ísafjörður er líka miðstöð Vestfjarða, frá Bitrufirði að Gilsfirði, þar sem þangað sækir fólk af öllu þessu svæði, til þess að ná í skipsferðir o. s. frv. Og besta sönnunin fyrir þessu er framlag sýslusjóðs Norður-Ísafjarðarsýslu, því að þeir hafa engin not gistihússins önnur en til gistingar, og það er þeim svo mikið áhugamál, að þeir leggja fram 4000 kr. til þess að koma því upp.

Hæstv. fjrh. (M. G.) mælti á móti þessari styrkveitingu, af því að hann vildi ekki gefa með því fordæmi til þess að styrkja gistihús. En hæstv. ráðh. (M. G.) mintist ekki á þetta, þegar verið var að tala um styrkinn til gistihússins í Hafnarfirði. Jeg sje því ekki annað en að hjer sje búið að gefa fordæmi, með styrkveitingunni til gistihússins í Hafnarfirði, og því sje ekki hægt að sakast um orðinn hlut. Jeg verð því að telja það ærið mikið ósamræmi í tillögum fjvn., ef hún getur verið að leggja á móti þessari fjárveitingu, sem virðist hafa fult eins mikinn rjett á sjer eins og fjárveitingin til Hafnarfjarðargistihússins. Og fari deildin sömu leið, get jeg ekki skilið, hvað til grundvallar liggur.

Það er síður en svo, að jeg sje að andmæla fjárveitingunni til gistihússins í Hafnarfirði; en það er einmitt það, að mjer finst eins mikil sanngirni vera í því, að styrkja gistihús á Ísafirði. Því að gistihús Hjálpræðishersins eru meira notuð af almenningi en önnur gistihús, því að þau eru svo miklu ódýrari. Er því eigi hægt að telja fje því á glæ kastað, sem varið er til að styrkja þau, því að þau eru alls ekki rekin í gróðaskyni.

Þá vil jeg snúa mjer að brtt. háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) á þskj. 426. X. lið. Jeg er honum fyllilega samdóma um það, að ekki sje rjett að stofna til bæjargerðar í Reykholti, með það fyrir augum að fylgja áætlun, sem gerir ráð fyrir því, að bærinn kosti alt að 100 þús. kr. Slíkt er tæplega leggjandi út í á þessum tímum.

Þá er 26. liður áðurnefndrar brtt., um 45 þúsund króna styrk til björgunarskipsins „Þórs“ í Vestmannaeyjum. Jeg hefði talið miklu heppilegra að nota skipið eitthvað, og á þann hátt ljetta undir með Vestmannaeyingum. Jeg er t. d. viss um, að mikill styrkur hefði verið fyrir þá, ef hægt hefði verið að nota skipið til landhelgisgæslu fyrir Norður- og Vesturlandi; hefði það verið rjett, til þess að ganga úr skugga um það, hvort skipið er nothæft til landhelgisgæslu eða ekki. En að veita slíka upphæð til útgerðarinnar, get jeg ekki verið með.

Eiríkur Einarsson: Jeg á hjer tvær brtt. á umræddu þingskjali, aðra, sem fer í þá átt að fella niður 5000 kr., en hina, sem fer í þá átt að taka upp 5000 kr. fjárveitingu. Jeg get því ekki einu sinni látið líta svo út sem jeg ætli að fara að spara með þessu. Til þess þyrfti annað og meira en fella niður einn 5000 kr. lið, ef um hefði átt að muna. Ef slíkar tilraunir ættu að sjá stað, þyrfti meira en svo og atfylgi margra manna, og skyldi jeg ekki láta á mjer standa, ef einhverjir, t. d. fjvn., beittist fyrir.

Það, sem kom mjer til að leggja til, að þessi fjárveiting til bæjargerðar í Reykholti væri feld niður, er fyrst og fremst það, að þetta er aðeins til undirbúnings, og þar sem nú er gert ráð fyrir, að þessi bæjargerð verði mjög dýr, tel jeg alls ekki rjett að skuldbinda sig með þessari undirbúningsfjárveitingu til þeirra aðgerða, sem ef til vill þykja óframkvæmanlegar, eða að minsta kosti svo, að landið hiki við að leggja í þann kostnað.

Það er nú líka svo, að ef á að ganga út á þá braut að dubba upp á fræga staði, sem minning merkra manna er tengd við, þá er óvíst hvar byrja ætti. Jeg ætla ekki að fara út í samanburð, en þó má nefna skólasetrið gamla, Haukadal, sem nú er í hinni mestu niðurníðslu. En staðurinn er í þjóðbraut, því að hann liggur nálægt Geysi, svo sem kunnugt er. Og ef þjóðin væri spurð, þá er óvíst, hver staður fyrst yrði nefndur. Ef til vill yrði það Hraun í Öxnadal, þar sem Jónas Hallgrímsson er fæddur, eða Saurbær á Hvalfjarðarströnd, þar sem Hallgrímur Pjetursson bjó.

Jeg held nú líka, að minningu andlegra mikilmenna sje ekki betur borgið með því að hýsa þá staði, sem við þá eru kendir, heldur en með því að gera eitthvað til að gera mönnum ógleymnara, hver var hin andlega starfsemi þeirra. Jeg hygg, að minningu Snorra væri t. d. betur borgið með því að gefa út ódýra og handhæga alþýðuútgáfu af Heimskringlu eða Eddu heldur en með því að dubba upp á hús í Reykholti. En nú vill reyndar svo vel til, að þær bækur eru báðar til í sæmilega handhægum útgáfum. Þetta hygg jeg, að fleirum sje ljóst, og vil jeg geta þess, að jeg átti nú fyrir nokkru tal við prófessor Hannaas, sem er formaður í minnisvarðanefnd þeirri, sem á að sjá um, að komið verði upp minnismerki Snorra hjer á landi, og spurði hann mig, hvort Heimskringla væri í margra höndum á Íslandi, en ekki hvernig hýst væri í Reykholti.

Hin brtt., sem jeg á hjer, hnígur að því, að sömu upphæð og jeg legg til að falli burt sje varið til þess að styrkja ódýra útgáfu af þjóðsögum Jóns Árnasonar. Jeg hefði ekki komið fram með hana, ef athugun á því, er jeg gat um, hefði ekki leitt mig til þess. Mjer duttu þjóðsögurnar fyrst í hug, því að þær eru löngu uppseldar og mikil spurn eftir þeim, og þá sjaldan þær eru seldar, t. d. á uppboðum, fara þær við afarverði, sem almenningi er ókleift að greiða. Og jeg er viss um, að það er mikill skaði, að fróðleiksfús ungmenni skuli ekki geta átt aðgang að þeim. Jeg átti tal um þetta við formann Sögufjelagsins og Bókmentafjelagsins,

sem er sami maðurinn, eins og kunnugt er. Hann kvað Sögufjelagið hafa ætlað að ráðast í útgáfu þessarar bókar fyrir nokkrum árum, en þá kom stríðið og hindraði framkvæmdir. Hann sagðist mundu gera alt, sem í sínu valdi stæði, til að hraða útgáfunni, ef þessi eða líkur styrkur fengist til. Ef enginn styrkur væri veittur, mætti gera ráð fyrir, með núverandi verðlagi, að bókin kostaði alt að 80 kr., en ef styrkur fengist, mætti búast við þeim ívilnunum í verði, að almenningi yrði ekki ókleift að eignast hana, enda mun hún verða gefin út í heftum á nokkrum árum.

Jeg verð nú að segja það, að ekki væri annað gleggra merki um ytri og innri örbyrgð þjóðarinnar en það, ef vjer teljum oss ekki hafa ráð á að gefa út bestu rit vor, og með þeim má hiklaust telja þjóðsögurnar. Jeg held, að útgáfa og útbreiðsla slíkra rita væri einmitt einhver besta undirstaða alþýðumentunarinnar. Og nú er svo að fara, að þjóðsögurnar fást ekki til lestrar, og eins eru þeir að deyja út, sem slíkar sögur kunna að segja. En ef þjóðsögur verða aldauða, þá er um leið margt dýrmætt glatað úr íslensku þjóðlífi.

Jeg ætla ekki að minnast á fleiri liði, þótt mjer, ef til vill, þætti ástæða til, til þess að valda ekki lengri umræðum.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Um leið og jeg renni auga yfir brtt., get jeg ekki stilt mig um að geta um eina nýjung. Jeg er, þótt óvanalegt sje, alveg sammála hv. frsm. (B. J.) um einn lið. (*B. J.*: Batnandi ráðherra er best að lifa). Það er brtt. frá háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) um skólana. Jeg mun verða móti henni. Enda mun hún gersamlega óþörf, því að þar sem styrkurinn var hækkaður, munu þessir skólar varla fá minna en þar er til tekið. Hjer hefir oft á þingi verið altof mikið þref um það, hvað hver skóli ætti að fá, og mjer virðist aldrei líkur til, að þingið geti úthlutað styrknum eins sanngjarnlega og fræðslumálastjórn landsins.

Mig hefði langað til að vera með styrknum til að gefa út þjóðsögurnar. Hefir margt verið styrkt, sem síður skyldi; þær hafa svo mikið bókmentagildi, en sjerstaklega þó gildi fyrir almenning. En þetta er þó svo laust og óundirbúið, að jeg mun ekki geta greitt því atkvæði mitt. Aftur ætti þetta að vera vakning fyrir næsta þing að taka það upp betur undirbúið.

Jeg er þakklátur háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) fyrir leiðrjettinguna á liðnum um skóggræðsluna. Mjer láðist sjálfum að gera brtt. til að leiðrjetta þetta.

Nefndinni er jeg og sammála um leiðbeiningar í húsagerð til sveita, því að þótt jeg tæki ekki upp styrkinn til þessa, þá er fjárlagafrv. var samið, þá eru nú svo margar kringumstæður breyttar síðan, að þetta getur verið fyllilega rjett. Jeg er því nefndinni þakklátur fyrir að hún tók þetta upp.

Þá vil jeg minnast á XXI. brtt. á þskj. 426, frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Þar er farið fram á að hækka styrkinn til skóggræðslu úr 9000 kr. upp í 21000 kr. Jeg kannast nú við, að sú fjárveiting, sem í frv. stendur, er svo lítil, að hún kemur varla að haldi. Þess vegna væri ástæða til að vera með þessari brtt., ef kringumstæður með fje leyfðu. Af því að jeg hefi talsvert fengist við þetta mál áður í fjárveitinganefnd, langaði mig, þegar jeg undirbjó fjárlagafrv., að koma með rækilega og vel undirbúna tillögu um þetta efni. En þær ástæður, sem hafa verið því til fyrirstöðu, að þingið veitti hærri styrk, hafa líka gert mig ragan við þessa till. Þetta er sem sje ekki nógu vel undirbúið,

eins og áður er sagt. Mjer entist ekki tími til að undirbúa það eins og jeg vildi. Starfið verður að vinna eftir lagðri áætlun, „plani", en sú áætlun er ekki til enn. Og því er ekki hægt að leyna, að fjenu hefir undanfarið ekki verið varið svo, að heppilegt væri að auka það, ef eins færi. Þetta segi jeg því til afsökunar, að jeg gat ekki komið með slíka till.

Þá held jeg, að ekki sje fleira, sem jeg þarf að athuga við þennan kafla.

Gunnar Sigurðsson: Það var aðeins örstutt athugasemd út af ræðu hæstv. fjrh. (M. G.). Jeg ætla ekki að deila við hann um það, hvort samþykt brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) væri brot á stjórnarskránni eða ekki. Mjer heyrðist hann þó hallast að því, að þetta væri „reelt" brot á stjórnarskránni, þótt ekki væri það „formelt", og þá erum við að mestu sammála. Þetta byggist á því, að stjórnarskráin er reist á lýðfrelsisgrundvelli en ekki einveldis. En ef brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) verður samþykt, þá er tekið af Alþingi það vald, sem það á samkvæmt stjórnarskránni, og falið einum manni, og væri þá bygt á einveldisgrundvelli. Jeg skal taka það fram, að sumir lögfræðingar álíta, að þetta sje líka „formelt" brot, en það sagði jeg nú ekki.

Jeg er nú ekkert hræddur um, að hæstv. fjrh. (M. G.) fari að greiða atkv. með till., en nokkuð annað mætti ætla um hæstv. atvrh. (P. J.), eftir orðum hans að dæma. Hann sagði, að sjer hefði þótt vænt um að sjá till., en honum þótti hún eitthvað óviðkunnanlega orðuð. Mjer virðist nú aftur á móti, að till. sje ekkert ólaglega orðuð, en mjög óviðkunnanleg að efni. En hins vegar er það mjög í samræmi við skoðanir hæstv. atvrh. (P. J.) yfirleitt, að hann samþykki till.

Jakob Möller: Jeg á hjer ofurlitla brtt. Jeg hygg, að flestir háttv. þdm. kannist við skólann, sem þar um ræðir. Hann hefir notið ofurlítils styrks að undanförnu, en þar sem styrkur til annara skóla er nú hækkaður, þá virðist mjer sanngjarnt, að þessi fái líka litla hækkun. Skólinn hefir á sjer besta orð, og þótt hann hafi svo lítils styrks notið, er hann samt svo ódýr, að kenslugjald mun ekki nema meiru en 18—20 au. á hverja kenslustund, enda er hann afarmikið notaður. Skólinn er bæði dagskóli og kvöldskóli, og kvöldskólinn einn ætti meir en skilið þennan litla styrk, því að kvöldskóli gerir mörgum fært að njóta tilsagnar, sem stunda vinnu og geta ekki sótt aðra skóla. Þá má og geta þess, að skólinn er mikið notaður til undirbúnings undir aðra skóla.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vona, að háttv. þdm. nenni ekki að greiða atkvæði gegn þessari brtt.

Magnús Kristjánsson: Jeg vona, að hv. frsm. (B. J.) misvirði ekki við mig, þótt jeg bæti nokkru við það, sem hann sagði um XXXII. brtt. á þskj. 426. Það er ekki vegna þess, að jeg álíti hann ekki færan um að styðja þessa sanngirniskröfu. Jeg þykist vera málinu nokkuð kunnugur og vera fær um að leggja því liðsyrði til stuðnings því, sem þegar hefir verið um það talað. Þegar tunnutollurinn var lögleiddur, var það ekki beinlínis til þess að afla tekna, heldur miklu fremur sem verndartollur fyrir innlenda menn. Það var nauðsynlegt vegna þess, sem á undan var gengið, þar sem Englendingar höfðu bakað atvinnurekstrinum stórtjón, með því að teppa skipaferðir til landsins þ[illegible] ar verst stóð á. Árið 1916 var, eins og kunnugt er, mesta aflaár, en aflinn nýttist lítt, því að tunnur vantaði, og var það af völdum Englendinga. En eftir að ver-

tíð var úti, komu margir skipsfarmar af tunnum, sem áttu að koma fyr um sumarið. Þessar tunnur varð svo að geyma til næstu ára, en þær hlutu að verða verðlitlar vegna aflaleysis áranna 1917 og 1918 og einnig vegna þess, að vitanlegt var, að útlendingar ætluðu að flytja inn mikið af nýjum tunnum, sem þá voru í mikið lægra verði. Þá var því ekki annars kostur en setja toll á tunnurnar, svo að útlendingar gætu ekki kept með ódýrari tunnum og spilt því, að þessi litla veiði yrði landsmönnum sjálfum að notum.

Nú hafði þessi maður, sem hjer ræðir um, pantað einn skipsfarm af tunnum, en skipið kom ekki fyr en eftir að tollurinn hafði verið lagður á. Þessar ráðstafanir hafði hann gert óvitandi þess, að slíkur tollur yrði á lagður. Og þótt hann hefði nú getað losnað við kaupin, þá vildi svo óheppilega til, að hann hafði leigt skip til flutningsins, og hefði því orðið að greiða flutningskostnaðinn hvort sem var. Þess vegna varð hann að taka tunnurnar, enda þótt honum væri ekki bráðnauðsynlegt að fá þær, í þeirri von, að einhverju yrði vilnað í um tollinn, þar sem svo sjerstaklegar ástæður voru fyrir hendi. Því að það dylst ekki, að þarna kom tollurinn alveg öfugt niður við það, sem tilætlunin var. Hann varð til þess að íþyngja innlendum mönnum, en tilgangurinn var að vernda og tryggja hagsmuni þeirra.

Því hefir verið haldið fram, að sumir lögreglustjórar hafi stundum innheimt þennan toll nokkuð harðneskjulega. Ágreiningur hefir líka stundum komið fram milli stjórnarinnar hjer og stjórna annara ríkja, og lítur helst út fyrir, að ekki verði hjá því komist að endurgreiða þeim tollinn að einhverju leyti. Nú geri jeg ráð fyrir því, að öllum komi saman um, að engu minni ástæða sje til að endurgreiða innlendum mönnum einhvern hluta tollsins, þegar upplýst er, að þeir hafa orðið mjög hart úti í þessu efni eða krafðir um meira en sanngjarnt var samkvæmt anda laganna. Hjer er ekki farið fram á að endurgreiða nema nokkurn hluta tollsins, en betri er hálfur skaði en allur, og vænti jeg þess, að háttv. deild samþykki það, og skal jeg þá ekki fjölyrða um þetta frekar, enda er málið einfalt í sjálfu sjer og þarfnast ekki frekari skýringa.

Jón Auðunn Jónsson: Út af því, sem sagt hefir verið um brtt. þá, sem jeg stend að um Þór, vil jeg enn einu sinni taka það fram, að það er síður en svo, að jeg vilji ekki unna því fyrirtæki alls góðs. En menn verða að sníða sjer stakk eftir vexti. Og það mun vera svo um fleiri en mig, að þeim þyki fjárframlagið of hátt, samanborið við fjárhaginn yfirleitt, en vilji hins vegar ekki fella það alveg. Og einmitt þess vegna er brtt. fram komin. En verði hún feld, neyðist jeg til að vera á móti fjárframlaginu. Minna má einnig á það, að styrkja má skipið á ýmsan annan hátt, gagnlegri fjelaginu, og máske án beins taps fyrir ríkissjóð, t. d. með því að leigja skipið, ef svo bæri undir, svo sem jeg hefi áður bent á.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg held jeg verði að byrja á þeim seinasta og hans brtt., þeirri skriflegu. Ef sá siður á að fara að takast hjer upp, að mönnum leyfist að moka inn skriflegum breytingartillögum, óundirbúnum, á síðustu stundu, þá mótmæli jeg honum fyrst og fremst, eins og jeg hefi áður gert. En verði öðrum leyft slíkt, mun jeg einnig bera fram hjer í dag tíu eða tuttugu skriflegar breytingartillögur. (*J. A. J.*: Mín hefir verið leyfð). Jeg er ekki að tala við þennan forseta, heldur hinn.

Skal jeg svo snúa mjer að málinu sjálfu, en þó auðsýna þessum háttv. þm. (J. A.

J.) og háttv. deild í heild sinni þá miskunnsemi að fara ekki frekar út í hans ræðu. Vil jeg þá víkja lítillega að ummælum þeim, sem hrotið hafa í sambandi við orð mín um 17. lið, um bókina um viðurnefni. Hjer er um að ræða verk, sem Íslendingar sjálfir hefðu átt að vinna fyrir löngu, og er sjálfsagt, að þeir taki einhvern þátt í útgáfunni, þegar útlendur maður ræðst loks í verkið. Má annars um málið vísa til brjefsins frá Bókmentafjelaginu.

Svo kem jeg að styrknum til Þórs. Þess hefir verið getið, að það mundi þykja þungur skattur á fiskveiðum, að leggja svo hátt tillag til þessa skips, og ekki verða vinsæll. En jeg held nú, að það þyki, eða ætti að vera, óvinsælla að vilja færa niður þessa litlu upphæð, enda vilja þeir sannarlega ekki vel íslenskum sjávarútvegi. Þetta er heldur ekki nema tæpur þriðjungur af því, sem þyrfti að veita. Slíkar og því líkar fjárveitingar ættu að verða sjálfsagðar liður í fjárlögunum, ekki einungis styrkur til þessa eftirlits við Vestmannaeyjar, heldur yfirleitt þar, sem þess er þörf, til að verja og vernda íslenskan útveg og íslenska sjómenn, eigur þeirra og starf. Slíkt er sparnaður, en ekki eyðsla.

Þá er styrkurinn til Páls Erlingssonar. Um hann hjelt jeg reyndar, að jeg þyrfti ekki að fjölyrða, og jeg trúi því heldur ekki fyr en jeg rek mig á það, að háttv. deild geri sjálfri sjer þá vansæmd að fella þann lið. Það er ekki svo oft, sem þinginu hlotnast tækifæri til þess að geta viðurkent sanna atorku og samviskusama alúð í alþjóðar þarfir, eins og hjer er um að ræða, að það megi, sóma síns vegna, drepa hendi við slíku.

Um lánsheimildina til Dalasýslu get jeg verið fáorður. Það er sanngirnismál, sem varla getur orðið deiluefni, allra síst þar sem í rauninni er aðeins um vonina eina að ræða, aðeins farið fram á það að eiga vonina í þetta, ef tilsett skilyrði eru fyrir hendi. Það ætti því ekki að vera torsótt.

Um aðra lánsheimild, til Álafossverksmiðjunnar, skal jeg, út af ummælum hæstv. fjrh. (M. G.) aðallega, taka það fram, að það er auðvitað samningamál milli ríkisstjórnarinnar og verksmiðjueigendanna, hve hátt lán verður ábyrgst. Í till. stendur aðeins „alt að 500 þús.“ Sama er um tryggingarnar. Það er ómögulegt að ákveða nánar um það í till. sjálfri, en stjórninni verður að vera til þess trúandi að ganga þar tryggilega frá öllu.

Svo kem jeg loks að þessari makalausu till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Eftir því hvernig hæstv. fjrh. (M. G.) fórust orð um hana, virtist hann helst langa til þess að gerast hjer einhverskonar alræðismaður. Því að það, sem hjer er um að ræða, er í rauninni hvorki meira nje minna en það, að gefa fjármálaráðherranum leyfi til þess að semja ný fjárlög, — en fótumtroða þau, sem þingið hefir samþykt, svona alveg eins og honum sjálfum þóknast. Það er verið að fara fram á það að gera Alþingi aftur að ráðgjafarþingi. Jeg geri fastlega ráð fyrir því, að þessi óheilla- og afskræmistillaga sje sjálffallin, og háttv. deild sýni með því, að hún vilji ekki óátalið láta ganga á helsta og sjálfsagðasta rjett hverrar löggjafarsamkomu í þingfrjálsu þingræðislandi, þann rjett að ráða fjármálum þjóðarinnar, óskorað af öllum. Atkvæðagreiðslan um þessa till. er einnig atkvæðagreiðsla um rjett Alþingis, og jeg skil ekki, að nokkur alþingismaður þori að vera á móti þeim rjetti. — — — — — — — —.

Þessar till. eru því fluttar hjer í mínu eigin nafni, og er það því þm. Dalamanna, sem mælir fyrir þeim, en ekki frsm. síðari hl. fjárlaganna.

Jeg hefi ekki orðið var neinna mótmæla gegn þessum tveim till. mínum, og kann jeg háttv. þdm. þökk fyrir það. Geta og

hv. þdm. með því að samþykkja þessar till. mínar unnið sjer til frægðar og glatt þjóð sína, og er það ólíku nær heldur en að leggjast á móti því, að menn þeir, sem fá eiga styrk þennan, geti fylgt köllun sinni.

Jeg mun nú láta staðar numið og ljúka hjer með ræðu minni, og býst jeg við, að fyrir þann skamma tíma, sem jeg hefi notað, muni menn sýna í atkvgr. sinni, að þeir sjeu samþ. brtt. þeim, er jeg hefi mælt fyrir.

Hákon Kristófersson: Það er út af ummælum hæstv. fjrh. (M. G.), að jeg neyðist til þess að standa upp. Hann talaði á móti brtt. minni, og er náttúrlega ekkert um það að segja, en mjer virtist, að hann hefði getað gert það án þess að taka sjer dómsvald í því máli, og það yfir fjarstöddum mönnum. Hæstv. fjrh. (M. G.) gat þess, að hann teldi víst, að setið hefðu sanngjarnir menn í dóminum. Orð mín gáfu ekkert tilefni til þess, að svo hefði ekki verið, enda þó að jeg gæti þess að þessi merkilegi dómur væri af þeim, sem sjeð hefðu, lögfróðum sem ólögfróðum, álitinn eitt hið merkilegasta skjal í sinni röð. Þá fullyrðing hæstv. fjrh. (M. G.) um það, að skuldin lægi hjá hreppsnefndinni, tel jeg honum alveg ósæmilega, þar sem hann vitanlega hefir ekki rannsakað málavextina.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það væri hart að fara fram á lán, og biðja svo strax um eftirgjöf á því. Jeg finn enga ástæðu til að segja, að hjer hafi nein harðleikni átt sjer stað, því að fullkomlega verð jeg að álíta það sæmilegt að fá eftirgjöf á gerðum samningum, ef þess er hóflega leitað og fullkomnasta sanngirniskrafa mælir með því, og því vil jeg leyfa mjer að slá föstu, að þetta eigi sjer hjer stað.

Og hvernig sem annars fer um þessa brtt. mína, leyfi jeg mjer að slá því föstu, að hún eigi mun meiri rjett á sjer heldur en margar aðrar brtt., sem þegar hafa verið samþ., bæði í fjáraukalögum og fjárlögum.

Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir áður mælt með brtt. um veginn frá Hólum og að Kolkuósi, og lái jeg honum það ekki. Þess vegna finst mjer það óþarfi af honum að leggjast á móti minni brtt., sem er á jafnmiklum og sanngjörnum kröfum bygð.

ATKVGR.
um brtt. frá 13. gr.

Brtt. 426,X. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. B., M. G., P. J., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., E. Þ., E. E., H. K., Jak. M.

nei: J. S., J. Þ., M. J., M. K., M. P., P. O., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., Gunn. S., B. Sv.

Brtt. 426,XI. feld með 13 : 10 atkv.
— 426,XII. feld með 16 : 6 atkv.
— 426,XIII. samþ. með 14 : 2 atkv.
— 426,XIV. feld með 17 : 6 atkv.
— 426,XV. samþ. með 15 : 4 atkv.
— 426,XVI. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. J., M. P., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., J. S., M. G., B. Sv.

nei: M. K., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., B. H., E. Þ., H. K., J. A. J., J. Þ.

Brtt. 426,XVII. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., M. J., M. K., M. P. St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., B. Sv.

nei: J. B., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O.,

P. Þ. S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K.

Brtt. 426,XVIII. feld með 18 : 4 atkv.
— 429,1.a. feld með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., P. Þ., B. J., H. K., Jak. M., B. Sv.
nei: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S.

Brtt. 429,1.b. tekin aftur, en tekin upp aftur af J. B. og feld með 15 : 8 atkv.
— 426,XIX. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 436. samþ. með 18 : 3 atkv.
— 426,XX., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.
— 426,XXI. samþ. með 14 : 10 atkv.
— 426,XXII. sjálffallin.
— 426,XXIII.a. samþ. með 16 : 5 atkv.
— 426,XXIII.b. samþ. með 16 : 5 atkv.
— 426,XXIII.c. samþ. með 16 : 5 atkv.
— 426,XXIV. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., M. K., P. O., P. Þ., Þorl. G., B. Sv.
nei: Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn S., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J.

Brtt. 426,XXV. samþ. með 15 shlj. atkv. Skrifleg brtt. (varatill.) við 26. lið á brtt. 426 kom fram frá þm. Ísaf. (J. A. J.). Afbrigði leyfð af stjórninni, en feld af þd. með 8 : 16 atkv.
— 426,XXVI. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. Sv.,
nei: H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H.

Brtt. 426,XXVII. (aðaltill.) feld með 13 : 4 atkv.
— 426,XXVII. (varatill.) samþ. með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. K., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ., B. Sv.
nei: Gunn. S., M. G., M. J., Sv. Ó., Þorst. J., B. J.

Brtt. 426.XXVIII. samþ. með 17 : 1 atkv.
— 426,XXIX. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 426,XXX. samþ. með 14 : 7 atkv.
— 426,XXXI. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 426,XXXII. samþ. með 14 : 6 atkv.
— 429,2. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., M. G., M. J., M. K., M. P., Þorl. G., Þorst. J., B. J., E. Þ., B. Sv.
nei: J. B., J. S., J. Þ., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. H.

Brtt. 426,XXXIII. samþ. með 14 : 3 atkv.
— 426,XXXIV. feld með 13 : 6 atkv.

— 426.XXXV. (ný grein) samþ. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. Þ., St. St., B. Sv.
nei: Sv. Ó., B. H., J. A. J., J. B., J. S., M. K., P. J., P. O., S. St.

Brtt. 426,XXXVI. samþ. með 14 : 2 atkv.
— 426,XXXVII. feld með 22 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., J. Þ., P. J.
nei: P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G. Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., M. J., M. K., M. P., P. O., B. Sv.
M. G. greiddi ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 446).

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg stend upp aðeins til þess að slá því föstu, að nú þegar mál þetta er fyrst tekið á dagskrá í þessari háttv. deild, og það með afbrigðum frá þingsköpum, eru liðnar fullar 11 vikur frá þingsetningu.

Háttv. Nd. hefir því gefið sjálfri sjer góðan tíma til meðferðar fjárlagafrv., en tími sá, sem hún skamtar Ed., er sannarlega naumur, svo framarlega sem þinglausnir eiga ekki að dragast fram úr öllu hófi, og er rjett, að það komi berlega fyrir sjónir almennings, hvor deildin er völd að því, hve lengi þingið á setu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þegar jeg lagði þetta frv. fyrir háttv. Nd., þá sýndi jeg fram á það, að ef tekjufrv. stjórnarinnar yrðu samþ. óbreytt og þetta frv. sömuleiðis, mundi verða um 100 þúsund kr. tekjuafgangur, eftir því, sem næst yrði komist. Nú hefir farið þannig með þetta frv. í háttv. Nd., að gjöldin hafa hækkað þar um hjer um bil hálfa miljón kr., svo að nú er tekjuhallinn um 400 þús. kr., ef gengið er út frá tekjufrv. stjórnarinnar samþ. óbreyttum. En nú er það vitanlegt, að þessi frv. verða ekki samþ. óbreytt, og áætla jeg mjög lauslega, að úr þeim verði dregið þannig, að þau gefi um 700 þús. kr. minni tekjur en áætlað er. En aftur er komið fram nýtt frv., er ætla má að gefi 300 þúsund kr. á ári. Eins og útlitið er nú, virðist því svo sem tekjuhallinn muni verða um ½ milj. kr., svo framarlega sem fjárlagafrv. tekur ekki breytingum í þessari hv. deild.

Jeg hefi viljað skýra frá þessu, til þess að sýna háttv. deild, að brýn nauðsyn er á að spara og draga úr gjöldunum eins og verða má, en það vil jeg taka skýrt fram, að þetta er aðeins áætlun, sem jeg set hjer fram, eins og ráða má af líkum, þar sem enn er óvíst um ýms af stjórnarfrv., sem tekjuauki er að.

Að öðru leyti vísa jeg til þess, er jeg sagði um fjárhag vorn við 1. umr. þessa máls í háttv. Nd.

Að lokinni þessari umræðu óska jeg, að frv. þessu verði vísað til háttv. fjárveitinganefndar.

Sigurður Eggerz: Eins og hæstv. fjrh. (M. G.) tók fram, þá er ómögulegt að segja um það, hvernig fer um tekjufrv. hæstv. stjórnar á þessu stigi, og því ómögulegt fyrir fjárhagsnefnd enn að gera sjer grein fyrir tekjuhliðinni, en hún mun leitast við við 2. umræðu að koma með álit sitt um tekjuhliðina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 1651) með 13 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 505, 502).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Fjárlagafrv. verður skift svo til umr. og atkvgr., að fyrst verða teknar til meðferðar 1.—5. gr., þá 6.—14. gr. og loks 15.—24. gr.

Frsm. fjhn. (Sigurður Eggerz): Fjárhagsnefndin hefir ekki getað gert brtt. við tekjuhluta fjárlaganna, af þeirri ástæðu, að enn er ekki sjeð fyrir um afdrif ýmsra tekjuskattsfrv., sem eru á ferðinni. Það hefir verið búist við því, að Alþingi muni verða slitið á laugardaginn er kemur, en það horfir nú ekki betur en það, að sum stærstu skattamálin eru ekki ennþá afgreidd úr háttv. Nd., og geta því ekki komið til meðferðar hjer fyr en í næstu viku. Það er því auðsjeð, að nefndin hefir mjög lítinn tíma til að athuga málið, ekki síst þareð ýms stórmál eru eftir, sem koma hingað í næstu viku, t. d. eins og fasteignaskattsfrv. o. fl. Það er því mjög leitt, að þessum tekjufrv. skuli vera haldið svo lengi í háttv. Nd. En fjhn. vill þó reyna að gera háttv. deild nú þegar nokkra grein fyrir því, hvernig tekjuhliðin muni líta út, og leggur því til grundvallar sum frumvörp stjórnarinnar, sem vitanlegt er, að muni verða samþykt.

Það er þá fyrst, að ábúðar- og lausafjárskattur fellur burt, en í stað hans kemur fasteignaskattur, sem er áætlaður 270 þús. Tekjuskattsfrv. er til umræðu í dag í háttv. Nd., og er því ekki hægt að segja, hve miklar tekjur megi áætla eftir því frv. Stjórnin hefir nú heldur enga áætlun gert um þennan tekjuauka í ástæðum fyrir frumvarpinu, en heyrst hefir, að fjármálaráðherra (M. G.) hafi í ræðu áætlað skattinn um 1 miljón kr. En eins og frv. kemur frá stjórninni, þá mundi nefndin varla treystast til að áætla tekjur af því hærri en 600,000 kr. Því að mjög líklegt er, að skatturinn verði mjög lítill af hinum hærri stofnum, þar sem framleiðslan hefir orðið fyrir svo þungum áföllum, og að sjálfsögðu tekur langan tíma þangað til hún rjettir við, svo að vænta megi mikils gróða af henni. Tekjuskatturinn síðasta ár nam ekki meiru en 600 þús. kr., jafnvel þó að háskatturinn væri mikill. Dýrtíðar- og gróðaskattur fellur burt samkvæmt frv. stjórnarinnar um tekjuskatt. Aukatekjur áætlar stjórnin 150 þús., og telur nefndin, að sú áætlun sje rjett. Erfðafjárskatt áætlar nefndin um 20 þúsund krónur. Vitagjald áætlum vjer eins og í fjárlagafrumvarpinu, eða 100 þús. kr. Það var samkvæmt síðustu landsreikningum ekki meira en 60 þús. kr., en nefndin áleit að óhætt mundi vera að setja það 100 þús. kr., þar sem það mun hafa verið hækkað síðan. Leyfisbrjefagjald virðist mega telja 10,000 kr. og útflutningsgjald um 500,000 kr. En áætlunin um útflutningsgjald byggist á því, að tillögur stjórnarinnar verði samþyktar. En samkvæmt þeim falla lögin frá 1919 í burtu, en eftir verður síldartollurinn einn, sem stjórnin hefir flutt sjerstakt frumvarp um, og þar sem það heldur dregur úr tollinum vegna frádráttar, sem heimilaður er í frv., þá virðist síldartollurinn varlega áætlaður um 200 þús. kr. Við útflutningsgjald bætist því 1% gjald af útfluttum vörum, sem nefndin telur víst, að verði samþ. og kemur í staðinn fyrir 1% stimpilgjaldið, og áætlar stjórnin það gjald um 300 þús. kr.,

og telur nefndin það síst of hátt. Áfengistollinn virðist mega áætla um 200 þús. og tóbakstoll um 500 þús. kr. 1919 reyndist hann 700 þús. kr., en er nú áætlaður í fjárlögunum 400 þús. kr., og mun því sanni næst, að hann nemi ca. 500 þús. kr. Lestagjaldið er látið standa óbreytt eins og stendur í athugasemdum stjórnarinnar, sem sje 40 þús. kr. Kaffi- og sykurtollur er áætlaður 800 þús. kr.; stjórnin gerir ráð fyrir, að tollur af sykri og kaffi og áfengi og tóbaki muni nema 2 milj. kr., en nefndin fer ekki svo hátt, og áætlar 1½ miljón. Vörutollurinn verður líklega ekki eins hár nú eins og áður, jafnvel þó að gjaldið hafi verið hækkað í einum flokkinum, því að það hefir verið fært svo mikið á milli flokka, úr dýrari flokki í ódýrari flokk, og telur nefndin því rjett að áætla frv. um 1 milj., og það verður að taka tillit til þess, hve tímarnir eru erfiðir og horfurnar ískyggilegar. Annað aðflutningsgjald áætlum vjer 60 þús. kr. eins og nú stendur í fjárlagafrv. Gjald þetta hefir að vísu verið hækkað, en hinsvegar er búið að banna innflutning á sumum þeim vörum, sem heyra undir þennan flokk, og hefir því nefndin talið rjett að halda sjer við gömlu áætlunarupphæðina. Nefndin hefir áætlað 500 þús. kr. stimpilgjald, en eftir frv. stjórnarinnar er slept 1% gjaldi af öllum útfluttum vörum, og dregur það afarmikið úr gjaldinu. Símatekjur 1919 reyndust 828 þús. kr. og áætlaði nefndin þær nú 800 þús. kr. Nefndin gerir ráð fyrir, að póstekjur nemi 240 þús. kr., eins og stendur í stjórnarfrv., en það getur vel komið til greina að hækka þá upphæð. Samkvæmt þessari áætlun nefndarinnar, sem hún þó áskilur sjer rjett til að breyta, þá nema tekjurnar af 2. gr. um 5,790,000 kr., en eftir frv. 5,945,000 kr., og er því áætlun nefndarinnar, er tekið hefir verið tillit til skattafrv., sem eru á leið í þinginu og gert er ráð fyrir að verði samþykt, nokkuð lægri en tekjuhliðin nú er áætluð í fjárlagafrv., þegar gömlu skattarnir eru lagðir til grundvallar. Nefndin hefir ekki áætlað neitt fyrir einkasölu af tóbaki, en ef hún yrði samþykt og gengið er út frá 200 þús. kr. tekjum af henni, þá mun áætlun nefndarinnar verða lík og stjórnarfrv. gerir ráð fyrir. Við 3. og 4. og 5. grein hefir nefndin ekkert að athuga.

Eftir þessu verður hallinn á fjárlögunum hjer um bil 2,476,982,37 kr.

Jeg veit, að hæstv. fjrh. (M. G.) mun komast að nokkuð annari niðurstöðu um tekjurnar, þar sem hann hefir gert ráð fyrir, að tekjuskatturinn yrði 400,000 kr. hærri en nefndin áætlar og aðflutningsgjald 500,000 kr. hærra og vörutollur ½ milj. kr. hærri. En eins og tekið hefir verið fram, þá hefir nefndin ekki getað fallist á þessar áætlanir. Þar sem svo mörg af tekjuaukafrv. stjórnarinnar eru ekki komin í gegn um þingið, þótt nefndin þykist sjá fyrir örlög þeirra, þá hefir hún ekki getað gert brtt. við tekjuliðina, en hefir talið skyldu sína að gefa bæði fjvn. og háttv. deild nú þegar á þessu stigi skýrslu um, hvernig tekjuliðin stæði. Að sjálfsögðu mun nefndin athuga tekjuliðina enn ítarlegar og leitast við að gera brtt. við frv. áður en það fer hjeðan úr háttv. deild.

ATKVGR.
um 1.—5. gr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Þegar hefir nú verið vikið að því, að tekjuhallinn í fjárlögunum, eins og háttv. Nd. skildi við þau, sje 2 milj.

476 þús. 982 kr. 37 aur., og er það alt annað en álitlegt, í samanburði við þá lýsingu, sem háttv. frsm. fjhn. (S. E.) gaf um horfurnar, og ætti það að vera háttv. þingdeild til varnaðar um að auka þar ekki miklu við.

Síðan eru aðeins fáar nætur, að við höfðum hjer 1. umr. um þetta mál, og þar sem nefndarmenn hafa jafnframt orðið að sinna fleiri málum, þá hefir ekki gefist tími til að rita langt nál., og getur því skeð, að fjvn. hafi skotist yfir eitthvað, svo sjálfsagt má búast við brtt. við 3. umr. Nefndin hefir ekki komið með brtt. við frv. fyr en kemur að 12 gr., og skal jeg þá fyrst víkja að breytingum hennar við þá grein.

Í fjárlagafv., eins og það kom frá Nd., er ákveðið 10 þús. kr. til starfrækslu Röntgenáhalda og 2 þús. kr. til að starfrækja ljóslækningastofu, og ennfremur m.-liður í 27. tölul. til stafrækslu Finsensljósa, til lækningar hörundsberklum, 3 þús. kr. Nú víkur því þannig við, að í ráði er, að sett verði hjer upp hæfilega stór ljóslækningastofnun með Finsenslömpum, sem notuð verður meðal annars til þess að lækna hörundsberkla. Geislastofnun Finsensljósa er mjög ljósfrek og því kostnaðarsöm. Niðurstaða nefndarinnar er sú, að færa þessa liði undir eitt, og er þá fjárveitingin hin sama og sú, er veitt var í Nd. Hinsvegar hugsum við okkur, að þessar stofnanir renni saman og verði báðar eign ríkissjóðs og stjórnin semji við lækninn um starfræksluna, og sje þá kaup hans og væntanlegur ágóðahluti af lækningunum ákveðinn. Um styrk til Radíumsjóðsins er það eitt að segja, að það er einungis orðabreyting. Sjóðurinn heitir Radíumsjóður Íslands, og hefir þess verið óskað, að fjárveitingin yrði orðuð þannig. Næsta brtt. er um styrk til sjúkrahúsa. Fjárveitinganefnd Nd. ákvað að veita til rekstrar sjúkrahúsa og sjúkraskýla 10 þús. kr., en við höfum hækkað þá fjárhæð um þriðjung. Vitanlega fylgir sá böggull skammrifi, að hjeruðin leggi fram þriðjungi meira fyrir hvern legudag en verið hefir. Reynslan hefir sýnt, að það er orðið nær ógerningur að taka sjúklinga inn á sjúkrahúsin með sama gjaldi og verið hefir. Þess vegna er lagt til, að daggjaldið verði hækkað úr 60 aurum upp í 90 aura. Eitt af því, sem háir sjúkrahúsunum úti um landið, er það, hve örðugt er að fá hjúkrunarkonur til þeirra. Við höfum undanfarið verið að kosta stúlkur utan í þessu skyni, og nú veitum við 3 konum utanfararstyrk til hjúkrunarnáms. En meinið er, að við vitum ekki, hvað á að gera við þær, er þær koma heim aftur. Við getum ekki boðið þeim það kaup, sem sæmilegt er. Þetta ætti að vera meðmæli með hækkun þessa styrks, því að það er full hætta á því, að við fáum ekki hjúkrunarkonur til þessara starfa með þeim launum, sem unt er að borga.

Jeg þykist ekki þurfa að ræða frekar um næsta lið, utanfararstyrk til hjúkrunarkvenna, sem fjvn. hefir ekki breytt. En henni hefir þótt rjett að bæta við athugasemd um það, að konur þessar setjist að hjer á landi að loknu námi, ef þeim býðst starf hjer, og er það í samræmi við það, sem jeg nú hefi mælt.

Þá er næsta brtt. um að fella niður fjárveitingu til væntanlegs berklavarnarfjelags. Þetta fjelag er enn ekki stofnað, og nefndin álítur því ekki ástæðu til að taka upp styrkveitingu til þess að þessu sinni. Ef fjelagið verður stofnað og sæmilegur áhugi fylgir því úr hlaði, þá er nægur tími til þess að veita því styrk á næsta Alþingi, annaðhvort í fjáraukalögum eða fjárlögum, eða hvorutveggja.

Næst er að ræða um fjárveiting til Læknafjelags Reykjavíkur, til þess að styrkja utanför umbúðasmiðs. Um mál

þetta er það að segja, að Læknafjelagið sótti til þingsins um 8000 kr. styrkveitingu í þessu skyni, en sú fjárveiting fjell í Nd. Það er engum vafa undirorpið, að þörfin á umbúðasmið hjer á landi er afarmikil. Sjúklingar, sem þurfa að láta gera sjer umbúðir, verða margir sjálfir að fara utan, því að það er margreynt, að þótt læknar mæli sjúklingana, þá koma umbúðirnar ekki að fullum notum, þegar þær koma. Þetta sýnir, að nauðsyn er á að hafa slíkan smið við hendina. Nú stendur þannig á, að læknafjelagið á kost á að fá kenslu handa manni hjer í bænum, sem er einkar vel hagur og álitinn vel fallinn til þess að læra þetta, hjá „Hjemmet for Vanföre" í Kaupmannahöfn, er hefir lofað að veita honum fullnaðarfræðslu í þessari grein, og er málið þegar undirbúið að þessu leyti. Að ætlast til þess, að Læknafjelagið leggi fram allan þann styrk, er til þessa þarf, virðist mjög misráðið og ósanngjarnt. En þar sem till. fjell í Nd., þótti fjvn. þessarar deildar rjett að lækka fjárhæðina til þessa úr 8000 niður í 6000 kr.

Þá er komið að 13. gr. Um hana er það fyrst að segja, að nefndin hefir þar lagt til stórfelda breytingu, og er hún sú, að í stað 175 þús. kr. til strandferða komi 300 þús. kr. Það er vissa fyrir því, að 175 þús. kr. styrkur til strandferða hrekkur ekki, og við litum svo á, að það sje eigi til annars en að blekkja sjálfan sig og þjóðina, að halda svo lágri fjárveitingu. Er jafnvel mikil ástæða til að ætla, að þessi fjárveiting nægi ekki til Sterlingsferðanna einna, en þar sem Nd. hafði felt 400 þús. kr. fjárveitingu, teljum vjer vænlegra til samkomulags að ákveða fjárveitinguna ekki hærri en þetta, og urðum ásáttir um að ákveða fjárveitingu þessa 300 þús. kr. Svo eru till. um að fella niður fjárv. til tveggja símalína, Reykjarfjarðar og Króksfjarðarness. Þessar fjárveitingar eru ekki í frumvarpi stjórnarinnar, og þess vegna þótti gerlegast að láta þær falla niður, þar sem auk þess má búast við, að alls ekki verði unt að framkvæma þessar símalagningar sökum fjárskorts. Annars ætlaði nefndin að ræða við landssímastjóra um þetta, en hann er fjarverandi sem stendur.

Þá er næst fjárveiting til húsabygginga í Reykholti. Fjárveiting þessi var sett 5000 kr. í Nd., en við höfum lækkað hana í 2500 kr. Hjer er að ræða um allmikinn kostnað, talað um 100 þús. kr., til að byggja upp staðinn. Og víst mun margan fýsa, að eigi yrði þjóðinni til vansæmdar húsakynni á þessum söguríka stað. Teljum vjer það þjóðmetnaðarmál, sem skylt er að koma í framkvæmd. En þar sem ekki mun ætlast til, að ráðist verði í neinar verulegar framkvæmdir í þessu skyni nú þegar, teljum vjer nægja 2500 kr. til undirbúnings byggingarinnar.

Næst er að ræða um einkalaunaviðbót til dyravarðar Háskólans. Við höfum flutt hana í 18. gr., þótti betur fara á því, þar sem hjer er vitanlega ekki um annað en eftirlaun að ræða, sem dyravörður er sjálfsagt vel að kominn.

Þá er næst að ræða um námsstyrk til stúdenta erlendis. Þessi styrkur kemur að sjálfsögðu í stað Garðstyrksins, því að samkvæmt sambandslögunum er fallinn niður rjettur stúdenta til þessa styrks, en með því þykir ófært annað en veita þeim nokkurn styrk. Hins vegar ætti styrkur þessi að koma að nokkrum notum, og þess vegna er ætlast til þess, að stjórninni verði sýnd vottorð um, að styrkhafar stundi nám sitt með alúð, og njóti ekki styrks lengur en 4 ár, því að svo var um Garðstyrkinn. Jafnframt álítum vjer heppilegt, að stjórnarskrifstofan í Kaupmannahöfn hefði eftirlit með, að styrkur þessi yrði notaður viturlega, því að vitanlega er hægra fyrir hana að hafa slíkt eftirlit en stjórnina hjer.

Þá er að ræða um aths. við námsstyrk handa nemendum Mentaskólans. Þessi athugasemd gerir ráð fyrir að finna ráð til þess að auka tekjur þessarar stofnunar, í því skyni að styrkja efnalitla nemendur, með því að leggja skólagjald á hina efnaðri nemendur. Þótt vjer sjeum eigi beint á móti því, að lágt skólagjald verði sett við skóla þennan, þá virðist tilhögun sú, sem ráðgerð er við þetta, athugaverð.

Það er hætt við, að það mundi valda óþægindum fyrir hina fátæku nemendur, er þeir vissu sig vera nokkurskonar ölmusuþega hinna efnuðu skólasveina, og við þetta mundi samlíf lærisveina skólans spillast. Að ætla að nota þetta skólagjald á sama hátt við gagnfræðaskólana og Kennaraskólann, þykir nefndinni ennþá varhugaverðara, og er því þess vegna mótfallin.

Þá er það Kvennaskólinn í Reykjavík. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að hækka styrkveitingu til skólans, ef fjárveitingin hrekkur eigi. Okkur þótti þetta varhugavert, því að það er hið sama og ríkið viðurkenni, að það taki skólann algerlega að sjer. Þetta getur nefndin eigi fallist á, og leggur því til, að aths. falli burt.

Næst er að ræða um byggingarstyrk til barnaskóla. Fjvn. Nd. leggur til, að styrkveiting þessi orðist svo: „Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, í kauptúnum og sjávarþorpum og heimavistarskóla í sveitum o. s. frv.“ En þar sem styrkveitingin er svo lítil, og flest eða öll þorp landsins munu þegar hafa reist sjer barnaskóla, þá er líklegast, að fjárhæð þessari verði helst varið til byggingar skólahúsa í sveitum.

Nú er það svo, að sumstaðar í sveitum geta heimangönguskólar komið að fullum notum, og þess vegna þykir rjett að fella niður orðið heimavistarskóla, og láta það vera á valdi stjórnarinnar, hvort veita skuli fje til heimangönguskóla, undir vissum kringumstæðum og ef fræðslumálastjóri álítur það heppilegt.

Þá er það styrkur til Skólablaðsins. Nefndin leggur til, að hann falli niður, af sömu ástæðu og tekin var fram um styrkveitingu til lögfræðilega tímaritsins í nál. um fjáraukalögin. Það er ekki af því, að nefndin álíti eigi fylstu þörf á, að tímarit þetta komi út, heldur vegna þess, að hún álítur, að þingið sje komið inn á skakka braut, ef það fer að styrkja viss tímarit, og eigi gott að vita, hvar slíkt mundi lenda.

Nefndin hefir komið sjer saman um það, að veita ekki styrk til tímarita, því að þar sem margar styrkbeiðnir hafa komið frá tímaritum, mætti búast við, ef einu væri veittur styrkur, myndu fleiri koma á eftir, og því væri eigi gott að segja hvar ætti að enda.

Um styrki þessa er það að segja, að þeir eru allir lágir, og munar því lítið um þá, þegar litið er á það, hversu bókaútgáfa er feiknadýr.

En það teldi jeg vel ráðið, að hver stjett sýndi metnað sinn í því að reyna að halda úti tímaritum sínum sjálf. Og get jeg í þessu sambandi bent á læknastjettina. Hún hefir sjálf haldið úti tímariti sínu hjálparlaust, og aldrei sótt um styrk til þess, því það er ekki nema eðlilegt, að hver stjett hafi þann áhuga á málum sínum, að hún reyni að halda úti ritum sínum sjálf.

En hvað Skólablaðið snertir, þá mun jeg greiða atkvæði með því, að þessi upphæð til þess fái að fljóta. En fyrir hönd nefndarinnar hefi jeg umboð til að mæla á móti fjárveitingunni.

Athugasemdina um unglingaskólana telur nefndin athugaverða, þar sem svo er kveðið á, að unglingaskólar í fjölmenn-

um kauptúnum og kaupstöðum skuli að öðru jöfnu njóta minni styrks en unglingaskólar í sveitum.

Nefndin er ekki ánægð með þetta orðalag, og telur því rjett að fella athugasemdina niður að þessu leyti. En hún áskilur sjer rjett til þess að koma með brtt. við 3. umr., sem skýri þessa hugsun betur, því að hún lítur svo á, að það geti orðið til reipdráttar milli skólanna, ef orðalagið á athugasemdinni er látið standa eins og það kom frá Nd.

Styrkinn til húsmæðrafræðslu á Ísafirði hefir nefndin bundið því skilyrði, að fram yrðu lagðar annarsstaðar frá 1000 kr., í stað 800 kr., sem í frv. stendur.

Hvað breytinguna á mannsnafninu snertir, þá hefir nefndin lagt til, að í stað „Guðbrandsdóttur" komi „Brands", af því að þess hefir verið óskað af konu þeirri, er hlut á að máli.

Forsætisráðherra (J. M.): Fjármálaráðherra getur því miður ekki verið við þessa umræðu hjer, því að hann er bundinn í háttv. Nd.

Jeg hefi ekki mikið út á brtt. háttv. nefndar að setja fyrir mitt leyti, og skal því fara fljótt yfir sögu.

Vil jeg þá fyrst nefna 12. brtt., sem er um að lækka fjárveitingu til bæjargerðar í Reykholti. Jeg get eigi sjeð, að það hafi mjög mikla þýðingu í sjálfu sjer, hvort fjárveitingin er lækkuð eða eigi. Það hefði verið rjettast máske að orða fjárveitinguna „alt að" einhverri ákveðinni fjárhæð. Það þarf að byrja á bæjarbyggingu þar, því að bærinn er orðinn svo hrörlegur, að varla hefir mátt búa í honum síðustu árin.

Presturinn í Reykholti hefir nú farið fram á, að reistur yrði þar bær, sem sæmdi þessu höfuðbóli, og fjárveitinganefnd Nd. hefir fallist á, að nauðsynlegt sje að reisa þar sæmilega góðan bæ, að mestu leyti á ríkisins kostnað. Jeg vona, að hann þurfi ekki að kosta eins mikið og húsagerðarmeistari gerir ráð fyrir, um 100 þús. kr. Jeg held annars, að rjett hefði verið að láta þessa fjárveitingu standa eins og hún kom frá háttv. Nd. Það er eigi mikið unnið fyrir 2500 kr.

Hitt er þó aðalatriðið, að eitthvað sje veitt, því að þá er það viðurkent, að ríkið eigi að styðja byggingu í Reykholti fram yfir á öðrum prestssetrum.

Við brtt. um styrk handa stúdentum við erlenda háskóla hefi jeg ekkert verulegt að athuga. Það er eflaust rjett að binda hann við ákveðið árabil, en hvort það á að vera endilega fyrstu 4 árin, það tel jeg efasamara. Það lítur helst út fyrir, að þingið vilji, að þetta komi alveg í stað rjettinda íslenskra stúdenta við Kaupmannahafnarháskóla til Garðstyrks, eins og þau voru fyrir 1. desember 1918, og að stúdentar þessir ættu þá heimting á þessum styrk, að því leyti, sem þeir gætu ekki numið hjer þá námsgrein, sem þeir vilja stunda. Mjer þykir hjer helst til langt farið, en það verður að vera á þingsins valdi. Á hinn bóginn verður þá ekki farið um styrkveitingu eftir efnahag stúdenta. Þetta er og vandaminst fyrir ráðuneytið, svo að frá því sjónarmiði hefi jeg ekkert út á það að setja. En frá byrjun hefir verið nokkur vafi á, hvernig eigi að skilja þessa fjárveitingu, hvort veita eigi öllum stúdentum jafnan styrk eða helst þeim, er efnaminni eru.

Þá kem jeg að athugasemdinni um skólagjald Mentaskólans. Jeg skal þegar taka það fram, að jeg tel rjett að taka skólagjald við þennan skóla, en vel má vera, að ekki sje ástæða til að ráðstafa því eins og gert er ráð fyrir í frv. um lærða skólann. Getur vel verið, að rjettara sje að láta gjaldið renna beint í ríkissjóð, en veita svo aftur í fjárlögunum einhvern styrk, sem gengi til fátækra, efnilegra námsmanna.

Reyndar er jeg nú ekki svo hræddur um, að það veki óánægju milli námssveina, eða sje á neinn hátt óþægilegt fyrir styrkþega, þótt skólagjaldinu væri skift beint milli þeirra.

Hins vegar hefir það verið oft talsvert umræðuefni á þingi, hvort þörf sje að veita námsstyrk við skóla þennan, ef kenslan er ókeypis. Það eru allmikil hlunnindi að fá þar ókeypis kenslu, sjerstaklega fyrir námsmenn, sem hjer eiga heima.

Aftur er jeg nefndinni samdóma um, að tæplega sje ástæða til, að svo stöddu að minsta kosti, að taka skólagjald við Akureyrarskólann. En sjerstaklega er jeg henni þó þakklátur fyrir það, að hún vill ekki taka skólagjald við Kennaraskólann, því að í slíkum skólum má ekki heimta skólagjald.

Karl Einarsson: Aðeins stutt athugasemd út af 10. og 11. brtt. fjvn.

Jeg verð að segja, að jeg kann illa við að neita um endurveitingu á fje, sem þegar hefir verið veitt í fjárlögum, þegar ekkert hefir upplýst um það, að verkið sje eigi eins nauðsynlegt eins og var, er fjárveitingin var veitt.

Þannig er ástatt um þetta mál, því að það hafa einungis fjárhagslegar ástæður valdið því, að símar þessir hafa ekki verið lagðir. En það væri öðru máli að gegna, að setja þá athugasemd, að stjórnin mætti fresta lagningu þessara síma, ef fjárhagsörðugleikar verða miklir. Jeg myndi flytja brtt. í þessa átt, ef nefndin óskaði, og till. verða feldar með þessum fyrirvara. Jeg verð að líta svo á, að þær fjárhæðir, sem veittar hafa verið í fjárlögum til einhvers ákveðins verks, eigi að koma í næstu fjárlögum, svo framarlega sem ekki hefir verið horfið frá verkinu. Jeg tel því, að það sje eins og bindandi loforð fyrir þingið, þegar það er búið að samþykkja einhverja fjárhæð, og hún hefir eigi verið notuð, að láta hana sitja fyrir öðrum næst.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er þakklátur nefndinni fyrir það, að hún hefir haft mikinn vilja á að spara, því að á því var full þörf. Þó er það, sem jeg vil taka upp og styðja, til ósparnaðar. Það eru nefnil. símalínurnar milli Hólmavíkur og Reykjarfjarðar og Búðardals og Króksfjarðarness. Jeg vildi eindregið óska þess, að þessar fjárveitingar yrðu ekki feldar niður. Fyrst og fremst af þeim ástæðum, sem háttv. þm. Vestmannaeyinga (K. E.) tók fram, að þær eru endurveiting og þingið er margbúið að lofa að styðja þessar símalínur.

Að eigi er búið að leggja þessar línur, stafar fyrst og fremst af fjárhagserfiðleikum, og í öðru lagi af því, að glundroði kom á málið, því að nokkrir menn fóru að hugsa um að hafa heldur loftskeytastöð, sem þegar varð augljóst, að var miklu óheppilegra. Því var fyrst haldið fram, að nauðsynlegt væri að leggja símann til Reykjarfjarðar, þegar læknirinn sat á Hólmavík. En þegar Reykjarfjörður var gerður að sjerstöku læknishjeraði, fanst þessi nauðsyn hverfa, og er það eitt, sem hefir átt þátt í því, að lagning þessarar símalínu hefir dregist. En nú er þessi nauðsyn orðin brýn aftur, því að enginn læknir fæst í þetta Reykjarfjarðarhjerað — og jeg gæti best trúað að þangað fengist aldrei búsettur læknir. — Þannig stendur ekki á um símalínuna milli Búðardals og Króksfjarðarness, heldur hefir lengi verið kvartað yfir því, að enginn sími lægi um Barðastrandarsýslu og Dalasýslu, nema syðst í henni. Þennan síma væri auðvelt að leggja, og hann lægi um miðja Dalasýslu, og hann yrði að miklum notum fyrir Barðastrandarsýslu, þó að hann kæmi aðeins austast í hana.

Það yrði því mikil bót fyrir næstu hreppana, og þá sjerstaklega Reykhólahrepp, enda væri hægra að framlengja línuna síðar.

Jeg vil því leyfa mjer að leggja til, að þessar fjárveitingar verði báðar látnar standa í fjárlögunum, fyrst og fremst af því, að þær eru endurveitingar, og jeg tel ekki tilhlýðilegt af þinginu að halda ekki þessi loforð sín. Það yrði þá ekki hægt að kenna því um, þótt ekkert yrði úr lagningu þessara lína af einhverjum öðrum ástæðum.

Það gæti líka vel komið fyrir, að efni fjelli í verði, t. d. staurar, og þeir yrðu pantaðir seinni part næsta sumars, og þá hægt að flytja þá út að vetrinum, enda eigi hægt að flytja þá út nema að vetrarlagi. Gæti þá komið sjer vel að hafa þetta fje til að grípa til.

Annars er jeg þakklátur nefndinni fyrir það, að hún hefir reynt að spara. — Og viðurkenni jeg það, að henni sje vorkunn, þótt hún hafi viljað fella þessar fjárhæðir niður, því að hjer er um stórfje að ræða.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Það er sýnilega ekki mikið um þetta að segja af hálfu mín sem frsm.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mintist á Reykholtsbæ. Það er nú ekki stórmál, hvort veittar verða 2500 kr. eða 5000 kr. Og hvor upphæðin, sem veitt verður, þá fer hún til hinnar væntanlegu bæjarbyggingar.

Um námsstyrk stúdenta erlendis er nokkuð meiri vandi, en nefndinni fanst nú rjett að binda hann við 4 fyrstu árin, en ef meira þyrfti, yrði þá að koma því fyrir á einhvern annan hátt.

Heimild til að leggja á skólagjald við Mentaskólann gæti komið til mála, þar sem skólagjöld eru við Kvennaskólann, en við hinar stofnanirnar virðist ekki ástæða til þess.

Þá held jeg, að ekki sje fleiru að svara nema mótmælunum um símana. Þetta eru 145,000 kr., sem þar er um að ræða, og eru einu upphæðirnar í frv., sem hægt er að benda á að mætti spara. Háttv. deild ræður nú auðvitað, hvort hún tekur tækifærið til þess að spara þetta. Við höfum nú heyrt ræðu háttv. frsm. fjhn. (S. E.) um ástandið, og bendir hún í sparnaðaráttina. Þess er og vert að geta, að hvorki liggja fyrir tillögur landssímastjóra nje landsstjórnar um byggingu þessara síma á þessu ári, og virðist mjer það talsvert styrkja mál nefndarinnar. En annars er aðalatriðið, hvort við höfum fje til þessa, því að vitanlega er bygging þessara lína æskileg eins og margra fleiri. Viðvíkjandi því, að þetta sje endurveiting, þá er því til að svara, að þær eru nú orðnar margar fjárveitingarnar, sem ekki hafa orðið notaðar, og þó ekki fengist endurveittar. Sumar þeirra hafa staðið ónotaðar í mörg ár. Jeg man ekki betur en að samþykt hafi verið fjárveiting til brúar á Eyjafjarðará fyrir mörgum árum, og Eyjafjarðará er óbrúuð enn. Sama er að segja um vitana á Austurlandi og margt fleira. Þetta er því ekki ástæða til þess, að heimta þetta nú inn í fjárlögin.

Karl Einarsson: Líkingin, sem háttv. frsm. (S. H. K.) tók síðast, er nokkuð hölt, því að heimild til þess að brúa Eyjafjarðará er komin í sjerstök lög, og verður verkið framkvæmt þegar fært þykir, en vitarnir hafa nú verið teknir upp í fjárlagafrv.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Það er satt, sem háttv. þm. Vestm. (K. E.) segir um brúna á Eyja-

fjarðará. Hún er komin í sjerstök lög, en þau eru ekki komin til framkvæmda enn og verða varla mjög brátt. En um vitana má geta þess, að þótt þeir sjeu teknir upp nú, þá eru sumar þær fjárveitingar alla leið síðan 1915.

ATKVGR.
um 6.—14. gr.
6.—11. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 502,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 502,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 502,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 502,4.a. og b. samþ. með 10 : 1 atkv.
— 502,5 samþ. með 10 : 1 atkv.
— 502,6 samþ. án atkvgr.
— 502,7.a. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 502,7.b. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 502,8. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., G. Guðf., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., B. K., E. Á., G. B.
nei: G. Ó., K. E., S. E., S. J., S. F.

12. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 502,9 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 502,10 feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., S. F., B. K., E. Á.
nei: G. Ó., K. E., S. E., S. J., G. G., G. Guðf., G. B.

Brtt. 502,11 feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., S. H. K., S. F., E. Á., H. St., H. Sn., G. B.
nei: K. E., S. E., S. J., B. K., G. G., G. Guðf., G. Ó.

13. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 502,12 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 502,13 samþ. án atkvgr.
— 502,14 samþ. með 11 : 3 atkv.
— 502,15 samþ. með 11 : 3 atkv.
— 502,16 samþ. með 11 : 3 atkv.
— 502,17 samþ. með 11 : 3 atkv.
— 502,18 samþ. með 11 : 1 atkv.
— 502,19 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 502,20 feld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., E. Á., G. Ó., H. St., H. Sn.
nei: K. E., S. E., S. H. K., S. J., S. F., B. K., G. G., G. Guðf., G. B.

Brtt. 502,21 samþ. með 9 : 2 atkv.
— 502,22 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 502,23 samþ. með 9 : 3 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): 1. brtt. við 15. gr. er um aðstoðarmann við landsbókasafnið. Nefndin er mótfallin því, að verið sje að taka fram í fjárlögunum, hvaða menn starfi í opinberum stöðum. Þar með er ekki verið að mæla á móti þessum manni, heldur er það princip-mál, að ekki eigi við, að verið sje í fjárlögunum að veita stöður, enda gæti maðurinn verið dáinn þegar þessi lög ganga í gildi. Að öðru leyti hefir nefndin fallist á þá fjárhæð, sem farið er fram á í frv., eins og það kom frá háttv. Nd. Þó með þeim skilningi, að maðurinn sje fastur ársmaður. Hjer er um allmikla hækkun að ræða, og telur nefndin því sjálfsagt, að eitthvað komi í móti.

Næst koma listaverkakaupin. Eftir frv. eins og það kom frá háttv. Nd., eru þar veittar 5000 kr. til þeirra, en nefndin hef-

ir fært það niður í 3000 kr., og er það gert af fjárhagslegum ástæðum.

Þá kemur næst brtt. um skýrslur þjóðmenjasafnsins um það, að forstöðumanni verði veittar 300 kr. til skýrslusamninga. Þessi maður hefir áður haft lítið kaup, en er nú einn af hæst launuðu mönnum landsins. Þykir nefndinni því ekki of mikið, þótt hann inni þetta verk af hendi, án sjerstaks endurgjalds. Auk þess hefir hæstv. stjórn ekki farið fram á þessa fjárveitingu, en mælt heldur á móti henni.

Næsta brtt. er um Náttúrufræðifjelagið. Það hefir int mikið starf af hendi og virðingarvert. Nefndin hefir því hækkað styrkinn til þess um 700 kr.

Þá kemur Bókmentafjelagið. Styrkurinn til þess er látinn vera sá sami og áður var, en svo er hjer bætt inn nýjum lið, til þess að gefa út registur yfir brjef þau, sem þegar eru út komin. Menn kvarta mjög undan því, að þau verði ekki að notum, meðan ekki er komið út registur við þau öll; registur þarf að fylgja hverju bindi, og telur nefndin því rjettara að gefa út registur heldur en halda áfram útgáfu brjefanna sjálfra. En ekki verður komist hjá, að þetta verði dýrt. Það er mikið verk að semja slíkt registur, og meira en að gefa út eitt bindi af fornbrjefum safnsins. Auk þess er prentun þess dýrari en alment gerist. — Þrátt fyrir alt telur þó nefndin fulla þörf þessarar fjárveitingar.

Þá kemur nýr liður, um styrk til Þorbergs Þórðarsonar til að safna orðum íslenskrar alþýðu. Þessi till. var feld í hv. Nd., þrátt fyrir meðmæli fjvn., og hefir nefndinni þótt ástæða til að taka hana upp aftur. Starfið er nýlega hafið, og ilt að hætta svona í miðju kafi. Lítur nefndin svo á, að það sje nokkur metnaður fyrir þessa þjóð, að sýna tungu sinni sem mestan sóma. Og það teljum við þýðingarmikið fyrir íslenska tungu að safna sjaldgæfum orðum víðsvegar um landið og geyma þau svo, að þau glatist ekki, eins og ella er hætt við. Telur nefndin því rjett, að þessari söfnun sje haldið áfram.

Ef vel tekst til með þetta safn, þá er þar með drjúgum aukinn málsauður vor.

Næst kemur till. um hækkun styrksins til Bjarna Sæmundssonar. Þessi ágæti vísindamaður hefir um mörg ár unnið ötullega að fiskirannsóknum hjer við land, og vill því nefndin sýna honum viðurkenningu og hækka styrkinn upp í 2000 kr. Hins vegar sá nefndin ekki ástæðu til að hækka styrkinn til Helga Jónssonar, sem ávalt hefir haft hærri styrk en Bjarni. Honum er í stjórnarfrv. ætlaðar 2000 kr., en háttv. Nd. hefir hækkað það upp í 3000 kr. Nú treystir nefndin sjer ekki til að gera upp á milli þessara tveggja vísindamanna, og hefir því aftur lækkað styrkinn niður í 2000 kr.

Um lögfræðitímaritið þarf jeg ekki að tala nú, þar sem jeg hefi áður gert það í sambandi við önnur tímarit.

Næstu liðir, 33.—36. brtt., eru allir orðabreytingar, og þarf jeg ekki að fara neitt út í það. Nefndinni þótti rjettara, að styrkurinn til þessara þriggja námsmanna hjeti heldur lokastyrkur en námsstyrkur, og að því er snertir Ingu Magnúsdóttur, þá þótti nefndinni rjett, að styrkurinn hjeti utanfararstyrkur, þar sem hún ætlar að sigla til Englands til þess að fullkomna sig í enskri tungu.

37. liður er aðeins orðabreyting.

38. liður er ekki efnisbreyting, að því er upphæðina snertir, en sumum nefndarmönnum þótti betur við eiga, að þessi styrkveiting til Einars Jónssonar myndhöggvara væri bundin við eitthvert starf í þágu safnsins.

Þá kemur liðurinn um styrkinn til búnaðarfjelaga. Í frv., eins og það kom frá háttv. Nd., er ætlast til þess, að utanfar-

arstyrk sje varið til verkfærakaupa og annars slíks. Nefndin verður í þessu efni íhaldssöm og vill halda sig að því, sem áður hefir verið, því að hún telur fengna reynslu fyrir því, að styrkveiting, miðuð við dagsverkatölu, hafi verið mönnum mikil uppörfun til jarðabóta í landinu. Álítur nefndin varhugavert að breyta þessu; telur hún vafasamt, að það skipulag sje á búnaðarfjelögum úti um landið, að trygging sje fengin fyrir því, að fje þetta komi að tilætluðum notum, ef því væri þannig ráðstafað, eins og frv. leggur til.

Þá er næst 40. till., um raforkunotkun. Nefndin hefir í nál. gert grein fyrir því, hvernig hún lítur á það mál. En síðan nefndin átti síðast fund, hafa komið nýjar upplýsingar í málinu, og tel jeg því rjettast að taka málið af dagskrá og geyma það til 3. umr.

Viðvíkjandi 43. brtt. skal jeg geta þess, að þar er aðeins farið fram á, að orðið „hreppstjóri" falli niður. Nefndin telur það verðskuldað, þótt þessi maður fái slíka viðurkenningu, en er hins vegar mótfallin því að binda hana við hreppstjóratitilinn, því að henni er fremur lítið um hreppstjóraverðlaunin, meiri hluta hennar, og er það að vísu af fjárhagslegum ástæðum, en ekki af því, að ekki sje margt manna í þeirri sveit, sem vel gæti átt viðurkenningu skilið.

Næst kemur styrkurinn til björgunarskipsins Þórs. Þetta mál hefir verið allmikið rætt, bæði innan þings og utan, og sje jeg ekki, að neitt sje unnið við að taka nú aftur upp ræður þær, sem nýlega hafa verið fluttar hjer í háttv. deild. En það vill nefndin benda á, að það er öðru máli að gegna nú en síðast. Þá var að ræða um styrk til þess að greiða áfallinn kostnað, en nú um styrk til framtíðarinnar. Það sýnist mega ætlast til þess, að hlutaðeigandi sýslufjelag geti hagað útgerðinni svo, að þetta verði tiltölulega ekki óálitlegri styrkur en sá, sem veittur er í fjáraukalögunum.

Þá hefir verið samþykt í hv. Nd. 1800 kr. fjárveiting til greiðslu kostnaðar við skurðgröftinn í Miklavatnsmýri. Nefndin er fremur ókunn því máli, en víst er það, að síðan síðasta fjárveiting til þessa var veitt, hafa engar nýjar upplýsingar komið fram því máli viðvíkjandi. Á síðasta fjárlagaþingi var farið hjer fram á 4800 kr., en veittar aðeins 3000 kr., og lítur út fyrir, að svo hafi verið til ætlast, sem það væri lokaveiting.

Á „Sindra" hefi jeg þegar minst, og þarf því ekki að tala frekar um það nú.

45. liður er um það að fella niður styrkinn til Þórdísar Ólafsdóttur, til handavinnukenslu. Má búast við, að ef farið verður að veita styrk til slíks, þá komi brátt fleiri á eftir, og hvar á svo að nema staðar?

Nefndin hafði vegna tímaskorts ekki tækifæri til þess að athuga þau skjöl, sem lúta að Staðarfellsgjöf, og sá því ekki ástæðu til að gera till. um það, hve hár eigi að vera æfistyrkur hjónanna, sem gefið hafa gjöfina. En hitt þykir henni sjálfsagt, að eftirgjald jarðarinnar renni í ríkissjóð.

Þá er næst styrkur til Janusar Jónssonar, sem nefndin hefir hækkað úr 320 kr. upp í 500 kr. Hjer er að ræða um þjóðkunnan merkismann, og væntir nefndin þess, að ekki verði amast við þessari hækkun.

Þá kemur nýr liður, um fjárveiting til ekkju Stefáns Stefánssonar skólameistara, og er hún 450 kr. Eftirlaun þessarar ekkju eru fremur lág, því að Stefán varð ekki gamall maður. Hins vegar mun Stefán heitinn ekki hafa safnað fje, og verða því föstu eftirlaunin sjálfsagt ónóg. Með því að hjer er að ræða um ekkju eftir þjóðkunnan mann, þá vill nefndin

mæla með því, að hún fái þá viðbót, sem hjer er ákveðin.

49. lið má nefndin til að taka aftur, af þeirri ástæðu, að nýjar upplýsingar hafa komið fram í málinu. Nefndin hafði felt niður þessa fjárveitingu, af því að hún hjelt, að maðurinn væri andaður, en nú er það komið upp úr kafinu, að hann sje í fullu fjöri, og tekur því nefndin að sjálfsögðu aftur liðinn.

Þá er næst viðbót við styrkinn til ekkju Jóhanns Sigurjónssonar. Sú upphæð, sem hjer er farið fram á, er að sjálfsögðu án dýrtíðaruppbótar. Um verðleik Jóhanns heitins þarf jeg ekki að tala hjer, og fer jeg því ekki frekar út í það.

51. brtt. er aðeins orðabreyting. Okkur þótti rjettara að hafa það svo, sem hjer væri að ræða um dýrtíðarstyrk, en ekki eftirlaun.

Þá er komið að láninu til aukinnar rafveitu á Seyðisfirði. Þetta er nýr liður, þar sem nefndin leggur til, að Seyðisfjarðarkaupstað sjeu veittar alt að 120 þúsund kr. til 30 ára, með 6% ársvöxtum, og verði fje eigi fyrir hendi, þá sje stjórninni gefin heimild til að ábyrgjast lán fyrir kaupstaðinn, alt að þessari upphæð.

Síðast er að ræða um heimild til að ábyrgjast hátt lán fyrir verksmiðjuna Álafoss. Hjer er úr vöndu að ráða. Fjárhæðin er há, og gæti orðið nokkuð útdráttarsamt fyrir ríkissjóð, ef illa tækist til. En einnig er mikið að vinna, ef vel tækist, þar sem hjer er um það að ræða, að fá unnið eitt af því efni, sem landið hefir til að leggja, og gera það að verðmætari vöru en annars, og gera það í landinu sjálfu, og auka með því efni þess á ýmsan hátt. Ekki voru allir nefndarmennirnir með því að veita þessa heimild, en öllum kom okkur saman um, að orðalagið, eins og það kom frá Nd., væri ekki fullkomlega tryggilegt, og því tókum við upp þetta orðalag. Verður hver að meta það með sjálfum sjer, hvernig honum fellur þetta orðalag og hvernig honum líst á þessa ábyrgðarheimild.

Sigurður Jónsson: Það er ekki margt, sem jeg þarf að athuga. Ef jeg hefi skilið háttv. frsm. (S. H. K.) rjett, þá er það skoðun nefndarinnar, að ekki beri að einskorða styrkinn til búnaðarfjelaganna svo, sem hv. Nd. vildi. Þessu er jeg fullkomlega sammála. Það kann að vera tímabært í einstaka sveitum, en alment mun það ekki vera, og allra síst í fámennum og strjálbygðum sveitum.

Nokkrar upplýsingar vil jeg gefa viðvíkjandi 43. lið, þar sem jeg er málinu kunnugur, en nægilegar upplýsingar munu ekki hafa legið fyrir nefndinni, eftir því sem mjer skildist á háttv. frsm. (S. H. K.). Þeir Gestur Einarsson á Hæli og Ágúst Helgason í Birtingaholti gerðu tilboð um að grafa skurðinn í Miklavatnsmýri. Var tilboði þeirra tekið. En tilboðið var miðað við, að jarðvegurinn væri þægilegur viðfangs, eins og hann hafði reynst við smærri skurðgrefti þar í nánd. En er til kom, var móhellulag í jarðveginum, sem þurfti að höggva. Tafði þetta verkið. Auk þess töfðu frost mjög. Við alt þetta bættist svo það, að kaup hækkaði stórum, frá því er tilboðið var gert, þar til verkinu var lokið. Bændurnir urðu því að borga mikið meira út en ráð hafði verið fyrir gert. Þeir sendu því stjórnarráðinu reikning, þar sem þeir sýndu, hver kostnaðurinn varð, og fóru fram á uppbót. Vegamálastjóri, sem var máli þessu mjög kunnur og hafði gert samninginn við bændurna, lagði til, að þeim yrði borgað nokkuð af kostnaði þeim, sem hafði orðið fram yfir áætlun. Stjórnarráðið borgaði bændunum þá þegar nokkuð af þeirri upphæð, sem vegamálastjóri lagði til, að þeim yrði greidd. En af henni stóðu þó eftir

1800 kr., sem nú er farið fram á, að greiddar verði.

Á síðasta liðinn vil jeg líka minnast. Efasamt er, hvort rjett er að veita ábyrgð á svo miklu fje, að minsta kosti í bráðina. Á næsta þingi er hægt að bæta við, ef rannsókn er þá um garð gengin og ýmsar upplýsingar fengnar, sem nú eru ekki fyrir hendi.

Frsm. fjhn. (Sigurður Eggerz): Það eru aðallega tvær breytingartillögur, sem jeg vil minnast á. Fyrst er 24. brtt. Þar stendur: „Til aðstoðarmanns við safnið, er sje fastur ársmaður". Þetta ákvæði finst mjer hlutaðeigandi manni ekki vera í hag. Því að sje það meiningin, að starf þetta verði hans aðalstarf, þá sjá allir, að hann getur ómögulega tekið það að sjer fyrir þessa borgun. Því að enginn getur nú lifað af 4400 kr. á ári. Sjerstaklega ekki þessi maður, sem er nýkominn frá Kaupmannahöfn, og þaðan koma námsmenn, eins og flestir vita, ekki með gull, heldur með skuldir. Afleiðingin af því að ákveða, að þetta starf skuli vera mannsins aðalstarf, yrði því sú, að hann yrði útilokaður frá því að taka starfið að sjer, og að því væri safninu skaði, þar sem viðurkent er, að þessi maður er nýtur maður og þarfur safninu. Því vildi jeg láta þennan lið standa óbreyttan eins og hann kom frá hv. Nd.

31. liðurinn við 15. gr. er lækkun á styrk dr. Helga Jónssonar. Nefndin vill færa styrk hans úr 3000 kr. niður í 2000 kr. Helgi Jónsson er natinn vísindamaður og hefir unnið mikið í þarfir vísindanna, þótt hann hafi haft mjög lítil laun og átt við marga erfiðleika að stríða. Vildi jeg mælast til, að þessar 3 þús. kr. fengju að standa. Hefir Helgi sýnt svo mikinn áhuga í sínu starfi, að hann á þær vel skilið.

Þá er 40. brtt., um að fella niður styrk til leiðbeiningar um raforkunotkun. (*S. H. K.*: Hún er tekin aftur). Já, jeg hefi einmitt heyrt það. En jeg var svo óheppinn að vera ekki við, er háttv. frsm. (S. H. K.) gerði grein fyrir því, hvers vegna hún væri tekin aftur. Og af því að jeg er fullkomlega samþykkur þessari brtt. nefndarinnar, þá tek jeg hana upp aftur. Vil jeg alls ekki láta hana falla niður, nema jeg heyri rækilegar ástæður fyrir nauðsyn þess.

Á móti 42. brtt. verð jeg að mæla. Jeg er, og hefi altaf verið, mjög velviljaður fyrirtæki Vestmannaeyinga, og get því ekki fallist á, að rjett sje að lækka styrk þann, sem hv. Nd. hefir viljað veita þeim. Annars vil jeg ekki fjölyrða um þennan lið; jeg veit, að þingmaður kjördæmisins mun tala um hann, og er hann öllum málavöxtum kunnugri en jeg.

Með 50. till. við 18. gr. mæli jeg. Nefndin fer þar fram á, að styrkurinn til ekkju Jóhanns Sigurjónssonar verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 1800 kr. Hún er kona þess skálds, sem hefir borið nafn þessarar þjóðar einna lengst. Ekkja hans lifir nú við fátækt, og getum við ekki sýnt betur ræktarsemi okkar við hið dána skáld en með því að hlaupa undir bagga með henni í vandræðum hennar.

Nefndin hefir bætt við nýjum lið, 52. liðnum í brtt. Jeg efast ekki um þörfina á þessu fje. En fjárhagurinn er erfiður, svo ekki getur komið til mála, að ríkissjóður geti lánað fjeð. Ábyrgð getur aftur komið til greina, og vildi jeg helst, að liðurinn væri svo orðaður, að um það eitt væri að gera.

Karl Einarsson: Jeg vil ekki þreyta menn á því að tala langt, aðeins vil jeg fara nokkrum orðum um styrkinn til Þórs, eða rjettara sagt til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að gera út skipið Þór.

Mætti tala margt um það mál, og bæta mörgu við það, sem jeg sagði hjer, þegar fjáraukalögin voru til umræðu.

Fyrst vil jeg þá upplýsa það, að kostnaðurinn við útgerð bátsins verður meiri en búist var við, því að á bæjarstjórnarfundi 30. apríl var samþykt að hætta ekki að gera hann út 1. maí, heldur halda áfram til 11. maí, eða til vertíðarloka. Til þessarar ákvörðunar dró hin brýnasta nauðsyn, því að við sjálft lá, að það sem eftir var vertíðarinnar færi út um þúfur, ef það yrði ekki gert, en annars varð útlitið dágott. Allur aflinn var út á hinum svonefnda „banka", og hver nauðsyn var á eftirliti Þórs upplýsist best með skeyti, sem jeg fekk frá Eyjunum nú fyrir nokkrum dögum. Vil jeg lesa upp skeytið, með leyfi forseta:

> „Síðan 29. apríl hafa um 60 mótorbátar mokaflað á bankanum, langt utan landhelgi. Þar er fjöldi útlendra fiskiskipa. Þór er þar stöðugt og heldur opnu svæði fyrir netabátana. Þessi afli stórbætir hag útvegsins, sem leit illa út. Þegar tími vinst til, verður hægt að sanna, með vitnisburði sjómanna, að gæsla Þórs ræður mestu um aflabrögð á þessu svæði".

Þetta er mjög skiljanlegt, því að þetta er á opnu hafi, og væri Þór ekki til að hafa eftirlit, færu togararnir í netin og skemdu bæði fyrir sjer og öðrum.

Hin háttv. deild ætti að athuga það vel, að það, sem þingið styrkir okkur til útgerðar Þórs, gerir hún ekki að eins fyrir okkur, heldur fyrir alt landið, því að svo best vegnar landinu vel, að hver geti stundað sína atvinnu í friði.

Jeg tók það fram, þegar rætt var um fjáraukalögin, að skipið hefði bjargað 6 mönnum. Eftir því sem mannlegt vit nær til, mundu þeir áreiðanlega hafa druknað, ef Þór hefði ekki komið þeim til hjálpar. Jeg vil minna háttv. þm. á það, að sje þetta rjett, þá eru nú, fyrir aðgerðir Þórs, 6 duglegir Íslendingar lifandi, sem annars mundu dauðir. Þótt þessir 6 menn sjeu sjómenn, en ekki embættismenn, þá er þó líf þeirra mikilsvert. Jeg met líf þeirra hvers um sig ekki minna en mitt eigið. Yfir höfuð met jeg líf allra Íslendinga jafnt.

Jeg mintist á það við 2. umr. fjáraukalaganna, að Vestmannaeyingar borguðu síðastliðið ár 400 þús. kr. í ríkissjóð. Nú vil jeg benda mönnum á, hversu mikið Vestmannaeyingar borga í tekjuskatt. Þeir borguðu árið 1918 ca. 5 þús. kr., 1919 15 þús. kr. og 1920 13 þús. kr. Munurinn fyrsta og síðasta árið er mikill, þótt hann kunni að stafa að nokkru leyti af því, að þeir, sem sömdu skrána fyrst, höfðu hana fulllága, eins og víða vildi brenna við. En 1921 er þó skatturinn miklu mestur. Ekki veit jeg upphæðina samanlagða, en einn maður borgar um 15 þús. kr. í tekjuskatt, einn er með tæp 6 þús. kr., annar með rúm 2 þúsund krónur, og nokkrir með í kringum 1000 kr. Samtals eru gjaldendurnir á þriðja hundrað, svo að skatturinn þetta ár mun margfaldur á við það, sem hann var fyrri árin. Þetta sýnir ljóslega, að framfarir eru í atvinnuvegunum, og ekki ætti það að styggja menn frá að veita styrk til þess að vernda þá.

Viðvíkjandi styrkupphæðinni má geta þess, að Vestmannaeyingar hafa lagt út 385 þús. kr. til þess að kaupa skipið og gera það út. Upp í rekstrarkostnaðinn, sem var 225 þús. kr. árin 1920 og 1921, vill þingið veita alls 40 þús. kr. Það er að vísu góðra gjalda vert, að þingið vill virða það við okkur, að við höfum ráðist í þetta — því að svo skil jeg það, að það vill þó styrkja okkur eitthvað —, en jeg lít svo á, að ekki hefði veitt af þeim styrk, sem háttv. Nd. vildi veita. Því að þótt gera megi ráð fyrir, að útgerðarkostnaðurinn minki, þá mun hann þó altaf verða svo

mikill, að upphæð sú, sem Nd. vildi veita, mun aldrei nema meiru en ⅓ kostnaðar, því að kostnaðurinn verður altaf talsvert meiri fyrir það, að yfirmönnunum verður að halda einnig þann tíma árs, sem skipinu er ekki haldið úti. Við höfum nú náð í mjög duglega og ágæta yfirmenn, og þá megum við ekki missa. Jeg vona, að nefndin taki það ekki illa upp, þótt jeg verði að greiða atkvæði á móti brtt. hennar, og vildi jeg mælast til þess, að háttv. deildarmenn gerðu hið sama. Jeg er ekki vanur að fara með spádóma, en þó veit jeg með vissu, að nafn þeirra manna mun geymast, sem vilja styrkja þá menn, sem hafa stigið fyrsta sporið til að verja líf sjómannanna og gæta rjettmætra eigna landsmanna.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál, því að það er ekki neitt stórræði, sem jeg ætla að minnast á. Það er um brtt. 502,39. við 16. gr. 3. lið, um að síðari hluti aths. eigi að falla burtu. Nefndin leggur til, að síðari hl. aths. falli burtu, en jeg verð nú að segja það, að jeg tel aths. í frv. rjettmætari. Þótt það sje trú manna, að þessi litli styrkur hafi unnið mikið gagn og uppörfað menn til jarðabóta, þá hygg jeg, að það sje meira trú en sönnun. Því að það er sannast að segja, að þessi styrkur hefir gert yfrið lítið gagn, en þó mest þar, sem fastur fjelagsskapur er kominn á, þar, sem styrkurinn hefir verið notaður fyrir heildina, en ekki verið brytjaður út til einstaklinganna. Jeg veit mörg dæmi til, þar sem styrkurinn hefir verið brytjaður niður til einstakra manna, eftir dagsverkatölu. Jeg veit vel, að fátækir menn hafa glaðst yfir að fá svona 10—20 krónur, en að það hafi valdið framför, það get jeg ekki hugsað mjer, nje heldur hefi jeg fundið, að svo væri. Það segir í aths. frá Nd., að „styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna". Það á að verja styrknum til sameiginlegra þarfa, en ef allur styrkurinn væri notaður eingöngu til verkfærakaupa, þá væri það alt of mikil einskorðun. Fjárveiting þessi getur því ekki komið betur niður en ef sameiginleg starfsemi fjelaganna er studd. Jeg veit til, að í Borgarfirði hefir flokkur manna verið í samvinnu og unnið að jarðabótum. Kostnaðinn við slíka samvinnu er sjálfsagt að styðja. En ef einstakir menn vinna fyrir sig að jarðabótum, Pjetur eða Páll, þá þarf að senda skoðunarmenn heim á hvern bæ til þess að mæla hve miklar jarðabæturnar hafi verið, og bæta því við dagsverkatölu fjelagsins, svo fjelagið fái sem hæstan styrk. Hjá þessum sömu mönnum verða kann ske aftur engar jarðabætur næsta ár. Það er því rjettast, að þingið gefi bendingu um, hvernig verja á styrknum. Það á að styðja og styrkja sameiginlega starfsemi fjelaganna, en menn eiga ekki að pukra hver í sínu horni, einungis til þess að ná í nokkra aura, sem til einskis gagns mega verða. Af þessum ástæðum legg jeg á móti 39. brtt., og álít að aths. sje rjett orðuð í frv.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það er aðeins einn liður í brtt. nefndarinnar, sem jeg vildi minnast lítið eitt á, og það er sá liðurinn, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) talaði um.

Jeg ætla að segja frá, hvernig þessum lið er varið. Þegar stjórnin bjó til frv. þetta, þá áleit hún það skyldu sína að reyna að spara, og kom það auðvitað harðast niður á þeim greinum, sem snerta samgöngur og atvinnuvegi, því að þar er helst einhverju til að miðla. Hinsvegar er mikið í fjárlögunum lögmælt, föst gjöld, sem ekki var hægt að draga af. Það eru tveir liðir í 16. gr., sem jeg vildi minnast á. Annar er styrkur til Búnaðarfjelags Íslands og hinn er styrkur til búnaðarfjelaga. Mjer var

töluvert ant um Búnaðarfjelag Íslands, og vildi að það fengi svo fullkominn styrk, að ekki truflaðist sú starfsemi, sem ákveðin var á búnaðarþinginu 1919 og nokkuð er á rekspöl komin, og að það fengi sem næst sama styrk og er í fjárlögunum, að viðlagðri dýrtíðaruppbót, sem ákveðin var á aukaþingi 1920.

Til þess að þetta gæti gengið, ætlaðist jeg til, að styrkurinn til búnaðarfjelaga fjelli niður. Á honum var ekki eins mikil þörf og áður, fyrir svona 20 árum. Þá gat hann haft sína þýðingu, sem örfandi styrkur til stofnunar búnaðarfjelaga og til jarðabóta í sveitum. Styrkurinn var upphaflega 20 þús. kr., og hjelst það lengst af, en hækkaður 1917 upp í 30 þús. kr. Fjelögum fjölgaði auðvitað mikið og sífelt frá því upphaflega, og fjelagsmönnum að sama skapi, en styrknum var skift milli þeirra eftir dagsverkatölu fjelaganna, og varð því minni á hvert dagsverk, því fleiri, sem þau urðu. Að lokum varð hann hlægilega lítill, ef honum var skift upp eftir dagsverkatölu, en svo mun vera farið að enn.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hefir fært rök að þessu og getið þess, sem jeg þekti áður, að styrknum væri skift upp milli fjelagsmanna eftir dagsverkatölu, og er þá lítil uppörfun að honum, með því að brytja hann niður í smá hrognamæla og dreifa þeim út um alt land. Jeg talaði um það 1915, að þessi styrkur væri feldur niður, og var það gert annað árið, en ekki hitt; en svo var komið með þá tillögu, að búnaðarsamböndunum í hjeruðunum væri falið að hafa áhrif á hvernig styrknum skyldi varið, en það kom víst ekki að neinum notum, því að þau höfðu ekki styrkinn til meðferðar.

Fjvn. Nd. tók styrkinn upp aftur, en frsm. lýsti því yfir, að það væri ekki meiningin að skifta styrknum upp á milli einstakra fjelagsmanna eftir dagsverkatölu, heldur ætti að hafa hann til fjelagslegra nota í hverju fjelagi. Hins vegar yrði að úthluta honum milli fjelaganna, með tölu dagsverkanna sem mælikvarða, þar eð ekki væri hægt að fara eftir öðru við útbýtinguna. Þetta fjekk góðan byr í Nd., og þar kom fram brtt., er gekk út á, að þetta væri lögfest. Jeg lýsti því þá yfir, að best væri að setja skilyrði í þessa átt, og að stjórninni væri gefin heimild til að heimta skýrslur, svo sönnun væri fengin fyrir því, að styrkurinn væri ekki brytjaður niður til ónýtis. Legg jeg því til, að athugasemdin standi óbreytt. Að öðrum kosti má líta svo á, að full heimild sje til að brytja styrkinn niður og skifta honum á milli einstakra fjelagsmanna, og verður þá, eins og tekið hefir verið fram, lítil uppörfun í honum; en jeg álít, að það, sem er kjarni málsins, sje að styrkja fjelögin svo, að þau geti starfað sem fjelög. Annars ætla jeg ekki að taka neinn þátt í neinum stælum um þetta, en get aðeins getið þess, að þetta hafði yfirgnæfandi meiri hl. í Nd., og jeg efast ekki um, að ef svo færi, að það væri felt hjer, þá yrði það sett inn aftur.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg ætla fyrst að víkja örfáum orðum að háttv. 3. landsk. þm. (S. J.). Hann talaði um styrkveitingu til skurðgraftar í Miklavatnsmýri. Jeg kannast við að hafa sjeð, að verkfræðingur landsins hafi mælt með 4800 kr. fjárveitingu, en það er víst, að þingið veitti einungis 3000 kr. til þessa, og þess vegna vildi fjvn. ekki mæla með þessu, en leit á það sem lokaveitingu. Í öðru lagi var það, að gögn þau, sem lágu fyrir nefndinni, báru vott um, að verkfræðingurinn var ekki að öllu levti ánægður með reikninga þá, sem lagðir voru fram af hlutaðeigendum yfir kostnað við starfið.

Þá er það háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), sem talaði um fjárveitingu til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið. Í fjárlögunum er tekin upp 1000 kr. fjárveiting til aðstoðar á lestrarsalnum í Landsbókasafninu. Nú sækir sá maður, sem hafði stöðuna á höndum, um, að sjer sjeu veittar 1500 kr., að viðlagðri dýrtíðaruppbót, eða samtals 3300 kr., en það er vitanlegt, að þetta kaupgjald miðast við það starf, sem hann hingað til hefir leyst af hendi, en ekki við allan starfstíma Landsbókasafnsins. Nú hefir það orðið að samningum við háttv. Nd., að honum sjeu veittar 2000 kr. auk dýrtíðaruppbótar, eða samtals 4400 kr., en nefndinni þótti þá rjett að ætlast til meira starfs af honum, og hafði þar að auki fengið bendingu um, að það væri mjög æskilegt, ef svo væri ákveðið.

Það viðurkenna allir, að þetta er nýtur maður og gætir starfsins vel; þar er jeg alveg sammála hv. 2. landsk. þm. (S. E.), en jeg get ekki sjeð, að nokkuð sje illa til mannsins gert með þessu.

Um tillögu hans um að styrkurinn til Helga Jónssonar sje 3000 kr., eins og var í háttv. Nd., en ekki 2000 kr., eins og nefndin leggur til, sje jeg enga ástæðu til að þræta. Slíkt getur ætíð verið álitamál. En jeg vil þó aðeins benda á, að þar sem það er fastur kennari, sem styrksins á að njóta, þá er þetta ærið hár styrkur, sem hjer er farið fram á. En sjerstaklega finst mjer þetta athugavert af þeirri ástæðu, að menn, sem hafa tekið við embætti, hafa orðið að sleppa þeim styrk, sem þeir áður nutu. Og jafnvel þó að styrkurinn verði ekki hærri en 2000 kr., þá get jeg ekki sjeð, að til hans sje að nokkru leyti illa gert.

Ennfremur talaði hann um 10 þús. kr. fjárveitingu til leiðbeiningar um raforkunotkun, og vildi taka þá tillögu upp aftur, sem nefndin hafði tekið aftur. Jeg skal geta þess, að nefndin tók þá tillögu aftur til 3. umræðu vegna bendinga, sem hún hafði fengið frá stjórninni um, að vert væri að athuga þetta í sambandi við vatnalöggjöfina.

Okkur ber lítið á milli um ábyrgð á lánsfje handa Seyðisfjarðarkaupstað. En jeg ber kvíðboga fyrir því, að ekkert fje verði hægt að lána, og það verði einungis um ábyrgð að ræða. Jeg get ekki sjeð, að þetta orðalag geri nokkurn skaða og það sje nokkur ástæða til að greiða atkv. á móti till. þess vegna, svo framarlega, sem menn vilja veita ábyrgð fyrir láninu á annað borð.

Þá eru það loks nokkur orð til háttv. þm. Vestm. (K. E.). Hann hefir einlægt „Þór" í stafni, og er það síst láandi, enda viðurkennir nefndin, að hann geri gagn, með því að mæla með 30 þús. kr. fjárveitingu. Væri það líka óforsvaranlegt, ef nefndin legði til að veittar væru 30 þús. kr. til skipsins, ef hún áliti að hann gerði ekkert gagn. Það er því mjög leiðinlegt að heyra háttv. þm. (K. E.) einlægt vera að færa rök að gagnsemi hans. Það veltur ekki á því, heldur hve fjárveitingin eigi að vera mikil 1922. Jeg spyr því, hvað lengi eigi að halda skipinu út. Einkennilegt er það mjög, að fara að lesa upp símskeyti um, að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi ákveðið að halda út þennan eða þennan tíma, að þá sje sjálfsagt, að þingið veiti fje samkvæmt því. Með öðrum orðum: Það á að flytja fjárveitingavaldið til bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum, en úr þessum sölum.

Jeg ætla mjer ekki að fara að deila mikið við búfrömuðina, háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) og hæstv. atvrh. (P. J.), um styrkveitinguna til búnaðarfjelaganna.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) gerði mjög lítið úr því gagni, sem styrkurinn gerði, væri honum skift upp. Jeg álít, að það sjeu miklu fleiri en fátækir menn, sem gleðjast yfir að fá þessa peninga. Það hefir óneitanlega verið hvöt til framkvæmda, og þessi

„sameiginlega starfsemi“ er ekki góður fjelagsskapur, ef ekki er hægt að halda honum uppi án þess að ríkið leggi fram fje til styrktar. Jeg hefi haft þann heiður að vera formaður búnaðarfjelags, og skiftum við styrknum upp, en höfðum þó sameiginlega starfsemi, t. d. keyptum við mikið af erlendum áburði í sameiningu. Þessi styrkveiting á því ekki að vera skilyrði fyrir sameiginlegri starfsemi. Að styrkurinn eigi að falla niður, það vil jeg ekki fara út í, enda liggur það ekki fyrir nú, og jeg hefi hvorki hvöt hjá sjálfum mjer, nje heldur leyfi til annars en að mæla með þeim brtt., sem nefndin hefir samþ. og bornar hafa verið fram í deildinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg heyri sagt, að hæstv. atvrh. (P. J.) hafi ekki minst á eina brtt., sem ekki kemur mjer beint við, en það er fjárveiting, sem jeg verð að segja, að mjer er töluvert ant um, og það er fjárveiting til leiðbeiningar um raforkunotkun.

Í fjárlagafrv. er lagt til, að veittar sjeu 10 þús. kr. til leiðbeiningar um raforku. Þótt þessi fjárveiting sje ekki há, þá getur hún komið að talsverðum notum. Nú er vaknaður áhugi um að notfæra sjer vatnsaflið til raforku, og margir, sem óska leiðbeininga sjerfróðra manna um þessi mál.

Það var af sjerstökum ástæðum, að athygli mín var vakin á þessu máli í fyrra. Borgfirðingar sýndu mikinn áhuga, er þeir hófust handa um að byrja á að láta rannsaka álitlegt vatnsfall þar í hjeraðinu í fyrra, og þeir leituðu til stjórnarinnar um það, hvort mögulegt væri, að þeir fengju fje úr ríkissjóði að nokkrum hluta til þessara rannsókna. Stjórnin varð að segja, að það eina, sem hún gæti gert, væri að leggja til við þingið, að það veitti fje til þessara rannsókna. Jeg hygg því, að gott væri, ef stjórnin fengi dálitla fjárhæð í því skyni að hlaupa undir bagga með sveitarfjelögum, er þau þurfa að láta framkvæma meiri háttar rannsóknir í þessu skyni. Jeg tel það rjett, að stjórninni sje trúað fyrir nokkru fje til þess að hlaupa undir bagga með sveitarfjelögum í þessu skyni, sjerstaklega vegna þess, að það er einatt ástæða til þess að rannsaka þessi atriði, þótt ekki sje víst um framkvæmdir í bráð, og þá ætti aðstoð ríkisins sjerstaklega að vera í því fólgin að útvega sveitarfjelögunum hæfan verkfræðing. Hvernig sem á málið er litið, er eigi rjett að láta þessa fjárveitingu falla niður. Jeg held, að fjárveiting þessi sje síst of há, og mjer þætti undarlegt, ef stjórninni yrði eigi trúað fyrir svona litlu fje til uppörfunar smærri raforkufyrirtækja. Jeg vona því, að háttv. deild sýni það, að hún metur tilraunir manna í þessu efni svo mikils, að hún láti fjárveitingu þessa standa.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg ætla einungis að bæta örlitlu við ræðu hæstv. forsrh. (J. M.). Jeg vildi benda á, að á þessu þingi liggur fyrir heimild í þál.till. til stjórnarinnar, um að láta rannsaka Sogsfossana. Og mjer þætti undarlegt, að úr því þingið vill láta rannsaka Sogsfossana og heimilar stjórninni fje til þess, ef það vildi eigi trúa stjórninni fyrir fjárhæð þeirri, er hjer ræðir um, til rannsókna smærri vatnsfalla. (*S. E.*: Jeg tek till. aftur). Jæja.

Annað vildi jeg og benda á í þessu sambandi. Guðm. Hlíðdal verkfræðingur, sem hefir undanfarið verið til leiðbeiningar um smærri raforkustöðvar, hefir ávalt á ferðum sínum, þegar hann hefir komið því við, athugað læki og fallvötn, sem hugsanlegt væri, að nota mætti til smærri raforku. Þetta er nú komið nokkuð á veg, en alls eigi svo, að sjeð verði, hvað af lækjum og fallvötnum er hentugt í þessu skyni, og ef

fjárveiting þessi yrði algerlega feld niður, yrði eigi unt að halda þessum rannsóknum áfram.

Sigurður Eggerz: Ástæðan fyrir því, að jeg bar fram brtt. var sú, að jeg hafði ekki heyrt, hvernig og til hvers fjárveitingu þessari skyldi varið. En eftir að hafa heyrt ástæður hæstv. forsrh. (J. M.), vil jeg leyfa mjer að taka till. aftur.

Það var viðvíkjandi 31. brtt. nefndarinnar, styrkveitingu til dr. Helga Jónssonar, að jeg bað mjer hljóðs. Það er að vísu satt, að dr. Helgi hefir nú fasta stöðu við Kennarask., en áður hefir hann í mörg ár haft mjög lítil laun, þurft að kosta miklu fje til safns síns, og því jafnan átt við örðugar kringumstæður að búa. Jeg vildi því óska, að háttv. deild ljeti 3000 kr. fjárveitinguna til hans standa, að minsta kosti þetta fjárhagstímabil.

Það er líklega tilgangslaust að þrátta við nefndina um þessa nýju lánsheimild til Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem hún hefir tekið upp. Jeg kann illa við að vera að heimila að lána fje úr ríkissjóði, þegar það er ekki til. En annars er jeg ekkert hræddur við, að ríkissjóður taki ábyrgð á láni fyrir Seyðfirðinga.

Viðvíkjandi Hallgrími Hallgrímssyni vil jeg geta þess, að jeg er ekki hræddur um, að stjórnin svifti hann stöðu sinni, þótt fjárveiting til hans sje eigi veitt á nafn. En mjer finst, eins og jeg tók fram áðan, að rjettara væri að láta fjárveitinguna standa eins og hún kom frá hv. Nd., þar sem ekki er sanngjarnt að gera eins miklar kröfur til eins manns eins og hjer er gert, fyrir ekki hærri laun en honum eru ætluð.

Karl Einarsson: Háttv. frsm. (S. H. K.) hefir tekið það óstint upp fyrir mjer, að jeg las hjer upp skeyti frá bæjarstjórn Vestmannaeyja. Jeg gerði það aðeins til þess að upplýsa háttv. deild um það, hversu nauðsynlegt bæjarstjórnin áliti að halda skipinu úti yfir þennan tíma. Og jeg held, að eigi sje ástæða til þess að taka það illa upp. Jeg vona og treysti því, að háttv. deild lofi styrkveitingu þeirri, er hv. Nd. samþykti, að standa, og skal jeg eigi fara fleiri orðum um þetta mál.

ATKVGR.

um 15.—24. gr.

Brtt. 502,24 samþ. með 9 : 3 atkv.
— 502,25 samþ. með 10 : 1 atkv.
— 502,26 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 502,27 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 502,28 samþ. með 8 :1 atkv.
— 502,29 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 502,30 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 502,31 feld með 8 : 5 atkv.
— 502,32 samþ. með 10 : 3 atkv.
— 502,33—37 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 502,38 samþ. með 8 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 502,39 samþ. með 8 : 3 atkv.
— 502,40 tekin aftur.
— 502,41 samþ. án atkvgr.
— 502,42 samþ. með 8 : 4 atkv.
— 502,43 samþ. með 8 : 4 atkv.
— 502,44 samþ. með 9 : 2 atkv.
— 502,45 samþ. með 10 : 1 atkv.
— 502,46 samþ. með 11 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 502,47 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 502,48 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 502,49 tekin aftur.
— 502,50 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 502,51 samþ. án atkvgr.

18. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
19.—20. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 502,52 samþ. með 12 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 502,53 samþ. með 10 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 9 : 4 atkv.

23.—24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 526, 562, 570, 571).

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr. um brtt. 570 og 571, er of seint var útbýtt.

Forseti (G. B.): Fyrst verða ræddar og til atkv. gengið um brtt. út 13. gr. og síðan í öðru lagi þær brtt., sem þá eru eftir.

Frsm. fjhn. (Sigurður Eggerz): Jeg skal geta þess, að fjhn. Ed. átti tal við Nd.-nefndina um fjárhagsáætlunina, og voru skipaðir 2 menn úr þeirri nefnd til þess að athuga hana í samráði við Ed.-nefndina. Og þar sem niðurstaðan hefir orðið nær hin sama og við 2. umr., sje jeg ekki ástæðu til þess að endurtaka það, sem jeg sagði um fjárhagsáætlunina þá. Leyfi jeg mjer aðeins að mæla með, að brtt. nefndarinnar verði samþ.

Guðjón Guðlaugsson: Það er nú máske bráðræði af mjer að standa upp, áður en frsm. fjvn. (S. H. K.) hefir beðið sjer hljóðs, en jeg vildi benda hv. frsm. fjhn. (S. E.) á það, sem jeg hygg að hann hafi ekki athugað, að eftir 2. umr. í Nd. er fasteignaskatturinn rýrður um 62.700 kr. Jeg segi þetta til þess, að ekki verði bygt á 270 þús. kr. tekjum af skatti þessum, er hann hefir lækkað svona mikið, og þetta gefur mjer tilefni til að vera á móti lækkuninni, því að jeg álít Nd. best trúandi til þess að hækka útgjöldin, að því skapi og hún lækkar tekjurnar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer kemur það undarlega fyrir, að sjá fjhn. búa til áætlun yfir tekjuhlið fjárlaganna, áður en sjeð er um forlög margra tekjufrv. stjórnarinnar og hvernig gjaldahlið fjárlaganna reiðir af. Jeg tel, að þetta mætti bíða einnar umr. fjárlaganna í Nd. Mjer finst það enn fremur einkennilegt, að nefndin skyldi breyta fjárhagsáætluninni, án þess að bera sig saman við mig um neitt. En áður en jeg fer út í að athuga einstaka tekjuliði, vil jeg einungis geta þess, að þegar frv. var samið, var reynt að horfast beint í augu við dýrtíðina. Af þessu leiðir, að það verður að áætla tekjuhliðina sem næst því, sem hún muni verða, því að þannig er gjaldahliðin áætluð. Þetta er að vissu leyti stefnubreyting, sem fram er komin vegna aðgerða þessarar háttv. deildar 1919, því að þá hækkaði hún tekjuhliðina mikið.

Vil jeg svo benda á áætlun, sem jeg gerði í þingbyrjun, og bera saman við áætlun nefndarinnar. Um fasteignaskattinn er það að segja, að nefndin hefir áætlað hann of háan, ef hann verður eins og hv. Nd. ætlast til.

Tekjuskatturinn er aftur á móti of lágt áætlaður hjá nefndinni, því að ef tekjuskattsfrv. stjórnarinnar nær fram að ganga, þá verður betur talið fram til skattsins en gert hefir verið áður, og einnig fleira skattlagt. Árið 1920 nam þessi skattur yfir 800 þúsund kr., en nú áætlar nefndin hann 650 þús. kr. Jeg veit það vel, að nú er miklu verra árferði en var undanfarin ár, en jeg held, að það vegi upp

á móti, sem skatturinn hefir verið hækkaður og betur verður talið fram til hans en áður, því að það hefir sýnt sig annarsstaðar, að þegar skattgreiðendur voru neyddir til að telja fram tekjur sínar sjálfir, þá hefir skatturinn hækkað um 40—50% frá því, sem áður var. Mætti því óhætt áætla skatt þennan 1 miljón króna.

Um aukatekjurnar er ekkert að segja, því að þær áætlar nefndin eins og jeg hefi gert.

Erfðafjárskatturinn er áætlaður hjá nefndinni 20 þús. kr., en hann var 1920 45 þús. kr., en á þessu þingi hefir verið hækkað gjaldið á þeim liðum, sem gefur mestar tekjur, og það er arfur til niðja. Það nær því engri átt að áætla skatt þennan svona lágan.

Vitagjaldið áætlar nefndin 100 þúsund kr., eins og það var áætlað 1919. Árið 1920 var þessi skattur 160 þús. kr. Er hann því varlega áætlaður eins og jeg gerði, 150 þús. kr., með tilliti til hækkunar, sem kom í framkvæmd 1920.

Leyfisbrjefagjaldið áætlar nefndin eins og jeg, 10 þús. kr.

Útflutningsgjaldið áætlar nefndin sömuleiðis of lágt. Jeg hefi gert áætlun um 300 þús. kr. útflutningsgjald af síld, og 300 þús. kr. af öðrum útfluttum vörum. Og það fer illa, ef útfluttar vörur verða ekki fyrir 40 milj. kr., þar sem togaraútvegur eykst svo mjög, og ætti því gjald þetta alls ekki að lækka.

Þá er tóbakstollurinn áætlaður hjá nefndinni 500 þús. kr., en varð 1920 yfir 700 þúsund kr. Hjer virðist nefndin því áætla of lágt.

Kaffi- og sykurtollurinn er fullhátt áætlaður hjá nefndinni.

Þá er vörutollurinn of lágt áætlaður, þegar tekið er tillit til þess, að 1920 var hann 1320 þús. kr., þrátt fyrir innflutningshöftin. Nú er tollur þessi hækkaður dálítið, svo að eigi virðist fjarri sanni að áætla þennan skatt nú 1500 þús. kr., ef búast má við venjulegum innflutningi 1922, sem við vonum.

Þá er annað aðflutningsgjald áætlað hjá nefndinni 60 þús. kr. Þetta nær engri átt, því að á þeim vörum er nú hækkað innflutningsgjald til muna. (*B. K.*: Það er bannaður innflutningur á átsúkkulaði o. fl. þess konar vörum, sem heyra undir þetta). Já, í ár, en vonandi ekki 1922. En ef bannið á að haldast, því þá ekki alveg að strika liðinn út.

Gjald af konfekt og brjóstsykri áætlar nefndin fremur lágt, 10 þús. kr. Þetta gjald var 1920 um 30 þús. kr.

Þá hefir nefndin áætlað símatekjurnar nokkuð lágar, aðeins 800 þús. kr., en þær voru síðastliðið ár 1100 þús. kr. Jeg veit eigi, á hverju þessi áætlun byggist.

Jeg sje hvergi tilfærðan ágóða af einkasölu á tóbaki, nje bifreiðaskattinn. Jeg veit ekki, hvort það er af því, að nefndin vill það dauðadæmt, en jeg spái, að bæði þessi frv. gangi í gegn.

Skal jeg svo eigi fara frekar út í þetta mál nú, en mun koma með til þeirrar einu umr., sem eftir er í Nd., þær brtt., sem mjer þykir þurfa, enda er það of snemt nú.

Frsm. fjhn. (Sigurður Eggerz): Hæstv. fjrh. (M. G.) furðaði sig á því, að fjárhagsnefndin hefir nú komið með breytingartillögur við tekjuhlið fjárlaganna. En bæði var nú það, að jeg hafði boðað þetta við síðustu umræðu, og svo hitt, að ef við hefðum eigi gert þetta nú, þá myndi það hafa verið gert fyrst, er fjárlögin koma til hinnar einu síðustu umr. í Nd. Og ef þessi deild hefði þá breytt tekjuhliðinni, eða með öðrum orðum hefði viljað hafa áhrif á hana, þá hefði það haft það í för með sjer, að fjárlögin hefðu orðið að komast í sameinað þing. Jeg held

því, að það hefði verið æðiathugavert, ef nefndin hefði ekki nú við þessa umr. komið með breytingartillögur við tekjuhliðina. Jeg verð einnig að telja miklu hyggilegra, að háttv. Alþingi fái nú þegar einhverja hugmynd um, hvernig tekjuhliðin muni líta út.

Jeg skildi hæstv. fjrh. (M. G.) þannig, að hann teldi að tekjuhliðin væri of lágt áætluð. En jeg verð að minnast þess, að þegar hæstv. fjrh. (M. G.) var formaður fjárhagsnefndar Nd., lagði hann áherslu á það, að áætla tekjuhliðina ekki of lágt, og um það var jeg honum algerlega sammála, því jeg kærði mig ekkert um neina ábreiðu á tekjuhallann, og var jeg þó fjármálaráðherra þá.

Um fasteignaskattinn er það að segja, að hann hefir lækkað í Nd. í dag, en það vissi nefndin ekki, er hún samdi þessa áætlun, og fyrir því er hann áætlaður svona hátt, en jeg geri ráð fyrir, að hv. Nd. breyti þessum lið aftur, enda var svo um talað við fjhn. Nd., að skattur þessi yrði hækkaður.

Tekjuskattinn hefir nefndin áætlað 650 þús. kr. En hæstv. fjrh. (M. G.) gat eigi verið við hjer í Ed., er jeg við síðustu umr. gaf dálitla mynd af því, hvernig tekjuhliðin myndi líta út, og þá einnig rökstuddi þennan áætlunarlið. (*Fjrh.*: Gat því miður ekki verið hjer þá). Jeg er alls ekki að ámæla hæstv. ráðherra (M. G.) fyrir það, því að hann var bundinn í Nd., og það er engin von, að hann geti altaf verið hjer.

Jeg gat þess þá, að hæstv. fjrh. (M. G.) hefði áætlað tekju- og eignarskattinn 1 miljón kr., og jeg get ekki betur sjeð en að sú áætlun sje heldur djörf, þar sem skattur af hinum háu tekjum hefir verið drjúgur liður í tekjuskattinum, en nú er ástandið þannig, að gera má ráð fyrir að sá liður muni verða sáralítill, eða fyrst um sinn nálega enginn háskattur. En eins og skattafrv. kom frá stjórninni, er vitanlega lagður hærri skattur á hinar lægri tekjur, og vissa er fyrir því, að sá skattur muni verða allmikill, en varla mun hann vega upp það, sem tapast á háskattinum. Jeg býst við, að hvorki nefndin eða hæstv. ráðherra (M. G.) geti gert ábyggilega áætlun um þennan tekjulið, enda hefir stjórnin í aths. við frv. enga áætlun gert um tekju- og eignarskattinn. En nefndin áleit varhugavert að fara hærra. Og jeg hefi talað um þetta við fleiri þm. í háttv. Nd., og þeir eru á sama máli. Um 3. lið gerði hæstv. ráðherra (M. G.) enga athugasemd, því að hann var áætlaður eins og hjá stjórninni.

En 4. liður, erfðafjárskatturinn, var hækkaður úr 17 þús. kr. upp í 20 þús. kr. Má að vísu búast við, að sá liður geti orðið hærri. Frv. stjórnarinnar hefir hækkað skattinn lítið eitt, en aftur dregið nokkuð úr honum með því að færa suma, sem gjalda áttu skatt í hærra flokki, undir lægri flokk.

Útflutningsgjaldið sagði hæstv. ráðherra (M. G.), að væri of lágt áætlað. En á því furðaði mig dálítið; nefndin hefir talið víst að till. stjórnarinnar um útflutningsgjald yrðu samþ., þannig, að gamla útflutningsgjaldið fjelli niður, annað en síldartollurinn, og að 1% gjaldið af útfluttum vörum yrði samþ. Þetta síðasta gjald hefir nefndin áætlað eins og stjórnin. Aftur hefir nefndin viljað fara varlega með áætlunina á síldartollinum, taldi 200,000 kr. hæfilegt, þar sem að gert er ráð fyrir í hinu nýja síldarfrv. stjórnarinnar, að íslenskir skattgreiðendur fái endurgreiðslu á nokkru af tollinum undir vissum kringumstæðum. En þetta getur áreiðanlega dregið töluvert úr skattupphæðinni.

Tóbakstollurinn var 1919 700 þús. kr., en er nú áætlaður hjá stjórninni í fjárlagafrv. 400 þús. kr., en við hækkuðum

hann upp í 500 þús. kr. En í áætlun hæstv. fjrh. (M. G.) er hann 750 þús. kr. En þrátt fyrir það gátum við ekki farið hærra en þetta, því að það má ekki gleymast, hvernig viðskiftahorfurnar eru nú, og að kaupþolið fer minkandi, og allur innflutningur til landsins verður því fyrst um sinn minni, og þá vonandi sjerstaklega á óþarfavarningi.

11. lið, vörutollinn, hefir nefndin áætlað 1 milj. kr., en hæstv. fjrh. (M. G.) 1½ milj. kr. Nefndin hefir athugað þetta mjög nákvæmlega, en henni hefir fundist óvarlegt að fara hærra en þetta, þrátt fyrir það, þó að tollur þessi hafi verið 1919 1,900,000 kr. — en þá var raunar tunnutollurinn talinn þar undir — en 1920 1,300,000 kr. Vörutollurinn hefir nú í ár verið hækkaður í einum flokki, margar vörutegundir hafa verið færðar milli flokka, úr hærri gjaldflokki í lægri. Jeg geri því ráð fyrir, að breyting sú, sem yfirleitt í ár er gerð á vörutollslögunum, verði ekki til hækkunar á skattinum. Þegar þessa er gætt, og ennfremur tekið tillit til þeirrar kreppu, sem nú stendur yfir, þá er langt frá því, að áætlunin sje sjerstaklega varleg.

Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að annað útflutningsgjald er nokkuð lágt áætlað. Hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) tók fram í og kom þar með þau rök, sem nefndin færir fyrir áætlun sinni. Eins og kunnugt er, er bannaður innflutningur á sumum tollvörum, svo sem konfekt, brjóstsykri og átsúkkulaði, og meðan það bann helst, kemur enginn tollur inn af þeim vörum.

Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð þótti hæstv. fjrh. (M. G.) nokkuð lágt að áætla 10,000 kr. og kvað það hafa orðið 30,000 kr. síðastliðið ár. Þetta verður nú samt hvort sem er aldrei nema smáupphæð og hefir lítil áhrif.

Þá þóttu honum símatekjur of lágt áætlaðar. Þær námu 1919 ekki nema 824 þús. kr. (*Fjrh.*: 1920 1 milj. og 100 þús. kr.). Og nú vissi nefndin, að ekki lítur vel út með tekjur þetta ár. Þröngin í viðskiftalífinu hefir tilfinnanleg áhrif einmitt á þessar tekjur. Og ef ástandið breytist ekki því fyr til batnaðar, þá má ekki gera sjer góðar vonir um næsta ár.

Það er satt, að við höfum ekki áætlað neinar tekjur af tóbaksversluninni. Sumir nefndarmenn voru nú hálfvantrúaðir á, að af henni yrðu nokkrar tekjur. Þá sleptum við líka bifreiðaskattinum; við vildum ekki telja það með, sem ekki væri nokkurnveginn víst, að næði fram að ganga, og auk þess á af þeim skatti að mynda sjerstakan sjóð.

Jeg verð að segja það, að yfirleitt var það tilhneigingin hjá okkur að fara eins hátt og við sáum okkur fært, án þess að brjóta í bág við þá góðu, gömlu reglu, að leitast við, að tekjurnar reyndust ekki undir áætlun. Tekjuhliðin hefir eftir áætlun okkar hækkað um 65,000 kr., og er tekjuhallinn fullar 2½ milj. þrátt fyrir það.

Jeg vona nú, að háttv. deild samþ. brtt. okkar, og að háttv. Alþingi hverfi ekki frá þeirri góðu reglu að áætla tekjurnar varlega. Og það verð jeg að segja, að oft hefir verið gætilegar áætlað en þetta.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. frsm. fjhn. (S. E.) fór mjög laust yfir það, sem er meginatriðið, að gjöldin eru nú áætluð miklu hærri en áður. Skal jeg aðeins nefna nokkrar tölur úr frv. því, sem hjer liggur fyrir, og fjárlögunum, sem nú gilda, fyrir árin 1920 og 1921, svo að hv. þingdm. geti sjeð muninn. Í þessu frv. er ætlað til Holdsveikraspítalans 120 þús. kr., en í fjárlögunum 138 þús. kr. fyrir bæði árin, eða nærri eins hátt nú fyrir eitt og áður var fyrir tvö ár. Geðveikrahælið á Kleppi er með 80 þús. kr. í frv., en 86 í fjárlögunum bæði árin. Vífils-

staðahæli með 112 þús. kr. í frv., en 123 þús. kr. bæði árin í fjárlögunum. Ef borin er saman 14. gr. í frv. við sömu gr. í fjárlögunum, sem nú gilda, þá má sjá, að hún er *hærri* nú til eins árs en þar til tveggja. Þetta sýnir, hver geysimunur er á áætlun gjaldanna nú og áður, og jeg fullyrði, að það sje eins í gegn um alt frv. Má t. d. benda á, að dýrtíðaruppbót er alstaðar reiknuð 120%, en nú má búast við því verðfalli, að hún verði talsvert lægri. Væri því óhætt að áætla tekjurnar rífar en áður. Og rjett yfirlit fæst ekki í áætlunina, nema sömu reglu sje fylgt um báðar hliðar. Það er satt, að jeg hefi áður haldið því fram á þingi, að áætla bæri varlega tekjurnar. En jeg lýsti yfir því jafnframt, að það væri vegna þess, að þáverandi stjórn hafði áætlað gjöldin alt of lágt. En þeirri stefnu hefi jeg horfið frá, eins og áður er sýnt.

Mjer skildist, að háttv. frsm. (S. E.) hefði ekki áætlað neinar tekjur af þeim frv., sem hann var á móti. Og á það má minna, að þótt bifreiðaskatturinn eigi að renna í sjerstakan sjóð, þá kemur hann þó til að ljetta heldur undir með ríkissjóði.

Þá gleymir hann því í sambandi við vörutollinn, að kola- og salttollurinn hefir ekki áður runnið beint í ríkissjóð, en nú er búið að færa tapið, sem vinna á upp, til skuldar, og rennur því tollurinn í hann hjer eftir.

Mestur var þó misskilningur háttv. frsm. (S. E.) um tóbakstollinn. Hann nam 1919 704 þús. kr., og var tollurinn hækkaður í ágústmánuði það ár. Er því auðsjeð, að það er nokkuð lágt að áætla hann aðeins 500 þús. kr. þegar sú hækkun gildir alt árið. Það væri alls ekki óvarlegt, þótt hann væri áætlaður 750 þús. kr., og eins og háttv. nefnd hefir áætlað tollinn, er ekkert hlutfall milli hans og til dæmis kaffi- og sykurtollsins.

Frsm. fjhn. (Sigurður Eggerz): Jeg efast ekki um, að það sje rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að gjöldin sjeu hærra áætluð nú en áður. En til þess er því að svara, að áður hafa gjöldin verið mörgum milj. kr. of lágt áætluð. Það sýna fjáraukalögin. Og jeg býst nú varla við, að mikill afgangur verði í þetta sinn. Þegar síðustu fjárlög voru samin, bjuggust allir við verðfalli miklu fyr en það kom, og því var lægra áætlað en ella hefði verið gert.

Mjer skildist háttv. fjrh. (M. G.) halda, að jeg hefði ekki viljað áætla þá skatta, sem jeg var á móti. Jeg varð nú ekki var við, að það hefði nein áhrif. Og jeg vil benda honum á það, að þótt hann haldi ef til vill, að pólitík hafi ráðið hjá mjer, þá eru þó 3 fylgismenn hæstv. stjórnar í nefndinni. Og háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), sem tók þátt í áætlun okkar frá hálfu Nd.-nefndarinnar, var sammála okkur um þetta, og er hann þó einn af ákveðnustu fylgismönnum hæstv. fjrh. (M. G.), eins og kunnugt er. Auðvitað getur vel verið, að tóbaksverslunin gefi einhverjar tekjur, og væri það þá vel farið.

Þegar litið er á hina erfiðu tíma, verður, held jeg, varla sagt, að vörutollurinn sje of varlega áætlaður. Hann hvílir eingöngu á vöruinnflutningi, og nú hefi jeg það frá áreiðanlegum heimildum, að það, sem af er þessu ári, sje innflutningur helmingi minni en í fyrra. Yfirleitt hefir nefndin ekki samvisku af því að hafa áætlað of lágt. Betur að svo færi, að tekjurnar reyndust hærri og lækkuðu eitthvað hinn mikla tekjuhalla í frv. Og jeg vona, að þingið taki ekki upp þann sið að hætta að áætla tekjurnar varlega.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg býst við, að starf mitt sem frsm. verði ljett í þetta sinn, því að brtt. eru fáar. En áður en jeg vík að einstök-

um brtt. vil jeg leggja áherslu á það, að þar sem tekjuhallinn er nú talinn í frv. 2,586,328,37 kr., þá er ekki sýnilegt annað en um mjög verulegan tekjuhalla verði að ræða, enda þótt líkindi sjeu til, að hækka megi tekjuliðina nokkuð, jafnvel um 1½ miljón, að dómi hæstv. fjrh. (M. G.), jafnvel þótt útgjöldin sjeu ríflega áætluð. Jeg bendi á þetta til athugunar gagnvart brtt. þeim, sem fram eru komnar og nálega allar miða í þá átt að hækka tekjuhallann.

Flestar brtt., bæði nefndarinnar og einstakra þingmanna, eru á þskj. 562. Jeg mun nú þræða það skjal, því að brtt. nefndarinnar eru svo fáar, að mjer þykir ekki taka því að gera þær að umtalsefni sjerstaklega, heldur tek jeg þær eftir því, sem röðin kemur að þeim.

Fyrst er þá brtt. II. frá háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.), um að Kjósarbúar fái hærri styrk til að vitja læknis en áður. Voru það áður 200 kr., en hjer er farið fram á 400 kr., og til vara 300 kr. Um þetta er það að segja, að nefndin taldi rjett að fara varlega í allar slíkar hækkanir, því að fleiri samskonar kröfur mundu koma á eftir, sem eins mikil sanngirni væri í, og þá er komið út á hálan ís. Þess vegna leggur nefndin á móti aðaltill., en varatill. lætur hún afskiftalausa.

Þá er III. töluliður á þskj. 562. Hann hljóðar um dýrtíðaruppbót yfirsetukvenna, og er frá háttv. 1. landsk. þm. (S. F.) og háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.). Því verður nú vitanlega ekki neitað, að laun yfirsetukvenna sjeu lág enn, þótt þau væru bætt nokkuð nýlega.

Þessar 20 þús. kr., sem hjer er farið fram á að verði veittar yfirsetukonum að auki, eru dýrtíðaruppbót, sem nemur ⅔ af launanum, og er það meiningin, að þar sje farið eftir sömu reglu og um laun presta. Nefndin hefir ekki getað fallist á aðaltill., en ætlar að ganga inn á varatill.

Næst kemur brtt. frá fjvn. um dyravörð Mentaskólans. Hæstv. fjrh. (M. G.) hafði bent á, að ekki væri þörf á þessari fjárveitingu, af því að fjárhæðin væri tekin með í launum við mentaskólann, og fjárveitingin því óþörf. Í sambandi við það skal jeg geta þess, að jeg hefi umboð frá nefndinni til að lýsa yfir því, að hún telur rjett, að rektor skólans sje greitt hæfilegt gjald fyrir starf sitt sem reikningshaldari og eftirlitsmaður skólans. Annars þótti nefndinni ekki ástæða til að koma fram með brtt. þessu viðvíkjandi, en væntir þess, að þetta fái framgang samt.

Þá kemur næst brtt. frá 3 þingmönnum um gagnfræðaskólann á Akureyri. Nefndin hefir enn ekki tekið afstöðu til þessarar till. og þykir rjettara að láta óúttalað um það af sinni hálfu, þar til háttv. flutningsmenn brtt. hafa látið í ljós það, sem þeir hafa fram að færa um málið.

Þá er næst till. háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) um barnaskólana. Hún er sú, að fyrir „alt að þriðjungi kostnaðar“ komi „alt að helmingi kostnaðar“, og svo annað, að fyrir 20,000 kr. komi 25,000 kr. Nefndin hefir ekki getað aðhylst þessa till. Það hefir tíðkast um langan tíma, að ekki sje greiddur nema ⅓ kostnaðar, og telur nefndin varhugavert að gera á þá breytingu, enda gæti það haft ófyrirsjáanleg útgjöld í för með sjer.

Næst kemur aðeins orðabreyting sú, að í stað „Skutilsfjarðareyri“ komi „Ísafjarðarkaupstað“. Nefndinni þótti engin ástæða til að vera að flagga hjer með Skutilsfjarðareyri, og rjettara að orða það svo, sem nú er.

Jeg man svo ekki eftir, að jeg þurfi að taka fleira fram viðvíkjandi þessum fyrstu 14 liðum.

Sigurjón Friðjónsson: Eins og háttv. deild er kunnugt, þá var jeg, ásamt háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) flm. að frv. um dýrtíðaruppbót á launum yfirsetukvenna. Þessu frv. var vísað til háttv. fjhn. Hún tók því vel í fyrstu og þótti sem hjer væri um sanngirniskröfu að ræða, en þó varð endirinn sá, að málið stöðvaðist hjá nefndinni, af þeirri orsök einkum, að hv. nefndarmönnum þótti sem sýslusjóðir mundu ekki færir um þann útgjaldaauka, sem þeim væri þar með lagður á herðar. Jeg var þeirrar skoðunar, að ekki væri ástæða til að láta málið stranda á þessu, en svo varð nú samt.

Af þessum orsökum höfum við flm. komið fram með brtt. við fjárlögin, þess efnis, að yfirsetukonur fái dýrtíðaruppbót á þann hluta launanna, sem greiddur er úr ríkissjóði, og eftir þeim reglum, sem gilda um dýrtíðaruppbót presta. Nú eru launin úr ríkissjóði áætluð 30 þúsund kr., og yrði þá dýrtíðaruppbót af þeim næsta ár samkvæmt þeirri reglu um 20 þúsund kr., og er það sú upphæð, sem brtt. fer fram á að sje veitt.

Hjer fylgir enn till. til vara um 10 þús. kr. dýrtíðaruppbót, ef aðaltill. nær ekki fram að ganga, en mjer finst, að svo framarlega sem háttv. þm. vilja ganga inn á, að hjer sje um sanngirniskröfu að ræða, þá eigi þeir ekki að klípa af því, sem aðaltill. leggur til.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg hefi engu við að bæta það, sem háttv. 1. landsk. þm. (S. F.) tók fram um brtt. við 12. gr. Aðeins skal jeg taka það fram, að mjer finst ekki rjettlátt, að yfirsetukonur fái ekki dýrtíðaruppbót af launum sínum eins og aðrir starfsmenn ríkisins.

En það var um hina brtt., um barnaskólana, sem jeg vildi gera litla athugasemd. Háttv. frsm. fjvn. (S. H. K.) sagði, að nefndin hefði ekki þorað að aðhyllast hana sökum kostnaðar. Eins og kunnugt er, eru barnaskólar varla til í sveitum þessa lands, allra síst heimavistarskólar. Víðast þar, sem jeg þekki til, eru skólahúsin að miklu leyti ónothæf til þess, sem þau eru ætluð til. Álít jeg, að Alþingi ætti heldur að ýta undir það, að menn komi sem fyrst upp slíkum heimavistarbarnaskólum í sveitum, því að það gæti orðið til hinna mestu þrifa fyrir alþýðu manna hjer.

Jeg hefi komið fram með þessa brtt. í því skyni að styðja þetta mál, og get jeg ekki sjeð, að svo mikil hætta sje á, að „ófyrirsjáanlegur kostnaður fylgi", að það ætti að standa í veginum fyrir framgangi hennar.

Einar Árnason: Jeg ætla aðeins með nokkrum orðum að gera grein fyrir þessari brtt., sem jeg hefi komið hjer fram með.

Þessi brtt. fer fram á að hækka fjárveitinguna til tímakenslu við gagnfræðaskólann á Akureyri úr 1800 kr. upp í 4800 kr.

Eins og mönnum er kunnugt höfum við Norðlendingar átt því láni að fagna að hafa við þann skóla einn ágætasta skólamann og kennara þessa lands. Á jeg hjer við Stefán heitinn skólameistara, sem alla þá stund, er hann var við skólann, kendi náttúrufræði og leysti það starf af hendi með þeirri prýði, sem þjóðkunn er orðin. Má með sannindum segja, að náttúrufræðikensla hans hafi varpað ljóma á gagnfræðaskólann norðanlands. En nú er þessi maður fallinn í valinn, og má segja, að með honum sje náttúrufræðikensla norður þar líka fallin í valinn, því að þó að þeir kennarar, sem nú eru við skólann, sjeu góðir á sínum sviðum, eru þeir hvergi nærri færir um að halda uppi kenslu í þessari námsgrein, svo að í námunda sje

við það, sem Stefán heitinn gerði. Það virðist því nauðsynlegt, svo framarlega sem skólinn á ekki að bíða stórhnekki við fráfall þessa manns, að útvega mann til skólans, sem leyst geti starfið svo af hendi, að viðunandi sje. Og það vill nú einmitt svo vel til, að völ er á slíkum manni, þar sem er Guðmundur Bárðarson frá Kjörseyri. Ætla jeg, að hann muni gefa kost á sjer, ef þessi fjárveiting fæst, sem brtt. mín hljóðar um.

Norðlendingar telja það nauðsynjamál, að halda uppi gengi þessa skóla, og þótt það þyki máske djúpt tekið í árinni, þá vil jeg segja það, að ef náttúrufræðikenslan við skólann er ekki í lagi, þá eru áhrif skólans í veði.

Jeg býst við, að háttv. þdm. sje það ljóst, hvílíka þýðingu þessi skóli hefir haft fyrir alt landið, og vænti þess því, að þeim verði það ljúft að styðja hann hjer að málum.

Björn Kristjánsson: Jeg á eina litla brtt., um að auka þann styrk til læknishjálpar fyrir Kjósarhrepp, sem brtt. hljóðar um, upp í 400 kr. Háttv. frsm. fjvn. (S. H. K.) ljet í ljós, að nefndin væri á móti þessari brtt., því að hún óttaðist, að það kynni að draga dilk á eftir sjer, ef farið yrði út á þá braut. En jeg vil benda á það, að í fjárlögunum muni vera margur styrkur, sem er hærri en þessi og ekki rjettmætari, enda hygg jeg, að ekki þyrfti að óttast nein ill eftirköst, þótt hann yrði hækkaður lítið eitt. Annars skal jeg ekki fara út í neina deilu um þetta, og mun háttv. deild skera úr, hvað hún telur rjettast. Jeg hefi komið fram með aðra till. til vara, um 300 kr., og vænti jeg þess, að háttv. deild samþykki aðrahvora. Ber hjer að líta á það, að þetta hjerað hafði áður sjerstakan lækni, en misti hann svo. Liggur þessi hreppur einna fjarst læknissetri allra hreppa á landinu, svo það má ekki heita að ástæðulausu, að farið er fram á þennan styrk.

Guðmundur Ólafsson: Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg er mótfallinn flestum þeim brtt. til hækkunar, sem eru á þessu þskj., 562 en hins vegar skal jeg játa, að jeg er hlyntur þeim orðabreytingum, sem þar eru, og álít, að háttv. fjvn. nái sjer þar best niðri. Annars stóð jeg upp til þess að leiðrjetta misskilning, sem mjer fanst kenna hjá háttv. 1. landsk. þm. (S. F.). Hann komst svo að orði um brtt. um dýrtíðaruppbót til yfirsetukvenna, að nefndin hefði fallið frá að aðhyllast hana, sökum þeirra auknu útgjalda, sem sýslusjóðum væri þar með lögð á herðar. Það var alls ekki þetta, sem vakti fyrir mjer, heldur það, að laun yfirsetukvenna hefðu verið samþykt á sama þingi og öðrum embættismönnum og starfsmönnum var ákveðin dýrtíðaruppbót, og hefðu þá verið talin í alla staði sæmileg, og því varla þörf á að bæta við þau nú. Þótti nefndinni þeim mun síður ástæða til að bæta hjer inn nýrri dýrtíðaruppbót, þar sem dýrtíðaruppbót yfirleitt er nú í hraðri lækkun, og hverfur vonandi brátt úr sögunni.

Þá verð jeg að furða mig á þeim ummælum háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.), að hann kallar það kynlegt eða jafnvel rangt, að yfirsetukonum hefir ekki verið greidd dýrtíðaruppbót, en nú ætlast lögin ekki til, að þær fái uppbót, svo ólöglegt hefði verið að greiða hana. Furðaði jeg mig yfirleitt stórlega á því, hve mjög hann ber yfirsetukonur fyrir brjósti, og bregður þar mjög frá því, sem var um fyrirrennara hans, ef jeg man rjett, sem taldi þær einhverja mestu landplágu í sínu kjördæmi, en það er langt frá, að jeg haldi því fram.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg hefi mjög litlu við að bæta það, sem jeg sagði áðan, enda hafa ekki orðið harðar umræður hjer um þessi mál. Jeg vil þó taka það fram, viðvíkjandi styrknum til barnaskóla utan kaupstaða, að það er ekki það eitt, að ekki sje sýnt hve mikil útgjöld þetta getur haft í för með sjer, heldur má einnig búast við, að þessu fylgi auknar kröfur um framlag úr ríkissjóði til ýmsra annara stofnana. Skal jeg t. d. nefna sjúkrahús. Er við búið, ef slíkur styrkur yrði veittur til barnaskóla, að þá þættust þau líka eiga tilkall til jafnmikils styrks úr ríkissjóði. Eru þeim mun meiri líkur til að svo færi, sem nú er einmitt mikill undirbúningur hjá þessum stofnunum að færa út kvíarnar.

Um styrkinn handa Kjósarhreppsbúum til að sækja lækni þarf jeg ekki að vera margorður, enda veltur þar ekki á miklu. En ekki get jeg verið samþykkur háttv. þm. G.-K. (B. K.) um það, að ekki sje annarsstaðar á landinu erfiðara að ná í lækni en í þessum hreppi. Býst jeg við, að allir verði að játa, að það sje ólíkt torveldara að ná í lækni úr Öræfunum og frá Grímsey heldur en ofan úr Kjós.

Annars skal jeg ekki fara að gera þetta atriði að deilumáli, og man jeg svo ekki eftir, að jeg hafi fleira fram að taka að þessu sinni.

Sigurður Jónsson: Eins og öllum er kunnugt, standa nú yfir rannsóknir á öllu skólakerfi landsins, og í háttv. Nd. liggur fyrir frv. til laga um Mentaskólann í Reykjavík. Það er ekki gott að segja, hvernig þessu reiðir af, en af því að jeg hefi fylgst með öllu, sem um það mál hefir verið ritað og rætt, þá vildi jeg nú fara um það nokkrum orðum.

Sú breyting, sem þetta frv. fer meðal annars fram á, er það, að Mentaskólinn verði að óskiftum lærðum skóla og að slitið sje sambandi hans við Gagnfræðaskólann á Akureyri. Það hefir, sem vonlegt er, verið mikið deilt um þetta atriði, sambandið á milli skólanna, en þar sem það er tekið fram, að ef þetta nái fram að ganga, þá eigi Gagnfræðaskólinn á Akureyri að vera höfuðgagnfræðaskóli landsins, þá hygg jeg, hvort sem þessi breyting kemst á eða ekki, að sá skóli megi varla við því, að ekki sje góður kennari þar í náttúrufræði.

Við höfum farið fram á þessa hækkun einungis sökum þess, að mjög mikils yrði í að sakna, frá því sem verið hefir, ef náttúrufræðikenslan við þennan skóla færi í ólestri, og þá einnig sökum þess, að mjög er nauðsynlegt fyrir þjóðina, að æskumenn hennar fái góða fræðslu, einmitt í náttúrufræði. Háttv. deildarmenn mega ekki ætla, að hjer sje um neinn ríg að ræða frá Norðlendinga hálfu, en hitt er satt, að okkur mun taka það sárt, ef þessi litli styrkur verður feldur, sem stuðlar að því, að skólinn á Akureyri geti orðið til gagns og þjóðþrifa. Vona jeg, að þessi brtt. okkar komist fram, og það því fremur sem nefndin hefir ekki tekið ákveðna afstöðu gegn henni.

ATKVGR.

um brtt. við 1.—13. gr.

Brtt. 562,I. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 562,II. (aðaltill.) feld með 10 : 3 atkv.

— 562,II. (varatill.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 562,III.a.-b. (aðaltill.) feld með 8 : 3 atkv.

— 562,III. (varatill.) talin þar með fallin.

— 562,IV. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 562,V. samþ. með 13 shlj. atkv.

— 562,VI.a. feld með 12 : 1 atkv.

— 562,VI.b. feld með 9 : 5 atkv.

— 562,VII. samþ. án atkvgr.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Fyrst er brtt. við 16. lið 16. gr., um fjárveitinguna til Gísla Guðmundssonar til kjötrannsókna. Síðast þegar gengið var hjer frá fjárlögunum, var þessi liður svo orðaður, að Gísli Guðmundsson skyldi fá 2500 kr., gegn jafnmiklu annarsstaðar frá. Gísli hefir gert allmerkilegar rannsóknir viðvíkjandi skemdum þeim, er stundum koma fram í söltuðu kjöti. Virðist hann hafa komist að því, að þreyta, er skepnur verða fyrir, þegar þær eru reknar til slátrunarstaðarins, orsaki skemdina Þar sem þessi skemd getur verið hættuleg fyrir kjötið sem verslunarvöru, er mikil ástæða til að fá þessar rannsóknir gerðar til fullnustu. En til þess að Gísli geti gert það, þarf hann að fá kost á að rannsaka með áhöldum, sem ekki eru til hjer, en aftur eru til bæði í Kiel og Kaupmannahöfn. Því þarf hann að sigla til að ljúka við rannsóknir sínar, og til þessa hefir hann beðið þingið að styrkja sig. Fjvn. Nd. bjóst við, að Búnaðarfjelagið mundi vilja styrkja Gísla með fjárframlagi, og sömuleiðis Sláturfjelagið. Við hinu sama bjóst fjvn. Ed. Nú hefir styrks verið leitað hjá Búnaðarfjelaginu, og sú raun hefir orðið á, að þótt það gjarnan vilji styrkja rannsókn þessa, hefir það þó frekar færst undan því, sökum þess, að fjelagið er nú mjög aðþrengt peningalega, sökum hins mikla kostnaðar við sýningu þá, sem það ætlar að halda hjer í sumar. Ekki eru undirtektirnar betri hjá Sláturfjelögunum. Sláturfjelögin eru mörg, og getur orðið mikill reytingur að tína saman litla upphæð hjá hverju, enda þótt þau vildu eitthvað leggja fram. Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að fjárveiting þessi sje hækkuð upp í 4000 kr.

Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) hefir borið fram brtt., þar sem hann vill láta styrk þennan vera 5000 kr. Það kom til mála í nefndinni að veita 5000 kr., en ekki gat orðið samkomulag um að fara svo hátt. Nefndin er því sem heild á móti þessari brtt.

Næsta brtt. er við 17. lið sömu gr. Er það aðeins orðabreyting. Fjárveitingin er samkvæmt fjárlögunum veitt Heimilisiðnaðarfjelagi Íslands. Svo heitir fjelag hjer í Reykjavík. En meiningin er alls ekki að veita þessu fjelagi styrkinn, heldur sambandi íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, og fjvn. hefir breytt orðalaginu í samræmi við það.

Næsta brtt. er frá hv. þm. Vestm. (K. E.), um að veita 40 þús. kr. styrk til Þórs, í stað 30 þús. kr., sem deildin hefir veitt. Jeg sje ekki ástæðu til að deila um styrkbeiðnina til Þórs nú, frekar en síðast, en lýsi því aðeins yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur ekki fallist á brtt. þessa.

Næsta brtt. er um að hækka lítið eitt styrkinn til Sigurðar Jónssonar fyrverandi ráðherra. Vonast jeg til þess, að deildin geti orðið á eitt sátt um þessa brtt., því að öllum hlýtur að skiljast, að örðugleikum er bundið að takast svo vandasamt starf á hendur á gamalsaldri, á jafnörðugum tímum og voru, er Sigurður var ráðherra. Þar sem aldur hans var svo hár, er ekki hægt að ætlast til, að hann geti nú farið að brjótast í búskap á ný. Og víst er um það, að þótt honum verði veittar þessar 1500 kr., þá er hann þó ekki nema hálfdrættingur á við annan mann, sem líkt stendur á fyrir, en sem stendur það betur að vígi, að hann hefir lagalegan rjett til að fá þetta fje.

Næst er brtt. frá háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.), um að hækka styrkinn til ekkju Matthíasar Jochumssonar úr 1200 kr. upp í 2000 kr. Vitanlega er tilætlunin sú, að af þessari fjárhæð verði borguð dýrtíðaruppbót. Þar sem engin ekkja hefir nándarnærri svo háan styrk eins og þetta, þá getur nefndin ekki fallist á þessa brtt. (*G. B.*:

Hærri er styrkurinn til hennar í fjáraukalögunum). Það er að vísu satt, en nefndin leit svo á, að styrkurinn í fjáraukalögunum væri aðeins til bráðabirgða, en ekki bindandi í framtíðinni.

Næst er brtt. frá háttv. þm. Vestm. (K. E.) um að hækka styrkinn til Páls Erlingssonar upp í 1500 kr. (*K. E.*: Brtt. er tekin aftur). Þar sem hún er tekin aftur, þarf ekki að ræða hana. (*G. B.*: Jeg tek tillöguna upp aftur). Þá vil jeg gera grein fyrir afstöðu nefndarinnar til brtt. þessarar. Maður þessi hefir nú 1000 kr. í eftirlaun. Þótt dýrtíðaruppbótin yrði ekki nema 1000 kr., þá hefir hann þó 2000 kr. Auk þessa hefir hann 600 kr. frá bæjarsjóði og dýrtíðaruppbót á því. Þegar þetta hvorttveggja kemur saman, þá virðist það allsæmileg upphæð. Og víst er um það, að margir embættismenn, sem ekki hafa unnið skemmri tíma í þágu ríkisins, mundu þakka fyrir að fá þessi eftirlaun, eftir því sem þau eru skömtuð nú. Nefndin getur því ekki fallist á þessa hækkun, sem brtt. fer fram á.

Næst er brtt. frá háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.). Hún er um að lána ábúandanum á Hlíðarenda í Fljótshlíð 5000 kr. til húsabóta, með þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum. Nefndin er ekki þessu máli vel kunnug, og veit ekki gjörla hve brýn þörf er á þessari lánveitingu. Vitanlega er leiðinlegt, að svo frægur bær, sem Hlíðarendi er, sje ekki sæmilega hýstur, en upplýst var það fyrir nefndinni, að ekki mundi ástæða að leggja fram fje úr ríkissjóði til húsabygginga á þessum stað, í þeim tilgangi, að þar yrði gististaður. Útlendir ferðamenn, sem þangað fara til að sjá heimili Gunnars, mundu gista annarsstaðar.

Enn er ein brtt. frá háttv. þm. Vestm. (K. E.) um, að Vestmannaeyjar fái alt að 80 þús. kr. lán til aukningar rafveitunnar, og til vara, að stjórninni verði heimilað að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð. Nefndin treystist ekki til að mæla á móti þessari brtt. Telur hún ástæðu fyrir landið að ábyrgjast lánið, svo framarlega sem Vestmannaeyingar sjálfir vilja ráðast í þetta. Um annað en ábyrgð getur eiginlega ekki verið að tala. Á það vil jeg benda, að vitanlega er hjer alt öðru máli að gegna en um Seyðisfjörð. Þar er alt rekið með vatnsafli, en um það getur ekki verið að ræða í Vestmannaeyjum. Auk þess er allur undirbúningur þegar gerður á Seyðisfirði, og ekkert vantar nema vjelarnar.

Eftir er þá aðeins ein brtt., viðvíkjandi láninu til Álafoss, frá tveimur nefndarmönnum, þm. Snæf. (H. St.) og 2. þm. Eyf. (E. Á.) Fara þeir fram á, að fjárhæðin, sem má ábyrgjast, sje færð niður í 200 þús. kr. Hinir þrír nefndarmennirnir hafa ekki getað fallist á þessa brtt. Halda þeir sjer við það, sem gert var við 2. umr. fjárlaganna, þar sem hert var á skilyrðunum fyrir lántökunni og áhættan með því minkuð. Hins vegar göngum við að því sem gefnu, að þótt lánsheimildin verði látin standa óbreytt, þá kemur ekki til mála að veita alt fjeð í einu, heldur smátt og smátt, þegar sjest, að því er varið svo sem til er ætlast. En þar sem málið er mjög þýðingarmikið, treystist nefndin sem heild ekki til að bera fram þessa brtt.

Sigurður Eggerz: Jeg á hjer eina brtt. með háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.), sem fer í þá átt að hækka styrkinn til Gísla Guðmundssonar upp í 5000 kr. Hefir hann undanfarið verið að rannsaka orsakirnar til skemdanna á saltkjöti. Hann er nú kominn að þeirri niðurstöðu, að súr í saltkjöti stafi af þreytu á skepnunum áður en þeim er slátrað. En til að fullkomna þessar rannsóknir sínar þarf hann að

sigla. Hefir hann beðið þingið um styrk til þess. Kostnaður við þetta alt mun nema um 11.000 kr. Auk þessa mun hann hafa eytt allmiklu fje í að kaupa kjöt til að rannsaka. (*S. H. K.*: Það er talið með í þessum 11 þús. kr.). Vafalaust ætti þessi rannsókn að geta orðið mjög gagnleg og hjálpa til þess, að hægt verði að bæta verkunina á saltkjötinu. Auk þessarar rannsóknar hefir Gísli í hyggju að athuga í utanför sinni, hvernig hentast muni að fara með íslenska kjötið. Um sumar fjárveitingar má sjálfsagt segja, að þær sjeu ekki bráðnauðsynlegar, en þessi fjárveiting er áreiðanlega mjög nauðsynleg.

Hún fer beint í þá átt að reyna að bæta kjötmarkaðinn. Þeir, sem þekkja Gísla Guðmundsson gerlafræðing, vita, að hann er enginn yfirlætismaður og gerir ekki meira úr þessu en ástæða er til. Jeg veit, að hann getur fengið vottorð um áhuga sinn á þessu máli, og er mjer mikil ánægja að mæla með þessari fjárveitingu, og jeg vænti þess, að háttv. deild sýni fullan skilning á máli þessu, og það því fremur sem viðkomandi verður sjálfur að leggja mikið í kostnað, til þess að koma máli þessu í gott horf. Í raun og veru ætti landið að sjá sóma sinn í að kosta för hans að fullu, þar sem þetta er þektur maður og gerir þetta í landsins þarfir. Jeg vona, að deildin viðurkenni, að þetta eru ekki staðlausu stafir, sem jeg hefi farið með hjer, og veiti honum þessa fjárveitingu.

Karl Einarsson: Jeg á 3 brtt. á þskj. 562. Sú fyrsta (IX) er um, að veittar sjeu 40 þús. kr., en ekki 30 þús. kr., til „Þórs“. og að hann því fái sama styrk og í fjáraukalögunum.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta. Jeg hefi áður talað um nauðsynina á þessum styrk, og því óþarfi að endurtaka það hjer. Jeg heyrði það á háttv. frsm. (S. H. K.), að hann var ekki hlyntur till., en jeg á bágt með að skilja afstöðu nefndarinnar í þessu máli.

Brtt. XII. við 18. gr. II, er um að Páli Erlingssyni verði veittar 1500 kr. í stað 1000 kr. Maður þessi er fátækur, en hefir slitið sjer í þarfir landsins. Það eru ekki einungis menn hjeðan úr Reykjavík, sem notið hafa kenslu hans, heldur eru það menn af öllu landinu. Þessi styrkur er því síst of hár, þar eð maðurinn á einnig fyrir aldraðri konu að sjá.

Þá er brtt. XIV., um að ríkið ábyrgist lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Jeg er þakklátur nefndinni fyrir það, að hún vill styðja þessa tillögu, og jeg skal jafnframt upplýsa það, að verk þetta er eins undirbúið og á Seyðisfirði. Húsið var upphaflega bygt svo stórt, að nú þarf ekki annað en setja vjelina niður. Stöðin er nú orðin of lítil, og ný hús geta ekki fengið rafmagn. Í hitt eð fyrra var ákveðið að bæta hundrað hestafla mótor við þann, sem nú er, og var fengin áætlun um það, hvað mótorinn og aðrar breytingar, er gera þurfti, mundi kosta, og reyndist það vera ca. 100 þús. kr. En jeg geri ráð fyrir, að nú mundi þetta fást ódýrara, og ímynda jeg mjer, að þessi upphæð muni nægja. Það, sem gera þarf, er að kaupa mótor og tilheyrandi rafmagnsvjelar, en húsrúmið er þegar til. Auðvitað þarf að breyta kerfinu nokkuð, eins og t. d. að setja sumstaðar gildari þræði, en jeg vona, að deildin samþykki bæði þessa tillögu og eins hinar tvær, sem jeg hefi borið fram.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg á tvær brtt. á þskj. 562. XI. brtt. er um að ekkju Matth. Jochumssonar verði veittar 2000 kr., í stað 1200 kr., og er það í fullu samræmi við það, sem stóð í fjáraukalögunum og háttv. deild hefir fallist á. Býst jeg ekki við, að hagur konunnar hafi í neinu

batnað, svo að það sýnist engin ástæða vera til að minka hann, og vona jeg því að háttv. deild samþ. till.

Um XIII. brtt. skal jeg gefa nokkrar upplýsingar, þar eð svo virtist, sem háttv. frsm. (S. H. K.) væri ekki málinu fullkomlega kunnugur. Ábúandinn á Hlíðarenda fór þess á leit, að jeg sækti um 8000 kr. styrk fyrir hann, en þar sem jörðin var í sjálfseign, þá sá jeg ekki annað fært en sækja bara um heimild fyrir ábyrgð á láni með góðum kjörum. Ástæður fyrir, að hann biður um þetta lán eru þær, að bær hans er hrörlegur, og þó að þetta fje mundi engan veginn nægja til þess að koma upp góðri byggingu, eins og þyrfti, þá yrði þetta þó eigi að síður góður styrkur. Þarna er mikill gestagangur og maðurinn mjög vel fallinn til þess að taka á móti gestum, þó að hann geti naumast látið þá sitja inni fyrir þrengslum, og komið hefir það oft fyrir, að gestum hefir verið bunkað þar í litla stofu, nærri því eins og mjölsekkjum. Svo illa er ástatt með húsnæði hjá honum. — Háttv. frsm. (S. H. K.) sagðist hafa fengið þær upplýsingar, að þeir, sem færu þessa leið, gistu ekki hjá honum. Það má vera að svo sje nú, en það yrði ekki, ef bygging kæmi þar upp. Bílaferðir eru þar miklar, og fjöldi manna fer í bílum til Hlíðarenda og leigir þar hesta. Er því mjög erfitt, ef ekki er hægt að fá þar gistingu. Mjer dettur í hug í þessu sambandi, að veittur er styrkur til byggingar í Reykholti. Auðvitað er það kirkjujörð, en jeg efast um, að þangað komi fleiri gestir en að Hlíðarenda. Það má geta þess, að í 21. gr. 3. lið er veitt lánsheimild til byggingar handa skáldi. Þessi maður er að vísu ekki skáld, en hann er duglegur fylgdarmaður.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það eru aðeins örfá orð, út af láninu til Vestmannaeyjakaupstaðar og byggingar á Hlíðarenda. Það er í raun og veru ekki ástæða til að leggjast á móti því, að heimild verði veitt til að lána þetta fje, en jeg er einungis viss um, að fje verður ekki fyrir hendi í viðlagasjóði til þess, svo að heimildin verður gagnslaus. Jeg tek þetta fram til þess, að það veki ekki neinar tálvonir, þótt þetta verði samþykt. Það verður líka að athuga það, að með hinum nýja ríkisveðbanka er ráðstafað meginhluta viðlagasjóðsins, og verður þess vegna miklu minna til útlána úr honum.

Úr því að jeg tók til máls, þá skal jeg minnast á XI. og XII. brtt. Mjer finst, að ekkja Matth. Jochumssonar megi vel una við það, sem henni er ætlað í þessu frv., og sje fullsæmd af því, þar eð hún fær hæst allra ekkna á landinu. Og jeg álít það vera ósamræmi að setja það hærra en það þegar er. Sama er að segja um XII. brtt., og mjer þykir vænt um, að hún er tekin aftur, og býst jeg við, að það hafi verið gert fyrir það, að flm. hafi sjeð ósamræmið, sem kom fram gagnvart öðrum, sem líkt voru settir. Annars kennir víða ósamræmis í stefnu þingsins um eftirlaun, einkum á síðustu tímum.

Halldór Steinsson: Jeg á hjer eina brtt. með háttv. 2. þm. Eyf. (E. Á.), en jeg þarf lítið um hana að segja, því að hún skýrir sig sjálf. Jeg skal taka það fram, að það er ekki af neinni óvild gegn ullariðnaði, að við gerum það að till. okkar, að ábyrgðin á láninu verði lækkuð úr 500 þús. kr. niður í 200 þús. kr. Þvert á móti, við viljum gjarnan, að menn þurfi ekki að klæðast í útlendan ullarklæðnað. En hjer er margt að athuga og maður verður að líta á það, að nú á að skilja við fjárlögin með halla, sem nemur miljónum, og svo þar að auki að veita ábyrgð á stórfje.

Þess vegna sjáum við okkur ekki fært að veita þessa ábyrgð, sem hjer er farið fram á, ekki síst þareð nýlega var veitt 100 þús. kr. lán úr ríkissjóði til þessa sama fyrirtækis. En eins og jeg sagði áðan, þá er þetta alls ekki af neinni mótspyrnu gegn fyrirtækinu, heldur einungis af umhyggju fyrir hag ríkisins.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg hefi mjög litlu við að bæta. Út af því, sem háttv. 2 landsk. þm. (S. E.) sagði um fjárveitinguna til Gísla Guðmundssonar, þá fæ jeg ekki sjeð, að það sje neitt til fyrirstöðu, að hann fái styrk annarsstaðar frá. Ekki er nema eðlilegt að ætlast til þess, að búnaðarfjelög og sláturfjelög hlaupi undir bagga með honum, þar sem hann stundar þessi vísindi til að styðja landbúnaðinn. Nefndinni fanst því lítil ástæða til að færa sig upp í 5000 kr., og vildi að minsta kosti sjá í hvort áðurgreind fjelög vildu ekki sýna honum þennan sóma og leggja sinn skerf til.

Um fjárveitinguna til ekkju Matthíasar Jochumssonar er engin ástæða til að fjölyrða; aðeins vil jeg taka það fram, að jeg stakk upp á því hjer við 2. umr., að fjárveitingin væri 3000 kr., en án dýrtíðaruppbótar, og hefði það verið mjög sæmilegt og viðunandi. Sú tillaga fekk ekki byr í nefndinni nje deildinni, og verður því að fara sem fara vill.

Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir minst á það í ræðu sinni, að ekki þýddi að vera að gefa ávísanir á tóman kassann. Auðvitað væri ákjósanlegast ef hægt væri að skinna upp sem flesta staði hjer á landi, sem sögulega þýðingu hafa, en þeir eru svo afarmargir þeir staðirnir í þessu sögulandi, og er nú fyrirhugað að byggja á Reykholti, en ástæður leyfa ekki, að lengra sje farið að þessu sinni. Af þessari ástæðu er nefndin á móti lánveitingu til byggingar á Hlíðarenda, eins og jeg hefi þegar tekið fram.

ATKVGR.

Brtt. 571 samþ. með 9 : 2 atkv.
— 562,VIII.a. (svo breytt) samþ. með 10. shlj. atkv.
— 562,VIII.b. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 562,IX feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., S. E., S. J., B. K., G. Guðf., G. B.
nei: G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., S. F., E. Á., G. G.

Brtt. 562,X samþ. með 12 shlj. atkv.
— 562,XI feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., E. Á., G. Guðf., H. Sn., K. E., S. E., G. B.
nei: S. F., B. K., G. G., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., S. H. K.

Brtt. 562,XII feld með 8 : 4 atkv.
— 562,XIII feld með 8 : 5 atkv.
— 562,XIV samþ. með 11 shlj. atkv.
— 570 samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., S. J., S. F., B. K., E. Á., G. Ó., H. St., K. E., G. B.
nei: S. H. K., G. G., G. Guðf., H. Sn., Jóh. Jóh.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 579).

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 579, 598, 610, 612).

Frsm. fjhn. (Þórarinn Jónsson): Þegar fjárlögin voru til 2. umr. gat fjhn. ekki gert neinar breytingar við tekjuhlið þeirra, því að tekjuaukafrv. voru þá í meðferð þingsins, og varð engan veginn sjeð, hvernig þau myndu verða afgreidd. Nefndin frestaði því þessu, þar til nú, að fjárlagafrv. kom aftur frá háttv. Ed. En fyrir 3. umr. fjárl. í Ed. varð þó að ráði milli fjárhagsnefnda beggja deilda að gera í samráði breytingar í þessa átt, eða ákveða tekjuhliðina eftir því, sem þá mátti búast við, að skattafrv. og önnur tekjuaukafrv. yrðu afgreidd. En þessi athugun var gerð mjög fljótlega, svo að fjhn. hefir nú leyft sjer að koma fram með nokkrar breytingartill. við tekjuhliðina.

Var ásetningurinn að fara sem gætilegast í sakirnar og áætla tekjurnar varlega, svo að frekar yrði ávinningur. Ein ástæða fjhn. til að hækka liðina var sú, að gjöldin hafa verið ákveðin hærri en áður hefir verið. Hafa gjöldin til sjúkrahúsa t. d. verið ákveðin sem næst jafnhá, sem þau voru áður, meðan fjárhagstímabilið var 2 ár; eru því líkindi til, að hjer sparist eitthvað, eða að minsta kosti fari ekki fram úr áætlun. Nefndin hefir þó ekki viljað treysta mikið á þetta.

Að svo búnu vil jeg snúa mjer að hinum einstöku liðum.

Kem jeg þá fyrst að fasteignaskattinum. Hann var ákveðinn í Ed. eitthvað nálægt 270,000 kr., í samræmi við frv. eins og sú deild afgreiddi það. Hjer í deildinni var fasteignaskatturinn lækkaður svo, að hann mun ekki gefa af sjer nema 210.000 kr. En þessa till. gerði fjárhagsnefnd með það fyrir augum, að háttv. Ed. mundi samþykkja frv. í þeirri mynd, sem það fór hjeðan. Er þessi liður ábyggilegur. Því var tekju- og eignarskatturinn færður upp um 50.000 kr. Var þessi skattur ákveðinn í Ed. 650.000 kr. Er erfitt að segja um það, hvað skattur þessi kann að gefa; mun tekjuskatturinn sennilega gefa minna en eignarskatturinn, því að ef framtal yrði nokkurn veginn rjett, ætti hann að gefa talsvert. Tekju- og dýrtíðarskatturinn fyrir árið 1920 var um 800.000 kr., eða hærri en báðir þessir skattar eru áætlaðir til samans. Sýndist nefndinni áætlun skattsins í stjórnarfrv., 1 miljón kr., ekki vera óvarleg, þótt nefndin hafi ekki viljað ganga lengra en hjer er farið.

3. brtt. var við vitagjöldin. Voru þau í Ed. áætluð 100.000 kr., en nefndin hefir fært þau upp í 140.000 kr. Held jeg, að hjer sje ekki óvarlega farið, því að 1920 voru þau 163 þús. kr. Eru líkur til þess, að ekki dragi það úr siglingum.

Næsti liður er áfengistollurinn. Hann er áætlaður hjá Ed. 200.000 kr., en fjhn. hefir hækkað hann um 50.000 kr. Um þennan lið er það að segja, að tollur þessi hefir farið vaxandi hröðum fetum; má því ætla, að hjer sje mjög varlega farið, því að hann er mun lægri en 1919, og 55.000 kr. lægri en inn er komið 1920.

Næsti liður er tóbakstollurinn. Áætlaði Ed. hann 500.000 kr., en fjhn. hefir hækkað hann í 600.000 kr. 1919 var tollur þessi 704.608 kr. og 1920 er hann 619.000 kr. Stafar sú lækkun af teppunni, sem var á innflutningi síðastliðið ár. Býst nefndin við, að þessi tollur fremur hækki.

Þá er vörutollurinn. Ed. hafði áætlað hann 1 miljón kr., en nefndin fært hann upp um 200.000 kr. Verður ekki greinilega sagt um það, hvaða áhrif breytingar á lögunum, sem nú voru gerðar, kunna að hafa. Var margt fært undir ódýrari liði, en þeir líka aftur á móti hækkaðir. Þessi tollur var 1919 993.000

kr., en 1920 var hann orðinn 1.374.000 kr. Er hann nú áætlaður að mun lægri en 1920, eða 1 milj. og 200 þús. kr.

Þá er næsti liður, símatekjurnar. Voru þær áætlaðar hjá Ed. 800.000 kr., en fjhn. hefir hækkað þær um 200.000 kr. Hafa tekjur þessar farið sífelt vaxandi. Árið 1919 voru þær 814.177 kr., en 1920 voru þær rúm 1.000.000 kr. Á fyrstu 3 mánuðum á þessu ári fóru tekjurnar lækkandi, en nú eru þær orðnar jafnháar sem áður, og eru líkur á því, að þær haldist áfram, því að nú er verið að bæta við línu til Borðeyrar, sem ástæða er til að ætla, að muni gefa allmiklar tekjur af sjer. Auk þess verður lögð ný lína á þessu sumri, Kálfshamarsvíkurlínan, sem vissu má telja fyrir að gefi álitlegan tekjuauka. Sýnist því varlega farið, þó að liðurinn sje áætlaður 1 miljón króna.

Þá er 2. brtt. við 3. gr., er gerir ráð fyrir, að tekjur af skipum falli burt, en þær voru áætlaðar 350 þús. kr. Eins og nú er útlit fyrir, þá sýndist fjhn. ekki rjett að reikna tekjur af skipum ríkissjóðs, því að það hefir aldrei verið afskrifað neitt af verði skipanna, og þótti henni viðeigandi, að tekjurnar af þeim gengju þannig til þess.

Þá er 3. brtt. við 4. gr., um að 1. og 2. tölul. falli burt, en í staðinn komi einn liður, tekjur af bönkum, 250 þús. kr. Þetta er æðimikil hækkun hjá nefndinni. En þar sem tekjurnar af Landsbankanum voru áætlaðar 75 þús. kr. og Íslandsbanka 70 þús. kr., þá nemur þessi hækkun nefndarinnar rúmum 100 þúsundum kr. Það var ekki hægt að hafa þetta sundurliðað, þar sem bankafrv. eru ekki komin í gegn um þingið, og ekkert sjeð um hvernig þeim lyktar, en þar sem það skiftir miklu máli fyrir nefndina, þá fanst henni heppilegast að taka það í einu lagi. Hún býst við, að tekjurnar verði um 370 þús. kr. 1920, en ef til vill fara þær minkandi, því að seðlamergðin dregst saman. En nefndinni fanst þetta þó ekki óvarlega áætlað, að tekjurnar af bönkunum mundu verða þetta.

Fleiri brtt. hefir fjhn. ekki gert, og sje jeg þá ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en skal aðeins taka það fram, að þótt nefndin hafi leyft sjer að gera þetta, þá hefir hún gert það svo varkárlega sem hægt var.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg mun vera skammorður, því að jeg ætla aðeins að drepa fám orðum á till. háttv. fjárhagsnefndar. Jeg tel, að áætlun hennar sje mjög varleg, og mundi jeg telja óhætt að áætla tekjurnar hálfri miljón kr. hærri en hún hefir gert, og eru það þessir liðir, sem mjer virðist mega hækka:

1.	Tekjuskattur	kr. 100.000
2.	Tóbakstollur	— 100.000
3.	Símatekjur	— 100.000
4.	Vörutollur	— 200.000
		Kr. 500.000

og skal jeg rökstyðja þetta nokkru nánar.

Eftir minni áætlun yrði tekjuskatturinn ekki hærri en hann var 1920, og set jeg þá hækkun þá, er leiðir af hinum nýju tekjuskattslögum, á móti því, sem tekjur verða minni 1921 en 1918, og er það ekki óvarlegt.

Tóbakstollurinn var 1919 rúm 700 þús. kr., og ef ekki verður heftur innflutningur 1922, sem vjer vonum, ætti ekki að vera óvarlegt að áætla hann eins 1922.

Símatekjurnar vil jeg áætla eins og þær voru 1920, og er það varlegt, þar sem þær fara stöðugt hækkandi.

Vörutollurinn var 1920 um 1.200.000 kr., þrátt fyrir innflutningshöftin, og ætti því 1922 að geta orðið um 1½ milj. kr. með kola- og salttolli.

En jeg virði þessa stefnu háttv. fjhn.,

að áætla varlega, og skal því ekki fara frekar út í brtt. hennar, en vildi aðeins geta þessa, til að sýna, að jeg lít ofurlítið bjartari augum á þetta en hún virðist gera. Samt viðurkenni jeg það, að það er erfitt að spá fram í tímann, og það gæti máske farið svo, að það reyndist rjett, sem háttv. fjhn. hefir sagt í þessu efni.

Frsm. fjvn. (Magnús Pjetursson): Það er líklega rjettast, að frsm. taki til máls, hver á eftir öðrum, svo að skýrslur nefndanna verði svo að segja í einu lagi. En jeg get þó verið stuttorður, því að þessar brtt., sem hjer liggja fyrir, eru mönnum kunnar áður.

Jeg vil þá geta þess, að mjer finst þetta fjárlagafrv. hafa tekið litlum breytingum í háttv. Ed., jafnvel óvanalega litlum. Mismunurinn á því, eftir að það hefir gengið í gegn um Ed., er, að tekjuhallinn er 50 þús. kr. hærri. Þess er þó þar að gæta, að tekjurnar hafa verið áætlaðar hærri, en gjöldin hafa líka vaxið um 114 þús. krónur.

Brtt. þær, sem fjvn. ber fram, hafa í för með sjer 30 þús. kr. hækkun á útgjöldunum, en á einum lið lækkar hún þau um 100 þús. kr. Af því leiðir, að ef brtt. nefndarinnar verða samþyktar, þá minkar tekjuhallinn um 70 þús. kr.

Jeg skal þó geta þess, að þessi hækkun Ed. og lækkun Nd. kemur aðallega niður á einum lið, nefnilega auknum styrk til Sterlings. Það mætti því máske segja, að það kæmi í sama stað niður, því að hann yrði greiddur eftir þörf, hver sem hann væri svo áætlaður.

Þá ætla jeg að minnast nokkuð á hinar einstöku brtt. — Og þá er það 2. brtt. á þskj. 598, 1. liður, við 12. gr. fjárlaganna. Það er nýr liður, sem ekki hefir verið minst á áður, og eins og menn sjá, læknisvitjunarstyrkur til þriggja hreppa. Eins og öllum er kunnugt, þá er læknislaust í Öxarfjarðarhjeraði, og þessir hreppar, sem verst eru settir um læknisvitjanir og eiga fremur erfitt uppdráttar, eiga ekki síður rjett á að fá styrk til læknisvitjana en aðrir. Og þar sem talið hefir verið nauðsynlegt að gera þetta að sjerstöku læknishjeraði, þá er jafnframt viðurkend þörf þessa styrks, meðan enginn læknir situr í hjeraðinu. Svo er líka ný athugasemd, sem ekki er við aðra samskonar styrki. Það er nefnilega ekki ætlast til, að hreppparnir fái allir jafnháan styrk. Hreppparnir eru ekki jafnstórir — einn er þeirra langminstur — og er því ætlast til, að sýslunefndin jafni styrknum niður, eftir því sem henni finst sanngjarnast.

Þá er styrkurinn til hins væntanlega berklavarnarfjelags, sem háttv. deild mun muna eftir, að samþyktur var hjer í deildinni við 2. umr. fjárlaganna, og þá að upphæð 10 þús. kr. Þennan styrk hefir háttv. Ed. felt niður. Nú vill fjvn. miðla málum, með því að lækka styrkinn um helming, og það má búast við, að fult samkomulag náist um þessa upphæð.

Reyndar má ekki ætla það, að þetta sje nægileg fjárhæð til starfrækslu fjelagsins, heldur ber að skoða hana sem bending eða hvöt til þess að stofna fjelagið, því að allir munu sjá, að 10 þús. kr. verða of lítill styrkur til fjelagsins, þegar það er stofnað.

Þá er nýr liður, um 10 þús. kr. gjaldauka sem dýrtíðaruppbót á launum yfirsetukvenna. Þessi tillaga er eiginlega komin frá háttv. Ed., og er það mál þannig vaxið, að 2 háttv. þm. höfðu borið fram tillögu um að hafa það 20 þús. kr. En það hefir orðið að samkomulagi beggja fjvn., að varatillagan nái fram að ganga, en meiri hluti háttv. Ed. feldi aðaltill., 20 þús. kr., en varatillagan var ekki fram borin, og var það formsatriði. Þess vegna hefir fjvn. Nd., eftir tilmælum fjvn. Ed., tekið upp þessa tillögu, þar sem hún átti

ekki kost á að koma með hana aftur eftir 3. umr. í Ed. — Það hefir talsvert borið á því, að illa hefir gengið að halda yfirsetukonum í minni hjeruðunum, og ætti þetta að ráða nokkra bót á því.

Þá er næsta brtt. fjvn., þar sem ráðgert er að lækka styrkinn til Sterlings úr 300 þús. kr. niður í 200 þús. kr., og hefir nefndin gert það án þess að ráðgast um það við háttv. samgmn.

Það er, eins og getið hefir verið um í umræðunum, ekki hægt að áætla hann með nokkurri vissu, en það er fullvíst, að rekstrarkostuaðurinn á Sterling mun verða minni en gert hefir verið ráð fyrir, og mjer hefir heyrst á hæstv. fjrh. (M. G.) og hæstv. atvrh. (P. J.), að þeim virtist það fullhátt eins og það var samþ. í hv. Ed. Þessi áætlun hefir í sjálfu sjer enga þýðingu, því að vitanlega verður hallinn borgaður, hver sem hann verður, og þótt hann fari fram úr þessu. En þetta mætti fremur skoðast sem bending um, að reynt yrði sem frekast að spara útgjöld þessa skips.

Nú læt jeg staðar numið sem frsm., þar sem jeg er kominn að 14. gr., því að þar kemur til kasta háttv. þm. Dala. (B. J.), en vildi þó minnast á brtt. háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.), um fjárveitinguna til Hróarstunguvegarins. Það stendur ekkert um það, hvort það sje endurveiting eða ekki. En eins og jeg skýrði frá við fyrri umræður fjárlaganna, mun fjvn. ekki leggja til, að veittar verði nýjar fjárhæðir til vega. En eftir upplýsingum frá vegamálastjóra, þá er þetta endurveiting á því, sem veitt var 1920 til þessa vegar, og hefir upphæðin ekki verið unnin upp til fulls, og þar sem ekki er gert ráð fyrir að veita meira fje til þessa vegar, þá á hann eiginlega þetta inni hjá ríkissjóði.

Nefndin er því ekki á móti því að láta þessa veitingu koma inn, en þó með þeim formála, að næsta þing skeri úr, hvort verkið skuli framkvæmt, því að á þessu ári er ekki að hugsa til vegagerða, og þá verður heldur ekki hægt að byrja á þeim fyr en næsta þing er úti. Það er þess vegna leiðinlegt, að orðið „endurveiting“ skyldi hafa fallið niður.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um brtt., en læt þá um það, sem hlut eiga að máli.

Yfirleitt hefir fjvn. reynt að haga brtt. sínum þannig, að sem minstur ágreiningur yrði um þær milli deildanna. Og jeg geri ráð fyrir, ef einhver ágreiningur verður, að hann verði ekki um fjárhæðirnar, heldur um efnisatriðin, en fjvn. Nd. gat ekki farið vægar í sakirnar gagnvart háttv. Ed., enda hefir hún sýnt Ed. fullan sóma, þar sem hún hefir ekki felt niður neina af till. þeim, er þar voru teknar upp.

Frsm. fjvn. (Bjarni Jónsson): Jeg get nú ekki verið að fara í kapphlaup við hina háttv. frsm. um að vera stuttorður, en get þá líka alt í einu, talað um brtt. fjvn., mína og annara.

Jeg býst þá við, að 1. liðurinn, sem jeg á að tala um fyrir hönd nefndarinnar, verði auðveldur, þar sem hæstv. fjrh. (M. G.) lýsti því yfir í umræðunum, að hann mundi sætta sig við, að þetta hundraðsgjald yrði lækkað úr 6% niður í 4%, en nefndin hafði lækkað það enn meira áður en það var felt; þar sem nú hæstv. fjrh. (M. G.) hefir lýst þessu yfir, þarf ekki að kappræða þetta mál frekar.

Þá er það 3. liðurinn, við 14. gr. fjárlaganna A. b. 6., viðbót við eftirlaun, að þau verði hækkuð úr 8 þús. kr. upp í 10 þús. kr.

Svo er til ætlast, að þessi viðbót sje sjerstaklega notuð til þess að bæta upp eftirlaun fátækra presta, móti því, að ef þetta gengur fram, þá verði frv. það, sem einn þm. hefir komið fram með um sama efni,

ekki látið ganga áfram. Jeg býst við. að háttv. deildarmönnum sje þetta ljúft og að þeir veiti þetta fje.

Þá er næsti liður við 14. gr. B. XII. 1. c. og er námsstyrkur til sveitastúlkna. Hann er einkum ætlaður þeim sveitastúlkum, er stunda nám á kvennaskólanum hjer. Nefnd-in hefir hækkað hann upp í 1000 kr. úr 600 kr., er hann var talinn í fjárlögunum. Jeg býst við, að þetta muni vera svo hughaldið sveitamönnunum, að ekki þurfi að mýkja hjörtu þeirra til að samþykkja styrkinn, því að stúlkurnar munu ýmist vera dætur þeirra eða á annan hátt þeim nákomnar. (*M. P.*: Má ske kærustur). Það munu vera um 70 námsmeyjar, er sækja kvennaskólann, og sjá menn þá, að 600 kr. er ekki mikið fje til styrktar þeim, og skal jeg geta þess, ef mönnum er það ókunnugt, að það er fremur dýrt að dvelja hjer í Reykjavík.

Þá er 5. liðurinn. Það er brtt. við 14. gr. B. XIII. 3., um byggingarstyrk til barnaskóla. Styrkurinn skal veittur til að byggja barnaskóla utan kaupstaða, í kauptúnum og sjávarþorpum og heimavistarskóla í sveitum. Nefndin lítur svo á, að ekki eigi að byggja öðruvísi skóla í sveitum en heimavistarskóla. Jeg býst við, að ekki þurfi að leiða nein sjerstök rök að því, þar sem allir háttv. þdm. eru aldir upp við brjóst íslenskrar náttúru, og þekkja því íslenskt veðráttufar, og þeir, sem einhvern tíma hafa komið út í kafaldsbyl, vita hversu erfitt getur orðið að ná til sama lands aftur; og ef fullorðnu fólki er hætt við að rata ekki, ef bylur skellur á, hvað mun þá um hálfþroska börn. En ef við lítum svo á, að það sje óþarfi að vera að spara barnslífin, eða vonum það, að ekki farist nema eitt barnslíf á öld af þessum orsökum, þá skil jeg vel, að menn álíti óþarft að byggja heimavistarskóla í sveitum. (*H. K.*: Það hagar nú ekki alstaðar svo til). En það eru heldur ekki allir sama mætti gæddir og háttv. þm. Barð. (H. K.), ef hann getur ráðið við veðráttufar í Barðastrandarsýslu.

Nefndin felst á það, sem háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) gat um, að skóli, sem bygður hefir verið með styrkveitingu fyrir augum, eigi sanngirniskröfu að fá styrkinn, þótt eigi falli hann undir þetta.

Þá kemur að 14. gr. B. XIV.a. Þessi liður hefir fallið úr hjá háttv. Ed. Aðalatriði þessarar greinar er, að unglingaskólar, sem eru í kaupstöðum og fjölmennum þorpum, fái minni styrk en sömu skólar í sveitum, að öðru jöfnu. Það þarf ekki að fjölyrða mikið um þennan lið. Það liggur í hlutarins eðli, að það þarf mestan styrk þar, sem erfiðast er að halda uppi skóla.

Þá kemur að 14. gr. XIX. d. Fyrir „Brands" kemur „Guðbrandsdóttur". Jeg þekki bæði stúlkuna og föður hennar; hann heitir Guðbrandur, svo jeg skil ekki hvaða Brandur þetta er, sem komið hefir í háttv. Ed. Þetta finst mjer ekki vera hæverskt, og ástæðulaust af löggjafarþinginu að meina stúlkunni að vera dóttir hans pabba síns.

Þá er 15. gr. 3. liður. Þar hefir háttv. Ed. felt niður 2000 kr. viðbót til listaverkakaupa, sem þessi háttv. deild samþ. Við 2. umr. hjer lagði nefndin til, að þetta hækkaði um 3000 kr., svo það yrðu 6 þús. kr. En vegna misgánings í atkvæðagreiðslunni fjell till., enda þótt játað væri, að þetta væri rjett aðferð til að styrkja listamenn í landinu.

Mjer þykir háttv. fjvn. hæversk, að lofa háttv. Ed. að eiga þessar 2000 kr., í von um, að hún veiti þessari háttv. deild annað þúsundið, en láti sjálfri sjer nægja hitt þúsundið.

Jeg ætla að hlaupa yfir 15. gr. 3. lið, sem er nýr liður, því að mig vantar þingskjalið.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Náttúrufræðifjelagsins verði lækkaður úr

2500 niður í 2000 kr. Jeg var á móti þessu. (*M. G.*: Það lá að). Fjelaginu veitir ekkert af þessu, ekki síst þar sem það hefir haft lítinn styrk undanfarið. Svo vildi jeg einnig sjá fyrir sálarvelferð háttv. Ed., og lofa einu af hennar fáu góðverkum að standa.

Næst kemur þá 15. gr. 13. liður. (Fornbrjefasafn). Nefndin leggur til, að „jafnóðum" falli aftan af aths.

Jeg hefi í umr. ýtt svo á eftir útgáfu nafnaskrárinnar í nafni nefndarinnar, sem fært er. Mjer hefir þó aldrei komið til hugar, að Jón Þorkelsson semdi sjálfur skrá yfir bindi Fornbrjefasafnsins. Hann hefir nóg að gera við sitt starf, þar sem skarð hans yrði vandfylt, ef hans misti við.

Háttv. Ed. hefir veitt fje aukreitis til þessarar útgáfu, og verður það til að flýta fyrir útgáfunni.

7. liður VI. 15. gr. 23. (Þórbergur Þórðarson). Meiri hl. fjvn. hefir lagt til, að till. væri tekin aftur.

Þá kemur að 15. gr. 25. lið (Bjarni Sæmundsson). Nefndin í háttv. Ed. hækkaði hann um 1000 kr., en nefndin hjer hefir lækkað styrkinn niður í 1500 kr. Jeg er þessu mótfallinn, því að þó mjer þætti sómasamlegt, sem gert var hjer, að hækka úr 600 kr. upp í 1000 kr., þá er þetta ekkert mikið, þegar duglegur vísindamaður á í hlut, auk þess að hann hefir kostnað af dóttur sinni, sem dvelur við nám erlendis og hefir lítinn styrk hjeðan. Mundi honum því eflaust koma vel ef Alþingi yrði dálítið örlátt.

Þá er næst 15. gr. 51. liður (Einar Jónsson). Það stendur í frv. eins og það kemur frá Ed. „Listasafn" í staðinn fyrir listasafn.

Jeg veit ekki hvort þetta er nafn á einhverju vissu safni, en mjer er ekki kunnugt um, að það safn sje til. Eða er þetta listasafnið hjer, sem fornmenjavörður hefir umsjón með. Nú á að taka þetta af honum og fá það í hendur Einari Jónssyni. Það er þó eigi svo að skilja, að það sje meiningin, að hann standi þarna og sýni safnið hverjum þeim, sem kann að hafa keypt sig inn fyrir 10 aura. Nei, hann á alls ekkert ómak að hafa af þessu, heldur er þetta gert til þess, að þeir, sem gæta safnsins, viti, að það er vakandi auga yfir þeim.

Þá kem jeg að liðnum, sem jeg hljóp yfir áðan, 15. gr. 3. liður. (Um að semja skýrslur um safnið frá 1876).

Í sambandi við þetta ætlaði jeg að lesa hjer upp kafla úr ræðu eftir Eirík Briem, sem haldin er á þingi 1915:

> „Nefndin minnist á þetta í áliti sínu, og segir, að hún telji ekki rjett að veita fje sjerstaklega til þess að semja skýrslu um Þjóðmenjasafnið, því hún álíti, að þetta heyri undir störf þjóðmenjavarðarins, einkum þar sem hann nú fær allríflega launahækkun, og vilji hún því halda fast við, að styrknum sje varið til að gefa út skýrslurnar, eins og staðið hefir í frv.
>
> Út af þessu vil jeg taka það fram, að hjer er um misskilning að ræða. Fram að 1876 gaf Bókmentafjelagið út skýrslurnar um Forngripasafnið fyrir tímann þar á undan og lagði fram kostnaðinn við prentunina, en borgaði líka ritlaun. Eftir 1876 hefir engin skýrsla um safnið verið gefin út á sama hátt og áður. Fyrst eftir andlát Sigurðar Vigfússonar 1892, var farið að prenta í Árbók Fornleifafjelagsins stuttan lista yfir það, sem safninu bættist árlega. Þessu var haldið áfram meðan þeir Pálmi Pálsson og Jón Jakobsson voru forngripaverðir. En eftir að lögin um Forngripasafnið komu í gildi og núverandi fornmenjavörður tók við umsjón safnsins, hefir Fornleifafjelagið tekið að sjer að gefa árlega út hina ítarlegu skýrslu, sem safnvörðurinn hefir sam-

ið, og það verð jeg að skoða sem skylduverk hans, að semja þessa árlegu skýrslu, enda hefir hann líka gert það.

Í fjárlögunum 1913 voru svo veittar 300 kr. á ári til að gefa út skýrslu um Forngripasafnið frá 1876. Þjóðmenjavörðurinn tók að sjer að semja skýrslu þessa, en það sjá allir, að það getur ómögulega heyrt undir starf hans, að semja skýrslu yfir safnið um 30—40 ára skeið".

Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að skýra þetta nánar. Það sjá allir, að það er rangt að heimta þetta af manninum.

Hjer er þó ekki um neinn eyðslubelg að ræða, þar sem sjera Eiríkur er; það er hygginn maður og gætinn. Jeg vildi, að menn sæju, að fjvn. Nd. var hjer ekki að finna upp á neinu nýju; þetta hefir verið gert áður.

Þá gerði nefndin aths. við 16. gr. 3., setti það inn aftur, sem háttv. Ed. hafði felt burtu.

Þá er 16. gr. 17., styrkur til að halda uppi kenslu í hannyrðum. Þessi liður fjell niður í háttv. Ed., víst mest vegna þess, að einn maðurinn í hv. fjvn. Ed. hafði ekki lært hannyrðir.

Nefndin leggur til, að styrkur til björgunarskipsins Þórs sje hækkaður upp í 40.000 kr. Það var samþykt hjer í deildinni, að veittar yrðu 45.000 kr., en háttv. Ed. lækkaði það niður í 30.000 kr. Þetta er of mikil lækkun; nefndin vill ekki, að styrkurinn fari niður fyrir 40.000 kr. Annars er þetta svo þaulrætt mál, að jeg fer ekki lengra út í það.

Fjvn. leggur til, að styrkur til Daníels Jónssonar verði settur inn aftur.

Þessi liður var feldur burtu í hv. Ed., víst vegna þess, að frjest hafði þangað, að einhver Daníel væri dáinn, og vildi hún ekki veita dauðum manni styrk. En sá Daníel var Sigurðsson. En fjvn. Nd. fanst rjettast, að Daníel Jónsson fái að lifa, þótt Daníel Sigurðsson sje dáinn.

Þá eru brtt. frá öðrum háttv. þm. Er þar fyrst till. háttv. 1. þm. Árn. (E. E.), og getur nefndin algerlega fallist á hana nú, eins og hún hafði áður gert. Það var áður búið að samþ. á þinginu 1919 að greiða 3000 kr., en verkfræðingur fjelst á 4800 kr. endurgreiðslu, og telur nefndin rjett, að nú verði greiddar 1800 kr., og fara ekki í slíkan reipdrátt við ekkju dáins manns. Sömuleiðis vill nefndin mæla með till. háttv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.), um hækkun á styrk Janusar Jónssonar. Einnig er till. frá háttv. þm. Ak. (M. K.), og hefi jeg ekkert umboð nefndarinnar til að tala um hana til nje frá.

Jeg kem þá að brtt. frá sjálfum mjer, um Skutilsfjarðareyri. Jeg þekki engan kaupstað í Ísafirði, sem er inst í Djúpinu, en Fyri við Skutilsfjörð er til frá fornu fari, og jeg sje ekki ástæðu til að lögfesta neitt ónefni í fjárlögum, þó að einhverjir erlendir sjómenn hafi álpast til þess að rugla saman nöfnunum af ókunnugleika. Hinsvegar mun jeg kannske ekki leggja meiri áherslu á þetta en svo, að krefjast *nafnakalls um till.*

Vil jeg þá snúa mjer að till. samvinnunefndar peningamálanna, þó að nefndin hafi sem slík ekkert til þeirra mála lagt. En fyrir mína eigin hönd vil jeg mæla með till. Það er bersýnilegt, hversu óheppilegt það yrði alþjóð manna og öllum atvinnuvegum, ef gengið yrði nú skilyrðislaust að botnvörpungum þeim, sem hjer er um að ræða, svo að glataðist það fje, sem þegar hefir verið í þá lagt. En ef þessu yrði bjargað við nú, og það má gera hættulaust, þegar ekki er um hærri upphæð að gera, mætti áreiðanlega búast við því, að þetta gæti unnist upp á örfáum árum. Og sannarlega mundi þá margt riðlast hjer og hrynja í landinu, ef þessi

atvinnuvegur yrði lamaður nú, með því að láta reka á reiðanum með þessi skip, sem vegna ófyrirsjáanlegrar ástæðu hafa komist í kreppu.

Aðra lánsábyrgðarheimild þarf jeg líka að minnast á, þar sem er heimildin handa Álafossverksmiðjunni. Háttv. Ed. færði hana niður í 200 þús. kr., og sá nefndin ekki ástæðu til þess að hagga við því, þar sem sennilegt þykir, að ekki muni þurfa á meiru að halda fyrir næsta þing, eða að verksmiðjan geti ekki stækkað meira en þessu nemur nú. En hinsvegar telur nefndin stjórninni heimilt að ábyrgjast meiri upphæð, og sem næst því, er áður var samþykt í þessari háttv. deild, ef svo stendur á, að fyrirtækinu sje það hagkvæmara, auðvitað að því tilskildu, að örugt sje með þeim hætti, er þá var mælt.

Svo vil jeg loks geta þess, út af meðferð háttv. Ed. á athugasemdinni um skólana, að þessi háttv. deild verður að leggja áherslu á það, að ekki sje í því máli skemd stefna deildarinnar.

Annað þarf jeg ekki að taka fram.

Stefán Stefánsson: Jeg get verið háttv. frsm. (B. J.) þakklátur fyrir undirtektir hans undir mína till. Annars þarf jeg ekki að vera langorður, en vil aðeins víkja örfáum orðum að skólahúsmálinu í Glæsibæjarhreppi, í sambandi við þann skilning, er ýmsum á óvart á nú að leggja inn í ákvæði þau, sem hjer um ræðir. Þegar fræðslumálastjóri var síðast á ferð um þessar slóðir, athugaði hann þetta mál og lagði eindregið til, að skólahúsið yrði bygt, og var það gert eftir sjerstökum teikningum og áætlunum, sem bornar voru undir fræðslumálastjóra.

En alt þetta var gert með það fyrir augum, að skólabygging nyti styrks úr ríkissjóði, eins og fræðslumálastjóri taldi sjálfsagt og enginn efaðist um þá, eftir því, hvernig athugasemdin var skilin. Þetta var reyndar ekkert einsdæmi um Glæsibæjarhrepp, því að fræðslumálastjóri sagði mjer, að um 40 farskólahús væru nú í smíðum, með þetta sama fyrir augum.

En hjer er sjerstaklega um það að ræða, að þetta skólahús hefir verið sniðið alveg sjerstaklega með þetta fyrir augum, en mundi hafa verið bygt alt öðruvísi, ef menn hefðu fyrirfram vitað um þennan skilning laganna, sem þannig ætti að útiloka skólann frá styrk.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara út í að rekja málið um heimavistar- og heimangönguskóla, en vil aðeins undirstrika þá sanngirniskröfu Glæsibæjarhrepps, sem hjer er farið fram á, enda ber jeg það traust til háttv. deildar, að hún verði við þeim tilmælum.

Björn Hallsson: Jeg á hjer brtt. um fjárveitingu til Hróarstunguvegarins. Jeg hefi í lengstu lög viljað komast hjá því að koma með þessa brtt., fjárhagsins vegna yfirleitt; bjóst enda við því, að það yrði árangurslítið. En þegar jeg sje nú, að allir hinir vegirnir eru komnir inn, þykir mjer ekki rjett, að þessi eini vegur verði útundan. Jeg vil þá fyrst geta þess, að á þskj. 598 er prentvilla, rómv. II í stað III. Þá vil jeg leyfa mjer að vekja athygli á því, að hjer er í rauninni aðeins um endurveitingu að ræða, þótt jeg vissi ekki um það sjálfur, þegar jeg ljet prenta brtt. Frá fyrra ári eru sem sje eftir 12½ þúsund, eða alls eru þetta um 22500 kr., og verður þetta líklega ekki notað í ár, nema eitthvað lítilsháttar til viðhalds. Vegamálastjóri hefir líka lagt til við stjórnina, að til þessa vegar yrðu veittar 20 þús. kr., en jeg fer aðeins fram á 15 þús. kr., og verða því samt eftir 28 þús. kr. af því, sem áður var veitt til þessa vegar, til viðhalds í ár. Vona jeg svo, að hv. deild samþ. þessa brtt., en vil ekki lengja umræður að öðru leyti, með því að tala

um brtt. annara, þótt nóg sje efnið, en mun sýna afstöðu mína við atkvgr.

Jakob Möller: Þess mun við þurfa, að menn sjeu stuttorðir, eigi umræðum að vera lokið á þeim tíma, sem hæstv. forseti hefir ákveðið. Jeg mun nú reyna að verða við þeirri almennu ósk að tefja ekki umræður um skör fram, og hefði þó hinsvegar verið ástæða til þess að dvelja um stund við það verkefni, sem peningamálanefnd hefir fengið mjer, sem sje að mæla fram með till. hennar á þskj. 610, um heimild handa stjórninni til að ábyrgjast skipakaupalán botnvörpungaeigenda í Englandi.

Á öndverðu þingi barst Alþingi brjef frá fjelagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, þar sem farið var fram á það, að ríkissjóður tækist á hendur ábyrgð fyrir þessum lánum. Peningamálanefndir þingsins tóku þá þegar í sameiningu mál þetta til athugunar. Ræddu þær fyrst málið við nefnd botnvörpungaeigendafjelagsins og kröfðust frekari upplýsinga og skýrslna frá fjelögum þeim, sem slíkrar ábyrgðar leituðu. Bárust nefndinni síðan erindi í þessa átt frá 8 fjelögum, sem eiga 11 skip, og fylgdu þeim reikningar og skýrslur um allan hag fjelaganna. Var þá skipuð þriggja manna undirnefnd, til að rannsaka þessar skýrslur og gera tillögur um málið, en því verki var ekki lokið fyr en nú síðustu dagana, og því hefir engin tillaga komið fram um þetta fyr.

Fjelögin, sem farið hafa fram á að ríkissjóður hlaupi þannig undir bagga með sjer, eru þessi: „Njörður“ með 1 skip, „Haukur“ með 2, „Stefnir“ með 1, „Atlanta“ með 1, „Ísland“ með 2, „Ari fróði“ með 1, „Draupnir“ með 1 og „Kári“ með 2, en auk þeirra mun mega gera ráð fyrir því, að eitt fjelagið enn (skipið „Hilmir“) fari fram á samskonar aðstoð, og ætlast nefndin þá til, að það fjelag komi einnig til greina.

Skuldir þær allar, sem á þessum 11 skipum hvíla, eru um 3½ miljón kr. að upphæð.

Samningarnir um skipakaupin voru gerðir undir öðrum kringumstæðum en þeim, sem nú eru. Horfði þá betur um útgerðina, og gerðu menn sjer glæsilegar vonir um uppgripagróða af útgerðinni þegar á fyrsta árinu, einkum að því er til ísfiskis kæmi. Skipin munu hafa kostað um ½ miljón króna, eða jafnvel talsvert þar yfir þau vönduðustu. En í það var ekki horft, vegna þess, að búist var við, að þau yrðu fljót að borga sig. Mikill hluti andvirðisins var tekinn að láni í enskum banka og samið þannig um, að lánin skyldu uppsegjanleg með örstuttum fyrirvara, og var það gert í von um fljóttekinn gróða. Nú hafa vonirnar um uppgripin brugðist, svo að mörgum, ef ekki flestum skipunum, hefir verið haldið úti með tapi síðasta ár. Ísfisksalan brást hrapallega, og þess vegna hafa fæstir útgerðarmannanna getað staðið í skilum með afborganir af lánunum, og vofir yfir, að að þeim verði gengið og skipin seld fyrir lítið, en þeir tapi því, sem þegar er í þau lagt, og öðrum eignum að því leyti, sem söluverð skipanna hrekkur ekki til. Þessu verður ekki afstýrt, nema greiðslufrestur fáist, en um slíkan frest verður ekki að ræða nema gegn auknum tryggingum, vegna þess, hve mjög skip hafa fallið í verði.

Öll peningamálanefndin hefir því gert það að tillögu sinni, að stjórninni verði heimilað að leggja til þessa auknu tryggingu, á þann hátt, að ríkissjóður ábyrgist greiðslu á lánum þessum eins og í tillögunni greinir, og er til þess ætlast, að stjórnin jafnframt veiti skipaeigendum alla þá aðstoð, sem hún getur, til þess að

ná sem hagfeldustum samningum um borgunarfrest og borgunarskilmála.

Nefndin er á einu máli um það, að með þessari heimild, eins og til er ætlast, að hún sje skilin og framkvæmd, sje ríkissjóður ekki lagður í neina verulega hættu. Að minsta kosti er óhætt að fullyrða það, að það gæti ekki síður orðið landinu hættulegt, ef til þess kæmi, að gengið yrði að skipaeigendum, skipin af þeim tekin, og ef til vill allar eignir þeirra. Það er ekki sjáanlegt annað en að af því mundi leiða stórfelt fjárhagshrun og lántraustsspjöll, sem óvíst er, að landið fengi afborið. Ef til vill kæmist togaraútgerðin íslenska þá líka að miklu leyti í hendur útlendinga, því að líklegt er, að með skipunum færu einnig útgerðarstöðvarnar til greiðslu skuldanna, eins og nú er ástatt. En ætti útgerðin að dragast saman eins og þessu skipatapi svaraði, þá mundi af því leiða svo mikið atvinnuleysi í landinu, að fullkomið neyðarástand væri þá fyrir dyrum.

Þess ber nú að gæta, að þó að skip sjeu nú ekki seljanleg nema fyrir lítið verð, þá er það ekki af því, að sannvirði skipa sje orðið svo miklu lægra en áður var. Þetta er aðeins afleiðing fjárkreppunnar, sem nú hvílir eins og farg á öllum þjóðum. Þetta er ástand, sem gera verður ráð fyrir, að breytist til batnaðar áður langt líður. Þess vegna er líka enn minni ástæða til að láta sjer vaxa í augum þá áhættu, sem hjer er um að ræða að leggja í.

Jeg skal taka það fram, að háttv. samnefndarmenn mínir voru töluvert ragari í þessu máli en jeg. Jeg mundi óhikað greiða atkvæði með því, að ríkissjóður tæki allar þessar skuldir, sem á skipum þessum hvíla, að sjer.

Ef ríkissjóður gæti fengið upphæð þessa að láni, t. d. til 10 ára, með sæmilegum kjörum, þá er jeg sannfærður um, að ekki kæmi til þess, að hann þyrfti að bíða neinn halla af því. Jeg ber það traust til framtíðar landsins og atvinnuvega þess, að slíkt yrði aldrei að tjóni. En jafnvel þó að eitthvert tap yrði á því, þá er jeg þó í engum vafa um það, að beint og óbeint tap ríkissjóðs mundi verða langtum meira af því að missa skipin nú. En nefndin í heild sinni vildi ekki taka svo djúpt í árinni, eins og tillagan ber með sjer.

Frá undirnefndinni, sem jeg gat um, að skipuð hefði verið, kom fram tillaga um að heimila stjórninni að taka ábyrgð á skuldum þeim, sem á skipunum hvíla, að svo miklu leyti, sem hún teldi fært, gegn þeim tryggingum, sem eigendur gætu sett. En nokkrir nefndarmenn töldu það of langt farið og vildu ákveða eitthvert hámark fyrir hvert skip. Var þá fyrst stungið upp á 150 þús. kr., en það hækkað upp í 200 þús. kr., þannig, að stjórninni sje þá heimilað að takast á hendur, fyrir hönd ríkissjóðs, ábyrgð á alt að þeirri upphæð fyrir hvert skip, sem aukatryggingu gagnvart veðhafanum. En vitanlega er stjórninni ætlað að meta það, hvað langt sje fært að ganga, innan þessa takmarks, í hverju tilfelli, eftir því, hvaða aukatryggingar eru í boði og hvernig hag fjelaganna er komið.

Á skipunum hvíla mjög misháar skuldir, þetta frá 11—20 þús. pund sterl., eða frá rúmlega 200 þús. kr. og upp í 450 þús. kr. Nefndin er öll sammála um það, að það sje yfirleitt áhættulaust að takast á hendur ábyrgð á hinum lægri veðskuldum, eða svo miklum hluta þeirra, sem till. greinir. Og um sum fjelögin er svo ástatt, að þau eiga nægar eignir, lánunum til fullkominnar tryggingar, auk skipanna. Kröggur þeirra stafa aðeins af þeim erfiðleikum, sem verið hafa í svipinn, að skaði hefir orðið á útgerðinni, og því ekkert handbært fje til í af-

borganirnar. Um hinar hærri skuldirnar er nokkru öðru máli að gegna, þó að nefndin hafi ekki viljað undanskilja neitt skipið. Virðist og vel geta komið til mála, að slíkir samningar geti tekist um hærri skuldirnar, að þeim mætti einnig bjarga við í bráðina án mikillar áhættu fyrir ríkissjóð. Það má til dæmis gera ráð fyrir því, að veðhafi kynni heldur að vilja veita nokkurn greiðslufrest einnig á þessum hærri veðskuldum, og jafnvel gefa eitthvað eftir af þeim, ef ríkissjóður tæki ábyrgð á einhverjum hluta þeirra.

Auðvitað ætlast nefndin til þess, að skipaeigendur setji ríkissjóði allar þær tryggingar, sem þeir hafa ráð á, svo sem persónulegar ábyrgðir og veðtryggingar, auk veðsins í skipunum, alt því til tryggingar, að ríkið bíði ekki tjón af ábyrgð sinni, og auðvitað yrði stjórnin að hafa vakandi auga á rekstri fjelaganna.

Jeg hygg nú, að óþarfi sje að orðlengja frekar um þetta, því öllum háttv. þingdeildarmönnum er það ljóst, hve afdrifaríkt það yrði fyrir landið að missa þessi skip. Og verður þá þingið að bera það traust til stjórnarinnar, að hún fari ekki óvarlegar í þær sakir en forsvaranlegt er. Og að því leyti brestur mig ekki traust á stjórninni, enda treysti jeg henni miklu síður til að fara nógu langt.

Sje jg ekki ástæðu til að segja fleira, en vil um leið og jeg sest niður þakka háttv. frsm. fjvn. (B. J.) fyrir það, hvernig hann tók í þetta mál, án þess þó, að jeg viti hvort hann hefir þar talað fyrir munn allrar fjvn.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): III. brtt. á þskj. 598 frá háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) er nýr liður, um fjárveitingu til Hróarstunguvegar. Mjer þykir ekkert undarlegt, þó að hann hafi borið fram brtt. þessa, og ætla heldur ekki að fara að mæla á móti henni, þó að jeg hinsvegar geti varla greitt atkvæði með henni, vegna fjárhagsörðugleikanna. Mjer skildist á ræðu flm. (B. H.), að hann skoðaði þetta einskonar endurveitingu, af því að ráð er gert fyrir því, að ýmislegt, sem í fjárlögum stendur, verði ekki útborgað í ár. En ef liður þessi verður samþyktur, þá vildi jeg taka það fram, að komið gæti til mála, að fult eins hentugt yrði, ef fje væri til á annað borð og gera þyrfti við veginn einmitt á þessu sumri, að verja þá til þess hærri upphæð í einu af fje því, sem nú er í fjárlögum, heldur en að tvískifta því og hafa sinn vinnuflokkinn hvort sumarið fyrir ekki meira en hjer er um að ræða. Því að allir þessir flutningar eru dýrir. Gæti því komið til mála að láta aðgerðina dragast til 1922, ef það þætti betur fara. Jeg vildi aðeins benda á, að samþykt þessarar brtt. gæti orðið til þess, að svona yrði framkvæmdum verksins hagað, og verður að skoða þetta sem endurveiting þess, sem nú er í fjárlögunum.

Þá er það seinni brtt. á þskj. 610, sem háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir nú gert nokkra grein fyrir. Stjórnin hefir haft þetta mál til lauslegrar yfirvegunar og fengið upplýsingar í gegn um peningamálanefnd, og mjer er óhætt að segja, þó að hjer sje um afarmikið vandamál að ræða fyrir stjórnina, þá lítur hún þó svo á, að ekki sje forsvaranlegt af þinginu að gefa ekki stjórninni heimild til þess að gera *tilraunir* til þess að greiða fram úr máli þessu, og þá helst með því að fá greiðslufrest.

Ætla jeg þá að taka það fram, hvernig jeg skil tillöguna í höfuðdráttunum; sem sje það, að taka ábyrgð á skuldunum, alt upp að 200 þúsund kr. fyrir hvert skip, og þá auðvitað að því tilskildu, að skipin sjeu veðhæf og stæðu fyrst og fremst í veði fyrir þeim 200 þús. kr., hvert þeirra um sig.

En mjer skildist, að hv. 1. þm. Reykv.

(Jak. M.) kæmist svo að orði: „auk þess, sem á hverju skipi hvílir", en þetta hefir víst verið misheyrn hjá mjer, því að sje þetta meiningin, þá finst mjer, að hún sje svo fráleit, að hún geti alls ekki komið til mála.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer skilst, að það sje nauðsynlegt að vera stuttorður, svo jeg ætla að láta mjer nægja að drepa á þær einar brtt., sem mjer finnast að einhverju leyti varhugaverðar.

Vil jeg þá fyrst nefna þessar 5000 kr. til væntanlegs berklavarnarfjelags. Það var felt í Ed., og þegar á það er litið, að þar eiga sæti 4 læknar, sem búast mátti við, að farið hafi nærri um nauðsyn þessa máls, þá skýtur dálítið skökku við að taka upp aftur fjárveitingu þessa.

Þá er það dýrtíðaruppbótin til yfirsetukvenna. Lögin um laun yfirsetukvenna eru svo ung, aðeins frá 1919, að undarlegt virðist að fara að hækka uppbótina þegar dýrtíðin er að minka. Og hefði sanngirni átt að gæta, þá var meiri ástæða til að veita uppbót þessa fyrir 1921 heldur en 1922. Annars nemur upphæð þessi svo litlu á hverja yfirsetukonu, að jeg get ekki trúað, að ljettara gangi að fá þær til þess að gegna starfinu, því að þetta nemur þó aldrei meiru en 10—20 kr. á ári á hverja, en munar ríkissjóðinn töluvert í heild.

Jeg hefi ekkert að athuga við það, þó að 4% komi fyrir 6% í aths. við húsabætur prestakalla.

Sama er að segja um eftirlaun presta, enda hefir það orðið að samkomulagi milli mín og háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að hann falli frá frv. sínu, og mun jeg þá mæla með fjárstyrk þessum, en þó með því skilyrði, að hann verði þá eingöngu notaður til uppbótar prestum.

Jeg gat um það áðan, þegar nefndin vildi taka aftur till. sína um það, að styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar fjelli niður, að jeg tæki hana þá upp. Frá því hefi jeg þó horfið vegna upplýsinga, sem jeg hefi fengið um starfsemi þessa manns.

Um orðabreytinguna í 9. lið, VI. brtt., er lítið að segja. Þó get jeg ekki sjeð, að betur fari á því, að þar standi: „til listasafns síns" í staðinn fyrir Listasafnsins. Því verður þó ekki neitað, að landið á safnið.

Viðvíkjandi styrknum til Vestmannaeyinga vildi jeg benda á það, að mjer fyndist eðlilegra, að hann yrði lægri 1922 heldur en 1921, því að þótt ekki væri nema með tilliti til kolaverðsins, sem nú er miklu lægra heldur en áður, þá er það í öllu rjettmætt. Annars skal jeg benda á það í þessu sambandi, að mjer finst undarlegt, að „Þór", eða fjelagið, sem að honum stendur, skuli ekki taka björgunarlaun fyrir starf sitt. Vestmannaeyingum ber þó engin skylda til þess að bjarga vjelbátum eða skipum, án þess að vátryggingarfjelögin greiði fyrir það. Það er ekki nema eðlilegt, að vátryggingarfjelögin greiddu björgunarlaun, þegar sannanlegt er, að Þór hefir orðið þeim að liði, og á þann hátt ætti björgunarfjelagið að geta haft álitlegar tekjur, ef „Þór" bjargar eins mörgum skipum og sagt er.

Og sje það satt, að „Þór" hafi í vetur bjargað erlendu skipi, er það undarleg hlífð, að hafa gert það án nokkurs endurgjalds.

Þá er það botnvörpungaábyrgðin, og held jeg sannast að segja, að þetta álit peningamálanefndarinnar hljóti að vera á einhverjum misskilningi bygt.

Hygg jeg, að misskilningur sje milli nefndarmannanna sjálfra um skilning till. Var jeg á fundi og veit hug tillögumannsins; var hans ætlun sú, að ekki mætti ábyrgjast meira en 200 þús. kr. og

þar í innifalin þau 7000 sterlingspund, sem bankinn býður að megi standa áfram.

Vil jeg nú spyrja háttv. frsm. (Jak. M.) hvort hann sje sömu meiningar, því að ef hjer er um misskilning að ræða, þá verður að jafna hann. Sló jeg þann varnagla, að ef stjórninni ætti að þykja till. aðgengileg, þá yrði nefndin að gefa frekari leiðbeiningar um framkvæmdir hennar. En komi skýringarnar ekki, mun stjórnin eigi sjá sjer fært að framkvæma till. Vona jeg að skýringarnar verði sem fylstar og að nefndin standi óskift að þeim, því að öðrum kosti getur stjórnin ekkert á þeim bygt.

Þakka jeg svo háttv. frsm. (Jak. M.) traustið, sem hann vildi sýna stjórninni, einkum sökum þess, að hann treysti henni til þess að fara gætilega í málinu, því að það tel jeg mesta traustið, eins og á stendur.

Jón Baldvinsson: Við 3. umr. fjárlaganna var samþ. hjer í deildinni að heimila stjórninni að ábyrgjast alt að 500,000 kr. lán handa verksmiðjunni Álafossi. Háttv. Ed. færði þessa upphæð niður í 200,000 kr. Hefi jeg nú borið fram brtt., þar sem farið er fram á að fella þessa ábyrgð alveg niður.

Það má vel vera, að þetta sje þarft og gott fyrirtæki, en kröfur þess til ríkissjóðs eru líka nokkuð miklar. Í fyrra var veitt til þess lán úr viðlagasjóði, 100,000 kr., og sýnist það dálítið athugandi, hvort rjett sje að lána svo fje til fyrirtækja einstakra manna. Að vísu er þessi upphæð í 22. gr. fjárlaganna ekki lán, en það sýnist skifta litlu, því að sá, sem ábyrgist fje fyrir annan, má jafnan vera viðbúinn að greiða það. Þykir jafnvel mörgum lakara að ganga í ábyrgð en lána fje, því að þegar fje er lánað, vita menn af hverju tekið er, en sá, sem gengur í ábyrgðina, er andvaralaus oft og einatt, og fellur hún svo ef til vill á hann þegar verst gegnir um fjárhag hans.

Raunar er ætlast til þess, að stjórnin sjái um það, að tryggingar verði nægar, en mikil eign má það vera, sem stendur fyrir 300,000 kr., einkanlega þegar þess er gætt, hve verðlag er reikult nú, og að eignir, sem mjög mikils virði eru í dag, eru jafnvel orðnar mjög lítils virði á morgun. Er því hjer um áhættu við fyrirtæki einstaks manns að ræða, sem ríkissjóður á alls ekki að taka að sjer. Má og jafnframt gæta þess, að hjer er markmiðið fyrst og fremst það, að afla fjár, eins og við flestöll fyrirtæki einstaklinga, og er enganveginn víst, að sá tilgangur samrýmist vel hagsmunum og heill þjóðarinnar. Enn er það athugavert, að stofnendur þessa fyrirtækis reka annan atvinnuveg; mætti svo fara, að þeir yrðu fyrir áfalli þar, og gæti því svo tilverkast, að það bitnaði á þessu fyrirtæki. Svo má og minna á það, að enda þótt ríkisstjórninni sje heimilaður íhlutunarrjettur um stjórn fyrirtækisins, þá er henni samt eigi heimilað að leggja verðlag á framleiðsluvörur verksmiðjunnar, nje hafa afskifti af því, hvernig þær eru unnar. Gæti það þó verið ærið mikilsvert landsmönnum, að stjórn fyrirtækisins rjeði ekki ein um verð og gæði vörunnar, einkum ef svo færi, sem sumir vilja, að bannaður yrði innflutningur á vefnaðarvöru og landsmenn yrðu eingöngu að notast við innlend efni. Gæti því svo farið, að landsmenn yrðu að sæta því verði, sem á er sett, jafnvel þó að ósanngjarnt væri.

En allar þessar ástæður liggja til þess, að jeg tel eigi rjett að hlaupa undir bagga með fyrirtækjum einstakra manna, og þá eigi heldur þessu fyrirtæki. Enda yrðu þeir þá sjálfsagt nokkuð margir, sem til álita gætu komið og þætti fýsilegt að

komast upp á það krambúðarloft að láta ríkissjóðinn ábyrgjast fyrir sig fje til fyrirtækja sinna.

Einar Þorgilsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 598 við 18. gr. fjárlaganna, um hækkun fjárveitingar til sjera Janusar Jónssonar. Jeg er þakklátur háttv. frsm. fjvn. (B. J.) og nefndinni fyrir góðar undirtektir, og vona jeg, að háttv. deild snúist á sömu sveif.

Er sjera Janus mörgum að góðu kunnur og hygg jeg, að flestir háttv. þm. muni þekkja hann að nokkru.

Þjónaði hann prestakalli í 32 ár og fluttist síðan til Hafnarfjarðar, er hann ljet af prestskap. Hefir hann stundað þar kenslu í 10 ár, og mun kenslukaup hans hafa verið um 1100 kr. á ári. Hefir hann nú síðustu 3 árin verið mjög heilsutæpur og verið öðruhvoru við rúmið. Er því auðsætt, að efni hans, sem munu hafa verið fremur lítil er hann ljet af prestskap, hafa allmjög hlotið að ganga til þurðar. Hin upphaflega 500 kr. fjárveiting til hans er styrkur, sem honum hefir verið veittur fyrir kenslustundir sínar. Fer nú till. mín fram á, að styrkurinn hækki upp í 720 kr. Skal jeg svo ekki orðlengja mál mitt meira.

Eiríkur Einarsson: Jeg á hjer brtt. við 16. gr. fjárlaganna, um að veittar verði 1800 kr. sem uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri. Var fjárveiting þessi feld í háttv. Ed. eftir að hafa náð samþ. þessarar háttv. deildar. Hefir einn háttv. fjárveitinganefndarmaður úr Ed. sagt mjer, að ástæðan til þess muni hafa verið sú, að nefndinni var ekki kunnugt tilefni fjárveitingarinnar.

Vissi nefndin eigi um meðmæli vegamálastjórans. Heyrði jeg einnig, að hv. frsm. fjvn. í Ed. (S. H. K.) lýsti því yfir í ræðu sinni, að áður hefði verið veitt lokauppbót til verks þessa, en jafnframt kom það fram við umr. þessa máls í Ed. nú, samkvæmt yfirlýsingu þess háttv. þingmanns, sem var atvinnumálaráðherra 1919 og lagði þá ráðin á um greiðsluna, að hann áliti rjettmætt, að þessum 1800 kr. yrði nú bætt við uppbótina. Er upphæð sú, sem hjer er beiðst, miklu lægri en tapinu við skurðgröftinn nam. En hjer er ekki farið fram á meira en tillögur vegamálastjóra ná til, svo öllu er vel stilt í hóf.

Játa jeg það, að mjer er mál þetta skylt, en jeg flyt það alt fyrir það með einurð, og treysti sanngirni háttv. þm. Frábið jeg mjer, að það gangi fram sem nokkurt miskunnarmál, en hins vænti jeg, að rjettmæti þessarar málaleitunar vinni henni framgang.

Þá ætla jeg að minnast lítillega á síðari till. á þskj. 610, um ábyrgð ríkisins á skuldunum fyrir trollarana. Er nú búið að skýra mál þetta nokkuð, en svo virðist, sem till. sje ekki ljóst orðuð, enda varð hún til í flýti nú á síðustu stundu, svo að kalla, að því er jeg best veit.

Legg jeg þá skýringu í orðin „alt að 200,000 kr. fyrir hvert skip", að ekki megi fara fram úr þessari upphæð á neinu skipinu, og jafnframt, að þetta sje ekki upphæðin, sem að jafnaði má fara upp í fyrir öll skipin að meðaltali, heldur aðeins fyrir hvert einstakt eða einstök þeirra, þegar stjórnin hefir metið allar ástæður og þótt þær tryggar. (*Fjrh.*: Eru 7000 pundin falin hjer í?) Já, jeg hefi talið það. Annars kom það til tals í peningamálanefndinni, að þetta mál væri svo illa undirbúið, að ilt væri að slá nokkru föstu. Er hjer líka litlu slegið föstu, stjórninni aðeins gefin heimild til að fara svo að, sem henni tiltækilegt þykir, en hámark þó sett. Tel jeg sjálfsagt, að ef stjórninni lýst ótrygt að ganga í ábyrgðina fyrir eitthvert eða einhver skipin, þá geri hún það ekki. Játa jeg

það, að ábyrgðarverk er hjer lagt á herðar stjórninni, en hjer var eigi annað úrræði fyrir hendi, en eigi dettur mjer í hug að liggja stjórninni á hálsi, þó að hún fari varlega að. Sýnist mjer dálítið ankannalegt, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir alt að 200,000 kr. fyrir hvern trollara, sem eru 11 talsins, ef svo skyldi falla 200,000 kr. ábyrgðarheimild til eins af þeim fáu iðnaðarfyrirtækjum, er rekin eru hjer í landi og beiðist liðs. Sýnist mjer, að skoða mætti dúkaverksmiðjuna sem 12. trollarann. Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta, enda gert ráð fyrir í peningamálanefndinni, að undirnefndin þar, er hafði trollarana til athugunar, glöggvaði sig ger á málinu.

Þá er hjer var komið, kom fram krafa frá 13 þingdeildarmönnum, þeim
Þorst. J., E. Þ., S. St., H. K., Þór. J., St. St., P. O., J. A. J., P. Þ., J. Þ., B. H., M. K. og Sv. Ó.
um, að umr. um frv. yrði þá þegar lokið, svo hljóðandi:

„Undirritaðir óska, að umr. um fjárlagafrv. verði þegar lokið.“

Áður en krafa þessi yrði borin undir atkvæði deildarinnar, lýsti forseti yfir því, að samkvæmt gamalli þingvenju yrði þeim 3 þingmönnum, sem kvatt höfðu sjer hljóðs áður en krafan kom fram, leyft að taka til máls, þótt krafan yrði samþykt. Fjellu þá 10 þm. af þeim, sem kröfuna fluttu, frá því, að hún yrði borin undir atkvæði, með því að klukkan yrði orðin 6 þá er þessir 3 þm. hefðu lokið máli sínu, en samkvæmt yfirlýsingu forseta yrði umr. slitið þá skilyrðislaust vegna helgi hátíðarinnar (hvítasunnunnar), sem byrjaði þá. Kom krafan því ekki undir atkvæði.

Björn Hallsson: Jeg bjóst ekki við að standa upp, en hæstv. atvrh. (P. J.) gaf mjer tilefni til þess, því að hann mun bæði hafa misskilið orð mín og brtt. Sagði hann, að þetta gæti því aðeins talist endurveiting, að ekki yrði unnið í ár að nýlagningu þarna. Jeg sagði, að ekki mundi verða unnið í sumar. Hefir landsverkfræðingur sagt það, og einnig er formanni fjárveitinganefndar kunnugt um það. Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði líka, að ef eitthvað yrði unnið, þá væri rjettara að vinna meira, sökum þess, að menn mundu senda austur. En þetta er misskilningur. Vegamálastjóri mun ekki senda menn austur, heldur mun hann láta Jón Ísleifsson, sem sjer um vinnuna við Fagradalsbrautina, sjá um þessa aðgerð líka, með þeim mönnum, sem hann hefir þar.

Hæstv. ráðherra (P. J.) sagðist tæplega mundi geta greitt atkvæði með þessum lið, en þó líklega heldur ekki á móti. Þakka jeg honum ekki fyrir það. Væri það beint rangt að greiða atkvæði móti þessu, þegar aðrar endurveitingar eru komnar í fjárlögin.

Sveinn Ólafsson: Jeg mun eigi verða langorður og ætla mjer eigi í neitt reiptog við fjvn. út af fjárveitingatill. hennar, og það því síður, sem háttv. frsm. fyrri hlutans (M. P.) hafði þann gleðiboðskap að færa, að nefndin hefði fært niður útgjöldin um 100,000 kr. Raunar er nú þessi niðurfærsla á kostnaðinum við strandferðirnar, áætlunarupphæðin til Sterlingsferða, færð úr 300 í 200 þúsund kr. aðeins til málamynda, og mun reynast ljett í vasanum, en tilraun er þó gerð til sparnaðar.

En hjer er annað í efni, sem mig hneykslar.

Háttv. fjvn. vill binda byggingastyrk til barnaskóla í sveitum því skilyrði, að

það sjeu heimavistarskólar. Háttv. frsm. (B. J.) segir, að ekki eigi að byggja aðra skóla en heimavistarskóla í sveitum. Jeg játa það, að sumstaðar er svo ástatt, að hentugast er að hafa heimavistarskóla. En á ýmsum stöðum eru heimangönguskólar hentugri, og auðvitað eru þeir hagfeldari og ódýrari, þar sem staðhættir leyfa að nota þá. Jeg álít best, að hjeraðsstjórnir eigi að ráða þessu. Jeg skil ekki tilganginn með því, að svifta þá ákvörðunarrjettinum, sem styrksins eiga að njóta, og neyða þá til að byggja heimavistarskóla, sem eigi hafa þess þörf, eða vera án styrksins.

Við búnaðarfjelögin vill háttv. fjvn. hafa sömu aðferð. Styrkurinn á að vera bundinn því skilyrði, að honum sje varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna. Hjer er ekkert tillit tekið til þess, sem fjelögin sjálf álíta, að bestan árangur geti. Jeg finst óþarfi að taka svona sjálfsákvörðunarrjettinn af þeim, sem styrksins eiga að njóta, og sem í þessu efni eru sjálfsagt miklu dómhæfari en háttv. fjvn. um meðferð styrksins. Jeg sje enga ástæðu til að leyfa búnaðarfjelögunum ekki að ráða yfir styrknum og nota hann eins og þeim þykir rjettast. Jeg býst við, að jeg standi ekki einn uppi með þessa skoðun, að þau eigi þar öllu að ráða og að nefnt skilyrði nefndarinnar sje óeðlilegt.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal nota eina mínútu. Það er ekki vel hægt að skýra afstöðu peningamálanefndar til till. á þskj. 610 í svo fljótu bragði. Það var umtalað, að nefndin skilaði áliti með tillögunni, sem skýrði frá því, sem fyrir nefndinni vakir, og mun hún gera það. Vona jeg að hæstv. fjrh. (M. G.) taki það gilt.

Frsm. fjvn. (Magnús Pjetursson): Jeg vonaði, að jeg þyrfti ekki að standa upp aftur, en hæstv. fjrh. (M. G.) hefir gefið mjer tilefni til þess, svo að jeg verð að gera það. Hann gerði tvær athugasemdir, sem jeg verð að mótmæla.

Honum þótti verra, að fjvn. skyldi hafa tekið nokkuð upp aftur af styrknum til berklavarnafjelagsins. Það þarf enginn að furða sig á því, þó að nefndin fari hjer miðlunarleið, þar sem hún hefir áður fært rök að nauðsyn þessa styrks, og háttv. deild hefir sjálf samþykt áður 10 þús. kr. Nefndin fer nú aðeins fram á 5 þús. kr. Sú upphæð er þó alls ekki nóg, eins og háttv. Ed. hefir viðurkent, en hún ætlaðist til, að næsta þing bætti úr. En jeg sje ekki að það sje neitt mætara.

Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að launum yfirsetukvenna var skipað á þingi 1919, en á meðal Ed.þm. kom frv. um að breyta þeim lögum, en það frv. var aldrei borið fram, heldur varð það að samkomulagi að snúa því svona. Nú er þessi dýrtíðaruppbót þeirra tekin hjer upp í fjárlögin af fjvn., til þess að háttv. Ed. þurfi ekki að setja hana inn, og koma þannig lögunum í sameinað þing.

Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um, að þessi 10 þús. yrðu svo lítil upphæð á hverja yfirsetukonu, að hana munaði ekkert um hana. Það er satt, að upphæðin er lítil, en launin eru líka mjög lág. Hluti landssjóðs af þeim eru 30 þús. kr. Þeir, sem hafa reiknað það nákvæmlega út, búast við, að hann verði ekki meiri en 24 þús. Ef við miðum við að það sje rjett, sem frv. áætlar, þá verður viðbótin ⅓, og er það þó altaf nokkuð.

Þrátt fyrir það, þótt það sje rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að fjárveitingar til ljósmæðra sjeu meiri í fjáraukal. nú en næsta ár, þá verður það ekki til þess að fá ljósmæður í þau hjeruð, sem þær vantar í. En einmitt hitt, að þær eru í fjárlögunum til næsta árs, mun geta hjálpað til þess.

Jeg vil að endingu minnast á eitt atr-

iði, sem eiginlega heyrir undir háttv. frsm. síðari hl. (B. J.), og vona jeg, að hann taki það ekki illa upp fyrir mjer. Það er ákvæðið um að binda styrkinn til barnaskóla í sveitum því skilyrði, að það sjeu heimavistarskólar. Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafa fett mikið fingur út í þetta ákvæði. Þessum heimangönguskólum hefir verið komið upp víða í sveitum til lítils eða einskis gagns. (*H. K.*: Ósatt). Það er alls ekki ósatt. Jeg veit vel hvað jeg segi. Sveitarfjelögin hefir vantað fundarhús og unga fólkið ballsal, og húsin eru notuð til þess. Jeg vil ekki styðja að því, að landssjóður leggi fje fram til slíks. Ef heimavistir eru með, þá eru húsin ekki notuð þannig. Það kann að vera á 2—3 stöðum verjandi að hafa heimangönguskóla, en varla fleirum. Og þá kæmi vitanlega til mála að styrkja þá. ef sönnuð væru skilyrði fyrir því, að þau kæmu að notum.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vildi líka fella niður athugasemdina við búnaðarfjelagastyrkinn. Jeg þekki nokuð til þessarar útbýtingar, því að jeg hefi sjálfur orðið hennar aðnjótandi og veit, að það er ekki minsta gagn að því að jafna nokkrum aurum á dagsverk, eins og gert hefir verið.

Jakob Möller: Eins og háttv. frsm. fjvn. (M. P.) verð jeg að skella skuldinni á hæstv. fjrh. (M. G.) fyrir það, að jeg hefi orðið að standa nú upp aftur.

Það var umtalað í peningamálanefndinni að gera skýra grein til stjórnarinnar fyrir meiningu till. II. á þskj. 610, og skil jeg því ekki, hvers vegna hæstv. fjrh. (M. G.) hefir fundist hann þurfa að fá frekari skýringu á henni nú en jeg gaf í framsöguræðu minni. Ef um mismunandi skilning á till. gæti verið að ræða, þá mundi það væntanlega koma fram í þeirri skriflegu greinargerð, sem stjórninni hafði verið lofað.

Jeg verð nú raunar að halda því fram, að till. sje svo skýr, eins og hún er orðuð á þskj. 610, að þar geti enginn misskilningur komist að, og hefði væntanlega engum hv. þdm. komið til hugar að leggja þann skilning í hana, sem hæstv. fjrh. (M. G.) vill nú láta í hana leggja, ef hann hefði ekki vakið máls þar á.

Hæstv. fjrh. (M. G.) heldur því fram, að þessi skilningur á till. hafi komið fram í nefndinni hjá sjálfum höf. till. Þessu mótmæli jeg algerlega. Og jeg get bætt því við, að eftir að hafa átt tal um þetta við hæstv. ráðherra nú rjett fyrir fund, þá töluðum við háttv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar báðir saman við tillögumanninn, og var hann þá mjer alveg sammála, og er mjer alveg óskiljanlegt, hvernig hæstv. ráðherra hefir getað ruglað þessu fyrir honum, þegar þeir áttu tal saman.

Hæstv. fjrh. (M. G.) gat þess, að sú orðsending lægi fyrir frá veðhafanum, að hann væri fús til þess að láta 7000 sterl. pd. hvíla á hverju skipi án annarar tryggingar en veðsins í skipinu. Og nú vill hæstv. fjrh. (M. G.) láta leggja þann skilning í till., að þessi 7000 pd., sem engrar ábyrgðar er krafist fyrir, eigi að vera innifalin í 200 þús., sem hjer er um að ræða að heimila stjórninni að ábyrgjast. Þetta er svo bersýnileg fjarstæða, að um það ætti að vera óþarft að deila. Ef svo væri, þá kæmi auðvitað aldrei til þess, að stjórnin, fyrir hönd ríkissjóðs, tækist á hendur ábyrgð fyrir 200 þús. kr. fyrir hvert skip, heldur í mesta lagi fyrir 200 þús. ÷ 150 þús. (þ. e. ÷ 7000 pd. sterl.). Það var þá með öllu þýðingarlaust að setja þetta hámark, 200 þús., ef ábyrgðin átti aðeins að vera fyrir 50 þús. kr. Jeg held því líka fram, að orðalag till. heimili alls ekki þennan skilning. Í henni hlýtur

að vera átt við það, að þessi ábyrgð, sem þar er ráðgert fyrir alt að 200 þús. kr., eigi að vera veðhafanum aukatrygging, auk veðsins, sem hann hefir í skipunum.

Fyrsta till., sem fram kom, fór í þá átt, að heimila stjórninni að ábyrgjast allar skuldirnar. Það þótti höfundi tillögu þeirrar, sem hjer liggur fyrir, of víðtæk heimild, og fyrir honum vakti þá ekkert annað en að útiloka það, að í till. gæti legið heimild til að taka fulla ábyrgð einnig á hæstu veðskuldunum til síðasta eyris.

Hæstv. atvrh. (P. J.) segir, að sjer hafi skilist, að jeg hafi komist þannig að orði, að ábyrgð ríkissjóðs ætti að vera auk þess, sem á hverju skipi hvílir. Slíkt hefir mjer auðvitað aldrei komið til hugar að segja, því að fyrst og fremst er mjer ekki kunnugt um, að hjer sje um neinar aðrar skuldir að ræða en þær, sem hvíla á skipunum. Hitt liggur í hlutarins eðli, að ef til þess kæmi, að til ábyrgðar ríkissjóðs þyrfti að taka, þá ætti ríkissjóður að hafa rjett til að „ganga inn í" veðrjett bankans.

Hæstv. stjórn er það í sjálfsvald sett, hvernig hún notar þessa heimild. Hún á að meta það, samkvæmt beinum fyrirmælum till., á hve hárri upphæð ríkissjóði sje fært að taka ábyrgð fyrir hvert skip. Mjer er því óskiljanlegt, hvers vegna stjórnin endilega vill láta binda hendur sínar svo, að hún megi ekki, hvaða tryggingar sem eru í boði og hverju sem fram vindur, ábyrgjast hærri upphæð fyrir nokkurt skip en um 50 þús. kr. Nema þá að það vaki beinlínis fyrir hæstv. fjármálaráðherra að gera þessa heimild að hreinni markleysu, og væri þá miklu sæmra að leggjast algerlega á móti tillögunni. En heimildin er gersamlega þýðingarlaus, ef sá skilningur er í hana lagður, sem hæstv. fjrh. (M. G.) heldur fram. Sú hjálp, sem þá væri um að ræða, kæmi skipaeigendum að engum notum, nema þá ef til vill aðeins einum, sem í raun og veru þarf þessarar hjálpar ekki með, nema þá aðeins „pro forma".

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil aðeins halda fast við það, að ágreiningur er í háttv. nefnd um þetta atriði, og hafa þeir báðir, háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) og háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) tjáð sig hafa þann skilning, sem jeg hefi lagt í till. Æsingin í háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) er hlægileg. Það er sannarlega ekki undarlegt, þótt jeg bendi á hinn mismunandi skilning, sem nefndin sjálf leggur í sína eigin till., og vilji fá hið sanna fram. Þessi aðferð háttv. þm. er góður mælikvarði á sanngirni(!!) hans, en það má hann vita, að hann fær engu um þokað með því að reyna að traðka sannleikanum og neita staðreyndum. Jeg endurtek áskorun mína til nefndarinnar um skýring á till., og komi hún ekki, er það af því að þessi þm. hefir gefið ranga skýrslu.

Jón Baldvinsson: Þegar jeg talaði áðan um brtt. á þskj. 598, um að fella niður 22. gr. fjárlaganna, heimildina fyrir landsstjórnina um að ábyrgjast alt að 200 þús. kr. fyrir Álafoss, þá gleymdi jeg að minnast á till., sem er á þskj. 610 frá samvinnunefnd peningamálanefndar. En hún er um ábyrgð landsstjórnarinnar á skuldum íslenskra botnvörpuskipa í Englandi, alt að 200 þús. krónur fyrir hvert skip. Sú tillaga getur ef til vill talist nokkuð hliðstæð hinni tillögunni. Það má vel vera, að hjer sje þörf á, að hlaupið sje undir bagga með eigendum skipanna, til þess að skipin missist ekki út úr landinu; en það er fyrst og fremst hlutverk bankanna. Og þar sem telja má víst, að landsstjórnin þurfi að taka lán erlendis, enda frv. komið fram um heimild til þessa, og það enn fremur víst, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að landið þurfi að taka lán til styrktar bönkunum, þá

sýnist mjer liggja nærri og tel það sjálfsagt, að stjórnin stuðlaði að því, að bankarnir tækju að sjer ábyrgð á skuldum þessara skipa, eða greiddu þær. Bankarnir eru líka kunnugri því en landsstjórnin, hvernig þessu verður við bjargað. Og jeg býst líka við, að á þennan hátt geti hjálpin komið eins fljótt eða fljótar en þótt stjórninni sje heimilað þetta í fjárlögum næsta árs.

Frsm. fjvn. (Bjarni Jónsson): Jeg skal vera stuttorður, og mundi hafa verið það engu að síður, þótt eigi hefði verið gerð tilraun til að hefta málfrelsi mitt. Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að svo háttaði víða til sveita, að hafa mætti heimangönguskóla. Ef svo hagar til einhversstaðar, þá falla slík hjeruð undir sjávarþorp, með þeim breytingum að taka „sjávar" framan af, því að auðvitað er hægt að hugsa sjer þorp til sveita. En annars skil jeg ekki í því, að nokkur maður skuli þekkja svo illa sitt eigið land, að hann haldi því fram, að alment hagi svo til hjer. Og jeg hygg, að þeir, sem ekki vilja valda barnadauða hjer á landi, muni hallast að mínu máli í þessu efni.

Þá skal jeg geta þess, að fjvn. vill ekki svifta búnaðarfjelögin sjálfræði, þótt þeim sje styrkur veittur með skilyrði. Alþingi er sjálfrátt, hvort það veitir styrkinn með skilyrðinu eður ekki.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) vildi fella niður ábyrgðina fyrir Álafoss, vegna þess, að stjórninni sje engin heimild veitt til þess að setja verð á vörurnar, sem verksmiðjan framleiðir. Ríkið á eftir þessu að vera eins og okurkarlarnir, sem taka 8—12% fyrir að skrifa upp á víxla. Það á að koma í staðinn fyrir ábyrgðina, að stjórnin setji niður verð vörunnar, svo almenningur geti fengið ódýr föt. Sami háttv. þm. (J. B.) taldi það heppilegast, að bankarnir ábyrgðust skipin. En það er óvíst, að þeir, sem kröfur hafa á skipin, vilji bíða eftir því. Hygg jeg, að mundi vera búið að selja þau 4—5 sinnum áður en sú hjálp kæmi. Það er auðvitað heppilegra, að stjórnin ábyrgist.

Nú skal jeg láta máli mínu lokið. Hygg jeg, að ekki hafi farið lengri tími í mál mitt en í þvargið áðan um að slíta umræðum.

Forseti (B. Sv.): Þá er umræðum um mál þetta lokið. Vil jeg nú spyrja hæstv. stjórn, hvort henni þyki kristnispjöll í vera, að gengið sje til atkvæða, þótt klukkan sje orðin meira en 6. (*Fjrh.*: Nei).

ATKVGR.

Brtt. 598,I.1. (til tóbakseinkasölu) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 598,I.2. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 598,II.1. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 598,II.2. samþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.
nei: B. H., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., Þór. J.
Einn þm. (Þorl. G.) fjarstaddur.

Brtt. 598,II.3. samþ. með 13 : 11 atkv.
— 598,III (við 13. gr. B III.6.) samþ. með 13 : 1 atkv.
— 598,IV.1. samþ. með 15 : 8 atkv.
— 598,IV.2. samþ. með 16 : 4 atkv.
— 598,IV.3. samþ. með 15 : 5 atkv.
— 598,IV.4. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 598,IV.5. feld með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. J., Gunn. S., Jak. M., J. Þ., M. J., M. P., B. Sv.
nei: P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E.

E., H. K., J. A. J., J. B., J. S., M. G., M. K.
Einn þm. (Þorl. G.) fjarstaddur.

Brtt. 598,V. tekin aftur af flm., en tekin upp aftur af þm. Dala. (B. J.) og feld með 15 : 3 atkv.
— 612 of seint komin fram. Afbrigði leyfð með 18 shlj. atkv. Brtt. feld með 14 :10 atkv.,að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., Jak. M., J. B., J. S., M. P., P. O., P. Þ., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.
nei: Þór. J., B. H., E. Þ., Gunn. S., H. K., J. A. J., J. Þ., M. G., M. J., M. K., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó.
E. E. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (Þorl. G.) fjarstaddur.

Brtt. 598,VI.1. samþ. með 16 : 3 atkv.
— 598,VI.2. samþ. án atkvgr.
— 598,VI.3. samþ. með 15 : 11 atkv.
— 598,VI.4. samþ. með 13 : 12 atkv.
— 598,VI.5. samþ. með 16 : 3 atkv.
— 598,VI.6. samþ. án atkvgr.
— 598,VI.7. tekin aftur, en tekin upp aftur af þm. N.-Ísf. (S. St.) og feld með 16 : 8 atkv.
— 598,VI.8. samþ. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., J. A. J., J. B., J. S., M. G., M. J., M. P., P. J., P. O., P. Þ.
nei: Sv. Ó., B. J., Jak. M., J. Þ., M. K., B. Sv.
Einn þm. (Þorl. G.) fjarstaddur.

Brtt. 598,VI.9. samþ. með 15 : 3 atkv.
— 598,VI.10. samþ. með 16 : 4 atkv.
— 598,VI.11. samþ. með 14 : 6 atkv.
— 598,VI.12. samþ. með 13 : 10 atkv.
— 598,VII. samþ. með 15 : 6 atkv.
Brtt. 598,VIII. samþ. með 17 shlj. atkv. Brtt. 610 of seint fram komin. Afbrigði leyfð með 23 shlj. atkv.
— 610,I. samþ. með 15 : 8 atkv.
— 598,IX. samþ. án atkvgr.
— 598,X. feld með 14 : 6 atkv.
— 610,II. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P., P. J., P. Þ., B. Sv.
nei: Þór. J., B. H., H. K., J. B., J. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J.
Einn þm. (Þorl. G.) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 619).

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 619, n. 637).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg vona, að háttv. deildarmenn hafi orðið varir við nál. á þskj. 637 frá fjvn.

Eins og þar er tekið fram, varð það að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir, jafnvel þótt vjer sjeum í ýmsum atriðum óánægðir með þann búning, sem það hefir fengið í Nd. En þar sem þessar breytingar hafa eigi neina fjárhagslega þýðingu fyrir fjárhag landsins í heild sinni, þá þykist jeg mega færa þau skilaboð frá fjvn. þessarar deildar, að hún sje ásátt um að láta við svo búið standa.

Eitt mál, sem lítið hefir verið um rætt, könnumst vjer þó við, að þurfi frekari at-

hugunar við, og það er síðasta aths. við 22. gr., sem inn kom í háttv. Nd. Nefndinni hjer þótti ástæða til þess að gefa á þessu skýringu, og þess vegna er nál. gefið út, svo sem til leiðbeiningar fyrir ríkisstjórnina.

Um þessi togaralán er það að segja, að eins og nú er komið, má segja, að það sje málefni alls landsins. Nú liggja togaraeigendurnir með full hús fiskjar, og er að sjálfsögðu ekki hægt að gera fiskinn að verslunarvöru fyr en einhverntíma í sumar, en hinsvegar eru fallnar á þá bankaskuldir erlendis, af því þá vantar gjaldeyri í útlöndum. Hefði nú verið svo ástatt, að unt hefði verið að færa gjaldeyri til útlanda, þá hefði engin fyrirstaða verið á að fá lán út á fiskinn í bönkunum hjer, og fá það fje yfirflutt, sem þarf til að borga afborganir af skipalánunum. Hjer ræðir því ekki lengur um fjeleysi útgerðarfjelaganna, heldur getuleysi lánstofnana landsins til þess að yfirfæra peninga. Vil jeg biðja háttv. deild að athuga þetta.

Að öðru leyti þótti rjett að taka fram, að lánsheimildin mætti eigi fara fram úr 200 þús. kr., og aðeins ná til fyrstu 200 þús. kr. veðskuldar á hverju skipi. Ríkissjóður á að veita ábyrgð sína gegn fullri tryggingu, en þær tryggingar til ríkissjóðs getum við hugsað okkur á margan hátt.

Ein af þeim tryggingum gæti verið aukið hlutafje fjelaganna sjálfra, og væri æskilegt, að sem mest fengist af því. Líka gæti bankatrygging orðið að liði o. s. frv. Og ennfremur getur stjórnin bannað fjelögunum að greiða hluthöfum arð, að nokkru eða öllu leyti, þangað til þau eru búin að rjetta við að fullu. Yfirleitt verðum við að treysta ríkisstjórninni að setja nánari reglur um, hvernig ábyrgð þessari verður varið, því að slíkt getur verið svo breytilegt, að eigi er unt að setja frekari reglur um það hjer í þinginu. Vonum við, að þannig sje frá þessu gengið, að eigi sje hætta fyrir ríkissjóð að hlaupa hjer undir bagga.

Hinsvegar er ætlast til, að skipaeigendur afborgi lán þetta svo fljótt, sem kringumstæður leyfa. Um það hefir verið deilt, hvort 7000 sterlingspunda skuld mætti hvíla á skipum þessum, auk þessa 200 þús. kr. láns, sem ætlast er til, að ríkissjóður ábyrgist. Já, náttúrlega er til þess ætlast, eða einhvers í þá átt. Uppástungan um þessi 7000 pund sterling mun vera frá bankanum sjálfum, því að þegar búið væri að borga niður að þeirri fjárhæð, ættu skipin ein að vera fulltryggilegt veð, og þá er líka ábyrgð ríkissjóðs úr sögunni. Því ættu þá ekki þessi 7000 pund sterling að mega hvíla á þeim okkar vegna?

Annars getum við ekki sagt meira um þetta, því að brjef frá bankanum til umboðsmanns hans hjer, þessu viðvíkjandi, hefir eigi komist hingað ennþá. En jeg vona, að af því, sem jeg hefi um þetta sagt, geti ekki orkað tvímælis um hvernig ætlast er til að ábyrgð þessi verði notuð. Fjölyrði jeg svo ekki frekar um fjárlögin, en legg það á vald háttv. deildar, hvort hún lætur frv. fara í sameinað þing eða ekki.

Frsm. fjhn. (Sigurður Eggerz): Fjhn. Nd. hefir gert nokkrar breytingar við tekjuhlið fjárlaganna. Eftirfarandi tekjuliði hefir nefndin hækkað:

Tekju- og eignarskatt ..	um	50 þús. kr.
Vitagjald	—	40 — —
Áfengistoll	—	50 — —
Tóbakstoll	—	100 — —
Vörutoll	—	200 — —
Símatekjur	—	200 — —
Tóbaks-einkasölu	—	150 — —
		Samtals 790 þús. kr.

Aftur hefir nefndin lækkað:

Fasteignaskatt .. .. .. um	60 þús. kr.
Tekjur af skipum (numið burt) .. .. —	350 — —
Samtals	410 þús. kr.

Samkvæmt þessu verður hin raunverulega hækkun 380 þús. kr. og hallinn á fjárlögunum verður nær 2 milj.

Vitanlega verða tekjurnar hinar sömu, hvernig sem áætlunin er úr garði gerð, svo að þess vegna hefir þetta eigi mikla þýðingu. En jeg hygg, að hollast hefði verið að halda sjer við gömlu áætlunina, og þá reglu, sem ávalt hefir verið fylgt, að hafa heldur vaðið fyrir neðan sig með tekjuáætlunina. Með hækkuninni í háttv. Nd. er verið að breiða fíkjublað yfir tekjuhallann.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get nú ekki byrjað á sömu orðum og síðasti ræðumaður, að það hafi legið í loftinu, að fjárlögunum yrði ekki hleypt í sameinað þing, því að ómögulegt var að skilja annað á fundi, sem Ed.þingmenn hjeldu í því skyni að ráðgast um það, hvort fjárlögin skyldu fara í Sþ., en að þeim skyldi hleypt þangað. En hv. fjvn. hefir stungið þessu hjá sjer og gert grein fyrir því á sína vísu, að hún rjeði eigi til að fjárlögin færu í Sþ., eftir að hún er búin að fjargviðrast út af ýmsum hækkunum hv. Nd. Sumt af þessum hækkunum hefir margsinnis fallið hjer í deildinni. Ein af þeim fjárveitingum, sem aftur er tekin upp í háttv. Nd., var feld sem alveg óþörf á þinginu 1919, og ýmsar fleiri fjárveitingar, sem ekki ættu að sjást í fjárlögunum, eru nú teknar upp, en jafnsjálfsagður gjaldaliður eins og styrkur til strandferða lækkaður um 100.000 kr. Það fje þarf auðvitað að greiða jafnt fyrir það, en virðist aðeins felt úr í því skyni að lokatekjuhalli fjárlaganna verði ekki meiri á pappírnum fyrir þessar aðgerðir. En það fer máske vel á því, að Nd. hafi fjárlögin hjá sjer nær allan þingtímann, og vjer hjer segjum svo já og amen við öllum hennar gerðum.

Háttv. fjvn. leggur mikið upp úr þeim tíma, er sparast við að láta ekki fjárlögin fara í Sþ., en þetta næstlengsta þing hefir varið sínum tíma lakar en þótt stund úr 1 degi væri notuð til þess að kippa einhverju af þessu í lag.

Jeg stóð aðallega upp í því skyni að láta óánægju mína í ljós yfir þessu. Og þegar Ed., hefir haft meiri viðhöfn um þetta en áður hefir tíðkast, þar sem lokaður fundur hefir verið haldinn til þess að ræða um málið, þá finst mjer þetta ærið undarlegt.

Svo vil jeg taka undir það með háttv. frsm. fjhn. (S. E.), að mjer finst þessi tekjuáætlunarhækkun Nd. ekkert til bóta. Frágangur hennar á frv. yfirleitt er líkastur því, að hún vilji sópa yfir misfellurnar, til þess að fjárlögin líti betur út.

Fjármálaráðherra (M. G.): Aðeins fáein orð. Jeg er hræddur um, að ábyrgðarheimildin til botnvörpuskipaeigendanna reynist þeim lítil hjálp. Umboðsmaður enska bankans hjer hefir talað við mig, og kvað hann þetta enga hjálp verða. En um ábyrgðarheimildina verð jeg að segja það, að jeg álít, að vilji þingsins sje, eftir undirtektunum að dæma, að hjálpa eigi þessum fjelögum, ef auðið er, *án þess* að leggja ríkissjóð í hættu.

Talað hefir verið um hjer, hve hallinn í fjárlögunum sje mikill, og því er ekki að leyna, að hann er mjög mikill. En því má heldur ekki gleyma, að mikilli upphæð er varið til afborgana eldri skulda, svo að þegar sú upphæð er dregin frá, er hallinn ekki meira en um 1 miljón kr.

Jeg vil taka það fram, að gjöldin hafa verið áætluð á alt annan veg nú en áður, svo að fylsta von er til þess, að þau fari mun minna fram úr áætlun, og mun þetta sannast á sínum tíma. Enn fremur eru ýmsir tekjuliðir talsvert lægra áætlaðir hlutfallslega en áður. Að vísu er erfitt að spá um framtíðina, en jeg geri mjer von um, að ef næsta ár verður meðalár hvað atvinnuvegi snertir, þá rætist sæmilega úr þessu.

Jeg skal geta þess, að jeg sje alls ekki fært að bæta fleiri eða meiri sköttum á þjóðina en þegar hefir verið gert.

Það er tvent, sem jafnan er verið að stritast við í fjárl., og það er: að hafa tekjurnar nógu háar og draga úr gjöldunum. En jeg verð að segja það, að af þessu tvennu er þó ennþá erfiðara að draga úr gjöldunum. Það er eins og svo margir þm. hugsi sem svo: Það munar engu, þótt bætt sje við þessari upphæð, en gá ekki að því, að slíkar fjárhæðir, þótt smáar kunni að vera hver fyrir sig, draga margar samskonar upphæðir á eftir sjer. Enn fremur eru menn ekki nógu varkárir með að setja inn ýmsar byrjunarfjárveitingar, sem svo aukast ár frá ári.

Jeg get ekki tekið undir það með hv. 2. landsk. þm. (S. E.), að Nd. hafi viljað setja fíkjublað yfir tekjuhallann, og tel tekjuáætlunina forsvaranlega. Hitt þykir mjer mikið mein, hversu þingið er ósparsamt. Er það oftast svo, að þeir, sem spara vilja, verða í minni hluta og eru taldir afturhaldsseggir. En það ættu allir að sjá, að voðinn er vís, ef árlega er tekjuhalli í landsreikningunum.

Frsm. fjhn. (Sigurður Eggerz): Jeg get tekið undir það með hæstv. fjrh. (M. G.), að hann sje síður en svo glæsilegur sá mikli tekjuhalli, sem er í fjárlögunum nú. En þó tel jeg það sorglegra, ef hann verður í reyndinni ennþá meiri en fjárlögin bera með sjer nú, eins og jeg fastlega býst við. Áætlanir háttv. Nd. geta varla talist varlegar. Vitanlega lækkaði háttv. Nd. 2 liði, og má eflaust telja báðar þær lækkanir rjettmætar. Önnur lækkunin stafar af því, að frv. um fasteignaskatt var breytt í hv. Nd., eftir að þessi háttv. deild hafði samþykt tekjuáætlunina. Hin lækkunin fer í þá átt að fella niður tekjur af skipum, og má sjálfsagt telja það rjettmætt, eftir þeim horfum, sem nú eru fyrir hendi.

Jeg get ekki gert mjer vonir um, að tekjurnar af tekjuskattinum verði eins miklar og háttv. Nd. og hæstv. fjrh. (M. G.) gera ráð fyrir. Sömuleiðis hefir Nd. hækkað vörutollinn og símatekjurnar, sem jeg tel hvorttveggja mjög efasamt að geti staðist, og vísa jeg til þess, sem jeg hefi áður tekið fram þessu viðvíkjandi. Er því áreiðanlegt, að hjer er aðallega um toppáætlanir að ræða. En áður hefir þeirri góðu reglu verið fylgt að áætla tekjurnar altaf heldur lægra en þær í raun og veru verða. En útgjöldin tel jeg alveg sjálfsagt að áætla sem næst því, sem þau munu verða. En ef breyta ætti um reglu, og áætla tekjurnar eins hátt og hægt væri, og gjöldin sömuleiðis, þá tel jeg það langt frá því að vera til bóta, því að það gæti meðal annars leitt það af sjer, að stjórnin ætti erfiðara með að standa á móti auknum útgjöldum. Jeg held því, að það sje besta búmannsreglan að áætla tekjurnar lágt og útgjöldin sem næst því, sem þau munu í raun og veru verða.

Jeg skal játa það, að það er erfitt að stemma stigu fyrir hinum sífelt auknu útgjöldum hjer á Alþingi. Og jeg sje ekki annað en að taka verði upp alveg nýja stefnu við samningu fjárlaganna, ef koma á í veg fyrir hinn mikla halla, sem árlega er í fjárlögunum. Sú aðferð yrði að vera

á þá leið, að í byrjun þingsins yrðu fjárhagsnefndir, í samráði við stjórnina og fjárveitinganefndir, að ákveða, hve mikill hallinn mætti vera, og út fyrir þau takmörk mætti svo ekki fara, og gæti þá stjórnin neitað að taka við fjárlögunum með meiri halla en þeim tiltekna.

Þar væri aðhaldið.

Sigurður Jónsson: Jeg heyrði ekki vel hvað hæstv. fjrh. (M. G.) sagði um nefndarálitið. En mjer skildist svo, að umboðsmaður enska bankans teldi þetta leyfi ófullnægjandi. Og hann tók eigi heldur fram, svo jeg heyrði, hvaða afstöðu stjórnin hefði til þessa leyfis. En ef hann tekur nú aftur til máls, væri gott, ef hann tæki skýrt fram, hvort stjórnin ætlaði að taka tillit til nefndarálitsins, eins og hægt væri. Ef fjárlögin eiga ekki að fara í Sþ., þá liggur ekki annað fyrir en samþykkja þau, eins og þau nú liggja fyrir, eða taka þau út af dagskrá.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg tók það fram, að mjer skildist meining nefndarinnar vera sú, að ekki ætti að leggja ríkissjóð í neina hættu út af ábyrgðinni fyrir botnvörpungana. Jeg býst því við, að stjórnin muni af fremsta megni reyna að fara eftir þeim takmörkunum, sem settar eru í nál.

Út af því, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði, að fjárlögin væru minnismerki þings og stjórnar, þá vil jeg endurtaka það, að jeg tel þó þingið bera meiri ábyrgð á því, hvernig sá minnisvarði er, heldur en stjórnina, því að eins og stjórnin lagði fjárlagafrv. fyrir þingið, ásamt tekjuaukafrv., þá hefðu fjárl. orðið tekjuhallalaus, ef þau hefðu verið samþykt í líku horfi og stjórnin lagði þau fyrir þingið.

Þá hjelt háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) því fram, að tekjuhallinn yrði áreiðanlega meiri en fjárlögin bera nú með sjer. En jeg verð að telja þetta aðeins spádóm, og jeg minnist þess, að við spáðum eitt sinn báðir um útlitið fyrir árið 1919, og þá reyndist minn spádómur rjettari; en annars legg jeg spámannshæfileika okkar að jöfnu.

Þá vildi háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) halda því fram, að rjett hefði verið að fella burtu tekjur af skipum. En þar er jeg á öðru máli, því að jeg hlýt að búast við, að skipin verði ekki ómagar 1922. Enn fremur taldi hann, að vörutollurinn væri áætlaður of hátt, en jeg skal upplýsa það, að hann er nú áætlaður eins og hann varð árið 1920, og þá voru þó innflutningshöftin, sem mjög drógu úr öllum innflutningi, og svo bætist kola- og salttollurinn þar við, sem áður hefir eigi verið þar með talinn. Jeg vil því halda því fram, að vörutollurinn sje heldur of lágt áætlaður heldur en of hátt.

Þá talaði háttv. þm. (S. E.) um, að áætlanir þær, sem Nd. gerði á tekjuhliðinni, væru alt toppáætlanir. Jeg vil því spyrja: Er það toppáætlun að áætla erfðafjárskattinn 20 þús. kr., og er það toppáætlun að áætla símatekjurnar lægri en þær urðu 1920, þegar tekið er tillit til þess, að þær tekjur hafa altaf farið vaxandi ár frá ári. Annars er áætlun teknanna í raun og veru ekkert aðalatriði. Aðalatriðið er vitanlega að draga úr gjöldunum, og á það ber að leggja alla áherslu, og ef það tekst ekki í framtíðinni, er voði fyrir dyrum.

Frsm. fjhn. (Sigurður Eggerz): Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um, að ekki væri um toppáætlun að ræða, t. d. á erfðafjárskattinum. En jeg tel það toppáætlun, ef heildin er áætluð of hátt, því að í raun og veru munar sáralítið um smáskatta eins og erfðafjárskattinn, þótt hann yrði lítið hærri en áætlunin ráðgerir. Annars get

jeg ekki fallið frá því, að símatekjurnar sjeu áætlaðar of hátt, því að eftir því sem verslunarviðskifti öll verða erfiðari og peningaeklan kreppir meira að, eftir því minkar notkun símans, sbr. og, að símatekjurnar voru 1919 rúmar 800.000 kr. Um vörutollinn má segja hið sama, að hann minkar eftir því sem innflutningurinn verður minni. Og í ár mun hann vera helmingi minni en um sama leyti síðastliðið ár. Og hver býst við öðru en að viðskiftakreppan teygi afleiðingar sínar inn á næsta ár?

Það var rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að hans spádómur reyndist rjettari um niðurstöðu ársins 1919, því að hann var þá bjartsýnni en jeg. En má jeg þá benda hæstv. ráðherra (M. G.) á annan spádóm, spádóm minn um þá örðugleika, sem nú eru að dynja yfir. Má jeg minna hann á, hve mjög jeg barðist gegn síðasta fjárlagahalla og vakti eftirtekt þingsins á framtíðarhorfunum og ógætni þess í fjármálum.

Hvernig fór um þann spádóm? Rættist hann ekki? (*Fjrh.*: Jeg spáði aldrei öðru). Jeg vildi einskis fremur óska, en að í þetta sinn reynist fjrh. (M. G.) sannspárri en jeg. En því miður er jeg hræddur um, að svo verði ekki.

Frsm. fjvn. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg verð að segja það, að mjer kom það undarlega fyrir, að umboðsmaður enska bankans teldi það litla hjálp til að greiða fram úr togaraörðugleikunum, að ábyrgð sú sje veitt, sem hjer ræðir um. En jeg get ekki betur sjeð en bankann ætti að muna jafnvel um minna en 200 þús. kr. ábyrgð ríkissjóðs fyrir hverju skipanna. Er það þá svo, að þá er komið niður að þessum 7000 pundum, sem um hefir verið talað, eða nær því, um mörg skipanna. Hitt veit jeg, að sumum fjelögunum verður líklega fullörðugt að veita þær tryggingar, sem með þarf, til þess að stjórnin sjái sjer fært að ganga í ábyrgðina. En til þess verður að ætlast, að fjelagsmenn í þessum fjelögum leggi nokkuð á sig sjálfir, og sá, sem ekki vill hjálpa sjer sjálfur, á heldur ekki skilið að fá hjálp ríkissjóðs.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 660).

---

32. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt (A. 7).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, gerir ráð fyrir mjög miklum breytingum á tekjuskatts- og eignarskattslöggjöf vorri, og miða þessar breytingar einkum að því þrennu, *að* skattur þessi komi sem rjettlátast niður, *að* skattur sje greiddur af öllum tekjum og eignum og *að* skatturinn verði miklu öflugri liður í skattakerfi voru en hingað til hefir verið.

Meðal allra menningarþjóða er tekjuskatturinn og eignarskatturinn nú einn aðalskatturinn, en hjá oss hefir, að minsta kosti fram að árinu 1918, borið tiltölulega lítið á honum. En þetta má eigi svo til ganga. Vjer verðum í þessu efni að feta í fótspor annara þjóða, enda er það viðurkent af flestum, að þessi skattur sje einhver sanngjarnasti skattur, að öllu samantöldu, sem hægt er að finna. En til þess að skattur þessi verði verulega sanngjarn, verður hann að taka mjög miklum breytingum hjer á landi frá því, sem nú er. Það er engum efa bundið, að eins og nú er, er ekki goldinn skattur af nærri öllum tekjum eða eignum, sem skattskylt er að lögum, og veldur þar um tvent, bæði lítið eftirlit skattanefnda, en einkum það, að engi skylda er til að gefa skýrslu um tekjur sínar. Mjer er það ljóst, að það verður töluvert erfitt að koma framtali til tekjuskatts og innheimtu hans í verulega gott horf, en mjer er það jafnljóst, að vjer megum ekki hopa fyrir þeim erfiðleikum. Jeg veit vel, að fullkominn sigur í þessu efni kemur ekki strax, og jeg veit það, að þetta er mjög undir skattanefndunum komið. En jeg vil mega treysta því, að þær reynist starfi sínu vaxnar, að minsta kosti þegar fram í sækir. Það er og auðsætt, að stjórnarráðið getur gert mikið í þessu efni með skýrum og nákvæmum reglum og hentugum eyðublöðum, samfara nákvæmu eftirliti.

Einn höfuðgallinn á fyrirkomulagi voru hingað til hefir í þessu efni verið, hversu löngu eftir á skatturinn hefir verið innheimtur. Þannig er t. d. sá skattur, sem greiðast á nú í ár, innheimtur af tekjum ársins 1919, og er auðsætt að þetta fyrirkomulag er af ýmsum ástæðum óheppilegt. Frv. gerir því ráð fyrir breytingu á þessu, og verði sú breyting samþykt og frv. öðlist lagagildi frá 1. janúar 1922, fellur árið 1920 undan skatti, og er það að því leyti heppilegt fyrir ríkissjóðinn, að það ár mundi ekki gefa mikinn skatt.

Frv. gerir ráð fyrir tekjuskatti af öllum tekjum, og eignarskatti af öllum eignum, og vona jeg, að hið háa Alþingi geti fallist á þessa stefnu, því að hún er í mínum augum ein af meginstoðum frv. Þetta er mikil breyting frá því, sem nú er, enda standa ýmsar aðrar breytingar, svo sem brottfall lausafjárskattsins, í sambandi við hana.

Jeg þykist vita, að háttv. deildarmenn muni hafa kynt sjer frv., og hirði jeg því eigi að fara nákvæmlega út í það, enda á það ekki við við þessa umræðu, og væntanlega verður tækifæri til að tala meira um frv. síðar.

Í frv. hefir verið lögð mikil vinna, og ef brtt. koma, sem ekki er að efa, verður að gæta þess nákvæmlega, að þær geri ekki rugling eða valdi efa síðar, ef frv. verður að lögum. En þótt jeg telji frv. nokkurnveginn undirbúið, er það þó engan veginn meining mín, að það standi eigi til bóta, og tek jeg auðvitað fegins hendi öllum brtt., sem miða í þá átt. Auk þess er margt í frv., sem er mjög mikið álitamál, t. d. það atriðið, sem í raun og veru dregur mest, sem sje skatthæðin. Get jeg búist við, að ýmsum þyki hún há, og ef til vill eigi gott samræmi í henni, en í þessu sambandi vil jeg mega minna háttv. deild á tekjuþörfina, og einnig á ákvæði 52. gr. frv., um að hækka megi eða lækka skattinn með fjárlagaákvæði 1 ár í senn, og er það ákvæði algert nýmæli í skattalöggjöf vorri.

Jeg hefi áætlað skatt eftir þessu frv. 1 milj. kr. á ári, og vona jeg, að það sje ekki of hátt, en vitaskuld fer slíkt mjög eftir árferði. En þessi áætlun er miðuð við tæplega meðalárferði og tillit tekið til, að nokkur mistök kunni að verða á framkvæmd laganna fyrst í stað. Í góðu árferði og þegar gott lag er komið á fram-

kvæmdina, geri jeg mjer von um miklu meiri tekjuskatt.

Að lokinni þessari umræðu leyfi jeg mjer að óska, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar, og bið jeg hana að ráðgast við mig um stærri breytingar, sem henni kynni að þykja ástæða til að gera, áður en hún fullræður þær.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 432, 468).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg leyfi mjer að vísa til nefndarálits á þingskjali 432 um meðferð og undirbúning þessa máls. Jeg vænti þess, að háttv. deildarmenn hafi fylgst vel með um frv. þetta og borið sig saman um efni þess, því að alllangur tími er síðan það kom fram, og hefir það legið fyrir deildinni alt frá þingbyrjun. Ekkert af skattafrumvörpum þeim, sem legið hafa fyrir þessu þingi, er jafnmargþætt og þetta, ekkert grípur eins inn í hagsmuni almennings og er jafnnærgöngult einstaklingnum. Það er bersýnilegt, að til þess að slík lög og þessi nái tilgangi, verður að gera ráð fyrir allmiklum siðferðilegum þroska gjaldenda og skattanefnda. Það er augljóst, að lögin verða aðeins pappírsgagn, ef þennan þroska vantar. Nefndin hefir fundið til þessa, og það er ekki síst vafinn um það, hvort lögin í þessari mynd næðu tilgangi, sem tafið hefir afgreiðslu málsins.

Það getur einnig verið álitamál mikið, hvernig eigi að haga skattstiganum og ákvæðum þeim, sem lúta að framkvæmd laganna; en þó að reynslan kunni að skera úr á annan veg en ráð er fyrir gert, hefir nefndin þó talið rjettast að samþykkja frv. að mestu óbreytt. Nefndin vill byggja á því, að þeir góðu eiginleikar, sem jeg benti til áður, þegnhollusta og samviskusemi, sjeu til með þjóð vorri og óhætt sje á þá að treysta.

Það hefir verið um það spurt, hve miklar tekjur þessi skattur gæfi, ef frv. yrði samþykt eins og það kemur frá nefndinni. Um það get jeg ekki sagt, og nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að gera glögga áætlun um þetta. Skatthæðin hlýtur að fara eftir framtalinu og því, hvernig gengið verður eftir því af skattanefndum, og ekki síst eftir því, hvernig eignir þær verða metnar, sem nú á að skattleggja og aldrei áður hafa skattskyldar verið. Það er bersýnilegt, að skatturinn verður hærri en ábúðar- og lausafjárskatturinn gamli, en hvort hann nemur ½ miljón kr., 1 milj. eða meira, er ómögulegt að ákveða.

Þessi skattur er — hvernig sem reyndin verður — lagður á eftir ákveðnum óskum, sem fram hafa komið um land alt og æ orðið háværari og háværari. Menn hafa viljað draga úr óbeinu sköttunum, sem eru orðnir illa þokkaðir, og koma á beinum sköttum í þess stað. Frv. er fyrsti ávöxtur þessara óska, ef svo má að orði kveða.

Framkvæmdin veltur mest á árvekni skattanefnda, og er ekki hægt að reikna hana út fyrirfram, en þess verður að vænta, að hún verði sæmileg.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að brtt. á þskj. 432. Það er ekki svo að skilja, að nefndin hafi ekki haft fleiri brtt. með höndum en þar eru fram komnar, en það varð loks að samkomulagi, að bera ekki fleiri fram.

Nefndin leggur til, að í næstsíðustu málsgrein 3. gr. breytist tölustafurinn 5 í 3. Hún taldi rjett að hafa töluna ekki

hærri, því að skattgjaldið minkar þegar skattinum er skift milli fleiri manna. Það hefði mátt hugsa sjer þetta takmark lægra, t. d. 2, en hitt varð þó ofan á.

Næsta brtt. er við 7. gr. Það er undanþága frá almennu reglunni um skattskyldu fjelaga, og fastákveður 6% af gróða, þegar í hlut eiga samvinnufjelög og önnur skyld fjelög, sem starfa til hagsbóta almennings, en ekki í beinu gróðaskyni, fjelög, sem álíta verður rjettast að sjeu skattfrjáls að mestu eða öllu leyti, eins og sveitarsjóðir og líkar stofnanir.

Nefndin ætlast til, að þetta nái einnig til gagnkvæmra ábyrgðarfjelaga, húsbrunatryggingarfjelaga og annara slíkra almenningssjóða.

Þá er brtt. við 9. gr., og lýtur að úrfellingu einnar málsgreinar, sem óþörf er, vegna breytingarinnar við 7. gr.

Þá er 4. brtt. við 11. gr. c. Hún virðist í fljótu bili ekki þýðingarmikil, og lýtur að því að gefa þeim, sem keypt hafa lífsábyrgðir, rjett til að draga iðgjöld sín frá upphæð þeirri, sem skattleggja á. Embættismönnum eru áskilin þessi fríðindi, og er þá sanngjarnt, að aðrir fái að njóta þeirra líka. Þeir, sem líftryggja sig, gera það venjulega ekki sjer til hagsbóta, heldur niðjunum og öðrum, sem eftir lifa, og verður að líta á slík iðgjöld eins og öryggisgreiðslu í opinberar þarfir, sem kemur þjóðfjelaginu beint eða óbeinlínis að liði.

Þá er 5. brtt. við 13. gr., og geri jeg ráð fyrir, að á hana verði litið misjöfnum augum. Háttv. deildarmönnum eða hæstv. stjórn þykir ef til vill of djúpt tekið í árinni með henni og höggið of stórt skarð í tekjustofninn. Jeg þarf varla að skýra brtt., hún er augljós og skýrir sig sjálf. 200 kr. eru of lágt meðlag með barni, einkum á skólaaldri, og virðist einsætt, að draga verði 300 kr. frá fyrir hvert barn í fóstri.

6. brtt. við 18. gr. lýtur að því að fella undan skattframtali fatnað, og lítur nefndin svo á, að gengið sje of nærri skattþegnum, ef klæðnaður þeirra er skattskyldur gerður. Hjer hefði átt við að fella fleira undan að mínum dómi, en samkomulag náðist ekki um það í nefndinni. Jeg álít jafnvel rjett að fella undan skattframtali minniháttar bókasöfn, sem nauðsynleg eru á hverju heimili, enda mun reyndin verða sú, að þau hækka lítið skattgjaldið.

7. brtt. við 31. gr. er aðeins til málfegrunar, „að viðlögðum drengskap“ kemur í í stað „æru og samvisku“.

8. brtt. við 38. gr. er heldur ekki efnisbreyting.

9. brtt. við 53. gr. má skoða eins og efnisbreytingu. Svo er ákveðið í greininni, að húsbónda skuli skylt að greiða skatt fyrir þá, sem teljast þar til heimilis. Þetta ákvæði getur verið varhugavert. Mönnum er gert að skyldu að greiða skatt fyrir þá, sem erfitt getur verið eða ómögulegt að heimta hann af aftur, og kemur þá greiðslan ómaklega niður á húsráðanda. Lausamenn, húsmenn og allskonar lausingjar dvelja lengri eða styttri tíma á heimilunum og hvarfla til og frá. Ráð þessara lausamanna er yfirleitt mjög á reiki og þeir eigi mjög staðbundnir. — Nefndinni hefir því ekki þótt rjett að leggja þessa skyldu á húsbóndann alment, heldur vill hún, að hver gjaldi þar, sem hann er til heimilis á gjalddaga. Þetta er samkvæmt þeirri reglu, sem gilt hefir undanfarið og virðist hafa reynst vel.

Jeg vil svo ekki fjölyrða þetta frekar að sinni. Mjer gefst ef til vill tækifæri til að taka aftur til máls, og svara þá því, sem andmælt verður.

Þorleifur Jónsson: Jeg efast ekki um, að háttv. nefnd hefir athugað þetta mál allrækilega. En þótt jeg hafi ekki borið fram brtt. að þessu sinni, vildi jeg þó gera ýmsar smáathugasemdir um frv. Jeg

skal játa það, að mjer virðast brtt. nefndarinnar yfirleitt til bóta, en þó vildi jeg gera athugasemd við eitt atriði.

Í 11. gr. a. er sagt, að draga megi þann kostnað, sem gengur til að afla teknanna. Í seinni lið sömu greinar má þó ekki telja til rekstrarkostnaðar kaup handa skylduliði atvinnurekandans, nema það telji fram tekjur sínar sjerstaklega. Við þetta hefi jeg það að athuga, að skylduliðið vinni fyrir búinu, og því á þá ekki að draga kaup þess frá eins og annara verkamanna. Það er altítt, að börn vinni við bú foreldra sinna, og því má þá eigi draga kaup þeirra frá, eins og vandalausra, og telja það til rekstrarkostnaðar. Þetta á bæði við um land- og útvegsbændur. Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vilji ekki breyta þessu í þá átt, sem jeg hefi bent á. Það kemur varla til mála, að skylduliðið telji fram sjerstaklega, því að kaup þess er yfirleitt svo lágt.

Þá vil jeg vekja athygli nefndarinnar á því, að þó að hún hafi felt úr fatnað í 18. gr., þá er það svo lítilvægt, að fleira verður að koma á eftir. Jeg tel sjálfsagt að fella einnig undan bókasöfn. Það er í sjálfu sjer hart að vera að skattleggja smá bókasöfn, sem einstakir menn eiga. Þessar mentalindir heimilanna á ekki að elta með álögum. Það ber enn oft við, að menn verja stórfje til bókakaupa, og gefa síðan safnið einhverri opinberri stofnun að sjer látnum. Það virðist því hart að skattleggja slíkt, auk þess sem bókasafn verður að teljast bráðnauðsynlegt á hverju heimili. Það er vafasamt, hvort skattleggja á innanstokksmuni yfir höfuð. Því verður ekki neitað, að þeir verða að teljast nauðsynlegir, og einnig er erfitt að koma mati á þá. Jeg vil því leggja til, og beina því til nefndarinnar til yfirvegunar, hvort ekki sje rjett að undanskilja bókasöfn og innanstokksmuni skattgjaldi.

Einnig tel jeg breytingu 13. gr. til bóta, og mjög sanngjarnt að hafa þann frádrátt, sem brtt. fer fram á. En þó finst mjer þetta sanngjarna ákvæði ekki ná nógu langt. Jeg hefði kunnað betur við, að það hefði einnig náð til þeirra persóna, sem búa saman, þótt ógift sjeu, veita heimili forstöðu og ala ef til vill upp fjölda mannvænlegra barna. Virðist mjer sem rjettur þeirra ætti að vera hinn sami.

Að öðru leyti hefi jeg ekki neitt sjerstakt að athuga við frv. eða brtt. nefndarinnar, en jeg vildi leyfa mjer, lítilsháttar þó, að vekja athygli á framkvæmdum þessara laga í framtíðinni.

Það er vandasamt starf, sem skattanefndirnar koma til með að hafa með höndum, þegar frv. þetta er orðið að lögum, að minsta kosti fyrstu árin.

Hjer á landi er mörgum skattgreiðanda erfitt að gefa upp tekjur sínar og útgjöld, og á það ekki síst heima við bændur, því að eins og kunnugt er, er það aðeins undantekning, að þeir færi búreikninga.

Þessum mönnum þyrftu skattanefndirnar að koma að liði og hjálpa til að glöggva sig á rekstri búsins.

Vitanlega má varla búast við, að góður rekspölur komist á þetta þegar í stað, en sjálfsagt getur stjórnin ljett mikið undir með skattanefndunum, með því að gefa út nákvæma reglugerð um alt, er að þessu ábyrgðarmikla starfi lýtur.

Eins og jeg hefi tekið fram, hlýtur starf skattanefndanna að verða geysimikið, og því afarnauðsynlegt, að búið sje vel í höndur þeirra.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get þakkað háttv. fjhn. fyrir meðferðina á frv. þessu, enda þó að það lægi nokkuð lengi hjá henni, en hún hefir haft mikið að gera og mörgu öðru að sinna, svo að það verður að vera til afsökunar á því, hversu seint frv. kemur frá henni.

Háttv. frsm. (Sv. Ó.) sagði, að frv.

þetta væri nærgöngult, og í því mörg ný ákvæði, sem menn kynnu kannske ekki við í upphafi. Jeg játa að vísu, að svo sje í ýmsum ákvæðum, en jeg neita því, að hjer sje gengið lengra eða nær mönnum heldur en tíðkast hefir um skeið í öðrum löndum. Að hver og einn segi sjálfur til og telji fram tekjur sínar, er siður, sem viðgengst alstaðar, og sýnist líka vera það eina rjetta. Það má vera, að önnur ákvæði þyki líka ganga of nærri, t. d. hvað skatturinn er hár, en þó er ekki ætlast til að greiða skatt af öðru en hreinum tekjum, þ. e. af ágóða, og er það mikill munur, hvort greiða á skatt, hvort sem halli er á atvinnurekstrinum eða ekki.

Háttv. frsm. (Sv. Ó.) sagði, að erfitt væri að segja um nú, hvað skattafrv. þetta myndi gefa ríkissjóði í tekjur, og er það satt, en þó held jeg ekki fjarri sanni að áætla þær alt að 1 milj. kr. í hverju meðalári. Í góðu ári ætti þá að vera von um talsvert meiri tekjur; en í vondum árum geta þær að sjálfsögðu farið talsvert niður úr þessari ágiskun.

Um brtt. nefndarinnar hefi jeg lítið að segja. Jeg get fallist á þrjár fyrstu brtt. Með tilliti til skattsins af samvinnufjelögunum vil jeg geta þess, að eftir að frv. var samið og lagt fyrir Alþingi, hafa hjer verið samþykt lög, sem stefna að því að gera samvinnufjelagssjóðina að nokkurskonar almannaeign, og er þá öðru máli að gegna um skatt af þeim.

Í 4. brtt. er aðeins um orðamun að ræða, en enga efnisbreytingu, og finn jeg enga ástæðu til að fjölyrða um hana.

Þá kemur 5. brtt., og þar er um efnisbreytingu að ræða, sem stefnir að því að rýra tekjur ríkissjóðs til muna. Sá frádráttur kemur almenningi til góða, með því að taka part af skattskyldum tekjum allra, og við það tapast mikið fje frá því, sem frv. gerði ráð fyrir. Sjerstaklega nær þetta þó til þeirra, sem kallast mega vel stæðir og hærri tekjur hafa, en snertir einnig þá, sem minna hafa umleikis. En [illegible] virðist ástæðulaust og ekki rjett að telja frá tvöfalda upphæð hjá hjónum, því að ólíkt ódýrara er fyrir þau að búa saman heldur en á meðan þau eru hvort í sínu lagi. Þau geta miklu fremur lifað saman fyrir 7—800 kr. heldur en hvort í sínu lagi fyrir 500 kr. Jeg get því ekki greitt atkvæði með þessari brtt., en það er ekki af því, að jeg viðurkenni ekki fyllilega, að skemtilegt væri að geta dregið þetta frá, heldur ræður hitt, að við megum ekki við því, ríkissjóðsins vegna. Þessi frádráttur, samkv. brtt., myndi nema hjá hjónum, sem eiga 6 börn, 2800 krónum, og er það mikið stökk frá því, sem nú á sjer stað.

Að draga fatnað undan skatti er naumast veruleg ástæða til, enda kemur þessi brtt. þeim efnaðri að gagni; þeir eiga meiri föt og þesskonar heldur en þeir fátæku, sem lítið eiga annað en það, sem þeir standa í.

Um 9. brtt. er það að segja, að meiningin með frv.greininni var sú, að húsbændur ættu að greiða skattinn fyrir hjú þau, sem væru hjá þeim á þeim tíma, er skattskrá var samin. Húsbændurnir eiga að halda eftir af kaupi hjúanna til þess að greiða hinn opinbera skatt. Jeg skal játa, að þetta ákvæði er nokkuð nærgöngult, en jeg sje heldur ekki, að hjá því verði komist, því að oft mun það svo vera, að húsbændurnir vita ekkert um hvert hjúin fara, og getur því valdið miklu vafstri að heimta inn skattinn.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) vildi undanskilja innanstokksmuni og gera þá skattfrjálsa; þar er jeg honum ekki samdóma, enda þótt jeg viðurkenni, að hjá mörgum eru slíkir munir ekki mikils virði. En hjá ríka fólkinu er alt öðru máli að gegna. Þar nemur það stórupphæðum, t. d. hjer í Reykjavík, sem efnamenn verja til að prýða stofur sínar, og á þann hátt

geyma þeir fje sitt í dýrum innanhússmunum, og eiga því að rjettu lagi að greiða skatt af því.

Háttv. sami þm. (Þorl. J.) vakti eftirtekt á starfi því, er bíður skattanefnda þegar frv. þetta er orðið að lögum.

Jeg skal fúslega viðurkenna, að þetta verður mikið vandastarf fyrir skattanefndirnar, enda mun verða lagt alt kapp á það að gera þeim starfið sem hægast, bæði með því að gefa út nákvæm eyðublöð, svo og reglur, sem þeim ætti að veitast ljett að fara eftir.

Mjer er það ljóst, að það verður ýmsum erfiðleikum bundið að koma þessum tekjuskatti á hjer, og búa eins vel um hnútana og erlendis, en það verður að koma þessum skatti á, og ef vel er á haldið, mun hann reynast sanngjarnasti og rjettlátasti skatturinn, sem til er.

En ef það skyldi nú sýna sig í reyndinni, að ekki verði hægt að búa við þennan tekjuskatt, sje jeg ekki annað ráð en taka verði upp gamla fyrirkomulagið, lausafjárskattinn, þó að hann sje langtum ósanngjarnari.

Annað mál er það, og á því byggjast vonir mínar, að þegar lausafjárskatturinn verður afnuminn, hljóti öllum bændum að verða ljúfara að greiða þennan tekjuskatt.

Pjetur Þórðarson: Jeg ætlaði nú ekki að tala alment um þetta mál, en datt hins vegar í hug að spyrja háttv. fjhn., hvort ekki hefði komið til athugunar í nefndinni ákvæði frv. í 10. gr. um tekjur þær, sem undanþegnar eru skatti, eða sjerstaklega d.-liður 10. gr., er jeg hafði áður minst á við háttv. nefndarmenn, en það er að fella niður dagpeningana. Mjer hefir fundist sjálfsagt að fella þennan lið niður, því að mjer virðist ekki áhorfsmál, að dagpeningar teljist með þeim tekjum, sem eru skattskyldar.

Jeg hafði hugsað mjer að koma með brtt. í þessa átt, þó að það hafi farist fyrir, en hafi nefndin athugað þetta og ekki getað fallist á mína skoðun, þá mun jeg koma með brtt. við 3. umr. málsins.

Þetta ákvæði laganna, um að undanskilja tekjuskatti dagpeninga þeirra manna, sem ferðast, er auðvitað skilið á ýmsan hátt. Sumir telja slíka dagpeninga alls ekki með tekjum sínum, eða draga þá frá, en aðrir telja þá með tekjunum, enda hefir það svo verið í reyndinni, að mörgum hefir þótt rjettmætt að telja þá með öðrum tekjum, og þar af leiðandi greiða skatt af þeim, því að þeir líta svo á, að þessir peningar sjeu ekkert rjetthærri heldur en aðrir, sem greiddir eru úr ríkissjóði fyrir opinber störf.

Jeg skal t. d. nefna þingmann, sem fær dagpeninga hjer í Reykjavík; þessir dagpeningar eru ef til vill miklu hærri en þeir dagpeningar, sem hann fær fyrir aðra dagvinnu heima í hjeraði, og því ranglátt að telja þá ekki með öðrum skattskyldum tekjum.

Að þetta ákvæði hefir verið sett í frv. hygg jeg fremur stafi af gamalli venju heldur en því, að sanngjarnt eða sjálfsagt sje að hafa það þar og undanþiggja þessar tekjur skatti. Hins vegar er ekki líklegt, að till. um að fella þetta ákvæði niður fái góðan byr, ef fjhn. vill ekki fallast á það, en um það er ekkert hægt að vita, fyr en hún hefir látið eitthvað uppi um það.

Jeg lofaði í upphafi að fara ekki langt út í þetta mál, enda ástæðulítið að gera það, þar sem nefndin hefir ekki haft meira við frv. að athuga en sjá má á brtt. hennar.

Jeg get þó ekki látið vera að láta í ljós

þá skoðun mína, að enda þótt miklum örðugleikum verði bundið um góðar framkvæmdir þessara laga í byrjun, þá verði þó óumflýjanlegt að koma einhverju slíku skattakerfi á, fyr en síðar. Og þó að illa hafi gengið að ná tekjuskatti síðustu árin, þá held jeg, að þær framkvæmdir hafi verið nauðsynlegur undanfari þessa skattafrumvarps.

Þess vegna geri jeg ráð fyrir því, að allir muni fallast á þetta skattafyrirkomulag og venjast því vel, enda get jeg tekið undir það, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að slíkt kerfi sem þetta er það allra sanngjarnasta, sem hægt er að nota í skattaálagningu. Svo er líka nauðsynlegt að fá reynslu um það, hvernig menn taka nýjum sköttum. Mjer er kunnugt um það sjálfum, að allir hafa sætt sig vel við lausafjárskattinn og ábúðarskattinn; venjan hefir þar sem annarsstaðar numið í burt óþægindin, og þegar nýtt er upp tekið kunna menn kannske ekki altaf við það í fyrstu, þótt miklu sanngjarnara sje. En þetta breytist með árunum og „tímans straumur“ sigrar hjer sem annarsstaðar.

Jeg er á sama máli og hæstv. fjrh. (M. G.), að mjer finst fulllangt gengið hjá nefndinni með brtt. við 13. gr. Þó held jeg, að jeg sje fastráðinn í því að greiða atkv. með frv. eins og það nú er, en þætti vitanlega betra, ef það tæki þeim breytingum, sem jeg hefi minst á.

Bjarni Jónsson: Það var lítils háttar atvik, sem kom mjer til að standa upp að þessu sinni, sem jeg mun síðar minnast á.

Vil jeg þá þegar minna á það í viðurkenningarskyni, að hjer eru á ferðinni lög, sem ganga langt frá öllu rjettlæti. Má það til þess færa meðal annars, að gjöldin koma harðast niður á miðlungstekjunum, og verða því þeir menn verst úti um skattgjaldið, sem miðlungstekjur hafa og skattanefndirnar vita best um, en það eru embættismennirnir.

Ekki munu heldur skattanefndirnar vera óskeikular. Hefi jeg heyrt, að í tveim nágrannahjeruðum hafi svo miklu munað hjá skattanefndunum, að þurft hafi að tífalda gjaldið á manni í hreppnum A. til þess að jafna við mann í hrepp B., en báðir þessir menn áttu að bera jafnháan tekjuskatt. Að vísu voru þetta hvortveggja útgerðarmenn og höfðu ekki fastar tekjur.

Annars vil jeg ekki væna höfund frv. um ósanngirni, þótt mjer þyki sýnt, að hann hækki helsti hægt skattinn á hinum stærri upphæðum.

Þá vil jeg drepa á ákvæði 8. gr., um að skattskyldar skuli vera tekjur manna af vísindum, bókmentum og listum. Þetta ákvæði sýnist mjer nokkuð tvíeggjað sverð. Ef slíkir starfar væru vel launaðir, þá væri þetta rjett. En sú er raunin, að fyrir bókmentastarfsemi fá menn hjer ekki nema $^1/_{100}$ hluta þess, sem þeir eiga með rjettu, og margir verða að borga fje úr eigin vasa, til þess að koma verkum sínum fyrir almennings sjónir. Sýnist því ekki rjett, að þessir menn greiði skatt í ríkissjóðinn af því, sem þeim er tap en ekki gróði. Mætti því bæta við greinina: „þó því aðeins að þeir sleppi skaðlausir“. Ef jeg fæ eina krónu fyrir 100 krónur, þá þykir mjer nóg að greiða þjóðinni þessar 99 krónur, þótt ekki greiði jeg líka skatt af þessari 1 krónu. Er þetta dæmi rjett, því að slíkir menn vinna verkið fyrir þjóðina og hún nýtur ávaxta þess. Að vísu eru tekjurnar litlar, sem þessir menn hafa, og því ekki hár sá skattur, sem þeir þurfa að greiða. En það ætti að viðurkenna með lögum rjett þessara manna, með því að þiggja þá undan skattinum.

Þá kem jeg að því atriði, sem rak mig á fætur. Þegar jeg las 18. gr. frv., þá urðu

fyrir mjer þau firn, sem jeg held að hvergi muni sjást í löggjöf siðaðra þjóða, að taka skatt af bóka- og listasöfnum. Er jeg þess viss, að svo spakur maður sem Njáll hefði látið sjer slíkt segja þrem sinnum. (*S. St.*: Ætli hann hefði ekki látið sjer nægja tvisvar). Satt er það, að Sigurður er sálnahirðir og nauðkunnugur hinumegin, og ætti því um þetta að vita. En eftir þeim kynnum, sem jeg hefi haft af skapferli Njáls, þá mun jeg þó ekki frá þessu hverfa. Það er svo langt frá því, að rjett sje að skattleggja menn fyrir það að afla sjer bóka og listaverka á heimili sín, að það ætti miklu fremur að verðlauna menn fyrir.

Jeg veit, að hæstv. fjrh. (M. G.) mun segja, að skatturinn sje lágur og að ekki muni um að greiða hann. En með þessu er búið að smeygja inn litla fingrinum, og altaf má hækka skattinn. Þessi skattur hlýtur að draga úr bókakaupum manna, og af því að hann er aðeins ákveðinn af skuldlausri eign, þá mega menn að vísu eiga bækurnar skattfrjálsar meðan þær eru ekki borgaðar. En þá má guð hjálpa veslings bóksölunum, ef menn skáka í því skjólinu að fá bækurnar til láns og tregðast við að borga þær.

Með þessum skatti er stigið spor í þá átt að letja almenning til bókakaupa, og þar með til mentunar og andlegra framfara.

Jeg vil minna hjer á dæmi, sem áður hefir verið hjer upp tekið, að ef maður ætti bókasafn fyrir 100 þúsund krónur, sem hann legði stöðugt fje til að fullkomna og ætlaði að gefa það Háskólanum að lokum, hvort ekki þætti þá háttv. þm. það tilhlýðilegt og sanngjarnt, að þessi maður borgaði árlega háan skatt af þessari eign, sem hann ætlaði að gefa landinu.

En ef mönnum sýnist rjett að skattleggja bókasöfn einstakra manna, þá ættu sveitarfjelögin að hafa rjett til þess að skattleggja bókasöfn landsins. Væri þá sjálfsagt fyrir bæjarstjórnina hjer að leggja drjúgan skatt á Landsbókasafnið.

Það er nú yfir því kvartað, að sveitarfjelögin vanti tekjustofna, en úr því mætti bæta að nokkru með því, að þau skattlegðu bóka- og listasöfn landsins.

Þessi skattur er einnig að því leyti heppilegur, að menn eru nú svo óðfúsir að kaupa verk íslenskra listamanna, til þess að þeir geti dregið fram lífið, eða hitt þó heldur, að rjett væri að leggja þeim stein í götu með þessu skattgjaldi. Nema sú sje ástæðan, að stjórnin vilji meina einstökum mönnum að kaupa listaverkin, af því að ríkissjóður vilji endilega kaupa þau sjálfur, og er það í samræmi við undirtektir þingsins undir fjárveitingar til slíkra kaupa nú.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal vera stuttorður; ætla ekki að gera þjark út af bóka- og listasöfnunum, en held því fram, að ekki sje ástæða til að undanþiggja þau.

En það, sem fyrir mjer vakti, þegar jeg samdi frv., var það, að hafa hjer engar undantekningar. Jeg er hræddur um, að ef hjer væri eitt undantekið, þá mundi fleira þar á eftir fara.

Jeg skal játa það, að það er hægt að finna dæmi, þar sem þessi lög virðast ekki koma sem rjettlátast niður. En fyrir slíkt verður aldrei girt með neinum lögum, því að lögin eru samin fyrir heildina, en ekki fyrir einstök tilfelli. Jeg býst og við því, að slíkur maður, sem um ræðir í dæmi hv. þm. Dala. (B. J.), gæti fengið undanþágu frá skattgjaldinu, ef hann sannar það, að hann ætli að gefa safnið hinu opinbera. En vitaskuld getur ekki komið til mála að undanþiggja eignir skattinum fyrir

það eitt, að eigendur þeirra þykjast ætla að gefa þær því opinbera. Þess ber og að gæta, að skatturinn af hinum smærri upphæðum er svo lágur — aðeins 1 kr. af þúsundi — að ekki væri það mikill bókaelskandi, sem ljeti fallast frá bókakaupum af þeirri ástæðu.

Viðvíkjandi skattstiganum get jeg ekki tekið undir með háttv. þm. Dala. (B. J.), að hann hækki of lítið, og þeir, sem miðlungstekjur hafa, verði því harðast úti. Og ekki getur til mála komið að semja sjerstök tekjuskattslög fyrir embættismenn, eins og hann virðist vilja. Þeir eiga að greiða skatt af öllum sínum eignum og tekjum eins og aðrir.

Jeg held, að það sje alls ekki hægt að undanskilja hjer endurgjald fyrir vísindastarfsemi. Það var hugsunin með frv. að leggja skatt á allar tekjur. Og jeg held, að það sje alveg ómögulegt fyrir skattanefndirnar að meta t. d. hvort háttv. þm. (B.J.) fær hæfil. mikið fyrir að þýða Faust eða ekki. Slík mál sem þessi verður að taka praktiskt en ekki teoretiskt. Jeg viðurkenni, að hugsunin sje logiskt rjett hjá háttv. þm. (B. J.), en það er praktiskt óframkvæmanlegt.

Magnús Jónsson: Jeg skal hjer ekki fara að fetta fingur út í skattstigann. Það er erfitt mál. En þó get jeg ekki neitað því, að mjer finst háttv. þm. Dala. (B. J.) hafa rjett að mæla um það, að skatturinn sje of hár á miðlungstekjunum, og mun jeg koma að því nánar í öðru sambandi.

En mig langar til að minnast örlítið á ákvæði 13. gr., um skattfrjálsu upphæðirnar. Þessi upphæð er svo lág í stjórnarfrv., að engin von er til, að nokkur maður geti komist af með hana sjer til viðurværis. Nefndin hefir að vísu ögn úr þessu bætt, en þó er það ófullnægjandi. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að ekki væri rjett að hafa þessa upphæð hærri, vegna þess, að það drægi þá af skattgjaldi þeirra, sem miklar tekjur hafa. En fyrir þetta mætti að nokkru leyti byggja, með því að hafa skattinn nokkuð meira hækkandi, eða með hinu, að láta frádráttarupphæðina lækka eftir því sem tekjurnar hækka.

Jeg er viss um það, að allir háttv. þm. hljóta að finna til þess, hvað þessi upphæð er hverfandi lítil nú í dýrtíðinni. Þess vegna er það, að jeg vil beina þeirri spurningu til hv. nefndar, hvort ekki mundi tiltækilegt að hafa þessa frádráttarupphæð færanlega. Mjer sýnist, að margt gæti með þessu mælt. Þegar peningar eru í lágu verði, þá þurfa menn mikið fje að krónutali til þess að lifa af, og tekjurnar vaxa. Það sýnist því ekki vera rjett að miða alt af við sömu krónatöluna, hvort sem kaup fyrir ákveðið verk er eitt þúsund krónur eða fjögur þúsund krónur. Jeg skal ekkert um það segja nú, hvort rjett væri að hafa hjer sama verðstuðulinn og notaður er við útreikning dýrtíðaruppbótar. Jeg vil aðeins spyrja nefndina, hvort hún hafi tekið þetta til athugunar.

Þá kem jeg að öðru atriði, sem mjer sýnist vera álitamál, og það er, hvort leggja eigi skatt á þær tekjur, sem ríkið sjálft greiðir. Mjer skilst, að það sje nokkuð sama eins og að taka aftur með annari hendinni það, sem gefið er með hinni. Hjer er að ræða um beinan skatt í ríkissjóð af launum, sem borguð eru beint úr ríkissjóði.

Ennfremur er rjett að geta þess, að laun embættismanna landsins voru ákveðin áður en þessi skattur kom til, og er því hjer beinlínis verið að draga af tekjum embættismanna. Laun starfsmanna ríkisins voru þá miðuð við það, sem þeir gætu komist af með, og gæti jeg því trúað, að þeir mundu ekki sitja þegjandi hjá, ef nú ætti að fara að klípa utan af þeim með þessum skatti.

Það sýnist því að öllu leyti rjett og sanngjarnt, að starfsmenn ríkisins sjeu undanþegnir þessu skattgjaldi.

Jakob Möller: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Finst því rjett af mjer að standa upp og gera nokkra grein fyrir, af hverju sá fyrirvari stafar, enda þótt jeg búist ekki við, að mínar sjerkreddur fái mikinn byr hjer í háttv. deild.

Það er nú ekki svo að skilja, að það sje ekki fleira en eitt eða jafnvel tvö atriði, sem athuga þyrfti. En eins og háttv. frsm. fjhn. (Sv. Ó.) tók fram, þá er ekki hlaupið að því t. d. að hrófla við skattstiganum, þóað maður hefði tilhneigingu til að breyta eitthvað til. En auk þess var störfum svo hagað í nefndinni, að þetta mál kom lítið til minna kasta þar. Af því að nefndin hafði svo margt fyrir, þá höfðu nefndarmenn verkaskiftingu með sjer, og hafa því sumir nefndarmanna haft minni áhrif á sum málin en aðrir. Er því t. d. þannig varið um þetta frv., að jeg hefi ekki haft tækifæri til að rannsaka það eins og skyldi.

Jeg get ekki látið hjá líða að geta þess, að sá samanburður, sem gerður er í aths. við frv. á skattstiga frv. og núgildandi tekjuskatti, sýnir berlega, hve nærri er gengið á vissu teknasviði, svo að skatturinn hækkar stórkostlega, frá því sem nú er, og miklum mun meira en á öðrum stigum. T. d. vil jeg aðeins benda á, að á vissu sviði er hækkun á tekjuskatti 200 kr. frá því sem nú er. Er það að vísu á nokkuð háum tekjum, eða á 10—12 þús. kr. og upp í 15 þús. kr., og er hækkunin þar reyndar ennþá meiri, eða alt að 300 kr. Það er því augljóst, að þetta er gífurleg hækkun. Það er einnig athugandi, að á þessu sviði verður skatturinn áberandi hærri en t. d. í Danmörku, sem hjer er tekin til samanburðar í athugasemdunum.

Á hærri tekjum er hann aftur á móti áberandi lægri. Við eigum þannig aðallega að byggja á tekjuskatti af lægri tekjunum, í stað þess sem aðrar þjóðir byggja aðallega á hinum hærri. Þegar kemur yfir 40 þús. kr. tekjur, fer skatturinn aftur að lækka, í samanburði við danska skattinn og frá því, sem hjer hefir verið að undanförnu.

Jeg þykist vita, að það hafi vakað fyrir hæstv. stjórn, að hjer á landi sje ekki mikilla tekna að vænta af tekjuskatti af svo háum tekjum eða hærri. En þó að svo háar tekjur sjeu kannske tæplega til hjer nú, þá má **þó gera ráð fyrir því**, að það breytist til batnaðar með tímanum. Mjer finst því ástæðulaust að hlífa háu tekjunum af þessum ástæðum. Skattstigann hefði átt að ákveða með fullu tilliti til þess, hvað sanngjarnt er og til frambúðar. Mjer hafði nú dottið í hug að fara nær danska skattstiganum en gert er í frv., lækka skattinn nokkuð á lægri tekjunum og hækka hann á þeim hærri, en jafnframt þá að hækka eignarskattinn eitthvað, til að bæta upp þann tekjumissi, sem orðið hefði að þessu, að minsta kosti í svipinn.

En aðallega var það nú ekki þetta, sem var því valdandi, að jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, heldur voru það ákvæðin um skattgreiðslu samvinnufjelaganna, og það var það, sem jeg átti við, að ekki mundi fá mikla áheyrn hjá háttv. deild, þó að jeg færi að hreyfa því. En jeg gat þó ekki þagað og setið hjá.

Það er búið að fylla svo eyru allra landsmanna, og þá einnig háttv. þm. með slagorðunum um „tvöfalda skattinn“, að jeg býst tæplega við því, að mínar hjáróma athugasemdir komist inn í hlustirnar.

Jeg sje enga sanngjarna ástæðu til að gera nokkurn mun á verslunarrekstri samvinnufjelaga og annara fjelaga eða einstakra manna. Verslun samvinnufjelag-

anna er alveg sama eðlis og önnur verslun; hún er líka rekin í ábataskyni, og á þess vegna að bera sömu skatta.

Skattalöggjöfin á ekki að ívilna einum verslunarrekanda öðrum fremur í skatti. Það varðar þjóðarheillina mestu, að verslunin sje sem ódýrust. En samvinnufjelögin gera í raun og veru ekkert til að bæta verslunina. Þau selja vörur sínar yfirleitt engu lægra verði en kaupmenn. Ef þau geta ekki staðist samkepni kaupmanna án ívilnana í skatti, þá eiga þau engan rjett á sjer. Það er þá af því, að verslun þeirra er dýrari en kaupmannaverslunin. Það verður þá beint tap fyrir landið að halda þeim uppi. Á hinn bóginn er líka rangt að íþyngja keppinautum fjelaganna með sköttum, ef það getur leitt til þess, að þeir geti ekki staðist samkepnina. Samkepnislaus verslun getur aldrei orðið góð til lengdar, hvort sem hún er rekin af einstökum mönnum eða fjelögum. En samkepnin sjálf hlýtur að skera úr því, hvor verslunin er ódýrari. Ef það er rjett, sem haldið er fram af forvígismönnum samvinnustefnunnar, að samvinnuverslunin sje ódýrari, þá þarf þar engra ívilnana við: kaupmennirnir hljóta þá blátt áfram að verða undir.

Þá er það í annan stað athugavert, hvernig hjer er farið fram á að ívilna samvinnufjelögunum. Ef þeim ætti að ívilna á nokkurn hátt, þá ætti það að vera þannig, að það væri um leið hvatning til að safna sjer tryggingarsjóðum, en ekki til að borga meðlimum sínum sem mestan ágóða. Það vita allir, hvernig þessi fjelög eru bygð og að þau starfa í raun og veru þannig, að ekkert fjármagn er á bakvið, annað en samábyrgð fjelagsmanna. Ef þau verða fyrir einhverjum skakkaföllum, þá getur af því leitt fjárhagshrun fyrir heilar sveitir. En þær ívilnanir, sem hjer er um að ræða í tekjuskattsfrv., fara einmitt í þá átt að hvetja fjelögin til þess að láta bráðabirgðahag viðskiftamanna sitja fyrir, en ekki að tryggja fjelögin með því að safna sem mestum sjóðum. Jeg hefði vel getað fallist á að ívilna fjelögum þessum eitthvað í skatti á þann hátt, að viss hluti árságóða þeirra, sem lagður væri í fasta tryggingarsjóði þeirra, skyldi alveg undanþeginn tekjuskatti. En hitt, að undanskilja einmitt það skatti, sem úthlutað er viðskiftamönnum í lok hvers árs, og þannig beinlínis hvetja til þess að leggja sem minst í tryggingarsjóði, það tel jeg alveg fráleitt. Það mun líka draga úr hvötinni til að keppa við aðra. Það er alkunnugt, að þessi fjelög selja vörur sínar eins dýrt og jafnvel oft og einatt dýrara en kaupmenn. Fjelögin láta sig þannig eingöngu skifta hag sinna fjelagsmanna, en ekki hitt, hve hátt vöruverð er almennt í landinu. Þau vinna þannig ekkert að því að bæta verslunina eða gera hana ódýrari almennt. Og með þessum ívilnunum eru þau á engan hátt hvöt til þess, heldur þvert á móti.

Ef þingið vildi á nokkurn hátt hafa áhrif á verslunina með skattalöggjöfinni, þá ætti það þó vissulega að gera það á þann hátt, að reyna að tryggja hana og bæta.

Það væri líka bersýnilegur órjettur ger þeim mönnum, sem ekki versla við kaupfjelögin, ef það þá er rjett, sem haldið er fram af forvígismönnum samvinnustefnunnar, að yfirleitt sje meiri hagnaður af viðskiftum við kaupfjelög en kaupmenn. Kaupmenn eiga að greiða alla skatta, og verður þeirra tilkostnaður þeim mun meiri en fjelaganna, og þeim tilkostnaði verða þeir að ná að einhverju leyti af viðskiftamönnum sínum.

Samkvæmt 9. gr. eru samvinnufjelögin algerlega undanþegin skatti af viðskiftum við fjelagsmenn, og það er hvergi

tekið fram, að ágóðahluti fjelagsmanna, sem þeim er úthlutað í árslok sem uppbót á verði keyptra vara, skuli skattskyldur hjá þeim, og af því verður þá enginn tekjuskattur greiddur. (*Ýmsir þm.*: Jú). Jeg finn engin ákvæði í frv. um að slíka uppbót skuli telja fram til skatts. En þó að svo væri, að þessi verslunarágóði einstakra fjelagsmanna væri talinn með skattskyldum tekjum þeirra, þá er auðsætt, hve miklu rýrari sá skattur yrði, tekinn af smáupphæðum í mörgum stöðum, heldur en ef það væri skattað í einu lagi, og þá eftir hærri taxta. — En hinsvegar ef það er viðurkent, að þessar tekjur eigi að vera þannig skattskyldar, þá verð jeg að segja, að þá er ekki lengur fylgt kenningum samvinnu-forkólfanna, sem svo mjög hefir verið haldið hjer að fólki, því að samkvæmt þeim kenningum átti þetta hvergi að vera skattskylt, hvorki hjá fjelaginu nje einstökum mönnum. En ef forkólfar samvinnustefnunnar játa það þó í öðru orðinu, sem þeir neita í hinu, þá mega þeir það að vísu fyrir mjer. En mjer finst þá svo skamt á milli, að þeir ættu tregðulítið að geta gengið inn á það, að skatturinn verði krafinn þar, sem hægast er að ná honum og hann verður drýgstur ríkissjóði, en það er hjá fjelögunum.

Jeg hafði gert ráð fyrir að koma með brtt. um þetta við 3. umr., en er þó ekki ráðinn í því, þar sem jeg þykist vita fyrir forlög slíkra till.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að sleppa því að tala, úr því að hæstv. fjrh. (M. G.) er ekki við; jeg ætlaði bara að segja honum, að hann hefði gleymt börnunum.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg ætla aðeins að svara þeim athugasemdum, sem fram hafa komið, að því leyti, sem hæstv. fjrh. (M. G.) er ekki búinn að því.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) gerði athugasemd út af 11. gr., en þeirri athugasemd er hæstv. fjrh. (M. G.) búinn að svara, svo að jeg þarf ekki meira um hana að ræða, og gaf hann skýringu á því, hvers vegna ekki ætti að draga frá skattskyldum tekjum kaup þeirra barna, sem hjá foreldrum vinna og eigi eru sjálf skattskyld. Reglan er að sjálfsögðu rjett, því að kaupið er skattstofn og á að teljast hjá öðruhvoru, foreldri eða barni. Ennfremur gerði háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) athugasemd við 18. gr., um að skattur skyldi leggjast á bókasöfn og listasöfn. Því hefi jeg áður svarað með því, sem jeg tók fram í fyrri ræðu minni, og hefði jeg að vísu kosið, að minni háttar bókasöfn væru undanþegin skatti.

Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að minni háttar bókasöfn, sem ættu að vera og eru nær á hverju heimili, eigi að vera undanþegin skatti, og væri langeðlilegast að miða við einhverja ákveðna fjárhæð, svo sem 200 kr. virði í bókum, því að harla óviðfeldið virðist mjer að skattskylda sálmabók eða húslestrarbækur.

Sami háttv. þm. (Þorl. J.) gerði þá athugasemd við 13. gr., að 1000 kr. frádrátturinn næði aðeins til þess heimilisföður, sem kvæntur væri, en ef hann byggi með bústýru, þá nyti hann aðeins 500 kr. frádráttar, en því er til að svara, að þá dregst kaup hennar frá, sem rekstrarkostnaður búsins. En ef þau búa fjelagsbúi, þá er ekki hægt að koma þessari ívilnun að, jafnvel þótt þau hafi eigi fjölskyldu saman.

Nefndin sá þetta að vísu, en sá sjer ekki fært að stuðla að því, að slíkt lausungarhjónaband yrði mjög alment upp tekið, þótt nú tíðkist það víða, og síst telur hún það verðlaunavert.

Háttv. þm. (Þorl. J.) mintist á það, að starf skattanefnda mundi verða erfitt og vandrækt. Um það er jeg honum alveg

sammála. Það verður að minni hyggju erfiðara en nokkurn grunar.

Þá var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), þar sem mjer virtist kenna misskilnings. Virtist mjer hann álíta, að nefndin hefði lagst undir höfuð að athuga frádráttinn, sem 10. gr. fjallar um í seinasta lið, sem sje dagpeninga fyrir þá menn, sem vinna verk í almennings þarfir fjarri heimili sínu. Háttv. þm. (P. Þ.) gerir ráð fyrir að koma með brtt. um þetta við 3. umr. og vill gera þessa dagpeninga skattskylda. En jeg skal geta þess, að þessi undanþága er gömul og hefir að minsta kosti gilt frá 1877, þótt henni hafi ekki ætíð verið beitt eða alstaðar; orsökin til þess er, að menn hafa sumstaðar misskilið lögin frá 1877.

Rjettmæti þessa ákvæðis liggur í því, að maður, sem vinnur í þarfir þess opinbera fjarri heimili sínu, vanrækir atvinnu sína eða verk heima fyrir, svo að gera má ráð fyrir, að tekjur hans verði þar af leiðandi rýrari. En hann verður samt sem áður skattskyldur af atvinnunni heima fyrir, eins og hún hefði enginn áföll beðið. Háttv. þm. (P. Þ.) tók til dæmis þingmenn. En jeg vil benda honum á það, að þingmenn, sem eru bændur, þurfa að fá mann eða menn til heimilisstarfa og stjórnar í fjarveru sinni, og kaup þeirra manna, ásamt vanhöldum, sem oft munu leiða af fjarveru húsbónda, mun ósjaldan jafngilda dagkaupinu.

Þetta ákvæði um skattundanþágu er því eðlilegt.

Þá var annað atriði, sem háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) mintist á í sambandi við 13. gr. Það var sá frádráttur, sem gert er ráð fyrir vegna ómegðar. Honum fanst nefndin ganga of langt í að draga frá framfærslueyri. Mjer skildist á honum, að hann hallaðist að stjónarfrv. um þetta atriði. En jeg á bágt með að trúa því, ef hann athugar þetta vel og gerir upp búreikninga fyrir sig og granna sína, að hann komist þá að þeirri niðurstöðu, að hægt sje að framfleyta fjölskyldu sómasamlega með minni tilkostnaði en nefndin gerir ráð fyrir, og fráleitt hefir það verið hægt síðustu árin. Það mundi, eftir því, sem mjer hefir skilist, verða þvert á móti, og útkoman fremur sýna of lítinn frádrátt.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) talaði um 6. gr., eða skattstigann yfirleitt, og að því, er mjer virtist, erum við þar alveg sammála. Eins og skattstiginn lítur út ber hann það með sjer, að það er tiltölulega hærri skattur af lágum tekjum en háum, þegar miðað er við það aukna gjaldþol, sem fylgir háu tekjunum, en altaf verður álitamál, hve ört skatturinn eigi að stíga þegar kemur fram úr þurftartekjum, og hjer kemst þó gjaldið allhátt á þeim tekjum, sem ætla má eðlilegar hjá stærri atvinnurekendum, t. d. í 12% þegar tekjurnar eru 40 þúsundir. Um hæstu tekjurnar, sem gefa 25% skatt, verður líklega ekki að ræða.

Skattstigana í 6., 7. og 15. gr. má hugsa sjer á marga vegu, en nefndin sá sjer ekki fært að breyta þeim, eins og vikið er að í nál., en álítur, að reynslan verði að segja til um nokkur ár áður breytt er, þótt að vísu hefði mátt nú þegar fjölga þrepunum í skattstiganum og smækka þau.

Þá var háttv. sami þm. (B. J.) að tala um ákvæði 8. gr., skattskyldar tekjur, sem fljóta af vísindalegri starfsemi. Það verður að kannast við það, að kjör rithöfunda og vísindamanna eru þröng á voru landi og að ákvæði greinarinnar geta komið hjer illa við, því að efnin leyfa oss ekki að sýna þeim rausn. En ef svo er, sem háttv. þm. (B. J.) sagði, að þeir skili þjóðinni án endurgjalds verðmætum verkum sínum, er þeir falla frá, þá má líkt segja um margan kotunginn,

sem einskis nýtur af alþjóðarfje, en elur upp vel mannaðan barnahóp, og gefur þannig þjóðfjelaginu allan árangurinn af æfistarfi sínu.

Það er auðvitað ekki hægt að setja í lög svo nákvæm ákvæði, að útiloki alt misrjetti. Athugasemdum háttv. þm. (B. J.) um bókasöfn hefi jeg svarað, er jeg svaraði ræðu háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.)

Þá komu fram nokkrar athugasemdir við frv. og nál. frá háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), og jeg held, að jeg hafi tekið rjett eftir því, að hann spyrðist fyrir um, hvort nefndin sæi sjer ekki fært að breyta frádráttarákvæðum 13. gr. þannig, að frádrátturinn yrði mismunandi eftir efnum gjaldenda.

Þetta hefir nefndin athugað og ekki sjeð ástæðu til að gera slíka breytingu. Mjer finst eðlilegt, að efnameiri menn fái sama rjett til að draga frá sem aðrir, því að þeir þurfa jafnmikið til framfæris og hinir. En þegar framfærslueyrir er frá dreginn, kemur að því, að efnamennirnir þurfa að greiða hlutfallslega meira, og er því ekkert órjettlæti í þessu. Þetta er auðveldari aðferð en hin, að minka frádráttinn eftir því, sem efni manna aukast.

Þá þótti háttv. þm. (M. J.) eðlilegt, að frádrátturinn færi eftir dýrtíðinni, og minkaði með henni eða ykist. Jeg er sammála honum um, að þetta væri æskilegt, en jeg held, að erfitt verði að framkvæma það. Við lifum líka allir í þeirri trú, að dýrtíðinni fari að ljetta af, og sje þá ekki þörf á þessu fyrirkomulagi.

Þá mintist háttv. þm. (M. J.) á það, að það væri að gefa með annari hendinni en taka með hinni, að skattleggja þá menn, er taka laun sín úr ríkissjóði. Þetta er satt að vísu, en það kemur í raun rjettri í sama stað niður fyrir ríkissjóð, hvort launin eru lækkuð að því er skattinum nemur, eða höfð hærri og skatturinn krafinn, en síðari aðferðin er gömul og góð og miklu eðlilegri.

Jeg held líka, að embættismennirnir hafi gott af því að finna til þess eins og aðrir, að þeir bera og eiga að bera byrðar þjóðfjelagsins. Þeim mun þá skiljast betur, að þeir eru hluti úr heildinni og samvaxnir henni. Auk þess má benda á það, að embættismenn hafa oft aðrar tekjur en laun sín, og verður að ná til þeirra eftir sem áður.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) og samvinnufjelögunum. Jeg held, að okkur skilji ekki mikið, og þurfum við því varla að *deila lengi*. Í fjhn. hefir okkur yfirleitt samið vel, þótt ekki gætum við orðið till. að öllu sammála. Jeg get fallist á, að ástæður þær, sem fyrir honum vöktu, sjeu eðlilegar, en jeg held, að nokkuð einhliða sje litið á það mál. Stofnsjóði samvinnufjelaganna ætti ekki að skattskylda, og tekjurnar af þeim, sem til fjelagsmanna renna, eru eigi annað en bústekjur þeirra. En hv. þm. (Jak. M.) heldur því fram, að skiftingin milli fjelagsmanna rýri skattinn ótilhlýðilega, með því, að skatturinn dreifist á fleiri og verði á lægri þrepum skattstigans. Þetta er að nokkru leyti rjett. En þegar þess er gætt, að þessi úthlutun gerir fjelagsmenn færari um að bera skattinn, bæði þennan og aðra, styrkir og styður gjaldþegnana í hvívetna, að fjelagsskapurinn er til almenningsheilla, virðist ekki ósanngjarnlegt að ívilna honum að nokkru um skattinn.

Ívilnunin kemur líklega þjóðfjelaginu að meira liði með þessu móti heldur en dálítil skattaaukning við að hleypa sjóðunum fortakslaust undir ákvæði 7. gr.

Annað þarf jeg ekki að segja. Háttv. þm. (Jak. M.) hefir lýst því yfir, að hann sje fjelagsskap þessum hlyntur, og er það vel, og okkur greinir aðeins á um aðferðir, en tæpast um efni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 1 atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 432,1 samþ. með 14 : 4 atkv,

3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 432,2 samþ. með 13 : 3 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 432,3 samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 432,4.a. samþ. með 17 shlj. atkv.

— 432,4.b. samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 432,5 samþ. með 17 : 4 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

14.—17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 432,6 samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 468 of seint fram komin, afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 468 samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. H., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., J. S., M. J., M. P., P. O., St. St., B. Sv.

nei: Þór. J., E. Þ., H. K., J. A. J., J. Þ., M. G., M. K., P. J., P. Þ., S. St., Sv. Ó.

18. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

19.—22. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

23.—29. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

30. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 432,7 samþ. án atkvgr.

31. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

32.—37. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 432,8 samþ. án atkvgr.

38. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

39.—42. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 432,9 samþ. með 15 : 4 atkv.

43. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 2 atkv.

44.—50. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

51.—53. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 473, 472, 474, 477, 497, 503, 511, 517, 525).

Þorleifur Jónsson: Jeg gerði við 2. umr. smáathugasemd um einstöku ákvæði frv. Í framhaldi af því hefi jeg leyft mjer, ásamt 2 öðrum hv. þm., að koma fram með nokkrar brtt.

Brtt. þessar raska ekki neitt grundvelli frv., en eru, frá okkar sjónarmiði, smálagaanir á einstökum ákvæðum frv. Skal jeg þá leyfa mjer að snúa mjer að brtt.

1. brtt. fer fram á það, að atvinnurekendur megi telja með rekstrarkostnaði þá vinnu, sem skyldulið atvinnurekanda leggur fram. Okkur virðist, að eftir frv. verði þeir harðara úti, sem njóta aðstoðar barna sinna við rekstur atvinnunnar, heldur en þeir, sem hafa vandalaust fólk.

En það er nú alkunna, að á síðari tímum, síðan aðstreymi fólks í kaupstaðina og útstreymi úr sveitum fór að aukast svo mjög, þá eru mörg sveitaheimili, margir bændur til sveita, sem verða að bjargast við börn sín, eftir því sem þau komast á legg. Þau eru víða eina stoð og stytta heimilanna, og svo ætlast frv. til þess, að þessi vinnukraftur megi ekki teljast til rekstrarkostnaðar við búið. Það er eins og lögin segðu sem svo: Ja, þú hefir nú börn þín. Það getur nú ekki talist til útgjalda sú vinna, sem þau inna af höndum. Með öðrum orðum, það getur litið út fyrir, að þetta sje nokkurskonar refsing á heimilið fyrir það, að börnin tolla eitthvað heima eftir fermínguna. — En okkur virðist, að löggjöfin ætti fremur að hlynna að því, að unglingarnir tyldu í sveitunum, heldur en hitt, að gera lagaákvæði um það, að þau heimili verði harðar úti en önnur.

Jeg hefi verið að aðgæta aths. í stjórnarfrv. um þessa grein, en þar er ekki minst á þennan mismun, sem hjer kemur fram, um vinnu skyldra og vandalausra. Í aths. stendur, þar sem rætt er um frádrátt eða það að finna mestar tekjur, aðeins þetta:

„Er það auðvitað fyrst og fremst eins og nú allur reksturskostnaður, eða þau útgjöld, sem gengið hafa til að afla teknanna.“

En í gömlu tekjuskattslögunum frá 1877 man jeg ekki eftir neinu ákvæði líku þessu. Býst jeg við, að þetta hafi ekki verið athugað nógu vel og hafi slæðst inn af ógáti. Vænti því, að það mæti engum mótmælum að kippa þessu burt.

Þá er 2. brtt. við 13. gr., sem ekki er mikil efnisbreyting, og þarf jeg ekki mikið að tala fyrir henni, enda vonast jeg til ef á hana verður ráðist, þá taki háttv. meðflutningsmenn mínir til andsvara.

Þá er 3. brtt. við 29. gr. frv. í 5. lið þessarar greinar er svo ákveðið, að þóknunin til skattanefnda greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sveitarsjóði. Okkur finst, að þessi störf skattanefnda komi ekki sveitarsjóðum neitt við, og viljum því, að ríkið borgi allan kostnaðinn. Má margt færa því til sanns. Og er þetta á móti þeirri reglu, sem gilt hefir um skyld mál.

Starf skattanefnda nú er að nokkru leyti sambærilegt við starf hreppstjóra áður, eða fram að þessu. Hreppstjórarnir hafa á hendi, meðal annars, að safna og gera úr garði tíundarskýrslur, sem er undirbúningur undir skattaálögur. En það hefir aldrei verið farið fram á það, að þeim yrði að neinu leyti borgað úr sveitarsjóðum. Ríkið hefir altaf borgað þeim, og enginn annar. Stjórnin talar nokkuð um þetta í aths. við 29. gr. og segir, að sjálfsagt sje, að sveitarsjóðir greiði eitthvað af þóknuninni til skattanefnda, einkum ef fyrirkomulagi sveitaskatta yrði breytt þannig, að sömu nefndir jöfnuðu niður sveitarskatti og ríkisskatti. En það er nú ekki líkt því, að neinn rekspölur sje kominn á það mál ennþá. Enn sem komið er eru það hreppsnefndirnar, sem jafna niður sveitargjöldunum eftir efnum og ástæðum.

Enn segir stjórnin, að framtalið, sem fast við niðurjöfnun ríkisskattsins, geti orðið til mikillar leiðbeiningar fyrir hreppsnefndir við niðurjöfnun aukaútsvara og geti sparað þeim töluvert verk. — Jeg er

nú ekki á því, að neitt nýtt ljós renni upp fyrir hreppsnefndum við þetta.

Áður hafa þær haft tíundir að fara eftir, og svo annað, sem þær hvort eð er af kunnugleik hafa á vitundinni, um efni og ástæður manna. Jeg held því, að þessi niðurjöfnun skattanefnda verði í færri tilfellum neitt betri mælisnúra.

Alt öðru máli væri að gegna, ef eitthvað af tekjuskattinum ætti að renna til sveitarsjóðanna; þá væri sjálfsagt að þóknunin til skattanefnda yrði að einhverju leyti greidd úr sveitarsjóði.

Okkur datt að vísu í hug að koma með brtt. um, að eitthvað lítið eitt af tekjuskattinum gengi í sveitarsjóð, en þorðum ekki á neinn hátt að rýra tekjurnar með því, í þessu harðindaári fyrir landssjóðinn.

Jeg held jeg þurfi þá ekki að ræða meira um brtt. þessar. Jeg held, að sanngirni sje með því, að sá sjóður, sem á að fá tekjurnar, greiði og allan kostnað við þann undirbúning, sem til þess þarf, að tekjur náist.

Þá kem jeg að 4. brtt. okkar. Í 43. gr. frv. er svo ákveðið, að hver heimilisráðandi inni af hendi skattinn fyrir þá, sem heimilisfastir eru hjá honum. Við teljum ekki rjett að leggja slíka skyldu á heimilisráðanda. Okkur finst rjett, að það opinbera hafi aðgang að gjaldanda sjálfum, eins og verið hefir með lausafjárskatt og aðra slíka skatta. Við skulum gera ráð fyrir, að skattgreiðandi tregðist við að borga heimilisráðanda; hefir hann þá nokkurn rjett til að heimta lögtak á því? Jeg býst ekki við því. Getur vel farið svo, að heimilisráðandi fái enga endurgreiðslu.

5. brtt. okkar er um það að fella burtu 52. gr. Okkur þykir næsta athugavert, að ekki þurfi annað en ákvæði í fjárlögum til að hækka þennan skatt, þótt ekki sje nema ár og ár í bili. Jeg hefi ekki nokkra trú á því, að það út af fyrir sig myndi stuðla að „hollu íhaldi í fjármálum", eins og stjórnin segir. Það gæti jafnvel eins vel leitt til hins, að stjórn og þing færi enn ógætilegar í fjárveitingar og hugsuðu sem svo: gerir ekkert til, ekki þarf annað en hækka tekjuskattinn. Auk þess er það mjög vont fyrir gjaldendur að geta aldrei verið vissir um nema mikið meira verði kallað af þeim en lögin áskilja. Þeir geta aldrei um frjálst höfuð strokið. Vita aldrei hvað stjórn og þingi þóknast að plokka af þeim.

Jeg hefi þá gert dálitla grein fyrir brtt. okkar, og þar sem þær raska í raun og veru ekki neitt við aðalstefnu eða grundvelli frv., þá vænti jeg, að háttv. deild geti ljeð þeim fylgi sitt. Af þeim sökum þarf hæstv. stjórn eða háttv. nefnd heldur ekki að leggjast á móti þeim. Það eru aðeins lagfæringar, án þess að draga nokkuð verulega úr ákvæðum frv. um skatthæð. Jeg vona, að háttv. nefnd verði mjer sammála um, að brtt. sjeu heldur til bóta, og greiði þeim atkvæði sín.

Pjetur Þórðarson: Jeg gat um það við 2. umr. þessa máls, að jeg myndi flytja brtt. við 3. umr. við 10. gr. d., og hefi jeg gert það á þskj. 474. Brtt. er um það, að dagpeningar þeirra manna, sem ferðast frá heimili sínu í almenningsþarfir, skuli eigi undanþegnir skattgreiðslu. Jeg held, að það sje sanngjarnt í flestum tilfellum, hvort sem um mats- eða skoðunarmenn er að ræða, eins og oftast mun vera tilfellið, eða búnaðarfjelagsráðunauta eða aðra menn, að þeir greiði skatt af dagpeningum sínum eins og öðrum tekjum. Jeg sje ekki meiri ástæðu til að draga þá undan skattgreiðslu heldur en annan ávöxt andlegrar eða líkamlegrar iðju manna, þar sem jeg ætlast til, að annar endurgreiddur ferðakostnaður þessara manna sje undanþeginn skattgreiðslu, eins og frv. gerir ráð fyrir. Jeg held, að venja ráði

minstu um þessa undanþágu, heldur sanngirni. Jeg ætla annars ekki að orðlengja um þetta, en læt skeika að sköpuðu.

Jeg skal ekki lengja umr. með því að gera grein fyrir atkv. mínu um aðrar brtt. Jeg vil aðeins geta þess, að jeg álít skylt að fara varlega í að fækka gjaldstofnum frv. eða rýra þá. Mjer finst sumir háttv. þdm. sýna of mikla tilhneigingu til þess að fella undan skattinum.

Jeg þori því ekki að lofa atkv. mínu með undanþágutill., því að allir verða og eiga að inna af hendi sinn skerf til almenningsþarfa, hvort sem þeir eru efnamenn eða ekki. Þeir fá það aftur borgað í ýmsum þeim þægindum, sem hið opinbera gengst fyrir.

Jón Þorláksson: 1. brtt. mín á þskj. 472 miðar að því að koma meira samræmi á skattgreiðslur hlutafjelaga og samvinnufjelaga. Það hefir verið mikið talað um það að undanþiggja samvinnufjelögskattgreiðslu af þeim tekjum, sem renna til fjelagsmanna sjálfra og leiðir af viðskift um þeirra við fjelagið. Inn á þennan hugsanagang gengur stjórnarfrv. um tekjuskatt í 9. gr. sinni, sem undanþiggur skattgjaldi þann gróða samvinnufjelaga, sem úthlutað er í árslok til fjelagsmanna. Ef litið er til hlutafjelaga, þá er eins rjettmætt að tala um tvöfaldan skatt, þar sem fjelagið verður fyrst að greiða skatt af ágóða sínum og síðan hver einstakur hlufhafi af því, sem honum er útborgað. Stjórnarfrv. leyfir í 13. gr. að draga 4% af innborguðu hlutafje eða stofnfje frá, áður en skattur er greiddur. Þetta er aðeins málamiðlun, sem nær ekki því rjetta, hvor reglan, sem upp er tekin: Að skoða fjelagið sem sjálfstæðan skattaðila, eða skattleggja sama gróðann aðeins einu sinni. Jeg fyrir mitt leyti hallast helst að því, að skattleggja allan gróðann hjá fjelaginu sjálfu, því að það er drýgra og hagkvæmara fyrir ríkið að taka skattinn í einni heild hjá fjelaginu heldur en smáskömtun hjá hinum einstöku fjelagsmönnum, fyrir utan það, að hann getur fremur borið undan skattgreiðslu með því lagi.

Jeg hefi þó ekki sjeð mjer fært að bera fram brtt. í þá átt, að bæði samvinnufjelög og hlutafjelög greiddu tekjuskatt af öllum gróða sínum, af því að jeg veit af atkvgr. um samvinnufjelögin, að það væri þýðingarlaust að vænta henni fylgis hjer í deildinni. En jeg vil gefa háttv. deildarmönnum tækifæri til þess að sýna hlutafjelögum sanngirni sína, því að jeg vil í lengstu lög verjast þeirri hugsun, að baráttan fyrir skattfrelsi samvinnufjelaganna sje sprottin af sjerdrægni samvinnumanna. Jeg vil í lengstu lög reyna að trúa því, að þessi stefna þeirra byggist á rjettarhugsun, og sje svo, þá treysti jeg því. að þeir samræmis vegna greiði brtt. minni atkvæði.

Í 23. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að með konunglegri tilskipun verði breytt núgildandi ákvæðum um niðurjöfnun og kosningu niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík; auk þess verði á sama hátt sett ákvæði um tekju- og eignarskatt í Reykjavík. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir á sínum tíma farið fram á það við hið háa Alþingi, að gagngerð breyting væri gerð á skattamálum Reykjavíkur, þannig, að í stað niðurjöfnunar kæmi tekjuskattur, og í stað niðurjöfnunarnefndar kæmi skattanefnd. Tel jeg það illa farið, að Alþingi varð ekki við þeim tilmælum þá. Nú eru tímarnir breyttir svo, að borgarstjórnin treystir sjer ekki til að fara fram á að fá slíka breytingu lögleidda að sinni.

En á meðan niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum er gildandi í Reykjavík, þá munu Reykvíkingar ekki láta taka af sjer rjettinn til að kjósa niðurjöfnunarnefndina. Það er heldur ekki til neins að hugsa sjer, að sú nefnd taki að sjer skatta-

nefndarstörfin, vegna þess, að það á að framkvæma hvortveggja störfin á sama tíma, en störf niðurjöfnunarnefndar eru ærin fyrir. Þegar svo er, þá skil jeg ekki, hvað það á að þýða að vera að blanda skipun niðurjöfnunarnefndar inn í þessi lög. Brtt. mín miðar að því að fella niður 23. gr., svo að farið verði eins með skipun skattanefndar í Reykjavík og öðrum hjeruðum. 3. brtt. og 4. a. og b. ganga allar út á þetta. Brtt. 4.c. tek jeg aftur, vegna þess, að brtt. sama efnis er komin fram á þskj. 503.

Þorsteinn Jónsson: Þó að brtt. mín á þskj. 511 verði samþ., þá hefði það enga röskun á tekjum ríkissjóðs í för með sjer. Jeg ber hana fram aðeins til þess að samrýma anda samvinnulaganna og þessa frumvarps.

Eins og jeg tók fram þegar samvinnufrv. var til umræðu, þá er varasjóður samvinnufjelaganna ekki eign neinna einstaklinga, heldur opinber sjóður til almennra þarfa.

Brtt. mín gengur út á að undanþiggja það fje, sem renna á í varasjóð, skattskyldu. Samkvæmt 7. gr. frv. eiga samvinnufjelögin að greiða 6% af tekjum sínum í ríkissjóð. En eftir brtt. minni er arðurinn, sem kemur af viðskiftum fjelagsmanna sjálfra við fjelagið, undanþeginn skatti, en aftur á móti er allur arðurinn af viðskiftum við utanfjelagsmenn skattskyldur. Jeg vil biðja menn að athuga það, að mestur hluti af arði fjelaganna er runninn frá þeim viðskiftum. Hinn arðurinn, sem leiðir af viðskiftum fjelagsmanna sjálfra, er hverfandi lítill á móts við hann, svo að þetta er í rauninni mest formsatriði. En samkvæmt þeim anda, sem háttv. deild viðurkendi með því að samþykkja samvinnufjelagalögin, þá verður háttv. deild að samþykkja þetta, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm.

Jeg get bent á það til samanburðar, að Danir og Bretar borga ekkert í opinberar þarfir af varasjóðum samvinnufjelaganna. Þeir álíta þá svo líka sparisjóðum, að þeir eigi að njóta sama rjettar og þeir.

Till. á þskj. 497 mun vera fram borin vegna misskilnings. Mjer skildist á ræðu háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) að arðberandi eignir í sparisjóðum væru ekki skattskyldar. Vitanlega borgar hver einstakur eigandi skatt af þeim með öðrum eignum sínum, eins og sjálfsagt og rjett er.

Jón Sigurðsson: Jeg verð að gera nokkra grein fyrir brtt., sem jeg er einn flutningsmaður að, á þskj. 517.

Þegar útflutningsgjaldsfrv. var hjer til 2. umr. gat jeg þess, að jeg gæti ekki, vegna sannfæringar minnar, fylgt því lengra en til 3. umr. Þetta hefir ekki breytst, en jeg gat þess jafnframt, að jeg áliti ríkissjóði vera svo brýna þörf á tekjuauka, að það væri ábyrgðarhluti að fella niður tekjuaukafrv., án þess að setja annað í staðinn. Jeg gat þess ennfremur, að jeg mundi koma fram með till. til hækkunar á tekju- og eignarskattinum, til þess að vega á móti þeim tekjum, er landssjóður misti, ef útflutningsgjaldið væri felt niður.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að samtals nemi tekju- og eignarskatturinn 1. milj. kr. Hæstv. fjrh. (M. G.) gerir ráð fyrir, að hann muni nema 700—800 þús. kr. Jeg áætla hann þá 750 þús. kr. Til þess að jafna mismuninn, ef útflutningsgjaldið fjelli, þá mun hæfilegt að setja tekju- og eignarskattinn 35% hærri, eins og brtt. mín fer fram á. Hjer er aðeins um heimild að ræða fyrir stjórnina fyrir árið 1922, en hún fellur úr gildi 31. des. það ár. Ef stjórnin notaði þessa heimild, mundu fást í landssjóð fullar 260 þús. kr. eftir minni áætlun.

Jeg þarf raunar ekki að endurtaka það,

sem jeg sagði við 2. umr. um útflutningsgjaldið. En vil þó aðeins drepa á nokkur aðalatriði, til stuðnings brtt. á þskj. 517. Útflutningsgjald er óeðlilegt og ranglátt vegna þess, að það er aðeins lagt á framleiðendur, sem ekki eru nema einn sjötti hluti landsmanna. Það er vitanlegt, að þessi flokkur manna er undirstaðan undir þjóðarbúinu; á störfum þeirra hvílir efnalegt sjálfstæði og þrif þjóðfjelagsins, en nú er svo komið, að framleiðendur eiga mjög í vök að verjast, svo að nú væri þess meiri þörf, að hlaupið væri undir bagga með þeim heldur en íþyngja þeim með sjerstökum sköttum.

Viðvíkjandi þörf landssjóðs á tekjum, þá hefi jeg áður viðurkent hana fyllilega. Brtt. á þskj. 517 er tilraun til þess að fylla í skarðið, ef útflutningsgjaldið fjelli. Með henni koma þessi gjöld á alla þjóðina, með útflutningsgjaldinu aðeins á lítinn hluta hennar. Ef háttv. deild getur ekki fallist á hana, þá er hún vitanlega sjálfráð um það. En jeg vænti þess, að þeir, sem eru líkt skapi farnir og jeg, greiði brtt. minni atkvæði. Þeir, sem fella hana, koma vonandi með eitthvað annað í staðinn; jeg þykist hafa gert mína skyldu.

Tekju- og eignarskatturinn er að flestra áliti miklu rjettlátari skattur, því að hann kemur niður eftir efnum og ástæðum manna. Jeg býst við, að þeim mótmælum verði hreyft, að óheppilegt sje að byrja með honum svona háum. En tekjuskatturinn er ekkert nýmæli; við höfum haft almennan tekjuskatt síðan 1917, og þó að við höfum ekki haft almennan eignarskatt fyr, þá skiftir það ekki svo miklu máli. Það er þegar fengin reynsla um tekjuskatt, og almenningur er farinn að venjast honum.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um þá mótbáru, að skatturinn náist ekki inn, því að það er í rauninni aðeins staðhæfing út í loftið, það því síður sem frv. hefir góð ákvæði, sem tryggja það, að skatturinn náist vel inn.

Hvað tekju- og eignarskatturinn verði hár, getur enginn sagt um með vissu, og þýðir ekkert að þrátta um það. Þessi brtt. mín er meir borin fram af skyldutilfinningu til þess að fullnægja þörf ríkissjóðs heldur en sem kappsmál mitt. Eins og jeg tók fram áðan, þá gat jeg ekki varið það fyrir samvisku minni að vera á móti útflutningsgjaldinu, án þess að koma með eitthvað í staðinn.

Einar Þorgilsson: Við, sem eigum brtt. á þskj. 497, en hún fer fram á, að á eftir 15. gr. í frv. um tekjuskatt og eignarskatt komi ný grein, sem þá verði 16. gr., höfum leyft okkur að koma fram með hana af þeirri ástæðu, að við höfum allir verið í skattanefndum, og höfum í því starfi voru fundið, hversu það er vandasamt oft og einatt að komast að raun um, hvað hver einstakur á inni í bönkum eða sparisjóðum. Það er venjulega svo, að það er viðkvæmt mál fyrir viðkomandi menn að gefa upp inneignir sínar, svo eru og bankastjórnirnar þagnarskyldar um þessi efni. Því hefir það reynst svo, að það er ærið vafningasamt fyrir skattanefndirnar að fara þessar leiðir. En þær eru með öllu óþarfar og útilokaðar samkvæmt brtt. þessari. Hún fer sem sje fram á það, að stjórnir viðkomandi stofnana svari skatti af inneignunum beint til ríkissjóðs. Brtt. gerir ráð fyrir því, að skatturinn verði 6% af ársvöxtum inneignarinnar. En hinsvegar á engum öðrum skatti af inneignum þessum til ríkissjóðs að svara. Það má nú vera, að þetta sje í raun og veru lægra en fram á er farið í skattafrv. En hinu verð jeg fast fram að halda, að þetta sje öruggara og drýgra ríkissjóði til tekna. Tekur það og af vafa allan um það, að nokkuð sje eftir skilið eður undan dregið. Af ástæðum þessum

höfum vjer látið oss nægja þennan prósentuvísi.

Jeg vona nú, að hv. deild sjái, að þetta er einvörðungu gert í því skyni, í fyrsta lagi til að ljetta starf innheimtumannanna, í öðru lagi til þess að gera tekjugrein þessa ríkissjóði öruggari, og í þriðja lagi til þess að losa þá menn, sem fje eiga inni, við það að gefa upp, hversu mikið það er, því að eins og jeg drap á áðan, er það mörgum manni viðkvæmt mál.

Sú mótbára hefir komið fram gegn brtt. þessari, að hún mundi geta stuðlað að því, að þeir, sem stórar upphæðir ættu inni, tækju þær út og flyttu þær til útlanda, til þess að losna við að gjalda skatt. Ekki þykir mjer tilgáta þessi líkleg, en þó svo væri, þá hygg jeg, að þeir menn, sem þetta hefðust að, væru ekki líklegir til að gefa rjettilega upp inneign sína, ef til þess kæmi. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að háttv. deild samþykki brtt. þessa.

Magnús Jónsson: Við 2. umr. þessa máls gerði jeg dálitlar athugasemdir við skattafrv. þetta. Í samræmi við þær athugasemdir er brtt. á þskj. 477 komin fram. En það atvikaðist nú svo óheppilega, að brtt. komst ekki rjett á pappírinn, heldur fjell úr henni eitt atriði, sem máli skiftir. En jeg hefi nú sjeð um, að úr þessu verði bætt, og vænti þess, að hæstv. forseti leggi mjer liðsinni sitt með undanþágu frá þingsköpum, þegar þar að kemur.

Eins og brtt. er hjer á þskj. 477, fer hún fram á, að skattfrjálsa upphæðin, 500 krónur og 1000 krónur, skuli, meðan dýrtíð ríkir, hækka í sama hlutfalli og laun starfsmanna ríkisins, en sú takmörkun átti að vera á því, en hefir fallið niður, að þetta skuli aðeins ná til tekna undir 10 þús. kr. Hærri tekjur aftur á móti vil jeg ekki skerða í þessu efni, svo að ríkissjóður njóti fulls tekjuskatts af því, eins og í frv. er gert ráð fyrir. Tilgangur minn er aðeins sá að bæta úr því, sem mjer finst of nærri gengið þeim tekjuminni og fátækari gjaldþegnum með frv. þessu.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Mjer þykir það engin furða, þótt fram hafi komið margar brtt. við þetta frv., því að það snertir marga og nokkuð margvíslega, eins og tekið var fram við 2. umr. málsins. Það grípur djúpt inn í hagi einstakra þjóðfjelagsborgara, svo þeir finna nú meira til skattskyldunnar en áður. Jeg hafði þó ekki vænst þess, að svona margar brtt. kæmu fram. Yfirleitt ganga þær allar í þá átt að ljetta skattakvaðirnar, og benda til þess, að frv. sje nokkuð nærgöngult. Auðvitað eru þær nokkuð misjafnar að efni og innihaldi, og væri jeg ekki bundinn við frjhn. með atkvæði mitt, gæti jeg ef til vill horfið að sumum þeirra, en nefndin hefir orðið að bræða svo margt til samkomulags af þessu, sem hreyft er við, að ilt er á að víkja.

Þá skal jeg fyrst víkja að brtt. á þskj. 503, frá þm. A.-Sk. (Þ. J.), þm. Borgf. (P. O.) og 2. þm. Skagf. (J. S.). Fyrsta brtt. á þessu þskj. er við 11. gr. Hv. flm. vilja breyta því ákvæði greinarinnar, að kaup barns, sem vinnur hjá foreldrum sínum, dragist ekki frá skattskyldu fje foreldris, ef það telur ekki fram tekjur sjer í lagi. En mjer finst þetta ákvæði 11. greinar í alla staði eðlilegt. Frádráttur á kaupi barna, sem vinna í heimahúsum, er eftir anda laganna óeðlilegur, ef þau telja ekki fram til skatts. Því að upphæð sú, sem þannig hverfur undan skattskyldu húsföður, hverfur þá jafnframt algerlega undan skatti, en það væri ekki rjettlátt, borið saman við aðra, sem skattinn greiða.

Mjer finst sama máli gegna um kaup barns og kaup húsföður, sem eigi má telja til rekstrarkostnaðar bús. Af kaupi

barnsins auðgast annaðhvort bú húsföður eða barnið sjálft, en þar er skattstofn óskiftur.

Önnur brtt. á sama þskj. er við 13. gr. Brtt. fer fram á það, að manni og konu, sem búa saman, en eru ógift, sje heimilt að hafa 1000 krónur skattfrjálsar, sem væru þau hjón. Mjer fyndist þetta ekki svo óeðlilegt að vísu, ef þau ættu fyrir fjölskyldu að sjá. En annars hefi jeg svarað þessu við 2. umr., og svara því eins nú, að mjer finst ekki rjett að ala upp í mönnum hvöt til slíkrar sambúðar með sjerstöku skattfrelsi, og ekki er það í anda hjúskaparlöggjafarinnar.

Þriðja brtt. á sama þskj. er við 29. gr., og lýtur hún að kaupgjaldi skattanefndar. Brtt. þessi skiftir litlu máli og hefir enga róttæka þýðingu, og sje jeg enga ástæðu til að fjölyrða um hana hjer.

Þá er fjórða brtt. á þessu sama þskj. um það að fella 43. gr. burtu. En hún gerir húsráðendum að skyldu að greiða eignar- og tekjuskatt fyrir gjaldskylda menn, sem heimili eiga hjá þeim. Háttv. flm. gat þess í ræðu sinni, að svo gæti hæglega farið, að þetta leiddi til þess, að lögtak lenti á húsráðanda, ef heimilismaðurinn reyndist ófær til að inna skattinn af hendi.

Þetta er nú nánast lögfræðilegt atriði, sem jeg skal ekki fara út í hjer, en eftir því, sem lögtak hefir verið framkvæmt hingað til, geri jeg ekki ráð fyrir, að slíkt geti komið til nokkurra mála. Ákvæðið er aðeins sett til þess að ljetta innheimtuna, en ekki meiningin að færa gjaldskylduna af heimilismanninum yfir á húsráðanda. Jeg get ekki sannfærst af orðum háttv. flm. (Þorl. J.) um, að þörf sje á að fella greinina burt, en nefndin hefir vikið greininni lítið eitt til frá upphaflegum búningi.

Þá er fimta brtt. á þessu þskj., og er hún um það að fella 52. gr. niður, en í henni er ákvæði um það, að hækka megi eða lækka tekjuskatt fyrir eitt ár í senn með ákvæði í fjárlögum. Þessu ákvæði hefir verið haldið í sumum frv., en slept í sumum. Jeg veit ekki hvernig því reiðir af í frv. þeim, sem enn eru á leiðinni, en nefndin vildi ekki leggja til að sleppa því hjer. Fjhn. getur ekki fallist á þessa brtt., og yfirleitt engar af þeim brtt., sem nú hefi jeg minst á og athugað nokkuð.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) á þskj. 474. Hún er við d.-liðinn í 10. gr. Þar eru dagpeningar manna, sem verða að vera fjarverandi um stundarsakir frá heimilum sínum vegna starfa í almennings þarfir, ekki taldir til skattskyldra tekna. En hann vill láta fella þá niður úr gr.

Brtt. háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) hefir komið áður til umr. hjer, og sagði jeg þá skoðun mína á henni. Nú hefir nefndin í heild sinni heldur ekki sjeð sjer fært að taka hana til greina, þótt hún viðurkenni annars sanngirni hennar, ef hægt væri að þræða þar heppilegan meðalveg, sem þó mun ekki unt í framkvæmdinni, og leyfi jeg mjer annars að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um málið.

Þá er brtt. á þskj. 472, frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og gerir hún ráð fyrir alldjúptækum breytingum á frv., þar sem um er að ræða það, að frá skattskyldum tekjum megi draga arð af innborguðu hlutafje í hlutafjelögum. Hv. flm. (J. Þ.) ætlast til þess, að þetta verði til að koma á samræmi við annað svipað ákvæði, sem hugsað er að koma í gildi fyrir samvinnufjelögin. Jeg kannast að vísu við það, að að sumu leyti komist á samræmi milli fjelaganna með þessari till., en með því er alls ekki sagt, að það eigi að vera samræmi milli þeirra. Hjer er í rauninni um tvenns konar gagnólík fjelög að ræða, og

þess vegna eiga ákvæðin um skattskylduna líka að vera önnur. Samvinnufjelögin leggja upp óskiftilegan sjóð, sem er svo að segja almennings eign, en það gera hlutafjelögin ekki að öllum jafnaði. Þau eru háð hluthöfum sínum. Svo vinna þessi fjelög á alt annan veg og á alt öðrum grundvelli. Samvinnufjelögin vinna að því að bæta hagsmuni almennings, en hlutafjelögin vinna fyrir einstaklinginn. Af þessum og ýmsum fleiri ástæðum er það, að fjárhagsnefnd hefir ekki getað gengið að þessari brtt.

Önnur brtt. á sama þskj. fer fram á það að fella niður 23. gr., þar sem sagt er að skipa skuli á sjerstakan hátt tekju- og eignarskatti í Reykjavík. Þegar háttv. flm. (J. Þ.) gerði grein fyrir ástæðum sínum fyrir þessari brtt., verð jeg að segja, að jeg fjelst með sjálfum mjer á það, að margt mælti með brtt. Í rauninni er það tæpast hugsanlegt að hafa sama skipulag á þessu í Reykjavík og t. d. í strjálbygðum hjeruðum úti um land. En hins vegar sje jeg ekki, að í 23. gr. þurfi að felast nein ögrun til bæjarstjórnarinnar, um að neyða hana til þess, sem henni væri ógeðfelt í þessu efni. 23. gr. er því í sjálfu sjer ofurmeinlaus, þótt önnur skipun gæti kannske verið betri, og þess vegna hefir nefndin heldur ekki getað fallist á hana, nje álitið nauðsynlegar aðrar brtt. á sama þskj., enda eru hinar aðeins afleiðing hennar, sem jeg hefi þegar talað um, og skal jeg því ekki fjölyrða um þær.

Þá er brtt. á þskj. 410, frá háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), um það, að undanskilja skatti allar tekjur samvinnufjelaganna, aðrar en af viðskiftum utanfjelagsmanna. Þetta atriði hafði áður verið rætt í nefndinni, og bæði nefndarmönnum og háttv. deild mun fullkunnugt um afstöðu mína til þess máls og um það, að við í meiri hlutanum vorum fúsir til að taka þetta ákvæði upp. En af ýmsum ástæðum, sem hjer þarf ekki að rekja, en má vísa um til umr., sem áður hafa fram farið í sambandi við samvinnufrv., varð það ofan á að taka ekki upp þetta ákvæði, en veita nokkrar aðrar ívilnanir í staðinn. Þar sem álíta verður nú, að fengið hafi verið og ákveðið samkomulag um þá skipun, hefir nefndin nú ekki getað tekið upp þessa brtt., enda mundi þá þurfa að gera gagngerðar breytingar á ýmsum öðrum atriðum laganna; sjerstaklega yrði þá ósamræmi í 7. og 9. gr. Og þó að jeg fyrir mitt leyti sje samþykkur efni brtt., verð jeg að líta svo á, sem sæmilega sje búið um hag samvinnufjelaganna með þeim ákvæðum, sem þegar eru samþykt.

Þá er brtt. á þskj. 517, frá háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.), um hækkun tekju- og eignarskattsins um 35%, og hefir háttv. flm. áður talað um það mál í öðru sambandi. En hækkunin er svo gífurleg, að tæpast getur komið til mála að samþykkja hana, enda mundi hún koma mjög hart niður á hinum smærri gjaldendum. Nefndin getur því ekki mælt með þessari brtt. nú og álítur, að ekki eigi að samþykkja hana nú, hvað sem seinna kann að verða ofan á um þetta efni.

Þá er brtt. á þskj. 497, og má segja um hana, að traustlega sje um hana búið í upphafinu, þar sem að henni standa fjórir flutningsmenn. Hins vegar hafði jeg ekki gott næði til þess að hlusta á framsöguna. Brtt. gerir þó ráð fyrir því, að í stað 15. gr. komi ný grein, og held jeg að hún yrði ekki auðveld í framkvæmdinni, þótt hún gæti annars verið sanngjörn í sjálfu sjer. Erfiðleikarnir á því að skattleggja þannig vaxtaberandi innieign með 6% af vöxtum eru ýmsir, og hefir nefndin þess vegna ekki getað mælt með brtt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það hafa komið fram allmargar brtt. við frv. þetta, og þykir mjer því hlýða að fara nokkrum orðum um þær, og tek þær þá eftir röð.

Á þskj. 472 eru nokkrar brtt. frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og verð jeg að segja um þær, að jeg get ekki felt mig við þær, sjerstaklega er mjer illa við það ákvæði, sem 1. brtt. ræðir um, að alt sem borgað er út af hlutafjelagi í arð, skuli talið til tekna hjá hinum einstöku hluthöfum. Slíkt ákvæði rýrir tekjur ríkissjóðs að mjög miklum mun. Í stjórnarfrv. er farin sú leið að taka ákveðna hundraðstölu, er skattist hjá hluthafa, en hitt hjá fjelaginu. Sum af hlutafjelögum þessum eru stórgróðafjelög, og rísi slík fjelög hjer upp, þá er þetta stórtap fyrir ríkissjóð. Jeg skal játa, að tvískattaður er sá hluti af tekjunum, sem útborgaður er yfir 4%. En það er síður að skatta hærra fjelög heldur en einstaka menn, og það af ástæðum, sem yrði of langt að fara út í hjer, en sem jeg tel að öðru leyti á fullum rökum bygðar.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) bar þetta saman við samvinnufjelögin, og sagði arð hlutafjelaganna skattaðan, og þótti því ranglæti, að ágóði samvinnufjelaganna yrði ekki undir sama ákvæði. En þetta er ekki eins mikið ranglæti og það sýnist, því að svo er um mælt í lögum samvinnufjelaganna, að ágóði þessi sje ekki eign fjelagsins, heldur sje honum skift upp á milli fjelagsmanna, t. d. við áramót. Fjelögin geta því ekki ráðið yfir þessum hluta ágóðans, en hlutafjelögin geta það; þau ein ráða hvað þau gera við arðinn af sinni starfsemi. Þarna er sá mikli munur: að vera eigandi, eða vera ekki eigandi.

Þá er brtt. frá háttv. sama þm. (J. Þ.), um að 23. gr. frv. falli niður. Jeg skal játa, að jeg bjóst við, þegar jeg samdi frv., að bæjarstjórnin bæri fram frv. í svipaða átt og 1917, um breytingar á niðurjöfnun í Reykjavík. Undarlegt, að bæjarstjórnin áliti bráðnauðsynlegt að breyta þessu 1916—1917, en legðist svo á móti því nú. Það er ekki rjett, að þingið stoppaði framkvæmd þessa máls, heldur bæjarstjórnin sjálf. Jeg sat í nefnd þeirri á þingi það ár, sem hafði mál þetta til meðferðar, og það var, ef jeg man rjett, þegar málið átti að fara til 2. umr., að hætt var við alt saman.

Jeg sje ekki annað en að gr. þessi megi standa, þar sem samvinna milli ríkis og bæjar er eðlileg, og bærinn hlýtur að hafa mikið gagn af skattskránum. Það er altaf hagur að því að vinna saman, enda verður þá meiri sanngirni og samræmi í skattinum. Niðurjöfnunarnefndin, eða fyrirkomulag hennar hjer í Reykjavík, hlýtur að breytast. Það ástand, sem nú er, er lítt viðunandi.

Hinar brtt. sama háttv. þm. (J. Þ.) standa víst allar í sambandi við þessa, eða er ekki svo? (*J. Þ.*: Jú).

Þá er brtt. háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), um dagpeningana. Hana mun jeg ekki gera að kappsmáli eða ágreiningsatriði. Mjer skilst þó, að frá dagpeningum verði að minsta kosti að draga þann kostnað, er á legst. En vanalega eru dagpeningar þessir lítið hærri en svo, að þeir hrökkvi fyrir beinum kostnaði.

Brtt. á þskj. 477 hlýtur að falla niður, þar sem önnur nýrri er komin í staðinn, svo að um hana þarf jeg ekki að fjölyrða.

Þá er brtt. á þskj. 497, um að bankar og sparisjóðir skuli heimta inn skattinn af þeim arðberandi inneignum, er þeir hafa undir höndum. Jeg skal játa, að um það leyti sem frv. þetta var samið, varð tilrætt um, hvort hægt væri að fara þessa leið, en frá því var horfið, að dæmi annara þjóða, því að þær hafa ekki þorað

að taka þetta ákvæði upp í skattalöggjöf sína, af ótta við það, að menn myndu þá flytja peninga sína úr landi. Og slíkt er ekki útilokað hjer, þótt minni brögð yrðu kannske að því. Þó mælir ýmislegt með þessari till., en á móti henni er það, eins og hún nú er, að skatturinn fer ekki stighækkandi. Að öðru leyti legg jeg það á vald háttv. deildar, hvað hún gerir í þessu efni; jeg hefi bent á kosti og lesti brtt., og jeg skal bæta því við, að jeg þorði ekki að taka þetta ákvæði upp.

En jeg skal taka það fram, út af orðum háttv. frsm. (Sv. Ó.), að það er misskilningur hjá honum, að skattanefndum sje með till. gert erfiðara fyrir, heldur þvert á móti er þeim gert auðveldara í alla staði. Skattanefndirnar þurfa aldrei að fá þessar tekjur taldar fram. (*Sv. Ó.*: Jú, vegna eignarskattsins). Nei, það stendur, að eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts. (*Sv. Ó.*: Þá þarf að breyta 18. gr.) Nei, þess þarf ekki með.

Þá er brtt. á þskj. 503, frá háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) o. fl. Jeg vil benda háttv. flm. á það, viðvíkjandi 1. brtt. þeirra, að meiningin með umræddu ákvæði í 11. gr. er sú, að þeir, sem hafa uppkomin börn til vinnu, svari hlutfallslega sama skatti og þeir, sem ekki hafa slík börn. Og eftir reglunni á þá ekki að mega draga frá nema það skyldulið, sem eru sjálfstæðir gjaldendur. Og ef þetta ákvæði reyndist ósanngjarnt í einstaka tilfellum, þá er altaf hægt að láta barnið eða skyldmennið telja sjálft fram, svo að hlutaðeigendur hafa í sínu valdi að leiðrjetta þetta ranglæti.

Þá er 2. brtt. á sama þskj. við 13. gr., að fyrir „um hjón er að ræða, sem samvistum eru", komi: „fjelagsbú hjóna er að ræða, eða manns og konu, er saman búa ógift". Það er mjög óákveðið þetta, „sem saman búa ógift". Ef maður býr með ráðskonu, mætti eftir þessu draga undan 1000 krónur, en þó er það ekki rjett, því að ráðskonan er sjálfstæður gjaldandi. Yrði þessi brtt. samþykt, gæti þetta valdið ruglingi í framkvæmd laganna.

Þá er 3. brtt. við 29. gr. frv., og hljóðar um þóknun til skattanefnda. Mjer skilst, að það, sem háttv. flm. hafa á móti frv.-gr. sje það, að sveitarsjóðum sje gert að skyldu að greiða nokkurn hluta kostnaðarins; en á það ber þó að líta, að hreppsnefndir hafa mikið gagn að skattaskránum við niðurjöfnunina. Háttv. flm. (Þorl. J.) sagði, að hreppsnefndir hefðu haft framtalið með höndum, en nú er gert ráð fyrir, að framtalið falli burtu. (*Þorl. J.*: Já, framtalið undanfarið, en það hefir ekki þurft að greiða hreppstjórunum neitt fyrir það sjerstaklega). Já, en því síður verður borgað fyrir það framvegis, þegar það verður alls ekki framkvæmt.

Mjer er illa við að fella niður 43. gr., enda getur mjer engan veginn skilist, að það sje neinum vandkvæðum bundið fyrir húsb. að heimta inn skattinn hjá hjúum sínum. Það hlýtur líka að verða margfalt ljettara fyrir húsbóndann að ná gjaldinu heldur en ríkissjóð, sem ef til vill þarf að elta hjúið landshornanna í millum. Slíkt ákvæði sem þetta er líka í sóknargjaldalögunum og kirkjugjaldslögunum, og hefir enginn fundið það órjettlátt. Þ[illegible]s vegna finst mjer rjett að halda þessu ákvæði.

5. brtt. á þskj. 503 geri jeg ekki að neinu kappsmáli, og get því fallist á, að 52. gr. falli niður. Ákvæði gr. er nýmæli og tekið úr skattalöggjöf annara þjóða, og sem sagt, vilji háttv. deild heldur fella það niður, læt jeg mjer slíkt á sama standa. Þó vildi jeg benda á það, að það er ekki erfiðara að breyta tekjuskattsupphæðinni með almennum lögum en með fjárlögum. En trygging dálítil er í því

fólgin, að þetta má aðeins gera fyrir 1 ár í senn, en sje það gert með öðrum lögum en fjárlögum, þá gildir það þangað til þau lög eru afnumin.

Þá er brtt. á þskj. 511, frá háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), og get jeg tekið í sama strenginn og háttv. frsm. (Sv. Ó.), að mjer finst brtt. þessi ekki eiga heima á þessum stað, og heldur engin þörf á henni. Mjer finst líka, að hún geti valdið ruglingi, og vildi því mega mælast til þess, að háttv. flm. taki hana aftur.

Þá er brtt. á þskj. 517, frá háttv. samþingismanni mínum (J. S.), og fram komin til þess að geta losnað við útflutningsgjald. Jeg verð nú að segja, að verði brtt. þessi samþykt, þá verður skatturinn svo hár, að búast má við, að hann verði óvinsæll. Og þó að jeg sje á móti útflutningsgjaldi, þá hlýtur að mega finna betri útvegi en þennan. Slík hækkun sem þessi getur haft slæm áhrif á tekjuskattsframkvæmdirnar, sjerstaklega þó í byrjun. Þar að auki er jeg ekki viss um, að þessi 35% sje nógu hátt, til þess að vega upp á móti útflutningsgjaldinu. Og jeg vildi óska þess, að við þyrftum ekki bæði að hækka tekjuskattinn og hafa útflutningsgjald.

Þá er það síðasta brtt. á þskj. 525, frá háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Og skal jeg þá taka þegar fram um hana, að hún er langverst og fráleitust af öllum brtt., sem fram hafa komið við frv. þetta, enda rýrir hún svo tekjurnar frá því, sem ætlast var til í upphafi, að jeg vil heldur að frv. sje felt frá þessari umr. en að hún nái fram að ganga. Hjer er áreiðanlega um það að ræða að sleppa að minsta kosti helmingi allra þeirra gjaldenda, sem frv. ráðgerir, og hlýtur það að verða stórkostleg tekjurýrnun. Allir einhleypir menn myndu sleppa undan, en lágmarksákvæðið í frv. var sett til þess að ná í slíka menn, sem annars greiða sama og ekkert til opinberra þarfa. Mjer skilst, að háttv. flm. till. miði hana við embættismannalaun, enda er hann orðinn alkunnur hjer í deildinni fyrir það að halda uppi svörum fyrir þá og þeirra rjett, og ætla jeg ekki að lasta það; en þegar hann í þessu sambandi heldur því fram, að margt smátt geri ekki eitt stórt, þá verð jeg að segja það, að þar er jeg á gagnstæðri skoðun. Það munar einmitt um þessar smátekjur; það er það, sem dregur sig saman; þess vegna megum við ekki við að sleppa öllum þessum fjölda gjaldenda. Víst er um það, að mjer vitanlega hefir engin þjóð enn sjeð sjer fært að hækka tekjulágmarkið svona mikið, þrátt fyrir alla dýrtíð.

Jakob Möller: Við 2. umr. þessa máls gerði jeg hálft í hvoru ráð fyrir að koma fram með brtt. til 3. umr., í sambandi við skattskyldu samvinnufjelaga. En svo sá jeg, að háttv. samþm. minn, háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hafði borið hjer fram brtt., sem jeg get felt mig við. Að vísu geri jeg ekki ráð fyrir, að hún nái fram að ganga, og dylst heldur ekki, að rjettara hefði verið að fara þá leið, sem jeg benti á við 2. umr.

Háttv. frsm. (Sv. Ó.) láðist að taka það fram, að um brtt. á þskj. 472 hefðu nefndarmenn áskilið sjer óbundin atkvæði. Get jeg fyrir mitt leyti vel gengið inn á það, sem í þessari till. felst, að um þessi fjelög eigi að gildi sömu reglur í þessu efni og um samvinnufjelögin. Mjer finst, að þessir menn hafi hjer sömu rjettlætiskröfur og samvinnufjelagsmenn hafa að dómi deildarinnar. Að vísu dylst mjer ekki, að það muni erfiðara að ná inn skattinum hjá meðlimum hlutafjelaga en samvinnufjelaga, vegna þess, að hlutabrjef eru oftast gefin út á handhafa. En það út af fyrir sig finst mjer ekki næg ástæða til þess að vera á móti þessari brtt.

Annars finst mjer ekki ástæða til að vera að ræða þetta mikið. Jeg get alls ekki viðurkent þann greinarmun, sem hæstv. fjrh. (M. G.) vildi gera á fjelögum þessum. Verslun er þó altaf verslun, hvort sem um hlutafjelag eða samvinnufjelag er að ræða, og hver maður á að greiða skatt af atvinnurekstri sínum, hvaða nafni sem hann er kallaður.

Jeg þarf svo ekki miklu að bæta við það, sem háttv. frsm. (Sv. Ó.) tók fram, en vil þó minnast örfáum orðum á brtt. á þskj. 497. Jeg viðurkenni tilgang þann, sem að baki brtt. felst, að auðnáðari verði skatturinn, en á hinn bóginn er hún þó svo gölluð, að jeg get alls ekki á hana fallist.

Innieignir manna í bönkum eru oft engar eignir. Menn taka iðulega lán og leggja það inn í banka um stundarsakir, þangað til þeir þurfa á fjenu að halda. Sje jeg ekki að hægt sje, samkvæmt brtt., að undanþiggja slíkt fje skattinum, en hinsvegar alrangt að taka af því skatt. Ennfremur gæti þetta ákvæði komið í bág við það, að viss hluti af eignum manna á að vera skattfrjáls.

Loks má geta þess, að þessi skattur verður tilfinnanlega hár af smærri upphæðum, en margfalt lægri af stórum upphæðum heldur en frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir. Að því leyti fer þessi brtt. í þveröfuga átt. Að öðru leyti get jeg svo undirstrikað orð háttv. frsm. (Sv. Ó.).

Þórarinn Jónsson: Jeg ætlaði raunar ekki að taka hjer til máls, en sje, að jeg get sparað mjer hjer umræður um annað mál, ef jeg tala nú. Það er nefnilega hjer á ferðinni brtt. á þskj. 517, sem stendur í sambandi við 1. málið á dagskránni, útflutningsgjaldið. Þessi brtt. er frá háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) og fjallar um að heimila stjórninni að hækka skattinn á næsta ári um 35%, og er hún fram komin vegna þess að þessi háttv. þm. (J. S.) vill ekki að útflutningsgjaldið verði samþ.

Fyrst er þá að aðgæta það, að þessi hækkun er æðimikil. Þessi skattur er í raun og veru byrjunarskattur, þótt hann hafi verið til áður að nafninu. Og jeg óttast, að sje hann gerður mjög hár í fyrstu, þá muni að minsta kosti sumir freistast til að telja varlega fram tekjurnar. Er þá illa farið, því að mikils er um vert, að fyrstu sporin sjeu ávalt vel trygð. Og ef nú sú verður raunin á, að menn draga undan tekjurnar, þá er ekki gott um það að spá, hversu mikið muni vinnast með þessari hækkun. Annars reiknar hæstv. stjórn, að mínu áliti, tekjurnar af þessum skatti langt of hátt. Tekjur manna hljóta að verða minni á þessu ári en undanfarið, og langtum færri, sem ná í skatt. Að vísu lækkaði háttv. þm. (J. S.) þessa áætlun stjórnarinnar niður í 7—8 hundruð þús. kr. En jeg fyrir mitt leyti vildi lækka þá áætlun enn meira. En þó að við þetta væri miðað, þá yrði hækkunin samkvæmt brtt. ekki nema 250 þús. kr., en útflutningsgjald mun nema að minsta kosti 350—400 þús. kr. Það mun því vera um ugglaust tap að ræða fyrir ríkissjóðinn, ef horfið verður að þessu ráði háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.).

Þessi háttv. þm. (J. S.) kvaðst vera andvígur útflutningsgjaldi, og kvað það ósanngjarnt. Jeg er honum samdóma í því efni. En þegar tekjuhalli ríkissjóðs er svo mikill sem nú, þá hika jeg ekki við að leggja til, að útflutningsgjald sje lagt á íslenskar afurðir á næsta ári. Jeg geng þess ekki dulinn, að framleiðendur þyrftu nú hjálpar við, en þó vil jeg láta þá leggja þennan skatt á sig, til þess að þeir þurfi ekki að horfa á tekjuhalla ríkissjóðsins. Að öðrum kosti sje jeg ekki annað en taka verði eyðslulán, en það er hið mesta óráð í mínum augum, og alt til þess vinnandi, að til slíks örþrifaráðs þurfi ekki að grípa.

Þá vil jeg með örfáum orðum minnast á

brtt. á þskj. 497, sem þessi sami háttv. þm. (J. S.) er flutningsmaður að, ásamt nokkrum fleiri háttv. þm. Þar er gert ráð fyrir, að skatturinn hækki allmikið á lægri upphæðum, en lækki á hinum hærri. Jeg get nú vel viðurkent, að tekjuskattur sje í sjálfu sjer rjettlátur, en hann er því aðeins rjettlátur, að rjettlátlega sje með hann farið. Og þá kalla jeg rjettlátlega með skattinn farið, ef hann hækkar eftir því, sem skattskyldu upphæðirnar vaxa. En þessi till. fer hjer algerlega í gagnstæða átt.

Jeg hefi nú að gamni mínu borið saman skatt af nokkrum upphæðum eftir þessari brtt. og eftir stj.frv.

Ef einhver á í banka 15 þús. kr., þá þarf hann að greiða af því 45 kr. í skatt samkvæmt brtt., en ca. 10 krónur samkvæmt stjórnarfrv. Ef nú sami maður á 50 þús. kr., þá greiðir hann af þeim eftir till. 1500 kr., en samkvæmt frv. 2121 kr.

Mega nú allir sjá, að hjer er um sýnilegt órjettlæti að ræða, ef þessi till. verður samþ.

Enn vil jeg taka sömu dæmi og áður, og sýna hvernig þá lítur út tekjuskatturinn, ef báðar till. 2. þm. Skagf. (J. S.) verða samþ. Þá greiðir maður af 15 þús. kr. 45 kr. + 35% = 60.75 kr., en eftir frv. ca. 13 kr. Og af 500 þús. kr. 1500 kr. + 35% = 1925 kr., en eftir frv. með sömu hækkun kr. 2963.35. Svo ekki tekur betra við fyrir það.

Till. hefir að vísu þá kosti, að hægra verður að heimta inn skattinn, en þó tel jeg ekki ugglaust, að menn geti ekki falið fje sitt á vöxtum, eða sett það inn í banka undir gervinöfnum. Jeg tel því þessa till. alls ekki hagkvæma og mun greiða atkv. á móti henni.

Ef farið er eftir tekjuskattsskala stjórnarfrv., þá kemur enn betur í ljós ranglætið í till. Að vísu má það vel vera, að hægt sje að koma þessu heppilegar fyrir en gert er í frv., en jeg fæ ekki sjeð það, að minsta kosti ekki í svip.

Jeg hefi gert þennan samanburð til þess að sýna, að varhugavert sje að samþ. þessar brtt., og því rjettara að hverfa að því ráði að samþ. útflutningsgjaldið.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki eyða mörgum orðum til þess að verja brtt. mína á þskj. 525. Háttv. frsm. (Sv. Ó.) var henni ekki fjandsamlegur, sem vænta mátti eftir fyrri orðum hans, enda býst jeg heldur ekki við, að hægt sje, frá sanngirninnar sjónarmiði, að vera henni andvígur.

Það var þá líka frá alt öðrum bæjardyrum, sem hæstv. fjrh. (M. G.) leit á hana þeim fjandskaparaugum, sem raun er á orðin. Það er auðvitað, að hún rýrir tekjurnar af frv. En þá mætti alveg með sama rjetti segja, að stjórnin hafi rýrt tekjurnar af frv. með því að ákveða ekki allan skattstigann hærri. Hjer er um meðalhóf að ræða, sem verður að þræða, hlutfall milli gjaldþols manna og teknaþarfa ríkissjóðs, og brtt. mín er ekki stíluð út frá því að ekki sje nóg tekjuþörfin, heldur út frá hinu, að gjaldþol smámennanna sje býsna takmarkað. Og þá þykir mjer hæstv. fjrh. (M. G.) fara nokkuð frekt í sakirnar, þegar hann býst til að taka þetta frv. út og önnur fleiri, ef brtt. mín verður samþ., og undarleg ráðstöfun, því að ekki nær hann fremur í einhleypingana sína með gömlu tekjuskattslögunum. Annars skal jeg ekki þrátta við hæstv. fjrh. (M. G.) um það, því að hann er sjálfráður um það, hvort hann tekur frv. aftur, ef brtt. mín verður samþ. Já, hann mætti meira að segja fyrir mjer leggja niður völd út af því.

Jeg skal annars ekki orðlengja þetta frekar, en bara segja enn: Ef skattfrjálsu upphæðirnar, 500 og 1000 kr., eru rjettar og heppilegar, þegar miðað er við lengri

tíma, og það hljóta slík lög að gera, — þá er líka rjettlátt að leggja á þær einhverja hækkun á slíkum tímum sem nú, þegar þessar upphæðir eru í raun rjettri ekki nema 200 og 400 krónur. Þetta sný jeg ekki aftur með. — Hvað sem hæstv. fjrh. (M. G.) segir um, að helmingur gjaldþegna komist undan gjaldi, þá snertir það ekkert þetta mál. Ef þeir hafa svo lágar tekjur nú, þá fara þær, er dýrtíð linnir, hvort sem er niður úr þessu takmarki, og hví mega þær þá ekki fara það nú alt eins? Og þetta um „margt smátt og eitt stórt", sem ávalt klingir hjer, það fer nú að verða þreytandi, en það er býsna villandi, þegar hv. fjrh. (M.G.) talar um helming gjaldendanna, alveg eins og hann ætlist til, að það skiljist svo, að helmingur skattsins tapist. En nú er því í raun og veru svo varið, að af þessum gjöldum, sem tapast mundu, þarf um 150 gjaldendur á móti einum, sem hefir um 20000 kr. tekjur, og enginn þessara 150 er fær um að borga skattinn á móts við þennan eina. Ef ná þarf tekjum, og það efast enginn um, þá er miklu nær að herða ofurlítið enn á hæstu tekjunum, en ekki nurla skildinga ekkjunnar fátæku.

Jeg nefndi ekki verðstuðul í brtt. minni vegna þess, að óvíst er, að því fyrirkomulagi verði áfram haldið að bæta upp eftir verðstuðli, en tekin einhver önnur aðferð.

Jeg mótmæli algerlega þeirri aðdróttun, að jeg sje málsvari embættismanna, eða hafi gefið tilefni til slíkra ummæla frá hæstv. fjrh. (M. G.) með framkomu minni hjer. Hann miðar það sennilega við það, að jeg andmælti lögleysunni, sem hjer var framin með lækkun samningsbundinnar greiðslu, og hefði jeg gert það jafnt hvort embættismenn eða aðrir hefðu átt í hlut. Jeg miðaði þessar 10 þús. kr. heldur alls ekki við laun embættismanna, því að þá hefði jeg nefnt 9500, en jeg miðaði það við það, að þegar komið væri yfir 10 þús. kr. væri ekki ástæða til að draga af mönnum eða hlífa við fullum skatti.

Brtt. miðar að því einu að leitast við að ná þar í fje, sem fje er til, en ekki þrífa bitann frá munni fátæklings, þó að fjárþörf sje í ríkissjóð. Jeg veit, að þar er fjárskortur, en það er víðar fjárþröng nú.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg átti von á, að það mundi þjóta eitthvað í skjánum hjá háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) út af undirtektum mínum undir brtt. hans. En þennan hvalablástur tel jeg mig litlu skifta. Jeg vissi fyr, að hann vill gjarna, að jeg segi af mjer embætti, en mun ekki um það hirða, þótt hann flaggi með því. Jeg endurtek það, að ef till. hans verður samþykt, tek jeg frv. aftur. Hans brtt. er svo hvatskeytleg og ber vott um svo mikið ábyrgðarleysi í fjármálum ríkissjóðs, að hún má ekki verða samþykt. Háttv. þm. (M. J.) játar sjálfur, að till. muni valda því, að gjaldendum fækki um helming, og væri það nú kann ske fyrir sig, en verra er hitt, að hún veldur því, að sumir þeirra gjaldenda falla burt, sem síst skyldi.

Háttv. þm. (M. J.) kvaðst koma með þessa brtt. í nafni mannúðarinnar og prjedikaði talsvert um það, sem og eigi var óviðeigandi af þessum fyrverandi kennimanni, en hann gleymdi aðeins því, að í raun og veru eru allir skattar ómannúðarlegir, en tekjuskattur síst, svo að hann hefði átt að halda þessa ræðu við annað tækifæri. Og ef jeg vildi semja mig að háttum lýðskrumara, skyldi jeg halda miklu hjartnæmari ræðu en háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) gerði, en jeg mundi gera það út af t. d. sykurtolli, sem verður að greiðast jafnt af ríkum og fátækum, og er ómissandi nauðsynjavara, en jeg mundi ekki setja slíka ræðu í samband við tekjuskattinn, því að það er viðurkent, að hann er sanngjarnastur allra skatta.

Hv. þm. (M. J.) vildi taka háan skatt af háu tekjunum, en hverjir og hversu margir verða það, sem munu hafa háar tekjur næstu árin? Getur háttv. þm. (M. J.) svarað því? Jeg hygg ekki, og hvar á þá ríkissjóður að taka fje til sinna greiðslna, því að vart mun háttv. þm. (M. J.) gefa eftir laun sín. Jeg býst við, að háttv. þm. (M. J.) vilji þá láta taka lán til þess að jafna hallann, en það er barnalegt úrræði, því að það getur þó ekki til lengdar orðið úrræðið að taka lán á lán ofan, því að það dregur að skuldadögum.

Háttv. þm. (M. J.) reiddist af því, að jeg kallaði hann málsvara embættismanna. Hann um það, en jeg tek ekkert aftur af því, er jeg sagði.

Jón Sigurðsson: Jeg ætlaði ekki að taka til máls í þetta sinn, en háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) ýtti svo við mjer, að jeg get ekki setið hjá, án þess að segja nokkur orð. Hann gat mín í lok ræðu sinnar, sjerstaklega í sambandi við till., sem við 4 flm. eigum á þskj. 497, og þótti mjer það einkennilegt, þar sem jeg er ekki fyrsti flutningsmaður hennar. Það er ekki þann veg, að mjer þætti vansæmd að þessu, síður en svo. Þótt jeg sje ekki frsm. að till., þá vil jeg gera grein fyrir því, úr því að á mig er yrt í þessu sambandi, hvað fyrir mjer vakti, er jeg gerðist flm. hennar.

Háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) gaf það í skyn, að jeg krefðist rjettlætis til handa framleiðendum, en gerði þó jafnframt mitt til að færa rjettlætið úr lagi, og færði það til sjerstaklega, að þessi brtt. mín á þskj. 497 gerði það að verkum, að skatturinn kæmi lítið niður á hærri upphæðunum.

Það má vel vera að það sje rjett, að það komi tiltölulega ljettar niður á háar upphæðir í bönkum og sparisjóðum, en það kemur ekki fram fyr en tekjurnar hafa náð vissu hámarki, og það mark er svo hátt, að fáir eða engir munu hafa náð því. En þetta sem aðrar frumsmíðar stendur til bóta.

Í tillögu okkar er gert ráð fyrir, að bankar og sparisjóðir greiði skatta af tekjum einstaklinga af innstæðum þeirra. Eftir lögunum á hver einstakur að borga af sínum tekjum, þessum sem öðrum. Til þess að fá vitneskju um tekjur manna af vaxtafje, verða skattanefndir að skrifa bönkum og sparisjóðum og spyrjast fyrir um hvern einstakan gjaldanda. Ef þetta ætti að koma að fullum notum, nást í allar slíkar skattskyldar tekjur, þyrfti hver einasta skattanefnd að skrifa öllum peningastofnunum á landinu, sem eru svo mörgum tugum skiftir, fyrirspurnir um allan þorra gjaldenda í hverjum hreppi. Þetta er lítt framkvæmanlegt verk; skattanefndirnar skrifa nær eingöngu þeim peningastofnunum, sem næstar þeim eru. Sparisjóðsstjórnir kvarta því mjög um, að ýmsir taki út fje sitt og setji það á vöxtu í sparisjóðum, er lengra eru í burtu, eða láni það einstökum mönnum, eða jafnvel leggi það í erlenda banka.

Það er jafnvel svo komið, að margir leggja fje inn undir gervinafni, eða þá að ekkert nafn er tilfært í bókunum. Og þegar skattanefndirnar spyrjast fyrir um eigendurna, getur bankinn eða sparisjóðurinn ekki gefið upp nöfn eigendanna, og komast því þessar innieignir alveg undan skatti.

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að það væri ekki unt fyrir banka að greiða skatt af þessu fje, ef hann vissi ekki um eigandann, en eftir tillögunni eru bankarnir skyldaðir til að greiða skattinn, hver sem eigandinn er. Það færist aðeins sem frádráttur á reikninginn, og skattanefndin þarf þá heldur ekki að vita, hvað hver einstakur á.

Sparisjóðsstjórnir bera skattanefndum

það á brýn, að þær leggi sparisjóði of mjög í einelti og að ekki sje grenslast eins eftir annarsstaðar um hag manna, svo að sparisjóðirnir bíði stórtjón af þessum ákvæðum skattalaganna. En með brtt. okkar er algerlega fyrir þetta girt og margt annað, sem jeg hefi áður drepið á.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta. En úr því að jeg stóð upp, vildi jeg aftur minnast örfáum orðum á brtt. á þskj. 517, og þá sjerstaklega út af ummælum háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.). Hann gat þess, að hann vildi eingöngu leggja útflutningsgjaldið á framleiðendurna, til þess að forðast það, að landið þyrfti að taka lán. Jeg er líka sannfærður um, að framleiðendur munu fúsir til að taka á sig gjöld, að þeir muni síst af öllum skorast undan þeim. Jeg býst við, að jeg geti talað þar fyrir munn okkar allra framleiðenda. En við viljum, að fleiri beri gjöldin en útflytjendur; við krefjumst rjettlætis og samræmis í skattalöggjöfinni sem á öðrum sviðum, en ekki hlunnindа handa einstökum stjettum þjóðfjelagsins. Það er það eina, sem jeg fer fram á í tillögu minni.

Ef gert er ráð fyrir, að tekju- og eignarskatturinn ætti að greiðast af 30 þús. manna — sú tala er vitanlega áætlun — en eftir lögunum er það nálega hver vinnufær maður, sem verður skattskyldur. Ef svo er gert ráð fyrir, að framleiðendur sjeu 10 þúsund, og upphæðin um 260 þús. kr., sem gert er ráð fyrir, að útflutningsgjaldið gefi af sjer, þá ætti það að liggja öllum í augum uppi, að það er ekki sama hvort 260 þús. kr. deilast niður á 30 þús. gjaldendur eða aðeins á 10 þúsund gjaldendur.

Ef það er því rjett, sem háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) hjelt fram, að það sje tilfinnanlegt að borga þetta gjald sem tekju- og eignarskatt, þá geta allir sjeð, hversu langtum tilfinnanlegra þetta er fyrir ⅔ færri gjaldendur.

Einn af vinum mínum hjer í deildinni sagði við mig áðan, að jeg mundi eiga í þetta skifti fáa skoðanabræður, en af því að jeg er sannfærður um, að jeg berst fyrir rjettu máli, þá læt jeg mig engu skifta sjálfs mín vegna, þótt jeg standi einn uppi með þessa skoðun.

Jón Þorláksson: Út af því, sem sagt hefir verið um brtt. mína, þá vildi jeg aðeins drepa á þær tvær ástæður, er háttv. frsm. (Sv. Ó.) nefndi um hlutafjelögin og samvinnufjelögin.

Hann sagði, að samvinnufjelögin söfnuðu í sjóði, sem væru almennings eign, en hlutafjelögin ekki. En þetta kemur ekki beint málinu við. Tillaga mín fer aðeins fram á að skattleggja ekki þann hluta arðsins, sem kæmi til úthlutunar til hluthafa í hlutafjelögum, vegna þess, að tilsvarandi arður er samkvæmt frv. ekki skattlagður hjá samvinnufjelögum, en fjallar á engan hátt um þann hluta arðsins, sem lagður er í sjóði. Það er auk þess rangt, að sjóður samvinnufjelaga sje almennings eign, því að hann er eign fjelagsins meðan það starfar, þó að sett sjeu nokkurskonar ákvæði um erfðarjett til annara fjelaga eða hjeraða, ef samvinnufjelag líður undir lok. Þess vegna er ekki heldur rjett að undanþiggja þá skatti, meðan þeir eru eign starfandi fjelags. Þeir ættu ekki að vera undanþegnir skatti fremur en eignir einstakra manna, af því, að eftir lögum er ákveðið, hverjir skuli erfa þær.

Háttv. frsm. (Sv. Ó.) lýsti því í raun inni yfir, að tilgangur samvinnufjelaga og hlutafjelaga væri sá sami. Hann sagði nefnilega, að samvinnufjelögin miðuðu að því að bæta hag fjelagsmanna sinna, en hlutafjelögin vildu styðja hagsmuni sinna

fjelaga; þetta er öldungis sama, enda eru hvortveggja fjelögin rekin í hagsmunaskyni, engu síður samvinnufjelögin en hlutafjelögin. Og þótt það sje máske ekki mjög títt, að hlutafjelög sjeu starfrækt hjer fremur í þeim tilgangi að halda uppi þarflegri starfsemi en í gróðaskyni fyrir hluthafa, þá eru slíks þó nokkur dæmi, og ættu slík hlutafjelög þá meiri rjett til undanþágu frá sköttum en samvinnufjelögin alment.

Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta þau ummæli hæstv. fjrh. (M. G.), **að þessi útborgaði** arður samvinnufjelaganna verði aldrei eign þeirra, því að það sje fyrirfram ákveðið að borga hann út, og því eigi ekki að skattleggja hann. Það er nú kannske rjett, að hann sje ekki eign fjelaganna, þegar búið er að ákveða hann og færa hann yfir á reikninga hvers einstaks fjelagsmanns í bókunum. En jeg veit, að hæstv. fjrh. (M. G.) muni sannfærast um það, þegar hann athugar málið, að t. d. eigendur Sláturfjelagsins, sem fá því vörur til sölu, geta ekki gert kröfu um arð eða talið hann fjelaginu til skuldar, fyr en reikningsárinu er lokið og búið er að færa arðinn yfir á nöfn einstakra fjelagsmanna eða að ákveða að borga hann út. Allur arðurinn er eign fjelagsins uns þessi athöfn er um garð gengin, annaðhvort að ákveða að borga hann út eða yfirfæra hann á nafn.

Og það er þá alveg tilsvarandi athöfn hjá hlutafjelögunum, þegar þau ákveða að borga út allan arð sinn. Af þeirri ástæðu er það ekki fremur rjettlátt að skattleggja þennan hluta arðsins hjá hlutafjelögum en hjá samvinnufjelögum. En mín tillaga fer nú ekki fram á það, að skattleggja hann hjá samvinnufjelögunum, því að jeg veit, að það mundi ekki fá framgang, heldur vildi jeg, að samræmi væri komið þar á með því, að útborgaður arður hlutafjelaga yrði einnig undanþeginn skattgjaldi.

Hæstv. fjrh. (M. G.) **lýsti því yfir, að** ekki væri ástæða til, að breytt yrði ákvæðinu um niðurjöfnunina í Reykjavík, vegna þess, að ákvæðið verði ekki látið koma til framkvæmda nema samkomulag náist við bæjarstjórnina. Jeg efast ekki um, að hann geti lofað því, að svo skuli verða í hans tíð, en það er naumast bindandi fyrir eftirkomendur hans. Því að ef lögin verða samþykt eins og þau eru núna, þá áskilja þau ekki, að samþykki bæjarstjórnarinnar skuli til koma. Jeg get þess vegna ekki fundið neina ástæðu til að falla frá brtt.

Mjer finst ástæða til að henda á lofti þau ummæli hæstv. fjrh. (M. G.), að ekki sje auðveldara að breyta hundraðsgjaldinu með fjárlagaákvæði en með venjulegum lögum. Þetta er ekki rjett, því að ef heimilt er að breyta þessu með fjárlögum, þá þarf ekki nema eina umr. í deildinni, og ekki einu **sinni að ná samþ.** beggja deilda. Hjer er því óþarfur hinn mikli hreinsunareldur, sem einföld lög þurfa að ganga í gegn um.

Jeg er hræddur um, að tekjuskatturinn muni aðallega lenda á sjávarútgerðarmönnum og embættismönnum, **en landbændur** sleppi. Og ef sú yrði reyndin, og það er hætt við því, þá yrði óheppilegt að gera þennan skatt hreyfanlegan.

Einar Þorgilsson: Mig furðar á því, hvað eins skýrt erindi og brtt. á þskj. 497 getur skolast fyrir háttv. frsm. fjhn. (Sv. Ó.). Hann sagðist ekki hafa tekið eftir því, sem mælti með till. Ef hann hefir lesið till., þá hlýtur hann þó að hafa fengið skýringu á þessu.

Enn fremur sagði hann, að erfitt væri fyrir skattanefndir úti um land að leita sjer upplýsinga suður í löndum um inn-

eignir manna í bönkum og sparisjóðum. Þetta er ekki rjett skilið hjá háttv. þm., því að eftir brtt. hafa skattanefndir ekkert að gera með það að vita um eignir manna í sjóðum. Till. ber með sjer, að það eru stjórnir banka og sparisjóða, sem eiga að reikna út skatt af inneignum manna, og skila honum til ríkissjóðs.

Jeg tók það fram í framsöguræðu minni, að oft væri erfitt að fá hið rjetta og sanna að vita í þessu efni, því að það væri ekki óalgengt, að menn legðu fje inn í sparisjóði undir gervinöfnum.

Það er því höfuðkostur till. að losa skattanefndir við þá erfiðleika, að leita að því, sem þær ef til vill geta ekki fundið. Það er líka valt að ætla, að menn segi rjett til um slíkar eignir; mönnum er þetta viðkvæmt mál, enda þótt þeir sjeu fúsir til að greiða skattinn.

Hæstv. fjrh. (M. G.) fann brtt. það til foráttu, að hætt væri við því, að menn flyttu inneignir sínar til útlanda, til að fá þær skattfrjálsar. Þetta get jeg ekki fallist hjá hæstv. fjrh. (M. G.), því að eftir því sem skattar eru þar í öðrum greinum, þá býst jeg ekki við, að peningainneignir sjeu skattfrjálsar. En ef til slíks kæmi, þá gefur frv. engu síður en brtt. ástæðu til þess. Jeg verð því að álíta þessa mótbáru einskis virði.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) kvaðst hafa athugað till. og fundið þar fleiri galla en kosti. Meðal annars sagði hann, að upphæðir, sem væru í sjóðum, gætu verið villandi, því að þær gætu verið að láni. En þar hefir víst háttv. þm. (Jak. M.) átt við hlaupareikninga, en vextir af því fje eru ekki svo miklir, að lítill hundraðshluti yrði mikil upphæð, enda þeim mönnum, sem þannig velta fje, sjaldnast vorkent að greiða skatta, enda eru það venjulega umsvifameiri starfsmenn.

Það, sem vakir fyrir okkur till.mönnum, er það, að auðveldara sje að innkalla skattinn og komast hjá því að þurfa að grenslast eftir inneignum einstakra manna.

Háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) reiknaði allmörg dæmi og fann það út, að 1% gjald væri of hátt eða lágt í samræmi við frv. Jeg skal viðurkenna, að það er einn galli á till., og það er, að stigbreyting hefði átt að vera á gjaldi af arði inneigna. En það er hægt að samþykkja till. fyrir því hjer í háttv. deild, því að það má fá því breytt í Ed. Þetta þyrfti að reikna í 5—6 stigum.

Af 100.000 kr. inneign í banka fást 5000 kr. í árstekjur með 5% ársvöxtum. Og eftir okkar 6% afgjaldi yrði þá skatturinn 300 kr. Þetta er því dálítið lægra en það yrði eftir frv. En það er vandalaust að koma því í samræmi við frv.

Það hefir verið sagt, að það væri ekki eftir anda frv. að gjalda skatt af inneignum alt upp að 5000 kr.

Jeg álít, að það sje meiningarlaust að hafa slíkt fje skattfrjálst. Við skulum taka t. d. einhleypa menn, sem hefðu fyrir engum að sjá og hefðu erft fje, sem lægi á vöxtum. Væri sanngjarnt að láta þá vera skattfrjálsa, en láta mann, sem á húskofa, gjalda skatt, þótt kofinn sje margveðsettur, svo að engin eign sje í honum fram yfir áhvílandi veðskuldir

Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta mál, en vona, að háttv. deild samþykki þessa till., enda þótt þessi eini galli sje á henni, því að eins og jeg benti á áðan, getur háttv. Ed. ráðið bót á því, með því að hafa hundraðsgjaldið hærra af háu vöxtunum en þeim lægri, svo að í nákvæmu samræmi væri við eignartekjufrv.

Þórarinn Jónsson: Það er auðvitað, að það er auðveldur vegur til að ná í tekjur, þetta sem farið er fram á í brtt. á þskj. 497. En hann er ekki að sama skapi rjett-

látur. Eftir till. á að taka hlutfallslega jafnt af þeim, sem eiga litlar upphæðir, og þeim, sem eiga háar inni í bönkum eða sparisjóðum. Þetta held jeg geti orðið til þess, að þeir, sem eiga litlar upphæðir í inneignum, mundu taka þær út. Önnur ástæða er mikils virði, hún gerir auðveldara að ná inn skattinum og mönnum gert erfiðara að leyna eignum sínum.

Jeg geri ráð fyrir, að stjórnir þessara stofnana (banka og sparisjóða) láti sveitarstjórnum í tje allar uplýsingar um inneignir manna. Þetta gæti orðið mikill ljettir fyrir sveitarstjórnir, því að það vill oft ganga illa að fá menn til að gefa upp inneignir sínar.

Háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) sagði, viðvíkjandi tekju- og eignarskatti, að hann væri rjettlátari en útflutningsgjald. Þetta get jeg fallist á. Það kemur jafnast og rjettast niður að láta menn greiða opinber gjöld eftir eignum sínum og tekjum, og engu öðru. Hin aðferðin, að leggja á útflutningsgjald og tolla, er óheppilegri, því að leggja á framleiðslu eða veltu hlýtur altaf að verða að meira eða minna leyti ósanngjarnt. En þetta gamla fyrirkomulag getur ekki verið til frambúðar, og dagar þess fara að verða taldir. En hins vegar ber á það að líta, að tekjuþörf ríkisins er mikil nú, og er varhugavert að tefla svo út í tvísýnuna að afnema gömlu tekjustofnana og treysta á þá nýju. Enginn veit, hvað inn kann að koma af tekju- og eignarskatti. Það er ekki víst nema tilkostnaður verði nærri eins mikill og tekjurnar. Það er því athugavert að treysta um of á þennan nýja og óreynda tekjustofn, þó að hann sje að mörgu leyti rjettlátari og heppilegri en það, sem fyrir er.

Það er satt, að útflutningsgjald kemur aðallega niður á framleiðendum, en þeir standa einnig best að vígi með að greiða skatta. Þó að tap verði á framleiðslu, þá er framleiðslustofninn eftir, og ef hann er ekki fær um að bera gjöld, þá eru aðrir það ekki fremur. Auk þess má benda á, að framleiðendur eiga yfirleitt hægra með að framfleyta sjer og sínum heldur en aðrir.

En þetta er ekkert aðalatriði. Aðalatriðið er það, að ríkissjóður þarf tekjur og útflutningsgjald er ekki ranglátara en margir aðrir skattar, en gefur vissar tekjur. Útflutningsgjald er neyðarúrræði, til þess að vinna bug á tekjuhalla.

Jeg þarf ekki að svara háttv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.) sjerstaklega, því að hann bar fram sömu ástæður og háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.).

Af þessum ástæðum get jeg ekki greitt atkv. með brtt. á þskj. 497, þó að hún sje að stefnu til aðgengileg. Jeg skal játa, að þetta er vandræðamál, eins og skattamálin yfirleitt, en ríkið vantar tekjur, og þær þarf að útvega.

Jakob Möller: Jeg vildi segja örfá orð út af ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.). Jeg sje ekki betur en að mjög miklir örðugleikar verði að ná í skatt þann, sem till. á þskj. 497 fer fram á. Menn geta skift inneign sinni í sparisjóðum í smáhluti, sett hana undir öðrum nöfnum og flutt hana í annað hjerað, svo erfiðara verði að komast fyrir, hver eigandinn sje. Jeg er sannfærður um, að framkvæmdir verða handahóf, og skatturinn þess vegna órjettlátur í raun og veru, þó að hann sje skárri á pappírnum. En þetta er ekki aðalatriði, heldur hitt, að með þessum skatti er vikið frá þeirri stefnu, að skattur vaxi með tekjum manna. Þessi skattur tekur ekkert tillit til þess, hvernig sá er staður í raun og veru, sem innstæðuna á. Þess vegna verð jeg að leggjast á móti honum. Eins má benda á eitt vandræðaatriði í þessu máli, og það er hvenær eigi að krefja skattinn, við hvaða tíma eigi að miða. Ef miðað er t. d. við nýár, þá geta menn tekið peninga sína út í bili til þess að losna við skattinn.

Þá vil jeg víkja að brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) við 23 gr. Hann vill láta eignar- og tekjuskatt hjer í Reykjavík renna til bæjarsjóðs, en ekki landssjóðs. Þess vegna vill hann fella greinina. Þetta verður að vera samkomulagsatriði, og þar ekki að fella greinina til þess. Hún kemur ekki til framkvæmda nema bæjarstjórn gangi inn á það, og þess vegna má hún standa. Jeg mun því greiða atkv. gegn till. þessa háttv. þm. (J. Þ.).

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir tekið af mjer ómakið með að svara háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). En það skal jeg taka fram á ný, að Reykjavíkurbær muni ekki verða neyddur til neinnar samvinnu við landið um tekjuskattinn; en jeg hjelt, að bærinn vildi það. Ef bærinn vill halda sinni niðurjöfnunarnefnd, fær hann það að sjálfsögðu.

Viðvíkjandi mun á samvinnu- og hlutafjelögum er það að segja, að arði hlutafjelaga er varið samkvæmt ákvörðun hluthafafundar, en arður samvinnufjelaga skiftist milli fjelagsmanna, og geta þeir fengið sjer dæmdan sinn hlut. Á þessum fjelögum er því mikill munur, einnig að ýmsu öðru leyti, sem óþarfi er að taka fram, því að öllum háttv. þm. mun hann í raun og veru kunnur.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg skal sleppa að svara öðru en því, sem sjerstaklega þarf svara við.

Mjer fanst háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) gera lítið úr þeim tekjuauka, sem fengist, ef verðstuðull væri lagður á skattfrjálsu upphæðina. Hann túlkaði það svo, að þetta næði aðallega til efnalítilla manna, og væri lítið af þeim að hafa og ekki rjett að reyna um of þolrif þeirra. Jeg hefi aðallega í huga lausamenn og þess konar fólk, og er það satt, að tekjur þess eru ekki mikłar, en útgjöldin eru að sama skapi lítil, og eru þeir ekki ófærari um að greiða skatta en aðrir. Og jeg held, að ef till. verður feld, muni mikið dragast undan skatti og hann lækka að sama skapi.

Þá er till. um að skattleggja inneignir í bönkum, og þarf jeg þar engu við að bæta það, sem sagt hefir verið, því að háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) og háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hafa sýnt fram á, að till. er ekki aðgengileg. En till. er fram komin án þess, að flm. hennar hafi borið sig saman við nefndina um hana, og þykir mjer aðferð sú heldur pukursleg.

Þá kem jeg að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og muninum á hlutafjelögum og samvinnufjelögum. Þessi munur hefir verið margtekinn fram, en háttv. þm. (J. Þ.) virðist eiga erfitt með að skilja hann. Samvinnufjelög miða að því að bæta hag almennings, en ekki að safna fje, en hlutafjelög eru stofnuð í gróðaskyni, eru samtök manna, sem eitthvað eiga, til þess að eignast meira, eignast sem mest.

Háttv. þm. (J. Þ.) virtist vilja bera mjer á brýn, að jeg teldi þessi fjelög samskonar, en það vil jeg ekki láta hafa eftir mjer.

Annað var það í ræðu háttv. þm. (J. Þ.), sem jeg gat ekki felt mig við. Hann spáði því, að eignar- og tekjuskatturinn mundi aðallega lenda á kaupstaðabúum og embættismönnum, og þennan spádóm þóttist hann byggja á reynslu. Þetta er hálfeinkennilegt, því að ekki er líklegt, að menn geti frekar dregið undan eignir sínar í strjálbýlum sveitum en í fjölmennum kaupstöðum, þar sem hægt er að dreifa fje sínu í allskonar hlutafjelög, án þess að menn viti, hver á það í raun og veru; þar sem hægt er að fela fje sitt hingað og þangað, til þess að láta það draga sem mest að sjer, en bera sem minstan skatt.

Jeg býst við, að háttv. þm. (J. Þ.) sje kunnugt um, að þetta er mögulegt.

Um till. háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.), um

að hækka tekjuskattinn, en afnema útflutningsgjaldið, skal jeg verða fáorður. Samanburður hans var ekki rjettur að því leyti, að útflutningsgjaldið kemur ekki niður á færri mönnum en skatturinn. Það getur hver sagt sjer sjálfur. Auk þess má benda á, að ekki er hægt að vita, hve viss tekjustofn eignar- og tekjuskatturinn verður, en útflutningsgjaldið er reynt að því leyti, og þess vegna er varhugavert að breyta svo algerlega til.

Einar Þorgilsson: Aðeins örstutt athugasemd. Háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) kvað okkar till. mundu leiða til þess, að menn tækju eignir sínar og flyttu þær úr bankanum, þangað sem þær væru skattfrjálsar. Þannig skildi jeg að minsta kosti orð hans, því að vart munu menn farga eignum sínum alveg eða geyma þær vaxtalausar. Háttv. þm. (Þór. J.) sagði, að ekki mætti hjálpa mönnum til þess að fela eignirnar. Jeg fæ ekki sjeð, að mönnum sje gefið nokkuð frekar tækifæri til þess með brtt. en áður, eða vill þm. (Þór. J.) halda því fram, að innieignir manna hafi til þessa verið gefnar svo upp, að sveitarstjórn hafi með öllu verið ljóst, hvers virði þær væru eða hversu háar fjárupphæðir væri um að ræða? Þetta held jeg, að ekki hafi átt sjer stað, og það fyrirkomulag, er till. okkar fer fram á, mundi einnig geta komið sveitarstjórnum að liði við niðurjöfnun aukaútsvara.

Hins vegar er búið að taka það svo skýrt fram, að fyrir ríkissjóð er þetta langbesta leiðin. — Sami háttv. þm. (Þór. J.) mintist á brtt. háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.) og í sambandi við hana á frv. til laga um útflutningsgjald. Háttv. þm. (Þór. J.) segir, að það sjeu fæstir framleiðendur, sem greiði útflutningsgjald. Þessi ummæli eru mjer með öllu óskiljanleg. Þeir, sem flytja út, munu taka til greina þetta gjald og láta það koma niður á framleiðendum. Jeg skal viðurkenna, að það er mjög hægt að ná þessu gjaldi, vegna þess hve fáir flytja út, en þeir láta það bitna á framleiðendum, svo að það er með öllu rangt, að framleiðendur losni alveg við þetta gjald.

Þórarinn Jónsson: Jeg vildi aðeins leiðrjetta það, sem háttv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.) hefir misskilið í ræðu minni. Jeg sagði, að till. gæti orðið til þess, að menn flyttu burt eignir sínar, og átti jeg þá við það, að meðan eignirnar væru svo litlar, að þær næðu ekki skatthæð, þá vildu menn heldur vaxta þær annarsstaðar, meðan þær væru að ná skatthæðinni, einkum ef um margar og smáar upphæðir væri að ræða.

Þá er annað atriði. Jeg sagði, að mönnum væri gefið tilefni til þess að fela fje sitt. Auðvitað átti jeg ekki við það, að mönnum væri bönnuð öll viðleitni til þess að grenslast eftir því, heldur að þeim væri gerð viðleitnin svo erfið, að t. d. sveitarstjórnir gætu ef til vill engu náð af stóreignum. Hins vegar er tæplega við því að búast, að menn geri mikið að því að skýra rangt frá, þar sem refsiákvæðin eru svo há, að þau geta numið tífaldri skattupphæðinni, sem á að borga.

Orð háttv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.) um útflutningsgjaldið skildi jeg alls ekki. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að fæstir framleiðendur greiddu útflutningsgjald. Þetta hefi jeg aldrei sagt. (*E. þ.*: Jeg hefi þá misskilið háttv. þm.). Jeg sagði, að það mundu verða fæstir, sem greiddu tekjuskatt.

Brtt. 511 feld með 15 : 5 atkv.
— 474 feld með 17 : 1 atkv.
— 503,1 feld með 16 : 6 atkv.
— 503,2 feld með 14 : 9 atkv.
— 525 feld með 14 : 4 atkv.
— 477 sjálffallin.
— 472,1 feld með 13 : 7 atkv.

Brtt. 497 feld með 14 : 7 atkv.
— 472,2 feld með 15 : 5 atkv.
— 472,3 tekin aftur.
— 472,4.a. tekin aftur.
— 472,4.b. tekin aftur.
— 472,4.c. tekin aftur.
— 503,3 samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., B. J., B. H., E. Þ., J. B., J. S., J. Þ., M. J., M. P., P. O., P. Þ., S. St., B. Sv.
nei: Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., M. G., M. K., P. J., St. St., Sv. Ó.
E. E. greiddi ekki atkvæði.
Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 503,4 feld með 14 : 8 atkv.
— 503,5 feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., Þorl. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., J. B., J. S., J. Þ., M. J., M. P., B. Sv.
nei: P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., H. K., Jak. M., J. A. J., M. G., M. K.
E. E. greiddi ekki atkvæði.
Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 517 feld með 18 : 4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 1 atkv. og afgr. til **Ed.**

Á. 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 528).

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Frv. þetta tók mjög litlum breytingum í háttv. Nd., og jeg óska, að það fái eins velviljaða meðferð hjer eins og þar. Þetta frv. kemur að vísu nokkuð seint til þessarar háttv. deildar, en jeg vona, að háttv. fjhn. fái tíma til að athuga það nokkurn veginn, og ætti það að ganga fremur fljótt, því að mjer er kunnugt um, að einn maður úr nefndinni hefir verið kosinn til að fylgjast með gangi þess í Nd., og þótt nú sje áliðið þingtímans, þá vona jeg, að það verði afgreitt frá háttv. deild á þessu þingi, vonandi breytingalítið eða breytingalaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 528, n. 626, 627).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Það er sannast að segja, að fjárhagsnefndinni var og er þetta frv. mjög óskapfelt, og að nærri lá, að hún legðist alveg á móti því. Það, sem einkum hneykslaði nefndina, var það, að samkvæmt frv. lækkar skattur á hærri gjaldendum frá því, sem nú er, en hækkar á lægri tekjum, og telur nefndin, eða að minsta kosti meiri hluti hennar, þetta fara alveg í öfuga átt.

Aðfinslur nefndarinnar á þskj. 626 eru flestar af þessum rótum runnar. Nefndin getur ekki sætt sig við þetta nema til bráðabirgða, og sættir sig við það til bráðabirgða aðeins vegna hinnar knýj-

andi tekjuþarfar ríkissjóðs, því að líklegt er, að hann fái nokkru meiri tekjur af þessu frv. en gildandi lögum, því að bæði er líklegt, að lítið verði um stórgróða hjá einstaklingum næsta ár, og því til tölulega lítið af þeim legg að skafa, og að skatturinn hækkar á lægri tekjunum eins og fyr er sagt, það er á öllum þorra skattþegna.

Jafnframt hækkar skatturinn mjög á hlutafjelagagróða. Um 7. gr., sem ákveður þann skatt, eru skiftar skoðanir í nefndinni. Auðsætt er, að sá skattur er miklu hærri á háum tekjum en skattur, sem á er lagður eftir 6. gr., og að í því er ósamræmi. Vildu sumir nefndarmenn lækka skattinn á hlutafjelögum, og færa til samræmis við aðalskattinn (samkvæmt 6. gr) á þann hátt. — En fyrir sjálfan mig skal jeg geta þess, að jeg tel skattreglu 7. gr. góða, og rjettu leiðina þá að færa 6. gr. í samræmi við hana.

Ákvæði frv. um framtal tekna og skattmat tel jeg líka til bóta, og sömuleiðis hugmyndina um tvöfaldan skatt á eignum, er kemur fram bæði sem tekjuskattur og eignarskattur. Því að vitanlega er miklu minna fyrir eignartekjunum haft. — Hvort eignarskatturinn er sanngjarnlega ákveðinn eða ekki hefi jeg á hinn bóginn ekki athugað, svo að jeg vilji nú um það dæma.

Tveir nefndarmennirnir hafa komið með brtt. á þskj. 627, sem jeg býst við, að meiri hluti nefndarinnar verði á móti. Að vísu var jeg sjálfur með samskonar brtt. við frv. um lestagjald og fasteignaskatt, en sú ástæða var til þess, að mjer líkuðu þeir skattar illa, eins og þeir komu fram.

Í skattalögum, sem vel eru grundvölluð, álít jeg þetta ákvæði gott og hentugt til að komast hjá tíðum, fyrirhafnarsömum lagabreytingum. Og þó að mjer líki ekki þetta frv. nú, vona jeg, að það færist áður en langt um líður í það horf, að vel verði við unandi. Jeg vænti þess, að hæstv. fjrh. (M. G.) leggist ekki á móti brtt. á þskj. 626, og sjái, að nefndin hefir sýnt mikla tilhliðrun í málinu, miðað við skoðanir hennar á því yfirleitt.

Sigurður Eggerz: Við eigum tveir brtt. á þskj. 627, hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) og jeg.

Brtt. þessi fer í þá átt, að 52. gr. frv. falli burt. Í grein þessari er ákveðið, að tekjuskattinn megi hækka og lækka um eitt ár í senn með ákvæði í fjárlögunum, með því að margfalda allar skattuppliæðir með sömu tölu. Samskonar ákvæði og þetta hefir verið í fleiri frv. frá stjórninni, en altaf verið felt. Og við álítum eigi síður þörf að fella það burtu hjer, því að við lítum svo á, að ef þetta ákvæði kemst að, þá sje hægt mjög snögglega að breyta allri skattalöggjöfinni.

Það gæti t. d. komið fyrir, að samviskan vaknaði alt í einu hjá háttv. Nd. og hún sæi hinn mikla halla í fjárlögunum, og fyrir því dytti henni í hug að hækka tekju- og eignarskattinn, til þess að hafa upp tekjuhallann.

Þetta hljóta allir að sjá að er óheppilegt, að hægt sje að breyta skattalöggjöfinni í stórvægilegum atriðum á einum eða tveimur dögum. Jeg vona því, að hv. deild taki vel í þessa brtt. okkar, og það því fremur, sem hæstv. fjrh. (M. G.) hefir lýst því yfir, að hann gerði þetta eigi að kappsmáli. Við höfum tveir skrifað undir nál. með fyrirvara, og hefi jeg nú gert að mestu leyti grein fyrir honum, og skal því eigi fara frekar út í það.

En aðalástæðan fyrir því, að jeg greiði atkvæði með frv. þessu er sú, að jeg held, að það gefi ríkissjóði meiri tekjur en hin eldri skattalöggjöf um þetta efni, en hins

vegar er jeg mjög óánægður með frumvarpið. En hins vegar var það sýnilegt, að ef nefndin hefði farið að gera breytingar við frv., þá hefði það tæplega náð fram að ganga, þegar búið er að ákveða að slíta þingi eftir nokkra daga, og fjárlögin eru sama sem búin.

Jeg vil benda á eitt atriði, sem vakti mikla athygli hjá mjer, fyrir utan það, að jeg tel of háan skatt lagðan á hinar lægri tekjur, og það er það, hve mikill skattur er lagður á hlutafjelög, samanborið við einstaka menn. Þannig verður einstakur maður, sem hefir 100 þús. kr. tekjur, að greiða í tekjuskatt 12 þús. kr., en hlutafjelag, sem hefir 100 þús. króna tekjur, þarf að borga 21 þús. kr. í tekjuskatt. Þennan mismun tel jeg altof mikinn. Þetta gæti verið rjett, ef hlutafjelögin störfuðu einungis með hlutafjenu. En nú er vitanlegt, að flest af þeim hlutafjelögum, sem starfa hjer, verða allmikið að taka til persónulegrar ábyrgðar. Kemur þetta því allhart niður á sumum fjelögunum.

Karl Einarsson: Jeg vil leggja minni áherslu á muninn á milli hlutafjelaga og einstakra manna en háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) gerði.

Því að jeg tel enga ástæðu til þess að taka vægt á hlutafjelögum yfirleitt, en hjer eiga botnvörpungafjelögin í hlut. Jeg álít, að hjer sje of langt gengið. Um tekjuaukann af frv. þessu er jeg ekki sammála hv. 2. landsk. þm. (S. E.) og jeg hygg, að ef lausafjárskatturinn, tekjuskatturinn og húsaskatturinn væru látnir standa, þá mætti þetta frv. bíða.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal strax geta þess, út af orðum háttv. þm. Vestm. (K. E.), að húsaskatturinn kemur ekki þessu frv. við, því að hann er innifalinn í fasteignaskattinum. Háttv. þm. (K. E.) hefir því alveg misskilið, hvað hjer er um að ræða.

Út af því, að háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) hjelt því fram, að munurinn á skatti væri of mikill á hlutafjelögum og einstökum mönnum, þá vil jeg upplýsa það, að sú stefna er nú mjög að ryðja sjer til rúms að leggja tiltölulega hærri skatt á fjelög en einstaka menn, því að fjelögin finna minna til hárra skatta en einstaklingarnir.

Það er satt, að ýms hlutafjelög hjer eru illa stödd nú, og því er hart að leggja á þau mikinn skatt. En þetta verður samt rjettlátasti skatturinn, því að ef fjelögin tapa, þá verður skatturinn enginn. Og sem dæmi upp á það, að þessi skattur er t. d. rjettlátari en vörutollur, má nefna það, að togararnir verða að greiða háan vörutoll af kolum, hvort sem þeir græða eða tapa á útgerðinni. En tapi þeir á henni, þá þurfa þeir engan tekjuskatt að borga.

Um brtt. á þskj. 627 get jeg tekið það fram, að jeg legg ekki neina sjerstaka áherslu á, að hún verði feld. En jeg get ekki samsint það, að 52. gr. frv. komi neinu losi á skattalöggjöfina, þó að hún verði samþykt eins og hún er nú í frv. Jeg vil miklu frekar halda hinu fram, að hún sje góð, til þess að halda í hemilinn á fjáreyðslunni, en annars læt jeg mjer það í ljettu rúmi liggja, hvort hún verður samþykt eða ekki.

Mig skal ekki undra, þó að í háttv. fjhn. sjeu allsundurleitar skoðanir um þetta frv., þar sem í nefndarálitinu segir, að sumir sjeu á móti mikilli stighækkun beinna skatta og háum beinum sköttum yfirleitt, en aðrir vilji helst hafa alla skatta beina og á þann hátt fyrir komið, að tekjuskattur sje aðalskattur og þungamiðja í skattakerfi ríkisins. Það er því ekki undarlegt, þótt ekki hafi orðið gott samkomulag í nefndinni um þetta frv., þar sem svona gagnstæðar skoðanir hafa

verið. Og það mun öllum auðsætt, að ómögulegt er að búa til frv., sem fylgjendur beggja þessara stefna sjeu ánægðir með.

Hjer eru líka talin upp fjögur atriði, sem háttv. nefnd finnur helst athugaverð í frv. Fer það alt í þá átt, að skatturinn gangi of nærri, sje of hár á lágum tekjum o. s. frv. Jeg skal fúslega játa þetta. Jeg vildi gjarna, að skattar gætu komið sem ljettast niður á hinum fátækari hluta þjóðarinnar. En fleira verður að gera en gott þykir. Hvernig líta fjárlögin út? Og hvernig á að fylla í það skarð, sem þar er? Tekjur megum við til að fá. Og er þá ekki rjett að taka þær með þeim skatti, sem fer þó næst sanni og sanngirni?

Nefndin tekur dæmi til að sýna, að skatturinn geti komið misjafnt niður. Slíkt er aldrei hægt að sigla fyrir. Lög verður að gera fyrir fjöldann, en ekki einstök dæmi. Jeg gæti líka búið til mörg slík dæmi, sem eigi er hægt að gera fyrir í lögunum. Og þá eru t. d. veikindi. Fyrir þeim er aldrei hægt að gera, svo að full sanngirni sje. Og þó að mjer heyrðist á háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), að frv. væri mjög gallað, þá þori jeg að fullyrða, að fá frv. hafa verið betur undirbúin en þetta.

Brtt. nefndarinnar geri jeg ekki að neinu kappsmáli. Altaf er hugsanlegt, að eitthvað komi í ljós við framkvæmd laganna, sem þörf þætti að breyta, og þá gerir þetta hvorki til nje frá.

Þá er eitt atriði, sem nefndin minnist á. Hún segir, að skattur hækki á lágum tekjum, en lækki á háum, frá því sem nú er. Þetta er rjett um nokkurt svæði, þar sem dýrtíðar- og gróðaskatturinn byrjar. Sá skattur var settur til bráðabirgða og ekki feldur inn í skattakerfið. Var því stökk í skattinum þar sem hann kom við. Hjer er alt kerfið tekið, stökkið hverfur, og af þessu stafar það, sem nefndin er að tala um. Auk þess mun þetta nú varla koma að sök, því að nú á næstunni er lítil von um mjög háar tekjur. Þó vona jeg, að þetta frv. gefi meiri tekjur, ef það verður að lögum, en tekjuskattur sá, sem nú er í lögum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi ekki eins mikla trú á tekjuskattsfyrirkomulaginu og hæstv. fjrh. (M. G.). Og ótrú mín stafar af reynslu, þeirri reynslu, hve erfitt hefir reynst að ná í skattinn, sjerstaklega af landbúnaði. Hann gerir ráð fyrir meiri tekjum af þessu frv. en gildandi lögum, og byggir það á betra framtali. Jeg sje nú ekki þá breytingu á skattanefndunum, að þeim sje betur treystandi en áður, og jeg verð að segja það, að framtalinu þori jeg ekki að byggja á. Jeg hefi verið í skattanefnd, og þar gáfu einir tveir menn upp tekjur sínar. En nefndin fann út reglu til að áætla tekjurnar og fá út skattinn, og tókst það svo vel, að yfirskattanefnd var mjög vel ánægð með það. Landsstjórnin var líka ánægð, og svo leit út, sem nefndin hefði fundið rjetta leið. En hitt er jeg viss um, að þeir tveir, sem upp gáfu, guldu of lágan skatt. Þetta bendir ekki á það, að bót sje að uppgjöf, ef skattanefndir rækja starf sitt trúlega.

Og eitt vil jeg taka fram. Það er ekki nóg að setja falleg lög. Það þarf líka að fylgja þeim fram og sjá um að þeim sje fram fylgt. Og mitt álit er það, að allar stjórnir hafi fylgt þessum lögum heldur slælega fram. Margar skattanefndir og hreppstjórar í broddi fylkingar hefðu átt að vera settir af fyrir löngu. Þótt það sje ekki mikil staða, þá er þó altaf svo, að mönnum þykir leiðara að vera settir af. Er það ærin afsetningarsök, þegar svo er, sem jeg get sannað, að hreppstjórar hafa gert sitt til að lækka skattana og gera

menn skattfrjálsa með röngu. Og hefir þetta oft komið í ljós við samningu verðlagsskrár, en þar sjest greinilega, að eitthvað er bogið, þegar ær er t. d. metin á 25 kr. í einni sveit, en í næstu sveit með sömu landkostum á 50—60 kr. Og dæmi eru til þess, að ríkir bændur hafa verið gerðir skattfrjálsir. Stjórnin verður að framfylgja þessu röggsamlega. Það er hægt að heimta skatt, þar sem ekki er annað að gera en að reikna skattinn eftir gefnum stærðum, svo sem var um ábúðarskattinn, en hinu þarf að hafa hönd í bagga með, og leiðbeina þeim, sem um eiga að sjá, svo sem formönnum skattanefnda.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg er sammála háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) um það, að þessum lögum þarf að koma inn í meðvitund þjóðarinnar, svo að eftir þeim verði farið. Og það skal verða reynt. En ef það tekst ekki á nokkrum árum, þá er ekki annað fyrir en hverfa aftur að gamla laginu.

Háttv. þm. (G. G.) nefndi dæmi um það, hve framtalið hefði verið óábyggilegt. En þar við er það að athuga, að hingað til hefir ekki verið skylda að telja fram tekjur sínar upp á æru og samvisku, svo sem verður eftir þessu frv. Og þegar allir gefa upp, þá er miklu hægra fyrir skattanefnd að sjá, hvort rjett er. Þá má bera saman skýrslurnar og fá út það, sem sanni er næst. Ef einn bóndi gefur upp 3 kr. ágóða á ánni, en annar 1 kr., þótt aðstaða og landkostir sjeu hinir sömu, þá sjer nefndin undir eins, að eitthvað er athugavert. Auk þess mun verða reynt að fara yfir allar skýrslur af landinu fyrstu árin og bæta úr og leiðbeina, ef ósamræmi finst.

Halldór Steinsson: Jeg kann betur við að gera grein fyrir atkvæði mínu í stóru máli sem þessu. Jeg hjelt, að jeg mundi standa einn uppi með skoðun mína hjer í deildinni, og því gladdi mig að heyra háttv. þm. Vestm. (K. E.) halda fram líkri skoðun.

Jeg hefi litið svo á, að frv. eins og það kom frá hæstv. stjórn, og enda líka frá hv. Nd., væri svo meingallað, að jeg efast um, að jeg geti gefið því atkvæði mitt. Frv. hefir nú legið í hv. Nd. allan þingtímann. Tíminn, sem þessi háttv. deild hefir yfir að ráða til þess að fjalla um það, er ekki lengri en svo, að nefndin treystir sjer ekki til að gera brtt. við það, hvað þá einstakir þm. Nefndin viðurkennir þó, að frv. sje gallað, og eru helstu gallarnir nefndir í nál. En þar sem nefndin viðurkennir, að þörf sje að breyta frv., þá finst mjer það hljóta að vera móti betri vitund, að hún ræður háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Jeg er nú sammála nefndinni um þá galla, sem hún nefnir í nál. Og þar sem jeg hefi ekki sjeð mjer fært að koma með brtt., vegna naumleika tímans, þá held jeg, að rjettast væri að leggja frv. á hilluna, eins og háttv. þm. Vestm. (K. E.) vildi. Og jeg sje ekki, að ríkissjóður misti mikils í við það.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) lagði áherslu á það, að ríkissjóð vantar tekjur. Á það ber að líta, en þó má ekki einblína svo á það, að hitt sje ekki jafnframt athugað, hvað þjóðin getur borið. Og svo er ekki sama á hvern hátt tekjurnar eru teknar.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að við mættum til að fá tekjur í ríkissjóðinn. En þá má með alveg jafnmiklum rjetti segja, að við mættum til að skera niður útgjaldaliði. Á þessum tímum má ekki eingöngu hugsa um hvað ríkissjóður þarf. Það verður líka að reyna að minka þarfirnar.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Mjer

virðist háttv. þm. Snæf. (H. St.) hafa mjög líkar skoðanir og jeg. En jeg varð nefndinni samferða um að leggja til, að frv. yrði samþykt óbreytt, af því að jeg hygg, að það gefi meiri tekjur, og jeg hugði, að betur mundi takast að koma á breytingum til bóta, með því að taka þessa leið. Helst hefði jeg kosið, að lögin yrðu látin gilda aðeins til eins árs, en meiri hluti nefndarinnar vildi hafa frestinn tvö ár. Ef háttv. þm. Snæf. (H. St.) vill koma með brtt. í þá átt, þá mun jeg greiða henni atkvæði. Ef frv. verður felt eða stöðvað, þá er enn fremur kipt stoðunum undan sumu því, sem er í þann veginn að ganga fram, t. d. breytingu á sveitarstjórnarlögunum, sem hjer er líka á dagskránni.

Um skattinn á hlutafjelögum og ósamræmið milli hans og skatts á einstökum mönnum er það að segja, að jeg vil bæta úr því, með því að hækka skatt á háum tekjum einstakra manna.

Meiri tekjur fást ekki af þessu frv. en gildandi ákvæðum, nema sem nemur því, sem skatturinn verður nú hærri á lágum tekjum, því að ekki hækkar skatturinn af háu tekjunum, heldur lækkar. En minn vilji er nú sá, að lækka á lágu tekjunum en hækka á þeim háu, og í þá átt gengur brtt., sem nefnd er í nál. Þó gat skeð, að tekjur af skattinum hefðu orðið heldur lægri eftir þeim skattstiga en þeim, sem í frv. er, en við því mátti gera, með því að hækka stigann allan. Hlutföllin hefðu lítið raskast við það. En jeg áleit ekki fært að koma fram með þessar brtt., er svo mjög var liðið að þingslitum, enda þótt þær væru til bóta. Því var þessi leið tekin.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. ásamt háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.), um það að nema burt ákvæðið um að skatt þennan megi hækka og lækka í fjárlögum fyrir eitt ár í senn. Þetta ákvæði var felt úr fasteignaskattslögunum og lögunum um lestagjald af skipum, og því er í raun og veru engin ástæða til að halda því hjer. Og auk þess eru hjer enn aðrar og meiri ástæður fyrir hendi. Það hefir greinilega komið fram hjer í deildinni, að menn eru óánægðir með stigbreytinguna á tekjuskattinum. En ef skattstiginn er ranglátur, þá er því fjarstæðara að láta 52. gr. standa og verða þess valdandi, að ranglætið verði margfaldað. Því að jeg býst fremur við, að hækkað verði en lækkað. Og ef brtt. nefndarinnar gengur fram, þá eiga lögin ekki að gilda nema eitt eða tvö ár óbreytt, og er þá því minni ástæða til að halda þessu ákvæði. Þess vegna finst mjer, að öll nefndin ætti að fallast á brtt. okkar.

Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um, að drjúgar tekjur mundu verða af þessum skatti. Jeg býst nú við því líka, en þó megum hvorki vjer nje stjórnin gera sjer of bjartar vonir um það, þegar af þeirri ástæðu, að háskattur verður ekki til, eða mjög lítill.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, að nefndin legði til móti betri vitund að samþykkja frv. Þetta eru hörð orð og ekki rjettmæt.Nefndin lagði það til vegna tekjuþurðar ríkissjóðs, og ber um leið fram brtt. um að lögin verði endurskoðuð eftir tvö ár. Með þeirri brtt. er lögð áhersla á það, að nefndin er óánægð með frv.

Annars verð jeg að segja það, að mjer finst meðferð þingsins á þessu máli harla undarleg. Háttv. Nd. er með málið nærri allan þingtímann og gerir nálega engar breytingar á frv. Og það er ekki einasta þetta mál, heldur stimpilgjaldsfrv. og fleiri skattamál, sem svo hefir farið um. Mjer er það með öllu óskiljanlegt, hvað háttv. Nd. hefir verið að gera með þessi mál í svo langan tíma — annað en þá að sofa á þeim.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál nú að sinni, en vona, að brtt. mín og háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) verði samþykt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg sje ekki betur en búið sje að fara þannig að í skattamálunum, að það *verði* hreint og beint að samþ. þetta frv. Fyrir rúmum hálftíma var samþ. hjer í þessari háttv. deild frv. um fasteignaskattinn, sem hefir talsverða lækkun á tekjum ríkissjóðs í för með sjer, og sömuleiðis hefir lausafjárskatturinn verið feldur niður. Það gæti því varla álitist forsvaranlegt að fella þetta frv. líka.

Viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. (S. F.) sagði, að skatturinn af háu tekjunum væri of lágur, en of hár af lágu tekjunum, þá skal jeg benda á það, að þetta verður vonandi ekki til lengdar. En þetta verður svo að vera í bili, því að flestir stærri gjaldendurnir eru nú horfnir, en einhversstaðar verður ríkissjóður að fá tekjurnar. Tel jeg líklegt, að ekki verði langt þangað til svo batnar í ári, að hægt verði að breyta þessu.

Annars býst jeg við, að flestir verði að játa, að erfitt sje að búa til skattastiga, sem allir sætti sig við. Og jeg skal taka það fram, að í þessu frv. er fjöldi af smærri atriðum, sem eru til stórbóta, og meðal annars þeirra vegna vil jeg hafa, að frv. gangi fram, og jeg verð að krefjast þess.

Þá vil jeg segja það til málsvarnar hv. fjhn. Nd., að hún hefir í ár haft mikið starf og vandasamt með höndum, og er því ekki furða, þótt nokkur dráttur hafi á orðið afgreiðslu sumra málanna. Mun það hafa vakað fyrir henni, er hún afgreiddi smærri málin á undan, að þau tæki styttri tíma, en gott að koma sem flestum málum frá.

Karl Einarsson: Það er aðeins örstutt aths. Jeg verð að telja það rjetta stefnu að leggja tiltölulega hærri skatt á hlutafjelög en einstaka menn, en þó vildi jeg gefa mönnum tíma til að athuga, hversu mikill sá munur er, áður en frv. gengur fram. Það, sem jeg hefi annars sjerstaklega að setja út á þetta frv., er það, að það gefur minni tekjur en hitt frv., samanborið við ókosti þess. Jeg á hinsvegar bágt með að sjá, að endilega þurfi að samþ. þetta nú, þótt búið sje að afgr. fasteignaskattsfrv. Sje jeg ekki í hverju það ætti að liggja, að svo náið samband sje þar á milli. Fasteignaskatturinn kæmi þá að nokkru fyrir húsaskattinn, en tekjuskattur, eignarskattur og skattar á afnotum og ábúð jarða ásamt lausafjárskatti hjeldist.

Sigurður Jónsson: Ef þetta frv. hefði komið fram nokkrum vikum fyr, þá hefðu áreiðanlega orðið allmiklar umr. um það. En sökum þess, hvað tíminn er nú orðinn naumur, þá er vart annað við það að gera en fella það eða samþ., því að tíminn er enginn til að ræða breytingar á því. Það er annars skoðun mín, að aðeins eigi að breyta slíkum tekjustofnum með almennum lögum, en ekki eftir geðþótta hvers þings í fjárlögum. Mjer virðist líka umr. bera þess vitni, að þetta mál verði tekið upp aftur að stuttum tíma liðnum.

Jeg vænti þess svo, að háttv. Ed. fallist á þær breytingar, sem nú hafa verið gerðar á því í háttv. Nd., svo að það þurfi ekki að ganga til Sþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
15.—22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
23.—29. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
30.—43. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
44.—50. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
51. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 627. samþ. með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. Á., G. G., G. Guðf., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. E., S. J.
nei: G. Ó., K. E., S. F., G. B.
Einn þm. (S. H. K.) fjarstaddur.

Brtt. 626. samþ. með 11 shlj. atkv.

53. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11. shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 647, 648).
Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Halldór Steinsson: Eins og jeg tók fram í gær, þá er frv. þetta svo gallað, að jeg sje mjer ekki fært að greiða atkv. með því við 3. umr. breytingalaust. Af þeirri ástæðu kom jeg fram með brtt., og ef hún verður samþ., þá verða lögin endurskoðuð á næsta ári, og er það nauðsynlegt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, að frv. væri mjög gallað, en við 2. umr. benti hann ekki á annað en það, sem nefndin hafði áður talað um, sem sje skattstigann í 6. og 7. gr. Jeg held því fram, að frv. sje vel undirbúið, en það er ekki hægt að búa til skattstigann svo öllum líki vel. Ef á að endurskoða lögin á næsta þingi, þá er engin reynsla fengin fyrir þeim, það verður ekki einusinni búið að gefa út fyrstu skattaskrárnar eftir þeim. Þar að auki verður ýmislegur kostnaður fallinn á, sem til einskis gagns mundi verða, ef lögunum verður breytt á næsta þingi, eins og t. d. reglugerðar- og eyðublaðaprentun. Af þessum ástæðum tel jeg ekki rjett að samþ. brtt. háttv. þm. (H. St.).

Halldór Steinsson: Hæstv. fjrh. (M. G.) mælti á móti brtt. af þeirri ástæðu, að ef hún yrði samþykt, þá væri ekki hægt að gera nauðsynlegan undirbúning málinu til framkvæmda. En það er einmitt það, sem jeg vil. Það er meining mín, að málið komi ekki til framkvæmda fyrir næsta þing, en í þess stað framlengja þau tekjuskattslög, sem við höfum.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil aðeins benda á, að ef slíkt er meiningin með brtt., þá er ekki hægt að samþykkja hana. því að þá eru engin lög, sem gilda, því að þau lög, sem nú gilda, falla úr gildi 31. des. þessa árs. (*H. St.*: Þá má framlengja gömlu lögin). Þegar lögin falla úr gildi verður þing ekki saman komið. en nú er enginn tími til slíks.

ATKVGR.
Brtt. 648. feld með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., H. St., H. Sn., S. E.
nei: S. H. K., S. J., B. K., E. Á., G. G., G. Guðf., G. Ó., Jóh. Jóh., G. B.
Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 11 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., S. E., S. H. K., S. J., S. F., B. K., E. Á., G. G., G. Guðf., G. Ó. G. B.
nei: H. St., H. Sn.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.
Frv. endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 19. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 647).

Á. 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer sýnist háttv. frsm. (Sv. Ó.) ekki kominn í sæti sitt, svo jeg vildi að eins upplýsa um það, að frv. þetta kemur óbreytt frá háttv. Ed., að öðru leyti en því, að aftan við síðustu gr. er bætt, að lögin skuli endurskoðuð fyrir árslok 1923. Mjer finst, eftir atvikum, rjett, að ákvæði þetta fái að standa, og vil leyfa mjer að mælast til, að frv. verði samþ. eins og það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 673).

---

33. Stimpilgjald.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 2. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um stimpilgjald (A. 11).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er bygt á alt öðrum grundvelli en hin gildandi stimpillög. Eins og hv. þm. er kunnugt, er stimpilskylda skjala eftir gildandi lögum bygð á því, að skjal sje annaðhvort afgreitt af opinberum starfsmanni eða lánstofnun. Jafnkunnugt mun og háttv. deildarmönnum um, að þetta ráð var tekið 1918, er stimpilgjaldslögin voru sett, fyrir þá sök, að óvíst þótti, hversu stimpilgjald gæfist hjer á landi. Hitt mun þó engum hafa dulist, að það var ósanngjarnt, að t. d. víxill, sem lánstofnun keypti, var stimpilskyldur, en ekki víxill, sem einstakur maður keypti. Nú er nokkur reynd kominn á stimpilgjaldið hjer, og verður alls ekki sagt, að það hafi gefist illa, og með fram vegna þess er í frv. þessu horfið frá stefnu þeirri, er upp var tekin 1918, og það tekið upp í staðinn, sem mun vera siður alstaðar, þar sem stimpilgjald er í lögum, að binda stimpilskylduna við tegundir skjala, en ekki ákveðna meðferð þeirra, svo sem þinglestur, sölu í banka o. s. frv.

Önnur meginbreyting, sem ráðgerð er í þessu frv., er sú, að niður falli stimpilgjald af farmskírteinum til útlanda og reikningum yfir aðfluttar vörur. Þessi gjöld, sem í raun og veru eru aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld, voru sett til bráðabirgða, til þess að ná inn tekjum, er nauðsynlegar voru vegna afleiðinga heimsstyrjaldarinnar, og þykir því sjálfsagt að leggja það til nú, að þau verði úr gildi feld. En við þetta rýrnar stimpilgjaldið auðvitað afarmikið, sennilega um 1. milj. kr. á ári. Nokkuð vinst þetta upp með því, að miklu fleiri tegundir skjala verða stimpilskyldar en áður var, ef frv. þetta verður að lögum, og þykir mjer líklegt, að ætla megi, að tekjur af því verði um ½ milj. kr. á ári.

Til leiðbeiningar fyrir þá nefnd, sem fær frv. þetta til meðferðar, skal jeg geta þess, að í 9. gr. frv. er prentvilla „verði“ fyrir „veði“, og er líklega rjettast að lagfæra þetta með brtt.

Jeg skal ennfremur geta þess, að umboðsmaður vor í utanríkisráðuneytinu, Jón Krabbe, sem er mjög kunnugur stimpilgjaldslöggjöf Norðurlanda, hefir eftir beiðni minni athugað frv. þetta og sent mjer nokkrar athugasemdir, og mun jeg láta nefndina fá þær til athugunar, því að jeg hygg, að rjett sje að taka sumar þeirra til greina.

Annars skal jeg taka það fram, að við samning lagafrv. sem þessa er jafnan tvent álitamál, fyrst og fremst hverjar tegundir skjala skuli stimpilskylda og hversu hátt gjaldið skuli vera. Í þessu efni dettur mjer ekki í hug að halda því fram, að frv. þetta hitti alstaðar hið rjetta, og er jeg þakklátur fyrir allar góðar bendingar í þessa átt. Sjerstaklega get jeg búist við, að einhver flokkur skjala kunni að hafa gleymst, sem ástæða væri til að stimpilskylda.

Frv. gerir ekki ráð fyrir því, að hver og einn skuli stimpla skjöl sín, vegna þess, að það er oft töluvert vafamál, hvernig stimpla skal. Annars skal jeg ekki við þessa umr. fara út í einstök atriði, en leyfi mjer að leggja til, að frv. þessu verði, að lokinni þessari umr., vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 481).

Frsm. (Jakob Möller): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er eitt af stórvirkjum hæstv. stjórnar, svo mjer ætti að vera ánægja að tala fyrir því hjer! Þar sem þetta frv. mundi gefa þó nokkrar tekjur fram yfir gömlu lögin, sá nefndin sjer ekki fært að leggjast á móti því, hvaða skoðanir, sem hún annars kynni að hafa á stimpilgjaldi, þar sem þörfin er svo mikil á tekjuauka handa ríkinu. Mun þó vera gert ráð fyrir gjaldinu nokkru hærra í þessu frv. heldur en tíðkast erlendis víða, og gæti það verið óheppilegt í ýmsum greinum, t. d. sjerstaklega að því er snertir vátryggingar, og þá einkum sjóvátryggingar, því að eins og nú hagar til, mun ekki um aðrar innlendar vátryggingar að ræða, sem óttast þurfi erlenda samkepni. En nefndinni er kunnugt um, að stimpilgjald af vátryggingarskjölum er hjer ákveðið töluvert hærra en gerist erlendis. Getur og verið, að nefndin komi með brtt. til 3. umr. þessu viðvíkjandi. En þær brtt., sem nefndin hefir þegar komið fram með, eru allar gerðar í samráði við hæstv. stjórn, nema ef vera skyldi 1. brtt. við 15. gr., um endurgreiðslurnar, enda er það ekki stórt atriði, og mundi ekki koma til endurgreiðslu, nema krafist væri, en þá ættu allir að eiga jafnan rjett á henni, hvort sem mikið er eða lítið, sem afgreitt hefir verið.

2. brtt., a. liðurinn, er um það að tvöfalda stimpilgjaldið þegar fasteign er afsöluð hlutafjelögum. Þetta byggist á því, að þegar fasteignir verða hlutafjelagseign, má gera ráð fyrir því, að þeim sje svo ráðstafað, að eigendaskifti verði ekki í bráð, og því rjettmætt að greitt sje hærra gjald er svo ber undir. Þessi breyting er fram borin eftir bendingu reynds manns, og telur hann, að þetta tíðkist meðal annara þjóða, og þótti nefndinni rjett að taka ákvæði þetta upp í frv. B-liðurinn er aðeins breyting til frekari skýringar á ákvæði greinarinnar.

3. brtt. er við 18. gr. frv., og er trygging fyrir því, að verðhæð sú, sem stimpilgjald er greitt af, verði ekki sett óhæfilega

lágt, aðeins til þess að komast hjá að greiða þetta eða önnur slík gjöld. Það getur að vísu komið fyrir, að eign sje seld lægra verði en hún er metin til skatts, en í það þykir ekki horfandi, þó að gjaldið verði þá nokkru hærra en til söluverðsins svarar, þegar um slíkar tækifærissölur er að ræða. Nefndinni þykir rjett að miða við það verð, sem skattur er talinn af, og er þetta mikilsvert tryggingarákvæði gagnvart stimpilgjaldinu.

4., 5. og 6. brtt. fara fram á, að feldar sjeu úr frv. 39., 41. og 42. gr. og eru um stimpilgjald af kaupum og sölu á lausafje, verksamningum og fleiru. Nefndinni lýst svo á, að erfitt verði að framkvæma þetta t. d. að framfylgja stimpilgjaldsskyldunni gagnvart kaupum og sölu á lausafje. Virðist nokkur vafi geta leikið á því, hve langt á að ganga í því efni, en allumstangsmikið yrði það t. d., ef þetta ætti að ná til allra skriflegra vörupantana.

7. brtt. og hin síðasta, er nefndin hefir gert, er við 44. gr. og heimilar ráðherra að gefa snauðum mönnum eftir gjald það, er frv. ákveður, að sje af einkaleyfisbrjefum og öðrum brjefum. Þó má gera ráð fyrir, að þetta nemi aldrei miklu eða hafi mikla þýðingu hjer á landi, en breytingin er gerð samkvæmt fordæmi annara þjóða, og leggur nefndin ekki mikla áherslu á það.

Jeg hefi svo ekki meira um málið að segja. Nefndin lítur svo á, að úr því að stimpilgjald er í lög tekið, eigi ekki að hörfa frá því eða draga úr því, heldur útvíkka það sem föng eru á, og það er gert með þessu frv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer þykir stórum betur, að háttv. fjhn. hefir afgreitt frv. þetta. Jeg hjelt um tíma, að hún myndi ekki ætla að skila málinu frá sjer, en úr því háttv. frsm. (Jak. M.) telur þetta frv. stórvirki, þá getur mjer skilist drátturinn nefndarinnar á afgreiðslu þess.

Annars skal jeg leiðrjetta þann misskilning hv. frsm. (Jak. M.), sem kom fram í ræðu hans í dag í sambandi við annað mál, er hjer var til umræðu, að milliþinganefnd hefði unnið að skattafrv. þeim, sem stjórnin lagði fyrir þingið. Hjer er ekki um neina milliþinganefnd að ræða. Stjórnin kvaddi tvo menn sjer til aðstoðar, en annar veiktist og hinn hætti skömmu síðar. Kostnaður þessi er hverfandi lítill í samanburði við það, sem milliþinganefndir kosta.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að endurskoðun þessara skattamála eru að mestu leyti mitt starf persónulega, án þess þó að jeg ætli að fara að tala um það hjer, hvernig það sje af hendi leyst.

Um brtt. nefndarinnar er það að segja, að þær eru flestar gerðar með samþykki mínu. Þó er 1. brtt. ástæðulítil, því að það borgar sig ekki að eltast við þessa 10 aura. Vitanlega spillir hún ekki, enda mun jeg ekki gera hana að neinu ágreiningsefni.

Stafliður b. í 2. brtt. er með öllu óþarfur, því að það er tekið skýrt fram í frv., að ekkert skjal eigi að tvístimpla.

Þá er kvartað um, að sjóvátryggingargjaldið í 38. grein sje hátt, 10 aurar af hverju þúsundi, og skal jeg játa, að það er dálítið hærra en tíðkast annarsstaðar, og mun jeg ekki setja mig á móti því, að það verði lækkað. Hinsvegar vona jeg, að nefndin hafi tekið eftir ákvæði í gr., að stjórninni er heimilt að gefa eftir og veita undanþágu á stimpilgjaldi, ef sjerstök ástæða þykir til. Og ef eitthvert íslenskt fjelag ætlar að verða undir í samkepninni við erlend fjelög, þá mun verða gripið til þessarar heimildar og henni beitt, til þess að styrkja hinn innlenda fjelagsskap.

Um síðustu brtt., við stafliðina n. og o. í 44. gr. frv., hefi jeg lítið að segja. Jeg get gengið inn á, að snauðum mönnum sje

gefið eftir, ef þess þykir þurfa. En þó vildi jeg benda á, að það getur valdið mikilli fyrirhöfn, t. d. fyrir mann austur í Múlaþingi, sem þarf að fá leyfisbrjef til hjónabands, að sækja um undanþágu frá stimpilgjaldi til ráðherrans, en auðvitað á hann um það við sjálfan sig, ef hann vill hafa svo mikið fyrir því. En af því að valdsmenn hafa heimild til að láta af hendi leyfisbrjef fyrir lægra verð, eða ókeypis, þegar um snauða menn er að ræða, þá væri betra að þetta næði líka til stimpilgjaldsins.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Frsm. (Jakob Möller): Út af þessu, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði síðast, vildi jeg skjóta því til hans, hvort stjórnin geti ekki gefið valdsmönnum alment umboð eða heimild til þess að gefa eftir þessi stimpilgjöld, eins og önnur.

Annars þarf jeg engu að svara af því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) tók fram; við erum sammála um flest. Hann hefir lagt fullmikið upp úr þessu orði „stórvirki", sem jeg notaði í sambandi við þetta mál. Það sje fjarri mjer að vilja ekki viðurkenna persónulegan dugnað þessa hæstv. ráðh. (M. G.) til ýmsra stjórnarstarfa, og trúi jeg því vel, að hann hafi sjálfur lagt allmikla vinnu í þessi frv. — Hinsvegar áleit jeg ekki, að jeg þyrfti að taka það fram, af hverju drógst úr hömlu hjá nefndinni að skila þessu máli, enda er að því vikið í nál. Nefndin geymdi þetta frv. af ásettu ráði, án þess þó að bein ákvörðun væri tekin um að „setjast á það".

Jón Þorláksson: Það er aðeins örstutt fyrirspurn til háttv. fjhn. viðvíkjandi 2. brtt. hennar. Úr því hún telur hlutafjelög svo langlíf, að þau þess vegna eigi að borga tvöfalt stimpilgjald, hvers vegna undanskilur hún þá samvinnufjelögin? Mjer finst kenna þarna nokkurrar hlutdrægni gagnvart hlutafjelögum.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg skal fúslega játa, að þetta er af vangá hvað mig snertir. En þessi brtt., eins og hún er þarna orðuð, er framkomin samkvæmt till. þess manns (Jóns Krabbe), er stjórnin hefir mest eftir farið í þessu máli. En jeg viðurkenni, að ákvæði þetta ætti eins að gilda um öll önnur fjelög, og er jeg fús á að flytja brtt. í þá átt við 3. umr., og treysti háttv. deild, að hún geri það ekki að ágreiningsatriði, því að slíkt samræmi í frv. virðist á fullkomnum rökum bygt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal taka það fram, að jeg álít að ekki sje hægt að fela valdsmönnum að gefa eftir af stimpilgjöldum, nema að það sje beint tekið fram í lögunum.

Um fyrirspurn háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) er þess að geta, að ástæðan til þess, að hlutafjelög eiga að greiða tvöfalt stimpilgjald, er sú, að með því að kaupa alla hlutina í fjelaginu, getur einstakur maður orðið eigandi fasteignar, án þess að afsal þurfi að þinglesa, og ef eins er ástatt um fleiri tegundir fjelaga, sem jeg hefi ekki athugað, þá eiga vitanlega að gilda um þau sömu reglur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 481,1. samþ. með 15 : 1 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 481,2.a. samþ. með 15 : 1 atkv.

— 481,2.b. tekin aftur.

17. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 481,3. samþ. með 15 : 2 atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

19.—38. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 481,4. samþ. með 14 : 3 atkv.

40. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 481,5. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 481,6. samþ. með 15 shlj. atkv.

43. gr. (verður 40. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 481,7, samþ. með 17 : 1 atkv.

44. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

45.—60. gr. (verða 42.—57. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., kaflaskifting og fyrirsögn kafla, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 510).

Frsm. (Jakob Möller): Jeg þarf fyrir hönd fjhn. aðeins að taka það fram, að nefndin sá ekki ástæðu til að koma fram með neinar brtt. við frv. við þessa umr., þó að svo væri hálft í hvoru ráðgert, að því er tvö atriði snerti. Því verður að vísu ekki neitað, að stimpilgjald af sjóvátryggingarskírteinum er töluvert hærra samkv. þessu frv. en t. d. í Danmörku. Samkvæmt frv. er það 10 aurar af hverju þúsundi, en í Danmörku 25 aurar af hverjum 6 þús., eða rúmlega helmingi lægra. Gæti þetta ef til vill haft þýðingu í samkepni milli innlendra og erlendra fjelaga, en þó er hjer ekki um neinn verulegan mun að ræða, svo að tilfinnanlegur verði fyrir vátryggjendur. En nefndin ætlast til þess, að stjórnin noti þá heimildina, sem henni er gefin, til þess að fella niður gjaldið eða gefa eftir af því, ef henni virðist þess við þurfa.

Um tvöföldunina af stimpilgjaldi af afsölum fasteigna, sem seld eru fjelögum, er það að segja, að mjer fyrir mitt leyti virðist fult svo mikil ástæða til að láta það ná einnig til samvinnufjelaga, ekki síður en til hlutafjelaga, svo sem minst var á við 2. umræðu. Einstakar fasteignir slíkra fjelaga geta gengið kaupum og sölum, án þess að aðaleignirnar skifti um eigendur, og ætti þá það sama að gilda í báðum tilfellum. Aðaleignir hlutafjelaga skifta vitanlega venjulega ekki um eigendur á annan hátt en þann, að hlutabrjefin sjeu seld, en til samvinnufjelaganna er þannig stofnað, að þau verða ekki talin síður „stabil". Jeg hefi þó ekki sjeð það til neins að koma með brtt. hjer að lútandi. Hygg jeg, að hún mundi lítinn byr fá í þessari hv. deild, enda er hjer ekki um að ræða svo verulegt atriði, að miklu skifti um það, hvernig því er skipað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65 fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 510).

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Eins og kunnugt er, kom það til mála í háttv. Nd. að framlengja stimpilgjaldslögin óbreytt og þar með 1% stimpilgjald af útfluttum vörum. En háttv. fjhn. þeirrar deildar fjelst á, að það mundi vera verra, því að í þessu frv. eru ýms skjöl stimpilskyld, sem ekki voru það áður, og nemur það eftir áætlun um 150—200 þús. kr. tekjuauka á ári.

Jeg get fullyrt, að frv. er vel undirbúið. Umboðsmaður okkar í Kaupmannahöfn, J. Krabbe, hefir lesið frv. yfir og gert lítilfjörlegar athugasemdir við það, og voru þær teknar til greina í háttv. Nd., eins og sjá má á brjefi frá honum.

Karl Einarsson: Það er aðeins stutt athugasemd. Ef þessu frv. verður vísað til allshn., þá vil jeg beina þeirri beiðni til hennar, að hún sameini þetta frv. við næsta frv. á undan.

Fjármálaráðherra (M. G.). Jeg veit ekki vel, hvað háttv. þm. (K. E.) á við. (*K. E.*: Útflutningsgjaldið). Jeg held, að það sje ekki gott að sameina þessi tvö frv, því að útflutningsgjaldið er aðeins til bráðabirgða og getur fallið niður strax næsta ár. Það á heldur ekki við samkvæmt eðli sínu og sætti mótspyrnu í Nd. að hafa útflutningsgjaldið með stimpilgjaldinu. Það er líka sparnaður að taka ekki útflutningsgjaldið með stimpilgjaldinu, því að þá losnar ríkissjóður við að greiða 2% í innheimtulaun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 10 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 510, n. 620).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Það er eins um þetta frv. og skattafrv. í dag, að það kom mjög seint upp í háttv. deild, og hefir því ekki gefist tími til að rannsaka það eins og skyldi. Þó er nefndin ekki í neinum vafa um, að það eigi að ganga fram, og hefir aðeins gert á því örfáar breytingar. Aðalbreytingarnar, sem þetta frv. hefir í för með sjer, eru þær, að 1% gjaldið af útfluttum vörum, sem ákveðið er í núgildandi stimpilgjaldslögum, er ekki tekið upp í þetta frv., og á það að koma fram í sjerstöku frv. sem útflutningsgjald; auk þess er nú stimpilgjaldið lagt á ýmislegt fleira en áður.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á brtt. nefndarinnar.

1. brtt. við 5. gr. fer fram á, að 5. liður gr. orðist um. Nefndinni þótti ekki ástæða til að leggja stimpilgjald á ávísanir yfirleitt, heldur aðeins þegar þær væru brúkaðar sem liður í viðskiftalífinu á þann hátt, að þær gengju kaupum og sölum.

Þá er 2. brtt. við 17. gr. Hún er fram komin af þeirri ástæðu, að nefndin var hrædd um, að ef það væri orðað eins og stendur í frv., þá gæti þar fallið undir veðbókarvottorð, en slíkt nær vitanlega ekki nokkurri átt, að stimpilgjald sje greitt af þeim eftir vissu hundraðsgjaldi af verðhæð þeirra eigna, sem veðbókarvottorð er gefið fyrir. Þetta mun ekki heldur hafa verið meining hæstv. stjórnar, og er því þessi brtt. fram komin aðeins til að fyrirbyggja misskilning.

Brtt. við 35., 36. og 37. gr. eru bein afleiðing af brtt. við 5. gr., og þarf jeg ekki að gera frekar grein fyrir þeim.

6. brtt. við 38. gr. fer í þá átt, að enginn stimpilgjaldsskattur sje lagður á iðgjalds- og endurnýjunarkvittanir. Þótti nefndinni nægilegt, að lagður væri skattur á þessi skírteini, sem gr. getur um, þótt kvittununum væri slept, og það því fremur, sem hjer er um eintómar tryggingar að ræða. Nefndinni þykir heldur ástæða til að ýta undir menn í því tilliti en draga úr þeim með slíku gjaldi. Auk þess mundi ríkissjóð aldrei muna mikið um það gjald.

7. brtt. við 41. gr. fer fram á, að r-liður og x-liður falli burtu. Viðvíkjandi fyrri liðnum skal jeg geta þess, að þótt nefndin gæti sætt sig við, að gjald væri lagt á skírteini um embættispróf, þá finst henni með öllu óviðeigandi að leggja slíkt gjald á prófskírteini barna og unglinga. Á það fólk, sem notar barna- og unglingaskólana, venjulega fult í fangi með að standast þann kostnað, sem námið hefir í för með sjer, enda gæti þetta gjald orðið alltilfinnanlegt fyrir fátæka foreldra, sem eiga fyrir stórum barnahóp að sjá.

Að því, er snertir síðari liðinn, skal jeg geta þess, að nefndinni finst fylsta ástæða til að ýta undir þjóðina að spara sem mest og leggja í sparisjóði, og vildi því síst verða til þess að draga úr þeirri viðleitni manna, með því að leggja slíkt gjald á þá.

Það eru ekki fleiri brtt., sem nefndin hefir gert, og skal jeg þá ekki orðlengja þetta frekar, en vonast til, að háttv. deild samþykki frv. með þessum breytingum.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer finst háttv. nefnd ekki hafa bætt frv. neitt með þessum tillögum sínum. Jeg sje enga ástæðu til að undanskilja ósamþyktar ávísanir. Jeg er viss um, að slíkt ákvæði leiddi til þess eins, að hætt yrði að samþykkja ávísanir, því að mjög hægt er að komast hjá að láta samþykkja þær, t. d. með því að senda samþykkið í sjerstöku brjefi, og ávísanirnar missa ekki neinn rjett, þótt þær sjeu ekki samþyktar.

Um 2. brtt. hefi jeg ekkert að segja; hún gerir í sjálfu sjer ekkert til, en er þó óþörf, því að í 41. gr. er ákveðið, að almenn vottorð skuli stimplast með 50 aurum. Undir þá grein heyrir t. d. veðbókarvottorð, og hygg jeg ekki neina hættu á því, að nokkur lögreglustjóri mundi fara að stimpla slík vottorð sem afsal. En verði brtt. nefndarinnar samþ., þá er og sjálfsagt að samþ. þessa brtt., því að hún getur ekkert skaðað.

3., 4. og 5. brtt. leiða af fyrstu brtt., og er ekki þörf að ræða þær.

6. brtt. er um að undanskilja stimplun iðgjaldakvittanir og endurnýjunarkvittanir bruna- ábyrgðar- og sjóvátryggingarskírteina. Á fundi, sem jeg var á með nefndinni, stakk jeg upp á því, til samkomulags, að iðgjaldakvittunum væri slept, en hinum haldið. Nú álít jeg mig ekki bundinn við þá miðlunartillögu, því að nefndin tók hana ekki til greina, heldur hefir haldið fast við það að undanskilja allar kvittanir stimplun. Jeg verð að halda því fram, að misráðið væri að samþ. þessa brtt., því að einstaklinginn munaði lítið að borga þetta gjald, en þegar alt kæmi saman, gæti það orðið talsverð fjárhæð fyrir ríkissjóð.

Þá er 7. brtt. Nefndin er á móti því, að gjöld sjeu tekin fyrir prófskírteini skólanna, t. d. Verslunarskólans, Kvennaskólans og Mentaskólans. Ekki get jeg sjeð, að gjöld þessi yrðu tilfinnanleg nje að þau sjeu ósanngjörn. Þegar athugað er, að ríkissjóður borgar 2 miljónir til skólanna á ári og nemendur fá ókeypis alla kenslu, þá virðist ekki ósanngjarnt, að þeir verði að borga einar 10 kr. fyrir prófskírteini sín. Hjer í þessari brtt. kemur það eins og oftar fram, að ef leggja

á nýtt gjald á, þá þykir það ganga svo nærri þeim, sem hlut eiga að máli, að ekki sje hægt að leggja það á.

Jeg er og á móti því að undanskilja sparisjóðsbækur stimplun. Það, sem háttv. frsm. (S. E.) sagði um þetta atriði, er rjett, ef miðað er við barnabækur, sem 1 eða 2 krónur eru lagðar í, en það á ekki við um bækur, sem ef til vill fleiri þúsundir eða tugir eða hundruð þúsunda hafa verið lagðar inn í. En þótt lítil fjárhæð sje oft fyrst í barnabókunum, og því ósanngjarnt að taka þetta gjald af þeim, þá er þó það að athuga, að inn í þessar sömu bækur getur barnið, þegar það er orðið fullorðið, lagt fleiri þúsund krónur. (*S. E.*: Erfiðast er að ná fyrstu krónunum). Fyrir barnið? (*S. E.*: Já). Nei, þeim er venjulega gefin sparisjóðsbókin í fyrstu með fáum krónum í. — Annað kemur einnig til greina í þessu máli. Flest sparisjóðsfje er nú skattfrjálst. Sumpart af því, að skattanefndir fá sparisjóðsfje ekki talið fram, og sumpart af því, að margar sparisjóðsupphæðirnar eru svo litlar, að þær eru ekki skattskyldar. En þó að inneignin sje svo lítil, að hún sje ekki skattskyld, þá getur þó verið ástæða til að skatta hana dálítið, og það yrði einmitt gert, ef lögleitt yrði að stimpla sparisjóðsbækurnar. Stimpilgjaldið af sparisjóðsbókum mundi ekki muna miklu fyrir ríkissjóðinn nema fyrsta árið, þegar allar gömlu sparisjóðsbækurnar yrðu stimplaðar. Get jeg hugsað, að þá mundi það nema kring um 15 þús. kr. Jeg held áreiðanlega, að þessir tveir skattar, á prófskírteinum og sparisjóðsbókum, sjeu ekki ósanngjarnari en margir aðrir skattar. Að láta borga fyrir prófskírteini frá Mentaskólanum er í fullu samræmi við að borga verður fyrir skipstjóraskírteini. Skipstjórarnir verða að borga fyrir skírteini, sem gefur þeim rjett til að fara með skip, og stúdentar borga fyrir skírteini, sem gefur þeim rjett til að stunda nám við háskóla.

Björn Kristjánsson: Út af ávísununum vil jeg segja fáein orð. Eins og deildarmenn vita, er ekki ætlast til, að tjekkar sjeu stimplaðir, og er það sökum þess, að í þeim felst enginn gjaldfrestur. Aftur eru víxlar, ávísanir og skjöl, sem gjaldfrestur er á, stimplað í öðrum löndum. Þegar nú er viðurkent, að tjekkar skuli ekki stimplaðir, sökum þess, að á þeim er enginn gjaldfrestur, þá virðist hið sama eiga að gilda um ávísanir, þegar eins er ástatt með þær. En það kemur einmitt oft fyrir. T. d. er bóndi sendir ávísun á viðskiftareikning sinn hjá kaupmanni, er óviðkunnanlegt, að hann skuli þurfa að greiða stimpilgjald af henni. Eins eru slíkar ávísanir oft sendar í bankana. Að vísu hafa bankarnir tjekkbækur, sem viðskiftamenn þeirra fá. En oft kemur fyrir, að þá vantar tjekkeyðublöð og kunna ekki að stíla tjekka, og senda því ávísanir á bankann. Þetta bar oft við er jeg var bankastjóri, og vanalega ráku bankarnir ávísanirnar ekki aftur, þótt það hefði verið rjettast. Bankarnir vildu hlífa mönnum við óþægindum út af því. Slíkar ávísanir sem þessar eiga að minni hyggju að vera undanskildar stimpilgjaldi eins og tjekkarnir, eins og gert er alstaðar annarsstaðar. (*Fjrh.*: Ekki alstaðar). Það er rjett, ekki í Englandi, en þar eru tjekkar líka stimplaðir.

Rjett álít jeg það að íþyngja sem minst þeim er vilja líftryggja sig og tryggja eigur sínar. Nóg er að láta stimpla aðalskírteinið; kvittanirnar eiga því helst að vera stimpilfrjálsar. Á þetta legg jeg þó minni áherslu heldur en á hitt, að sparisjóðsbækur sjeu undanskildar stimpilgjaldi. Hvergi er venja að stimpla þær, mjer vitanlega.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg þarf ekkert að segja um ávísanirnar. Háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) talaði svo rækilega um þær. Á 2. brtt. við 17. gr. verð jeg að minnast. Hæstv. fjrh. (M. G.) fanst hún óþörf. Ekki get jeg skilið að svo sje. Jeg kannast að vísu við það, að í 41. gr. er talað um „vottorð, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum". Sagði hann, að undir þessa gr. fjellu veðbókarvottorð. Getur vel verið, að stjórnin hafi ætlast til þess. En niðurlag 17. gr. er svo orðað, að þau vottorð geta ekki verið þar undanskilin. Þar stendur, að vottorð, sem eru til sönnunar eignarheimild, stimplast sem afsöl. En þar með eru einmitt veðbókarvottorð. Ómögulegt er því að skýra 41. gr. öðruvísi en að þar sje átt við vottorð yfirleitt, en í 17. gr. sje átt við veðbókarvottorð. Til þess að fyrirbyggja allan slíkan misskilning hefir því nefndin borið fram þessa brtt. við 17. gr.

Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um stimplun á kvittunum, og vildi ekki undanskilja þær stimplun. En varla er hægt að bera á móti því, að óeðlilegt er að krefjast gjalds af öllum þessum kvittunum. Nóg er að taka gjald af hinum upphaflegu skírteinum.

Jeg vil taka það fram, að einn af nefndarmönnunum er á móti brtt. við 41. gr. Er það háttv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.).

Um gjaldið af prófskírteinunum vil jeg að eins segja það, að þeir, sem kunnugir eru, munu vita, að flestir, sem ganga í lærðaskólann, unglingaskóla, barnaskóla o. fl. eiga erfitt uppdráttar. Og einmitt þetta hefir verið viðurkent, með því að hafa kensluna ókeypis. Það virðist því í fullu samræmi við það að hlífa þeim við þessum gjöldum.

Um stimplun sparisjóðsbókanna er það að segja, að því er nú svo farið, að ýmsir mundu veigra sjer við að leggja litlar fjárhæðir í sparisjóð, ef þeir þyrftu bæði að kaupa bók og borga stimpilgjald. En undirstaða allrar sparsemi í þessu landi er að fá fólkið til að spara smáupphæðir og leggja það fje til hliðar, því að úr því byrjað er að leggja inn smáupphæðir, þá koma þær stærri sjálfkrafa á eftir.

Fjármálaráðherra (M. G.): Aðeins fáein orð. Það, sem háttv. frsm. (S. E.) sagði um sparisjóðsbækurnar, á ekki við börnin, því að vanalega er þeim gefin sparisjóðsbókin upphaflega, og það kemur því ekki til þeirra kasta að kaupa bækurnar. Fullorðna fólkið gerir það fyrir þau.

Prófskírteinin á að stimpla, til þess að reyna á þann hátt að fá eitt sandkorn upp í miljónirnar, sem fara til skólanna og ætla algerlega að sliga okkur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 620,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—16. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 620,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
18.—34. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 620,3.a.—b. samþ. án atkvgr.

35. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 620,4 samþ. án atkvgr.

36. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 620,5 samþ. án atkvgr.

37. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 620,6.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 620,6.b. samþ. með 8 : 3 atkv.
— 620,6.c. samþ. með 7 : 3 atkv.
— 620,6.d. samþ. með 7 : 3 atkv.

38. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

39.—40. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 620,7.a. samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., S. E., S. F., B. K., E. Á., G. Guðf., G. Ó., H. St.
nei: H. Sn., K. E., S. J., G. G., G. B.
Einn þm. (S. H. K.) fjarstaddur.

Brtt. 620,7.b. samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., S. E., S. F., B. K., E. Á., G. Guðf., G. Ó., H. St.
nei: H. Sn., K. E., S. J., G. G., G. B.
Einn þm. (S. H. K.) fjarstaddur.

41. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

42.—57. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 649).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 649).

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 649).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 674).

---

34. Sogsfossarannsókn.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (A. 45).

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Mönnum kann ef til vill að virðast, að frv. þetta sje nokkuð seint fram borið og að rjettara hefði verið, að það hefði fylgt hinum vatnamálafrv. Enda ekki ofverk stjórnarinnar, úr því það er óbreytt frá milliþinganefnd í fossamálinu. Jeg vona, að slíkt komi ekki mjög að sök, því að fossamálanefndin hefir haft nóg að gera til þessa.

Jeg skal ekki lengja umræður með því að fara út í einstök atriði frv., læt mjer í því efni nægja að skírskota til álits milliþinganefndarinnar.

Þó get jeg ekki stilt mig um að skjóta því til þingnefndarinnar, sem við þessu frv. tekur, hvort ekki mundi rjett að færa heimild stjórnarinnar lengra en frv. gerir ráð fyrir. Samkvæmt frv. er stjórninni gefin heimild til þess að athuga járnbrautarstæði að Soginu. En mjer finst ástæða til, að stjórninni væri einnig heimilað að láta athuga vegarstæði á þessari sömu leið, því að vel gæti það fyrir komið, að of miklir agnúar reyndust á því að leggja þangað járnbraut og tiltækilegt þætti að nota í staðinn vel vandaðan púkkaðan veg, og þarf þá að rannsaka það mál.

Þá virðist og í öðru lagi ástæða til að stjórninni væri heimilað að leita fyrir sjer um fje til fyrirtækisins, í smærri eða stærri stíl, lánsfje á einn eða annan hátt, eða hlutafje. Ef stjórnin fær þessar heimildir, þá ætti að verða mögulegur undirbúningur þess, sem mestu varðar í þessu máli.

Ýmislegt fleira í sambandi við þetta frv. þyrfti og frekari athugunar við, og hefir verkfræðingafjelagið vakið þar athygli á ýmsum atriðum.

Þegar ræða skal um fossavirkjun hjer á landi, þá er mikið undir því komið, að vita, hvaða hráefni eru til í landinu sjálfu, er stóriðnað mætti byggja á. Rannsókn á því efni er mikið undirstöðuatriði allra fossamála vorra.

Á síðastliðnu ári rjeði stjórnin mann — eina íslenska námufræðinginn — til starfa í þessa átt, meðal annars. Stjórnin rjeði þennan mann á síðastliðnu vori til árs, og mælir jafnframt með því, að hann fái hjer fasta stöðu framvegis sem námuverkfræðingur. Það, sem fyrir stjórninni vakti, er hún rjeði þennan mann, var það, að hún taldi nauðsynlegt að rannsakað væri, hvort ekki fyndust verðmæt efni í landinu. Einnig fanst henni rjett að láta rannsaka silfurbergsnámurnar og semja áætlanir um rekstur þeirra og arð, og að rannsaka hvort ekki mundi heppilegt, að ríkið tæki rekstur þeirra sjálft í sínar hendur.

Námuverkfræðingurinn hefir nú þegar byrjað starf sitt. Á síðastliðnu sumri hefir hann rannsakað járn á Vestfjörðum, silfurbergsnámurnar, litunarefni við Geysi o. fl. Hefir hann einnig í vetur haft nógan starfa við efnarannsóknir á því, sem hann hefir safnað.

Mjer þótti rjettast að geta um þetta hjer í þessu sambandi, enda þótt það komi þessu frv. ekki beinlínis við.

Jón Þorláksson: Jeg leyfi mjer að þakka hæstv. stjórn fyrir að hafa borið þetta frv. fram hjer í þinginu. Jeg sá það í skránni yfir stjórnarfrv., að það stæði til, að þetta frv. kæmi fram, annars mundi jeg sjálfur hafa borið fram samskonar frv. Þetta frv. snertir, að mínu viti, langmesta framfaramálið, sem koma mun á dagskrá með þjóðinni í okkar tíð. Og þótt nú horfi illa fyrir atvinnuvegum þessa lands, og það svo mjög, að ekki er útlit fyrir, að hægt verði að framkvæma það framfaramál, sem um ræðir í frv., að svo stöddu, þá er jeg þess þó fullviss, að öllum þorra þjóðarinnar mundi verða það skíma í þessu dimmviðri, ef þeir sæu, að þingið hefði þó einlægan vilja á því að

hugsa fyrir endurbótum og endurreisn atvinnuveganna, slíkum, sem frv. þetta fer fram á, hvenær sem úr rætist.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið, en vona, að deildin taki því vel og að því verði vísað til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fossanefndar (sjá A. bls. 1664) með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 16. apríl,, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 252 (meiri hl.), n. 265 (minni hl.)).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 18. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Eins og sjá má af nál. hefir meiri hluti samvinnunefndar vatnamála lagt til, að frv. yrði samþykt óbreytt. Jeg skal því leyfa mjer að gera grein fyrir því, hverskonar rannsókn um er að ræða í 1. gr. frv.

Fyrst og fremst þarf að rannsaka virkjunarkostnað Sogsfossanna; þar eru tvö fallvötn. Það efra, sem er minna, og það neðra, sem er meira, og fellur það í þrem fossum. Það verður að fá vitneskju um það, hvað kostar að virkja þessi fallvötn, hvort fyrir sig.

Þá þarf að rannsaka kostnað við leiðslu rafmagnsins til almenningsþarfa, bæði til sveita og sjóþorpa Suðurlandsundirlendisins, og eins til sveita og kauptúna við Faxaflóa. Hvort unt reynist að fá almenningi til handa raforku úr þessum fallvötnum mun velta ekki síður á leiðslukostnaðinum en á hinu, hvort sjálf virkjunin kostar meira eða minna. En það er algerlega órannsakað mál, hvort þjettbýli er hjer svo mikið, að það svari kostnaði að veita raforku yfir svo stórt svæði sem um er að ræða, og er mikilsvert að fá úr þessu skorið með ábyggilegri rannsókn. Þá er það einnig rannsóknarefni, hvort hagkvæmara sje að nota orku úr þessum fallvötnum, Sogsfossunum, til almenningsþarfa í Borgarfirði, eða virkja þar sjerstaka fossa í því skyni. Og þessi rannsókn má ekki dragast mikið, því að nú er kominn skriður á það mál þar efra í Borgarfirði að virkja Andakílsfossa til þessara þarfa. Það er því nauðsynlegt, að sem fyrst sje hægt að ganga úr skugga um, hvað hagkvæmast sje í þessu efni, því að það væri illa farið, ef jafnmikilsverðu máli væri teflt í tvísýnu, með því að byrja á framkvæmdum að órannsökuðu máli.

Þá þarf og að rannsaka, hve mikil orkunotkunin muni verða, ef kleift reynist að veita orku út um sveitirnar, og þarf jafnframt að rannsaka mismun notkunarinnar á hinum ýmsu árstíðum. Undir þessu verður því komið, meðal annars, hvort fært verður að virkja fossana, og samkvæmt þessu verður að ákveða stærð fallvatnsins og annað, sem að virkjuninni lýtur. Þá þarf og að rannsaka, hver tilhögun virkjunarinnar yrði ódýrust og heppilegust og hvað ætti að gera við þá orku, sem afgangs yrði almennings þörfum. Orkan til almennings þarfa verður að vera eins ódýr og frekast er unt, en það getur hún því aðeins orðið, að sæmilegur markaður verði fyrir afgangsorkuna.

Það þarf því nákvæmra rannsókna við, hvaða markaður er fyrir þessa orku og hvaða verð mætti á hana setja, og undir þessu verður það aðallega komið, hvort hægt verður að framkvæma þetta mikilsverða mál, virkjun fossanna.

Hitt málið, sem frv. gerir ráð fyrir rannsókn á, er járnbrautarlagning austur, bæði sú járnbraut, sem nauðsynleg er til virkjunar fossanna, og járnbrautin sem sjálfstætt samgöngufyrirtæki. Það hefir verið samin bráðabirgðarannsókn, sem mjög var ófullkomin vegna ónógrar fjárveitingar. Það reyndist aðeins kleift að rannsaka eina leið, Þingvallaleiðina; en til þess að alt sje örugt og áreiðanlega verði valið það, sem heppilegast er, þarf að rannsaka fleiri leiðir, t. d. Reykjanesleiðina og ef til vill fleiri. Og þegar austur er komið, þarf að rannsaka hvernig heppilegast sje, að brautin liggi um undirlendið, og þá með hliðsjón af hliðarbrautum og akvegum til fjarlægari sveita.

Þá þarf að rannsaka gerð brautarinnar, breidd hennar og gildleika teinanna og það, hvernig hægt verði að starfrækja fyrirtækið vetur sem sumar, því að það er skilyrði þess, að brautin komi að notum. Eins þarf það rannsóknar við, hvaða afl á að nota, og sjerstaklega hvort ekki sje tiltækilegt að nota raforku. Og þá þarf að rannsaka leiðslu rafmagnsins meðfram brautinni í sambandi við leiðslu þess til sveita og kauptúna til almennings þarfa.

Þá er komið að þeirri spurningu, hvort það sje tímabært eða nauðsynlegt, að stjórnin fái nú þessa heimild. Allir eru á einu máli um það, að þessar rannsóknir þurfi að hafa farið fram áður en til framkvæmda kemur. Og allir eru sammála um það, að slíkra rannsókna sje ekki að vænta, ef stjórnin geri þær ekki. Öðrum er ekki til að dreifa, enda er það eðlilegt, að ríkissjóður kosti þessa rannsókn, þar sem um svo stórt svæði er að ræða, að ekki minna en 6 lögsagnarumdæmi munu beinlínis njóta góðs af þessum mannvirkjum, auk þess sem alt landið nýtur þeirra óbeint.

Meiri hlutanum virðist það varhugavert að skjóta þessu máli lengur á frest. Hann veit það, að tími framkvæmdanna er ekki enn kominn, en enginn veit hvenær hann verður, og þá er sjálfsagt að hafa til allan undirbúning og láta tækifærið ekki ganga úr greipum sjer. Tími undirbúningsins er þegar kominn, og þessu verður að flýta eftir því, sem fjárhagur landsins leyfir. Málið á það fyllilega skilið, að Alþingi gefi því gaum og láti ekki sitt eftir liggja, að alt geti verið til þegar tími framkvæmdanna kemur.

Jeg hefi ekki hugsað mjer að fara út í ástæður minni hlutans að sinni. Jeg kann betur við að gefa honum tækifæri til að taka til máls áður. En þó eru einstaka atriði, sem jeg vildi gera að umtalsefni þegar í stað.

Það er þá fyrst sú staðhæfing, að þál. frá 1919 gefi stjórninni nægilega heimild í þessu efni. Þessu vil jeg svara á þann hátt, að jeg tel það ólögmætt og óforsvaranlegt að veita stjórn heimild til fjárveitinga yfir mörg fjárhagstímabil, með þál. einni. Það er satt, að til þingsályktunar er stundum gripið, þegar svo stendur á, að ekki vinst tími til að gefa löglega heimild og fjárveitingin nær aðeins til skamms tíma. Þetta segi jeg af því, að þál. er ekki lögleg heimild til fjáreyðslu úr ríkissjóði, heldur þarf til þess lagaheimild. Jeg get því ekki talið það löglegt eða heppilegt að veita svo mikilsverða fjárheimild með þál. einni, og auk þess verður fjárveitingin að ná yfir ótakmarkað árabil, því að enginn veit, hvað rannsóknin krefst mikils tíma eða hárra fjárhæða. Jeg skil heldur ekki, að þeir, sem telja stjórninni þetta heimilt nú, sjeu á móti því að tryggja heimildina og hefja hana yfir allan efa.

Þá er það atriði í ástæðum háttv. minni hluta, að ríkið þurfi að hafa eignarrjett yfir þessum fallvötnum áður en það hefur rannsókn. Jeg veit til þess, að ríkinu hefir boðist þessi rjettur, en þing og stjórn ekki

verið neitt áfjáð í hann, enda álít jeg, að það sje að byrja á vitlausum enda að kaupa þennan vatnsrjett. Aðalatriðið er ekki, á þessu stigi málsins, hver virkjar, heldur hvort fært er að virkja. Þetta frv. svarar ekki spurningunni, hver eigi að virkja; það heldur henni opinni. Þegar rannsókn hefir skorið úr því, hvort fært sje að virkja, og þá með hvaða hagnaði eða hvers konar tilhögun, þá er hægt að útgera, hver eigi að taka að sjer virkjunina, það opinbera eða einstakir menn eða samlög hins opinbera og einstaklingsfjelaga. Það er því best að láta allan ágreining um það atriði bíða síns tíma. Ef sú niðurstaða verður, að ekki sje unt að virkja þessi fallvötn, þá er öll slík deila tilgangslaus og til ills eins.

Þá getur háttv. minni hluti þess, að þeir, sem stóðu að þessu máli 1919 og standa að því nú, sjeu hlyntir fossafjelaginu „Ísland", og beri frv. þess merki. Þetta frv. er samið af meiri hluta milliþinganefndarinnar í fossamálinu, og get jeg fullyrt, að enginn þeirra manna er neitt við það fjelag riðinn. Ef þessum ummælum háttv. minni hluta er beint að höf. frv., verð jeg að lýsa þau með öllu tilhæfulaus, en til þeirra er þeim beint, eins og sjá má af því, að háttv. minni hluti þykist lesa þessa staðhæfingu sína út úr frv. sjálfu. Enginn þessara manna er hluthafi, stjórnari fjelagsins „Ísland" eða á neinn hátt við það bundinn, en hitt er annað mál, hvernig þeir líta á virkjunina frá almennu sjónarmiði. Þar eru þeir ekki sammála. Sumir telja heppilegast að hún verði í höndum þess opinbera, aðrir að hún verði í höndum einstakra manna.

En þessir menn eru allir á því máli, að eftir öllum líkum sjeu Sogsfossarnir ódýrastir til virkjunar og hentugastir til þess að framleiða raforku til almennings þarfa.

Þetta eru nægar forsendur fyrir framkomu frv. En til þess þarf rannsókn, að úr því verði skorið, hvort þetta hugboð er rjett eða ekki.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi ekki getað orðið samferða meiri hluta nefndarinnar, og hefi jeg gert grein fyrir áliti og ástæðum mínum á þskj. 265. Jeg þarf varla að skýra það öllu nánar, en út af ummælum háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vil jeg bæta dálitlu við nál.

Jeg vil minna á það, að 1919 lá þetta sama frv. fyrir þinginu, og í stað þess að taka það til frekari meðferðar, samþykti þingið þingsályktun þá 26. sept., sem talað hefir verið um og háttvirtur 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vill svo lítils meta. Alþingi hafnaði þá frv., en tók þann upp, að samþykkja þál. um að ná eignarumráðum yfir Sogsfossunum. Af þessu má sjá, hvað vakað hefir fyrir Alþingi 1919. Það vildi fyrst tryggja yfirráð ríkisins yfir fossunum og síðan stofna til rannsóknar um virkjunarkostnað, eins og líka var eðlilegt. Fossafjelagið „Ísland" telur sig hafa ráð á þessum fossum, og hefir leitast við að fá lögmældan rjett til atvinnurekstrar við þá. En Alþingi 1917 og 1919 vildi ekki veita hann. Meðan rjettindin eru í höndum fjelagsins, verður eigi annað sjeð en að rannsóknin sje gerð fyrir það, en ekki fyrir ríkið. Þetta liggur í augum uppi.

Það er rjett hjá háttv. þm. (J. Þ.), að áður en ráðist sje í framkvæmdir þurfi rannsóknar við. Um þetta eru allir sammála, og Alþingi 1919 var einnig á þessari skoðun. En þá fyrst ber að rannsaka, þegar umráðarjetturinn er í höndum ríkisins. Það er kunnugt, að síðan till. 1919 var samþykt hefir verið leitað hófanna hjá fossafjelaginu „Ísland", um að afhenda þennan rjett, og á síðasta þingi gaf hæstv. forsrh. (J. M.) skýrslu um þær málaleitanir. Jeg man ekki glögglega

hvernig hún hljóðaði, en það var í henni fólgið tilboð um afhendingu þessara rjettinda, með kjörum, sem ekki virtust mjög óaðgengileg, og þeim má eflaust fá breytt þannig, að aðgengilegri verði.

Jeg þori ekki að fullyrða eftir minni, hver söluupphæðin var, en jeg man það, að hún var ekki ýkjahá, og líkur eru til þess, að komast megi að betri samningum við fjelagið. Í þessari skýrslu lá það einnig, að fjelagið gæfi kost á öllum vatnsrjettindum, er það hafði fengið hjer. Að segja með vissu, hvers virði þetta er, er ekki hægt, en komast má nokkuð nærri því, hversu miklu fjelagið hefir kostað til. Af leigu- og kaupsamningum,sem mjer eru kunnir og snerta vatnsrjettindi fjelagsins í Skjálfandafljóti, Laxá, Hvítá og Soginu, mun vera búið að greiða um 35—40 þús. kr. Á sumum stöðum er ekki tilgreind leiguupphæðin, svo að ekki sjest hve mikið þar hefir verið lagt af mörkum. En auk þessa hefir verið goldin talsverð upphæð til mælinga, uppdrátta o. fl., og sömuleiðis má gera ráð fyrir nokkrum kostnaði við stjórn fjelagsins. Líklega er samt ekki ástæða til að áætla hærri söluupphæð en svo sem 100—150 þús. kr., þegar miðað er við öll vatnsrjettindin, en auðvitað miklu minna, ef aðeins væri um Sogið eitt að ræða. Og ef líkur eru fyrir því, að við getum hagnýtt okkur þennan vatnsrjett, þá hygg jeg það vel ráðið að reyna að nálgast hann. Vatnsrjettindin verða því verðmætari sem þekkingin á gagnsemi þeirra eykst meira og því víðar sem tekst að nota þau til lýsingar og hitunar og annara þæginda, er allur almenningur getur notað. Jeg legg áherslu á það, að á undan þessari rannsókn, sem frumvarpið beinist að, gangi fram framkvæmd þál. frá 1919. Rannsóknin mun leiða það tvent í ljós, að vatnsfallið er sjerlega hentugt til virkjunar og brautarlagningin tiltölulega auðveld. En þegar slíkt verður leitt í ljós með rannsókn, þá verður afleiðingin eðlilega sú, að verðmæti vatnsrjettindanna vex í augum núverandi eigenda. Og mjer finst eigi ástæða til að búa svo í haginn fyrir seljanda, að honum sje gefin hvöt til að hækka söluverðið. Hitt er aftur sjálfsagt að rannsaka sem fljótast, ef honum eru fyrirhuguð afnotin.

Háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) fanst jeg vera að drótta að meiri hluta fossanefndar, að hann væri í einhverju makki við fossafjelagið „Ísland“. Þetta er misskilningur. Jeg hefi ekkert um það talað, en hitt er rjett, að jeg tel suma aðstandendur frv. hafa verið hlynta fjelaginu, og á þá við þá, er standa að frv. nú og stóðu að því 1919. Sumir þessara manna studdu erindi fjelagsins um leyfi til virkjunar á Soginu, er það sótti til þingsins 1917, og virðast þeir hafa trú á fjelaginu enn. Og þótt jeg geti ekkert um það fullyrt, þá hygg jeg, að frsm. sjálfur (J. Þ.) hafi ekki verið á móti því að leyfa þá virkjun fjelaginu til handa.

Háttv. þm. (J. Þ.) tók það fram, að það væri skakt spor stigið, ef ekki væri látin fara fram rannsókn á undan framkvæmd þál. frá 1919. Mín skoðun er alveg gagnstæð. Jeg álít skakt spor stigið, ef rannsókn fer fram á undan framkvæmdinni á þál. frá 1919. Háttv. frsm. (J. Þ.) áleit, að þál. frá 1919 væri ekki lengur í gildi, eða að ekki væri hægt að framfylgja henni hjeðan af. (*J. Þ.*: Það er ekki heimilt að verja fje eftir henni!). Nú, að ekki væri heimild til að verja fje eftir henni, — en jeg vil þá benda honum á það, að með þál. frá 1917 var veitt heimild til fjárútláta úr ríkissjóði til skipakaupa landssjóðs, sem voru miklu stórfeldari en þetta. Hjer er ekki um svo mikið fje að ræða vegna rannsóknanna. En engum dettur víst í hug, að á næstu árunum verði járnbrautin bygð af hálfu

ríkissjóðs, eða að hún verði bygð öðruvísi en með hliðsjón af notkun vatnsins.

Að jeg hafi talið orðalag frv. benda til þess, að hjer væri til þess ætlast, að fossafjelagið „Ísland“ gengi inn í sín fornu rjettindi, hygg jeg engan þurfa að undra, sem les 3. gr. frv. Þar er bent til þess, að eitthvert fjelag taki við, að rannsókninni lokinni, og losi landssjóð við kostnaðinn af þeirri rannsókn.

Það er ljóst, að það líða nokkur ár, áður en við getum ráðist í þau mannvirki, er þurfa til þess að virkja Sogið. Og út af þessu öllu, sem jeg nú hefi tekið fram og er einnig tekið fram í nál. minni hl. á þskj. 265, hefi jeg leyft mjer að koma fram með rökstudda dagskrá, um frestun málsins meðan leitað er betur hófanna um það erindi, er felst í þál. frá 1919. Leyfi jeg mjer að vænta þess, að hún verði borin undir atkvæði, og að hún verði ekki feld, fyrir tómlætis sakir. Að hinu kemur síðar, þegar einhver skilyrði eru fyrir því, að rannsóknar þurfi með, vegna ríkisfyrirtækis í Soginu, en ekki fyrir fossafjelagið „Ísland“.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Mjer kom dálítið undarlega fyrir í nál. minni hl. sú „clausula“ um aðstandendur þessa frv., að þeir væru hlyntir fossafjelaginu „Ísland“, enda mætti sjá það á orðalagi þess. Nú er jeg hinn eini maður, sem bæði er viðriðinn frv. og fossafjelagið. Jeg hefi nefnilega verið í stjórn fjelagsins, þótt jeg sje það ekki nú. Nú er það líka vitanlegt, að jeg á ekki staf í þessu frv., þótt jeg hafi flutt það inn í þingið, og jeg hefi því alls engin áhrif getað á það haft, hvernig það er orðað. Í öðru lagi furðaði mig á því, að haft væri á móti frv. af þessum ástæðum, eins og það væri nokkuð ódæði, að hafa verið riðinn við fossafjelagið „Ísland“. Jeg álít mig hvorki lakari mann fyrir það nje ver staddan við atkvgr. um málið. Og loks skil jeg ekki af hverju fossafjelagið „Ísland“ er háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) slíkur þyrnir í auga, því að meðan ekki er ákveðið neitt um það, hvort skuli vera ríkisvirkjun eða sjerleyfi veitt, kemur fjelagið þessu máli ekkert við.

Jeg hefði annars ekkert verulegt um þetta mál að segja, því að háttv. frsm. (J. Þ.), sem er málinu kunnari en jeg, mun halda uppi nægilegum vörnum fyrir það, og jeg hefi engu við að bæta. Mjer finst sjálfsagður hlutur, að rjettara sje, þegar um svo víðtæka heimild er að ræða sem hjer er, að hún sje sett í lög, heldur en að láta sitja við þál. frá 1919, eins og minni hl. gerir, þótt ef til vill væri hægt að notast við hana.

Forsætisráðherra (J. M.): Það var út af ummælum háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.), að jeg vildi minna á þá sömu skýrslu, sem háttv. frsm. (Sv. Ó.) talaði um. Jeg gaf hana þm. í fyrra og fjrh. fjekk hjá mjer öll skjöl viðvíkjandi því máli. Þó tók fjármálaráðherra mjer vitanlega enga ákvörðun um þetta, en mjer hefir verið sagt, að nefndinni hefði þótt boðið ekki aðgengilegt. Það sást á reikningum, sem þá lágu fyrir nefndinni, að fjelagið taldist hafa greitt meira en frsm. minni hl. (Sv. Ó.) gerði ráð fyrir, um 200 þús. kr. auk vaxta. Hve há upphæðin var, man jeg ekki, en hún var miklu meiri. Og nú hefir fjelagið enn endurnýjað tilboð sitt um að selja rjettindi sín, aðeins þannig, að fjelagið fái það fje, sem það hefir greitt, með vöxtum. Jeg hygg, að hægt muni að komast að samningum við fjelagið, og ef samningarnir reynast ekki aðgengilegir, þá má taka rjettindin eignarnámi, ef ráðið er að virkja. Og jeg verð að segja, að jeg skil ekki vel, hvers vegna háttv. frsm. (Sv. Ó.) vill fella þetta frv., úr því að hann telur stjórnina hafa heimildina í þál. frá 1919. Ef þetta frv. væri felt, þá stæði þál.

eftir hans skoðun í fullum krafti. Hitt er miklu skýrara, að hafa heimildina í lögum, fyrir utan það, sem jeg oft áður hefi tekið fram, að jeg tel fjárveitingar í þá[1]. mjög athugaverðar og óheppilegar. Jeg held, að ekki sje hætta á því, að litið verði öðruvísi á það, hvers virði fossarnir sjeu, fyrir og eftir rannsóknina. Og mjer kæmi það mjög á óvart, ef frv. yrði felt, því að það sýnist sjálfsagðast af öllu, úr því búið er að tala svo mikið um þetta mál, að fá nú fullkomna vissu um það, hve mikið virkjun fossanna muni kosta. Og jeg held að það sje alveg óþarfur ótti, að vilja ekki láta rannsaka fossana af því, að þá vilji fossafjelagið „Ísland" fara að virkja. Sá tími er löngu liðinn, getur að vísu breytst, en eins og nú stendur er engin ástæða til ótta. Jeg vona, að það komi ekki til, að þetta frv. verði felt. Það bæri ekki vott um mikinn áhuga á þessu stórmáli og kæmi illa heim við það, hvernig þingið hefir stutt rannsóknir annarsstaðar á landinu.

Umr. frestað.

Á 51., 56., 57., 66. og 67. fundi í Nd., dagana 25., 27. og 28. apríl, 10. og 11. maí, var framhaldið 2. umr. um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var enn framhaldið 2. umr. um frv. (A. 45, n. 252 (meiri hl.), n. 265 (minni hl.).

Þorleifur Jónsson: Jeg hafði og hefi enn ýmislegt að athuga við frv. það, er fyrir liggur, um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum Sogsfossanna. Mjer finst vera farið dálítið öfugt að í þessu máli. Fyrsta sporið, sem stíga verður, er það, að landið nái yfirráðarjetti yfir Soginu. En nú er það útlent fjelag, fossafjelagið „Ísland", sem telur sig hafa umráðarjettinn að mestu leyti. Alþingi 1919 hafði og þá skoðun, að það fyrsta, sem bæri að gera í þessu máli, væri það, að ríkið næði fullum umráðarjetti yfir Soginu. Þá var samþ. þál., þar sem skorað var á stjórnina að ná yfirráðarjettinum sem fyrst. Nú hefir ekkert áunnist í málinu síðan. Það eina, sem gert hefir verið, er það, að stjórnin hefir leitað samninga við fossafjelagið „Ísland" um kaup á rjettindum yfir vatnsfallinu, og það hefir gefið einhvern ádrátt um að selja eða láta af hendi öll sín rjettindi, bæði í Soginu og eins nyrðra í Skjálfandafljóti og víðar, fyrir 3—400 þús. kr.

Stjórnin hefir nú víst ekki tekið þessu tilboði, enda var ekki lagt fyrir hana í tillögunni 1919 annað en að ná rjettindum yfir Sogsfossunum. Það situr því sem sagt alt í sama farinu eins og 1919, og þó að þetta frv. gangi fram, þá er engin ábending í því um að ríkið eigi að taka Sogið. Nú er það álit mitt og fleiri manna, að betur þurfi að ýta við þessu máli, og því er það, að jeg, ásamt 2 öðrum þm., ber fram þál. um að skora á stjórnina að gera alvöru úr því að ná Soginu til handa ríkinu. Og þegar það er fengið, þegar ríkið er búið að ná yfirráðarjettinum, þá er fyrst tími kominn til að gerðar sjeu mælingar, uppdrættir, útreikningar, kostnaðaráætlanir og aðrar rannsóknir, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. Og því höfum við einnig tekið það með í 2. lið þál. Fyrst er að ná umráðarjettinum yfir vatnsfallinu og því næst fari fram rannsóknir. Og svo ríkisvirkjun. Þetta er töluvert öðruvísi í frv. Og jeg benti á það í nefndinni, að mjer þætti ákvæði 3. gr. allathugaverð. Eftir orðalagi og anda greinarinnar virðist það einkum haft í huga, að það verði einhver annar en ríkið, t. d. fossafjelagið „Ísland", sem fái leyfi til

að virkja vatnsfallið. Því að þar sem talað er um kostnað þann, sem ríkið leggur fram til mælinga o. s. frv., þá er sagt, að hann endurgreiðist ríkissjóði af þeim, sem heimild fær til virkjunar, ef heimild verður veitt. En það er nú sjer á parti, að hætt er við að ríkið fengi ekki þann kostnað uppborinn allan, því að ef fjelag, útlent eða innlent, fengi heimild til virkjunar, þá gæti það vel komið fyrir, að það fjelag þættist ekki geta notað eða bygt á þeim mælingum, sem búið væri að framkvæma, þættist sjálft þurfa að gera mælingar á ný og þesshátt, og þá væri endurgreiðsluskyldan og vonin hæpin.

Jeg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Mjer þótti ýmsir gallar á frv., sem jeg nú hefi gert grein fyrir. Aftur á móti hefi jeg unnið að því, að málið kæmi fram í betri mynd, og er það þannig fram borið í þál.till. okkar, og má því frv. falla úr sögunni eins og það er, en þál.till. á að samþykkja.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. frsm. þessarar þál.till. (Þorl. J.) talaði um það, að ekkert hefði gerst í máli þessu síðan 1919. Þetta er rjett. Það hefir ekkert gerst annað en það, að legið hefir frammi tilboð frá fossafjelaginu „Ísland“ um sölu á rjettindum þess. En þingið hefir hvorki sagt af nje á um það. Ef nefndin hefði viljað, þá hefði hún getað fengið upplýsingar um kostnað við að virkja Sogið. Þótt þær sjeu ef til vill ekki fullkomnar, þá munu þær þó fara nærri sanni. Það er rjett hjá frsm. að tilboðið, sem fyrir liggur, er um öll rjettindi fossafjelagsins „Ísland“. Mjer hefði verið hægt að fá að vita hvað fjelagið mundi gera sig ánægt með fyrir rjettindi sín yfir Soginu einu, en jeg áleit hyggilegra að kaupa alt, ef kaupa á á annað borð; það mundi ekki muna svo miklu á verðinu. Það hefði ef til vill verið hægt að fá lægra tilboð, en þetta er ekki frágangssök, eftir því hvers virði rjettindin eru sögð. Stjórnin gæti sjálfsagt enn aflað tilboðs um Sogið eitt, en þá er eftir að bera það undir þingið og vita hvort það vill ganga að því. En þetta þýðir drátt á málinu, og hann álít jeg mjög óheppilegan. Það sýnist vera sjálfsagt að láta rannsókn fara fram svo fljótt sem unt er. Annað gæti og verið álitamál, hvort hægt væri eftir lögunum að taka rjett lögnámi, áður en ákveðið væri, hvort rjetturinn yrði notaður. Og ef tekið væri lögnámi, þá hefir það þá þýðingu, að borga verður strax, í stað þess, að annars mætti borga með skuldabrjefum með sanngjörnum vöxtum.

Jeg skal svo leggja áherslu á það, að ef leita á tilboðs af nýju, þá er það aðeins nýr dráttur á málinu, því að jeg býst við, að stjórnin verði treg til að ákveða á eigin spýtur, hvort ganga eigi að tilboðinu, án þess að bera það undir þingið.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Jeg verð að játa það, að mjer kemur mjög á óvart sú mótstaða, sem fram er komin gegn því, að þetta sjálfsagða frv. nái fram að ganga. Jeg hefði getað skilið, að sumir þættust ekki geta samþykt það af fjárhagslegum ástæðum, því að rannsóknin kostar mikið fje. En þessi eina ástæða, sem jeg hafði hugsað að hægt væri að koma fram með, hefir alls ekki komið fram. En þeirri mótbáru hefir verið hreyft gegn frv., að ekki væri hagkvæmt að veita mikið fje til rannsóknar fyr en búið væri að ná yfirráðum yfir vatnsrjettindunum í Soginu frá þeim, sem nú hefir þau, fossafjelaginu „Ísland“ sjerstaklega.

Frsm. minni hl. nefndarinnar (Sv. Ó.) kvað vatnsrjettindin hækka mikið í verði, ef rannsóknin yrði framkvæmd. En þetta er ekki rjett, ef ríkissjóður borgar kostnað rannsóknarinnar.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að gera sjer grein fyrir, hvernig umráðarjetti vatnsrjettinda í Soginu er varið. Sogið er tvö fallvötn, hið efra milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns og hið neðra, eða hinir eiginlegu Sogsfossar. Hið efra er talið hafa um 15 þús. hestafla orku sem nýta má, og hið neðra um 45 þús. hestafla orku, eða Sogið alls um 60 þús. hestafla orku. Þetta skiftist svo, að landið á vatnsrjettindin að 22,500 hestöflum, Reykjavíkurbær um 7 þús. hestöflum, eigendur Úlfljótsvatns um 18,700 hestöflum og fossafjelagið „Ísland" um 11,800 hestöflum. Fossafjelagið „Ísland" hefir þannig um $^1/_5$ vatnsrjettinda í Soginu, og það hefir þau aðeins á leigu, en hefir ekki keypt þau, og greiðir það vist árgjald fyrir þessi vatnsrjettindi. Það er að vísu ekki hægt að segja með nákvæmni, hvað landið á mikið, því að hólmar í Soginu geta haft nokkur áhrif á það, en ætla má, eftir rannsóknum, að það sjeu um 22,500 hestöfl. Auk þessa kann fossafjelagið „Ísland" að hafa fengið nokkur vatnsrjettindi leigð frá umráðamanni kirkjujarða við Sogið, en sá leigumáli stendur aðeins meðan hann er umráðamaður, því að leigan er ekki samþykt af kirkjumálastjórninni. Þegar því er um það að ræða að ná umráðarjetti yfir vatnsrjettindum í Soginu, þá er fossafjelagið „Ísland" þar ekki aðalatriðið, heldur á einn einstakur maður meira en það fjelag, og hann er nú hjer í Reykjavík og er eflaust hægt að fá upplýsingar hjá honum.

Þá vil jeg gera grein fyrir því, að tveir möguleikar eru til virkjunar. Það er að virkja efra fallvatnið, eða aðeins um 15 þús. hestöfl, og yrði sú orka, sem þar fengist, þá eingöngu til almennrar notkunar. Almenningur mundi þurfa á allri þessari orku að halda suma tíma ársins, og væri þess vegna ekki hægt að leigja hana til iðnaðar. Sumir hafa haldið, að þetta væri framkvæmanlegt, en jeg er dauftrúaður á það. En þó er rjett að athuga, hvernig málið horfir við, ef þessi leið væri farin. Við efra fallvatnið á „Ísland" aðeins $^1/_8$ Úlfljótsvatns, og svarar það til $^1/_{16}$ af orku þeirri, sem nýta ætti, ½ væri ríkiseign, en hitt eign þess manns, sem jeg talaði um áðan og nú er hjer í bænum. Þess vegna væri engin ástæða að bíða með þessa virkjun þar til vatnsrjettindunum væri náð af fossafjelaginu „Ísland".

Þá er að líta á hitt, ef neðra fallvatnið væri virkjað. Ef það yrði gert, væri sú hugsun lögð til grundvallar, að almenningur notar orkuna mjög misjafnt vetur og sumar, dag og nótt, og mikið af orkunni yrði því ónotað. Í Noregi er t. d. að meðaltali aðeins $^3/_{10}$ af orkunni nýtt, en hitt er látið ónotað. Af þessari ástæðu er óhagkvæmt að virkja fallvötn eingöngu til almennrar notkunar, en það má ráða bót á því, með því að virkja stærra og selja afganginn til sístarfandi iðjurekstrar. Ef 45 þús. hestöfl væru virkjuð yrðu þannig 30 þús., sem selja þyrfti til sístarfandi iðjurekstrar. Ef gert er ráð fyrir, að $^3/_{10}$ notist að jafnaði af þeim 15 þús. hestöflum, sem ætluð eru til almenningsþarfa, og þau 30 þús. hestöfl, sem ætluð væru til iðnaðar, nýttust öll, þá nýttist af því, sem virkjað væri, tæpir $^7/_9$, og sjá menn þá, hve miklu hagkvæmara það er en ef aðeins væri virkjað til almenningsþarfa og einir $^3/_{10}$ nýttust. Stærri orkuver borga sig því betur, ef kaupandi fæst að orkunni.

Margir hafa talið það æskilegt, að ríkið virkjaði og ætti eitt alt orkuverið. En þetta gæti því aðeins lánast, að það gæti fengið kaupanda að ⅔ orkunnar, eða notað hana á hagkvæman hátt. Ef selja ætti orkuna, er mest um það vert að finna ábyggilegan kaupanda. En hins vegar eru mörg vandkvæði á því, að ríkið notaði orkuna sjálft. Fyrst og fremst fylgir slíkum iðnaðarfyr-

irtækjum mikil fjárhagsáhætta, og í öðru lagi þarf svo margt til þessa, sem ríkið stendur illa að vígi með.

Í sambandi við orkunýtinguna yrðu tilraunastofnanir nauðsynlegar, til þess að rannsaka, hvaða efni væri hægt að vinna, og kostar það fje og sjerfróða starfskrafta. Eins má benda á það, að allar aðferðir til nýtingar orkunnar við stóriðju væru ríkinu ókunnar, og ætti það ekki greiðan aðgang að þeim. Verksmiðjur, sem við slíkt fást, halda aðferðum sínum leyndum, en ef ríkið stæði uppi þekkingarlaust með stór iðjuver, væri illa farið. Ef vel á að vera, verða þeir að hafa þessa starfrækslu á hendi, sem hafa fje og þekkingu; öðrum yrði það ólán. Nú er það vitanlegt, að að fossafjelaginu „Íslandi" standa þeir menn, sem einna mestu ráða í fjármálaheimi Dana, og auk þess hafa þeir einna besta sjerfræðiþekkingu á að skipa á Norðurlöndum hvað viðvíkur allri efnavinslu. Jeg held þess vegna, að fara verði varlega í það að víkja þeim alveg burtu, með því að neita þeim fyrirfram að halda leigurjettindum sínum hjer, því að gott væri að geta leitað til þeirra um fje og þekkingu, ef á þyrfti að halda. Þess vegna álít jeg óheppilegt að vera að bekkjast við þetta fjelag og koma fram með kröfu um það, að öll rjettindi verði af því tekin. Annað atriði í þessu sambandi tel jeg varhugavert, og það er að gera kröfuna um, að fjelagið afsali sjer rjettindum sínum, að skilyrði fyrir því, að nauðsynleg rannsókn verði hafin, því að það gefur fjelaginu of sterka aðstöðu í samningum við ríkið um kaup að þessum rjettindum, ef annars þykir þörf á að ríkið kaupi þau.

En hvað sem menn vilja segja um þessa virkjun, hvort sem menn álíta heppilegast, að ríkið framkvæmi hana upp á sitt eindæmi eða öðruvísi verði farið að, er það atriði óviðkomandi undirbúningi málsins, sem er rannsókn á virkjunarmöguleikum og járnbrautalagningu þar eystra. Öllum er það vonandi ljóst, að hvað sem virkjuninni líður, er járnbrautarmálið eins mikið nauðsynjamál eftir sem áður.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) var óánægður með það, að báðum leiðum skyldi haldið jafnopnum um virkjunina, en það er viljandi gert. Rannsókn ein getur úr því skorið, hvort heppilegra sje, að ríkið virki eða ekki og hvernig virkjunin á að fara fram. Yfirráð yfir vatnsrjettindum verða því að ráða til lykta þegar rannsóknin er um garð gengin, og þá samkvæmt því, sem hún hefir leitt í ljós. Og með þetta fyrir augum er leiðinni haldið opinni, því að annað væri hvorki ráðlegt nje heppilegt á þessu stigi málsins.

Jeg vil leggja sjerstaka áherslu á það, að rannsóknin verði svo vel úr garði gerð, að allir verði að taka hana gilda. Það má ekki spara um of. Og jeg vona, að tekist hafi að orða frv. svo, að rannsóknin verði framkvæmd á þennan hátt.

Jeg vona, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja frv., hvernig svo sem hún vill taka í þál.till., sem er næst á dagskrá. Jeg hefði ekkert á móti því, að sú till. væri samþykt, ef jeg hefði vissu fyrir því, að hún skaðaði ekki málið í framtíðinni, með því að fjármálamönnum Dana virtist svo, að verið væri að bekkjast við sig með henni. En við megum ekki við því, að hrinda neinum mönnum frá okkur að óreyndu, sem óska eftir að auka og efla viðskifti við þetta land.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett hjá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að fjelagið „Ísland" sje ekki eitt um vatnsrjettindi í Soginu, heldur mun það aðeins eiga þann hluta, sem hann gat um. Maður hjer í Reykjavík, sem háttv. þm. (J. Þ.) talaði einnig um, á þó nokkuð af þessum

vatnsrjettindum Hann hefir lengst af verið í Kaupmannahöfn, og þess vegna erfitt að ná til hans, en nú mun auðvelt að leita samninga við hann, ef þinginu sýnist svo.

Jeg skil ekki, hvers vegna menn geta ekki fallist á rannsóknina fyr en ákveðið er um umráðarjettinn. Jeg held, að óþarfi sje að blanda því saman. Og jeg held einnig, að ekki verði hægt að taka þessi rjettindi eignarnámi, fyr en ákveðið er hvað með þau skuli gera, en úr því verður rannsóknin að skera.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Fljótt á litið virðist það ekki mikið vera, er á milli ber hjá meiri og minni hluta nefndarinnar. Báðir vilja láta rannsaka alla aðstöðu til virkjunar við Sogið og báðir óska, að um leið sje rannsakað, hvernig haganlegast megi fyrir koma framtíðar-vegasambandi á milli höfuðstaðarins og Suðurlandsundirlendisins. — Það er því ekki stefnan, sem aðgreinir, heldur aðferðin við rannsóknina.

Því er haldið fram af minni hlutanum, að rannsókn þessa máls leiði til þess að torvelda kaupin á vatnsrjettindum, og þó að hæstv. forsrh. (J. M.) og frsm. meiri hl. (J. Þ.) mæli þessu í móti, held jeg þó, að öllum sje skiljanlegt, að rannsóknin geri rjettindin álitlegri, að ýmislegt það komi í ljós, er geri framkvæmd þessa máls fýsilegri heldur en hún er, meðan alt er órannsakað. Í fyrsta lagi er búist við, að rannsóknin leiði í ljós, að þarna sje hentugt að virkja, og í öðru lagi, að vegastæðið reynist haldkvæmt. En aðferðin við rannsókn þessa er það, sem ber meiri og minni hl. samvinnunefndar vatnamála á milli.

Minni hlutinn lítur svo á, að með þál.-till. frá 26. sept. 1919 hafi verið ákveðið að framkvæma rannsókn þá, sem hjer er um að ræða, og því ástæðulaust að vera að lögbjóða það af nýju, því að þál. er enn í sínu fulla gildi, og má beita henni, að minsta kosti þangað til hún er feld úr gildi með nýrri þingsákvörðun.

En það er annað, sem minni hl. hefir enn meira á móti frv., og það er það, að í frv. er „preciserað", ef jeg mætti svo að orði kveða, og háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) gefur það beint í skyn, að fossafjelagið „Ísland" eigi að ganga inn í sín ímyndunðu eða virkilegu rjettindi. Með þessu er jeg ekki að ámæla þeim, sem styðja vilja fossafjelagið Ísland og halda rjettindum þess fram; jeg vil hvorki lasta fjelag það nje lofa. En jeg vil leyfa mjer að minnast á annað fjelag, sem við höfum tekið upp á arma okkar og veitt sjerleyfi, og sem nú er að koma okkur öllum í kút. Jeg ætla ekki að nefna það fjelag með nafni, allir þekkja það. Það er ofureðlilegt, eftir því, sem sú „Konsession" lánaðist, sem það fjelag fjekk 1902, að menn fýsi ekki eða sjeu ekki ýkjasólgnir í að veita fleiri stórgróðafjelögum slíkt einkaleyfi og húsbóndavald yfir oss.

Annars get jeg verið háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) þakklátur fyrir þær upplýsingar, er hann gaf um útbyggingu Sogsfossanna til virkjunar. Það var fróðlegt erindi, er hann flutti, eins og við mátti búast af sjerfróðum manni í þessari grein, en ofurlítið var það litað. En fjölvísi hans hvatti mig miklu fremur en latti til þess að halda fast við hina fyrri stefnu mína í þessu máli. Mjer finst, eftir upplýsingum hans að dæma, að aðstaða okkar sje þann veg, að ennþá æskilegra sje að ná umráðum yfir Soginu, og einkum þó þeim hlutanum, sem talinn er að sje í höndum erlendra manna. Og jeg held að auðsótt verði að ná rjettindum þessum.

Það var tekið fram af hæstv. forsrh. (J. M.), að lögnám væri lítt framkvæmanlegt, áður en ákveðin væri framkvæmd virkjunar. En fyrsta tilraunin er þó sú, að reyna að ná samningum við rjetta

málsaðilja og fá keypt. Og mjer skilst, að málið horfi svo við, að góðar líkur sjeu fyrir því, að rjettindi þessi náist þrautalaust og án þess að á það verði litið sem móðgun eða tilbekkni við fossafjelagið Ísland, eftir því sem háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) fórust orð. Jeg get ekki betur sjeð en að fulltrúar fjelagsins vilji fúslega ganga að samningum, eftir þeim skjölum, sem liggja fyrir, en hitt finst mjer líka rjettmætt, að þeir fari þess á leit, að fá endurgreitt fje það, er fjelagið hefir varið til þessara rjettindakaupa. En þetta má ekki dragast úr hömlu, því að fjelagið borgar árlega leigu, sem á sínum tíma hlýtur að hækka söluverðið.

Annars verð jeg að segja það, að jeg legg ekki svo mikla áherslu á það, hvor leiðin er farin, þótt jeg telji þál. frá 1919 heppilegri er til framkvæmdanna kemur. Aðalatriðið er að forðast tvískinnung frv. og útiloka dekur við útlend fossafjelög. Og þál. frá 1919 sameinar í sjer rannsóknina og ráðstafanir til að ná í rjettindin. Að því leyti felst frv. í þál. Og þegar jeg ásamt tveim öðrum háttv. þdm. ber nú fram nýja þál.till., sem er að finna á þskj. 425 og er næsta mál á dagskrá, þá vakir ekki annað fyrir mjer en að herða á framkvæmdum hinnar fyrri þál.

Eitt var það í ræðu háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.), sem jeg vil ekki láta ómótmælt. Mjer fanst hann vera að draga úr okkur kjarkinn, með því að gefa í skyn, að við gætum ekki sjálfir starfrækt fossana; við yrðum að fá aðra menn til þess; okkur skorti þekkingu, og torvelt okkur hjer í fásinninu að ná í þá þekkingu, er slík stóriðja þyrfti að byggjast á. Það má vel vera, að þetta sje torvelt, en þó held jeg að of mikið sje úr því gert að sækja viskuna eða þekkinguna til Danmerkur. Þar held jeg tæplega að hún sje í svo ríkum mæli, að okkur ætti sjerstaklega að vera kappsmál að leita þangað. Ástæðulaust að halda, að fossafjelagið Ísland ráði eitt yfir allri slíkri þekkingu. Jeg hygg, að miklu meira sje um að vera í ýmsum öðrum stóriðjulöndum, svo sem fossalöndunum Noregi og Svíþjóð og í Bandaríkjunum. Jeg hygg, að til þessara landa sje meira að sækja heldur en fossafjelagið Ísland hefir að miðla, og var því óþarfi að bregða þeirri grýlu upp hjer í háttv. deild, að það fjelag eitt væri þess umkomið að leiða okkur í allan sannleika.

Að svo mæltu læt jeg staðar numið. Það eru fleiri, sem þurfa að taka til máls, og óþarfi að fjölyrða um þetta frekar.

Eiríkur Einarsson: Það var að vísu ýmislegt, sem jeg ætlaði að segja í sambandi við þetta mál, en mjer þykir rjettara að geyma það þangað til þál.till. okkar á þskj. 425 verður til umr., og ætti þess ekki langt að bíða, þar sem hún er næsta mál á dagskrá fundarins.

Aðeins skal jeg geta þess, að höfuðatriði frv. er mjer áhugamál að nái fram að ganga í einhverri mynd, það er virkjunar- og járnbrautarrannsókn, en jeg mun þó greiða atkvæði á móti frv., í trausti þess að till. okkar nái fram að ganga. Mun jeg þá, er hún verður til umr., gera nánari grein fyrir skoðun minni á máli þessu, og læt þetta nægja, sem einskonar greinargerð fyrir atkvæði mínu í þessu máli, er nú er til umr.

Jón Baldvinsson: Því er síst að neita, að hjer er stórmál á ferðinni. Virkjun Sogsfossanna er ekki aðeins framfaramál fyrir Suðurlandsundirlendið og Reykjavík, heldur mundi það einnig lyfta undir samskonar framkvæmdir annarsstaðar á landinu, og ætti, frá því sjónarmiði sjeð, að eiga örugt fylgi hjer á Alþingi.

En hvað frv. það snertir, sem hjer er til umr., þá hefi jeg ýmislegt við það að

athuga. Þó að eiginlega engu sje slegið föstu um það, hvort ríkið eða einstakir menn eigi að byggja út fossana og virkja þá, finst mjer eftir orðalagi frv. að dæma megi heldur vænta þess, að einstökum mönnum eða fjelagi sje ætlað að gera það. Og eftir að hafa heyrt ræðu hv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) sannfærðist jeg um, að svo eigi að verða. Aðalþráðurinn í ræðu hans snerist um það, hversu óvarlegt það væri fyrir okkur að bekkjast til við hina dönsku fjármálamenn, sem stæðu á bak við fossafjelagið „Ísland“; það gæti tafið fyrir framkvæmdum þessa máls um óákveðinn tíma. Hann var þó nýbúinn að taka það fram, að rjettindi þessa fjelags væru að ýmsu leyti ekki svo mikil, svo mjer sýnist þá ekki betur en nokkurra mótsagna kenni í framsöguræðu hans.

Ákvæði 2. og 3. gr. frv. gefa ástæðu til að ætla, að það sjeu einstakir menn, en ekki ríkið, sem framkvæma eigi virkjun þessa. Þess vegna býst jeg við að koma með brtt. til 3. umr., sem bendi í þá áttina að það sje ríkið eitt, sem framkvæmd þessa stórmáls hafi á hendi.

Í 1. grein finst mjer ekki nógu mikil áhersla lögð á orkuveitur til almennings þarfa, enda þótt í greinargerðinni sje dálítið frekar á það minst.

En það ætti að verða í fyrstu röð, því að þá yrðum við lausir við að hafa stóriðjuver, sem vafasöm eru og spurning um, hvort miði til þjóðþrifa.

Ríkinu er fult svo vel treystandi eins og einstökum mönnum til þess að útvega menn, er góða þekkingu hafa á slíku máli sem þessu, og til að hafa á hendi bygging og rekstur slíkra fyrirtækja. Jeg saknaði úr nál. meiri hlutans, að þar var hvergi á það minst, hvernig rannsókn þessi skyldi fram fara, en það er í mínum augum mikilsvert atriði, að til rannsóknanna sjeu valdir hæfir menn, sem óhætt er að treysta, og jeg hafði þá hugsað mjer, að stjórninni yrði bent á að reyna að útvega menn, sem t. d. væru í þjónustu sænska ríkisins, sem nú má eflaust telja hafa fullkomnasta þekkingu í þessum efnum, að minsta kosti í Norðurlöndum.

Það eru þessi atriði, sem jeg hefi nú tekið fram, sem mjer finst vera þungamiðja þessa máls.

Jeg mun greiða frv. atkvæði mitt að þessu sinni, og reyna svo að athuga, hvort ekki sje gerlegt að koma með brtt. fyrir 3. umr., sem feli í sjer breytingar í þá átt, er jeg nú hefi minst á.

Um þingsályktunartill. á þskj. 425, er það að segja, að hana má vitanlega samþykkja, en þá þarf þó að fella inn í hana það, sem að rannsókninni lýtur og er frekar fram tekið í frv., því auðvitað er það í alla staði rjett, að ríkið fái öll ráð yfir vatnsrjettindunum við Sogið.

Magnús Kristjánsson: Mjer þykir lakara, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) skuli ekki vera við, enda þótt jeg búist ekki við að leggja mikið til þessa máls. Jeg get lýst því yfir, að jeg er á móti frv., og þingsályktunartill. get jeg ekki fylgt. Mjer finst hvorttveggja þetta vera hálfgerður leikur, svo jeg viðhafi ekki stærri orð.

Þingsályktunin frá 1919 er enn í fullu gildi og ekki framkvæmd nema að nokkru leyti, það er að segja, að svör hafa komið frá fossafjelaginu Ísland, sem hljóða á þá leið, að fjelagið sje fáanlegt til þess að selja ríkinu öll vatnsrjettindi, sem það telur sig hafa hjer á landi; en það var ekki þetta, sem hæstv. stjórn var falið að leita eftir, heldur einungis um rjettindi fjelagsins til Sogsfossanna.

Nú vantar að fá vissu fyrir því, hvort fjelagið vill selja rjettindi þau, er það telur sig eiga í þessu ákveðna fallvatni. Og það er nauðsynlegt að fá það fram, og þá með hvaða kjörum það á að vera.

En svo er annað, sem jeg vildi gerast svo djarfur að minnast á, og það er það, að jeg tel það blátt áfram barnaskap að hugsa sem svo, að þingið geti aflað fjár til þess að hrinda þessu fyrirtæki í framkvæmd nú á þessum tímum, þegar hvergi sjer út úr fjármálaöngþveiti ríkisins.

Jeg hefi áður verið því fylgjandi, að sjerleyfi yrði veitt til stóriðju, og held því fram enn, að eigi nokkuð að gera eða framkvæma í þessa átt, þá verði það að vera í fjelagsskap að þessi vatnsorka verði hagnýtt. Mjer finst málið horfa svo við, að líkur sjeu til þess, að fossafjelagið Ísland, sem á rjettindi við Sogið, fáist til að hagnýta þann rjett sinn í fjelagsskap við ríkið, og leggi ef til vill fram mikinn hluta þess fjár, sem þarf til framkvæmdanna. Mjer finst þetta svo mikilsvert atriði, að það beri því bráða nauðsyn til að athuga, hvort það geti ekki komið til mála. Það er ekki svo mikið, sem þetta fjelag á umráð yfir, að af því geti nokkur veruleg hætta stafað fyrir okkur.

Þess vegna finst mjer frv. og hin nýja þingsályktunartill. þýðingarlaus, enda finst mjer óviðfeldið, að rannsókn þessi sje eingöngu gerð á kostnað ríkisins. Varla að búast við framkvæmdum málsins, eigi ríkið eitt að sjá um þær og kosta.

Jeg vil svo ekki orðlengja meira um þetta, en vona hins vegar, að háttv. deild skilji, hvað fyrir mjer vakir, að jeg vil ekki útiloka það, að erlent fjármagn verði notað til framkvæmdanna, ef við eigum þess einhvern kost, með nauðsynlegum tryggingarskilyrðum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get vel skilið afstöðu háttv. þm. Ak. (M. K.), þar sem hann segir, að ekki sje mikið útlit fyrir, að erlent fjármagn fáist til þessa rekstrar í náinni framtíð. Það getur vel verið, að slíkt sje örðugra nú en áður. En ef á annað borð fæst útlent fje til nokkurra fyrirtækja hjer, þá mundi það fást til þessa. Og það er auðvitað mál, að til virkjunar Sogsfossanna þarf útlent fjármagn. En jeg vona fastlega, að slíkt fje sje hægt að fá, og mætti þá síst standa á rannsóknunum; það ætti öllum háttv. þm. að skiljast. Jeg hafði þess vegna haldið, að þetta frv. mundi ganga mótmælalaust í gegn um þingið, ekki síst þar sem stjórninni var í raun rjettri í fyrra veitt heimild til að láta rannsaka málið. En stjórnin kaus heldur að hafa þessa heimild í lagaformi en þingsályktunarformi.

Jeg set mig ekki á móti því, að bæði frv. og þingsályktunartill. sú, sem nú er fram komin, verði samþ. En þá vildi jeg óska þess, að þingsályktunartillagan yrði borin upp í fleiri liðum, svo fella mætti niður úr henni það, sem einnig er tekið fram í frv.

Þeir aftur á móti, sem vilja að eingöngu um ríkisrekstur sje að ræða, geta þá komið fram með brtt. til 3. umr., ef þeim sýnist svo.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Jeg skal ekki gefa tilefni til langra umræðna. Vil aðeins leiðrjetta það atriði í fyrri ræðu minni, að fossafjelagið „Ísland“ hefði ráð yfir sextánda hluta efra fallvatnsins. Jeg hefi nú síðan fengið upplýsingar um það, að fossafjelagið „Ísland“ á ekkert í því hinu efra fallvatni, heldur hefir það haft þannig löguð skifti við aðaleiganda Úlfljótsvatns, að það nú á eingöngu í neðra fallvatninu. Ef því sú leið yrði ofan á að virkja efra fallvatn Sogsins, þá tekur það mál alls ekkert til fossafjelagsins Íslands.

Annars get jeg verið hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þakklátur fyrir það, hve vel hann tók í aðalefni málsins, þó okkur greini nokkuð á um leiðirnar. Skal jeg því ganga fram hjá flestu því, er hann sagði; þó vil jeg drepa á eitt atriði.

Háttv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að fjelagið „Ísland" mundi ekki ráða yfir veigamestri þekkingu um þessi mál. Er það að vísu rjett. En það ræður þó yfir veigamestri þekkingu á efnavinslu í Danmörku. Og núverandi forstjóri þess fjelags mun ráða fyrir stærstu og merkustu efnaverksmiðjum í Danmörku. Og jeg hygg, að í danska fjármálaheiminum hafi þetta fjelag langbesta aðstöðu að því er iðjurekstur snertir, og því held jeg, að ekki sje rjett að hrinda því frá sjer.

Jeg hefi ekkert á móti því, að leitað sje eftir kaupum á vatnsrjettindum þessa fjelags í Soginu, en ef á að taka rjettindin af því eignarnámi, án undanfarinnar rannsóknar, þá tel jeg það óviðkunnanlegt, og tvísýnt hvort rjett sje að lögum, eins og hæstv. forsrh. (J. M.) hefir tekið fram. Jeg skal ekkert um það segja að svo stöddu, hvort hagkvæmara væri að virkja efra eða neðra fallvatnið. Til þess er enga afstöðu hægt að taka fyr en að afstaðinni rannsókn. En jeg tel ekki rjett nú að gera neitt það, sem geti gert okkur erfiðara fyrir að virkja neðra fallvatnið, ef til þess kemur.

Jeg þykkist alls ekki við háttv. samþm. minn (J. B.), þótt hann vilji eingöngu hafa ríkisrekstur. Það er stefna þess flokks, sem hann telur sig til.

Þessum háttv. þm. (J. B.) þótti vanta í nál. ákvæði um, að *færir* menn skyldu rannsaka þetta mál. Jeg tel nú slíkt svo sjálfsagt, að ekki hafi þurft að taka það fram. Get jeg ekki neitað því, að jeg hafði hugsað mjer, að áður en rannsókn færi fram, væri fengið samþykki fjármálamanna í fossafjelaginu Íslandi um val manna til rannsóknarinnar. Með því móti væri trygging fengin fyrir því, að ekki yrði sú rannsókn á fallvötnunum vefengd af Dönum. Getur slíkt komið okkur að góðu haldi, því altaf má við því búast, að ef leitað verður til annara landa en Danmerkur um fje til fyrirtækjanna, þá verði það leitað umsagnar danskra fjármálamanna um það, hvort fyrirtækið muni vera trygt, vegna þess að Danir eru í heiminum taldir kunnugastir okkar högum.

Um ræðu háttv. þm. Ak. (M. K.) er það að segja, að jeg get verið honum að mestu samdóma um forsendurnar í ræðu hans, en alls ekki um þá niðurstöðu, er hann komst að, að fella frv. Var sú niðurstaða og næsta óskiljanleg.

Jeg get vel skilið það, að menn hafi ekki trú á því, að slík fyrirtæki sem þessi komist í framkvæmd, nema fyrir atbeina erlends fjármagns. Þetta get jeg fallist á, og þetta er líka atriði, sem milliþinganefndin hafði til athugunar, og kom þar til mála einmitt samvinna milli ríkisins og t. d. fossafjelagsins „Ísland". En við sáum, að þegar til samninga um slíka samvinnu átti að ganga, þá vantaði okkur algerlega þá þekkingu, sem til þess þurfti að geta samið. Við höfðum ekki þekkingu á, hversu miklar kröfur við ættum að gera og hvað mikið skyldi koma þar í móti frá okkar hálfu.

Tilgangur frv. er nú sá að bæta úr þessu og afla þeirrar þekkingar á málinu, sem nauðsynleg er, hvort sem til þess ráðs verður gripið, að ríkið reki eitt fyrirtækið, eða þá ríki og fjelag í sameiningu, eða fjelag einsamalt.

Magnús Kristjánsson: Aðeins örfá orð. Mjer þótti það betur, að háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) hefir getað fallist á mínar skoðanir, að best væri að hugsa til samstarfs, ef þetta mál á að komast í framkvæmd áður langt líður. Furðar mig og ekki, þótt hann hafi fallist á þetta, því það er án efa skynsamlegasta lausnin, ef nokkuð á að verða úr framkvæmdum bráðlega.

Hinu vil jeg algerlega mótmæla, að niðurstaða ræðu minnar hafi ekki verið í

fullu samræmi við forsendurnar. Jeg hjelt því nefnilega fram, að þrátt fyrir það, þótt hvorki þetta frumvarp nje þál. yrði samþ., þá hefði stjórnin samt heimild til þess að láta gera rannsóknina. (*J. p.*: Að sumu leyti aðeins). Jeg neita því algerlega, að þetta hafi verið rjett hjá háttv. 3. þm. Reykv.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Mjer virtist það liggja í orðum háttv frsm. (J. Þ.) og einnig hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að minni hluti nefndarinnar væri með ríkisrekstri eingöngu, án aðstoðar eða samvinnu við erlend fjelög eða fjármagn. Jeg held, að jeg hafi ekki gefið neitt tilefni til þessa. Þvert á móti er í nefndarálitinu gert ráð fyrir ríkisrekstri í fjelagi við einstaklinga, og hefi jeg alls ekki hugsað það æskilegt, að ríkið væri eitt um hituna. En jeg vil, að ríkið hafi hjer ávalt yfirtökin og sje hvarvetna húsbóndinn í þessum málum.

Það ætti ekki mjög að fæla menn frá þessari virkjun, að kostnaðurinn yrði gífurlega mikill, ekki síst ef samfara því væru arðsöm iðnaðarfyrirtæki. Þó virkjuð yrðu um 60 þús. hestafla, þá býst jeg naumast við, að kostnaðurinn mundi fara langt fram úr 30 miljónum króna, og byggi jeg þá á sexföldum kostnaði við það, sem mestur hefir verið í Noregi, eða 600 kr. fyrir hestafl. Auðvitað fer það mikið eftir því, hvernig aðstaðan er við Sogið til virkjunarinnar, en sje gert ráð fyrir, að virkjunin verði við efri hluta Sogsins og miðað við 200 kr. á hestafl, svo sem algengt var fyrir stríðið, þá er þar um 3 miljónir að ræða til virkjunar og þá miðað við þrefalt lægra verð en í hinu tilfellinu, 200 kr. í stað 600 kr., en á hagkvæmasta staðnum í Noregi hefir líka verið virkjað fyrir stríðið hestafl hvert fyrir 100 kr. Auðvitað verður ekkert um þetta sagt með neinni vissu fyr en rannsókn er um garð gengin, og hún á að fara fram eftir þál. frá 1919.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að danskir fjármálamenn mundu um það spurðir, hversu arðvænlegt þetta fyrirtæki væri, ef við leituðum eftir láni hjá öðrum þjóðum. (*J. p.*: Jeg sagði, að það hefði verið gert). Já, og mundi þess vegna einnig verða gert framvegis. En jeg held, að til slíks muni ekki koma, því aðstæður eru nú mjög breyttar frá því, þegar Ísland var talið hluti úr danska ríkinu. (*B. J.*: Hvenær var það?).

Jeg held jeg sjái svo ekki ástæðu til að svara fleiru.

Forsætisráðherra (J. M.): Það eru örfá orð út af athugasemdum háttv. frsm. minni hl. (Sv. Ó.). Jeg held, að jeg hafi ekki sagt eitt orð í þá átt, að háttv. minni hluti hefði þá meiningu, að ekki mættum við vera í sambandi við útlent fjármagn. Það hlýtur því að vera einhver annar en jeg, sem þetta hefir talað.

Jeg er alveg sammála háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um það, að ekki sje svo sjerlega djarft að hugsa til að virkja þessa fossa í náinni framtíð, enda þótt jeg sje hins vegar heldur á því, að kostnaðurinn verði töluvert meiri en hann nefndi.

Um það, hvort aðeins eigi að virkja efra fallvatnið eða neðra, eða þau bæði, get jeg ekkert um sagt fyr en að afstaðinni rannsókn.

Að vísu hefir það mál verið borið undir sænsk-amerískan verkfræðing, sem mikið hefir kynt sjer slík mál, og taldi hann, að rjettara mundi að hugsa aðeins um efra fallvatnið í bráð. Hygg jeg að hann hafi litið svo á, að ekki væri óhugsandi að fá fje til þessa.

Jeg held því, að það væri mjög æski-

legt, að háttv. deild sýndi nú áhuga á því að láta rannsókn fara fram strax, til þess að sjá hvernig virkjun þessara fossa verði best fyrirkomið, og að hve miklu leyti skuli virkja þá. Og eftir þeim upplýsingum, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir nú gefið, þá ætti ekki að þurfa neina samninga við fossafjelagið „Ísland" til þess, að við gætum virkjað efra fallvatnið.

Ef til vill er því rjettast að samþ. þetta frv. og einnig fyrri hluta þál.till.

Bjarni Jónsson: Það vakir enn fyrir mjer um þetta mál, sem fyrir mjer hefir vakað í milliþinganefndinni, að mjer hefir aldrei lærst að taka ályktanir um mikilsverða hluti, án þess fyrst að vita hvernig sá hlutur væri vaxinn.

Jeg held því, að í þessu máli sje ómögulegt fyrir nokkurn þingmann nú að segja um það af nokkru skynsamlegu viti, hvort eigi að virkja Sogsfossana, hvernig eigi að virkja þá og hverjir eigi að gera það, nema áður hafi farið fram rækileg rannsókn á því efni.

Eftir þeirri litlu þekkingu, sem jeg hefi, þá get jeg sagt það, að þetta fallvatn muni tiltölulega auðvelt virkjunar, en þó þori jeg ekki á það að treysta, því nákvæm rannsókn getur leitt annað í ljós.

Mjer er ekki kunnugt um, að slíka þekkingu, sem hjer er um að ræða, sje hægt að öðlast á annan hátt en með rannsókn. Þarf til þeirrar rannsóknar góða menn og óvilhalla og frá þeim löndum og þjóðum, sem ekki hafa áður borið víur í fallvötn hjer, en það væru þá Svíþjóð, Þýskaland eða Vesturheimur.

Að sú rannsókn mundi bæta eða skemma aðstöðu landsins eða einstakra fjelaga eru ekki annað en draumar og heilaspuni; í lögunum er ekkert slíkt gefið í skyn.

Þetta sjest alt ekki fyr en eftir rannsókn, ekki einusinni þeir verkfræðingar, er næstir standa. Þótt þeir hafi ljósa hugmynd um virkjunarkostnað orkuvera, þá munu þeir ekki viðbúnir rannsóknarlaust að segja til um byggingu iðjuvers.

Hvernig sem litið er á málið, þá get jeg ekki skilið, hvernig mönnum getur komið til hugar annað en að byrja með rannsókn, og ef nú á að fresta því að veita heimildina, þá frestast alt málið um jafnlangan tíma. Því að engum skynbærum manni mun detta í hug að gera nokkra ályktun fyr en rannsókn hefir fram farið. Það er þá aðeins eitt til, að þeir treysta ekki stjórninni til að fara með heimildina; að öðrum kosti skil jeg ekki dagskrá minni hlutans. Jeg er nú þektur að því að vera stjórnarandstæðingur, og ber jeg þó fult traust til hæstv. stjórnar í þessu tilliti, en hennar dyggustu fylgifiskar þora ekki að fela henni þetta mál, en vilja hlaða undir útlend fjelög.

Það er sitt hvað að spara og blanda saman eignaryfirráðum; það kemur ekki málinu við, þótt fjelagið eigi lítinn hluta eða helming af vatnsaflinu, því að það kemur ekki til greina. Það verður að láta þennan rjett af hendi, því að það hefir ekki þá aðstöðu, að það geti skrúfað upp verð á vatnsrjettindunum.

Ef það yrði gert, eins og jeg hefi lagt til, að virkja efri hlutann til almennings nota, þá kemur þetta ekki til greina, því eins og háttv. frsm. meiri hl. (J. Þ.) tók fram, þá hefir fjelagið ekki rjett til svo mikils sem undirskálar af vatni.

Yfirleitt álít jeg alt tal um það að ná tangarhaldi á yfirráðum á Soginu alveg óþarft, því að landið hefir rjettinn. — Þó það væri ekki rjett, sem jeg álít, að enginn hafi eignarrjett á vötnum landsins, þá þarf ekki að samþykkja að gera skuli kaupsamning um sölu á þessum rjetti; það þarf ekki annað en láta þá vita, að þeir fái ekki að virkja fossinn.

Það er óskiljanlegur hlutur, hvers vegna

menn vilja vísa þessu máli frá núna, því að um jafnlangan tíma og það dregst að afgreiða það, jafnlengi dregst málið.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 265 feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., P. O., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. H., E. E., H. K., B. Sv.

nei: M. P., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þór. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

1. gr. frv. samþykt með 16 : 8 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 14 : 6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þór. J., B. J., B. H.

nei: E. E., H. K., M. K., P. O., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 45, 592).

Jón Baldvinsson: Till., sem jeg flyt nú, eru í samræmi við athugasemdir þær, sem jeg gerði við frv. við 2. umr. Mjer fanst það gefið í skyn í frv., að öðrum væri ætlað að virkja en ríkinu. Í þessu styrktist jeg, er jeg heyrði ræðu hv. frsm. (J. Þ.), því að hann gaf í skyn, að ætlast væri til að fossafjelagið Ísland ætti að samþykkja mann þann eða menn, sem rannsóknina gerðu. Þetta átti að vera tryggingarráðstöfun, en hver sem ætlunin er, er fjelaginu „Ísland" ætlað að hafa hönd í bagga með þessum rannsóknum. Þetta gerir það að verkum, að mjer virðist frv. benda í þá átt, að öðrum en ríkinu sje ætlað að virkja. Jeg fer þá fram á það, að 2. gr. sje feld burt, því að þau ákvæði eru í henni, sem gefa ástæðu til að ætla þetta. Jeg verð að telja það óheppilegt, ef fjelaginu „Ísland" verður falin þessi rannsókn, því að við eigum undir högg að sækja við fjelagið um vatnsrjettindi þess í Soginu. Jeg held, að 1. gr. gefi stjórninni nægilega heimild til rannsókna, og þarf þar engu um að breyta. Og þau tryggingarákvæði önnur, sem felast í 2. gr., er óþarfi að taka fram; stjórnin hefir fulla heimild til þess að framfylgja þeim, ef henni lýst svo. Þess vegna er algerlega hættulaust að fella niður 2. gr., en með því er útilokaður sá misskilningur, sem komist gæti að og jeg hefi bent á.

Hin brtt. fer aðeins fram á að skýra nánar 3. gr.; hún fer fram á, að rannsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði og teljist til virkjunarkostnaðar. Ef þessi till. verður ekki samþykt, er á líkan hátt og í 2. gr. frv. gefið í skyn, að aðrir en ríkið eigi að virkja, en það væri óheppilegt að slá því á nokkurn hátt föstu eða láta það skína út úr frv. Jeg held, að till. mínar geri stjórninni heimildina ekki erfiðari, og er háttv. deildarmönnum þess vegna óhætt að samþykkja þær.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Efni 2. gr. lýtur ekki eingöngu að því, að rannsóknin geti verið falin fossafjelaginu „Ísland". Stjórnin hefir yfirleitt ekki mönnum á að skipa, sem færir eru til þessara framkvæmda. Það er hugsanlegt

að hægt sje að fá menn frá Noregi eða Svíþjóð, frá ríkisstarfrækslunni þar; en það er aðeins rjett hugsanlegt. Allar líkur benda á það, að þessa rannsókn verði að fela einhverju erlendu verkfræðingafirma, sem hafa það að atvinnu að framkvæma slík verk. En ef erlendir menn framkvæma rannsóknina, þá er hætt við, að þeir sendi menn hingað upp til mælinga, vinni síðan úr því heima hjá sjer og sendi aðeins hingað aðalteikningar og áætlanir. Þá er hjer enginn maður, sem fylgst hefir með verkinu og hefir nákvæma þekkingu á því. Tilgangur 2. gr. er að fyrirbyggja, að þannig verði farið að, eða að sjá um, að þeirri þekkingu verði haldið í landinu, sem fengist hefir við rannsóknina.

Milliþinganefndin sá ekki annað ráð betra til þess að tryggja þetta en að ákveða að skipa skyldi verkfræðing, sem væri í þjónustu stjórnarinnar, til þess að fylgjast með allri rannsókninni. Jeg vona að þetta nægi, til þess að gera deildinni skiljanlegt, að það er þýðingarmikið, að þessa sje gætt, og þess vegna væri það stórskemd á frv., ef 2. gr. væri feld burt.

Það er rjett hjá háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að greinin er orðuð svo, að ekki er útilokað, að rannsóknin verði falin einhverju fossafjelagi, en það er ekki líklegt, að sú leið verði valin. Fossafjelagið „Ísland" hefir engum sjerfræðingum í þessu efni á að skipa, og er því ekki ástæða til að fela því rannsóknina. Vitanlega getur það fengið sjerfræðinga með því að borga þeim, en það geta einnig allir aðrir.

Það er satt, að stjórnin getur gætt þeirra tryggingarráðstafana, sem 2. gr. fjallar um, þó að svo sje ekki ákveðið í lögum, en það er altaf tryggara að hafa lagaákvæðið. Þó að jeg treysti núverandi stjórn til þess að annast þetta, þá ber þess að gæta, að rannsóknin getur varað mörg ár og á þeim tíma geta orðið stjórnarskifti, og það oftar en einu sinni. Jeg tel því sjálfsagt að halda 2. gr., og vona að sú brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) verði ekki samþykt.

Um brtt. við 3. gr. hefi jeg lítið að segja. Eins og háttv. þm. (J. B.) tók fram er það alveg óbundið nú, hvort ríkið virkjar eða einstakir menn eða fjelög, og það er álit manna yfirleitt, að best sje að halda þessu opnu. Jeg held, að ótti háttv. þm. (J. B.) sje því ástæðulaus; það er ekkert gefið undir fótinn með það, að ríkið eigi síður að virkja en aðrir. 3. gr. getur því staðið að þessu leyti.

En það eru í henni ákvæði, sem jeg man að háttv. þm. Dala. (B. J.) lagði mikla áherslu á í milliþinganefndinni, og það með rjettu. Það er gert ráð fyrir, að ef sjerleyfi verður veitt, en sjerleyfishafi getur ekki notað sjerleyfið og engin virkjun verður, þá eigi ríkið ekki að bera rannsóknarkostnaðinn. Það er tíska að setja viðurlög, þegar sjerleyfi er veitt, við því ef það er ekki notað. Þessi viðurlög mætti að vísu setja í hvert skifti, og það verður að miklu leyti gert, en jeg er viss um að betra sje að hafa í lögum einhvern almennan grundvöll til að byggja á, t. d. eins og þennan, sem jeg hefi minst á, að rannsóknarkostnaður falli á sjerleyfishafa. Það segir sig sjálft, að ekki er hægt að telja rannsóknarkostnaðinn til virkjunarkostnaðar, þegar engin virkjun verður.

Jeg verð þess vegna að leggjast á móti báðum þessum till. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til þess að ræða þær, og get jeg því ekki sagt, hvaða afstöðu hún tekur til þeirra, en mjer þykir líklegt, að sú afstaða hefði orðið lík þeirri, sem jeg hefi lýst.

Jón Baldvinsson: Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir viðurkent það, að þær trygg-

ingarráðstafanir, sem felast í 2. gr. geti stjórnin gert, þó að greinin falli burt. Eins hefir hann viðurkent, að tryggingarráðstöfun 3. gr. megi setja í sjerleyfislög í hvert skifti. Till. mínar geta því ekki orðið til þess að draga neitt úr þessum tryggingarráðstöfunum, enda hefði jeg ekki borið þær fram, ef svo hefði verið. En mjer þykir óþarfi að gefa í skyn í þessum lögum ákveðinn skilning á því, hver virkja skuli, en mönnum kemur saman um að láta þeirri spurningu ósvarað í þessum lögum. Og jeg vil þess heldur fyrirbyggja þetta, þar sem skilningurinn, sem fram er haldið, er sá, sem jeg tel, að ekki ætti að felast í frv.

Jeg vona, að engum blandist hugur um, að heldur er ýtt undir þann skilning, að aðrir virki en ríkið, enda hóf háttv. þm. (J. Þ.) ræðu sína á því, að í 2. gr. fælist ekki eingöngu það, að fela mætti fjelaginu „Ísland" þessa rannsókn. Það er satt hjá þm. (J. Þ.), að það felst meira í gr., en þetta felst einnig í henni eins og hann hefir viðurkent. Seinna í ræðu sinni reyndi háttv. þm. (J. Þ.) að draga úr þessu og sagði, að „Ísland" stæði ekki betur að vígi en aðrir, og því væri ástæðulaust að fela því rannsóknina. Það kveður nú við annan tón en um daginn, þegar hann var að svara háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), því þá taldi sami háttv. þm. (J. Þ.) „Ísland" ráða yfir mestri þekkingu í þessum málum af öllum fjelögum í Danmörku.

Þegar þess er gætt, að ekkert tapast við till. mínar, en misskilningi er rutt úr vegi með þeim, vona jeg, að háttv. deild greiði þeim atkv.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Mjer er ómögulegt að sjá, að í 3. gr. sje gefið undir fótinn með það, að ekki ríkið heldur einhverjir aðrir skuli virkja. Jeg held, að það sje ástæðulaus uggur. Jeg sje ekkert á móti því, að mega fela einhverju fjelagi rannsóknina, ef að viturra manna ráði telst svo til, að það sje heppilegra. Jeg kann illa við að fella burt greinina og sje enga ástæðu til þess, enda vona jeg, að till. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) verði feldar. Ef í till. á að felast einhver aðdróttun eða móðgun við stjórnina, verð jeg að vísa því á bug sem ástæðulausu.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Jeg vil leiðrjetta það, að jeg hafi sagt, að „Ísland" rjeði yfir bestu sjerfræðingum til þessara rannsókna. Svo er ekki, og jeg hefi aldrei talað neitt í þá átt. En jeg hefi bent á, að „Ísland" stendur best að vígi í Danmörku hvað snertir þekkingu á efnavinslu, því að jeg má segja, að formaður þess sje forstjóri stærstu efnavinsluverksmiðju í Danmörku. Og það er áreiðanlegt, að mestu örðugleikar okkar í þessu máli verða að fá markað fyrir þá orku, sem verður umfram almenningsþarfir. Jeg vil líka leiðrjetta það, að við eigum undir högg að sækja við fossafjelagið „Ísland". Vatnsrjettindi þess í Soginu eru ekki svo ýkjamikil, eins og bent hefir verið á, og sú leið er altaf opin að taka þau eignarnámi. Við stöndum því fulltryggilega að vígi gagnvart fjelaginu, því eignarnámsheimildin verður ekki af okkur tekin.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að láta undrun mína í ljós yfir till. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.). — Hann segist með þeim vilja auka tryggingunа, en tekur þó á burt ýmsar aðrar tryggingar, sem eru í 2. gr. frv. Annars er þetta orðið svo margrætt á þingi og í milliþinganefndinni, að óþarfi er að fjölyrða um það hjer.

Þó vil jeg bæta því við, að í 3. grein er ákvæði, eins og háttv. framsögum. benti á,

sett inn til þess að þeir, sem leyfi hafa fengið til virkjunar, geti ekki frá því hlaupið á burt og sloppið við að greiða rannsóknarkostnaðinn, ef þeir heyktust á fyrirtækinu sjálfu.

Það má vel vera, að einhverjum verði leyfð virkjun, en hann komi henni ekki í framkvæmd, og hætti hann svo, þá borgar hann ekki virkjunarkostnað. Það mun verða erfitt að heimta inn skuldir ríkissjóðs, þegar tryggingarákvæðunum er kipt á burt. Þetta vill þingmaðurinn gera, en veit ekki hvað hann meinar með því.

Eiríkur Einarsson: Við síðustu umr. þessa máls greiddi jeg atkvæði á móti frv. og gerði grein fyrir því. Þá var þingsályktunartill. um sama mál á dagskrá, sem mjer þótti að ýmsu leyti fara lengra en frv. og verðskuldaði fremur samþykki. Þessi till. hefir nú verið tekin af dagskrá, og þykist jeg vita, hvaða örlög henni eru fyrirhuguð, svo þess vegna mun jeg greiða atkv. með frv. nú, því fyrir mjer er það mikilsvirði, að rannsókn Sogsfossanna til virkjunar fari fram sem fyrst, og þá ekki síður járnbrautarrannsóknin.

Jeg vænti þó, að þál.till. eigi fyrir sjer að ná framgangi, ef ekki á þessu þingi, þá á næsta, því að eins og jeg hefi tekið fram, hefir hún ýmislegt það í sjer fólgið, er jeg tel heppilegra framkvæmdum þessa máls. Í þessu máli er allur varinn góður, eins og í öðrum málum, og þykist jeg vita það verði seint að við göngum svo frá þessu máli, að of tryggilegt sje. Um brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) vil jeg geta þess, að jeg mun greiða þeim atkvæði. Þær stefna að ýmsu leyti í sömu átt og jeg gerði grein fyrir um daginn, er jeg mintist á þál.till., að ábyrgðin með rannsókninni yrði látin hvíla á herðum sjálfrar ríkisstjórnarinnar.

Eins og hæstv. atvrh. (P. J.) tók fram, á stjórnin að hafa óbundnar hendur um „að gera eða láta gera mælingar“. 2. gr. frv. dregur úr ábyrgð stjórnarinnar, en úr ábyrgð þessari er þó ekki vert að draga. Samkvæmt upphafi 1. gr. frv. hefir stjórnin svo frjálsar hendur sem henni er nauðsyn á.

En hvort vera skuli ríkisvirkjun eða ekki, læt jeg ósagt um að sinni, og læt það bíða átekta. Það er ótímabært nú að gera till. um slíkt.

Einmitt þetta, að stjórnin beiti sjer fyrir rannsókninni, verður til þess, að bein afskifti stjórnarinnar ættu að gefa málinu þann tilstyrk, að sjerstaklega væri hugsað um þarfir landsmanna, þegar til virkjunarinnar kæmi. Því er það nauðsynlegt, að stjórnin hafi hönd í bagga með og beri fulla ábyrgð á öllu saman, enda er þetta alstaðar viðurkent sem sjálfsagt í þeim löndum, sem þegar hafa hafist handa í þessu efni. Þetta er játað af fróðustu mönnum Norðmanna og álitið mikilsverðasta atriðið í öllum undirbúningi vatnsvirkjunarmála, að alt sje fyrst og fremst miðað við þarfir almennings og ríkisins.

Gunnar Sigurðsson: Mjer hefir aldrei dottið annað í hug en að greiða atkvæði á móti frv. þessu, því jeg tel það sjálfsagt, að stjórninni beri skylda til að sjá um framkvæmd allra nauðsynlegra rannsókna viðvíkjandi virkjun Sogsfossanna sem fyrst og sem rækilegast. Þetta mál er mjög aðkallandi, ekki aðeins vegna sveitanna austur frá, sem bíða eftir betri samgöngum við höfuðstað ríksins, heldur nær og þetta til landsins yfir höfuð, að það sjáist, að víðar megi vatnsvirkjun upp taka heldur en við Sogið, þó sjálfsagt sje að byrja þar vegna allrar aðstöðu.

Vitanlega ber jeg ekki traust til stjórnarinnar, eins og kunnugt er, en vænti þó, úr því henni er falið að hafa rannsókn þessa með höndum, að hún láti hendur standa fram úr ermum, og gæti þá farið

svo, að jeg fyrirgæfi henni fyrir mitt leyti margar syndir, drýgðar og ódrýgðar.

Bjarni Jónsson: Út af orðum, sem fallið hafa hjer í deildinni, vil jeg láta þessu máli fylgja frá mjer þá yfirlýsingu, að jeg geri það að minni kröfu til stjórnarinnar, að hún láti rannsókn þessa framkvæmda af alveg hlutlausum mönnum. Jeg hefi áður bent á, að slíka menn myndi mega fá bæði frá Svíþjóð og Bandaríkjunum, því það þykist jeg mega fullyrða, að báðar þessar þjóðir sjeu ósnortnar af því að vilja gína yfir íslenskum rjettindum. Hina, er til mála gætu komið, tel jeg tortryggilega og í engu treystandi. Háttv. frsm. (J. Þ.) hafði að sönnu ekki þau orð, en hann taldi, að Íslandsfjelagið væri vel fært um að rannsaka hjer skilyrði fyrir verksmiðjuiðnaði etc., en það er alt annað en virkjun.

En hins vegar ætti það ekki að vera torsótt fyrir fjelagið, þó að það vildi hafa menn við rannsóknina til athugunar þess, að rjettur og hagur þess yrði ekki fyrir borð borinn. Annars skil jeg ekki þetta mikla skraf um rjettindi fossafjelagsins Íslands, því kunnugt er, að aðrir menn eiga langt um víðtækari rjett til vatnsins, t. d. eigendur Úlfljótsvatns.

Áður en jeg lýk máli mínu, vildi jeg mælast til þess, að háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) vildi taka brtt. sínar aftur. Þær vinna ekki það gagn, sem hann hyggur, heldur fara þær í öfuga átt og kippa burtu höfuðtryggingu frv. Þetta ætti honum að skiljast, úr því hann ber þetta mál svo mjög fyrir brjósti.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg þarf ekki að taka það fram, að stjórnin tekur á móti þessari heimild með þeirri sjálfsögðu skyldu, að hjer fáist sem rjettust og ábyggilegust rannsókn um vatnsvirkjun Sogsfossanna, og þar í liggur það, að hún verði óhlutdræg, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) mælti fyrir. Aftur á móti finst mjer ástæðulaust að ganga fram hjá hlutafjelaginu Íslandi eða dönskum mönnum, ef það skyldi sýna sig, að það hefði sjerstaklega færum mönnum og fróðum á að skipa til rannsóknarinnar.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins lýsa því yfir, að hefði frv. þessu verið í framsöguræðu lýst eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) gerði í sinni ræðu síðast, hefði jeg ekki komið með brtt. mínar.

Jakob Möller: Jeg þarf ekki að andmæla neinu, sem fram hefir komið, fyrir nefndarinnar hönd. Jeg hefi ekki tekið eftir, að neitt það hafi verið sagt, sem nefndin er ekki sammála um. Þó skal jeg taka það fram, að í nefndinni hefir ekkert verið minst á það, hverjir skyldu fengnir til þess að framkvæma rannsóknina. Aðeins hefir verið gengið út frá því, að hún yrði sem fullkomnust og óhlutdræg. En þó finst mjer, að fossafjelagið Ísland geti ekki komið til mála.

Um ríkis- eða einstaklingavirkjun hefir nefndin heldur ekki tekið neina afstöðu. Jeg verð að taka í sama strenginn og aðrir þeir, sem telja að brtt. háttv. samþingismanns míns (J. B.) dragi úr tryggingum frv., og tel því rjettara að þær verði ekki samþyktar.

ATKVGR.

Brtt. 592,1. feld með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., P. O., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.

nei: P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þór. J., B. J., B. H., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P.

Tveir þm. (E. E. og E. Þ.) fjarstaddir.

Brtt. 592,2. feld með 16 : 4 atkv.

Frv. samþ. með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þór. J., B. J., B. H.

nei: H. K., P. O., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.

M. K. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (E. Þ.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. útbýtt, eins og það var samþykt við 3. umr. (A. 45).

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, kl. 10 árd., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Það er efni þessa frv. að heimila landsstjórninni fje til þess að láta framkvæma rannsóknir til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna og lagningar járnbrautar austur í sýslur. Á Alþingi 1919 var samþykt þingsályktunartill., sem heimilaði fje til rannsóknar viðvíkjandi Sogsfossunum, en þar var járnbraut ekki tekin með. Þetta frv. er því víðtækara.

Út frá því er gengið, ef úr virkjun Sogsins verður, að þá verði um leið lögð járnbraut austur þangað. Nú hyggja menn, að hún gæti orðið hluti úr væntanlegri járnbraut lengra austur, og því er þetta látið fylgjast að.

Málið var í samvinnunefnd fossamála, og varð hún, að undanskildum einum eða tveimur mönnum, sammála um að leggja til, að það yrði samþykt óbreytt. Jeg vil því fyrir hönd nefndarinnar óska þess, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt og flýti fyrir því, með afbrigðum frá þingsköpum, svo að það megi verða að lögum.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vildi segja nokkur orð, af því að jeg var í nefndinni og skrifaði undir nál. með fyrirvara. Minn fyrirvari átti að þýða það, að jeg álít heimild þá, sem felst í þingsályktuninni frá 1919, vera nægilega. Mjer þykir nokkuð undarlegt, að menn skyldu áðan þykjast þurfa að fella lítið kostnaðaratriði úr till. um undirbúning ullariðnaðar, en finst nú sjálfsagt að leggja út í allan þennan kostnaðarsama undirbúning í einu og þegar í stað. Og þá er það líka skoðun mín, að allar framkvæmdir í þessu muni dragast enn um alllangan tíma vegna fjárskorts.

Það var ekki rjett hjá háttv. frsm. (S. F.), að allir nefndarmenn nema 2 hefðu lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Jeg man að minsta kosti eftir þremur, sem ekki fylgdu því.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg hefi engu við að bæta og engu að svara háttv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.), nema því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. Þetta frv. er víðtækara en sú heimild, sem áður er til um sama efni, og það skoða jeg stóran kost. Rannsókn til undirbúnings járnbrautarlagningu er bætt við, og það mál tel jeg svo þarflegt og þýðingarmikið, að rjett sje að flýta fyrir því.

Um það, hve margir hafi fylgt frv. í samvinnunefnd vatnamála er þess að geta, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var á móti því. 1. þm. Árn. (E. E.) var ekki á fundi, er það var útkljáð, en hinir allir skrifuðu undir nál. Og þótt tveir þeirra, háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) og háttv. 1. þm. Húnv.

(G. Ó.) skrifuðu undir með fyrirvara, þá var ekki hægt að skilja það svo, að þeir væru móti frv. Ef svo hefði verið, hefðu þeir klofið nefndina með háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). En það getur auðvitað skeð, að þeim hafi snúist hugur síðan.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 3 atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., kl. 2 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg vil mæla hið besta með því, að þetta frv. nái fram að ganga.

Jeg er ekki samdóma því, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.) sagði við 1. umr. þessa frv., að heimildin í þingsályktuninni frá 1919 sje nóg. Þar er ekkert minst á að rannsaka járnbrautarlagningu austur í sýslur. Og þetta er ekki sambærilegt við 3. lið í ullariðnaðartill., sem hann var að vitna í. Þar var gert ráð fyrir, að fram færu rannsóknir um alt land, og þá hefðu orðið gerðar áætlanir um margt, sem aldrei hefðu komið til framkvæmda. En þetta kemur þó áreiðanlega einhverntíma til framkvæmda.

Annað fallvatn þar austanfjalls hefir verið rannsakað talsvert. Er það nær mjer og mínu kjördæmi. En jeg tel samt engan skaða, þótt þetta sje rannsakað, því að jeg tel sjálfsagt, að það fallvatnið sje tekið, sem betra er, gefur ódýrari orku.

En svo er annað meginatriði þessa frv. Það er rannsókn járnbrautarlagningar austur. Jeg tel það engu síður mikilvægt en hitt. Það mál er ekki nýtt hjer á þingi. Það var til umræðu fyrir nokkrum árum, og ef þá hefði verið undinn bráður bugur að því að leggja járnbrautina, þá væri hún búin að borga sig nú, því að flutningur þessa leið hefir verið og er afardýr. Nú kostar t. d. 150 kr. að flytja hverja smálest hjeðan austur að Þjórsá. Með þessu er jeg ekki að ásaka þá, sem móti voru, því að ekki var hægt að sjá fyrir þær breytingar, sem orðið hafa á öllu verðlagi.

Nú er verið að leggja í miljónafyrirtæki þar eystra, áveitur og fleira, sem hefir mikla þýðingu fyrir afkomu þjóðarinnar. En jeg sje ekki, hvernig þau fyrirtæki eiga að blessast, nema því aðeins að sjeð verði fyrir góðum samgöngum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 : 3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., föstudaginn 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 45).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 672).

---

35. Hlutafjelög.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um hlutafjelög (A. 1).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg skal ekki halda langa ræðu. — Frv. þetta er fram komið samkvæmt þingsályktun frá 1914, og hafa þeir unnið að því prófessorarnir Magnús Jónsson og Einar Arnórsson, og hefir hinn síðarnefndi komið því til fullnustu í þann búning, sem það hefir nú, og samið athugasemdir við það.

Jeg hefi eiginlega engu að bæta við það, sem þar er sagt. Stjórnin álítur fulla nauðsyn slíkra laga, eftir því sem stofnun hlutafjelaga með takmarkaðri ábyrgð hefir aukast hjer á landi undanfarin ár. Mín persónulega skoðun er, að þótt óhjákvæmilegt sje nú orðið, til að koma á fót ýmsum þjóðnytjafyrirtækjum, að stofna til þess hlutafjelög með takmarkaðri ábyrgð, þá sje sú stefna í heiminum eigi að síður mjög viðsjárverð, að rekstur framleiðslu og verslunar dragist æ meir og meir undir slíkar ópersónulegar gróðamaskínur, sem eftir eðli sínu fara stækkandi, grípa meira og meira hver í aðra, verða að heljarbáknum og mynda hringa. En þessi skoðun dregur ekkert úr því, að lög sjeu sett um þessar stofnanir, heldur jafnvel þvert á móti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11. shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 235, 245, 257).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Eins og hv. deild er kunnugt, var á Alþingi 1914 samþ. þál. um að skora á stjórnina að semja frv. til laga um hlutafjelög. Jeg var þá ráðherra, og þegar jeg fór utan það ár, sneri jeg mjer til manns, sem jeg vissi, að hafði sjerþekkingu á þessum málum, Magnúss Jónssonar núverandi prófessors við Háskólann, og bað hann að semja frv. til laga um hlutafjelög. Jeg bað hann að hafa frv. eins einfalt og hann sæi sjer fært.

Þá var skömmu síðar skift um stjórn, og veit jeg ekki frekar um hvað stjórnir þær, er eftir komu, gerðu í málinu. En þegar jeg var orðinn fjármálaráðherra og fór utan 1918, afhenti Magnús Jónsson mjer frv. til laga um hlutafjelög, er hann hafði samið. Að það frv. var ekki lagt fyrir þingið kom af því, að atvinnumálaráðherra fjekk það eigi nógu snemma í hendur.

Nú hefir stjórnin tekið mál þetta upp af nýju, en ekki tekið upp frumvarp Magnúss Jónssonar, heldur er frv. það, er hjer liggur fyrir, að miklu leyti þýðing dönsku hlutafjelagslaganna frá 1917. — Dönsku lögin höfðu fengið mjög rækilegan undirbúning og verið undirbúin í nefnd, er mun hafa verið skipuð mönnum með sjerþekkingu, áður en málið kom fram í þinginu.

En þrátt fyrir það var þeim breytt mikið í þinginu. Jeg vil taka það fram, að jeg álít óhugsandi, að þingmenn geti athugað svona frv. ítarlega; það tekur lengri tíma en svo, að ætlast verði til þess. Og það er langt frá því, að nefndin hafi haft nægan tíma til að rannsaka frv. þetta eins og skyldi. Til þess hefði nefndin þurft að hafa tök á því, að rannsaka ítarlega erlendan rjett í þessu efni, en þetta hefir ekki verið hægt nema að litlu leyti.

Nefndin er sammála stjórninni um þörf á lögum um hlutafjelög. Það eru engin almenn ákvæði til um þetta efni; aðeins á víð og dreif í löggjöfinni ákvæði um einstök hlutafjelög.

Nefndin er ekki í neinum vafa um, að allmikil bót er að þessu frv. Hitt er annað mál, að reynslan ein sker úr því, hvort nokkur ákvæði eru í frv., sem ofaukið er eða leggi bönd á viðskiftalífið, og eins mun hún sýna, hvort þörf er á fleiri ákvæðum.

Þörfin fyrir hlutafjelagslög er, eins og jeg sagði áðan afarmikil. Hlutafjelögum hefir fjölgað hjer allmikið síðustu árin, og mörg hin þörfustu fyrirtæki hjer á landi eru stofnuð með hlutafjelögum. Má þar til nefna botnvörpungaflotann, sem að mestu leyti er reistur og starfræktur af hlutafjelögum.

Skal jeg svo minnast á nokkur helstu ákvæði frv. og brtt. þær, er nefndin hefir gert.

Frv. er í 8 köflum.

I. kafli frv. er aðallega skýring á hugtakinu hlutafjelag. Aðaleinkenni hlutafjelaganna er, að hluthafarnir ábyrgjast ekki skuldbindingar fjelagsins með öðru en því hlutafje, er þeir leggja fram. Þeir vita því altaf, hvað áhætta þeirra er mikil í fjelaginu. Þetta veldur því, að menn eru fúsari til að leggja fje í hlutafjelög heldur en að binda sig við persónulega ábyrgð, þar sem öllum eigum þeirra getur verið hætt, ef illa fer. Einmitt vegna þess að um persónulega ábyrgð er ekki að ræða í hlutafjelögum, þá hefir með þeim reynst unt að safna nægilegu fje til þess að koma stórfyrirtækjum á stað, sem komið hafa oft að miklu gagni.

II. kafli er um starfrækslu hlutafjelaga. Þar er ákveðið, að stofnsamning skuli gera er hlutafjelag er myndað, og fyrirskipað hvað í þeim samningi skuli greina. Skal þar tekið fram heiti og heimilisfang fjelagsins, tilgangur þess, hversu mikið hlutafje sje ákveðið, kostnaður af stofnun fjelagsins o. s. frv. Alt er þetta ákveðið til þess að tryggja þá, er fje kynnu að leggja í fjelagið. Og í sama skyni er gert hið opinbera útboð, sem ákveðið er í 7. gr. frv., þegar almenningi er gerður kostur á að skrifa sig fyrir hlutum í fjelögum. Að vísu er heimilt, að stofnendurnir leggi sjálfir alt hlutafjeð fram, og fer þá auðvitað engin auglýsing fram. Og fram hjá auglýsingunni sýnist mega komast, með því að bjóða út fje í þrengri hringum, en í Danmörku, þar sem samkonar ákvæði gilda og hjer er farið fram á, er tilhneigingin til þess að skýra þetta ákvæði sem þrengst og láta hið opinbera útboð fara sem oftast fram.

Í stjórnarfrv. stendur, að stofnendur hlutafjelags megi ekki vera færri en 3. Nefndin leggur til, að sú tala verði færð upp í 5. Það er að vísu álitamál, hvaða takmark skuli sett í þessu efni. T. d. er tala stofnenda í dönsku lögunum ákveðin 3 minst, en í sænsku lögunum 5, og í frv. því, er Magnús Jónsson hefir afhent, er talan ákveðin 5, eins og nefndin fer fram á.

Í stjórnarfrv. er og ákveðið, að hver hluthafi leggi fram 500 kr. hlut minst, þegar um 3 hluthafa er að ræða, sem stofna hlutafjelag. Þessu hefir nefndin breytt og leggur til, að aðalupphæð hlutafjárins sje 2000 krónur minst, en þykir ekki ástæða til að heimta að hluthafarnir leggi jafna upphæð hver í þessu tilfelli fremur en öðrum.

Í III. kafla eru ákvæði um skrásetning hlutafjelaga. Er leitast við að gera ákvæðin um skrásetningu sem óbrotnust.

IV. kafli laganna er um hlutafje, hlutabrjef o. fl.

Nefndin hefir gert breytingu við 24. gr. í þessum kafla. Þar stendur, að hluthafafundur einn geti heimilað stjórninni

að auka hlutafje. Jeg hefi átt tal við einn mann, sem mjög er kunnugur hlutafjelögum. Hann leit svo á, að hyggilegt væri, að stjórnin mætti undir vissum kringumstæðum auka hlutafjeð. Nefndin hefir farið miðlunarleið í þessu og tekið upp ákvæði sænsku laganna, þar sem stjórnin má bjóða út hlutafjárauka, með væntanlegu samþykki aðalfundar. Vel getur komið fyrir, að stjórnin eigi kost á góðum kaupum á t. d. húsum eða lóðum, og langt sje til aðalfundar. En vanti peninga, þegar svo stendur á, getur verið heppilegt að heimila henni að bjóða út fjeð, því þá er það til að liðnum frestinum, ef hluthafafundur samþykkir það, en neiti hluthafafundur, þá hefir enginn við það mist í neins rjettar.

Brtt. nefndarinnar við 26. gr. eru flestar orðabreytingar og sumpart leiðrjettingar á skökkum tilvitnunum. Það er því engin ástæða til að fara frekari orðum um þær.

Í þessum kafla er ákvæði um, að hlutafjelag má ekki taka hlutabrjef sjálfs sín eða bráðabirgðaskírteini til tryggingar.

Hjer var einu sinni rætt mikið um það, að eitt hlutafjelag veitti lán út á hlutabrjef sín. Hefir það þótt óhyggilegt að heimila fjelögunum það, því það getur orðið til þess, að hlutafjelögin, þegar hallar undan fæti, leitist við að halda verðbrjefunum óeðlilega háum, þannig að menn fái rangar hugmyndir um hag þeirra, en slíkt ber að varast.

Í 29. gr. frv. er ákvæði um, hvernig fara eigi að, ef bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef glatast, og á þá að fá það ógilt með dómi, lögum samkvæmt.

Nefndinni hefir verið bent á, að þetta væri of örðug leið, en hún hefir ekki sjeð sjer fært að gera breytingu á þessu ákvæði, því ef stjórnir fjelaganna mættu gefa út ný brjef í vissum tilfellum, fyrir þau glötuðu, þá væri sumum fjelögum að vísu trúandi til þess, en yfirleitt væri of lítil trygging í því að leggja þetta vald í hendur fjelaganna.

Þá kem jeg að V. kafla, sem er um stjórn, hluthafafjelagsfundi og fleira. Við þennan kafla er fyrsta brtt. nefndarinnar, töluverð efnisbreyting. Hún snertir það, hve mikið gildi hlutabrjef hafa fyrir hluthafa, þegar til atkvæða kemur. Í dönsku lögunum gilda þau ákvæði, að atkvæði er fyrir hvern hlut; ræður því sá maður öllu, sem flesta hlutina á.

Frá þessu ákvæði má þó gera undantekningu í hlutafjelagslögunum. Brtt. nefndarinnar fer í þá átt, að enginn hluthafi geti ráðið meiru en $^1/_5$ hluta samlagðra atkvæða í fjelaginu. Sams konar ákvæði og þetta er í sænsku lögunum. Hins vegar leit nefndin svo á, að ef þetta ákvæði væri eigi sett, gætu þeir, sem völdum vildu ná í fjelaginu, keypt svo og svo mörg hlutabrjef, til þess að ráða svo afli atkvæðanna. Nefndin leit svo á, að samskonar ákvæði og þetta þyrfti að vera, til þess að koma í veg fyrir, að slíkt gæti komið fyrir. Þar sem líka er gengið út frá því í dönsku löggjöfinni, að fjelagið sjálft geti gert samskonar takmarkanir, ef því sýnist.

Þá er 5. brtt. nefndarinnar við 33. gr. frv. Í stjórnarfrv. segir svo: „Ef fjelag á sjóð eða sjóði, ætlaða til að vinna upp tap, má nota þá til þess, enda þótt tekjuafgangur verði á reikningsárinu“. Með öðrum orðum, ef reikningshalli er, þá má ekki borga út úr sjóðnum.

Sumstaðar hafa verið stofnaðir sjóðir, með það fyrir augum, að hægt sje að borga prósentur af hlutafje, ef illa gengur. Nefndin hefir því gert brtt. um, að stofna megi sjóð til tryggingar greiðslu bankavaxta af hlutunum, þegar illa gengur. Þetta er hvöt fyrir fjelögin að stofna sjóði þegar vel gengur, sem óneitanlega er mjög heppilegt.

Við VI. kafla, sem er um fjelagsslit o. fl., hefir nefndin gert aðeins smá orðabreytingar.

Við VII. kafla, sem er um erlend hlutafjelög, hefir nefndin gert litlar breytingar. Þar er sagt, að hlutafjelög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt landslögum, megi starfa hjer á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annara ríkja þegnar, eða menn heimilisfastir erlendis. Í dönsku lögunum er ríkisborgararjettur skilyrði fyrir því, að geta orðið hluthafi í dönsku fjelagi. En nefndin hefir eigi tekið hjer upp samskonar ákvæði, því að hún býst við, að mjög bráðlega verði samin íslensk atvinnulöggjöf, og þar verði þetta, meðal annars, tekið fram. Á þessari löggjöf er að sjálfsögðu hin mesta þörf.

Við VIII. kaflann, sem er um refsingu fyrir brot og fleira, hefir nefndin gert brtt. við 60. gr., sem hún ætlar að taka aftur við þessa umr. Brtt. þessi gengur í þá átt, að borgun til lögreglustjóra fyrir störf þau, er honum eru falin í lögum þessum, fari eftir ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs. Nefndin ætlast því til, að þessi gjöld sjeu tekin út úr lögum þessum og sett inn í aukatekjulögin. En þar telur nefndin, að eigi að safna saman öllum aukatekjum landssjóðs, bæði þessum aukatekjum og t. d. aukatekjum samkvæmt skrásetningarlögum, sem nú eru ekki í aukatekjufrumvarpi stjórnarinnar. En ef háttv. fjárhagsnefnd sjer sjer ekki fært að taka þetta til greina, þá býst jeg við, að nefndin falli frá brtt. algerlega. En fyrir næstu umræðu mun allsherjarnefndin ræða málið við fjárhagsnefndina.

Yfirleitt er hjer um mjög merkilegt mál að ræða, sem þörf hefði verið að rannsaka mjög ítarlega, en sökum þess, að þörfin er svo brýn fyrir lög þessi, að lengri frestur er óheppilegur, þá leggur nefndin til, að frv. þetta verði samþykt, með þeim breytingum, sem hún ber fram.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg er enginn kunnáttumaður á þessum sviðum, og skal því ekki hætta mjer út í langar umræður. Jeg vil þá fyrst og fremst geta þess, að mjer finst eigi hafa verið færð nægileg rök fyrir því, að rjett sje að breyta því ákvæði 4. gr. frv., að stofnendur skuli eigi vera færri en þrír. — Get jeg því eigi fallist á þá tillögu nefndarinnar, að þeir skuli vera minst 5. Því að af þeirri breytingu leiðir af sjálfu sjer, að slíta verður hlutafjelagi, ef hluthafar verða færri en 5.

Jeg hefi engin fullgild rök heyrt fyrir því, að þetta sje rjett, því í okkar fámenna þjóðfjelagi væri miklu fremur ástæða til að velja lægri töluna.

Þá get jeg og eigi fallist á, að rjett sje að breyta ákvæðum 4. gr. um hluthafaframlögin. Í frv. stjórnarinnar er ákveðið, að stofnendur skuli hver um sig leggja fram 500 kr. En eftir brtt. nefndarinnar eiga stofnendur að leggja fram 2000 kr. alls. Þetta er töluvert annað, og mjer sýnist full ástæða til að ákveða, hvað hlutabrjef megi vera lægst. Og get jeg því eigi skilið, hvers vegna nefndin leggur til, að hlutafjelag megi stofna, ef stofnendur leggi aðeins fram alls 2000 kr., því fjelög, sem stofnuð eru með mjög lágum hlutum — t. d. 10 kr. hlutum — hafa stundum, eða jafnvel oft, reynst fjárglæfrafyrirtæki.

Af þessum ástæðum hefi jeg helst tilhneigingu til að greiða atkvæði með greininni eins og hún er í frv.

Björn Kristjánsson: Jeg ætlaði að tala um 4. gr., en felst nú á að hafa hana eins og hún er.

Þá vil jeg víkja að 4. brtt. nefndarinnar, sem er við 31. gr. frumvarpsins. Jeg er að vísu ánægður með hana, en kann illa

við, hvar hún er skeytt inn í. Mjer finst hún eiga að koma inn á eftir orðunum: „Afl atkvæða ræður á hlutafjelagsfundum, nema öðruvísi sje kveðið á í samþyktum", en á undan orðunum: „Samþykki allra" o. s. frv. —

Jeg mun svo greiða atkvæði með 4. gr. óbreyttri. En hinsvegar lít jeg svo á, að það eigi að gera mönnum sem ljettast fyrir að komast hjá persónuábyrgðinni og undir hlutafjelagsverndina.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Um brtt. við 4. gr. er það að segja, að nefndin leggur ekki mikla áherslu á það, hvort minsta tala stofnenda verður ákveðin 3 eða 5. Í dönsku hlutafjelagslögunum eru 3 stofnendur lágmarkið, en í sænsku lögunum 5. Yfirleitt virðast nú sænsku lögin fullkomnari. — Þá er um hluthæðina. Hvort sem 3 eru eða 5, þá er ekki brýn ástæða til, að allir leggi jafnt fram, heldur má ákveða lágmark hlutafjár, eins og nefndin leggur til að gert verði með brtt. 235,1. En vitanlega gæti komið til athugunar að taka til lágmark hlutar, og mun nefndin athuga það til 3. umr.

Ef þrír menn geta verið fjelag, þá stenst ekki vel ákvæðið um, að enginn megi fara með meira en einn fimta atkv. Með því væri þá girt fyrir, að atkvæði væru greidd fyrir meira en ⅗ hlutafjárins. Annars sje jeg enga ástæðu til að binda sig við töluna 3. Ef um holla hugmynd er að ræða, þá fer varla hjá því, að fá megi 5 menn í fjelag.

Háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) talaði um að 2. liður brtt. á þskj. 257, við 31. gr., mundi fara betur annarsstaðar en þar, sem bent er til. Þetta er alveg rjett athugað hjá háttv. þm. (B. K.). Nefndin ætlaðist einmitt til, að þessi orð kæmu inn í 2. málsgrein, á undan orðinu „Samþykki". Jeg vona, að hæstv. forseti geti borið það svo upp og skoðað hitt sem prentvillu.

Forseti (G. B.): Jeg hefi ekkert á móti að það sje leiðrjett þann veg.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg sje ekki, að neitt sje unnið við að láta töluna 3 standa í 4. grein, í stað þess að setja 5. Og líka verður að athuga það, að ef brtt. við 31. gr. yrði samþ., en 3 stæðu óbreyttir í 4. gr., þá mundi af því leiða, að fjelagi yrði að slíta þegar í stað aftur, ef það væri stofnað af þremur, nema því aðeins, að viðbót fengist. Um flutning brtt. við 31. gr. er það að segja, að nefndin ætlaðist til að hún kæmi inn þar sem frsm. sagði. En það varð að samkomulagi hjá mjer og skrifstofustjóra að setja hana á eftir greininni, þareð okkur fanst hún koma ólögulega við inni í miðri gr. Annars skiftir þetta ekki miklu máli.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Nefndin ætlaðist til, að brtt. kæmi þar inn, sem jeg gat um.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 257,1 samþ. með 9 : 1 atkv.
— 235,1 samþ. með 7 : 3 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
5.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
20.—23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 235,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 235,3.a.—d. samþ. án atkvgr.

26. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
27.—29. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 235,4 tekin aftur.
— 257,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

31. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 235,5 samþ. með 12 shlj. atkv.

33. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 245 samþ. án atkvgr.
— 235,6 samþ. án atkvgr.

38. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
39.—40. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 235,7 samþ. án atkvgr.

41. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
42.—44. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
45. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 235,8 samþ. án atkvgr.

46. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
47. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 235,9 samþ. án atkvgr.

48. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
49.—51. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 235,10 tekin aftur.

52.—61. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 261).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg þarf ekki að tala langt mál. Þegar mál þetta var til 2. umr. hjer í deildinni, bjóst jeg við að bera fram brtt. við 4. gr. frv. við þessa umr., þar sem ákveðið væri, að hver stofnandi hlutafjelags legði fram ákveðna lágmarksupphæð. Nefndin hefir nú tekið þetta atriði til athugunar og álítur það óþarft. Henni virðist ekki ástæða til að gera þessa kröfu til stofnenda hlutafjelaga. Þótt það væri gert að skilyrði, að hver hluthafi legði fram t. d. 100 kr. að minsta kosti, til þess að teljast hluthafi, þá væri ávalt hægt að fara í kring um það ákvæði, og það mundi ekki koma að haldi. Nefndin hefir því fallið frá brtt. um þetta. Jeg skal og taka það fram, að þótt nefndin telji rjettara að taka út úr þessu frv. gjaldaákvæðin og færa þau inn í aukatekjulögin, en þar á að safna öllum aukatekjum, þá hefir nefndin þó fallið frá þessu, af því hún veit, að fjárhagsnefnd mun leggja til, að engar breytingar verði gerðar á aukatekjulögunum.

Að öðru leyti er jeg þakklátur háttv. deild fyrir hvað vel hún hefir tekið þessu frumvarpi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 286).

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það þarf raunar enga framsögu. Frv. er samið að tilhlutun stjórnarinnar af einum prófessor við lagadeild Háskólans. Frumvarpið hefir nú gengið í gegn um háttv. Ed. og vona jeg, að það fái eins góðar viðtökur í þessari háttv. deild. Það var í háttv. allsherjarnefnd þar, og vona jeg því, að því verði vísað til háttv. allshn. hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 14 shlj. atkv.

Á 48., 52., 61., 62. og 65. fundi í Nd., dagana 20. og 26. apríl og 3., 4. og 9. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 286, n. 339, 358, 389).

Frsm. (Einar Þorgilsson): Hlutafjelög eru orðin afaralgeng í öllum menningarlöndum, svo sem kunnugt er, jafnvel svo algeng, að nú ráðast einstaklingar sjaldnast í fyrirtæki, sem mikils fjár þarf til eða mikil áhætta fylgir, nema með því móti að stofna hlutafjelag og láta það annast fyrirtækið. Ef eigi væri sú leið, að stofna hlutafjelög, mundi því oft eigi fást nægilegt fjármagn til stórfyrirtækja. Hlutafjelög geta því verið til mikils gagns, beinlínis til mestu þjóðþrifa. Því ber ekki að neita, að heimild sú, sem venjan og löggjöfin hefir helgað, til þess að stofna hlutafjelög og starfa með þeim, hefir oft verið notuð í öðru skyni en löglegt er. Það er því mjög mikilsvert, að svo sje um búið, að sem minst hætta sje á, að fjárglæfrar geti verið framdir í sambandi við þau. Það er einkum hlutverk hlutafjelagalöggjafar að vernda almenning að þessu leyti. En jafnframt ber að taka hitt til greina, að gera mönnum ekki óþarfa óþægindi eða leggja of miklar hindranir í veg fyrir stofnun hlutafjelaga og starfsemi. Hjer á landi hafa verið stofnuð tiltölulega mörg hlutafjelög á síðustu árum, og þeim fjölgar óðum. En löggjöf landsins er mjög fátæk af ákvæðum um hlutafjelög. Þau eru stofnuð og þau starfa að mestu eftir reglum, sem leiða má af almennum grundvallarreglum löggjafarinnar. Þörfin fyrir samfeld lög þess efnis er því auðsæ, enda fyrir löngu viðurkend. Árið 1914 var samþ. hjer í neðri deild hins háa Alþingis tillaga til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um hlutafjelög, og frá þeim tíma hefir þó alt viðskiftalíf vort orðið stærra og margbrotnara og hlutafjelögum stöðugt fjölgað. Það er því að óskum hins háa Alþingis, að hæstv. stjórn hefir hrundið þessu máli af stað, með því að hún hefir nú lagt fyrir þingið frv. það, sem hjer liggur fyrir til 2. umræðu í háttv þingdeild. Frumvarpið hefir gengið í gegn um háttv. Ed. og hafa verið gerðar þar við það nokkrar breytingar; flestar smávægilegar nema ein, um atkvæðisrjett hluthafa. — Allshn. hefir haft frv., eins og það nú er, með áorðnum breytingum, til athugunar á mörgum

fundum sínum, og þó hún viðurkenni það ofverk fyrir þingnefnd, með öðrum önnum, að rannsaka ítarlega jafnmikið mál eins og hjer er um að ræða, og að við því megi búast, að með reynslunni geti það komið í ljós, ef frv. verður að lögum, að einhver ákvæði vanti í það eða einhverjum ákvæðum sje ofaukið, þá hefir nefndin ekki sjeð ástæðu til að gera við það breytingar, sem til bóta gætu leitt, og leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt. Samanber þskj. 339.

Eftir að nefndin hafði afgreitt frv. þannig til háttv. þingdeildar, hafa komið fram brtt. við það frá háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.). Samanber þskj. 358. Nefndin hefir tekið þessar brtt. til athugunar með samanburði við frv. og ekki getað fallist á þær, nema 4. breytingu við 29. gr. frv., og þó með þeim takmörkunum, sem sjá má á þskj. 389. Jeg skal svo leyfa mjer að fara stuttlega yfir brtt. á þskj. 358. Þá er það fyrst breyting við 10. gr. frv., a-liður. Nefndin telur ákvæði frumvarpsins betra og að það veiti fjelaginu meiri tryggingu, að fjórði hluti hlutafjárins sje lagður fram við byrjun starfrækslunnar en aðeins einn tíundi hluti. B-liðinn álítur nefndin mjög lítils um vert atriði og síst neina verulega bót, svo að vert sje að hrekja frv. milli deilda fyrir þá breytingu.

Um b-lið 10. gr. vil jeg aðeins segja það, að nefndin getur ekki gert þann mun á því, hvort fjelag sje tilkynt til skrásetningar áður en það tekur til starfa, eða að það sje tilkynt ekki síðar en mánuði eftir að það er löglega stofnað, sem að sjálfsögðu er þá um eða áður en það tekur til starfa.

Um tvær næstu brtt. háttv. þm. (Ó. P.) þarf jeg ekki að fjölyrða; nefndin getur ekki heldur fallist á þær.

Jón Þorláksson: Háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), sem liggur sjúkur, á hjer brtt. á þskj. 358, og hefir beðið mig að gera grein fyrir þeim í forföllum sínum. Mjer er því ljúfara að verða við þessu, sem jeg að öllu leyti er honum sammála og tel allar þessar brtt. til bóta, þótt jeg leggi enga sjerstaka áherslu á 1. lið b. Því að það ákvæði er til annarsstaðar í frv.

Jeg get þá byrjað á því að þakka háttv. frsm. (E. Þ.) fyrir þá kurteisi, er hann hefir sýnt flm. brtt. með því að andmæla þeim, áður en búið væri að gera grein fyrir þeim. Þar næst vil jeg þó geta þess, að þetta frv. um hlutafjelög er talsvert umsvifamikið fyrir þá, er stofna vilja hlutafjelög. Og það, sem aðallega má að þessu frv. finna, er það, að frv. er sniðið svo mjög eftir útlendu fyrirkomulagi. Í raun og veru hefði átt betur við að setja hjer lög með færri ákvæðum, sniðnum eftir þeim góðu venjum, er myndast hafa hjer við stofnun hlutafjelaga. Og brtt. á þskj. 358 miða allar að því að færa frv. nær því, sem hjer hefir reynst góð venja í þessum efnum.

1. brtt. við 10. gr. er um það, að hlutafjelag megi taka til starfa þegar $^1/_{10}$ stofnfjár er greiddur. Hún er miðuð við það, að til er ein tegund fjelaga, sem venjulega byrjar að starfa án þess að meira en $^1/_{10}$ hlutafjár hafi verið innborgaður. Það eru tryggingarfjelög. Og í þessu tilfelli get jeg ekki litið svo á, að tryggilegra sje að hafa ákvæði frv., sem er ¼, því hætt er við því, að það ákvæði verði til þess, að þessi fjelög verði stofnuð með lægri hlutafjárupphæð en ella, að menn hafi nafnverð hlutanna lægra. Gerum ráð fyrir, að nauðsynlegt þætti að innborga 100 þús. kr., þá má hlutafjeð samkvæmt lögunum ekki vera meira en 400 þús. kr., en samkvæmt brtt. 1 miljón.

Hins vegar er svo um öll fjelög, að skylda er að tilkynna hve mikið sje innborgað,

svo að enginn á að geta vilst á því, þótt ekki sje alt innborgað, en styrkur fjelagsins er einmitt metinn eftir því innborgaða hlutafje. Þessi brtt. er því til bóta.

Um 1. brtt. b. ætla jeg ekki að fjölyrða, þar sem jeg álít efni hennar til annarsstaðar í frv.

Þá kemur 2. brtt. við 23. gr., um að fella burtu 5. tölulið, um að skylda sje að halda skrá yfir það, hver fari með atkvæðin á fjelagsfundum. Þetta er í nánu sambandi við það, að lagt er til, að ákvæðið um, að enginn megi fara með meira en fimta hluta atkv. í fjelaginu, falli burtu. Jeg læt því bíða að tala um þessa brtt. þangað til jeg kem að hinu.

3. brtt. við 24. gr. fer fram á það að koma frv. í betra samræmi við þá venju, sem innleiðst hefir hjer í þessu efni. Háttv. Ed. hafði bætt þessu ákvæði aftan við greinina:

> „Þó má stjórnin, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, bjóða út hlutafjárauka, að áskildu samþykki hluthafafundar".

Þetta ákvæði er mjög óskýrt og gagnstætt allri venju hjer. Það virðist verða að skilja það svo, að ef hluthafafundur eftir á samþykkir ekki hlutafjáraukningu, þá eigi að endurgreiða mönnum það, er þeir hafa borgað inn, eða að menn aðeins skrifi sig fyrir hlutum, og borgi svo eftir að samþykki hluthafafundar til hlutafjáraukningar hefir komið til. Það má heita föst venja hjer, að fjelagslög ákveði hve mikið hlutafje skuli vera í minsta lagi, og svo er stjórninni gefin heimild til að auka hlutafjeð að vissu marki, en til auknings þar fram yfir þarf þó samþykki aðalfundar. En eins og 24. gr. er nú, þá orkar það tvímælis, hvort þessi heimild er fyrir hendi. Brtt. fer hins vegar fram á að gera þetta ótvírætt, og mjer virðist óskiljanlegt, hvernig háttv. nefnd hefir getað haft á móti því, að stjórninni sje í fjelagslögum veitt heimild til að gera það, sem hluthafafundur með einföldum meiri hluta atkvæða getur heimilað henni. Það er síður en svo, að brtt. gefi stjórninni meira vald, heldur er það þvert á móti þannig, að sá málsliður greinarinnar, sem á að falla burtu, gefur henni meira vald en það, sem í staðinn á að koma. En það virtist háttv. framsögumaður helst hafa á móti þessari brtt., að hún yki vald fjelagsstjórnar.

Þá er 4. brtt. við 29. gr. Hún er fram komin vegna þess, að reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegt er að hafa ákvæði um það, að hlutafjelögin geti sjálf ógilt þau brjef, er glatast hafa. Það er svo mikið umstang og kostnaður við það að fá ógildingardóm á hlutabrjefi, sjerstaklega fyrir menn, sem búsettir eru langt frá þeim dómara, sem á að taka málið fyrir, að það svarar alls ekki kostnaði að láta slíkan dóm fram fara, nema um stóra hlutarupphæð sje að ræða, og því er nauðsynlegt að hafa í lögum fjelagsins heimild fyrir fjelagsstjórnina til að annast slíka ógildingu sjálf. Mjer er kunnugt um það, að í einu fjelagi hjer, Eimskipafjelaginu, hafa hlotist vandræði af því, að svona ákvæði var ekki til í fjelagslögunum.

Jeg sje heldur ekki, að varhugavert sje að láta þetta ná til allra hlutabrjefa. Ef hlutabrjef hljóðar upp á nafn, þá getur alls engin rekistefna orðið. Ef brjefið finst seinna, þá eru aðeins til tvö brjef með sama númeri, en þá koma einnig fram 2 arðmiðar með sama númeri, og þegar þeirra verður vart, er hægt að fá þetta lagfært. Sje brjefið handhafahlutabrjef, þá geta að vísu viðskiftin tekið til fleiri manna, en gefi fjelagsstjórnin út nýtt brjef, en hitt er ekki glatað, þá ber fjelagið ábyrgð þeirra gerða. Fjelagsstjórnin getur búist við, að ef hún getur ekki náð aftur hlutabrjefi, er hún hefir gefið ranglega út, þá verði hún að bera fjárhagslegar afleiðingar af

því, og það mun reynast nægileg viðvörun fyrir hana til að nota þessa heimild með allri varkárni.

Þá kem jeg að 5. brtt., sem bæði háttv. frsm. (E. Þ.) og mjer finst mest um, að fella burtu ákvæðið um, að enginn hluthafi megi eiga eða fara með meira en fimta hluta saman lagðra atkvæða í fjelaginu. Það er sagt, að fordæmi hafi fundist fyrir þessu ákvæði í sænskum lögum um hlutafjelög, en það er í ósamræmi við okkar venjur, svo og venjur þeirra landa, er vjer höfum mest viðskifti við, sem sje Danmörk og Noreg. Þar er slíkt ákvæði ekki til. Og það er föst venja um þau brjef, er ganga kaupum og sölum á kauphöllum, að jafn rjettur til áhrifa í fjelaginu fylgi öllum brjefunum. Þessi takmörkun atkvæðisrjettar gæti komið til mála, ef hún væri í samræmi við tilgang þessarar lagasetningar, en hann er í fyrsta lagi sá, að stuðla að myndun þessa fjelagsskapar, og í öðru lagi sá, að tryggja hagsmuni þeirra utanfjelagsmanna, er þurfa að skifta við þessi fjelög, svo að þetta fjelagsfyrirkomulag verði ekki notað til þess að draga aðra menn á tálar í viðskiftum. Hlutafjelagafyrirkomulagið hefir náð útbreiðslu vegna þess, að á þann hátt er unt að koma á fót ýmsum fyrirtækjum, sem enginn einstaklingur vill eða treystist að koma á fót. Hins vegar hefir þetta hlutafjelagafyrirkomulag ekki náð sínum viðgangi fyrir það, að hentara hefir þótt, að margir ráði fyrir einu fyrirtæki en fáir. En þetta ákvæði getur naumast rjettlæst af neinu öðru, nema ef svo er litið á, að ver fari ef fáir ráða heldur en ef margir ráða. Nú er það hinsvegar svo, að ákvæðið getur ekki fyrirbygt það, að ráð öll lendi í höndum eins manns eða fárra manna. Eimskipafjelagið hefir t. d. 12500 kr. hámark á þeirri fjárhæð, sem einstakur maður getur greitt atkvæði fyrir á fundum, en jeg veit af eigin reynslu, sem ritari fjelagsins, að þetta ákvæði er að öllu leyti þýðingarlaust í því efni að takmarka atkvæðafjölda einstakra manna. Það er altaf hægt að fá 1—2 eða 3 kunningja sína með, ef einhver ræður yfir meiru en sem svarar leyfilegri atkvæðatölu. Þetta hefir verið gert hjer, og það hefir verið ómögulegt að hindra það. Eins mundi verða um þetta ákvæði. Þetta ákvæði kemur líka ankanalega við annað ákvæði í lögunum, um að ekki megi vera færri en 5 hluthafar. Ef hluthafar eru ekki nema 5, þá verða þeir að eiga allir jafnmikið í fjelaginu. Það er tilgangslaust að ætla sjer að binda hendur manna svo. Eina afleiðingin verður sú, að menn verða tregari til að kaupa hluti, og löghlýðnir menn verða ófáanlegir til að kaupa hluti fyrir fjárupphæð, sem er hærri en takmark það, sem atkvæðafjöldinn er bundinn við. Þá bakar þetta ákvæði erfiðleika í hlutafjelögum, sem hafa marga hluthafa, og þar kem jeg að 2. brtt., sem sje, að 5. tölul. 23. gr. falli burt. Það er afskaplega mikil bókfærsla, sem fylgir því, að þurfa að halda skrá yfir það, hvaða hluthafar gefi sig fram og hverjir fara með umboð til þess að greiða atkv. á fundum fjölmennra hlutafjelaga. Nægir þar að benda á Eimskipafjelagið. Þar þótti ástæða til að tryggja það, að hlutir kæmust ekki mjög á hendur einstakra manna og ekki í hendur útlendinga, og þess vegna voru þvílík ákvæði sett þar í fjelagslögin. En það er alt annað að hafa þá aðferð í einstökum tilfellum en að skylda öll hlutafjelög til slíks með landslögum. Þessu verður að breyta, ef tillagan um að fella burtu takmörkun atkvæðarjettarins verður samþykt. En ef ákvæði frv. þar um standa óbreytt, þá verður að halda slíka skrá, svo að enginn fái atkvæðaseðla fyrir meira en $^1/_5$ hlutafjárins.

Um seinustu brtt. skal jeg vera stuttorð-

ur. Hún er sjálfsögð, þótt háttv. frsm. (E. Þ). sæi sjer ekki fært að líta hana þeim augum. Það er engin ástæða til þess að meina fjelagi að leggja í sjóð á góðum árum, til þess að geta greitt hluthöfum arð í vondum árum. Slíka viðleitni á miklu fremur að styðja með löggjöfinni. Ef ákvæðum löggjafarinnar er þannig háttað, að þau hvetja fjelögin til að borga sem mest út á góðu árunum, en leggja sem minst í sjóði, þá kæmi þetta ekki einungis niður á hlutafjelaginu sem slíku, heldur kæmi það líka hart niður á hluthöfunum. Er full ástæða fyrir löggjöfina að hlynna að því, að sjóðirnir verði innleiddir sem víðast. Eigi sje jeg neina ástæðu til þess að setja takmarkanir um, hvaða arð hlutafjelagið megi greiða þessi ár, fremur en yfirleitt, og síst er ástæða til að einskorða það við bankavexti. Arðurinn, sem útborgaður er, verður ýmist hærri eða lægri, eftir því, hvernig hag fjelagsins er varið hverju sinni.

Umræðu frestað.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 286, n. 339, 358, 389).

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Eins og háttv. þm. er kunnugt og tekið er fram í greinargerðinni fyrir stjórnarfrv., þá er þetta frv. samið af tveim prófessorum við háskólann fyrir hönd stjórnarinnar og samkvæmt áskorun Alþingis 1914.

Það hefir verið samið með hliðsjón af samskonar lögum á Norðurlöndum og lagað eftir því, sem við átti hjer.

Eins og við má búast er jeg leikmaður á þessu sviði, og hefi því ekki sjerlega mikið vit á þessu máli. Jeg hefi heldur ekki neina reynslu um starfsemi slíkra fjelaga, því að jeg hefi ekki verið riðinn við stjórn hlutafjelaga eða náin viðskifti við þau, og get því ekki dæmt um sumt það, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók fram.

En út af ummælum háttv. sama þm. (J. Þ.) um frv. um samvinnufjelög á dögunum, að í því væri ekki gerður nægilegur greinarmunur á samvinnufjelögum og öðrum fjelögum, vil jeg við þetta tækifæri benda á, að þetta frv. bætir mikið úr skák, hafi nokkuð verið vafasamt um slíkt í hinu. Jeg á þar einkum við ákvæðin í 1. gr., þar sem skilgreiningin á hlutafjelögum er sett fram, það er að segja hlutafjelögum með takmarkaðri ábyrgð, sem þessi lög eru sett fyrir.

Í 1. málsgr. 1. gr. segir svo: .... „enda ábyrgist enginn þeirra skuldir fjelagsins persónulega, heldur allir saman einungis með eignum þess".

Það er að vísu svo í frv. um samvinnufjelög, sem ganga undir heitinu hlutafjelög, að það er ekki altaf sameiginleg ábyrgð í þessum skilningi, og að þau hafa ekki ætíð sjálfskuldarábyrgð út í æsar. T. d. mætti telja Sláturfjelag Suðurlands fjelag með takmarkaðri ábyrgð. En það er ætíð í reyndinni nokkur persónuleg ábyrgð, þó að það skipulag sje ekki fastbundið enn í þeim, nema í öllum kaupfjelögum, að kalla má.

2. málsgr. í 1. gr. hljóðar svo, og vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp:

> „Þó taka lög þessi eigi til fjelaga með takmarkaðri ábyrgð, sem starfa í þeim tilgangi að útvega fjelögum sínum hluti til notkunar eða koma afurðum þeirra í verð, eða bæta með öðrum hætti hag þeirra, enda sje starfsemi fjelagsins takmörkuð við fjelaga eina og arði skift með þeim eftir hlutdeild þeirra í veltu fjelagsins einvörðungu".

Þessi grein skýrir enn betur muninn á samvinnufjelögum rjett nefndum og öðrum fjelögum. Nú munu samt vera til fjelög, eða gætu komið upp, sem eru alveg

á takmörkunum milli hlutafjelaga með takmarkaðri ábyrgð og samvinnufjelaga. En það verður ekki hægt í byrjun að girða fyrir allan vafa, en það kemur þá til dómstólanna að skýra lögin, og treysti jeg þeim vel til þess. Það er svo víðast, að dómstólarnir eiga ekki lítinn þátt í löggjöfinni, með skýringum sínum og dómum. Vona jeg, að þetta lagist og skýrist til hins betra, með aðstoð dómstólanna. — Þetta var nú aðeins útúrdúr.

Viðvíkjandi þeim brtt., sem fyrir liggja, er ekki mikið að segja. Það eru þá helst brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) á þskj. 358. Mjer sýnist þær ekki muni hafa mikla verkun, nema 2. liðurinn við 10. gr. um, að það skuli ekki heimta meira en $^1/_{10}$ innborgað af hlutafje, þegar fjelögin taka til starfa. Mjer þykir tillagan fara fulllangt, þó jeg líti svo á, að það kunni að vera heldur freklega farið eftir ákvæði frumvarpsins. Jeg hygg, að það hafi borið við, að fjelög hjer á landi hafi tekið til starfa of fljótt, eða áður en nægilegt af hinu ákveðna hlutafje var innborgað.

Þá er stærsta brtt. við 31. gr., um það, að fella niður ákvæðið um takmörkun á atkvæðisrjettinum. Jeg játa það, að þessi takmörkun getur komið sjer illa í sumum fjelögum, en þó nauðsynleg í öðrum, og það jafnvel meiri en þetta. En mjer sýnist fulllangt farið, að kippa þessu ákvæði alveg burt.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók þetta fram, það sem athugavert er við ákvæðið, en við erum þó ekki á sama máli, því að jeg álít það varhugavert í hlutafjelögum, að atkvæðamagnið geti safnast á eina hönd, jafnvel meira en að helmingi. Þetta atriði er samt ekki í stjórnarfrv., en jeg vildi þó láta þá skoðun mína í ljós, að varhugavert væri að sleppa því til fulls.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók að sjer svör fyrir brtt. á þskj. 358 og gera grein fyrir þeim, og gerði það, sem vænta mátti, skýrt og röggsamlega. En það kom ekki fram hjá honum neitt, sem allsherjarnefnd ekki hafði gert sjer grein fyrir, og því ekki ástæða fyrir nefndina að taka aðra afstöðu til málsins en hún hafði gert við athugun þess. Jeg sje því ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta, en vil geta þess, að það er nokkur misskilningur milli mín og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) á brtt., sjerstaklega 2. lið, og ætla jeg því að fara um hann örfáum orðum, þótt jeg talaði um þær allar í framsöguræðu minni. Háttv. þm. (J. Þ.) sagði um brtt. við 10. gr., að það væri venja að greiða ekki meira inn af hlutafje en einn tíunda hluta áður en þau tækju til starfa, og nefndi í því sambandi byggingarfjelög. Frá mínu sjónarmiði eru þau alveg sjerstök, vegna þess, að þau þurfa minna rekstrarfje, þar sem þau þurfa ekkert til atvinnurekstrar.

Jeg skal þá benda á það, að það eina sjótryggingarfjelag, sem jeg þekki, hefir $^1/_4$ innborgaðan af hlutafjenu, en $^3/_4$ í svo góðum tryggingum með 1. og 2. veðrjetti eða handveð, og þau veð eru óhreyfanleg til annars þangað til alt fjeð er innborgað.

Hann gat þess, háttv. þm. (J. Þ.), að það væri þægilegra fyrir hluthafa að greiða einn tíunda hluta af því, sem þeir hafa lofað, og með því gætu fleiri orðið hluthafar eða fleiri fjelög stofnuð. Þetta er að vísu satt, en það yrði þá ekki eftir anda laga þessara, enda yrðu fjelögin ótryggari, ef minna er innborgað, væru óstarfhæfari, seinni að vinna sjer álit og ekki eins traust út á við. Þess vegna hefir nefndin álitið, að ákvæði frv. sje heppilegra, þar sem ómissandi er að hafa fjelögin vel trygð.

Um b-lið erum við sammála, og hefi jeg tekið það fram á öðrum stað. Þá er 2. brtt. við 23. gr., um að 5. töluliður falli burtu.

Háttv. þm. (J. Þ.) gat þess, að það væri ómak að vera að innrita brjefin og kostaði fje. En það er, að áliti nefndarinnar, nauðsynlegt að vita, hver fer með atkvæðin á fundum og hvar brjefin eru niður komin.

Þá er brtt. við 24. gr., að stjórnin byði út hlutaauka. Þetta er ekki þýðingarmikið atriði, þar sem hægt er fyrir stjórnina að bjóða út brjef, ef hluthafafundur hefir samþykt það, en að öðrum kosti á það ekki að vera hægt, og virðist brtt. því óþörf.

Þá er 5. brtt. við 31. gr. Þar er mestur ágreiningur milli háttv. nefndar og hv. tillögumanns.

Nefndin lítur svo á, og einnig háttv. Ed., að þetta ákvæði sje nauðsynlegt. Það er tekið úr sænskum lögum, þar sem þetta ákvæði hefir gilt í 10—12 ár. Það virðist því ekki ástæða til að breyta því. Þegar þetta ákvæði hefir verið sett í lög, hefir verið litið svo á, að tryggara væri að kaupa hluti og eiga þá með því að ákvæðið væri en án þess, og það virðist hafa verið rjett athugað, með því að enn er það óbreytt í sænskum hlutafjelagslögum, og þaðan er það tekið upp í frumvarp þetta, sem hjer er til umræðu.

Háttvirtur þm. (J. Þ.) sagði það ekki einhlítt, það mætti fara í kringum það, Engin lög, eða fá, eru svo, að ekki megi að einhverju leyti fara í kringum einstök ákvæði þeirra, og svo er um þetta. En ekki er vert að gefa ástæðu til þess með lögum, að ofríki sje hægt að beita samfjelaga.

Jeg get ekki verið að nefna dæmi. Eitt má þó minnast á. Það er hlutafje ríkisins í Eimskipafjelagi Íslands. Þar mun ríkið ekki hafa atkvæðamagn í hlutfalli við hlutafje sitt. Jeg legg því áherslu á, að þessi brtt. verði ekki samþykt.

6. brtt. við 33. gr. er svo smávægileg, að naumast er vert að taka hana til greina; hún er aðeins orðabreyting, sem engum ágreiningi eða misskilningi getur valdið. Flest hlutafjelög munu safna sjer sjóði eða sjóðum, til þess að geta staðist betur, ef tap verður á rekstrinum einstök ár. Ef þeir eru öflugir, má einnig veita hluthöfum vexti af hlutum sínum, eins og segir í frumvarpinu, sem svarar bankavöxtum, þótt tap verði á rekstri fjelagsins. Hvort þetta er kallaður „arður" eða „bankavextir", sýnist ekki skifta miklu máli, en átt er við það með ákvæðinu, að útbýtingin sje þá ekki hærri en sem svarar bankavöxtum.

Hæstv. atvrh. (P. J.) fór nokkrum orðum um frv. og mintist á 1. brtt. við 10. gr. Áleit hana ekki til bóta. Einnig benti hann á, að 3. brtt. við 31. gr. væri ekki til bóta, því að varhugavert væri að hafa ekki neina takmörkun á atkvæðisrjettinum. Jeg finn því enga ástæðu til að orðlengja þetta mál út af ræðu hans.

Gunnar Sigurðsson: Jeg verð að segja, að mjer ofbauð frv., eins og það kom frá stjórninni. Það hefir lengi verið venja hjer á landi, að útlend, sjerstaklega dönsk, lög hafa verið þýdd sama sem óbreytt og gerð að lögum fyrir Íslendinga til eftirbreytni. Þetta hefir oft verið gert, án þess að þess væri gætt, hvort lögin ættu við íslenska staðháttu og önnur íslensk lög eða ekki. Nú mun að vísu hafa verið fenginn íslenskur lögfræðingur til þess að undirbúa frumvarpið, en ekki veit jeg til, að frumvarpið hafi verið borið undir þá menn, sem helst eiga við þau að búa. Undirbúningur hefir víst verið lítill og stjórnin farið eftir venju, og lagt útlend lög til grundvallar íslensku lögunum. Sennilega hefir lögfræðingur verið fenginn til að þýða útlend lög, en lögin hafa ekki átt við staðhætti hjer.

Það er alveg rjett, sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) benti á, að í öðrum lönd-

um munu fjelagsmenn oftast vera í sama bæ, en hjer eru þeir dreifðir út um alt land. Má þar til nefna bátaútgerð. Það getur því verið mjög óþægilegt að kalla saman fundi, eins og ákvæði þessa frv. eru um það atriði.

Jeg álít það nauðsynlegt, að sú stefna sje tekin upp að haga lögum sem best eftir staðháttum landsins, og vanda yfir höfuð betur til löggjafarinnar en hingað til hefir tíðkast. Það er margt í þessu frv., sem þarf að athugast betur. Það eru því vinsamleg tilmæli mín til háttv. stjórnar, að hún láti þetta frv. bíða. Viðskifti eru í því strandi nú, að ekki er líklegt að mikið verði stofnað af hlutafjelögum í náinni framtíð, og lögin því ekki bráðnauðsynleg.

Hæstv. atvrh. (P. J.) tók fram, að hann hefði ekki fyllilega vit á þessu máli. Jeg get vel skilið það, þótt hann að vísu hafi fengist talsvert við aðra skylda tegund fjelaga, samvinnufjelög. Hann tók enn fremur fram, að frv. gæti lagast í höndum dómstólanna. Þá skoðun hans skil jeg ekki; dómstólarnir eiga að dæma eftir lögunum, en ekki breyta þeim. Þess vegna er áríðandi að þau sjeu skýr og greinileg. Því eins og hæstv. atvrh. (P. J.) mun vita, er löggjafarvaldið hjá Alþingi og konungi, en dómsvaldið hjá dómendum. Slíkri stefnu get jeg alls ekki verið samþykkur. Lögin eiga að vera skýr, og það er alls ekki hlutverk dómstólanna að lagfæra þau.

Það liggur nóg af frv. fyrir þessu þingi, þó þetta dragist. Menn geta þá athugað það betur og reynt að koma því í samræmi við **íslenska staðhætti**.

Annars ætla jeg ekki að fara út í einst. brtt.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) komst svo að orði um undirbúning þessa frv., að stjórnin hefði fengið færan mann til að þýða lögin úr dönsku. Þetta er fjarri sanni, samkvæmt því, sem jeg hefi gert grein fyrir um undirbúninginn. Og það er þess utan óviðeigandi, þegar stjórnin fær góðan og nafnkunnan lögfræðing til lagasmíða, þá sje það sama sem einhver og einhver.

Jeg hefi ekki kynt mjer sænsku lögin frá 1917 sjálf, en hefi þó lesið ritling eftir danskan lögfræðing um þau. Og jeg þori að fullyrða, að eftir lýsingunni á þeim í þeirri bók, er þetta frv. mun skýrara í ýmsum atriðum og ákveðnara. Þessi höfundur telur dönsku lögin býsna óákveðin og óskýr, en telur þó, að dómstólarnir muni geta skýrt þau í heppilega átt, svo að þau **nýtist sæmilega**.

Háttv. þm. (Gunn. S.) gat þess, að sams konar lög á Norðurlöndum líktust mjög hver öðrum. Þó væru þau nokkuð frábrigðileg, því að það yrði að haga þeim nokkuð eftir staðháttum. Þetta hefir verið gert hjer af prófessor Einari Arnórssyni. En hvort honum hefir tekist það fyllilega, þori jeg ekki að dæma um. Jeg hefi ekki athugað málið svo vel. En það er ekki hægt að ásaka stjórnina fyrir að ekki hafi verið reynt að vanda til undirbúningsins.

Hvað því viðvíkur, að stjórnin taki frv. aftur, þá geng jeg ekki inn á það, því þetta er búið að bíða síðan 1914. Nú hvílir svo margt á stjórninni, að ekki er hægt að ásaka hana fyrir það, þó hún vilji hrinda af sjer einhverju. Og sumt af þessum frv. búið að bíða síðan 1915 og 1916.

Ef háttv. deild vísar þessu til stjórnarinnar aftur, er það engin móðgun fyrir hana eða mig. Þingið er sjálfrátt um það. Stjórnin hefir að þessu sinni komið með þetta frv. einungis fyrir áskorun þingsins. Annars hygg jeg, að rjettast sje að láta frv. hlaupa af stokkunum nú sem lög, og láta reynsluna um það benda á nauðsynlegar **breytingar**.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hafði margt misjafnt að þessu frv. að finna. Jeg verð nú samt að álíta, að frv. þetta sje að öllu sómasamlegt.

Jeg átti ekki von á því frá lögfræðingi, að hann fyndi ástæðu til að hafa lög hlutafjelaga öðruvísi hjer en annarsstaðar. Hann viðurkendi þó, að lögin væru samræmileg annarsstaðar á Norðurlöndum. Það kann að vera svo með einstöku atriði, en að staðhættir sjeu hjer svo gagnólíkir, að alt önnur lög þurfi, það held jeg sje ekki rjett hjá háttv. þm. (Gunn. S.).

Að fjelagar hlutafjelaga sjeu dreifðari hjer en annarsstaðar, er hin mesta fjarstæða. Jeg veit ekki annað en að það eigi sjer oft stað, að fjelagar hlutafjelaga sjeu út um öll lönd.

Annars yrði langt að bíða eftir nýmælum, sem vissa væri fyrir, að ekkert þyrfti að breyta, er til framkvæmda kemur. Jeg álít því hið mesta óráð að samþykkja ekki þetta frv. Það er rjett hjá atvrh. (P. J.), að stjórnin leggur ekki neina sjerstaka áherslu á þetta. Það er áreiðanlegt, að hlutafjelög verða á mun tryggari grundvelli eftir þessi lög.

Jón Þorláksson: Mjer þykir það vanta á undirbúning þessa frv., að ekki hefir verið leitað umsagnar þeirra, sem öðrum fremur eiga við þau að búa og reka starfsemi sem hluthafar í hlutafjelaginu. Þó lagakennari við háskólann hafi fjallað um það, er þess ekki að vænta, að hann hafi næga þekkingu á þeim venjum, sem hjer hafa verið upp teknar og hafa gefist vel.

Jeg vil svo snúa mjer að einstökum ummælum, og þá fyrst leiðrjetta það, að jeg hafi sagt, að það væri orðin lögvenja að borga ekki inn í hlutafjelög nema einn tíunda hluta. Hitt sagði jeg, að erlendis væri þetta svo um ýms hlutafjelög, af því að þau þurfa ekki meira fje handbært, einkum tryggingarfjelög. Svipað á sjer stað um sparisjóði, sem stofnaðir eru og reknir sem hlutafjelög. Og þess vegna er krafan um fjórðungsinnborgun, hvernig sem á stendur, of ströng.

Þá vil jeg minnast á ákvæði 2. gr., um skrásetning atkvæðaeigenda. Háttv. frsm. (E. Þ.) hjelt því fram, að þetta væri nauðsynlegt. En það hefir enga þýðingu. Það getur komið fyrir, og kemur fyrir, þar sem kauphallir eru, að hlutir hafi eigendaskifti oft á dag, og þar sem um handhafabrjef er að ræða, er yfir höfuð alveg þýðingarlaust að vita, hvað sá maður heitir, sem fer með atkvæðið á fundi, nema kannske fyrir fjelagsstjórnir, sem vilja koma fram einhverju ákveðnu máli.

Annars vildi jeg einkum beina máli mínu að ákvæðunum um atkvæðisrjettinn. Því hefir verið haldið fram, að þörf væri að halda ákvæðinu um fimtungstakmörkunina, til þess að einstakir hluthafar gætu ekki beitt aðra hluthafa órjetti, en það á ekki að vera vegna viðskifta fjelagsins út á við. En engum, sem á annað borð hefði slíkt í huga, yrði skotaskuld úr því að fara í kringum þetta atriði, t. d. með því að láta heimilismenn sína eða börn eða kunningja fara með atkvæðin. Jeg vil í þessu sambandi benda á það, að fyrir þessu þingi hafa legið 2 frv. um hluttöku ríkisins í hlutafjelögum. Og þar hefir þótt ástæða til þess að taka það fram, að ekki mætti skerða atkvæðisrjett ríkisins. En ef þessi skerðing er óeðlileg eða ósanngjörn, þegar ríkið á í hlut, ætti hún líka að vera það, þegar um heiðarlega einstaklinga er að ræða. Jeg gæti nefnt dæmi upp á hlutafjelög, sem hafa gert landinu stórkostlegt gagn, þar sem einstakir hluthafar hafa átt meira en einn fimta atkvæða. Eftir síðustu fjárkreppuna, 1908, var þilskipaútvegurinn í kaldakolum og tilraunir til botnvörpuveiða höfðu mistekist. Þá tóku 6 menn sig saman um það að láta smíða betra botnvörpu-

skip en áður tíðkaðist, og stofnuðu hlutafjelag, og voru í því 5 skipstjórar og 1 framkvæmdamaður annar. Skipstjórarnir tóku 1 hlut hver, en hinn 2. Skipið — Jón forseti — varð seinna fyrirmynd annara skipa um langan tíma, þótt nú hafi enn verið stigið nýtt spor áfram, fyrir forgöngu sama manns. En eftir því, sem nú er verið að reyna að færa í lög, hefði það dæmst ólögmætt, að þessi eini framkvæmdamaður hefði tekið á sig þarna meiri áhættu en hinir, og tekið 2 hluti á móti hinna eina. Fleiri slík dæmi gæti jeg talið.

Að lokum vil jeg svo beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvað gera eigi við hlutafjelög þau, sem þegar eru til og ekki eru í samræmi við þetta ákvæði, ef frv. verður samþykt svona. Jeg hefi engin ákvæði fundið um það í frv. Þess vegna spyr jeg, og af því, að þessi fjelög eru mýmörg, sem svona er ástatt um.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg skal ekki lengja umræðurnar, aðeins segja örfá orð út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um Jón forseta. Jeg var einn af þeim mönnum, sem keyptu fyrsta botnvörpunginn, hingað til lands, og það var hlutafjelag, sem gerði það. Einmitt í þess hlutafjelags lögum var þetta ákvæði um fimta hluta atkvæðisrjettinn. Næst á eftir, eða ári síðar, var Jón forseti bygður og keyptur. Hvort eigendur hans mynduðu um hann hlutafjelag, eða ágreiningur reis meðal þeirra um atkvæðisrjett hvers eiganda, get jeg ekki sagt, en ekki leið á löngu þar til eigendaskifti urðu á nokkrum hluta eignarinnar.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta mál, en læt ráðast, hvernig háttv. deild greiðir atkv.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg býst ekki við því, að stjórnin geti nú svarað fyrirspurn háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) fullkomlega, og verði það því að bíða til 3. umr. En í fljótu bragði virðist svo sem beinast liggi við, að lögin verki ekki aftur fyrir sig, frekar en önnur lög.

Gunnar Sigurðsson: Mjer skildist svo, sem hæstv. atvrh. (P. J.) hefði ekkert sjerstakt á móti því, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar, ef svo vildi verkast. En hins vegar taldi hæstv. forsrh. (J. M.) það óþarfa. Hann gekk þó inn á það, að lagaframleiðslan og frumvarpaframleiðslan væri óþarflega mikil, að minsta kosti að því er við kemur þingmannafrumvörpunum, en jeg vil nú taka stjórnarfrumvörpin með, í ár að minsta kosti. Og þegar frumvörpin koma þar að auki illa undirbúin, er ver farið en heima setið.

Jakob Möller: Jeg vildi spyrjast fyrir um það, eða vekja athygli á því, hvernig skilja beri ákvæðið um fimtunginn. Er það svo, að enginn megi eiga meira en einn fimta, eða ekki fara með meira en einn fimta. Ef það fyrra er tilfellið, er það athugavert og hömlur á menn, en ef það síðara er, þá er það þýðingarlaust. Það skiftir löggjöfina ekki miklu, en má takmarka slíkt í lögum einstakra fjelaga. En rjettast virðist, að þeir ráði mestu í fjelögunum, sem mest eiga undir því, að þau fari vel.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 358,1.a. feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. Þ., M. P., P. Þ., B. Sv.

nei: B. H., E. Þ., J. A. J., J. B., J. S., M. G., M. J., M. K., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J.
Einn þm. (Þorst. J.) fjarstaddur.

Brtt. 358,1.b. tekin aftur.

10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
11.—22. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 358,2 samþ. með 14 : 8 atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 358,3 samþ. með 14 : 8 atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 389 feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. B., J. S., M. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., B. H., E. Þ.
nei: J. Þ., M. G., M. K., M. P., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., B. Sv.

Brtt. 358,4 feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., J. Þ., M. G., M. K., M. P., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., H. K., Jak. M., B. Sv.
nei: J. A. J., J. S., M. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S.

29. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 358,5 feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., Jak. M., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. J., B. Sv.
nei: E. E., Gunn. S., J. A. J., J. B., J. S., M. K., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. H., E. Þ.

31.—32. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 358,6 samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. S., J. Þ., M. G., M. P., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., B. Sv.
nei: J. A. J., J. B., M. J., M. K., P. O., S. St. St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. H., E. Þ.

33. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
34.—61. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 581, 582, 589).

Jón Þorláksson: Jeg á hjer 2 brtt., sem mjer þykir ekki þörf að orðlengja um, því að efni þeirra var rætt hjer við 2. umr.

Jeg vona, að hæstv. forseti lofi fyrri brtt. að koma til atkvæða, þó að hún sje lík till., sem feld var hjer við 2. umr., er enda orðalagið talsvert annað, því að eftir

brtt. minni þarf fjelagsstjórninni að vera vitanlegt, að skírteinið eða hlutabrjefið hafi eyðilagst.

Hin brtt. er miðlunartillaga, sem fer fram á það, að hverju hlutafjelagi sje heimilt, ef því þykir ástæða til, að takmarka í samþyktum sínum, hvað menn megi fara með mikinn hluta samanlagðra atkvæða.

Brtt. háttv. þm. Str. (M. P.) fer nokkuð lengra en mín till., og er því til bóta.

Magnús Pjetursson: Jeg þykist ekki þurfa að mæla fram með till. minni, því að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir fært gild rök að sinni till., sem lýtur að sama efni. En þótt tillaga hans ráði mikla bót á þessu atriði, þá virðist mjer samt of skamt farið, og því gengur mín till. út á, að ekki sje farið lengra niður en í ⅓ hluta. Er því betra, sem hverjum hluthafa er gefinn rjettur til að fara með sem flest atkvæði.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg þarf ekki að hafa langa ræðu fyrir hönd allsherjarnefndar, heldur get skírskotað til ummæla minna við 2. umr.

Um 1. brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) er það að segja, að hún er í samræmi við álit allshn. og till. hennar við 2. umr. Get jeg því lýst því yfir, að nefndin er henni samþykk.

Aftur á móti er 2. brtt. þessa háttvirts þm. (J. Þ.) á sama þskj. þess eðlis, að nefndin getur ekki fallist á hana. Rýrir hún og gerir að engu ákvæði 31. gr. frv., sem nefndin lagði og leggur mikla áherslu á, að enginn hluthafi geti haft svo mikið atkvæðamagn, að hann geti með því svift aðra hluthafa fjelagsins persónulegum rjetti sínum. Sýnist mjer, að ætti þá betur við að snúa orðunum alveg við, svo að stæði: í samþyktum má leyfa hluthafa að fara með meira en einn fimta hluta atkvæða. Setjum nú svo, að hlutafjelag eitthvert væri þannig saman sett, að einn maður ætti þrjá fjórðu eða fjóra fimtu hluta hlutafjárins. Hvenær mundi þá vera hægt að koma því í samþyktir fjelagsins, að hann t. d. færi aðeins með einn fimta hluta atkvæða. — Aldrei. Till. ríður alveg í bága við álit allshn. og ákvæði frv.

Því síður getur nefndin fallist á brtt. hv. þm. Str. (M. P.) á þskj. 589, þar sem segir, að í samþyktum megi ákveða, að enginn megi fara með meira en einn þriðja hluta atkvæða í fjelagi. Er hún svo óeðlileg, að naumast getur komið til mála, að hún verði nokkru hlutafjelagi til bóta.

Jón Þorláksson: Mjer fanst hv. frsm. (E. Þ.) misskilja orðið „samþykt“. Samkvæmt málvenjunni í því frv., sem hjer ræðir um, þýðir orðið „samþykt“ fjelagslög hinna einstöku fjelaga, sem þau ákveða sjálf um hvernig vera skuli. Annars kom hv. frsm. (E. Þ.) sjálfur með ágætt dæmi um það, hvað frv. er ósanngjarnt. Hluthafi, sem á ⅘ hluta í fjelaginu, má ekki fara nema með $^1/_5$ hluta atkvæða, en hinir sem eiga aðeins $^1/_5$ í hlutafjenu, hafa ⅘ hluta umráðarjettarins. Er auðsætt, hversu ósanngjarnt það er, að þeir, sem eiga meiri hluta hlutafjárins, skuli fara með mikinn minni hluta umráðarjettarins.

Vona jeg að deildin sýni það frjálslyndi, að hún treysti stofnendum hlutafjelaga til þess að taka sanngjörn ákvæði um þetta í samþyktir sínar, en bindi þau ekki með lögum.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) taldi það óviðeigandi, að hluthafi, sem ætti t. d. ⅘ í hlutafjelagi, mætti ekki fara með nema $^1/_5$ hluta atkvæða. Honum bæri ríkari rjettur til atkvæðaumráða. En það var einmitt þetta,

sem ákvæði frv. átti að fyrirbyggja. Einum manni er ekki bannað að eiga meira en $^1/_5$ hluta í fjelaginu, en honum er bannað að ráða yfir meiru. Lögin vilja ekki að einn maður öðlist það ríki, að hann geti bolað öðrum burtu með atkvæðaofríki. Var þetta einnig álit allshn., og er hún sama sinnis enn.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg sje ekki, að vafi leiki á því, að orðið samþyktir þýði lög fjelagsins. Er orðið notað svo í frv., og má ekki nota það í annari merkingu.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal taka það fram, að jeg ætlaði að koma fram með brtt. við frv., að því leyti, sem það ríður í bága við staðháttu hjer, en mjer hefir ekki unnist tími til þess. Sakar það heldur eigi, þó gallarnir komi í ljós, er farið verður að nota lögin, því að þá er því ljettara að koma með brtt. á næsta þingi.

Magnús Pjetursson: Örstutt athugasemd út af ummælum háttvirts frsm. (E. Þ). Hann sagði, að brtt. mín væri óeðlileg. En það er einmitt hið gagnstæða. Það er óeðlilegt af nefndinni að vilja takmarka umráðarjett hluthafa á því fjármagni, sem þeir eiga í fjelaginu. Menninir eiga að hafa fullan umráðarjett yfir því að rjettum lögum, og slíkar staðleysur sem þessar skapa aðeins lögbrjóta.

Jakob Möller: Jeg gerði fyrirspurn hjer við 2. umr. málsins, um hvernig bæri að skilja orðin „enginn má eiga eða fara með". Er það nú upplýst, að þetta þýði aðeins að fara með. Hver einstakur hluthafi má því eiga ótakmarkað mikið. Bætir þetta mikið úr, en þá sje jeg ekki annað en að ákvæðið verði eintómur hjegómi. Munu menn ætíð finna ráð til þess, ef þeir eiga mikið í fjelagi, að fá einhverja til þess að fara með atkvæði sín eftir vild sinni. Sýnist því ástæðulaust að hafa slíkt ákvæði í lögum.

ATKVGR.

Brtt. 582,1. samþ. með 20 shlj. atkv.

— 589. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., Þorl. G., Þorst. J. Þór. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. Þ., M. J., M. P., B. Sv.

nei: P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. H., E. Þ., J. A. J., J. B., J. S., M. K., P. J.

M. G. greiddi ekki atkv.

Brtt. 582,2., svo breytt, samþ. með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., B. Sv.

nei: J. A. J., J. B. J. S., M. K., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., B. H., E. Þ.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 605).

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 605, 624).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Síðan frv. þetta fór hjeðan úr deildinni hefir það tekið nokkrum breytingum.

Á 23. gr. hefir orðið sú breyting, að 5. liður er feldur burt, en þar er svo ákveðið,

að stjórn hvers hlutafjelags skuli halda skrá yfir hluthafa og um það, hver fer með atkvæði.

Jafnvel þótt allshn. þessarar deildar þyki þessi breyting síst til bóta, þá þykir henni þetta atriði ekki svo mikils virði, að hún vilji deila við háttv. Nd. um það.

Næst er breyting á 29. gr. Þar er nú svo ákveðið, að í samþyktum hlutafjelags megi heimila fjelagsstjórninni að gefa út nýtt bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, í stað glataðs, ef fjelagsstjórnin telur nægar sönnur færðar á, að skírteinið eða hlutabrjefið hafi eyðilagst, enda nemi upphæðin eigi meiru en 200 kr. En samkvæmt því, sem frv. var frá stjórninni og er það fór hjeðan úr þessari háttv. deild, þá mátti aðeins ógilda hlutabrjefið með dómi.

Nefndin í þessari deild getur nú fallist á þessa breytingu, enda gerði allshn. háttv. Nd. breytinguna á vitorði allshn. hjer.

Þá kem jeg að aðalbreytingunum á frv. við 24. og 31. gr. Eins og frv. nú kemur frá hv. Nd., þá má stjórn hlutafjelaga auka hlutafje, nema öðruvísi sje ákveðið í samþyktum fjelagsins. Þetta getur nefndin hjer í þessari deild ekki ráðið til að samþykkja, því ekki er rjett að leggja svo mikið vald í hendur stjórnum í hlutafjelögum, því hlutafjáraukning, og þá sjerstaklega nýir menn, sem koma inn í fjelögin við það, geta haft mikil áhrif á fjelagsskapinn, og þá í óhag ef illa er valið. Rjett virðist því að taka upp aftur þau ákvæði, sem voru í frv., er það fór hjeðan úr deildinni, og sniðin voru eftir samskonar ákvæðum í sænsku lögunum, þar sem stjórnin aldrei má sjálf ákveða hlutafjáraukann, en aðeins bjóða hann út með væntanlegu samþykki hluthafafunda. Með þessu ákvæði er svo um hnútana búið, að hægt er í sjerstökum tilfellum að flýta fyrir hlutafjárútboðinu, en hinsvegar er með þessu ákvæði ekkert vald tekið frá hluthafafundinum í þessum málum, því að hann leggur hið endanlega samþykki eða neitun á hlutafjárútboðið.

Þá er brtt. við 31. gr. á sama þskj. Eins og frv. nú kemur frá háttv. Nd. hafa hluthafarnir atkvæðisrjett eftir hlutamagni sínu, ef engin ákvæði eru um atkvæðagildi hlutanna í samþyktum fjelagsins, en í þeim má ákveða svo, að enginn hluthafi fari með nema einn þriðja atkvæða á hluthafafundum. Í frv. eins og það fór hjeðan var aftur svo ákveðið, að enginn hluthafi mætti fara með meira en fimta hluta atkvæða, og þessu var ekki hægt að breyta með ákvæðum í samþyktum. Nefndin leggur nú til, að þetta ákvæði sje sett inn aftur, og er rjett að taka fram, að samskonar ákvæði er í sænsku hlutafjelagslögunum. Það virðist ekki heppilegt, þó einhver ráði yfir fjármagni miklu, að hann geti náð undir sig öllum ráðum í fjelögunum. Með því eru oft útilokuð ráð þeirra manna, sem mesta þekkinguna hafa, þó þeir ráði yfir minna fjármagni, og þetta getur orðið skaðlegt fyrir hlutafjelagsstarfsemina. Hinsvegar engin hætta á, að fjármagnið geti samt ekki notið sín á ýmsa vegu, þó þessar skorður sjeu settar. Má og minna á í þessu sambandi, að þegar Eimskipafjelag Íslands var stofnað, þá var það gert að skilyrði af hálfu fjelagsins, að landssjóður hefði eigi atkvæðisrjett í hlutfalli við hið framlagða hlutafje.

Samkvæmt því, sem jeg hefi tekið fram, leggur nefndin því til, að 2. brtt. á þskj. 624 verði samþykt.

Halldór Steinsson: Jeg verð að segja það, að jeg felli mig betur við frv. eins að það kemur frá hv. Nd. en eins og það var samþykt hjeðan úr háttv. deild. Jeg legg minna upp úr því, hvort 24. gr. er látin standa eða ekki, en mjer finst 31. gr. eins og Nd. hefir breytt henni aðgengilegri. Það virðist vera nægilega strangt

ákvæði, að enginn hluthafi megi fara með meira en einn þriðja atkvæða á fundum fjelaganna. Hinsvegar verður að gæta allrar varúðar í því að hafa ekki þessi ákvæði mjög ströng, því að slíkt gæti orðið til þess að fyrirbyggja sölu hlutabrjefa, sjerstaklega ef um útlendan markað væri að ræða.

Jeg hygg því, að ráðlegast sje að flækja eigi máli þessu í sameinað þing, með því að aðhyllast brtt. nefndarinnar, heldur samþykkja frv. eins og það liggur fyrir frá Nd.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Þetta er misskilningur hjá háttv. þm. (H. St.). Hann segir, að breytingin sje eingöngu í því fólgin, að einum fimta sje breytt í einn þriðja. Ef munurinn væri ekki annar, þá væri eigi vert að gera þetta að ágreiningsefni. En hjer er um annað og meira að ræða. Í frv., eins og það er samþ. í Nd., segir, að í samþyktum megi ákveða, að enginn hluthafi geti farið með meira en einn þriðja atkv., en í brtt. okkar er skýlaust tekið fyrir, að hluthafar geti farið með meira en fimtung atkvæða. Munurinn er þarna svo auðsær, að Nd. vill aðeins áskilja hverju fjelagi að kveða á um þetta, en allshn. þessarar hv. deildar vill skipa fyrir um þetta í hlutafjelagslögunum. Og þetta atriði leggur nefndin hjer áherslu á, að hafa slíka samþykt fastákveðna í hlutafjelagslögunum.

ATKVGR.

Brtt. 624,1. samþ. með 9 : 3 atkv.

— 624,2 samþ. með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., Jóh. Jóh., S. E., S. F., B. K., E. Á., G. G., G. Guðf., G. Ó.

nei: K. E., S. J., H. St., G. B.

Einn þm. (S. H. K.) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv., og endursent Nd.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 644).

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 644).

Jakob Möller: Háttv. Ed. hefir fært í sama horf og áður var það ákvæði frv., er snertir atkvæðisrjett fjelagsmanna. Nú hefir ekki unnist tími til að koma í tæka tíð með brtt., svo frv. komist í sama horf og það var, þegar það fór hjeðan síðast. Tíminn hefir verið svo stuttur, að ekki hefir verið hægt að prenta hana. Þess vegna hefi jeg skrifað upp brtt. í þessa átt, og vænti jeg, að hún fáist borin undir atkvæði þó hún komi ekki fram fyr en nú.

Brtt. er við 31. gr. og hljóðar svo: Í stað orðanna: „Enginn hluthafi ..... í fjelaginu“ komi:

Í samþyktum má ákveða, að enginn hluthafi geti farið með meira en ⅓ samanlagðra atkvæða í fjelaginu.

Þetta mál er orðið svo þaulrætt, að óþarfi virðist að fjölyrða um það nú. Eftir þeim upplýsingum og skýringum, sem gefnar hafa verið hjer í háttv. deild, sýnist ákvæði frv. þýðingarlítið, því altaf má fara í kring um það, og þeir menn, sem eiga meira en einn fimta í hlutafjelagi, geta látið aðra fara með atkvæði sín á fundum fjelagsins. En þar sem háttv. deild hefir áður viljað breyta þessu til hins betra, geri jeg ráð fyrir, að henni hafi ekki svo snúist hugur, að hún vilji nú, að hjegómi þessi sje í lög leiddur. Vona jeg því, að hæstv. forseti taki þessa

skrifuðu brtt. mína til greina og leiti afbrigða hjá háttv. deild um það, að hún megi koma fram og til atkvæða.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg leyfi mjer að mótmæla því, að brtt. þessi komi fram. Hún mun gera það að verkum, að málið lendi í sameinað þing, og til þess er enginn tími nú.

Jón Þorláksson: Úr því að búið er að mæla á móti brtt. þessari, þá vildi jeg leyfa mjer að mæla með henni. Jeg mundi ekki telja það skaða, þó að brtt. yrði til þess, að málið færi í sameinað þing og dagaði uppi á þessu þingi; því þá yrði þó einhver von um, að hægt væri að afgreiða það á næsta þingi í því formi, sem hægt er að una við.

Sigurður Stefánsson: Mjer er kunnugt um það, að Ed. stendur svo saman um frv. þetta, að verði því nú breytt, þá fer það í sameinað þing og getur kostað miklar umræður þar. Slíkan leik finst mjer, að við ættum að forðast, þegar komið er svo að segja að þingslitum.

Jakob Möller: Það er þessi sami rökstuðningur, sem er svo kunnur orðinn nú á þessu þingi, að engu megi hleypa í sameinað þing. En jeg mótmæli því, að slík grýla eigi nokkru máli að skifta eða hafa áhrif á atkvæði háttv. þdm. Háttv. deild á að samþykkja málið eins og hún álítur að best fari. Slíkar mótbárur sem þær, er nú hafa verið fram bornar, eru og lítt sæmandi Alþingi. Þess vegna beini jeg því enn til hæstv. forseta, að hann verði við ósk minni og leiti afbrigða. (*M. P.*: Það er ofbeldi, ef deildin leyfir ekki að afbrigði verði veitt).

Forseti (B. Sv.): Jeg leyfi mjer þá að skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort hún leyfi þessi afbrigði, og þar sem hún er því samþykk, þá ber jeg það undir deildina.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. frá 1. þm. Reykv. (Jak M.) feld með 8 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., J. Þ., M. J., M. P., P. Þ., B. Sv.

nei: S. St., St. St., B. H., E. Þ., J. S., M. G., M. K., P. O.

P. J. greiddi ekki atkvæði.

Fimm þm. (Ó. P., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J. og Þór. J.) fjarstaddir.

Magnús Pjetursson: Þá leyfi jeg mjer, úr því að atkvæði hafa fallið þannig, að gera það að tillögu minni, að málið sje tekið af dagskrá. (*Gunn. S.*: Jeg styð það).

Forseti (B. Sv.): Þá leyfi jeg mjer að bera það undir deildina, hvort málið skuli tekið af dagskrá eða ekki.

ATKVGR.

Felt með 13 : 9 atkv. að taka málið af dagskrá, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., Þorl. G., B. J., Gunn. S., Jak. M., J. Þ., M. J., M. P., B. Sv.

nei: P. O., S. St., St. St., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. B., J. S., M. G., M. K., P. J.

Fimm þm. (Ó. P., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J. og Þór. J.) fjarstaddir.

Jón Þorláksson: Mjer skilst þá eftir báðar þessar atkvæðagreiðslur, að málið sje enn til umræðu. Mætti því vel svo fara, að tími sá, sem eftir er af þessum fundi, dygði ekki til þess að ræða frv. Því svo er efni þessa máls mikilsvert, að full

ástæða er til, að frv. verði ekki flaustrað af. Þó skal jeg engu um það lofa að útenda fundartímann, en jeg vil með nokkrum orðum minnast á ágreiningsatriði það, er deilum veldur á milli deildanna.

Það er skýrt svo frá, að Ed. hafi fundið þetta afaróf rjálslynda þvingunarákvæði, sem hún setti inn í frv., í sænskum lögum. Jeg hefi nú ekki getað kynt mjer þetta, en mjer hefir sagt fróður utanþingsmaður, að þetta væri þó ekki alment ákvæði um hlutafjelög í Svíþjóð, heldur um sjerstaka tegund þeirra.

Þetta virðist því vera veigalítil ástæða fyrir því að taka þetta upp í íslensk lög.

Mjer sýnist, að þetta lagaákvæði sje í samræmi við þá stefnu, sem hjer hefir talsvert bólað á, að setja í lög allskonar þvingunarákvæði, en hirða síðan ekkert um, hvort þeim ákvæðum er framfylgt eða ekki. Enda hefir þessi stefna einmitt haldist hjer uppi af því, að ekkert hefir verið hirt um að framfylgja slíkum ákvæðum; menn mundu hafa risið á móti þeim, ef þeim hefði verið beitt.

Það ákvæði, sem hjer ræðir um, þýðir það, að löggjafarvaldið vill gera sig að forráðamanni einstakra manna um fjármál þeirra. Þetta á sjer að vísu stað í einstökum tilfellum, að löggjöfin tekur af mönnum umráðarjett yfir eignum þeirra. Það er gert um stundarsakir við þá menn, er komast í fjárþrot. Það er gert við þá menn, sem ekki eru taldir með fullu viti. Ennfremur er það gert við þá menn, sem eru svo hóflausir í ráðleysi, að vandamenn þeirra æskja þess, að fjárráðin verði af þeim tekin.

Það er algert nýmæli í lögum hjer, að fara í ekkert slíkt manngreinarálit, heldur taka umráðarjettinn að nokkrum hluta eigna manna af þeim fyrir þá eina sök, að þeir eigi of mikið eða hafi of mikið undir höndum. Tel jeg þessa stefnu löggjöfinni til lítillar sæmdar, ekki síst þar sem lítið eða ekkert er hugsað um framkvæmd laganna.

Úr því nú að allmikill ágreiningur hefir komið upp milli deildanna út af þessu atriði, þá sýnist rjettast, að þessi lög bíði til næsta þings. Mætti á þeim tíma leita álits þeirra manna, er þessi lög snerta mest, til dæmis Verslunarráðs Íslands og fjelags íslenskra botnvörpuútgerðarmanna.

Jeg held, að hið íslenska löggjafarvald þurfi alls ekki að fyrirverða sig fyrir það, þótt ekki verði þessi lög hespuð af nú á þinginu. Jeg veit, að samskonar lög hafa meðal annara þjóða verið mörg ár á döfinni. Svo stórfelda lagabálka, sem þessi er, láta erlend þing ekki frá sjer fara, fyr en tryggt er um það, að við þau megi búa. En jeg held, að ef þessi lög verða nú samþ., þá sjeu þau miklu fremur til tjóns en bóta. Það er og ekkert, sem rekur mjög eftir þessum lögum, og sýnist engum þurfa að vera bagi að því, að þau dragist um eitt ár.

Jeg skal svo ekki ergja háttv. þdm. með umræðum, en vil aðeins lýsa yfir því, að jeg greiði atkvæði á móti því, að þetta frv. verði nú afgreitt.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg hefi ekki ástæðu til að halda svörum uppi fyrir ákvæði 31. gr. Það ákvæði er ekki runnið frá stjórninni. En það er víst, að ef þessu ákvæði verður breytt nú, þá verður frv. ekki afgreitt sem lög í þetta sinn.

En jeg tel hinsvegar þetta ákvæði ekki svo mikilsvert, að mikið sje í húfi, þótt frv. sleppi nú í gegn. Jeg held það sje einmitt gott að lofa frv. að reyna sig áður en því er breytt meira. Það má sem sje breyta frumvarpinu seinna, ef reynslan sýnir, að þetta ákvæði og fleiri þurfa breytinga við.

Jeg er ekki viss um, að málið græddi neitt verulega á þessari frestun, nema þá

ef háttv. Ed. snerist hugur um þetta atriði.

Það er allmikið búið að hafa fyrir þessu frv., og ef það gengur nú í gegn, þá verður fyr hægt að bæta úr göllum þess, þeim sem vera kunna, ef það kemur í framkvæmd sem lög.

Gunnar Sigurðsson: Jeg var eini maðurinn um daginn, sem vildi láta vísa þessu frv. til stjórnarinnar, og mjer hefir ekki snúist hugur síðan. Jeg held, að það sje löngu nóg komið af bráðónýtum pappírslögum, sem fáir eða engir fara eftir, bæði frá þessu þingi og öðrum undanförnum. Hlýtur það að verða verksvið næstu þinga að skera niður að meira eða minna leyti slík óþarfalög.

Jeg hefi þegar bent á það áður, að á þessum lögum hljóti að koma fram ljósir gallar, og þarf jeg ekki að endurtaka það hjer.

Hæstv. atvrh. (P. J.) vill láta lögin reyna sig, og breyta þeim síðan, ef þörf þykir. En jeg tel æskilegast, að þessi lög, eins og líka öll önnur lög, sjeu þannig undirbúin, að ekki þurfi að breyta þeim þegar í stað. En það vantar mikið á, að slíkur undirbúningur sje fyrir hendi á þessum lögum nú.

Jeg endurtek því eindregið þá tillögu mína, að málinu verði nú vísað til stjórnarinnar.

Einar Þorgilsson: Jeg heyri, að þetta muni ætla að verða talsvert hitamál hjer í háttv. deild. En úr því farið er að ræða málið, þá get jeg ekki látið hjá líða að fara um það fáeinum orðum, enda þótt jeg ekki hafi miklu við að bæta það, sem jeg hefi sagt um málið við 2. umræðu.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) segir þetta ákvæði úr sænskum lögum tekið, og eigi það ákvæði þar ekki við, nema um vissa tegund hlutafjelaga.

Mjer er nú um það kunnugt, að þessi ákvæði hafa gilt hjá sænskum í 10—12 ár. Og úr því þau hafa þótt nothæf þar svo lengi, þá ættu þau einnig að geta verið það hjer.

Að þetta ákvæði sje þvingandi og geri löggjöfina að fjárráðamanni einstaklingsins, held jeg að ekki sje neitt sjerstakt. Slíkt má segja um mörg lög.

En jeg tel að þetta ákvæði einmitt girði fyrir, að ofríki einstakra manna geti orðið öðrum til hnekkis. Mjer virðist að sá, sem eignast marga hluti í fjelagi, geti annars beitt valdi sínu til óhags öðrum fjelagsmönnum, ef hann á að hafa atkvæði fyrir hvern hlut, hversu marga sem hann á.

Það hefir verið á það bent áður af þessum hv. þm., að þetta ákvæði gæti fælt menn frá að taka mikla hlutdeild í slíku hlutafjelagi. Um það skal jeg ekkert segja. En ef menn vilja taka hluti í fjelagi, bara til þess að verða þar einvaldir, þá get jeg ekki kallað það rjetta hugsjón í fjelagsskap.

Jeg hefi því fylstu ástæðu til þess að ætla, að einmitt með þessu ákvæði geti fjelagsskapurinn þrifist betur en ella.

Jeg get einnig bent á það í þessu sambandi, að þegar ríkissjóður hluttók Eimskipafjelag Íslands, þá var það ákveðið, að ríkið skyldi *ekki* hafa atkvæði eftir hlutamagni.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði, að þingið hefði hrúgað upp pappírslögum, sem enginn færi eftir. Þetta finst mjer nokkuð djarft sagt; því þó öll lög sjeu ekki vel haldin í þessu landi, þá býst jeg ekki við, að hið háa Alþingi vilji viðurkenna það sína sök. Og jeg held, að um þessi lög megi áreiðanlega segja, að þau sjeu ekki pappírslög, enda þótt það

kunni að einhverju leyti mega fara í kring um ákvæði þeirra, ef vilji er með. Slíkt má segja um öll lög.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg játa það, að jeg er ekki jafnlöglærður og háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), en þó hygg jeg hann tæplega hafa reynslu til að kveða upp slíka dóma um lög og löggæslu, sem hann hefir nú upp kveðið. En það get jeg sagt, að jeg er kunnugri honum löggjafarsögu þingsins á síðastliðnum 20 árum. Eftir þeirri þekkingu vil jeg skýra frá því, að það sem fljótfærnislegast hefir verið gert að lagasmíð, hefir komið frá þm. sjálfum, en ekki frá stjórninni. Eðlilega hefir hún þó búið frv. sín best úr garði að jafnaði, og þar á meðal þetta frv.

Að vísu mun það hafa átt sjer stað framan af, að frv. stjórnarinnar væru ekki svo góð sem skyldi, heldur lítið annað stundum en miður góð þýðing á dönskum lögum. Var þetta ekki óeðlilegt þá.

En síðan Háskólinn komst hjer á fót, hefir stjórnin hagað lagasmíð sinni á annan veg. Síðan hefir stjórnin ávalt notið aðstoðar bestu lögfræðinga við samningu meiri háttar lagafrv. Og má þar sem dæmi nefna siglingalög, sifjalög, vatnalög o. fl., og svo þetta frv., sem nú er hjer til umr.

Held jeg að þetta sje algerlega rjett að farið hjá stjórninni, að taka sjerfróða menn sjer til aðstoðar í þessum efnum, en láta þingið sem allra minst eyða tíma sínum í að sitja yfir vandasamri lagasmíð. Þingið á í raun rjettri ekki að semja lögin, heldur líta yfir þau, og einkum athuga stefnu þeirra.

Um þetta frv. hafa fjallað tveir viðurkendir lögfræðingar — jeg segi viðurkendir, vegna þess, að þeir eru nú báðir prófessorar í lögum við Háskólann. Hefir og annar þeirra áður verið bæði sýslumaður og ráðherra (Einar Arnórsson).

Einar Arnórsson er, eins og allir vita, prófessor hjer við Háskólann, og hinn, Magnús Jónsson, er líka prófessor hjer, og ætti það að vera nægilegur vitnisburður um, að þeir væru vel fallnir til þess.

En eins og jeg hefi tekið fram áður, þá eru þessi lög sniðin eftir því, sem er hjá öðrum þjóðum, og það getur komið sjer vel, meðan lögin eru í smíðum, að styðjast við það, sem er hjá grannþjóðum vorum, sem hafa haft miklu færari mönnum á að skipa og hafa átt kost á miklu meiri þekkingu á þessu sviði. Jeg held því, að ekki sje hægt að segja, að þetta frv. sje lauslega eða illa undirbúið, og af þeirri ástæðu mæla á móti því, að það gangi fram, þrátt fyrir að telja það heldur galla, að þessu ákvæði var bætt inn í það í Ed.

Gunnar Sigurðsson: Það stendur á sama, hvað háttv. frsm. (E. Þ) eða aðrir segja um það, að lög sjeu hjer vel haldin og að þingið sje vandlátt og gætið í lagasetningu; það er alkunna, að hvorugt á sjer stað. Jeg býst við, að það muni koma bráðlega í ljós, að lög þessi eiga hjer ekki við eftir staðháttum, og þá verður að breyta þeim. (*Atvrh.*: Um þetta erum við sammála). En það er á allra vitorði, að þessi lög eru samin eftir útlendum lögum, þýdd og endurbætt ef til vill eitthvað af íslenskum lögfræðingi, en þar með er ekki sagt, að þau hafi fengið nógu rækilegan undirbúning. Jeg álít, að það sje ekki nóg að fela lögfræðingum að undirbúa lagafrumvörp, heldur verður að leita álits þeirra, sem eiga að vinna við lögin. Það er ekki hægt að gera þá kröfu, að lögfræðingar þekki slíkt út í æsar. En þetta hefir ekki verið gert; þau hafa ekki verið borin undir þá menn, sem eiga að starfa undir þeim og mest hafa af þeim að segja. Það sem hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að í útlöndum væri völ á færari mönnum til að semja lík lög; hæði er nú, að jeg dreg það í efa, en sjerstaklega neita jeg þó því, að

þeir sjeu færari til að semja lög eftir okkar staðháttum. Hvernig gæti sænskur lögfræðingur samið íslensk ábúðarlög? (*Atvrh.*: Þetta er fjarstæða). Það er alls ekki fjarstæða; það er svo um bæði þessi lög, að þau verða að sníðast eftir íslenskum staðháttum.

Jakob Möller: Það hefir verið mikið notað hjer, hvað undirbúningur þessa máls hafi verið góður. Hæstv. atvrh. (P. J.) hefir hvað eftir annað vitnað í það, að lög þessi væru svo vel undirbúin og að svo vel væri til þeirra vandað af stjórnarinnar hálfu, sem frekast yrði ákosið. Því til sönnunar færir hann það, sem öllum er vitanlegt, að lög þessi eru samantekin af tveim viðurkendum lögfræðingum. Þetta er nú vitanlega þýðingarmikið atriði, og má gera ráð fyrir, að lögin sjeu að því leyti vel úr garði gerð, að ekki sjeu á þeim verulegir smíðisgallar. Það má gera ráð fyrir, að frv. þetta taki að þessu leyti talsvert fram frumvörpum, sem samin eru af ólögfróðum mönnum. En þó liggur það í hlutarins eðli, að það er ekki einhlítt, þó að slík lög sem þessi sjeu þannig úr garði gerð, að engir formgallar sjeu á þeim. En sá galli er á undirbúningi málsins, eins og oft hefir verið bent á undir umræðunum, að frv. hefir ekki verið borið undir álit þeirra manna, sem eiga að búa við lögin í framtíðinni. Þetta verður að teljast stórgalli á undirbúningi þessarar lagasetningar, sem hlýtur að snerta mjög atvinnu- og viðskiftalíf alt í landinu. Það eru að vísu höfð til fyrirmyndar samskonar lög ýmsra annara landa, en það hefir verið rjettilega bent á það, að það getur verið vafasamt, hversu vel þau eiga hjer við. Öllum er það vitanlegt, að aðstaðan er hjer ólík því, sem hún er í öðrum löndum, og þess vegna viðbúið, að lagasetningar þeirra eigi ekki við hjer. Það hafa nú verið sýnd ýms dæmi um, að þetta frv. hefir ýmsa galla, sem stafa af því, að ekki hefir verið tekið hæfilegt tillit til þeirra sjerstöku staðhátta, sem hjer eru. — Að öðru leyti tel jeg mig alls ekki færan til að dæma um það, hvernig undirbúningur málsins hefir verið af hendi leystur. En vegna þess hve mikið hæstv. atvrh. (P. J.) hefir lagt upp úr því, að frv. væri samið af hálærðum lögfræðingum, þá skal jeg geta þess, að jeg hefi heyrt hálærðan lögfræðing fara um það þeim orðum, að svo virtist, sem alt hið versta úr hlutafjelagalögum annara þjóða hefði verið tínt upp í það. (*Fjrh.*: Hver er þessi lögfræðingur?). Jeg kæri mig ekki að nefna nafn hans, en þetta er nú dómur þessa lærða lögfræðings.

En svo er þá að athuga meðferð málsins hjer á þingi. Málið er fyrst athugað af nefnd í háttv. Ed., sem fyrst fjekk frv. til meðferðar. Efast jeg ekki um, að nefndin hafi lagt fulla alúð við málið, og talsverðar breytingar gerði hún þó á frv., og þar á meðal setti hún inn í það ákvæði það, sem nú er aðallega deilt um. En þetta ákvæði skilst mjer, að nefndin hafi „hent á lofti", af því, að henni hafði verið bent á, að það væri til í hlutafjelagalögum í Svíþjóð, en það er ekki upplýst, hvort þar er um alment ákvæði að ræða, eða að þetta gildir aðeins um einstök fjelög sjerstakra tegunda. Jeg geri ráð fyrir því, að slíkt sje til í hlutafjelagalögum í Svíþjóð, eða hafi verið til. En hitt verð jeg mjög að efast um, að það nái jafnt til allra fjelaga. Fyrir mitt leyti gæti jeg fallist á að hafa slíkt ákvæði, að einstaka hluthafar geti ekki farið með ótakmarkaðan atkvæðafjölda í sumum hlutafjelögum, og þá sjerstaklega í þeim fjelögum, þar sem starfið snertir mjög hag almennings, eins og t. d. Eimskipafjelag Íslands, eða í þeim fjelögum, sem stofnuð eru í því skyni að framleiða eitthvað til almenningsnotkunar, eins og t. d. raf-

magn til almenningsnota. Þá gæti slíkt ákvæði orðið og *ætti* fyrst og fremst að verða trygging, ekki fjelagsmönnum, heldur viðskiftamönnum fjelaganna gegn því, að fjelagið notaði aðstöðu sína til þess að skara of mjög eld að sinni köku á kostnað almennings.

Jeg geri ráð fyrir, að þetta hafi líka vakað fyrir þeim háttv. þm., sem fastast hafa haldið í þetta ákvæði. Það getur verið gott, þar sem það á við, að leggja einhver bönd á gróðafíknina, t. d. þegar hún kemur í bág við hag almennings. En því fer svo fjarri, að það sje svo algild regla, að gróðafíkn slíkra fjelaga fari í bág við hag almennings, að þar geti ekki verið undantekningar. Þau hlutafjelög, sem hjer eru til, eru flest svo vaxin, að hag almennings er svo best borgið, að þau græði sem mest. Þess vegna er ekki rjett að setja slíkt alment ákvæði í lög, sem stemma stigu fyrir því.

Nú geng jeg út frá því sem gefnu, að þetta ákvæði sje sett í lögin fyrir helberan misskilning nefndarinnar í Ed., og svo þegar nefndin heldur fast við þetta, þá verð jeg að telja, að það stafi eingöngu af þráa, því að við nánari athugun mun hver maður sjá, að þetta ákvæði í frv. verður einber hjegómi. Jeg gat um það við 2. umr., að nokkur vafi gæti á því leikið, hvernig skilja bæri orðin: „enginn má eiga eða fara með meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu". Ef þau ætti að skilja þannig, að enginn einstakur maður gæti átt meira en $^1/_5$ hlutafjármagns, þá hefði mátt gera ráð fyrir því, að þetta ákvæði gæti náð tilgangi sínum. Að vísu hefði engum verið gert ófært að fara kringum lögin og gerast eigandi að meiru, þá var það þó rjettlaus eign. En vitanlega er eins fyrir því átt á hættu, að menn gætu sölsað undir sig hluti, og ljetu svo aðra fara með atkvæði fyrir sig. En nú er það upplýst, að þetta er ekki meiningin, heldur er aðeins átt við atkvæðamagnið, að enginn megi *fara með* meira en $^1/_5$ atkvæðamagns fjelags, hvað mikið sem hann á af hlutafjenu. Af því leiðir, að hver og einn getur eignast eins mikið og hann getur yfir komist, og yfirfært það svo „pro forma" á aðra til að fara með atkvæðið fyrir sig á fundum. Þannig verður þetta ákvæði gersamlega þýðingarlaust.

Jeg tek undir það með háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að það er sannarlega nóg af ákvæðum í lögum hjer, sem ekki eru framkvæmd, og stjórnarvöldunum dettur ekki í hug að láta hafa nokkurt eftirlit með, þó að hjer sje ekki verið að bæta við einu slíku ákvæði.

Svo er þá eftir að minnast á meðferð málsins í þessari deild. Það eina, sem komið hefir frá allshn. viðvíkjandi málinu, er að jeg hygg tveggja línu nefndarálit, auk nokkurra athugasemda um brtt. hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.). Vildi nefndin helst láta fella þær allar. Svo fór og um þá tillöguna, að fella burt ákvæðið um takmörkun atkvæðarjettarins. Hún var feld hjer við 2. umr. málsins. Að það var gert að órannsökuðu máli, má sjá af því, að samskonar till. var samþykt við 3. umr. með talsverðum meiri hl. atkvæða. Af því varð ljóst, að talsverður meiri hluti deildarinnar var þá búinn að gera sjer grein fyrir því, að ákvæði þetta mundi vera til skemda á frv. Svo fer frv. aftur til Ed., en af þráa setur hún þetta ákvæði aftur inn, og ætlar síðan að kúga þessa deild til að sætta sig við það, og háttv. allshn. veitir til þess aðstoð sína, á þann hátt að fella afbrigði frá þingsköpum, sem þurfti til að hægt væri að koma brtt. fram.

Mig furðar satt að segja á því, hve mikið kapp allshn. hefir lagt á þetta, því að það virðist eins og þetta kapp hennar komi misjafnlega niður. Því að eins og kunnugt er, þá eru enn hjá henni ýms mál óhreyfð frá þingbyrjun, eins og t. d. bannlagafrv.,

sem hún hefir haft til meðferðar og ekki er farið að bóla á. Má því ganga að því vísu, að það sjái ekki dagsljósið framar.

Það er í raun og veru ekki alveg fráleitt að minnast á bannlögin einmitt í sambandi við þetta mál. Hjer er verið að deila um ákvæði, sem fyrirfram er vitað, að aldrei verður gerð gangskör að að framkvæma, eða farið eftir, og það minnir ósjálfrátt á bannlögin og meðferðina á þeim. Þó er þess að geta, að í bannlagafrv. því, sem nefndin hefir nú „lagst á", er einmitt reynt að gera þau lög þannig úr garði, að þau geti komið að gagni. Má vera, að það sje einmitt það, sem háttv. nefnd er þyrnir í augum, og að henni finnist það meira um vert að hleypa af stokkunum nýjum laga-ákvæðum, sem lítt verður hirt um að framfylgja, og ef til vill kynni að fara um eins og bannlögin, þannig að stjórnin ljeti menn sæta áminningum fyrir að hreyfa kærum út af brotum gegn þeim.

Þá er og annað mál, sem háttv. allshn. hefir haft til meðferðar á þessu þingi, sem ekki er úr vegi að drepa á í þessu sambandi. Háttv. deild er það vafalaust í fersku minni, að hún skilaði af sjer einu af þýðingarmestu málunum, sem fyrir þetta þing hafa verið lögð, með þeirri tillögu, að það væri lagt undir dóm og álit sýslunefndanna í landinu. Þetta var frv. um berklaveikisvarnir, sem nú er orðið að lögum. Ef nú háttv. nefnd hefir álitið, að það frv., sem vissulega var ekki lakar undirbúið af sjerfræðingum en hlutafjelagafrv., gæti haft gott af því að fá frekari undirbúning hjá sýslunefndum, þá virðist manni, að ekki ætti síður að geta komið til mála að fresta afgreiðslu þessa máls, og leggja það fyrst undir dóm og athugun þeirra manna, sem við lögin eiga að búa og mesta „praktiska" þekkingu hafa á því, hvað við á hjer á landi í þessum efnum. Það er augljóst, að þetta frv. er langt frá því að vera nægilega athugað, og því slæ jeg föstu, að af nefndarinnar hálfu er það alveg óathugað. Hv. deildarmenn hafa greitt atkvæði um einstök atriði frv. sitt á hvað við umræðurnar. Það sýnir, að þeim hefir ekki unnist tími til að athuga málið nógu vandlega, og virðist því alveg frágangssök að afgreiða það á þessu þingi.

Geri jeg það því að tillögu minni, að frv. verði vísað til stjórnarinnar, til rækilegrar athugunar og undirbúnings undir næsta þing.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg skal forðast að lengja umræðurnar. Út af fjarstæðu þeirri, sem háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) kvaðst hafa eftir merkum lögfræðingi, þá skal jeg geta þess, að jeg legg ekki mikið upp úr því, einkum úr því hann vildi ekki gera manninum þá hneisu, að nefna nafn hans. Annað var það, að hann sagði, að enginn vissi úr hvaða lögum þetta ákvæði væri tekið. En jeg get nú frætt hann á því. Það er tekið úr þeim almennu lögum um hlutafjelög, sem samþykt voru fyrir 8—10 árum í Svíþjóð. Mjer virðist, að hjer sje ekki nema um tvent að gera, annað hvort að samþykkja frv. óbreytt eða fella það.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg þarf ekki upp að standa nú til þess að tala um málið, sem fyrir liggur. Það hefir ekkert nýtt komið fram í því, sem tilefni gefi til þess. Mjer er auk þess ókært að lengja umræðurnar mikið, því að jeg legg áherslu á, að þessu máli verði ráðið til lykta fyrir þingslit.

Jeg get þó ekki gengið fram hjá ummælum háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), meður því að það var árás á mig sem persónu og allsherjarnefnd sem starfandi nefnd. Mjer hefir oft fundist það ærið óviðeigandi, sem þessi háttv. þm. (Jak. M.) hefir sagt í þessari háttv. deild, en

þó vart heyrt jafnhjáleit ummæli sem þau, er hann hefir hjer um haft.

Hann er að fást um það, hvernig þingmenn hreyfi hendur sínar eða tali úr sætum sínum. Jeg álít, að mjer sje heimilt að haga mjer þar sem mjer líst, svá fremi jeg geri það ekki óþinglega, og er þá forseta að víta. Jeg get hugsað, þótt jeg hafi hönd fyrir auga, en mjer hefir oft fundist, að háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hafi ekki veitt af að styðja hönd á höfuð sjer og hugsa, áður en hann talaði.

Þá veittist þessi háttv. þm. (Jak. M.) að allsherjarnefnd mjög svo ómaklega. Þarf síst að bregða henni um, að illa hafi hún starfað og látið mál óathuguð frá sjer fara. Hún hefir nú haldið 48 fundi og afgreitt 29 mál. Hann hjelt því fram, að slíkt væri háttur þessarar nefndar að setjast á og salta góðar og nauðsynlegar breytingar á gildandi og gömlum lögum — svo sem bannlögunum — en ýta fram af þráa nýjum lagafrumvörpum, óathuguðum og illa undirbúnum, þar á meðal frumvarpi því, sem hjer er til umræðu í háttv. deild. En það er einber vitleysa, að nefndin hafi ekki athugað það. Hún tók það til rækilegrar yfirvegunar, eins og öll þau mál, er til hennar var vísað, og sem hún hefir nú afgreitt 29 af 31. Breytingar við bannlögin, sem fyrir nefndinni hafa legið, hefir hún einnig athugað, en af sjerstökum ástæðum hefir meiri hluti hennar ekki treyst sjer til að koma fram með tillögur sínar að þessu sinni, og er það mál því annað af tveim, er nefndin hefir ekki afgreitt, þeirra 31, er henni hafa borist á þessu þingi, og það af ástæðum, sem jeg ógjarna vil að þessu sinni greina.

Þetta, eins og önnur ummæli þessa hv. þm. (Jak. M.) um nefndina, eru órökstuddir sleggjudómar og marklaust hjal. Og situr slíkt allilla á háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), því að ein nefnd, sem hann á sæti í, hefir legið nokkuð lengi á störfum sínum, og mun hann hafa átt drjúgan þátt í að tefja hana.

Háttv. þm. (Jak. M.) sagði, að það yrðu að vera mismunandi ákvæði í lögunum eftir mismunandi staðháttum. Jeg get endurtekið það, að þetta ákvæði á við í öllum löndum. Það er vart hægt að hugsa það, að svo mikill lagabálkur, sem þessi er, sje svo vel ger, að engu þurfi að breyta er stundir líða fram. Hygg jeg, að þótt þessum lögum verði breytt með reynslunni, þá verði þetta ákvæði þó síst burtu numið.

Jeg skal svo ekki eiga meiri orðaskifti við þennan háttv. þm. (Jak. M.) að sinni.

Jón Þorláksson: Aðrir þm. hafa notað mikið tímann í þessar umr., og vona jeg því, að mjer leyfist slíkt hið sama, enda er jeg þeirrar skoðunar, að þessu máli liggi ekkert á.

Skal jeg þá fyrst víkja að því, sem hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, um undirbúning laga hjer á landi. Hann sagði, að það væri fljótfærnislegast í löggjöf vorri, sem komið væri frá einstökum þingmönnum, og oft hlevpt gegnum þingið af kurteisi við höfundinn. Það má vel vera, að þetta sje rjett. En þannig er einmitt ástatt um ákvæði það, sem hjer er deilt um. Við höfum fundið að því, að stjórnin skuli ekki hafa borið frv. þetta undir þá menn, sem sjerþekkingu hafa á því, sem það fjallar um. Jeg er handviss um það, að það mundi ekki geta átt sjer stað annarsstaðar á Norðurlöndum, að slíku máli væri ráðið til lykta, án þess að það kæmi fyrst fyrir almenningssjónir.

Mjer finst, að hæstv. atvrh. (P. J.) ætti ekki að vera að halda uppi vörnum fyrir ákvæðinu í 31. gr., sem vitanlega er komið

frá einstökum þm. Það er að vísu að formi til borið fram af nefnd, en upphafsmaður þess er einungis einn nefndarmanna.

Það er óheppilegt, að nefndin skyldi gerast til að bera fram þetta óheppilega ákvæði, því að það kemur af stað kappi. Þetta hefir á sjer öll einkenni þess, sem fljótfærnislegast er í löggjöf vorri. Því er skotið inn í fullsaminn lagabálk af einstökum þingmanni, borið fram af nefnd og haldið fram af miklu kappi.

Þá skal jeg leyfa mjer að leiðrjetta það, sem háttv. frsm. (E. Þ.) sagði um atkvæðisrjettinn í Eimskipafjelagi Íslands. Atkvæðisrjettur ríkissjóðs er ekkert takmarkaður, því að hann hefir fengið undanþágu. Enginn má fara með meira en 500 atkvæði, en ráðherra fer með 4000, en það er fullur atkvæðisrjettur í hlutfalli við fjármagn ríkissjóðs í fjelaginu.

En þrátt fyrir þessi ákvæði geta menn eins beitt ójöfnuði eftir sem áður, ef menn annars vilja slíkt, á „lögmætan" hátt. En þetta fælir heiðarlega menn, sem ekki vilja líta á þetta sem þýðingarlaust pappírsatriði, frá því að taka meira en fimtung í hlutafjelagi. Hitt gæti komið til mála, að leyfa stjórnarráðinu að veita undanþágu, þegar ástæða þætti til, en það er óverjandi að láta þetta standa sem almenna reglu.

Jeg tel því, að öllu athuguðu, langrjettast og sjálfsagðast að vísa máli þessu til stjórnarinnar, og hefi bæði jeg og aðrir fært fyrir því ýms rök áður hjer í þessari háttv. deild, og leyfi jeg mjer að vísa til þess, til að lengja ekki umræðurnar um of. En jeg vil leyfa mjer að bæta einu atriði við, sem mörgum mundi einnig þykja sæmileg ástæða. Hjer liggja fyrir eftirtektarverðar brtt., frá háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), brtt., sem háttv. flm. sjálfur hefir ekki getað skýrt hjer nje mælt með, þar sem hann hefir verið hættulega sjúkur. En nú er hann einmitt flestum þm. kunnugri þessu máli, og virtist það því ekki nema sanngjörn kurteisi við sjúkan samþingismann, að fresta úrslitum málsins, úr því að það er ekki meira aðkallandi en þetta er. Auk þess ætti, eins og oft hefir verið tekið fram af mjer áður, að bera þetta undir fulltrúa þeirra, sem helst eiga við lög þessi að búa, og er það líka innan handar, þó það hafi ekki verið gert.

Jeg á svo aðeins eftir að ljúka máli mínu á því, að jeg mun nú á fundinum leyfa mjer að afhenda hæstv. forseta rökstudda dagskrá í þessu máli, sem fer í þá átt, að ráðið verði fram úr þessu máli á þann hátt, sem jeg hefi þegar lýst, með því sem sje að vísa því til stjórnarinnar.

Forseti (B. Sv.): Mjer hefir borist svofeld rökstudd dagskrá, frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.):

„Með því að Alþingi hefir þegar samþykt áskorun til stjórnarinnar um undirbúning tryggingarlöggjafar, sem nær einnig til þess málefnis, er till. á þskj. 185 beinist að, þykir deildinni ekki þörf á að afgreiða þessa tillögu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Jakob Möller: Það mun aðeins vera stutt athugasemd, sem mjer er ætlað að fá að gera. En ef jeg ætti hins vegar að leiðrjetta alt það, sem háttv. frsm. (E. Þ.) hefir misskilið, eða alls ekki skilið, þyrfti jeg lengri tíma. Jeg verð því að sleppa honum og lofa honum óáreittum að snúa atkvæði sínu sannfæringarlaust eftir vilja stjórnarinnar.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg vil ekki lengja þessar umræður meira en langlokur og athugasemdir háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hafa þegar gert, allra síst þegar þess er gætt, hve litlu ljósi hans mörgu

orð hafa varpað yfir þetta þýðingarmikla mál. Jeg hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls svo skýrt, að þar getur ekki verið um að villast, og hefi í engu vikið frá því, og er atkvæði mitt þar auðvitað alveg óháð afstöðu hæstv. stjórnar til málsins, enda þótt frumvarpið sje stjórnarfrumvarp, og háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hafi fundið ástæðu til þess að slá fram þeirri fjarstæðu hjer, þegar hann hafði ekki annað til að segja. Þetta er ekki fyrsta fjarstæðan, sem hann heldur hjer fram, en þar sem hann er dauður, verður það líklega sú síðasta í þessu máli, svo að jeg get þess vegna sparað mjer að fjölyrða um það frekar.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar. En jeg við aðeins mótmæla ummælum háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um Eimskipafjelagið í þessu sambandi, þar sem hann sagði, að hag almennings væri svo best borgið, að hlutafjelögin græddu sem mest. En það ætti hver maður að sjá, að hag almennings er ekki best borgið með því, að Eimskipafjelagið græði sem mest, enda hefir því aldrei verið ætlað að vera okurstofnun.

Jakob Möller: Jeg þarf varla annara háttv. deildarmanna vegna að leiðrjetta þennan hrapallega misskilning háttv. þm. Barð. (H. K.). Jeg nefndi Eimskipafjelagið einmitt sem undantekningu.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 3. þingmanni Reykv. (J. Þ.) feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., Jak. M., J. Þ., M. J., M. P., P. Þ., Þorl. G., Þór. J., B. Sv.

nei: B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. B., J. S., M. G., M. K., P. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. J.

Fjórir þm. (Ó. P., B. J., Sv. Ó. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15 : 7 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 678).

II.

Þingmannafrumvörp.

1. Skipaveðlán Eimskipafjelags Íslands.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 28. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nýtt skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands (A. 64).

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Þorláksson): Leyfi mjer að vísa að öllu leyti til þeirrar greinargerðar, sem fylgir frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 64).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 64).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 64).

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti (G. B.): Frv. þetta gekk nefndarlaust og breytingalaust gegnum háttv. Nd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 64).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 64).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 193).

---

2. Verslunarlóðin í Bolungarvík.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var útbýtt
Frumvarpi til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi (A. 140).

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Frv. er borið fram samkvæmt símskeyti, sem jeg fjekk frá hreppsnefnd Hólshrepps um þetta efni. Svo stendur á, að norðurtakmörk verslunarlóðarinnar voru ekki skýr í upphafi, en nú hefir þorpið stækkað norður á bóginn, og er hluti þorpsins fyrir utan verslunarlóðina. Nú hefir hreppsnefndin viljað kippa þessu í lag, og vill fá þá breytingu á takmörkum lóðarinnar, að hún sje aukin að norðan. Jeg þarf ekki að fara um málið fleiri orðum; það er svo óbrotið, að jeg hygg, að óþarft sje að vísa því til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 19. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 140).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg óska þess, að háttv. deild sýni þessu frv. sömu velvild og öðrum líkum frv. Þetta er einfalt mál, og er ekki siður að orðlengja um slík mál.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 140).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 140).

Á 30. fundi í Ed. miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á. 32. fundi í Ed., föstudaginn 1. apríl var frv. tekið til 2. umr. (A. 140).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 140).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 230).

---

3. Bæjarstjórn á Akureyri.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri (A. 104).

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Jeg sje ekki ástæðu til að færa mörg rök frv. þessu til stuðnings; jeg vona, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer málið. Jeg vil aðeins bæta örfáum orðum við greinargerð frv. Eins og sjá má, fer frv. ekki fram á annað en að þingið, að forminu til, veiti bæjarfjelaginu heimild til að koma fjármálum sínum í haganlegt horf. Þessi breyting getur því ekki talist athugaverð, og er ekki hætta á því, að hrapað verði að henni undirbúningslaust, því að málið verður eflaust rætt á borgarafundum bæjarfjelagsins, og þar geta allir átt kost á að beita áhrifum sínum í þá átt, sem þeir álíta heppilega. Jeg geri ráð fyrir því, að sú stefna sje ráðandi hjer, að stuðla beri að því, að sveitar- og bæjarfjelög fái sem mest sjálfsforræði um sín eigin mál, ef það kemur ekki í bága við hagsmuni almennings. Hjer er ekki um slíkt að ræða. Frv. fer aðeins fram á að finna rjettlátan grundvöll fyrir nauðsynlegar tekjur bæjarfjelagsins. Jeg verð að halda því fram, að hækkun sú, sem frv. fer fram á, er ekki svo mikil, að hún ætti að vaxa mönnum í augum. Til skýringar má geta þess, að þær lóðir, sem frv. nær til, eru varla að jafnaði meira en 500—1000 kr. virði, og verður því skatturinn af þeim eftir lægra gjaldinu 5—10 kr., en eftir hærra gjaldinu 10—20 kr. Það er ekki stórt spor, sem stigið er. Á túnum og matjurtagörðum verður eftirgjaldið helmingi lægra. Ef gert er ráð fyrir, að meðaltún þar um slóðir sje um 10 dagsláttur, og það sje vel girt og vel ræktað, þá mundi mega meta það á 5 þús. kr. og gera ráð fyrir, að það gefi af sjer um 80 hesta, og verður skatturinn þá eftir lægra gjaldinu 25 kr., en 50 kr., ef hærra gjaldið er

lögleitt. Af þessu má sjá, að engum er mjög íþyngt, þótt þetta nái fram að ganga. Eins má taka t. d. matjurtagarða, og ef gert er ráð fyrir, að þeir sjeu að meðaltali um 100 ferfaðmar og gefi af sjer 5 tunnur af garðávöxtum, verður skatturinn 1 kr. eftir lægra gjaldinu, en 2 kr. eftir því hærra, ef hver ferfaðmur er metinn á 2 kr. Menn sjá, að 2 kr. er ekki hár skattur á eign, sem er 200 kr. virði.

Sveitar- og bæjarfjelög geta ekki látið sjer nægja óviss útgjöld ein, frekar en ríkið. Það verður að vera eitthvað ákveðið að halda sjer við. Það er til lítils að leggja á menn svo og svo mikið, og eiga það á hættu að þessi skattur heimtist ef til vill aldrei inn. En jörðin hleypur ekki frá mönnum; hún er sá skattstofn, sem er öruggastur. Á Akureyri er landbúnaður í framför, en það lítur út fyrir, að heldur sje að draga úr sjávarútveginum, og er því eðlilegt, að skatturinn lendi á jörðinni.

Jeg þarf ekki að ræða þetta frekar. Mjer finst málið svo ljóst og sjálfsagt, að jeg skil ekki annað en það fái hinar bestu undirtektir, og sje jeg ekki ástæðu til að setja það í nefnd. En ef til þess kemur, mun það eiga heima í allsherjarnefnd, en jeg geri það ekki að till. minni, að því verði vísað þangað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 104).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 104).

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Þó að frv. þetta hafi farið nefndarlaust í gegnum háttv. Nd., þá er ekki sjálfsagt að gera því hjer að öllu leyti sömu skil. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji bregða fæti fyrir það, nje til þess að varna því, að sú grundvallarhugsun nái fram að ganga, sem í því felst. En til mála gæti komið að breyta frv. í heimildarlög, sem gætu náð til fleiri kaupstaða en Akureyrar. Það munu víða í kaupstöðum vera tekin gjöld af lóðum. En mörg bæjarfjelög finna til þarfarinnar á því að auka föstu tekjurnar, og því væri vert að athuga, hvort eigi væri rjett að gera þetta frv. að heimildarlögum. Sama er að segja um kauptún, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig. Það rekur hvort sem er bráðlega að því, að eitthvað verður að gera, til þess að afla sveitarsjóðum fastra tekna. Hjer er að ræða um eina slíka tilraun,

en hún nær ekki til nema eins bæjarfjelags.

Það hefir farist fyrir, að stjórnin legði fram slíkt frv., jafnhliða skattafrv., og þó hefði verið ástæða til þess, því að sveitargjöldin eru þyngstu skattarnir á þeim, sem nokkurs verulegs eru umkomnir.

Eins og menn muna, samdi skattamálanefndin, sem skipuð var 1907, frv. til laga um tekjur sveitarsjóða. Var þar gert ráð fyrir föstum tekjum sveitarsjóðanna, og að aðalskatturinn væri fasteignaskattur, og svo hundraðsgjöld af föstum tekju- og eignarskatti.

Það er ef til vill ekki rjett að fara langt út í þetta mál að svo stöddu, þar sem þetta frv. er svo takmarkað. En jeg vildi aðeins vekja athygli háttv. deildar á þeirri nauðsyn, sem hjer er um að ræða, og sem helst þyrfti að bæta úr á þessu þingi.

Jeg legg því til, að þessu frv. verði vísað til nefndar, og þá helst til háttv. fjhn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., föstudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 104, n. 196).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 196, hefir fjhn. fallist á ástæðurnar fyrir því, að nauðsynlegt sje að hækka þetta fasta gjald til bæjarsjóðs Akureyrar. Telur nefndin það og kost, að gjaldið er færanlegt, eftir því, sem á stendur, svo að það þarf ekki altaf að vera jafnhátt, en getur verið mismunandi, eftir því, sem þarfir bæjarsjóðs eru í hvert skifti.

Nefndinni þótti hlýða að láta í ljós það álit sitt, að rjett væri að ákveða með lögum fasta tekjustofna handa sveitar-, bæjar- og sýslusjóðum, og telur nefndin æskilegt, að stjórnin leggi frv. um þetta efni fyrir næsta Alþingi. Mætti þá koma samræmi í löggjöfina um þetta, en það samræmi vantar nú, og það jafnvel svo, að í kaupstöðunum, sem þó hafa allir lögákveðið gjald til bæjarsjóða, gilda mismunandi ákvæði. Þetta er óviðkunnanlegt, og sjálfsagt að laga það. Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg er háttv. fjhn. sammála um það, að finna þurfi fasta tekjustofna, ekki einungis handa bæjar- og sveitarsjóðum, heldur einnig handa sýslusjóðum. En mjer líkar það illa, að verið sje að hringla með löggjöf um þetta ár eftir ár. Fyrir þessu þingi liggja nú skattafrv. fyrir 3 kaupstaði, og stefnir hvert í sína átt. Þetta kann jeg illa við. Jeg vildi, að þetta væri gaumgæfilega athugað, og samræmt síðan. En það er ofmikið verk handa þingnefnd að gera. Stjórnin á að gera þetta, og þá jafnframt leita álits hlutaðeigenda, eins og hv. nefnd hefir bent á. Og þetta ætti ekki að þurfa að taka mjög langan tíma. Tel jeg því óráðlegt að afgreiða nein lög um þetta á þessu þingi, þar sem búast mætti við, að þeim yrði að breyta ef til vill þegar á næsta þingi.

Fyrir því leyfi jeg mjer að bera fram svo hljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

„Í því trausti, að stjórnin, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, taki til íhugunar ákvæðin um skattaálöguvald sveitastjórna, samræmi þau í kaupstöðunum og komi, svo fljótt, sem auðið er, fram með frv. til laga um

það og fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“.

Jeg vil aðeins bæta því við, að jeg hygg, að fjhn. Nd., sem hefir til meðferðar frv. um breyting á bæjarstjórnarlögum Siglufjarðar, muni koma fram með dagskrá í svipaða átt í því máli.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það er ekki gott fyrir mig að mæla móti dagskrá háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), því að hún fer mjög í sömu átt og álit nefndarinnar. Þó er þar eitt atriði, sem mjer þykir athugavert, þar eð það er til þess heldur að draga úr því, sem nefndin hefir sagt. Í dagskránni er stjórninni falið að koma fram með frv. um þetta efni „sem fyrst“. Þetta er teygjanlegt og ekki nærri eins ríkt að orði kveðið og í nál., þar sem ætlast er til, að þetta frv. komi fyrir næsta þing.

En það, sem einkum ber á milli háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) og nefndarinnar, er það, að hann vill ekki láta þetta frv. ganga fram nú. Nefndin aftur á móti leit svo á, að mikil bót væri að þessari breytingu fyrir hlutaðeigandi kaupstað, og væri þá engin ástæða til þess að láta hann bíða.

Jeg lít svo á, að það hafi verið afturför þegar sveitarsjóðirnir voru sviftir föstum tekjustofnum. Fastir skattar og beinir eru rjettlátari en aðrir og geta oft jafnvel komið betur á heldur en niðurjöfnun, þótt hún eigi að heita að vera gerð eftir „efnum og ástæðum“. Þetta frv. eykur þá upphæð, sem Akureyrarbær fær inn með föstum sköttum, og eykur þá um leið rjettlæti. Þess vegna á háttv. deild ekki að aftra því, að Akureyri fái að njóta þess, þar til væntanleg endurskoðun hefir farið fram, jafnhliða og ákveðnir væru með lögum fastir tekjustofnar fyrir sýslusjóði og sveitarsjóði. Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að frv. nái fram að ganga, en ekki vegna þess, að hún vilji tefja fyrir því, að hin margumrædda endurskoðun þessarar löggjafar fari sem fyrst fram. Þvert á móti. Það kom meira að segja til tals í nefndinni að flytja þál.till., til þess að herða á því, og verður ef til vill gert. Og um hringlið, sem af því leiddi að samþ. þetta nú, og þurfa svo ef til vill að breyta því fljótt aftur, vil jeg aðeins segja það, að mjer virðist sem nú sje hringlað með flest lög og hrært í þeim ár frá ári; er það reyndar venja, sem jeg vil ekki ljúka lofsorði á, en hlýtur að stafa af ofmikilli óvandvirkni löggjafanna.

Sigurður Eggerz: Jeg hefði nú næstum getað sparað mjer að tala eftir ræðu háttv. frsm. (G. Ó.). Við í fjhn. erum alveg sammála háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) um þörfina á því að fá samræma löggjöf um þetta efni. En hagur þessa bæjarfjelags, sem hjer um ræðir, er örðugur eins og margra fleiri um þessar mundir, og því teljum við ekki rjett að spyrna á móti þessu frv., sem þó mætti verða til nokkurra hagsbóta. Þetta er líka aðeins hækkun á gjaldi, sem til er fyrir. Og jeg sje ekki, að þetta þurfi neitt að vera til hindrunar, þá er tekið verður að samræma löggjöfina. Vona jeg því, að háttv. deild samþykki frv. Annars skal jeg geta þess, að jeg er því samþykkur, að þál.till. komi fram, eins og háttv. frsm. (G. Ó.) gat um.

Jóhannes Jóhannesson: Ástæðan fyrir því, að jeg vil ekki taka upp í dagskrártill. ákvæði um, að frv. um það efni, er hjer ræðir um, verði lagt fyrir næsta þing, er sú, að sýslufundir eru þegar um það afstaðnir í ár, og verða ekki haldnir fyr en í marsmánuði næsta ár. Þess vegna er ekki unt, að álit sýslunefnda um það geti legið fyrir næsta þingi, nema þá að sýslunefndir væru kvaddar á aukafund til þess

að ræða málið. Jeg er ekki á móti því, að gjald það, er hjer ræðir um, verði hækkað. En jeg álít nauðsynlegt, að samræmi fáist um alla lögmælta tekjustofna kaupstaðanna, og einnig sveita og sýslna, sem nauðsynlega þurfa að fá nýja tekjustofna til að styðjast við, svo ekki þurfi að vera að grauta í þessu þing eftir þing, og að samfeld löggjöf um þetta efni verði gildandi í framtíðinni, en að ekki gildi önnur lög í þessum en hinum kaupstaðnum. Og jeg hygg, að Akureyrarkaupstaður geti vel beðið, þar til þetta er komið í kring.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg lít svo á sem ekki sje rjett að tefja frv. það, er hjer liggur fyrir, með því að samþ. dagskrártill. háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.).

Hjer er farin ný leið til þess að afla bæjarsjóðum tekna. Og jeg álít, að heppilegt sje að fá dálitla reynslu um það, hvernig löggjöf í þessa átt reynist, áður en samfeld og víðtæk löggjöf um þessi efni er samþykt. Ef þetta frv. verður samþ. nú, þá fæst einmitt nokkur reynsla og bending um, hvernig haga skuli löggjöf um þetta síðar. Og því er jeg, fyrir mitt leyti, samþykkur því, að frv. nái nú fram að ganga.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að játa það, að jeg hefi ekki athugað frv. það, sem hjer liggur fyrir, svo vel sem skyldi. Mjer finst ýmislegt mæla með því, að málið verði nú aðeins afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem liggur hjer fyrir. Í mínum augum eru það engin meðmæli með frv., sem háttv. frsm. (G. Ó.) taldi því til gildis, að lóðir hafa hækkað nokkuð, og því von um meiri tekjur af því handa bæjarsjóðnum en áður hefði orðið. Mjer finst einmitt athugavert að samþ. þetta frv. nú, af því að fyrir þinginu liggur frv. um fasteignaskatt, sem gerir ráð fyrir 2½ ‰—3 ‰ gjaldi af lóðum þeim, er hjer ræðir um, til ríkissjóðs. Og þar sem við vitum, að verð lóða er yfirleitt mjög hátt nú eftir síðasta mati, og allar líkur til, að töluverð breyting verði á því að 10 árunum liðnum, þá virðist mjer rjettara, að hlutaðeigendur fengju tíma til að athuga, hvort skattur sá, er hjer um ræðir, myndi ekki fullhár, þegar væntanlegur **fasteignaskattur til ríkissjóðs bætist við.**

Að þessu athuguðu mun jeg greiða dagskránni atkv.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) hjelt, að ekki mundi unt fyrir stjórnina að undirbúa málið undir næsta þing, ef leita ætti álits sýslunefndanna, þar sem sýslufundir væru nú um það afstaðnir, og ekki farið að halda næstu sýslufundi áður en Alþingi 1922 kemur saman. Jeg býst nú við, að sýslunefndir yrðu kvaddar á aukafund, til þess að ræða þetta mál, jafnframt ýmsum öðrum málum, sem fyrir þeim kynnu að liggja. Jeg held því, að halda beri því fast að stjórninni að undirbúa málið undir næsta þing.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hjelt, að jeg hefði farið of fögrum orðum um þennan skatt, því að lóðir væru mjög hátt metnar. Þykir mjer óviðkunnanlegt að heyra slík ummæli frá einum af þeim mönnum, sem lagt hafa síðustu hönd á fasteignamatið. Því hvað mun öðrum finnast um þetta margra nefnda verk, ef yfirmatsnefndarmennirnir sjálfir telja sumt af fasteignunum of hátt metið. Býst jeg við, að ganga megi út frá því, að á næstu 10 árum verði lóðir skattlagðar til sýslusjóða og sveitarsjóða, þrátt fyrir það, þótt jafnframt sje goldinn skattur af þeim í ríkissjóð. Jeg held ekki að við getum útvegað sveitar- og sýslufjelögum tekjustofna, sem sjeu skattfrjálsir frá ríkisins hálfu.

Það hefir verið talað um það, að mat á lóðum sje svo hátt, að órjettlátt muni þess vegna að skattleggja þær eins og hjer er

farið fram á. Matið hlýtur að vera bygt á því, sem lóðir hafa gengið kaupum og sölum undanfarið, og skattur af lóðum er því jafnrjettlátur og af öðrum fasteignum, sem metnar munu eftir svipuðum grundvallarreglum.

Einar Árnason: Af því jeg býst við að greiða atkvæði móti rökstuddu dagskránni, vil jeg gera örlitla grein fyrir atkvæði mínu. Jeg vil ekki láta það skiljast svo, sem jeg sje mótfallinn efni dagskr., um að skora á stjórnina að undirbúa löggjöf um fasta tekjustofna handa sýslu- og sveitarsjóðum. En jeg er mótfallinn því, að þessu frv. sje vísað frá fyrir þá sök, að þingið ætlist til, að slíkt verði framkvæmt. Mál þetta hefir nú gengið gegnum Nd., og á mjög lítið eftir til þess að komast gegnum þingið, og þætti mjer illa farið, ef það yrði nú svæft, þar sem bæjarstjórn Akureyrar hefir einmitt athugað mál þetta nákvæmlega og er einhuga á því, að fá lögleiddan skattstofn þann, er frv. fer fram á. Og jeg sje ekkert á móti því, þótt samfeld löggjöf yrði samin um þetta efni síðar, að þetta frv. gangi fram nú. Jeg skal geta þess, að jeg álít svona lagaðan skattstofn ekki nauðsynlegan fyrir hreinar landbúnaðarsveitir. Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum er þar allajafna rjettlátasti og besti grundvöllurinn, vegna þess, að hreppsnefndirnar munu venjulega hafa sæmilega glögt yfirlit yfir ástæður manna og efnahag í sínu sveitarfjelagi. Alt öðru máli er að gegna með fjölmenn kauptún og kaupstaðina. Jeg mun því, eins og jeg hefi tekið fram, greiða atkvæði gegn dagskránni, af því að hún er sett í samband við þetta mál.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg held, að farið hafi fyrir háttv. frsm. (G. Ó.) eins og mjer, að hann hafi ekki hugsað út í það, er mál þetta var til athugunar í nefndinni, að verið er að leggja sjerstakan skatt með frv. þessu á lóðareigendurna.

Menn vita ef til vill ekki, að í fasteignaskattsfrv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir að greiða skatt af þessum eignum. Það er gefin bending um það, að skattur skuli goldinn af jarðeignum, en engin bending gefin um lóðir. Jeg held, að hlutaðeigendur hafi ekki íhugað það, að með þessu er tvöfaldur skattur lagður á lóðareigendurna.

Jeg sagði áðan, að lóðir væru yfirleitt hátt metnar. Jeg hygg, að lóðir á Akureyri sjeu yfirleitt sanngjarnt metnar. En jeg veit, að lóðir t. d. á Siglufirði eru svo hátt metnar, að það gengur ógegnd næst. Það er ekki af því, að mat á þeim sje rangt. Við höfum fengið upplýsingar um það hjá formanni yfirmatsnefndar í Eyjafjarðarsýslu. Hann segir þær metnar lægra en lægstu tilboð í þær. Jeg er sannfærður um það, að mat á þessum lóðum hrapar niður að 10 árum liðnum; það getur ekki staðið nema í augnabliksspenningi, í nokkurs konar hrjálsemiskasti, sem gripið hefir fólkið svo víða þessi árin. En það var skylda matsmanna að meta eignir þessar eftir tilboðum, sem í þær höfðu fengist, og því eru þeir ekki álösunarverðir. Hvanneyrarhreppur, þar sem Sigulfjörður er í, er t. d. metinn helmingi hærri til skattgjalds en allar Vestmannaeyjar. Jeg mundi þó heldur kjósa Vestmannaeyjar, ætti jeg að kjósa um þessa staði til eignar.

Jeg held því, að ótímabært sje að samþykkja þetta frv. nú, og að Akureyrarbúar sjái, ef þeir taka málið til athugunar á ný, að hægt er að leggja skatt til bæjarsjóðs á aðrar og fleiri fasteignir með jafnmiklum rjetti og lóðir, og finna þá ef til vill leiðir, sem þeir ekki sjá nú.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Seyðf.

(Jóh. Jóh.) feld með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., Jóh. Jóh., S. H. K., G. B.
nei: S. J., S. F., B. K., E. Á., G. Guðf., G. Ó., H. St., H. Sn., S E.
Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 104).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 231).

---

4. Löggilding Suðureyrar við Tálknafjörð.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var útbýtt
Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð (A. 151).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg þarf fátt annað að segja um þetta litla frv. en það, sem tekið er fram í hinni stuttu greinargerð. Jeg vil aðeins taka það fram, að þótt á þessum umrædda stað sje nú ekki löggiltur verslunarstaður, fer þar fram mikil verslun, einkum með kol og salt. Jeg sje tæpast þörf á því að vísa þessu máli til nefndar, og leyfi mjer að vænta góðra undirtekta háttv. deildar, og mun svo ekki fjölyrða frekar að sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 151).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 151).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 151).

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 2. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti (G. B.): Þetta mál er komið frá Nd. og gekk nefndarlaust og breytingalaust gegnum þá deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 151).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 151).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 248).

---

5. Sala á Upsum.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu (A. 118).

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Stefán Stefánsson): Eins og ástæðurnar fyrir frv. bera með sjer, þá liggja þau rök til þessa frv., að hreppsnefndinni í Svarfdælahreppi hefir borist áskorun frá þorpsbúum í Dalvík, að hlutast til um, að þeir gætu fengið land til mótaks og beitiland fyrir skepnur sínar á hagstæðum stað,eða sem næst sjer.Hreppsnefndin brást þegar vel við og leitaði fyrir sjer um jörð, sem fullnægði sem best þessari sjálfsögðu eða eðlilegu kröfu, sneri sjer því til ábúandans á Upsum í Svarfaðardal með þá málaleitun, að hann vildi gefa hreppnum eftir ábúðar-. og kauparjett á jörðinni, því að þar er landrými mikið og mótak gott.

Ábúandinn tók þessu erindi nefndarinnar mjög vel og viðurkendi nauðsynina á því, að þorpið fengi þessar landsnytjar; hefir því eftirlátið hreppnum kauparjett á jörðinni, og sömuleiðis gefið frá sjer rjett til ábúðarinnar, með það fyrir augum, að jörðin komi að meira eða minna leyti Dalvíkingum til nota. Hreppsnefndin hefir því skrifað mjer og mælst til, að jeg flytti þetta mál hjer í þinginu.

Jeg skal svo ekki fara mörgum orðum um þá nauðsyn, sem hjer er fyrir hendi, en vildi aðeins geta þess, að eiginlega mega teljast fá ár síðan Dalvík fór að byggjast að nokkrum verulegum mun, en nú er þar orðið allmyndarlegt þorp. Um 30—35 grasbýli og þurrabúðir, og mannfjöldi að jeg hygg rúm 300. Það er því sjáanlegt, að

þessum mannfjölda er nauðsyn á því, sem fram á er farið í frv.

Þessi skjóti vöxtur þorpsins hlýtur að liggja aðallega í því tvennu, að þorpið er mjög vel sett til veiðiskapar eða sjávarútvegs, og svo einnig því, að inn af Dalvík liggur mjög góð sveit og fjölmenn. Það er því eðlilegt og má telja víst, að þar aukist bygging, langt framar því, sem enn er.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en óska að frv., að lokinni umræðu, verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það eru ekki nein lög til, er heimila að selja kirkjujarðir eða þjóðeignir á þennan hátt, og þess vegna er þetta frv. fram komið.

Jeg hefi ávalt verið því fylgjandi, að bæjarfjelög og kauptún fengju keyptar þær kirkjujarðir eða þjóðeignir, sem þeim væru nauðsynlegar, og get jeg þess vegna fyrir mitt leyti mælt með frv.

En jeg verð þó að láta þess getið, að jeg sje ekki neina ástæðu til þess, að frv. fari í landbúnaðarnefnd, eða fari yfir höfuð til neinnar nefndar. Það yrði aðeins til að tefja fyrir því, að láta það fara í nefnd, og vildi jeg skjóta því til háttv. flm. (St. St.), hvort honum sýnist ekki að láta það ganga bara beint fram.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg vil þakka hæstv. forsrh. (J. M.) undirtektir hans, og fell frá till. minni um að setja málið í nefnd. Jeg fyrir mitt leyti tel það alls ekki nauðsynlegt, en af því að mjög sviplíku máli og þessu var vísað til landbúnaðarnefndar hjer í hv. deild í gærdag, leit jeg svo á, að þetta frv. mundi ekki fremur geta sloppið við athugun nefndar, en úr því það er álit hæstv. forsrh. (J. M.), að þetta sje ónauðsynlegt, fell jeg auðvitað frá minni tillögu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 118).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 118).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., laugardaginn 19. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 118).

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er í rauninni, eftir því sem jeg lít á þetta mál, aðeins formsatriði, er gerir það, að þurft hefir að fara með mál þetta til Alþingis.

Að minni vitund er ekkert því til fyrirstöðu, að jörðin sje seld, því þótt jeg sje móti þjóðjarðasölu yfirleitt, þá hefi jeg ávalt álitið rjett að selja jarðir landsins, ef kaupstaðir eða þorp hafa þurft á þeim að halda til sinna nytja. Þess vegna vona jeg, að háttv. deild lofi frv. þessu að ganga fram.

Að því er mig minnir, var þessu máli eigi vísað til nefndar í háttv. Nd., og tel jeg ekki þörf á því hjer heldur, þar eð málið er svo einfalt og óbrotið.

Halldór Steinsson: Jeg býst ekki við, að neitt sje athugavert við þetta mál, en álít þó rjettara, vegna þess að það hefir ávalt verið venja, að vísa svipuðum málum til nefndar, og legg til, að því verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er svo sem ekkert á móti því, að máli þessu verði vísað til nefndar, en nefndin gerir sjálfsagt ekki annað í málinu en að leggja til í tveim línum að það verði samþ. Hygg að annað samskonar mál hafi verið sett í nefnd í Nd., en þetta frv. þótti eigi eiga neitt erindi þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1652) með 13 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 118, n. 204).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Þetta smámál gekk nefndarlaust gegnum Nd. Hjer var því vísað til landbúnaðarnefndar. Eins og sjest á nefndarálitinu leggur nefndin til, að frv. nái fram að ganga, nema 2. gr. Þar er tekið fram, að jörðin skuli metin af óvilhöllum mönnum. En óþarft virðist að taka þetta fram, þar sem stjórnin að sjálfsögðu sjer um, að það verði gert.

Óska jeg svo, að málinu verði vísað til 3. umræðu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 204 samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 217).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursendt Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 217).

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg þarf nú ekki mikið að segja, þó að jeg standi upp. Frv. þetta var afgr. hjer í háttv. deild fyrir nokkrum dögum, og er nú hingað komið aftur frá háttv. Ed., með þeirri einu breytingu, að 2. gr. hefir þar verið feld í burtu, vegna þess að hún „virðist með öllu óþörf og óviðeigandi“ og ber fyrir sig kirkjujarðasölulögin frá 1907, sem hafi þetta ákvæði að geyma.

Það var mjer að vísu ljóst, er jeg samdi frv., að greinin mundi ekki nauðsynleg, en

af því að mjer var kunnugt um, að þetta sama ákvæði hafði verið sett í fyrverandi frv. fyrir sölu kirkjujarða þeirra, er samþ. hafa verið hjer á þingi, og get jeg í því sambandi nefnt Ögur og Sellón, sem samþ. var að selja á Alþingi 1919, þá gerði jeg ekki ráð fyrir, að þetta ákvæði yrði til þess nú, að þeyta frv. þessu milli háttv. deilda Alþingis.

En hins vegar get jeg sem sagt játað, að ákvæði þetta sje óþarfi, og vona því, að háttv. deild samþ. frv. eins og það er nú, að þessari umr. lokinni.

Aftur á móti get jeg ekki fallist á þá lýsingu á jörðinni Upsum, sem hv. landbn. Ed. setur í nál. sitt. Hún er mjög villandi. Mjer er ekki kunnugt um þau miklu gæði, sem þar eru talin upp, og t. d. skal jeg geta þess, að jörðin er í flestum vetrum undirlögð af snjó, og þess vegna fremur rýr til beitar, og um trjáreka hygg jeg að vart sje að ræða. En á Böggversstöðum, sem þar liggur rjett við, er alloft talsverður reki, og býst jeg við, að þetta hafi ruglast saman hjá háttv. landbn. Ed. En sá reki er allur á Böggversstaðasandi og þar er ekki um nokkurt ítak að ræða frá Upsum. Að vísu er þetta ekkert aðalatriði þessa máls, en jeg vildi láta þess getið, að jeg get, sem kunnugur maður, ekki fallist á þessar upplýsingar viðvíkjandi jörðinni.

Fleira hefi jeg ekki að segja, en vona, að háttv. deild samþ. frv. eins og það liggur nú fyrir.

Jón Baldvinsson: Jeg vil nota tækifærið, úr því að frv. þetta er hjer aftur á ferðinni, að gera aths. mínar við það, eða öllu heldur mótmæla þeirri hættulegu leið, sem það stefnir inn á. Að vísu ljet jeg frv. þetta afskiftulaust, er það var hjer til umr. áður, en afstöðu minni til þessa máls: sölu opinberra eigna, lýsti jeg að nokkru í aths. mínum við annað frv., sem hjer var líka á ferðinni fyrir nokkrum dögum. Þá tók jeg það fram, að athugavert væri, að Alþingi heimilaði að selja opinberar jarðir, þó aldrei nema kauptún, sveitir eða sýslufjelög væri kaupandinn. Og það sem jeg átti við með því, og vil endurtaka nú, er það, að jeg tel þetta svo hættulega braut vegna þess, að dæmin einmitt sýna okkur, að jarðir þessar hafa á stundum komist í braskarahendur og gengið kaupum og sölum á milli einstakra manna. Jeg segi að þessi dæmi sjeu til, en jeg segi ekki, að þetta muni vaka fyrir þeim mönnum, sem þessi frv. flytja nú á þessu þingi.

Og nú er hjer fram komið enn þá eitt frv., sem heimilar landsstjórninni að selja prestssetrið Hvanneyri í Siglufirði, svo ekki er gott að vita, hvar þetta lendir. En úr því svona er haldið áfram, þá vil jeg að salan sje ekki leyfð nema með vissum skilyrðum, t.d. að ákvæði sje í lögunum um það, að hrepparnir eða kauptúnin geti ekki síðar meir selt jarðir þessar eða hluti þeirra einstökum mönnum.

Jeg bjóst nú ekki við, að hjer yrði farið svo fljótt yfir dagskrána eins og raun er á orðin, og hafði því ætlað mjer að koma með brtt. í þessa átt.

Þótt jeg búist við, að hreppurinn telji sig þurfa að halda á jörð þessari nú í bráðina, þá getur það breytst, og hjá hreppnum verður hún lausari fyrir til að komast í hendur einstakra manna, en það teldi jeg ver farið.

Jeg vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann flytti málið aftur á dagskrána, svo að mjer gæfist kostur á að koma með brtt. í þá átt, er jeg nefndi: að hreppurinn mætti ekki selja einstökum mönnum þessa jörð, þó að hann væri búinn að kaupa hana.

Forseti (B. Sv.): Jeg get ekki orðið við þessari ósk háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Annaðhvort er að halda áfram umr. eða taka málið hreinlega út af dagskrá. Ef

háttv. flm. (St. St.) felst á, að málið sje tekið út af dagskrá, þá skal jeg fresta umræðunni til næsta dags.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg sje ekki ástæðu til annars en að málið fái þegar fram að ganga. Það hefir gengið gegn um 3 umr. hjer í deildinni, og því undarlegt, að hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) skuli nú fyrst hafa tekið það í höfuðið, að nauðsynlegt sje að koma með brtt. við það.

En jeg skal taka það fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að það eru engar líkur til þess, að jörðin verði seld nokkrum einstökum manni eða að hún lendi í hendur braskara. Frv. þetta er fram komið fyrir ósk Dalvíkurbúa, sem þurfa nauðsynlega að öðlast fullan notarjett til mótaks, beitilands og jafnvel þess annars, sem jörðin hefir að bjóða. Og þetta getur ekki breytst, nema með því eina móti, að þorpið leggist niður, en fyrir því eru ekki nokkrar minstu líkur, ja, jeg vil segja, alla **þá framtíð**, sem menn nú geta gert sjer eiginlega nokkra hugmynd um eða grein fyrir.

Hins vegar eru mjög miklar líkur til þess, að þorpið stækki, og þá veitir því sannarlega ekki af þeim fríðindum, sem jörðin hefir í sjer. Þess vegna finst mjer þetta hálfgerðar firrur hjá háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), og að þetta ákvæði hans komi aldrei að liði, þó að það verði sett inn í lögin.

Vil jeg því treysta því enn, að hv. deildarmenn greiði frv. atkv. sín eins og það liggur nú fyrir.

Jón Baldvinsson: Þar sem háttv. flm. (St. St.) hefir upplýst um það, að jörð þessi muni aldrei verða seld einstökum mönnum, sje jeg ekki hvers vegna það ætti að skaða, þó að ákvæði þetta yrði sett inn í frv., áður en það er afgreitt hjeðan frá deildinni, og vil jeg enn skjóta því til hæstv. forseta, hvort það sje ekki hægt að fara þá leið, sem jeg benti á áðan.

Forseti (B. Sv.): Þar sem háttv. flm. (St. St.) er því andvígur, að frv. þetta sje tekið af dagskrá, og það hefir nú gengið gegnum þrjár umr. hjer í deildinni, sje jeg ekki brýna ástæðu til að fresta afgreiðslu þess.

Jakob Möller: Við allar umr. þessa máls hjer í deildinni ljet jeg það afskiftalaust, þó að jeg hins vegar greiddi aldrei atkvæði á móti því. Jeg tel varhugavert að selja jarðir landssjóðs hreppum eða kauptúnum. Jeg sje ekki, að það skifti svo miklu máli fyrir hreppana að eignast slíkar jarðir. Mjer finst, að viðkomandi hreppsfjelag geti samið við landsdrottin um haganlegt leigufyrirkomulag. Og þar sem hjer er um landssjóð að ræða eða stjórnina, þá ætti að vera auðvelt að komast að góðum kjörum. Jeg myndi nú hafa látið þetta frv. hlutlaust, hefði hv. flm. (St. St.) látið hjer staðar numið. En þar sem nú er á ferðinni frá honum annað frv., um að heimila sölu á Hvanneyri í Siglufirði, þá get jeg ekki lengur setið hjá, og verð nú að greiða atkv. á móti frv., þó að jeg telji það í raun og veru ekki miklu máli skifta, út af fyrir sig, þó að Upsir væru seldar. En jeg verð að taka í sama streng og háttv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (J. B.), um, að hjer sje gengið inn á hættulega braut.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 249).

6. Eignarnám vatnsrjettinda í Andakílsá.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um eignarnám á Andakílsfossum og landspildum við Andakílsá til vatnsvirkjunar (A. 72).

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Þótt mál þetta sje ofureinfalt og nægt geti því til skýringar greinargerð sú, er fylgir, þá vil jeg samt leyfa mjer að skýra í stuttu máli frá tildrögum þess.

Sumarið 1919 hófu nokkrir menn í Mýrasýslu samtök til að láta athuga möguleika innan hjeraðs til vatnsvirkjunar með rafafli til almennrar notkunar, og fengu þeir þá um sumarið sjerfróðan mann í þessum efnum, til þess að gera athuganir og mælingar á ýmsum stöðum í þessu skyni.

Árangur af þessum athugunum varð sá, að fullkomin vissa varð fengin fyrir því, að Andakílsfossar, sem eru í Andakílsá, skamt frá botni Borgarfjarðar austanverðum, eru betur en nokkurt annað vatnsfall fallnir til þess að virkja þá til almennra raforkunota, hvort sem væri fyrir tiltölulega lítið eða alveg ótakmarkað svæði innan hjeraðs.

Að því búnu var fengin bráðabirgðakostnaðaráætlun um rafvirkjun og rafleiðslur báðum megin fjarðarins til kauptúnanna Borgarness og Akraness, miðuð við verðlag á efni og vinnu eins og það var 1919, og samkvæmt henni var rafvirkjun við fossana álitleg til hagsmuna, þótt ekki væri um annað meira að ræða en hina almennu heimilisnotkun til ljósa, suðu og upphitunar.

Í marsmánuði 1920, á aðalfundum sýslunefndanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, tóku nefndirnar mál þetta í sínar hendur og ályktuðu, hvor í sínu lagi, að halda undirbúningi áfram í sameiningu og láta gera fullnaðar mælinga-uppdrætti og kostnaðaráætlanir til virkjunar fossanna og raftauga um hjeruðin og kauptúnin Akranes og Borgarnes.

Sýslunefndirnar ályktuðu ennfremur að leita samninga um kaup á fossunum og rjettindum til landsnotkunar við þá og þar í grend.

Þetta var svo alt, eða að mestu leyti, framkvæmt síðastliðið ár, og nú er því lokið.

Í sambandi við annað erindi frá sýslunefndunum til hins háa Alþingis, er snertir þetta málefni og nú er lagt fram hjer á lestrarsalnum (merkt nr. 115), fylgja skjöl þau, er sýna mælingar, uppdrætti og áætlanir þær, er jeg nefndi.

En eins og getið er um í greinargerð frv. þessa, er eigandi fossanna og rjettinda til landsnota við ána Englendingur, búsettur í Lundúnum, og hefir hann vitanlega engan umboðsmann hjer á landi. Var því kaupsamnings leitað fyrir milligöngu hr. Björns Sigurðssonar, fyrv. erindreka Íslands, og reyndist ómögulegt að ná samningum, nema þá með afarkostum, sem voru hrein og bein frágangssök.

Á sameiginlegum fundi sýslunefnda þeirra, er hjer eiga hlut að máli, 1. febrúar þ. á., var meðal annars gerð sú ályktun, að fela okkur flm. að fá hjá hinu háa Alþingi sjerstaka lagaheimild til þess að taka eignarnámi eignir þær og rjettindi, er frv. nánar tiltekur.

Loks skal jeg geta þess, þótt sýslunefndum þeim, sem hjer eiga hlut að máli, sje það fullkomlega ljóst, að fyrirtæki það, sem eignarnámsheimild þessi er aðeins lítill undirbúningsþáttur í, muni geta átt

langa tíð fyrir höndum til þess að komast í framkvæmd, þá þykir við eiga að lúka þessu undirbúningsatriði nú þegar.

Mjer virðist ekki ástæða til að vísa frv. þessu til nefndar, en vona að hv. deild lofi því fram að ganga.

Jón Þorláksson: Það er aðeins út af ummælum háttv. síðasta ræðumanns, að vísa málinu ekki til nefndar, að jeg stend upp. Það eru ýms atriði í máli þessu, sem nauðsynlegt er að athuga í nefnd. (*Fjrh.*: Það á að fara til fossanefndar). Og þess vegna vil jeg gera það að tillögu minni, að því verði vísað til nefndar að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fossanefndar (sjá A. bls. 1664) án atkvgr.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 148).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg get að mestu vísað til nál. á þskj. 148, en vil bæta því við, að vatnamálanefndin hefir borið sig saman við flutningsmenn frv., og þeir tjáð sig samþykka því, að frv. verði aukið sem nál. og brtt. í því fara fram á. Nefndin orðaði breytingarnar í nánu sambandi við vatnalagafrumvarpið, sem nú liggur fyrir þinginu.

Að öðru leyti vildi jeg geta þess, að það er lítilfjörleg prentvilla í 4. till., sem raunar ekki veldur efnisbreytingu, en jeg óska þó að verði lagfærð, ef frv. verður prentað upp við framhald umræðnanna; þar stendur: viðhaldi, en á að vera: til viðhalds.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að þakka nefndinni, hve vel og rækilega hún hefir tekið í þetta mál.

Jeg viðurkenni, að það er rjett, sem háttv. frsm. (J. Þ.) tók fram, að þessar breytingar hafa verið bornar undir okkur flutningsmenn frumvarpsins, og við urðum ásáttir um að taka þær gildar.

Í raun og veru hefi jeg ekki meira að segja um þetta, en vil leggja það til, að málið gangi sína leið.

ATKVGR.

Brtt. 148,2. (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 148,3. (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með **19 shlj. atkv.**
— 148,4. (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 148,5. samþ. án atkvgr.
— 148,1. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv., svo breyttu, vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv. með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 166).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 166).

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv.— Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta er komið frá háttv. Nd. og var þar í fossanefnd. — Jeg legg því til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer, að umræðunni lokinni. —

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fossanefndar (sjá A. bls. 1663) með 12 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 221).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg þarf ekki miklu að bæta við það, sem í nál. stendur. Nefndin hefir fallist á, að frv. þetta nái fram að ganga með þeim breytingum, er fossanefnd Nd. gerði á því. Þær breytingar eru vegna þess, að ætla má, að samfeld vatnalöggjöf verði orðin að lögum, um það mál þetta kemur til framkvæmda. Breytingarnar eru því gerðar til þess að samræma þetta frv. þeim lögum.

Jeg skal bæta því við, að fossanefnd Nd. hefir ekki með þessum breytingum tekið neina afstöðu til grundvallardeilumála fossamálsins frá 1917 og 1919.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 166).

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 269).

---

7. Biskupskosning.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um biskupskosningu. (A. 77).

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Eins og hv. þd. mun kunnugt, lá mál þetta fyrir aukaþinginu 1920. Frv. var þar vísað til stjórnarinnar, og hefir biskup síðan borið það undir synodus og hjeraðsfundi.

Í umræðunum um frumvarpið 1920 var það tekið fram, að hjer væri að ræða um

upptöku gamals og góðs siðar, þess, að prestar kysu sjer biskup. Hefði sá sið ur haldist hjer frá fyrstu tímum kristninnar og fram um miðja 17. öld, er norðlenskir prestar kusu sjer biskup að Hólum í síðasta sinn.

Sögu þessa máls rakti jeg rækilega á síðasta þingi, og læt jeg mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði þar. Tel jeg nú sem þá, að ekki sje um stóra breytingu að ræða í kirkjunnar löggjöf, þó frv. nái fram að ganga, nje heldur, að ríkið sleppi mikilsverðum rjettindum, þótt það leyfi kirkjunni þessa hlutdeild um biskupskosningu.

Mjer finst það ekki nema sjálfsögð kurteisi við kirkjuna að veita henni hlutdeild í slíku máli, úr því það er ríkinu að skaðlausu.

Frumvarpið hefir síðan verið lagt fyrir hjeraðsfundi. Hafa 13 hjeraðsfundir sent álit sitt, og eru þar af 11 frv. fylgjandi. Þess skal getið, að frv. var lagt fyrir hjeraðsfundina áður en það kom fyrir synodus, og hafa því þær breytingar, er synodus gerði á frv., ekki komið undir úrskurð hjeraðsfunda.

Afskifti synodusar af málinu voru þau, að hún aðhyltist meginstefnu frv., þá, að andlegrar stjettar menn kysu biskupinn, en gerði þó þá breytingu á frv., að biskupinn skyldi ekki kosinn af prestum landsins beinlínis, heldur af kjörmönnum; einum kosnum af prestunum í hverju prófastsdæmi og einum af guðfræðideild háskólans, eða 21 manni alls. Skyldi ríkissjóður greiða ferðakostnað kjörmanna á kjörfund og kosta fundahaldið.

Jeg neita því ekki, að þessar breytingar hafa nokkuð til síns máls. En jeg óttast hins vegar, að það geti orðið nokkur grýla í augum manna, að ríkissjóður skuli eiga að borga ferðir og fundahöld þessara kjörmanna, þótt slíkt geti aldrei orðið tilfinnanleg útgjöld, því slíkir fundir mundu verða fáir.

Þá vil jeg og benda á það, að vel getur það fyrir komið, að þessir kjörfundir verði ekki svo fjölmennir sem þarf, og gætu því orðið þýðingarminni, þannig, að ríkisstjórnin yrði að skipa biskup eftir sem áður. Hitt, að hver prestur tilnefni biskupinn heima hjá sjer, er ofureinfalt, og ólíklegt, að nokkur prestur mundi undan því skorast eða láta slíkt undir höfuð leggjast.

Jeg hefi sniðið þetta frv. eftir því fyrirkomulagi, sem nú er í þessum efnum í nágrannalöndum vorum, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, þar sem þessi breyting er komin. Hver prestur tilnefnir þar þrjá menn, er hann telur hæfasta til biskupstignar. Sá, sem flest fær atkvæðin, hlýtur stöðuna, en ef atkvæði verða jöfn, sker veitingarvaldið úr.

Þessu fyrirkomulagi er haldið í frv. mínu, en þó með þeirri breytingu, að ⅗ atkvæða þurfi sá að fá minst, til þess, að geta orðið rjett kjörinn biskup samkvæmt frumvarpinu.

Ef áhuginn meðal prestanna er svo lítill, að slíkur meiri hluti fæst ekki, tel jeg rjett, að veitingarvaldið veiti embættið. En jeg geri ráð fyrir, að slíkt komi ekki fyrir.

Auk þess, að frv. þetta er í fullu samræmi við gildandi löggjöf um kosningu presta og prófasta, þá sje jeg aðra ástæðu fyrir því, að rjett sje, að frv. gangi fram, og það er fyrir mjer aðalástæðan. Eins og nú er komið kirkjumálum vorum, þá eru nú, eins og menn vita, uppi hjer fleiri en ein stefna í trúmálum. Nú má gera ráð fyrir því, að stjórnin fylgi einni þessari trúmálastefnu, og það, ef til vill, þeirri stefnunni, sem er fámennari. Væri þá ekki vel til fundið, að sú stjórn rjeði ein veitingu biskupsembættisins í landinu. Einn-

ig má líta á það, að það er mjög áríðandi fyrir trúmálin, að sá maður, sem þar er til forgöngu valinn, hafi óskorað traust meiri hluta hinnar andlegu stjettar landsins. Þetta getur brugðist, ef stjórnin skipar biskupinn, þótt ekki hafi það verulega komið að sök hingað til.

Þar sem nú prestar landsins hafa farið með þetta vald öldum saman, en erlend stjórnarvöld dregið það úr höndum þeirra, þá sýnist mjer harla undarlegt, ef þingið getur ekki fallist á, að þessi rjettur sje prestunum aftur fenginn. Og ef frv. verður ekki samþ., get jeg ekki öðruvísi litið á en að í því felist vantraust á prestastjettina, þannig, að henni sje nú ekki lengur treyst til að fara með það vald, er forfeðurnir höfðu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekkert við það að athuga, að þetta frv. er hjer fram komið. Geri ráð fyrir, að stjórnin mundi hafa lagt svipað frv. fyrir þingið innan skamms. En háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir orðið fyrri til. Jeg held það sje rjett, að málið fari í nefnd, sökum þess, að synodus hefir lagt til, að viðhöfð væri önnur kosningaaðferð. Annars er ekki ástæða til að ræða um málið nú. Jeg þykist vita, að háttv. deild muni taka frv. vel.

Jeg vil þó aðeins benda þeirri háttv. nefnd, sem um málið kann að fjalla, á það, að ef guðfræðikennurum háskólans er veitt hlutdeild í biskupskosningunni, þá hafa þau atkvæði auðvitað því meira gildi, sem færri prestar kjósa, en ef allir prestar landsins kjósa, þá verða atkvæði guðfræðikennaranna mjög áhrifalítil. En jeg fyrir mitt leyti tel ekki órjett, að þeir hafi allmikinn atkvæðisrjett um þetta mál.

Jeg legg til, að frv. fari í allsherjarnefnd, enda er flm. (S. St.) í henni, þótt hins vegar geti hugsast, að slíkt frv. gæti farið til mentamálanefndar.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki tefja umræður lengi, því dagskráin er nokkuð löng.

Jeg fyrir mitt leyti er ekkert áfram um þá breytingu á veitingu biskupsembættisins, sem frv. þetta fer fram á. Jeg hygg, að íhald í þeim efnum sje heilbrigt, og að minsta kosti ekki rjett að breyta til, nema fyrra fyrirkomulagið hafi reynst illa. En svo hefir ekki verið í þessu máli, og jeg býst við því, að þó prestar hefðu kosið hina síðustu biskupa vora, mundu til þess hafa verið valdir sömu mennirnir, er þetta embætti hafa skipað.

En úr því, að óskir hafa komið fram frá prestunum í þá átt, sem frv. fer fram á, þá finst mjer bæði sjálfsagt og sanngjarnt að verða við óskum þeirra. Jeg mun því alls ekki spilla málinu, en fremur veita því lið.

Jeg er sammála hæstv. forsrh. (J. M.) um það, að málið sje athugað í nefnd, fyrst og fremst af því, að önnur bein till. hefir komið fram, er bendir á aðra leið í málinu. Er sjálfsagt, að nefndin athugi nákvæmlega, hvor lausnin mundi heppilegri, sú, sem synodus bendir á, eða hin, sem frv. fer fram á.

Ef sú aðferð er höfð, sem synodus hyggur vænlegasta, þá hefir biskupskosningin, að mínum dómi, miklu meira gildi, enda þá víst, að einhver yrði kosinn.

Sumt í þessu frv. er ekki verulega skýrt orðað, svo jeg hefi ekki skilið það almennilega. Þar er sagt í 2. gr., að kjósa skuli biskupsefnin í þeirri röð, sem mönnum þyki best við eiga. Fá þá þessir 3 menn allir sitt atkvæðið hver? Eða hefir efsti maðurinn t. d. 1 atkvæði, sá næsti ⅔ atkv.? Mjer er þetta ekki fyllilega ljóst.

Þá stendur í 3. gr., að sá sje rjett kjör-

inn biskup, er fái ⅗ atkvæða. Mjer skilst nú, að samkvæmt þessu geti tveir menn eða jafnvel þrír orðið rjett kjörnir biskupar, þar sem þrjá menn á að kjósa.

Að vísu getur þá stjórnin skorið úr, en þá þarf líka að gera ráð fyrir því.

Jeg hefi viljað benda nefndinni á þetta, því ef hún hafnar till. synodusar, þá þarf hún nauðsynlega að gera hitt frumvarpið skýrara.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Það er öðru nær en að jeg sje á móti því, að frv. verði sett í nefnd. Hvað viðvíkur ummælum hæstv. forsrh. (J. M.) þá er jeg ekki mótfallinn hans skoðun á málinu. Sama er að segja um háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að þó að hann felli sig betur við frv. eins og synodus hafði það, þá er það fjarri mjer að gera það að kappsmáli, hvor leiðin er valin. Ef mönnum finst frv. óglögt, þá skal jeg geta þess, eins og jeg tók fram áðan, að frv. er líkt orðað eins og lög Norðmanna og Svía um sama efni.

Það er alls ekki tilætlunin, að þetta verði hlutfallskosning, heldur, að sá af prestunum, er tilnefndir eru, sem fær flest atkvæðin, sje rjett kosinn biskup. Eftir 4. gr. er ætlast til, að kirkjustjórnin setji nánari reglur um kosninguna.

Mjer datt í hug, að hún setti reglur um, hvernig ætti að tilnefna þessa 3 menn í röð. Í Noregi og Svíþjóð eru þeir merktir 1, 2, 3, og sá, sem er fyrstur á flestum seðlunum, þá kosinn biskup. Annars alveg eins, hver sem fær flest atkvæði, þó hann sje ekki fyrstur á flestum seðlum. Það má, hvort sem menn heldur vilja, láta stjórnarráðið eða kirkjustjórnina setja reglurnar, bara að þeim verði haldið innan rammans. En því var það, að engar reglur voru settar í frv., að það hefði þá orðið lengra, og þess vegna ætlast til, að kirkjustjórnin gerði það.

Það má vel vera, að kosningin fari betur úr hendi, ef hún væri framkvæmd af kjörnefnd. Jeg skal ekki um það deila.

Jeg vona því, að háttv. deild vísi frv. til 2. umr. og til nefndar, og þá helst til allsherjarnefndar, sem hefir flest samskonar mál til meðferðar.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi gera þá aths., að jeg álít, að þetta frumvarp, eftir eðli sínu, falli helst undir mentamálanefnd. Allsherjarnefnd er líka nú orðin svo hlaðin störfum, að illa er á bætandi, en mentamálanefnd hefir lítið að starfa; hún hefir víst aðeins eitt mál eða svo til meðferðar. Jeg tel það því rjettmætt að vísa því þangað, og frv. vel sæmt af því, ef það á annað borð á að fara í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 13 : 9 atkv.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 134).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Frumvarp þetta hefir engum breytingum tekið í allsherjarnefnd, og er því óþarfi að fjölyrða um það, en skírskota aðeins til greinargerðarinnar á þskj. 77. Meiri hluta nefndarinnar þótti rjett að lofa frv. að ganga gegn um deildina, þar sem um enga breytingu var að ræða, er kæmi í bág við það samband, er nú er millum ríkis og kirkju, en hitt fanst henni sanngjarnt og eðlilegt, að andlega stjettin hefði íhlutunarrjett um veitingu biskupsem-

bættis, því hana skifti það eigi svo litlu máli, hver það sæti skipar og hvort hann nýtur trausts hennar eður eigi, því undir því er góð samvinna komin. Nefndinni fanst að frv. mundi tryggja þetta betur en núgildandi löggjöf gerir, þar eð landsstjórnin ræður því nú einvörðungu, hver sætið skipar, og gæti það því vel fyrir komið, að sú stjórn, sem biskupsembættið veitti, væri áhugalítil um andleg mál, eða jafnvel stæði á öndverðum meið við meiri hluta prestastjettarinnar, og er þá auðsætt, hver sundrung gæti af hlotist millum andlegu stjettarinnar og biskups.

Nefndinni sýndist ekki rjett að koma fram með brtt. við frv. Raunar komu við 1. umr. fram raddir um það, að sumt mætti betur fara, og enda þótt þær breytingar hafi við einhver rök að styðjast, þá fanst samt nefndinni ekki ástæða til að taka þær til greina.

Fjölyrði jeg svo ekki meira um frv. að sinni, en vonast til, að háttv. deild afgreiði frv. til Ed. — Málið er áhugamál margra andlegrar stjettar manna, og þetta fyrirkomulag er þegar komið á hjá nágrannaþjóðunum og er á döfinni í Danmörku.

Jakob Möller: Jeg ætla mjer eigi að spilla fyrir frv., en vil aðeins gera grein fyrir atkvæði mína og hvers vegna jeg mun greiða atkvæði á móti því. Jeg álít, að frv. miði í afturhaldsáttina, og það er misskilningur hjá háttv. flm. (S. St.), að þessi aðferð við biskupskosninguna hafi verið ríkjandi í gömlum og góðum sið; hún var það aðeins í kaþólskum sið, þegar menn kirkjunnar hjeldu því fram, að kirkjan ætti að vera ríki í ríkinu. En seinna, eftir siðbótina, kom fram sú stefna, að kirkjan ætti eigi að vera öðrum lögum háð en aðrar stofnanir, og lúta, jafnt sem aðrar, veraldlegu valdi.

Jeg tel það einnig óviðeigandi, að biskup sje kosinn af þeim, sem hann á að hafa eftirlit með; gæti það of mjög stuðlað til þess, að hann reyndi fyrirfram að gera sínar hosur grænar í augum undirmanna sinna og gerðist þeim of háður. Veit að vísu, að kosning prófasts er á þennan veg háttað, en það er ósannað mál, hvort þetta er nokkuð heppilegra.

Tel jeg meiri tryggingu þess, að biskup sje í samræmi við aðaltrúmálastefnurnar, að hann sje skipaður af landsstjórninni. Líkur fyrir því, að meiri hluti presta verði oft á eftir tímanum í þeim efnum, og biskupskosning yrði því til þess að styðja afturhaldið.

Pjetur Ottesen: Stutt athugasemd aðeins. Jeg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, og skal jeg gera grein fyrir hvers vegna. Það rekur að því bráðlega, að athuga verður, hvort ekki sje hægt að ljetta eitthvað af þjóðinni þeim útgjöldum, sem á henni hvíla sökum embættismannafjöldans, og sem nú eru að vaxa henni yfir höfuð. Mundi þá koma til athugunar, hvort eigi væri rjett að afnema biskupsembættið, og fæ jeg ekki annað sjeð en skrifstofustörf biskups gætu fallið til kirkju- og kenslumálaskrifstofunnar í stjórnarráðinu, en fela mætti eftirlitsstarfið einhverjum af prófessorunum í guðfræðideild háskólans.

Sökum þessa get jeg eigi verið frv. fylgjandi, því hjer er sennilega aðeins verið að tjalda til einnar nætur, því mjer þykir óvíst, hvort biskup verður framar skipaður í embætti hjer á landi.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) fann frv. margt til foráttu, og þar á meðal að það miðaði að því að gera kirkjuna ríki í ríkinu.

Jeg held að þetta sje nú helst til fljót-

færnislega athugað, því frv. gerir í engu breytingu á því sambandi, sem nú er milli ríkis og kirkju; fjelagslegt sjálfstæði kirkjunnar gagnvart ríkinu jafnt eftir sem áður.

Þá fanst mjer það illa fallið hjá háttv. þingmanni (Jak. M.) að spá því, að biskupsefni mundu mest hugsa um að „gera sínar hosur grænar“ hjá prestum, til þess að ná kosningu, og jafnframt fljótfærnislega sagt, því þetta mundi sennilega þýðingarlaust fyrir biskup; en ef líklegt þætti, að það orkaði einhverju, þá væri ástæða til að athuga það, hvort þetta mundi ekki eiga sjer stað nú við prestskosningar, þar sem söfnuðirnir kjósa sjer presta, en jeg þekki þess ekki dæmi, að prestar hafi gert það. Hitt finst mjer í engu ámælisvert, þó prestar vilji vekja eftirtekt safnaðanna á sjer, þegar þeir eru í kjöri, með framkomu sinni. Skil jeg ekki að það geti gert þá að neinu háðari söfnuðinum, nje leitt til þess, að þeir vanræki embætti sitt. Hygg jeg sama mundi verða uppi á teningnum með biskupinn.

Háttv. þm. (Jak. M.) færði það líka fram, sem ástæðu móti frv., að prestar væru afturhaldssamir. Þetta er nú ekki óvanalegt hjá svo kölluðum framsóknarmönnum, að halda því fram, að prestar sjeu á eftir tímanum.

En þeir, sem hafa kynt sjer kirkjusögu Íslands, fella ekki þennan dóm. Sagan sýnir, þvert á móti, að prestastjettin hefir verið þjóðhollasta og frjálslyndasta embættismannastjett þessa lands.

Og jeg mótmæli því, að prestar hafi verið á eftir tímanum, og get bent á fjölda presta, sem hafa verið fyrirmynd annara manna í framsækni og borgaralegum dygðum. Og það er ekki aðeins kirkjusagan, sem sannar þetta, heldur og álit og ummæli fjölda af merkustu og mikilhæfustu vísindamönnum, erlendum og innlendum. Get jeg þar til dæmis nefnt Þorvald Thoroddsen, sem getur þess bæði í ferðasögu sinni og landfræðisögu, hversu mikilli þakkarskuld þjóðin standi í við íslensku prestastjettina.

Jeg skal nú ekki draga neina ályktun af þessu um það, hvernig prestastjettin nú er, en þó hygg jeg, að henni sje eigi svo aftur farið, að rjett sje að telja þá á eftir tímanum. Auðvitað er það, að til eru íheldnir menn innan hennar, en það er í öllum stjettum. Get jeg eigi varist þess að líta svo á, ef frv. þetta nær eigi fram að ganga, jafnmeinlaust og það er, þá sje með því lýst vantrausti á andlegu stjettina, og henni gert lægra undir höfði en söfnuðunum. Sýnist mjer það ómaklegt, því að enda þótt biskupar hafi verið góðir hjer, allflestir, síðan stjórnin skipaði þá, þá voru margir þeirra engu minni ágætismenn meðan andlega stjettin kaus þá, áður en erlenda valdið kom til sögunnar og svifti andlegu stjettina þessum sjálfsagða rjetti hennar.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, en ástæður hans eru alt aðrar en háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Hann er því fylgjandi, að biskupsembættið verði lagt niður.

Þetta hefir nú áður komið til umr. á Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Hann gerði ráð fyrir því, að breytingin væri í aðsigi. Jeg er nú ekki þeirrar skoðunar; en þó svo væri, þá er þetta frv. því ekki til fyrirstöðu. Þar sem um engan kostnað er hjer að ræða, get jeg því eigi skilið það á annan veg, ef frv. fjelli, en með því væri lýst vantrausti á prestastjett þessa lands.

Talið um, að biskupskjörið mundi ver takast í hennar höndum en stjórnarinnar, er út í bláinn.

Ef þetta frv. hefði í för með sjer aukinn kostnað fyrir ríkið, þá hefðu mótbár-

urnar gegn því við dálítil rök að styðjast. En kosningunni fylgja engin aukin útgjöld fyrir ríkið.

Jakob Möller: Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) segist hafa drepið á athugasemdir okkar. En hann hefir drepið á miklu fleira, og ræða hans hefir því verið bardagi við ímyndaðar athugasemdir. Mjer hefir aldrei dottið í hug að segja, að prestarnir sjeu yfirleitt á eftir tímanum í þeim skilningi, sem hann sagði. Háttv. þm. (S. St.) hefir ekki skilið mig. (*S. St.*: Jeg skildi þm. fullkomlega). Þá hefir hv. þm. (S. St.) rangfært orð mín. (*S. St.*: Nei). Þegar jeg sagði, að meiri hluti prestanna mundi að jafnaði vera á eftir tímanum, þá átti jeg einungis við trúmálastefnur, og sagði það beinum orðum; hitt er mjer mjög fjarri að segja eða meina, að prestar sjeu yfirleitt og í öllu á eftir tímanum. Það er síður en svo. En það má gera ráð fyrir því, að framþróunin komi fyrst fram hjá hinum yngstu, þeim, sem eru að búa sig undir prestsskapinn; en meiri hlutinn við kosninguna verða gömlu prestarnir, sem oftast eru íhaldssamari. Íhaldsstefnan mundi því ráða biskupskosningunni. Öll mótmæli hv. þm. (S. St.) gegn svívirðingum, sem hjer hafi verið bornar á prestana, eru því vindhögg. Það er stefna frv., sem hjer hefir verið hallmælt, en ekki kirkjan.

Háttv. þm. (S. St.) vitnar til þess, að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, sjeu biskupar kosnir á líkan hátt og þetta frv. gerir ráð fyrir. Það mun rjett vera. En hverjir hafa ráðið því? Eru það ekki einmitt mestu afturhaldsseggirnir í trúmálum, sem mestu ráða á því sviði í þessum löndum?

Jón Þorláksson: Það þarf að lagfæra síðustu línuna í 3. gr. frv. Í stað „og" komi „sem" og komma á undan. Þá verður meiningin, að kirkjustjórnin geti valið einn hinna þriggja presta, sem flest hafa fengið atkvæðin. Eins og greinin er orðuð er hún alveg meiningarlaus, og er þetta líklega prentvilla.

Magnús Jónsson: Við 1. umr. benti jeg nefndinni á ýms einstök atriði viðvíkjandi þessu máli. En jeg sje, að nefndin hefir ekki gert neinar breytingar á frv., og úr því að hún hefir ekki sjeð sjer fært að taka upp till. synodusar, vegna þess kostnaðarauka, sem hún heldur, að þeim yrði samfara, þá skal jeg ekki vera að vefja fyrir málinu með því að halda þeim fram, en felst á frv. eins og það er.

Þau andmæli komu hjer fram, að kirkjan yrði með þessu ríki í ríkinu. Eina ástæðan, sem rjettlætir þessi andmæli, er sú, að kosning biskupsins yrði kraftmeiri, ef prestar kysu hann einir, og landsstjórnin hefði bundnari hendur.

Viðvíkjandi því missmíði, sem gæti orðið við kosninguna, þá er hægt að ráða bót á því í þeim nánari reglum, sem stjórnin á að setja.

Jeg vil minnast örlítið á þær ástæður, sem hafa verið færðar móti frv. Jeg sagði ekki við 1. umr., að jeg áliti mikil missmíði á biskupsveitingunni eins og hún nú er. Með blöðum og bættum samgöngum er komið miklu sterkara eftirlit með embættaveitingu ríkisvaldsins, svo ekki er mikil hætta á því, að stjórnin taki menn í biskupsembættið, sem sterk andstaða er gegn.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak M.) mintist á, að biskupinn yrði of háður prestunum, ef hann væri kosinn af þeim. Jeg sje ekki, hvernig hann á að verða þeim háður. Þó einhver kunni að sækjast eftir kosningu, sem jeg raunar ekki býst við, þá yrði hann þó fullskipaður í embættið og þyrfti ekki að vera neinum bundinn eftir kosninguna. Sá einn verður háður kjósendum, sem þarf að hafa nýja kosningu yfir höfði sjer. Á hinn bóginn er biskupinn ekki

fyrst og fremst settur til höfuðs prestunum; miklu fremur á hann að vera í góðri samvinnu við prestana. Að því leyti miðar biskupskosningin einmitt í rjetta átt. Um landlæknisembættið er öðru máli að gegna en biskupsembættið. Prestar eru kosnir af söfnuðum sínum og prófastar af prestum. Biskupskosning er því bara áframhald á sömu braut. En læknar hafa aldrei farið fram á að kjósa landlæknirinn. (*Jak. M.*: Þeir eru skynsamari menn heldur en prestarnir). Það getur vel verið, en læknarnir hafa ekki farið fram á það, og sú ástæða liggur því ekki fyrir. Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hjelt, að hinir íhaldssamari prestar mundu hafa ráðin við biskupskjörið. Kollega minn, háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) mun kalla mig fullfrjálslyndan. En þó er jeg óhræddur við þetta atriði, því að jeg hefi nú mínar skoðanir á því, hvað sje að vera frjálslyndur. Jeg skoða ekki frjálslyndi eftir því, hvað skeður í trúmálum eða hvaða stefnum menn fylgja þar. Frjálslyndi sýnir sig í því, hvað menn kunna að umbera skoðanir annara manna.

Íhaldssamari prestarnir mega vel ráða öllu meiru við biskupskosningu, því að hinar nýrri stefnur hafa ekki nema gott af því að sigla í upphafi nokkurn andbyr, og sýna með því, hve mikill kraftur býr í þeim. Jeg álít það ekki nema heilbrigt, að menn láti ekki hvern kenningaþyt þeyta sjer. Jeg álít það ekki góðs vísi, ef nýjar skoðanir eru strax gleyptar. Það ber miklu fremur vott um deyfð og doða.

Það er talað um, að kirkjan megi ekki verða ríki í ríkinu. En hún er það enn að nokkru leyti. Sóknargjöldin benda greinilega í þá átt. Það er ekki til neitt hliðstætt lækna- eða sýslumannagjald. Það er eins og þetta eldi eftir af hinu forna sjálfræði kirkjunnar. Jeg veit heldur ekkert óguðlegt í því, þó kirkjan væri að einhverju leyti ríki í ríkinu, hefði jafnvel ráðgefandi þing um ýms mál kirkjunnar.

Jeg skil ekki suma þá menn, sem eru, ja mjer liggur við að segja, að glenna sig með aðskilnað ríkis og kirkju, en amast um leið við sjálfræði kirkjunnar innan ríkisvjebandanna. Þeir virðast ekki gæta þess, að með því eru þeir einmitt að reyna að gera kirkjuna að ríki í ríkinu, því sú hlýtur að verða afleiðingin af því að slíta öll bönd milli ríkis og kirkju.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) vildi láta afnema biskupsembættið, og því væri ekki ástæða til að breyta neitt veitingaraðferðinni í það embætti. Hann byggir þar á lögum, sem alls ekki eru til. Það mætti æra óstöðugan að byggja á lögum, sem kunna að koma einhverntíma í framtíðinni. Jeg skil ekki, hvað er óeðlilegt við það að hafa biskup. Því skyldi ekki vera hafður kirkjumálastjóri, þegar yfirmenn eru hafðir yfir nær öllum öðrum málum þjóðfjelagsins, til dæmis vitamálastjóri, vegamálastjóri, fræðslumálastjóri o. s. frv. Það er beint hlægilegt að vera að slá sig til riddara á biskupsembættinu, sem er elst og merkast af þessum embættum. Það getur verið, að biskupinn hafi ekki mikið að gera. En jeg veit ekki til, að þeir liggi svo í leti og ómensku í stjórnarráðinu, að það þurfi að bæta við þá með því að afnema biskupinn.

Pjetur Ottesen: Það er aðeins örstutt athugasemd út af orðum háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Þar sem það liggur ekki fyrir nú að ræða um það, hvað mæli með því og móti að afnema biskupsembættið, þá hefði þessi háttv. þingmaður getað alveg sparað sjer það, sem hann sagði um það. En verðum við hjer báðir, þegar það mál kemur til kasta þingsins, skal jeg fúslega eiga orðastað um það við þingmanninn, en þangað til getur hann talað við sjálfan sig um það fyrir mjer.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) segir, að jeg hafi misskilið sig. Mjer þykir það undarlegt, því að jeg skrifaði niður hjá mjer ummæli hans. Út af þessu tók jeg fram í fyrri ræðu minni, að vitnisburður og reynsla sögu vorrar styddi ekki þessa sögu hans, heldur miklu fremur það gagnstæða, að prestarnir hefðu verið framar öðrum landslýð. Annars þýðir ekki að stæla út af þessu.

Jeg er þakklátur háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) fyrir meðmæli þau, sem hann gaf frv. Viðvíkjandi því, sem hann sagði um nýjar skoðanir, þá er jeg honum sammála um það, að það sje gott, að nýjar skoðanir komi upp meðal prestastjettarinnar. Skoðanamunur vekur áhuga, en þar, sem hver húkir í sínu horni, er hætt við, að doði og deyfð færist yfir hugsanalífið. Þetta hefir einmitt vakað fyrir mjer, og jeg álít, að biskupskosning geti haft þýðingarmikil áhrif í þessu efni.

Gerum nú ráð fyrir, að tvær andstæðar skoðanir sjeu ráðandi hjá kirkjunnar mönnum, og landsstjórnin fylli annan flokkinn. Þegar svo er, er mjög varhugavert, að stjórnin ráði ein, hver verður biskup; landsstjórnin gæti alveg eins fylgt minni hlutanum, og þá veldi hún að sjálfsögðu mann úr honum. Það er alveg sama, hvort heldur íhaldssamari eða frjálslyndari skoðunin hefir yfirtökin; meiri hlutinn á að ráða kjöri yfirmannsins. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg gæti vel sætt mig við biskup, sem kjörinn væri úr hópi andstæðinga minna, ef þeir væru aðeins í meiri hluta. En jeg gæti ekki sætt mig við fulltrúa minni hluta stefnunnar. Með biskupskosningu væri því fengin best trygging fyrir því, að æðsti embættismaður kirkjunnar nyti samúðar hjá prestastjettinni. Og það er stærsta höfuðatriðið í þessu máli. Það væri mjög leiðinlegt fyrir yfirmann kirkjunnar að vita sig á öndverðum meið við meiri hluta prestanna, eins og það hins vegar væri skemtilegt, ef hann vissi sig í fullu samræmi við meiri hlutann. En ef ríkisstjórnin væri, eins og vel gæti átt sjer stað, andstæð kirkju og kristindómi, þá væri það algerlega óviðunandi, að hún hefði óskorað vald um veitingu æðsta embættis kirkjunnar.

Bjarni Jónsson: Jeg vil aðeins koma með tvær fyrirspurnir, án þess að blanda mjer nokkuð í umræðurnar. Til háttv. flm. (S. St.), hvort biskup landsins hafi verið spurður um skoðun sína á þessu máli, áður en það var lagt fyrir þingið; álít það sjálfsagða hæversku. Til hæstv. stjórnar, hvort jeg geti komið til greina, þegar biskupsembætti losnar næst.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Viðvíkjandi fyrirspurn háttv. þm. Dala. (B. J.), skal jeg geta þess, að jeg skrifaði herra biskupi og spurði um afstöðu hans til þessa máls. Hann svaraði mjer með brjefi, sem jeg með leyfi hans skal leggja fram á lestrarsal Alþingis. Orðalag frv. er valið í samráði við hann. Hann var mjer sammála um það að hafa frv. í samræmi við lög þau, sem gilda um sama efni í nágrannalöndunum, en áleit synodustillögurnar þyngri í vöfunum. Síðan frv. kom fram hjer, hefi jeg líka sagt honum frá því, sem gerðist í málinu, og ljet hann vel yfir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 : 1 atkv.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 77).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 77).

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta var í allshn. í Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar í þessari deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 12 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 222).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Eins og nál. ber með sjer, leggur allshn. til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Byggir nefndin þá niðurstöðu sína á upplýsingum, sem liggja fyrir þinginu og benda í þá átt, að það hafi fylgi meiri hl. prestastjettarinnar, og einkum því, að synódus og meiri hl. hjeraðsfunda leggur til, að frv. í þessa átt verði samþ. Jeg skal að eins benda á, að frv. muni fremur stefna í þá átt að losa um bönd ríkis og kirkju, og getur hver og einn lagt upp úr því það, er honum sýnist.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 8. apríl. var frv. tekið til 3. umr. (A. 77).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 270).

---

8. Einkaleyfi til útgáfu almanaks.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. mars, var útbýtt
Frumvarpi til laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks (A. 109).

Á 19. fundi í Ed., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhannes Jóhannesson): Þótt nafn mitt standi á frv. þessu sem flutningsmanns, er það ekki samið af mjer. Jeg flyt það eftir tilmælum hæstv. dómsmálaráðherra, og mjer virðist stjórnin eiga skildar þakkir fyrir, að hafa hrundið málinu á stað.

Frv. er ítarlegt og vel úr garði gert, að undanskilinni 12. gr., þar sem stendur, að Háskólinn hafi einkarjett á útgáfu almanaks fyrir árið 1922. Með því er vitanlega átt við, að einkarjetturinn byrji með útgáfu almanaks fyrir árið 1922. En þetta orðalag er mjer að kenna, og vona jeg, að væntanleg nefnd orði þessa gr. betur.

Málið er þannig vaxið, að það mun varla mæta neinni mótspyrnu. Greinargerð frv. er rækileg, og tel jeg því eigi þörf að bæta miklu við. Þar er skýrt frá því, að Háskólinn óskaði eftir þessum einkarjetti, og ennfremur því, að nokkur arður muni af verða, og er ákveðið í 10. gr., hvernig þeim arði skuli varið.

Jeg legg til, að málinu verði vísað til mentamálanefndar, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 1653) með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., föstudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 109, n. 189).

Sigurður Jónsson: Mjer þykir talsvert óþægilegt, að formaður mentamálanefndar (K. E.), sem er frsm. þessa máls, er veikur og getur ekki mætt. En með því, að jeg óska, að málið tefjist eigi af þessari ástæðu, ætla jeg að mæla nokkur orð.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að eitt orð hefir fallið úr nál. Þar stendur, að nefndin hafi ekkert fundið „við frv. að athuga", að á eftir því átti að standa orðið „efnislega". Brtt. á þskj. 189 eru sem sje orðabreytingar, og þær eru gerðar í samráði við þá, er samið hafa frv. Jeg þarf því lítið að minnast á þær. Aðeins vil jeg geta þess, að nefndinni þótti ekki orðið „rímbækur" svara fullkomlega til þess, sem til var ætlast, og setti nefndin „dagatöl" í staðinn. Það, sem við er átt, er það, sem á útlendu máli er nefnt „kalender", en alþýða manna skilur svo orðið rímbók, að það sje átt við fingrarím eða annað þess háttar. Síðasta brtt. nefndarinnar er um það, hvenær einkarjetturinn skuli byrja. Fer brtt. fram á, að það verði ári síðar en frv. greinir. Er fyrir því sú aðalástæða, að almanak fyrir árið 1922 getur naumast orðið búið til útsendingar frá Háskólanum svo snemma, sem venja er til og nauðsyn krefur.

Fleiru hefi jeg ekki við að bæta, öðru en því, að það er ósk mentamn., að hv. deild samþykki frv. með þessum breytingum, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á því.

ATKVGR.

Brtt. 189,1. samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 189,2. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13. shlj. atkv.

Brtt. 189,3.—5. samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 189,6.—7. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 189,8. samþ. með 12 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 189,9. samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 189,10. (ný 12. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 213, 218).

Sigurður Jónsson: Frsm. nefndarinnar, þm. Vestm. (K. E.), er eins og við 2. umr. fjarstaddur sökum veikinda. Því verð jeg að fara fáeinum orðum um brtt. við 12. gr., á þskj. 218.

Fyrir þessari brtt. eru aðallega tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að hæpið er, að Háskólinn geti haft almanakið fyrir 1922 tilbúið um mitt næsta sumar. En svo snemma eru þau vanalega tilbúin. — Hin ástæðan er sú, að forseti Þjóðvinafjelagsins mun þegar vera búinn að panta 8 þús. eintök fyrir það ár, eftir gamalli venju. Auk þessa skiftir það ekki miklu fyrir Háskólann, þótt það dragist um eitt ár, að hann fái útgáfurjettinn.

ATKVGR.

Brtt. 218. samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 239).

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. er borið fram fyrir mína hönd í háttv. Ed., og gerði jeg grein fyrir því, er það kom þar fyrst fram.

Eins og kunnugt er, hafði Kaupmannahafnarháskóli einkarjett til útgáfunnar, en því var hreyft, um það leyti, sem Háskólinn hjer var stofnaður, að einkaleyfið flyttist til hans. Má vel vera, að auðsótt hefði verið að fá þetta þá þegar, en nú, eftir að sambandslögin gengu í gildi 1. des. 1918, þurfti eigi að fara neina samningaleið um þetta, því með þeim er þessi einkarjettur Kaupmannahafnarháskóla fallinn burtu, og ekkert orðið því til fyrirstöðu, að Háskólinn hjer fái það.

Það er eðlilegt, að einkarjettur sje á útgáfu almanaksins, því með því er tryggging fengin fyrir því, að skekkjur sjeu engar. Auðvitað er þá þessi hataða einokun komin á, þó í litlum mæli sje, en jeg vona nú, að það verði nú samt ekki málinu að falli.

Eins og sjá má af greinargerðinni, er búist við dálitlum tekjum af þessu, ef verðið hækkar að mun. Háskólaráðið gerði ráð fyrir, að eintakið yrði 50 aura, en mjer sýndist rjettara að hafa það ekki nema 40 aura, því að ágóði verður samt, ef útgáfukostnaður bóka lækkar. Háskólaráðið fór einnig fram á, að það rjeði verðinu, en mjer sýndist rjettara, að landsstjórnin hefði hjer hönd í bagga með, svo að tryggging væri fyrir því, að verðið yrði ávalt hæfilegt. Annars er frv. borið undir Háskólaráðið, og það samþykt því að mestu leyti. Háttv. Ed. hefir gert smábreytingar á því, og veit jeg ekki, hvort það er gert í

samráði við Háskólaráðið, en jeg óskaði þess, að hún bæri þær undir það, og sama vil jeg leyfa mjer að biðja háttv. deild hjer að gera, ef hún kynni að gera breytingar á því.

Um eina breytinguna, sem háttv. Ed. hefir gert, sem sje þá, að þetta komi ekki til framkvæmda fyr en árið 1923, skal jeg taka það fram, að hún er gerð vegna þess, að Þjóðvinafjelagið er búið að gera kaup á almanakinu til þess tíma.

Frekari meðmæla held jeg, að ekki sje þörf með frv., nema ef svo væri, að háttv. deild gæti eigi unt Háskólanum að njóta þessa litla ágóða.

Jakob Möller: Jeg vildi leyfa mjer að spyrja hæstv. forsrh. (J. M.), hvort það sje aðallega meiningin með þessu að styrkja einokunarstefnuna, eins og hann virtist gefa í skyn, því að ef svo væri, treystist jeg eigi til að greiða frv. atkv. mitt, sem jeg annars mundi gera.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla mjer ekki, hvorki í þessu máli nje öðru, að leita eftir atkv. háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), og spurningu sinni getur hann svarað sjer sjálfur.

Jakob Möller: Lítur hæstv. forsrh. (J. M.) svo á, að það sje að greiða atkv. með honum, ef frv., sem hann flytur, eru greidd atkv.?

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held, að jeg verði að segja hið sama um þetta, að best sje, að háttv. þm. (Jak. M.) svari sjer sjálfur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 12 apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 239).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 239).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 314).

---

9. Sala á landspildu til Blönduóshrepps.

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á landspildu, tilheyrandi þingeyraklausturssprestakalli, til Blönduóshrepps (A. 110).

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg get verið stuttorður um þetta frv. Mjer hefir verið send sú málaleitun úr Blönduósshreppi, að fara þess á leit við stjórnina,

að hún seldi þetta land, og jeg hefi átt tal um það við hana, en hún hefir ekki sjeð sjer fært að selja landið, án sjerstakra laga. Að öðru leyti tók stjórnin vel í málið.

Jeg þarf ekki að ræða um nauðsyn þessa frv. Hún er skýrt tekin fram í álitsskjali því, er hjeraðsprófastur, sem jafnframt er umráðamaður landspildunnar, hefir sent þinginu, og hefi jeg þar engu við að bæta.

Það hefir verið venja að vísa líkum málum og þessu til nefndar, og er þá eðlilegast, að þetta frv. fari til landbúnaðarnefndar, og getur hún þá fengið allar þær upplýsingar málinu viðvíkjandi, sem henni þykir þurfa. Geri jeg það því að tillögu minni, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1657) með 16 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 145).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 110).

Jón Baldvinsson: Þótt jeg vilji ekki gerast meinsmaður þessa frv., vil jeg þó gera nokkrar athugasemdir í sambandi við það, þó seint sje. Og það er af því, að jeg get ekki stilt mig um það að láta í ljós, að jeg tel það mjög óheppilega stefnu, að selja opinberar eignir í hendur einstökum mönnum. Að vísu á það ekki við um þetta mál, þar sem gert er ráð fyrir því að selja hreppi, þó hann gæti svo aftur selt einstaklingum. Þess vegna vil jeg skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort hún vildi ekki setja það ákvæði inn í afsalsbrjefið, að hreppurinn mætti aldrei láta landið af hendi til einstaklinga.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg bjóst ekki við umræðum um þetta mál nú, enda stafa ummæli háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sennilega aðeins af ókunnugleika. Því um það getur eiginlega ekki verið að ræða í þessu falli, að af þessari landspildu yrði klipið handa einstökum mönnum; bæði er hún lítil og ekkert sjerstakt framtíðarsvæði, og auk þess nóg landrými í kauptúninu sjálfu til þeirra þarfa, sem hann átti við. Spilduna á aðeins að nota til þess að hafa þar nokkrar skepnur, og þótt eitthvað af henni verði hægt að taka til ræktunar, yrði það sjálfsagt gert með sömu skilyrðum og áður hefir tíðkast um slík afnot. Að öðru leyti get jeg vísað til ummæla hæstv. forsrh. (J. M.) um annað mál áþekt úr Eyjafirði, eins og mjer er einnig kunnugt um það, að hann telur ekkert við þessa sölu að athuga.

Jón Þorláksson: Jeg stend aðeins upp til þess, að ummæli háttv. samþm. míns, 2. þm. Reykv. (J. B.), standi ekki ein og ómótmælt. Jeg tel best, að sem mest af

þessum lendum komist í ræktun, en reynslan hefir hins vegar sýnt það, að eftir því sem hagar til á þessu landi, verða litlar framkvæmdir í þeim efnum, nema frá einstaklingunum, og þá langhelst á blettum, sem eru eign einstakra manna. Þess vegna tel jeg rangt að setja nokkur þau ákvæði, sem hindrað geti slíkar framkvæmdir, hvort sem þær koma frá einstaklingunum eða annarsstaðar að, um ræktun landsins í framtíðinni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þar sem hæstv. forsrh. (J. M.) er ekki viðstaddur, skal jeg taka það fram fyrir mitt leyti, að ætti jeg að afgreiða þetta mál, mundi jeg ekki telja mjer það heimilt samkv. frv. að setja í afsalsbrjefið athugasemd þá, sem háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) óskaði eftir. Háttv. þm. (J. B.) hefði því átt að koma með brtt. um þetta. Að öðru leyti get jeg vísað til þess, sem háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði um staðhætti norður þar, og tel enga hættu á, að land þetta verði selt einstökum mönnum, nema þá á erfðafestu, sem jeg sje ekkert athugavert við.

Jón Baldvinsson: Út af ummælum hæstv. fjrh. (M. G.) vil jeg geta þess, að mjer er kunnugt um það, að landsstjórnin hefir í afsalsbrjefi við sölu lóðarbletts hjer í Reykjavík, sem var eign landssjóðs, sett skilyrði á svipaðan hátt, og hafa lóðir verið seldar með sjerstökum skilyrðum, eins og jeg talaði um, þannig að aðeins mætti nota þær í sjerstöku augnamiði. Samkvæmt því ætti stjórnin líka hæglega að geta sett slík skilyrði. Annars sje jeg ekki ástæðu til þess að gera þetta að því kappsmáli, að greiða atkv. á móti frv., þar sem hjer er aðeins um að ræða sölu til hrepps.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 110).

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta var í landbúnaðarnefnd í háttv. Nd. og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar einnig í þessari deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1652) með 12 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 277).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 277, hefir nefndin fallist einróma á frv. þetta, með örlítilli breytingu, er hún gerir við frv.

Alþingi hefir ávalt fallist á að selja sveitarfjelögum og kauptúnum jarðir, er þau hafa falast eftir þeim til eigin nota og haft sýnilega þörf fyrir, og eins þeir, er mótfallnir hafa verið þjóðjarðasölu til einstakra manna.

Hjer er nú ekki farið fram á að selja heila jörð, heldur aðeins fremur litla landspildu, móland og beitiland, sem kauptúnið hefir notfært undanfarið. Þessi

spilda var undanskilin, er Hjaltabakki var seldur fyrir nokkrum árum, einmitt með það fyrir augum, að Blönduósskauptún fengi hana til afnota og eignar síðar.

Brtt. sú, er nefndin gerir við frv., um að 2. gr. þess falli burt, er samskonar og brtt. sú, er gerð var við frv. um sölu á jörðinni Upsum hjer á dögunum og háttv. deild samþykti. Er óþarft og óviðkunnanlegt að láta greinina standa, því að ákvæði hennar eru í lögum um sölu kirkjujarða.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta, en vil að lokum benda háttv. þm. á ummæli hjeraðsprófastsins í Húnaþingi, er prentuð eru sem fylgiskjal með frv., og vænti, að þeir ljái frv. samþykki sitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 277 samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 299).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 299).

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vildi aðeins geta þess, að frv. þetta er komið aftur frá háttv. Ed. og hefir tekið breytingum þar, þar sem 2. gr. hefir verið feld burtu, af þeirri ástæðu, að ákvæði hennar er til í gildandi lögum um sölu kirkjujarða. Og þó að þau eigi aðallega við sölu jarða, en ekki jarðarhluta eða landsneiða, þá telur nefndin rjett að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, með þeirri skilgreiningu, að ákvæði gildandi laga eigi eins við hjer.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 324).

---

10. Sóknargjöld.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 28. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld (A. 67).

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Frv. þetta, sem fjárhagsnefnd flytur, er svo stutt og óbrotið, að jeg þarf fátt að taka fram annað en það, sem stendur í greinargerðinni. Nefndin telur rjett að hraða málinu, svo að frv. geti sem fyrst orðið að lögum og hægt verði að innheimta þetta ársgjald samkvæmt þeim. Hitt frv. um sama efni, sem til nefndarinnar var vísað, telur nefndin óaðgengilegt, að öðru leyti en því, sem tekið er upp í þetta frv. um hækkun á sóknargjaldi til kirkna.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil ekki deila á hv. nefnd fyrir það, þótt hún telji ítj.frv. óaðgengilegt. En jeg verð að segja það, að aðferð nefndarinnar er óvenjuleg, að koma með nýtt frv. í stað þess, sem til hennar var vísað, þar sem þó var engu erfiðara, en virtist liggja miklu beinna við, að nefndin kæmi með brtt. við það frv., í þá átt, sem hún taldi rjett. Það er þinglegra. Jeg veit að vísu, að stundum hafa komið fram 2 frv. um sama efni. Einu sinni komu fram á sama þingi 2 stjórnarskrárfrv., sem voru býsna ólík, og líkt átti sjer stað um fossamálin 1919, og það finst máske fordæmi fyrir líkri aðferð og þeirri, sem hjer er höfð. Það er þó ekki tilgangur minn að gera neitt veður út af þessu, en mjer virðist meðferð nefndarinnar vera óþingleg.

Mjer er sagt, að kirkjugjöld sjeu víða þegar hækkuð, og því er engin brýn ástæða til að flýta frv. Mjer er ennfremur sagt, að hækkunin sje víða tekin á sama hátt og gert var ráð fyrir í stjórnarfrv., sem sje með niðurjöfnun. Ef ekki er fyrir hendi nóg fje til viðhalds kirkjunni, þá er jafnað niður því, sem á vantar. Annars skil jeg ekki, hvers vegna nefndin hækkar ekki jafnmikið og stjórnin lagði til, úr því að hún er að koma fram með hækkun á annað borð. Það munar ekki mikið um 25 aura, en kirkjunum mun síst veita af því, sem stjórnarfrumvarpið fór fram á.

Um sóknargjöldin tala jeg ekki; það mun fjármálaráðherra gera. En einu vildi jeg bæta við. Úr því að háttv. nefnd gat ekki aðhylst stefnu stjórnarfrv. um sóknargjöldin, þá bar henni engin skylda til þess að fara að eiga við kirkjugjöldin. Sóknargjöldin snerta fjárhag ríkisins, og vegna þeirra var frv. vísað til hennar. Kirkjugjöldin koma minna ríkissjóði við. Það atriði frv. heyrði því að rjettu lagi undir allsherjarnefnd.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hæstv. forsrh. (J. M.) þótti aðferð nefndarinnar óvenjuleg. Mig minti, að ekki væri langt síðan líkt hefði komið fyrir, og spurði því skrifstofustjóra, en hann kvað þetta hafa komið fyrir nokkrum sinnum. Nefndin tók þessa aðferð af því, að hún taldi hana hagkvæmari.

Eins og nú er, verður að bera hækkun undir safnaðarfund í hvert skifti. Þetta er betra að sleppa við og hækka gjaldið í lögunum. Nefndin slepti 25 aurum af því, er frv. stjórnarinnar fór fram á, því að henni virtist þetta nægja. Veit jeg ekki til, að neinstaðar hafi þurft að hækka meira en þetta.

Það, sem hæstv. forsrh. (J. M.) talaði um fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd í sambandi við frv., getur vel verið rjett, en nefndin varð að taka afstöðu til alls frv., úr því að því var vísað til hennar. Nú gat nefndin ekki aðhylst tvöfalda innheimtu á ekki hærra gjaldi. Niðurjöfnun aukaútsvara er ekki svo rjettlát alstaðar, að nein fyrirmynd sje, en á henni átti að byggja við niðurjöfnun prestsgjaldsins, þess hlutans, sem ekki er tekinn sem nefskattur. Lá þá ekki eins beint við að taka gjaldið sem hundraðsgjald af aukaútsvörum.

Nefndin vildi láta sóknargjöld til presta standa óbreytt, eins og þau nú eru, en láta ríkissjóð gjalda það, sem til vantar í laun þeirra. Jeg hygg, að sú hafi verið tilætlun Alþingis, er það hækkaði laun prestanna, um leið og laun annara embættismanna voru hækkuð, en hitt kemur mjer ekki á óvart, að nú þyki hafa verið nóg aðgert á þinginu 1919, með hækkun á launum embættis- og starfsmanna ríkisins, og reynt sje að losa ríkissjóð við eitthvað af þeim böggum, er honum voru þá bundnir.

Sigurður Eggerz: Hæstv. forsrh. (J. M.)

viðurkendi, að aðferð nefndarinnar væri ekki gagnstæð þingsköpum og fordæmi væri til. En hvaða ástæða er þá til að gera veður út af þessu? Það er svo sem ekki verið að grafa þennan gimstein stjórnarinnar. Með brtt. við þetta frv. er hægt að fá efni þess inn, ef það er vilji deildarinnar.

Jeg vil taka það fram, að þegar þessi lög voru sett í upphafi, þá var jeg þeim andvígur. Jeg taldi þessi persónugjöld óheppileg. En nú vill stjórnin blanda saman tveimur „principum", persónugjaldi og gjaldi eftir efnum og ástæðum. Jeg sje enga ástæðu til þess. Önnurhvor reglan verður að ráða.

Þá er og ein ástæða, sem mælir móti hækkun gjaldanna. Hún er sú, að hækkunin getur gert viðkomandi embættismenn, prestana, óvinsæla, og til þess vil jeg ekki stuðla.

Jeg get vel skilið, að ríkið þurfi tekna, og mun jeg sýna, áður en þingi lýkur, að jeg er ekki á móti því, að ríkissjóður fái þær tekjur, sem hann þarfnast.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) kvaðst ekki skilja, að stjórnin væri að gera veður út af aðferð nefndarinnar í þessu máli. Okkur kemur saman um þetta. Jeg sagði beint, að jeg væri ekki að gera veður út úr því, en að það væri ilt fordæmi og óþinglegt.

Jeg geri lítið úr þeirri ástæðu, að frv. mundi gera prestana óvinsæla. Jeg er alveg viss um, að það er gripið úr lausu lofti. Almenningur er altof skynsamur til þess að láta það koma niður á prestunum, þó að lögin yrðu ef til vill óvinsæl. Jeg hefi aldrei heyrt, að núgildandi lög um prestsgjöld hafi gert prestana óvinsæla, á meðan þau sjálf voru óvinsæl. Jeg sje enga ástæðu til að deila við háttv. nefnd frekar. Jeg get aðeins ekki skilið, að ekki þurfi að tvöfalda gjaldið. Ef þess þarf ekki, þá hefir það áður verið of hátt, því að gjöld kirkna hafa margfaldast, og engar líkur til þess, að þau verði þeim mun lægri í náinni framtíð. Má vera, að gjaldið, eins og nefndin hefir lagt til að það verði, sje nógu hátt í margmennum söfnuðum, en í fámennum söfnuðum nægði það áreiðanlega ekki.

Mismunurinn á frv. nefndarinnar og þessu atriði í frv. stjórnarinnar er svo lítill, að jeg skal ekki fjölyrða frekar um hann.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg játa, að mjer er sárt um að missa þær tekjur, er frv. þetta ræðir um. Þær mundu nema 80—100 þús. krónum á ári. Jeg sje ekki annað en að eðlilegt sje, að söknargjöldin hækki um leið og laun prestanna, því að það var tilætlunin, að söknargjöldin væru notuð til að launa þeim með. Ef nefndinni hefði ekki líkað, hvernig gjaldinu er fyrir komið í frv., þá gat hún breytt því.

Það er ein breyting, er frv. gerir ráð fyrir, sem nefndin virðist ekki hafa tekið eftir. Þar er gert ráð fyrir, að prestlaunasjóðurinn falli niður og renni saman við ríkissjóð. Þetta gjald er því ekki greitt til prestanna, heldur fá þeir laun sín úr ríkissjóði, og nær því ekki neinni átt, að frv. þetta, þótt það yrði að lögum, gæti vakið óvild til prestanna. Hins vegar býst jeg við, að háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), eftir þeim ummælum, er hann hafði, sjái um tekjur í skarðið, ef frv. stjórnarinnar nær ekki fram að ganga.

Jeg er ekki í efa um, að tiltæki nefndarinnar miðar að því að fyrirbyggja, að fyrri hluti stjórnarfrv. komi til atkvæðagreiðslu, því að engu meiri fyrirhöfn var að búa til brtt. en þetta nýja frv., sem komið er fram. En vel má vera, að hægt sje að breyta þessu í Nd.

Sigurður Eggerz: Hæstv. forsrh. (J. M.) áleit það fjarstæðu, að menn ljetu óánægjuna bitna á prestunum; en ef hann væri jafnkunnugur í sveit eins og jeg, þá myndi hann ekki efast um það.

Hæstv. fjrh. (M. G.) hjelt því fram, að þetta gjald ætti að nota til þess að launa prestunum. En jeg get hugsað, að þetta yrði til þess að ýta undir þá hreyfingu, sem um nokkurt skeið hefir gert vart við sig hjer á landi, sem sje aðskilnað ríkis og kirkju. Þetta er ef til vill „Diplomati" frá stjórnarinnar hálfu, því að það getur verið, að stjórnin ætli sjer með þessu frv. að vekja þessa hreyfingu upp af nýju.

Að því er snertir það, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að nefndin ætlaði að útiloka deildina frá að greiða atkvæði um fyrri hluta stjórnarfrv., þá er því þar til að svara, að jeg er viss um, að deildin er sömu skoðunar og nefndin í þessu máli, og hins vegar hægt að koma honum að, ef einhver óskar þess.

Annars er það síður en svo, að það sje nýtt, að jeg sje á móti þessu gjaldi, því að þegar jeg var fjármálaráðherra, var jeg á móti hækkun þessa gjalds, eins og hæstv. fjrh. (M. G.) veit. (*Fjrh.*: Jeg veit ekkert um það). Veit hæstvirtur fjrh. ekkert um það? Það þykir mjer einkennilegt.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er einn í þessari fjhn., og jeg hefi ekki gert neitt ágreiningsatriði. En það verð jeg að segja, að því er snertir formið, er jeg hæstv. forsrh. (J. M.) samþykkur, og að sumu leyti samþykkur hæstv. fjrh. (M. G.). Jeg lít svo á, að hjer hefði átt að koma fram með brtt., og að hitt frv. hefði átt að taka til greina. En jeg var nefndinni sammála um, að stj.frv. bæri ekki að samþykkja óbreytt, fyrst og fremst af því, að jeg álít, að ríkissjóður eigi að launa prestunum, en ekki væri rjett að leggja nú sjerstök gjöld á almenning til að launa þeim, því að þá er laun prestanna voru hækkuð á síðastliðnu þingi, var það gert að almenningi forspurðum. En ef nú á að leggja þessa hækkun á almenning, þá hefði átt að láta hann samþykkja hana fyrirfram. Að þessu leyti er jeg nefndinni samþykkur.

Hins vegar gæti það komið til greina að hækka sóknargjöldin að litlu leyti.

Að því er snertir kirkjugjöldin, tók forsætisráðherra (J. M.) það fram, að ekki væri nauðsynlegt að koma fram með þetta frv., því að sóknarnefndirnar hefðu nú þegar hækkað gjöldin, og væri því ekki þörf á, að lögin öðluðust gildi strax. En nú er, eftir því sem mjer skildist, ekki hægt að hækka gjöldin, nema við þær kirkjur, sem söfnuðirnir hafa sjálfir tekið að sjer, en þar, sem kirkjurnar eru bændakirkjur, eiga sóknarnefndirnar ekkert með að hækka gjöldin til þeirra. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að samþykkja þetta frv., því að þá kemur hækkunin jafnt niður á báðum, bændakirkjum og safnaðakirkjum. Og ef nú gjaldið, sem til er tekið í þessu frv., reynist of lágt, þá spillir það ekki neinu, því að sóknarnefndirnar geta hækkað það, þar sem þær hafa yfirráðin, eins og þær hafa gert hingað til. Hitt er annað mál, hvort gjaldið þyrfti að vera eins hátt og ákveðið er í stjórnarfrv. Jeg er á því, að með þeirri upphæð, sem tekin er fram í þessu frv., sje fullkomlega miðlað málum.

Þetta er því það, sem jeg vildi segja, að jeg held, að rjettara hefði verið að koma fram með brtt., og að það sje rjett, sem fjrh. (M. G.) sagði, að nefndin hefði átt að athuga, hvort sóknargjöldin til presta skyldu ekki hækka eitthvað, en að þau hækki í hlutfalli við laun prestanna, hefi jeg þegar tekið fram, að jeg tel ekki

rjett, því að engin ástæða er til að miða við þau, af því prestarnir hafa, eins og aðrir embættismenn, rjett til að taka laun sín úr ríkissjóði, og einstakir gjaldendur ekki skyldir að borga þeim sjerstaklega. Niðurjöfnun gjaldsins álít jeg eigi að vera þannig, að allir borgi jafnt, því að af því allir hafa fyrir sálum að sjá, þá eiga líka allir að borga jafnan skatt. En það gerðu menn ekki — svo jeg komi aftur að frumvarpi stjórnarinnar — ef gjaldið ætti fyrst að leggjast jafnt á alla, en svo ætti helmingurinn af því að jafnast niður eftir efnum og ástæðum. Þetta get jeg ekki aðhylst, að fyrst sje nefskattur, sem síðar sje jafnað niður að nokkru leyti eftir efnum og ástæðum. Þessu „principi" er jeg algerlega mótfallinn. Því er t. d. beitt við bjargráðasjóðsgjald, sýsluvegagjald, sýslusjóðsgjald og hreppavegagjald. Þetta eru fyrst persónugjöld, sem síðar eru lögð á eftir efnum og ástæðum. Ef nú gjaldið er í upphafi nefskattur, þá vil jeg, að það sje það til enda, því að þessi niðurjöfnun gæti orðið til þess, að farið yrði að reka hina fátækari úr sveitunum, þar sem efnamennirnir með þessu móti verða að gjalda nokkurskonar skatt af þeim.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er rjett, sem jeg sagði, að háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) er á móti frv. stjórnarinnar, og þess vegna hefir hann ekki viljað láta deildina greiða atkvæði um það og ætlað sjer á þennan hátt að koma því fyrir kattarnef. En hvað deildin vill um það segja, að nefndin tekur mál frá henni og hamlar henni á þann hátt að greiða atkvæði um það, get jeg ekki sagt.

Hvað það snertir, að það sje alveg einstætt, að alþýða þurfi að borga prestunum sjerstaklega fyrir störf þeirra, þá er það ekki rjett, því að svipað er með ýms gjöld, sem sýslumenn taka fyrir unnin störf. Sú var tíðin, að sýslumenn fengu laun sín beint frá einstaklingunum. Seinna var því breytt þannig, að þeir fengu laun sín úr ríkissjóði, en þá voru um leið sett viss gjöld, sem menn urðu að greiða fyrir ýms verk, sem sýslumennirnir framkvæmdu, til dæmis þinglestur, og rennur það gjald í ríkissjóð. Söknargjöldin má skoða sem borgun fyrir messur presta; þau renna í ríkissjóð eins og gjöld fyrir unnin verk sýslumanna.

Þar sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) talaði um það, að niðurjöfnun gjaldsins í stjórnarfrv. væri óheppileg, þá get jeg fallist á, að best væri, að alt gjaldið væri beinn nefskattur.

Það, sem jeg legg áherslu á, er það, að missa ekki tekjurnar eftir þessu frv.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg gat ekki heyrt á fyrstu ræðu hæstv. fjrh. (M. G.), að honum væri sárt um frv.; hafði ekkert gott orð um það að segja. Honum var sárt um tekjuaukann. Og jeg skil, að honum sje sárt um 170 þús. kr. Hann gat þess, að stjórnin ætlaðist til, að söknargjöldin rynnu beint í ríkissjóð, í stað þess að nú lentu þau ekki lengra en til prófasts, en hann greiði svo prestum. Jeg sje ekki, að þetta geri mikinn mun, og síst til bóta. Hann taldi þessi gjöld hliðstæð aukatekjum sýslumanna, sem renna í ríkissjóð, en það er ekki, því að prestar fá sjerstaka borgun fyrir aukastörf sín, auk launa. (*Fjrh.*: Ekki messur). Alveg á sama hátt og borga þarf sýslumönnum fyrir sjerstök störf þeirra.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) taldi sig ekki hafa verið sammála meðnefndarmönnum sínum. Jeg man ekki eftir neinu ósamþykki á nefndarfundum, en utan fundar minnir mig, að einhver mintist á að hafa aðra aðferð, en þá var mótmælalaust búið að samþykkja á nefndarfundi að bera fram nýtt frv. í málinu.

Sigurður Jónsson: Það er erfitt að tala um þetta mál, án þess að blanda saman ýmsu, sem ekki á alveg saman. Aðalatriðið er það, hvort lögfesta beri hærra persónugjald til kirkna, af því þær þurfi meiri tekjur, en jeg veit varla, hvort þetta frv. bætir verulega úr. Víða hefir kirkjugjaldið verið hækkað með samþyktum hjeraðs- og safnaðarfunda. Jeg hefi verið söknarnefndarmaður og safnaðarfulltrúi frá því lög um þetta komu í gildi og þangað til jeg flutti til Reykjavíkur, og veit, að hækkað hefir verið eins og álitið var við þurfa. Jeg er því í efa um, hvort lagabreytingar þarf. Valdið er hjá söfnuðunum. En ef breytt er á annað borð, þá er gjaldið of lágt. Jeg mun þó greiða frv. atkvæði mitt til 2. umræðu, í þeirri von, að háttv. nefnd komi þá með brtt. um hækkun gjaldsins frá því, sem hún vill nú vera láta.

Forsætisráðherra (J. M.): Út af því, sem háttv. 3. landskjörinn þm. (S. J.) sagði, vil jeg geta þess, að eftir vitni biskups hafa borist óskir um að hækka kirkjugjaldið með lögum. Telja menn það þægilegra en að þurfa að leita til safnaðarfunda í hvert sinn. Þessar óskir munu hafa komið frá synodus og hjeraðs- og safnaðarfundum.

Guðjón Guðlaugsson: Aðeins fáein orð. Háttv. 3. landskj. þm. (S. J.) taldi óþarft að lögfesta hækkun, þar sem söfnuðirnir hefðu sjálfir vald til að hækka gjaldið. Þetta á ekki við um ljenskirkjur og bændakirkjur. Þar er jafnan hætta á, að menn reyni að skjóta sjer undan gjaldi, nema því, sem lögboðið er, og því er eigi víst, að þar fengist hækkun fram á safnaðarfundum. Jeg þekki þetta. Jeg hefi líka verið söknarnefndarmaður og safnaðarfulltrúi. Þess vegna tel jeg nauðsynlegt að lögfesta hækkunina. Hitt er annað mál, hvort þessi hækkun er nóg.

Háttv. frsm. (G. Ó.) kvaðst ekki muna eftir neinu ósamræmi í nefndinni. Hann mundi þó eftir einhverju umtali utan fundar. Jeg skal nú hjálpa minnisleysi hans. Hann sýndi mjer nýja frv. tilbúið og spurði, hvort það mundi ekki mega svo vera. Þá mintist jeg á, að rjettara væri að bera það fram sem brtt. við stj.frv. En þegar jeg kom á nefndarfund, höfðu samnefndarmenn mínir samþykt að hafa þetta eins og háttv. frsm. (G. Ó.) vildi, og bera fram nýtt frv. Jeg var einn af fimm og sá enga ástæðu til þess að vekja ágreining. En eigi að síður vil jeg hafa rjett til að láta mína skoðun í ljós.

Forseti (G. B.): Jeg vil láta þess getið af minni hálfu, að jeg tel þetta frv. ekkert óþinglega fram borið. Þessu líkt hefir oft borið við áður. Að vísu hefir þá oftast verið venja, að nefndin skilaði áliti fyrst eða um leið og frv. var fram borið. Það eitt er því óvenjulegt um frv., að eigi skyldi fyrst koma fram nefndarálit um stjórnarfrv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 67).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Með því að ærnar umræður urðu um frv. þetta, er það var rætt hjer í háttv. deild við 1. umr., og engar brtt. eru fram komnar við það síðan, þá sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það nú.

Guðmundur Guðfinnsson: Eins og fram kom í umræðum um 77. og 78. gr. fátækralaganna, þá var jeg á móti því að breyta gildandi lögum, aðeins vegna breytinga á

gildi peninga, af þeirri ástæðu, að óhjákvæmilegt væri, að aftur þyrfti þá að breyta, er peningar hækkuðu í verði. Af þessum sökum mun jeg greiða atkvæði á móti frv., og það því fremur, sem sóknarnefndir hafa þegar fundið ráð til að bæta úr þessu, með því að hækka kirkjugjöldin. Sú aðferð gæti haldist þangað til jafnvægi væri komið aftur á peningagildið.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg hygg, að það hafi vakað fyrir háttv. fjhn. að fá þessum kirkjugjöldum breytt, sökum þess, að þau hafi verið of lágt sett í upphafi. Þar sem svo hefir við bæst verðfall peninga, þá hafa sóknarnefndir orðið knúðar til þess að leita samþykkis safnaðafunda til að hækka gjöldin árlega. Af þessum ástæðum tel jeg rjettara, að lögákveðið sje nokkuð hærra gjald til kirkna en það er nú, til þess að losa sóknarnefndir við þessi umsvif, sem nú verður ekki komist hjá. Væri svo ekki, mundi jeg manna síst mæla með hækkun á þessum gjöldum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 : 2 atkv.
2. gr. samþ. með 10 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 1 atkv.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 67).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 67).

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Fyrir háttv. Ed. var lagt frv. af stjórninni, um breytingu á lögum um sóknargjöld, og var það frv. á þann veg, að þau voru tvöfölduð, hækkuð úr 1 kr. 50 aur. í 3 kr., og kirkjugjöld hækkuð að sama hlutfalli. Fjhn. Ed. hefir látið frv. liggja hjá sjer af þeirri ástæðu, að hún gat ekki fallist á hækkun sóknargjalda. Frv. liggur enn hjá þeirri nefnd, en í þess stað hefir hún borið fram frv. um hækkun kirkjugjalds, en þó ekki eins mikla hækkun og frv. stjórnarinnar fór fram á. Jeg býst við, að þessi háttv. deild athugi það frv., sem nú liggur fyrir, og þá um leið, hvort ekki sje viðeigandi að breyta því í líka átt og frv. stjórnarinnar. Í því var gert ráð fyrir, að gjaldinu yrði jafnað niður, en þetta frv. fer fram á, að allir greiði jafnt gjald. Jeg skal ekki segja um, hvor aðferðin er rjettari; það athugar vonandi sú nefnd, sem fær málið til meðferðar. Frv. stjórnarinnar var borið fram í þeim tilgangi að afla tekna, og virðist það ekki ósanngjarnt, þegar þess er gætt, að sóknargjöld eru upphaflega til þess ætluð að koma á móti launum presta.

Frv. í sömu átt og þetta hafa farið til fjárhagsnefndar í háttv. Ed., og þykir mjer rjett, að þetta frv. fari því til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 13 shlj. atkv.

Á 40., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 11., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 276).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Þetta litla frv. var borið fram í hv. Ed. af hv. fjhn. Ed. og samþ. Fjhn. Nd. hefir athugað frv. og leggur til, að það nái fram að ganga.

Frv. gerir ráð fyrir, að kirkjugjaldið hækki um 50 aura. Að öðru leyti standa sóknargjöldin í stað. Fjhn. Nd. hefir fallist á, að þessi hækkun sje sjálfsögð, því í fæstum tilfellum mun nokkurn gjaldanda muna um hana.

Frv. er, eins og jeg gat um, frá fjhn. Ed., og sennilega er það til orðið vegna frv., sem hæstv. stjórn lagði fyrir háttv. Ed. En vegna þess, að það er ekki hjer til umræðu, þá ætla jeg ekki að fara í neinn samanburð á frv. Jeg vil aðeins mælast til, að frv. nái fram að ganga, en það þarf ekki neinna skýringa við, því að það er svo einfalt mál, að allir geta áttað sig á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.
2. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 2 atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 67).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 341).

---

11. Slysatrygging sjómanna.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um slysatrygging sjómanna. (A. 172).

Á 30., 36. og 37. fundi í Nd., dagana 30. mars, 6. og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að málið mætti samt taka til meðferðar.

Frsm. (Þorleifur Guðmundsson): Frv. þetta hefir borist sjávarútvegsnefnd frá hæstv. atvrh. (P. J.), en þangað var það komið frá stjórn slysatryggingar sjómanna.

Breytingar þær, sem hjer er um að ræða, eru aðallega fólgnar í hækkun skaðabótanna fyrir slys, og þar af leiðandi hækkun iðgjaldanna. Þetta hvorttveggja var áætlað of lágt þegar lögin nr. 84, 1917, voru samin, svo að það er skiljanlegt, að nú eru þau orðin alt of lág, eftir þær miklu verðlagsbreytingar, sem orðið hafa síðan 1917.

Frv. mun jeg taka til nánari athugunar í einstökum atriðum við 2. umr. Það

er sjáanlegt, að bætur fyrir slys eru átakanlega litlar eftir núgildandi lögum, þegar tekið er tillit til verðlags og þarfa. Iðgjöldin verða því að hækka, án þess að gjaldendum sje íþyngt um of með því. Jeg mun annars fara nákvæmar út í þetta við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 40., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 11., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, 175, 243).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Þorleifur Guðmundsson): Þegar þetta frv. var hjer til 1. umr., skýrði jeg háttv. deild frá því, hvernig það var til komið og að það miðar aðeins að því að gera hinar nauðsynlegustu breytingar á núgildandi lögum um þessi efni, í samræmi við þær verðlagsbreytingar, er orðið hafa.

Og nú vil jeg því skýra frv. og hinar einstöku breytingar, er það fer fram á, nokkuð nánar.

1. gr. frv., sem er breyting við 3. gr. núgildandi laga, er aðallega fólgin í því, að iðgjaldið hækkar úr 70 aurum upp í 1 krónu um hverja viku. Og einnig breyting á sjálfri iðgjaldsgreiðslunni, sem er fólgin í því, að hámarksstærð mótorbáta þeirra, er njóta ríkissjóðstillags, er færð niður úr 12 smál. í 5.

Það hefir komið í ljós, að fæstir bátar í Vestmannaeyjum og í veiðistöðum austan fjalls eru 12 smál. eða þar yfir. Hafa þeir því nærri allir heyrt undir þá stærð báta, sem ríkissjóður greiðir fyrir iðgjöldin að nokkru leyti. Og virðist það óþarfi, enda jafnvel ekki sanngjarnt, þar sem útgerð á þeim smærri bátum ber sig engu ver en á þeim stærri.

2. gr., sem er breyting á 5. gr. laganna, fjallar um frjálsa tryggingu, og er gjaldið þar í fullu samræmi við breytinguna á 3. gr. núgildandi laga. Þar er vikugjaldið einnig fært upp í 1 kr. úr 70 aurum.

Til frjálsra trygginga heyra þeir, sem aðallega róa á smærri bátum, og eru því ekki tryggingarskyldir samkvæmt slysatryggingarlögunum, en hafa rjett til þess samkvæmt 5. gr. laganna.

3. gr., sem er breyting á 6. gr. laganna, er hækkun á skaðabótunum, og eru þær að vísu nokkuð hærri að tiltölu við hækkun iðgjaldanna, en það virðist óhætt vegna efna og ástæðna sjóðsins, og að fenginni reynslu, sem þó er ekki yfir langan tíma, því að sjóðurinn er ungur enn, þar sem hann var stofnaður 1. júlí 1918. En þá lagðist niður um leið slysatrygging sjómanna eftir eldri lögunum, og má því nokkuð miða við reynslu fyrri ára í þessu efni. Þær breytingar verða á skaðabótunum, ef frv. verður samþ., að örorkubætur hækka um 1000 kr., úr 2000 upp í 3000 kr., dánarbætur um 500 kr., úr 1500 upp í 2000 kr. Viðbótargreiðsla til ekkju fyrir hvert skilgetið barn hækkar um 100 kr., úr 100 kr. upp í 200 kr. Til óskilgetinna barna um 200 kr., úr 200 upp í 400 kr., og viðbótargreiðsla, ef aðeins er um eftirlifandi börn að ræða, um 100 kr., úr 100 kr. upp í 200 kr.

4. gr. frv., sem er breyting á 12. gr. laganna, er um hækkun á sektarákvæðum laganna, úr 5—100 kr. í 50—1000 kr. Þetta stökk er nokkuð langt, en það kemur af því, að við breytinguna, er gerð var á lögunum um slysatryggingu sjómanna á þinginu 1917, hefir láðst að breyta sektarákvæðunum í samræmi við þá

hækkun, sem varð á tryggingarupphæðunum.

5. gr. frv. þarf ekki skýringar við.

Eins og sjá má af frv., helst skifting iðgjaldanna að mestu leyti óbreytt. Hlutföllin hafa þó aðeins raskast lítið eitt við það, að hentugra þótti, vegna innköllunar iðgjaldanna, að þau stæðu á heilum eða hálfum tug.

Það sjest einnig á frv., að örorkubætur eru þar hækkaðar nokkru frekar en dánarbætur, eins og skýrt var frá áður, og er það gert að málinu athuguðu, og mun jeg koma að því síðar.

Eftir að frv. var útbýtt í háttv. deild hefir komið fram brtt. við það á þskj. 175, frá 2. þm. Reykv. (J. B.). Hún er við 1. og 3. gr. frv. Ætla jeg þá fyrst að fara nokkrum orðum um 2. lið brtt., sem er breyting á 3. gr frv., í þá átt, að fyrir kr. 3000 komi 4000, það er að segja, háttv. þm. (J. B.) vill, að fyrir algerða örorku verði bætt alt að 4000 kr.

Nefndinni virðist sjálfsagt að taka þessa brtt. til greina, því að þótt það sjeu tvöfaldar bætur, borið saman við dánarbætur, þá er þess að gæta, *að* örsjaldan hefir sjóðurinn þurft að greiða örorkubætur, samanborið við dánarbætur — aðeins í 5 tilfellum, og þó ekki nema að litlum hluta í hvert sinn, síðan sjóðurinn var stofnaður — og *að* sjóðurinn virðist fær um að greiða svona ríflegar bætur þegar slys bera að höndum, því að efnahagur sjóðsins er tiltölulega góður og hefir aukist nokkuð hröðum fetum á þessum stutta tíma, sbr. reikninga sjóðsins og rekstur árið 1919.

Á því ári voru tekjur (iðgjöld) kr. 104376,39, en gjöld: dánarbætur 49700 kr. og örorkubætur aðeins 700 kr.

Eign sjóðsins var í árslok 1919 kr. 238106,18, en af því var eign frá árslokum 1918 kr. 177829,60. Hefir sjóðurinn því vaxið á því eina ári um rúmar 60 þús. kr., eða 60276,58 kr.

Á þessu sjest, að sjóðurinn hefir vaxið vel, og einnig, að örorkubætur hafa verið mjög lágar, enda hafa þau slys, er þeim valda, verið mjög sjaldgæf, en dánarbætur aftur mikið tíðari.

Þeir, sem verða fyrir slysum, verða þó sjaldan algerðir öryrkjar, og er þá aðeins goldið í hlutfalli við það, hvað hver þeirra telst vanfær til vinnu. Það virðist og sanngjarnt, og jafnvel sjálfsagt, að örorkubætur sjeu mun hærri en dánarbætur, því að fyrst er þar engum bótum heitið fyrir barnafjölda, líkt og þegar um dánarbætur er að ræða, og svo er það sjáanlegt, að fjölskyldan er efnalega ver stödd í því tilfelli, því að þá er einum ómaganum fleira fram að færa en áður. Og ekki virðist það geta verið minni framfærslueyrir til manns, sem til dæmis verður öryrki á yngri árum, en 4000 kr. — Það er vissulega of lítill framfærslueyrir til margra ára, en við það verður að sitja nú, því að ástæður og fyrirkomulag sjóðsins leyfa ekki meira, enn sem komið er. En jeg skal geta þess, að nefndin hefir borið þetta undir formann sjóðsins, og hann kvað sjóðinn vel geta borið þetta, þar sem hann hefði aukist svo mikið.

Jeg vil samt geta þess, til þess að gefa mönnum ekki rangar hugmyndir um stöðugan vöxt sjóðsins, að það má ekki búast við eins miklum vexti hans á árinu 1920 eins og árið 1919, því að á því ári skeði það, að auk þeirra bóta, er venjulega geta átt sjer stað, kom það fyrir, að sjóðurinn varð að greiða um 50—60 þús. kr. vegna þess slyss, að þilskipið „Valtýr“ fórst með allri áhöfn. Þar hurfu 30 manna líf, er bæta þurfti. — Þetta er, sem betur fer, orðið sjaldgæfara nú en áður, er menn stunduðu veiðar á þeim skipum, sem ekki höfðu hjálpar-

vjel, og síðan togararnir komu í stað þilskipanna hafa dauðaslys á sjó orðið mikið færri. En aftur hafa önnur slys orðið nokkuð tíðari, en þeirra gætir mikið minna fyrir sjóðinn.

Þá skal jeg koma að fyrri lið brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), á þskj. 175, sem er breyting á 1. gr. frv. Sú breyting veldur því, ef samþykt verður, að sá, sem er trygður, yrði ekki skyldur til að greiða neitt af iðgjaldinu, heldur útgerðarmaðurinn skyldur að greiða það alt. Hjer skiftast vegir okkar, og verð jeg að mótmæla því í nafni meiri hluta sjávarútvegsnefndar, að sú breyting nái fram að ganga í háttv. deild, því að sú tillaga fer í öfuga átt, ekki svo mjög vegna þess, að ekki standi á sama, hvor vegurinn er farinn, frá peningalegu sjónarmiði. Það skiftir engu að því leyti, hvort útgerðarmaðurinn greiðir það alt eða að nokkru leyti, því að hvernig sem á það verður litið, verður það ávalt framleiðslan, sem greiðir. Ef útgerðarmaður greiðir þetta iðgjald, þá kemur það niður á kaupi mannanna; það verður lægra en ella.

En það er annað í þessu sambandi, sem veldur því, að það er betra að þeir, sem trygðir eru, greiði iðgjöld sín sjálfir, betra vegna þeirra sjálfra og jafnvel þjóðarinnar í heild sinni. Því að það eitt, að gjalda gjöld sín sjálfur og að hafa það í meðvitund sinni, að hafa borgað tryggingargjöld sín með sínum eigin peningum, vekur og heldur við sjálfsagðri sjálfstæðistilfinningu, sem enginn einstaklingur má missa, hvorki sjálfs sín nje þjóðar sinnar vegna. Það er þessi sjálfstæðistilfinning og þráin til sjálfstæðis, sem hver góður Íslendingur á að varðveita í brjósti sjer og brjóstum allra landa sinna, og á að ráða hjer mestu. Því að aum er sú þjóð, sem ekki varðveitir sjálfstæði sitt. Og möguleikinn til þess byggist eingöngu á sjálfstæðismeðvitund einstaklinganna.

Jeg vildi því biðja háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) að taka tillöguna aftur; jeg veit, að hún er fram komin í góðmannlegum tilgangi við þá stjett, er hann er aðallega studdur af til setu á hinu háa Alþingi, og vona jeg, að hann taki það til greina, er hann athugar, að hjer er ekki neinu að tapa fyrir stjettina, en aftur á móti miklu að tapa fyrir þjóðarheildina, ef tillaga hans er samþ. Jeg vona, að hv. tillögumaður (J. B.) sjái það, að með þessu lamar hann sjálfstæði einstaklingsins, og þá sjálfstæði alþýðunnar, og þar með þjóðarinnar í heild sinni. Og óska jeg því helst, að hann taki tillöguna aftur, og finst mjer, að þjóðin eigi heimtingu á því, að foringjar alþýðuflokksins geri ekkert það, sem orðið geti til þess að lama sjálfstæði alþýðunnar eða draga úr sjálfsbjörgunartilhneigingu hennar. Því að það eitt er víst, og það hlýtur hv. tillögumaður (J. B.) að viðurkenna, að þar, sem fleiri sjálfstæð hjörtu slá, þar er meira þjóðarlíf og kraftur.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi borið hjer fram brtt. við frv. það, er sjútvn. hefir borið fram, og mun það heyra til, að jeg fari um hana nokkrum orðum.

Jeg skal byrja á því, að það var ekki ágreiningur í nefndinni um það, að töluverðar breytingar á núgildandi lögum væru nauðsynlegar, þar sem alt er nú dýrara en áður, eða að verðgildið hefir breyst. Um frv. sjálft og nauðsyn þess var nefndin öll sammála. Og ekki hefir heldur verið neinn ágreiningur, eins og háttv. frsm. (Þorl. G.) tók fram, um brtt. mína við 3. gr., að hækka styrkinn til öryrkja úr 3000 kr. upp í 4000 kr.

En nefndin vildi ekki ganga inn á hina brtt. mína á lögunum frá 1917, og það er einmitt um hana, sem jeg vildi tala.

Eftir þeim lögum bera útgerðarmenn ábyrgð á, að þetta gjald sje greitt, en það

lítur svo út, að þeir eigi að taka það aftur af sjómönnum. En þessu þarf að breyta.

Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) tók það rjettilega fram, að útgerðin bæri þetta gjald í raun og veru, og er því ekki ástæða fyrir útgerðarmenn að krefjast þess aftur af sjómönnum. Sú ástæða háttv. frsm. (Þorl. G.), að kaupið verði hærra, ef sjómenn greiði iðgjaldið sjálfir, sýnir einmitt, að það er algerlega ástæðulaust að amast við brtt. um, að útgerðarmenn greiði tillögin beint, úr því játað er, að þeir verði að greiða þau óbeint í hærra kaupi. En hinar ástæður hans voru fremur veigalitlar, svo sem um það, að þetta mundi lama sjálfstæði manna, ef þessu yrði skipað þannig með lögum. Mjer er líka kunnugt um, að sumstaðar hafa útgerðarmenn borgað þetta gjald og ekki krafist þess aftur.

Jeg hygg, að sú regla sje líka ríkjandi í flestum þeim löndum, sem langt eru komin í tryggingarmálum og hafa skipað þeim í viðunanlegt horf, að atvinnurekendur greiði þar tryggingargjald verkamanna sinna, og mun þar enginn óttast, að það lami sjálfstæði þeirra.

En við erum komnir skamt á leið í þessum málum, og mjer finst ekkert á móti því að ganga þá sömu braut, sem þær þjóðir, er mikið hafa um þetta hugsað og búnar eru að koma slysatryggingum í gott horf. Í viðaukatillögunni á þskj. 243 er farið fram á að herða á ábyrgð útgerðarmanna, þar sem þeir eru skyldaðir til að greiða sjóðnum bæturnar, ef þeir vanrækja að greiða tryggingargjaldið eða tryggja sjómennina, og bendir það í þá áttina, sem mínar till. ganga, að herða á skyldum útgerðarmannanna.

Þetta er ekkert stórmál, og er ekki ástæða til að tefja deildina á löngum umræðum um það. Jeg fer ekki fram á mikla breytingu; till. mín stefnir aðeins að því að fastákveða það, sem áður var óljóst.

Jeg býst við því, að sú leið, sem till. mín fer fram á, verði ofan á áður en lýkur. Það eru allir sammála um það, að atvinnuvegirnir haldi þessum tryggingum uppi, og það er orðið ofan á í öðrum löndum, að atvinnurekendur greiði þetta gjald eins og hvern annan rekstrarkostnað, og þetta á líka eftir að verða ofan á hjer. Og þó að háttv. deild hafi ef til vill ekki næga sanngirni nú til þess að ganga að till. minni, þá veit jeg, að ekki verður langt að bíða, að við förum eftir góðu dæmi annara þjóða í tryggingarmálum.

Frsm. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg þarf ekki miklu að svara, enda erum við, jeg og háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að miklu leyti sammála. En jeg verð enn að mótmæla því fordæmi, sem skapa á með till. háttv. þm. (J. B.). Hann mintist á, að mjer væri kunnugt, að útgerðarmenn austan fjalls greiddu þessi slysagjöld. Það er satt, að þeir gera það að sumu leyti, en þeir hásetar, sem róa upp á hlut, greiða gjöld sín sjálfir. Og þar kemur greinilega fram það, sem jeg sagði, að sjálfstæðari hlutinn greiðir sjálfur, hinir, sem selja algerlega vinnukraft sinn, láta atvinnurekendur greiða fyrir sig.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) talaði um, að fara að dæmi annara þjóða, og það er rjett, en hann vill taka þær til fyrirmyndar þar, sem síst skyldi. Þetta fyrirkomulag er ljóst merki um kúgun og ósjálfstæði alþýðunnar. Því að það er alkunnugt, að þar, sem kúgun alþýðunnar er mest, þar er reynt að láta hana hafa sem minsta meðvitund um, að það sje í raun og veru hún sjálf, sem vinnur fyrir sjer, heldur

sje hún borin og dregin fram af yfirstjettunum. Þetta er það, sem mest lamar þjóðirnar, því að eftir því, sem fleiri eru ósjálfstæðir meðal þjóðarinnar, er henni hættara.

Við eigum ekki að semja okkur að því. Alþýðan á ekki að standa í keng frammi fyrir atvinnuveitendum, heldur að bera höfuðið hátt, vera sjálfstæð, og vita það. Það er ekki merki um sjálfstæði að heimta í vitleysu hærra og hærra kaup, heimta meira en sanngjarnt er og atvinnuvegirnir geta borið, heldur á hún að vera sjálfstæð í raun og veru.

En úr því jeg stóð upp, vil jeg drepa á till. á þskj. 243, sem nefndinni barst frá Fiskifjelagi Íslands og fer í þá átt, að úterðarmaður skuli greiða gjald þess, er ferst og á það ógoldið.

Þetta er af þeirri eðlilegu ástæðu, að það er ekki gott fyrir sjóðinn að ná inn skuld sinni þegar maðurinn er dáinn, en hann mun oftast eiga eitthvað inni hjá útgerðarmanni, og þó að svo sje ekki, þá er eðlilegt, að útgerðarmaður greiði, því að hann átti að bera ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Þessi till. er því sjálfsögð, en hún fer á engan hátt í sömu stefnu og till. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.).

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vænti þess, að háttv. deild taki frv. og brtt. nefndarinnar vel.

Jón Baldvinsson: Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að þeir, sem reru upp á hlut austan fjalls, greiddu gjaldið sjálfir, og er það eðlilegt, af því að þeir fá hlutdeild í aflanum. Og það gildir vitanlega einu, hvort þetta gjald yrði tekið af óskiftum eða skiftum afla. En það eru fæstir sjómenn, sem fá hlutdeild í afla, og eiga þeir því ekki að greiða gjaldið, heldur útgerðin.

Mjer þykir leiðinlegt, að háttv. þm. (Þorl. G.) skuli ekki geta fallist á till. mína, því að í raun og veru erum við sammála. Og mjer þætti leitt, ef háttv. þm. (Þorl. G.) yrði svo lengi að átta sig á sínum eigin skoðunum, að hann væri ekki búinn að því fyrir atkvgr.

Jeg veit ekki, hvort það er svara vert, að jeg hafi tekið dæmið þaðan, sem alþýðan er kúguð mest, enda var alt alþýðuhjal háttv. þm. (Þorl. G.) nauðaómerkilegt, og sumt hrein öfugmæli. Jeg get þó bent á, að í Danmörku þykir alþýðan ekki kúguð meira en annarsstaðar, nema síður sje, og er sama fyrirkomulag þar og jeg vil hafa hjer. Þaðan höfum við fengið margt, og sumt ef til vill ekki sem heppilegast, og væri þá ekki úr vegi að taka Dani líka til fyrirmyndar, þar sem það er til bóta.

Að endingu skal jeg játa það, að jeg skil ekki niðurstöðu háttv. þm. (Þorl. G.). Jeg efast um, að hann skilji hana sjálfur, að minsta kosti breytir hann öfugt við hana austan fjalls, þar sem hann segir, að útgerðin borgi iðgjöldin fyrir sjómennina, ef þeir eru ráðnir upp á kaup. En þetta fer mín till. fram á; og hvernig getur þá háttv. þm. (Þorl. G.) verið á móti henni?

Pjetur Ottesen: Mjer virtist kenna nokkurs misskilnings hjá háttv. frsm. (Þorl. G.) viðvíkjandi till. á þskj. 243. Hún er fram komin vegna þess, að fyrir hefir komið, að útgerðarmenn hafa vanrækt að tryggja skipverja eða greiða iðgjöld þeirra í slysatryggingarsjóðinn, en þeim ber skylda til að gera það.

En þegar svo hefir borið við, að þeir menn hafa farist, sem vanrækt hefir verið að líftryggja eða greiða iðgjöld fyrir, þá bar slysatryggingarsjóðnum ekki skylda til að borga lífsábyrgðarfjeð. Að vísu mun mega líta svo á, að það sje andi laganna, að útgerðarmanni beri að greiða erfingjum eða aðstandendum hins drukknaða manns lífsábyrgðarfjeð, þegar svona stendur á, en til þess þyrfti auðvitað

að hefja málssókn á hendur útgerðarmanni, en því fylgir mikið umstang, fyrirhöfn og kostnaður. Því er það, að með brtt. er farið fram á, að sjóðurinn greiði aðstandendum líftryggingarfjeð, þótt vanrækt hafi verið að greiða iðgjaldið, en svo hefir sjóðurinn aftur aðgang að útgerðarmanni með endurgreiðslu á hvorutveggja, iðgjaldinu og líftryggingarfjenu.

Þá þótti mjer einnig koma fram hjá háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) misskilningur á lögunum. Þar er skýrt tekið fram, að útgerðarmenn skuli greiða gjaldið, en þeir hafi rjett til þess að taka það af kaupi eða afla skipverja. Þetta er svo skýlaust tekið fram, að um það er ekki að villast. Það er þess vegna hreinn stefnumunur milli háttv. þm. (J. B.) og nefndarinnar. Það, sem háttv. þm. (J. B.) fer fram á með brtt. sinni, er nýmæli, sem sje það, að útgerðarmaður greiði iðgjöldin, án þess að hafa rjett til að taka þau aftur af kaupi eða hlut skipverja, en það þykir nefndinni alls ekki rjett, því að tryggingin er í þágu skipverja eða aðstandenda þeirra og því rjett og sanngjarnt, að þeir borgi iðgjöldin sjálfir.

Jeg vona, að menn hafi áttað sig fyllilega á þessum stefnumun, og greiði atkv. samkvæmt því.

Frsm. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg misskildi ekki till. á þskj. 243, en jeg var að benda á, að hún ætti ekki sammerkt við till. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Jeg lagði ekki út í það að skýra till.; hún skýrir sig sjálf; en jeg var að taka það fram, að ekki væri hægt að leggja inn í hana þann anda, sem háttv. þm. (J. B.) vildi vera láta.

Jeg vil svo óska þess, að farið verði að ganga til atkvæða, og jeg vona, að háttv. deildarmenn snúist á sveif með meiri hl. nefndarinnar, en til hans getur háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) ekki talist.

ATKVGR.

Brtt. 175,1 feld með 15 : 5 atkv.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 175,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 243,1 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

4. og 5. gr. (verða 5. og 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 326).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 326).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1653) með 13 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, n. 360).

Frsm. (Karl. Einarsson): Jeg get orðið mjög stuttorður og að mestu látið mjer nægja það, sem tekið er fram í nál. Þetta frv. er komið frá stjórn Slysatryggingarsjóðsins, og hefir tekið tveim breytingum. Önnur er sú, að skaðabætur hafa verið hækkaðar um ¼ hluta, eða úr 3000 kr. í 4000 kr., til þeirra, sem fyrir slysum hafa orðið eða örkumlast í þjónustu útgerðarinnar. Og hin er, að skaðabætur skuli jafnt greiddar, hvort slasaður var tryggður eða ekki, ef hann var tryggingarskyldur. Báðar þessar breytingar hafa aukin útgjöld í för með sjer, að vísu í síðara tilfellinu aðeins ef sjerstaklega stendur á, en getur þó komið fyrir, þegar útgerðarmaður er gjaldþrota eða getur ekki endurgoldið alla upphæðina.

Það vakti fyrir nefndinni, sem fjallaði um þetta mál í Nd., að skeytingarleysi formannsins eða útgerðarmanns ætti ekki að koma niður á fátækum og bágstöddum munaðarleysingjum, og hún hefir ekki fundið aðra leið heppilegri en þessa. Nú verður reynslan að skera úr því, hversu gefst, en komið getur það fyrir, að hækka verði iðgjaldið, vegna þess skaða, sem sjóðurinn kann að verða fyrir af þessum sökum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 326).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 404).

---

12. Seðlaauki Íslandsbanka.

Á 53. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga nr. 57, 28. nóv. 1919 [*Seðlaauki Íslandsbanka*] (A. 405).

Forseti (B. Sv.): Samkvæmt ósk háttv. stjórnar vil jeg fara þess á leit við háttv. deild, að hún leyfi þau afbrigði frá þingsköpunum, að frv. til laga á þskj. 405 verði tekið til 1., 2. og 3. umr. á þrem fundum í röð, sem háðir verði á undan hinum auglýsta deildarfundi.

Afbrigðin voru leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Síðan var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jakob Möller): Frv. þetta er borið fram af peningamálanefnd, eftir beiðni hæstv. stjórnar, fyrir þá sök, að lögin nr. 57, 1919, sem heimila stjórninni

að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er hann má gefa út lögum samkvæmt, falla úr gildi 1. maí næstkomandi, en fyrir þann tíma, sem þar á eftir líður og þangað til ný lög verða sett um það efni, er nauðsynlegt, að heimildarlög sjeu til, til þess, að bankinn geti gefið út seðla eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur. Nú er það víst, að ekkert af þeim frv., sem nú eru á ferðinni um þetta efni, verður orðið að lögum fyrir 1. maí. Það er því nauðsynlegt, og getur varla valdið ágreiningi, að framlengja gildi laganna nr. 57, 1919, því að þótt sú framlenging verði samþ. með þessu frv, þá þarf það engin áhrif að hafa á afstöðu manna til hinna ýmsu frv., eða á gang málsins að öðru leyti.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil þakka háttv. peningamálanefnd fyrir, að hafa borið fram frv. Jeg vil taka undir það með háttv. frsm. (Jak. M.), að þessi framlenging á gildi laganna nr. 57, 1919, getur engin áhrif haft á þetta mál til frambúðar, svo að hægt er að spara sjer allar deilur um það. Vegna þess, hvað skamt er eftir til 1. maí, er rjett aðeins nægur tími til að síma til konungs, til þess að búið verði að fá staðfestingu hans fyrir 1. maí. Jeg vona, að háttv. forseti taki málið strax til 2. og 3. umr., að þessari lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 405).

Forseti (G. B.): Með því að mjög þarf að hraða afgreiðslu þessa máls, þá leyfi jeg mjer að leita afbrigða frá þingsköpum um það, og leggja fyrir háttv. deild, hvort hún ekki vill samþ., að haldnir sjeu þrír fundir um málið, hver á eftir öðrum, og ef enginn mælir á móti, þá skoða jeg það samþ. án atkvgr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil aðeins geta þess, að með því að mjög þarf að flýta þessu máli, þá hefir hv. peningamálanefnd Nd. flutt þetta mál, eftir beiðni stjórnarinnar. Frv. hefir þegar verið samþ. á fáum mínútum í hv. Nd., og vona jeg, að svo verði einnig hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 414).

---

13. Vátrygging sveitabæja.

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 71, 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna (A. 90).

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti! Þótt ekki sje þörf á langri framsögu í þessu máli, vil jeg þó fara um það fáeinum orðum. Breytingarnar, sem hjer er farið fram á, eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi er hún sú, að hámarkið — 6 þús. kr. — verði hækkað um helming, og svo um tryggingu lausafjár.

Það er kunnugt, að núgildandi lög um vátrygging sveitabæja eru frá 1905, en síðan hafa orðið stórfeldar breytingar til sveita, húsakynni manna batnað og peningagildið jafnframt lækkað. Þess vegna ná lögin alls ekki tilgangi sínum nú orðið, því að stærstu og bestu og nýjustu bæirnir eru dýrari en svo, að þeir verði vátryggðir samkvæmt núgildandi hámarki, og brenni nú einhver slíkur bær, er auðvitað loku fyrir það skotið, að unt verði að endurreisa hann fyrir tryggingarupphæðina. Með þessu er einnig dregið úr notum almennings í lögunum, því að þeir sem helst væru líklegir til að koma tryggingarsjóðunum á stofn, draga sig í hlje, einmitt af því, að lögin fyrirmuna þeim að njóta þess hagræðis, er sjóðirnir veita.

Að því er lausafjeð snertir, má minna á það, að með vaxandi hagsæld sveitafólks, hafa kröfur þess einnig aukist, og er nú á sveitabæjum vorum mikið af lausafjármunum, óvátrygðum, sem munu vera margra miljóna virði.

Það er því ekki neina sanngirniskrafa frá okkur sveitamönnunum, að brunabótamálum okkar verði nú komið í svipað horf og kaupstaðanna með stofnun Brunabótafjelags Íslands, og vænti þess, að háttv. deild líti með sanngirni á málið og greiði götu þess.

Að lokum skal jeg svo aðeins geta þess, að eina vangárvillu vildi jeg mega leiðrjetta hjá þeirri háttv. nefnd, sem fær málið til athugunar.

Pjetur Ottesen: Jeg sting upp á því, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1658) með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 90, n. 220).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Jeg þarf ekki að vera margorður, því að frv. var getið rækilega við 1. umr., og nefndin hefir ekki gert á því breytingar, svo teljandi sje. Jeg vil taka það fram, að nefndin hefir leitað sjer upplýsinga hjá framkvæmdastjóra Brunabótafjelags Íslands, sem hefir umsjón með sjóðum sveitarfjelaganna, og hefir hann mætt á fundi nefndarinnar og tjáð sig fylgjandi því, að frv. næði fram að ganga. Jeg held, að með frv. sje sæmilega sjeð bæði fyrir vátryggjendum og sveitarsjóðunum, svo að í því efni sje ekkert að óttast. Jeg hefi áður drepið á aðalatriði þessa máls, og þarf því ekki að endurtaka það, og það því síður, sem nál. er komið út fyrir þó nokkrum tíma og háttv. þm. hefir gefist kostur á að kynnast því.

En þá vil jeg snúa mjer að þeim brtt., sem ekki er getið í nál. Áður var það svo, að brunatrygging náði til skemda, sem metnar voru á 20 kr. og þar yfir, en þetta lágmark hefir verið hækkað upp í 50 kr., og er sú breyting svo sjálfsögð, að ekki þarf að skýra hana nánar. Eins er um þá breytingu, að virðingarmenn eiga að fá 2.50 kr. fyrir hvern bæ, sem þeir meta, í stað 1 kr. áður. Vitanlega er 2.50 kr. engan veginn fullnaðarborgun, en við sveitamennirnir vinnum svo margt í þágu þess opinbera fyrir lítið sem ekkert kaup, að jeg býst ekki við því, að um þessa fjárhæð verði kvartað. En hins vegar duldist nefndinni það ekki, að 1 kr. borgun var broslega lág í þessu sambandi, og þess vegna kaus hún að stilla þessu í hóf og hafa það 2.50 kr.

Þegar lögin um stofnun brunabótasjóða fyrir sveitarfjelög voru samþykt, var ákveðið, að landssjóður legði fram 10 þús. kr. sem stofnfje í hinn sameiginlega sjóð. Nú er gert ráð fyrir að færa hámark hverrar vátryggingarupphæðar upp um helming, og þótti nefndinni þá rjett, að tillag landssjóðs hækkaði að sama skapi. Iðgjöld eru lág nú, og aðeins 43 hreppar hafa myndað sameiginlegan brunasjóð, og eru í honum aðeins 47 þús. kr. Allir geta sjeð, að þetta er engin upphæð og hrekkur skamt, ef verulega bruna ber að höndum, og því er ekki hægt að sætta sig við minna en helmingshækkun.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar, en vænti þess, að það fái góðar undirtektir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 220,1. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 220,2. samþ. án atkvgr.

— 220,3. samþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 220,4. (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 220,5. samþ. án atkvgr.

9.—10. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 220,6. samþ. með 17 shlj. atkv.

— 220,7. samþ. án atkvgr.

11. gr. (verður 12 gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 288).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 288).

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta var í landbúnaðarnefnd í hv. Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar einnig í þessari deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1652) með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 369).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefir nefndin fallist á frv. í öllum aðalatriðum, og ekki komið fram með nema mjög smávægilegar brtt. 1. liður brtt. er við 1. gr. frv. Nefndin leggur þar til, að orðin „í brunabótasjóði“ í fyrri staðnum í 2. málsgr. verði feld burtu. Fanst nefndinni betur fara á því. Svo vill hún bæta við í 1. gr. frv. því ákvæði, sem nú stendur sjerstakt í 12. gr. Virðist fara betur á, að það komi strax þarna. Auk þess eru allar gr. frv., nema 12. gr., breytingar á gr. í núgildandi lögum. Hún ein er algerlega ný, og er því ekki vel ljóst, hvar hún ætti að koma inn í lögin.

2. brtt. við 2. gr. frv. er málsrjetting. Í frv. stendur: „2000 kr. húseign og meiri eða lausafje“. Þetta finst nefndinni ekki skemtilegt orðalag, og vill því breyta því svo: „í húseign eða lausafje, sem er 2000 kr. virði eða meira“.

Af því að nefndin tók 12. gr. og skeytti hana við þá fyrstu, þá leiðir auðvitað að sjálfsögðu af því, að 12. gr. fellur burt og 13. gr. verður 12. gr. Allar þessar breytingar, sem nefndin vill láta gera á frv., eru mjög smávægilegar, svo að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þær. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt hjer í þessari háttv. deild, þannig breytt.

ATKVGR.
Brtt. 369,1.a. samþ. án atkvgr.
— 369,1.b. samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 369,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—11. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 369,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

12. gr. þar með fallin.
13. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 394).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Landbúnaðarnefndin hafði ekki athugað við 2. umr., að breyta þurfti fyrirsögn frv. En eftir 2. umr. benti háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) nefndinni á, að betur færi á því, og fjelst hún á það. Nefndinni fanst nú ekki ástæða til að gera brtt. um þetta, en væntir, að forseti sjái sjer fært að láta bæta orðunum: „svo og um lausafjárvátryggingu" aftan við fyrirsögnina í umprentun frv.

Forseti (G. B.): Jeg tel mjer heimilt að láta leiðrjetta þetta á skrifstofu þingsins, ef enginn mælir í móti, — og það gerir enginn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og endursent Nd. með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 71, 14. nóv 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, svo og um lausafjárvátryggingu.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 394).

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Nefndin hefir ekkert við breytingar háttv. Ed. á frv. að athuga, og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 428).

---

14. Samvinnufjelög.

Á 21. fundi í Ed., laugardaginn 12. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samvinnufjelög (A. 125).

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Friðjónsson): Mjer hefir hlotnast sá óverðskuldaði heiður að vera fyrsti flm. að frv. til laga um samvinnufjelög. Jeg segi óverðskuldað vegna þess, að jeg hefi ekki verið neinn meiri háttar forgöngumaður í samvinnuhreyfingunni, og þó einkum vegna þess, að jeg finn ekki mátt hjá mjer til þess að flytja þetta erindi samvinnufjelaganna eins og jeg gjarna vildi. Frá sjónarmiði samvinnumanna er hjer um breytingu að ræða, sem stefnir að gerbreytingu á þjóðfjelagslegu lífi og skipulagi, og þó á fornum og — að hennar áliti — traustum grundvelli. Samvinnufjelagshreyfingin er í sínu insta eðli jafnaðarhreyfing. Af þrem kjörorðum stjórnarbyltingarinnar frönsku: frelsi, jafnrjetti og bróðerni, eru það einkum jafnrjettið og bróðernið, sem hún leggur áherslu á. Til þessa eru meðal annars þau sögulegu rök, að í frelsishugsjónina hljóp nokkurs konar ofvöxtur á 19. öldinni, að sumu leyti fyrir áhrif frá þjóðmegunarfræðikenningum Adam Smiths og lífsþróunarkenningum Charles Darvins og hans fylgifiska,

ofvöxtur, sem margir góðir menn hafa óttast, og sem hefir nú að lokum — að margra áliti — átt mjög mikinn þátt í því að leiða hina stórkostlegu hernaðarógæfu síðustu tíma yfir svo að segja allar þjóðir. Samvinnuhreyfingin er þannig í aðra röndina hreyfing á móti auðvaldi og hverskonar yfirgangi, þ. e. jafnrjettis og varnarhreyfing, sem lítur á auðsafnað einstaklinga í stórum stíl sem einskonar rán, og á slíka auðsafnendur sem einskonar stigamenn á viðskiftaleiðum almennings, er noti sjerstakar aðstöður, eða aðstöðuhagræði og yfirtök, til að skapa sjálfum sjer óhófleg laun, eða draga sjer á annan veg óhóflega mikið af almennu verðmæti, öðrum til fjeflettingar og niðurdreps. En í aðra röndina er samvinnufjelagshreyfingin sam*hjálpar* hreyfing, og þá sjerstaklega gagnvart þeim, sem erfitt eiga. Hún setur sam*hjálpina* sem lífskraft upp á móti sam*keppninni* og yfir hana, og um leið bróðernishugsjónina yfir frelsishugsjónina. Að því leyti, sem samvinnufjelagshreyfingin er jafnrjettis- og jafnaðarhreyfing, vill hún koma á jöfnuði á kjörum manna, *ekki* þannig, að einn miðli öðrum, hinn ríki hinum fátæka, sem hún skoðar aðeins sem bót á gamalt fat, heldur með því að tryggja hverjum einum fullan ávöxt iðju sinnar, svo sem framast má verða. Hún byggir þannig meðal annars á friðhelgi eignarrjettarins, en skorðar hann (þ. e. eignarrjettinn) við ávöxt eigin iðju á nokkuð annan hátt en alment er. Þar sem nú annar meginþáttur samvinnufjelagshreyfingarinnar stefnir að því að tryggja rjettindi einstaklinga gegn yfirgangi annara, sem einatt er gerður í skjóli misskilinnar frelsishugsjónar, er henni eðlilega fjarlægt að ganga vísvitandi á rjettindi annara. Að svo kann að virðast sumum mönnum í fljótu bragði um ýmsar kenningar hennar, t. d. um skattamál, er því og hlýtur að vera annaðhvort vegna þess, að verkamenn hreyfingarinnar misskilji hennar insta eðli og útfærslu þess, eða vegna þess, að mótstöðumennirnir hafa ekki áttað sig á því, hvert stefnt er. Getur hvorttveggja eðlilega komið fyrir, en hið síðarnefnda þó að líkindum fremur og oftar, vegna þess, að skilningsleysi á stefnunni er þó yfirleitt meira þeim megin.

Samhjálparþáttur samvinnuhreyfingarinnar kemur eðlilega strax að nokkru leyti fram í hinni sameiginlegu vörn gegn yfirgangi. En skýrast kemur hann fram í samábyrgðinni. Það stafar því af gersamlegum skilningsskorti á dýpstu rótum samvinnuhreyfingarinnar, þegar henni er ráðlagt að nema samábyrgðina úr gildi, eins og nýlega hefir verið gert af merkum manni á Norðurlandi, þó að því verði raunar ekki neitað, að í samábyrgðinni er fólginn vegur til einskonar yfirgangs, vegur ómenskunnar í einni eða annari mynd, vegur til að liggja uppi á öðrum, sem kallað er, vegur til að lifa yfir efni um lengri eða skemri tíma, á ábyrgð og stundum að lokum á kostnað annara. En samvinnuhreyfingin hefir svo mikla trú á lífskrafti sínum, að hún treystir því, að þessa veiklun geti hún yfirstigið, og þessa trú byggir hún meðal annars á vexti sínum alt til þessa dags. Hún lítur á sjálfa sig sem nýgræðing á vordegi, nýgræðing, sem þegar er vaxinn svo, að mótblástur og áfelli verða honum ekki að bana, eins og nýgræðing, sem þrátt fyrir mótblástur og áfelli hefir þó aðalstrauma vorsins á sínu bandi, strauma hlýinda, trúar og vonar um nýja og betri tíma.

Að svo mæltu vil jeg leggja til, að þessu máli verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 321).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þetta mál, sem hjer er til umræðu, hefir nokkuð verið skýrt í hinni upphaflegu greinargerð, sem fylgdi frv., í flutningsræðu, og og nú síðast í nál. En þó er tæplega gerð full grein fyrir sumum aðalatriðum þess enn, og vil jeg því leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum, sjerstaklega þá hliðina, sem veit að sjóðstofnunum samvinnufjelaganna og skattamálum.

Sjóðstofnanir samvinnufjelaganna skiftast aðallega í tvent, sjereignarsjóði og sameignarsjóði. — Sjereignarsjóðirnir eru eign einstakra manna, og eru, jafnframt því að vera veltufje fjelaganna, trygging fyrir viðskiftum hlutaðeigandi einstaklinga. — Sameignarsjóðirnir eru hins vegar sameign allra þeirra, sem í hverju fjelagi eru. Aðalsjereignarsjóður hvers fjelags er „stofnsjóður", og innlög í hann skyldukvöð (sbr. 6. tölul. 3. gr.), og útborganir úr honum mjög takmarkaðar (sbr. 25. gr.). Stofnsjóðseign hvers fjelagsmanns er fyrst og fremst trygging fyrir viðskiftum eigandans, og er sjóðeigninni ætlað að vaxa, uns hún t. d. í vörukaupafjelagi nær að upphæð árskaupaþörf hlutaðeiganda (sbr. 3. málsgr. 25. gr.).

Þegar sjóðeignareigandinn lendir í skuldum, stendur sjóðeignin fyrir þeim, það sem hún nær, svo að til samábyrgðarinnar kemur ekki fyr en sjóðeignin er þrotin. Þar sem upphæð sjóðeignarinnar er takmörkuð að ofan við upphæð árlegrar úttektar, svo sem 3. málsgr. 25. gr. mælir fyrir um, verður sjóðurinn í aðra röndina nokkurskonar ellitryggingarsjóður, það er að segja það, sem umfram verður skuldtryggingu í hverju einstöku tilfelli, því að þeir menn, sem lengi hafa safnað í sjóðinn, en minka síðan verslunarviðskiftin eða hætta þeim, geta fengið eign sína útborgaða að nokkru eða öllu leyti.

Af öðrum sjereignarsjóðum vil jeg nefna innlánsdeildirnar, sem eru sparifje einstakra manna, fengið fjelögunum til ávöxtunar sem rekstrarfje.

Til sameignarsjóðanna heyra fyrst og fremst „varasjóður", sem einkum á að standa straum af stærri sameiginlegum áföllum í verslunarrekstrinum, „skuldtryggingarsjóður", sem er eins konar baktrygging fyrir skuldum einstakra manna og komið getur til kastanna, þegar stofnsjóðseign einstaklings hrekkur ekki, og í þriðja lagi „fasteignarsjóður", eða það fje fjelaganna, sem á einn eða annan hátt er lagt í fasteignir. — Fje það, er rennur í sameignarsjóðina, er jafnan að mestu leyti tekið af sameiginlegum hagnaði (eða sparnaði) fjelaganna. — En það fje, sem rennur í sjereignarsjóðinn, er ýmist tekið beint úr reikningum fjelagsmanna eða af sameiginlegum hagnaði.

Í pöntunarfjelagi er t. d. stofnsjóðsgjaldið tekið beint úr reikningum fjelagsmanna, en í kaupfjelögum með ensku sniði er það tekið af sameiginlegum „brúttó"-hagnaði, sem uppbót á viðskifti fjelagsmanns, eins og annar einstaklingshagnaður, sem í þeim fjelögum kemur aðallega þannig fram. Þetta fje, sem rennur í stofnsjóðina, og annar sá hagnaður, sem einstöku menn fá útborgaðan af samvinnuverslun, álíta samvinnumenn yfirleitt, að ekki eigi að skattast öðruvísi en sem einstaklingseign, og er gengið inn á þá leið í frv. því um tekju- og eignarskatt, sem stjórnin hefir lagt fyrir þetta þing. — Um þá hlið málsins er því líkast, að ekki verði mikil deila í þinginu.

Um tekjur og eignir sameignarsjóðanna er nokkuð öðru máli að gegna. — Meiri hluti samvinnumanna mun líta svo á, að varasjóðir og skuldtryggingarsjóðir og þeirra tekjur eigi að vera skattfrjálsar, á

líkan hátt og varasjóðir banka og sparisjóða, og viðurkenna því aðeins skattskyldu á fasteignum fjelaganna. Á þeim skoðanagrundvelli eru bygð skattaákvæði frv. þess, sem hjer liggur fyrir, og fer brtt. nefndarinnar ekki út af honum. En þegar skattagrundvöllur samvinnufjelaganna er þannig takmarkaður, leiðir af því, að skattar þeir, sem á hann eru lagðir, verða að vera tiltölulega háir. Því er gengið inn á það af nefndinni og öðrum þeim, sem að frv. þessu standa, að hækka skatt þann af húsum, sem ráðgerður er í 28. gr. frv., úr 1% upp í 2%, sem að vísu er mjög hár skattur sem húsaskattur, en þó miklu hollari samvinnufjelögunum en þau handhófsgjöld til sveitar- og bæjarsjóða, sem fjelögin eiga nú við að búa. Mitt persónulega álit er það, að rjettara væri að færa nokkuð af þessum skatti á lóðirnar, þótt raunar kæmi í sama stað niður fyrir fjelögin, og mætti athuga það á síðari stigum málsins.

Aðalbreytingartillögur nefndarinnar við frv. eru því þær, að skattur þessi sje hækkaður og að gjöld til ríkissjóðs fari eftir almennum lögum, og í þriðja lagi, að það sjeu bráðabirgðaákvæði um gjaldskyldu samvinnufjelaga til bæjar- og sveitarsjóða, því að búist er við, að endurskoðun fari bráðlega fram um tekjustofna sjóða þessara.

Aðrar brtt. nefndarinnar má að mestu skoða sem orðabreytingar, að undanteknum c. og d. lið í brtt. við 25. gr. frv.

C.-liðurinn er í frv. orðaður þannig: „Við brottrekstur úr fjelaginu". Þennan lið vill nefndin láta fella í burtu, því að ekki er laust við, að hann virðist gefa undir fótinn með að brjóta lög fjelagsins, og fá þannig útborgað. D.-liður brtt. er fólginn í því, að nefndin leggur til, að svohljóðandi nýr liður: „Við gjaldþrot hans", komi á eftir b.-lið frv., og verði því c.-liður í 25. gr. frv.

Við 26. gr. frv. gerir nefndin þá breytingu, að á eftir orðunum: „til ávöxtunar" komi: „sem rekstrarfje", því að nefndin ætlast til, að það fje sje notað til starfrækslu fjelögunum, en ekki til útlána.

Þá leggur nefndin til, að 28. gr. frv. falli niður, en færir efni hennar aftur, og setur það fyrst í síðasta kafla.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og deildin sjer, þá hefi jeg skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, sem gildir 9. brtt. nefndarinnar, 3. lið, þar sem ákveðið er, að fjelögin greiði fastan skatt til sveitar- og bæjarsjóða, er nemi 2% af virðingarverði húsa þeirra, sem fjelögin nota.

Jeg fyrir mitt leyti tel vafamál, hvort rjett sje að lögákveða skatt til sveitar- og bæjarfjelaga á þennan hátt, og um þennan skatt er það að segja, að mjer finst hann tæplega nógu hár, og ekki rjett að einskorða hann alstaðar við jafna hundraðstölu af virðingarverði húsa þeirra, sem fjelögin nota til rekstrarins. Því að húsin eru mjög mismunandi dýr. — Svo ber þess líka að gæta, að þarfir í hinum ýmsu sveitar- og bæjarfjelögum eru mjög mismunandi, og útsvörin þar af leiðandi mjög misjöfn. Það er því álitamál, hvort rjett sje að hafa alstaðar jafnan, fastákveðinn skatt, sem samvinnufjelögin eigi að greiða. En jeg hefi ekki komið með brtt., af því að jeg tel svo mikinn vanda að ákveða skattinn, að jeg hefi beinlínis ekki treyst mjer til þess, af því að mig brestur kunnugleik til þess, bæði á verðmæti húsa, er samvinnufjelögin nota, og á þörfum hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfjelaga.

Mjer væri því næst að leggja það til, að ákveðið væri, að skatturinn mætti ekki hærri vera en t. a. m. 5%, og að sveitar- og bæjarstjórnir hefðu þannig óbundnar hendur með það, hve háan skatt þær legðu á fyrir neðan þetta hámark.

Því að maður yrði að treysta því, að þær gerðu það rjett og samviskusamlega,

eftir því sem þarfirnar krefðu, og hefðu hann ekki hærri en sanngjarnt væri, samanborið við önnur gjöld.

Jeg hefi, eins og jeg hefi tekið fram, ekki komið með brtt., en skrifað undir með fyrirvara, til þess að hafa óbundnar hendur, ef einhver kæmi með brtt., er gengi í þessa átt og jeg gæti felt mig við.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,1.a.—b. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
4.—7. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,2.a.—b. samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
9.—17. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,3 samþ. án atkvgr.

18. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
19.—24. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,4.a.—b. samþ. án atkvgr.
— 321.4.c. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 321.4.d. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 321,4.e. samþ. án atkvgr.

25. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,5 samþ. með 13 shlj. atkv.

26. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
27. gr. samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,6 samþ. með 14 atkv.

28. gr. þar með fallin.

29.—32. gr. (verða 28.—31. gr.) samþ. með 14 atkv.

33. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,7.a—b. samþ. án atkvgr.

34. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 14 atkv.

35.—36. gr. (verða 34.—35. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,8 samþ. án atkvgr.

37. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 14 atkv.

38. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 321,9 (ný gr., verður 38. gr.), samþ. með 10 : 2 atkv.
— 321,10.a.—d. samþ. án atkvgr.

39. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.
40.—41. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 321,11 samþ. með 14 atkv.

42. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 344, 351, 355).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg skal gera lítillega grein fyrir brtt. á þskj. 351. Hún er fram komin vegna þess, að nefndin álítur, að nauðsyn geti verið á því, að

sum þau lagaákvæði, sem falla úr gildi gagnvart samvinnufjel. með þessum lögum, haldi þó áfram að gilda gagnvart öðrum, t. d. ákvæði um útsvarsskyldu.

Viðvíkjandi fyrri brtt. á þskj. 355 vil jeg geta þess, að nefndin hefir ekkert við hana að athuga, og telur hana til bóta. Jeg álít það kost á skattinum, að einungis sje kveðið á um hámark hans, en sveitareða bæjarstjórnum sje í sjálfsvald sett, hvort þær nota sjer hámarkið eða ekki. Um síðari brtt. á sama þskj. get jeg sagt það sama, að nefndin getur fallist á hana, og býst jeg ekki við, að neitt þyki við hana að athuga.

ATKVGR.

Brtt. 355,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 351 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 355,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 371).

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Þorsteinn Jónsson: Mál þetta er óvenjulega vel undirbúið í þingsins hendur, og auk þess vel athugað í háttv. Ed., og samþykt þar með öllum atkvæðum.

Þar sem liðið er nú langt á þingtíma, hygg jeg heppilegast, að málið fari ekki í nefnd.

Ef einhverjir eru á móti málinu, geta þeir, jafnt fyrir það, greitt atkvæði móti því, og vilji einhverjir koma með brtt., er þeim það jafnauðvelt, hvort sem málið gengur til nefndar eða eigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Tillaga um að vísa frv. til allsherjarnefndar feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. J., M. P., P. J., P. O., Þorl. G., Þór. J., Jak. M., J. Þ., M. G.

nei: M. K., P. Þ. St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., J. A. J., J. B., J. S., B. Sv.

S. St. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 371).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Jón Þorláksson: Eftir að háttv. deild við 1. umr. málsins synjaði þess að láta málið ganga til nefndar, mun það sennilega þýða lítið að tala um frv. þetta, því að forlög þess munu afráðin utan þingfunda.

Þó sýnist mjer eigi rjett, að frv. gangi svo í gegnum deildina, að eigi verði minst á aðalatriði þess.

Hitt er eigi hægt að ræða ítarlega, efni einstakra greina þess, úr því að þessi meðferð er ákveðin. Jeg vil leiða athygli að því annars vegar, að eftir ákvæðum 2. og 3. gr. frv. er lítill efi á því, að verði þessum fjelögum áskilin þau hlunnindi, sem lögin annars gera ráð fyrir, þá verður stöðugur ágreiningur um það, hvaða fjelög eigi að teljast til þeirra. Svið þessara fjelaga er svo rúmt markað, að áreiðanlega má koma þar undir flestum fjelög-

um hjer, aðeins með lítilfjörlegum breytingum á lögum þessara fjelaga, sem á engan hátt gætu orðið tilfinnanlegar.

1. gr. frv. getur, eftir orðalagi sínu, gripið yfir öll hlutafjelög, því að þau miða öll að því að efla hag hluthafa, eftir rjettu hlutfalli við hlutafjártillög þeirra.

2. gr. frv. ákveður viðfangsefni fjelaganna. Er 3. liður hennar svo vítt orðaður, að alt getur undir hann fallið.

Þar stendur: „Önnur starfsemi, svo sem“. Er því auðsætt, að þetta, sem upp er talið, er einungis tekið sem dæmi, en er alls eigi tæmandi. Þar er nefnd starfræksla iðnaðarfyrirtækja, en að sjálfsögðu hlýtur starfræksla annara atvinnugreina alt að einu að geta fallið hjer inn undir, t. d. starfræksla sjávarútvegs.

Þá er 3. gr. ætlað að afmarka samvinnufjelögin frá öðrum atvinnufjelögum, með því að telja upp sjereinkenni samvinnufjelaga. En þau eru ekki sjerkennilegri en það, að flest önnur núverandi atvinnufjelög mundu komast undir þau ákvæði, með því að gera óverulegar breytingar á lögum þeim, er þau nú hafa.

Þá gerir 2. liður 3. gr. ráð fyrir því, að fjelög með takmarkaðri ábyrgð, þ. e. hlutafjelög, sem kölluð hafa verið til þessa, geti komist inn undir þetta, nema ætlunarverk þeirra sje aðeins að kaupa vörur til heimilisþarfa. Ef eitthvað annað er markmið þeirra, þá geta þau fallið undir samvinnufjelög, samkv. 2. lið 3. gr.

Mjer finst, að það sje óheppilegt, að lögin sjeu svo víðtæk, að þau nái langt út fyrir það, sem hingað til hefir verið talið samvinnufjelög.

Jeg get ekki skilið þá háttv. þm., sem eru þeirri skoðun fylgjandi að láta málið ekki fara í nefnd, til þess að fá þar nauðsynlega athugun, því að það er ekki hægt að athuga það nægilega nema í nefnd, eða þá utan þings af stjórninni.

Jeg ætla mjer ekki að fara langt út í ákvæði einstakra greina frv., en eftir því, sem mjer skilst, mundu flest nú starfandi fjelög fullnægja skilyrðum 1. og 2. gr. með óbreyttum lögum sínum.

Í 1. lið 3. gr. er sett það skilyrði, að aðgangur sje frjáls fyrir alla, og er oft þannig stofnað til hlutafjelaga, aðeins að menn verða að gefa sig fram fyrir tiltekinn tíma. Ef til vill er hugsunin í 1. lið, að aðgangur sje stöðugt frjáls, en það sjest ekki, eins og greinin er hjer orðuð, heldur virðist heimilt að láta tímatakmark vera eitt af þessum tilteknu skilyrðum. Sameiginleg ábyrgð er ekki heimtuð, nema þar, sem um kaupfjelög eða pöntunarfjelög er að ræða.

Ákvæði 3. liðs 3. gr., um atkvæðisrjettinn, er ekki venjulegt í hlutafjelögum, en þau mundu mörg vilja innleiða það, ef það gæti orðið til hagnaðar fyrir fjelagið.

Yfirleitt mun það vera hægt fyrir flest fjelög að fullnægja öllum ákvæðum þessarar greinar. Að því leyti finst mjer þessi ákvæði í 3. gr. vera óljós, og jeg þykist vita, að út af þeim muni rísa margvíslegur ágreiningur um útsvarsskyldu fjelaganna í sambandi við 38. gr. frv. Jeg skal svo ekki að þessu sinni fara út í aðrar greinar en þá, sem ræðir um útsvarsskylduna.

Það virðist vera aðaltilgangur frv. að undanþiggja samvinnufjelögin sveitarútsvari þar, sem þau eru starfrækt. Þetta kemur illa heim við þann grundvöll, sem útsvarsgreiðslur eru bygðar á, þar sem fyrirskipað er að leggja útsvarið á eftir efnum og ástæðum. Sú grundvallarregla er brotin, ef nokkrir gjaldþegnar eru undanskildir niðurjöfnuninni, því að rjettmæti þessarar grundvallarreglu byggist

fyrst og fremst á því, að henni sje beitt jafnt gagnvart öllum.

Mjer virðist ekki heldur vera nein ástæða til að gera nein undantekningarákvæði fyrir samvinnufjelögin, þegar meðlimir fjelaganna, eða allur þorri þeirra, eru heimilisfastir innan þess sveitarfjelags, þar sem fjelögin starfa og útsvarsskylda hvílir á þeim. Því að þá er engin sjáanleg ástæða til að ætla, að þeim gjaldþegnum verði íþyngt fremur öðrum. Þau hljóta að hafa fullkomlega jafngóða aðstöðu og aðrir gjaldendur til að kæra útsvar sitt og fá það lækkað, ef ósanngjarnlega er á þau lagt.

Hins vegar skal jeg fúslega játa, að rjettarstaða þessara fjelaga er óviðunandi, þegar meðlimirnir eru búsettir utan þess hjeraðs, sem fjelagsstarfsemin er rekin í. Það er óviðunandi fyrir samvinnufjelög utanbæjarmanna hjer í Reykjavík, að bæjarstjórnin skuli hafa æðsta úrskurðarvald um útsvarsupphæð þeirra. En þetta er ekki einsdæmi um samvinnufjelögin. Sama gildir um öll atvinnufyrirtæki, sem rekin eru í kaupstöðum og sýslufjelögum, án þess að eigendurnir sjeu heimilisfastir þar. Það er yfir höfuð ófullnægjandi, og ekki rjett nje trygt, að eiga æðsta úrskurðarvald um útsvar undir stjórn annars sýslufjelags eða kaupstaðar en þess, sem maður er búsettur í, sökum þess, að bæjarstjórnir og sýslunefndir geta ekki talist óvilhallar í þeim málum, og mundu máske fremur neyta þessa valds til að láta þá, sem ekki eru búsettir í umdæminu, gjalda meira en rjettmætt væri. Jeg viðurkenni því, að mjer finst það rjettlátt að gera breytingu á þessu, en jeg held því fram, að sú breyting eigi að ná til fleiri en samvinnufjelaganna; breytingin á að ná til allra, þar sem rjetturinn er jafnilla trygður fyrir alla eftir núgildandi löggjöf. Af því leiðir, að jeg tel það óviðunandi að gera svona undantekningu með samvinnufjelögin ein, eins og gert er í 38. gr., að undanþiggja þessi fjelög að greiða útsvar eftir efnum og ástæðum, hvernig sem á stendur, en gera þeim aftur að greiða lítilfjörlega fasteignaskatta í staðinn.

2. liður greinarinnar er svo orðaður, að út af honum munu rísa eilífar deilur við hlutaðeigandi stjórnarvöld sveitarfjelaganna.

Við skulum hugsa okkur Sláturfjelag Suðurlands. Það selur allar sínar vörur utanfjelagsmönnum. Það er ekki hægt að sjá, hvort taka á til greina arð, er yrði af slíkri sölu, eða hvort það er meiningin að telja aðeins þann arð, sem yrði á sölu, ef sláturfjelagið tæki vörur af utanfjelagsmönnum til að selja fyrir þá. Það hefir í útsvarsmáli þessa fjelags verið reynt að gera mun á þeim arði, sem kemur af smásölu kjöts út úr búð fjelagsins til innanbæjarmanna, og þeim arði, sem kemur af sölu kjöts til útflutnings eða til bæjarmanna í stærri kaupum, en dómstólarnir munu ekki hafa viljað fallast á að gera slíkan greinarmun, enda ekki gott að sjá, að hann hafi við neitt að styðjast.

Jeg veit, að það muni koma fram örðugleikar hvað snertir afstöðu samvinnufjelaganna og stjórnarvaldanna, þegar um tekjuskatt er að ræða, vegna þess sjerstaka fyrirkomulags, sem er á reikningshaldi fjelaganna. En jeg hefi ekki sjeð, að slíkir örðugleikar þurfi að koma fram, þar sem um sveitarútsvar eftir efnum og ástæðum er að ræða. Það er metið af niðurjöfnunarnefnd, og útsvarið ekki bundið við reikningsfærslu fjelagsins, heldur við efni og ástæður þess og hvað miklu fje verslunin veltir, ef um verslunarfyrirtæki er að ræða. Það er enginn efi á, að þetta má gera með fullkomnu rjettlæti, að svo miklu leyti, sem hægt er að búast

við rjettlæti hjá óviðkomandi mönnum í annara garð, alveg eins um samvinnufjelög sem önnur fyrirtæki.

Jeg hefði álitið rjettast, að svona vandasamur lagabálkur væri ekki afgreiddur á þessu þingi, sem þegar er hlaðið störfum, heldur hefði málinu verið vísað til stjórnarinnar, til betri undirbúnings.

Mjer er óskiljanlegt, að það skifti samvinnufjelögin svo miklu, hvort slíkur lagabálkur kemst til framkvæmda árinu fyr eða síðar. Ef því væri vísað til stjórnarinnar og krafist af henni að hún tæki það til íhugunar í meginatriðunum, þá yrði hún að reyna að finna rjetta úrlausn á skattskyldu utansveitarmanna til sveitarfjelaga, þannig, að í lög yrði tekin sæmileg trygging fyrir því, að þeir, sem heimili eiga utan umdæmis kaupstaða og sveitarfjelaga, yrðu ekki misrjetti beittir um útsvarsgreiðslur. Og þá jafnframt ákveðið nánar en nú er í lögum um ívilnun útsvars í búsetusveitinni fyrir þá gjaldendur, sem verða útsvarsskyldir í fleiri sveitarfjelögum.

Atvinnumálaráðherra (P. J): Þó að jeg kveðji mjer hljóðs, þá er það ekki af því, að stjórnin hafi tekið að sjer frv. þetta. Sennilegt er samt, að það hefði orðið, ef undirbúningnum hefði verið lokið svo snemma, að stjórnin öll hefði getað athugað það í tæka tíð. En jeg vil ekki sitja þegjandi hjá, ef farið er að ræða um þetta frv., því að jeg hefi þó átt nokkurn þátt í tilorðningu þess og tilbúningi. Það hefir lengi vakað fyrir mjer að fá hjer sett lög um samvinnufjelög, svipuð þeim, er sett hafa verið í öðrum löndum og skýrt er frá í þessu riti, sem útbýtt hefir verið í deildinni. Að öðru leyti er þetta svo vel skýrt í greinargerð frv., að þess vegna er fátt eitt nú um þetta mál að segja, en nægir að skírskota til fylgiskjalanna, sem útskýra hvern kafla fyrir sig.

Aðaltilgangur frv. er, eins og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gat rjett til um, að gera greinarmun á samvinnufjelögum og öðrum fjelögum í landinu, og gera það þannig, að önnur fjelög gætu á engan hátt smeygt sjer inn undir ákvæðin um samvinnufjelögin. En það er ekki eini tilgangurinn. Þessum fjelögum eru sett ýms skilyrði til að gera þau sem traustust, bæði gagnvart einstökum meðlimum sínum inn á við og gagnvart viðskiftamönnum sínum út á við. Það hefir oft sýnt sig, að svo hefir verið um hnútana búið hjá ýmsum fjelögum, að það hefir ekki verið aðgangur að neinum vissum með skuldir, til dæmis samábyrgðin svo lauslega umbúin, að menn hafa getað smeygt sjer úr henni. Þessir annmarkar hafa valdið því, að fjelögin hafa mist það lánstraust, sem þeim er nauðsynlegt, því að flest þeirra byrja með lítil efni, en tilgangurinn er að hafa sig áfram með samlagsfje og samábyrgð. Hagnaður einstaklinganna hefir svo að meira eða minna leyti verið hafður til að byggja upp samlagsfjeð smám saman, mynda stofnsjóð og aðra sjóði.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) ljet það í ljós, að þetta væru almenn ákvæði, og skipulagið væri svo óljóst, að undir það mundu komast ýms fjelög, sem ættu ekki að vera þar, t. d. hlutafjelög með takmarkaðri ábyrgð. Það er alveg rjett, að í 3. gr. 2. lið er tekið svo til orða: „Þó nægir takmörkuð ábyrgð í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. gr.“ Það eru með öðrum orðum sláturfjelög og smjörbú, og í öðru lagi fjelög fyrir almenna fræðslu, bygging híbýla o. s. frv.

Það er heldur alls ekki meiningin með þessum lögum að útiloka fjelög, sem framleiða sjávarafurðir, ef þau eru með samvinnufyrirkomulagi. En það er meiningin,

að greinarmunur sje gerður á samvinnufjelögum og venjulegum hlutafjelögum, sem oftast eru fyrirtæki með það fyrir augum, að græða á stofnfjenu, og þetta er gert með ákvæðum frv.

Það er sá aðalmunur, sem fullkomlega útilokar þau frá því að komast inn undir þessi lög. Ennfremur er það, að í skilyrðunum fyrir samvinnufjel., samkvæmt frv., er meðal annars: frjáls inngangur fyrir hvern, sem á fjelagssvæðinu býr og fullnægir nokkrum almennum skilyrðum, sem sett eru. En um þetta er öðru máli að gegna um hlutafjelög með takmarkaðri ábyrgð, að minsta kosti oftast.

Í 5. lið 3. gr. er kveðið svo á, að tekjuafgangi í ársreikningi fjelagsins skuli skift til fjelagsmanna eftir viðskiftamagni hvers um sig.

Það kaupir enginn hluti í hlutafjelagi, sem ekki er þá reglulegt samvinnufjelag, í þeim tilgangi, sem hjer er beinlínis tekinn fram. Hjer er gert ráð fyrir, að þeir einir sjeu í slíkum fjelagsskap, sem hafa þann sameiginlega tilgang að ná að sjer vörum þeim í samlögum, sem hver um sig þarf til heimilis síns eða framleiðslu, eða í samlögum að koma sinni eigin framleiðslu í verð, án þess að græða hver á öðrum að öðru leyti, hvort um sig með þeim bestu kjörum, sem fjelagsskapurinn getur öðlast. Virðist vel girt fyrir möguleikana til þess að smeygja sjer inn undir þetta af annarskonar fjelögum. Verður ekki sjeð af athugasemdum háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að hjer þurfi neinu við að bæta. Þessi fjelög safna fje á tvennan hátt; 1. er tekjuafgangurinn, sem tekinn er til endurgreiðslu um áramót, eftir viðskiftamagni fjelagsmanna, hvort sem þeir eru kaupendur í kaupfjelagi eða seljendur í sláturfjelagi, og er af því lagt meira eða minna sem sjereign þeirra við stofnsjóð fjelagsins, og verður það líkt og sparisjóður fyrir fjelagsmenn, eða sjereignarsjóður þeirra. Aftur á móti er varasjóður eða tryggingarsjóður, sem ákveðin gjöld eru lögð til frá fjelagsmönnum, og stundum eru fleiri þess kyns sjóðir, en það eru sameignarsjóðir.

Með þessu frv. er það fyrirbygt, að þessi sjóður skiftist á milli fjelagsmanna við fjelagsslit, en í almennum gróðafjelögum, sem hlutafjelög yfirleitt eiga að vera og eru, skiftist afgangurinn eða gróðinn milli hluthafa eftir hlutafjármagni — hækkar t. d. hlutabrjefin í verði. — Á þessu er mikill munur.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) benti á, að mikil tilhneiging mundi verða til þess í framtíðinni að smeygja sjer undir þennan flokk fjelaga, til þess að komast hjá skatti. En í 8. kafla er svo skýrt tekið fram, hvaða fjelög eiga að vera skattfrjáls, að ekki er um að villast. Og jeg held, að fá hlutafjelög vildu vinna það til skattljettis, að taka á sig það snið. Auk þessa er hjer aðeins um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða, því að ekki getur liðið á löngu áður en núverandi löggjöf í þessu efni, sem er ekki rjettlát, verði endurskoðuð. En þetta er sett svo nú, af því að lík ákvæði eru nú komin í lög annara landa, þar á meðal til dæmis Noregs og Danmerkur. Jeg vil ekki fara hjer út í útsvarsmálin. Jeg veit, að ástandið þar er mjög óheppilegt, og jafnvel illþolandi, eins og nú stendur. Hefi jeg fengið að kenna á því, vegna þess, að jeg hefi staðið í þræsum út af ágangi á kaupfjelögin í þeim efnum nærfelt 30 ár.

Þá nefndi háttv. þm. (J. Þ.) þá ástæðu gegn þessu ákvæði, að það mundi vekja gremju einstakra manna, því að samvinnufjelög væru mun betur sett, og undir þau hlaðið með þessum ákvæðum. En þetta frv. er einskonar neyðarvörn gegn gerræði því, sem þessi fjelög hafa óneitanlega verið beitt. Það er ekki altaf jafnað niður eftir efnum og ástæðum, og veit

háttv. þm. (J. Þ.) það eins vel og jeg. Á þessum útsvörum hefir verið mjög mikið handahófsverk, og hefir það sjerstaklega komið niður á samvinnufjelögunum, því að með þau hefir verið farið sem gróðafjelög, eða jafnvel ver. Það er erfitt að finna rjettlátan grundvöll fyrir útsvörin, ef lagt er á eftir veltu, en alls ekki arði. Kemur það illa fram á samvinnufjelögum, sem hafa mikla veltu, en lítinn eða engan arð. Mjer er þetta kunnugt, enda kærði jeg fyrir sambandið í fyrra óheyrilega hátt útsvar, sem á það hafði verið lagt hjer í Reykjavík. Má búast við, að slumpað hafi verið til um þá veltu, sem sambandið bókfærði á skrifstofu sinni hjer í Reykjavík, sumpart í þeim vörum, sem hjer komu í land, en einnig í þeim vörum, sem sambandið ráðstafaði til hinna ýmsu hafna víðsvegar um landið, og sumpart þeim útfluttu vörum, sem það ráðstafaði frá hinum ýmsu höfnum til útlanda.

Jeg vona því, að menn sjái, að hjer er ekki farið fram á hlunnindi, heldur aðeins það, sem sanngjarnt er.

Jeg skal játa, að jeg hefi ekki búist við, að málið geti gengið nefndarlaust gegn um deildina, og er þá rjettast að láta það fara til allsherjarnefndar.

Þorsteinn Jónsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) hefir tekið fram margt af því, sem jeg ætlaði að segja, en þó verð jeg að fara um mál þetta nokkrum orðum.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði í gær, að eftir 1. gr. frv. mætti koma flestum hlutafjelögum undan skatti, því að þau þyrftu svo lítið til að breytast í samvinnufjelög eða telja sig það. En tilgangur samvinnufjelaganna er svo augljós, að ekki verða heimfærð önnur fjelög með ólíkum tilgangi undir ákvæði 2. greinar. Samvinnufjelögin miða að því að efla hag almennings. Fjelagar eru þar mörgum sinnum fleiri en í hlutafjelögum. Hlutafjelög eru venjulega gróðafjelög og safna oft almennum kaupsýslugróða, en hann er einmitt vel til þess fallinn að bera opinber útgjöld. Jeg er sannfærður um, að ekki verða önnur fjelög talin samvinnufjelög en þau, sem eru það í raun og veru, og ef hlutafjelög vilja vinna það til að taka á sig samvinnusnið, þá er vel.

Sami háttv. þm. (J. Þ.) sagði, að 2. og 3. gr. tækju líka til flestra fjelaga. Hæstv. atvrh. (P. J.) hefir hrakið þetta, en þó vil jeg fara um það nokkrum orðum. Viðvíkjandi 2. gr. sagði háttv. þm. (J. Þ.), að samkvæmt 3. lið næði ákvæðið til allra atvinnuvega. En tilgangur samvinnufjelaganna er einmitt að ná til allra atvinnuvega. Fjelagsskapurinn er nú aðallega kaupfjelag landbænda, en það er von margra, að hann nái yfir fleiri og fleiri svið, því að samvinnusniðið er eflaust heppilegra en gróðabrall einstaklinga og fjelaga, sem því miður hefir um of átt sjer stað undanfarandi ár. Og ekki getur það talist galli á þessu frv., að það gerir ráð fyrir útbreiðslu samvinnunnar.

Þá kem jeg að athugasemdum háttv. þm. (J. Þ.) við 3. gr. Hann reyndi að sýna fram á, að flest hlutafjelög gætu fallið undir ákvæði hennar. Þetta er vitanlega misskilningur. Samvinnufjelög eru bygð á sameiginlegri ábyrgð allra fjelagsmanna, en slíkt er algerlega andstætt hlutafjelögum. Þetta eitt nægir til þess að sýna muninn. Þá má benda á það, að samvinnufjelög eru ekki stofnuð í gróðaskyni. Þá tekur 5. liður það skýrt fram, að tekjuafgangur skuli skiftast milli fjelagsmanna eftir viðskiftaveltu hvers og eins. Ennfremur er það tekið fram, að verð fyrir seldar afurðir skuli greitt þeim, sem seldu, þegar frádreginn er kostnaður. Í hlutafjelögum er gróða skift eftir eign fjelagsmanna í fjelaginu. Þau byrja með einhvern höfuðstól,

sem síðar á að gefa eigendum vexti og gróða, en samvinnufjelög byrja með tvær hendur tómar, byggjast á trausti fjelagsmanna og eru stofnuð í því skyni, að þeir hjálpi hver öðrum með samvinnu. Samvinnufjelög geta þó haft gróða, t. d. af verslun við utanfjelagsmenn, en sá gróði rennur í varasjóð, sem er til þess að taka á móti skakkaföllum. Hann skiftist aldrei upp á meðal fjelagsmanna. Leggist eitthvert fjelag niður, þá verður skuldlausum eignum þess ekki skift upp, heldur bíða þær og renna til nýs fjelags, sem stofnað kann að verða síðar með samvinnusniði þar í hjeraði. Á öllu þessu er auðsær munur á hluta- og samvinnufjelögum.

Þá hjelt háttv. þm. (J. Þ.), að ágreiningur mundi af þessu rísa, því að mörg fjelög mundu heimta að heyra hjer undir. En eins og fram hefir verið tekið, taka 2. og 3. gr. af öll tvímæli, og á því getur ekki leikið vafi, hvort eitthvert fjelag er samvinnufjelag eða ekki.

Þessi háttv. þm. (J. Þ.) sagði þann tilgang frv., að skjóta þessum fjelögum undan útsvarsskyldu. Hann kvað svo að orði, að þetta kæmi í bág við sveitarstjórnarlögin, því að þau fyrirskipuðu að jafna niður eftir efnum og ástæðum. En það má ekki líkja samvinnufjelögum við gróðafjelög eða einstaka menn í þessu efni. Fjelögin eru í raun rjettri ekkert annað en nokkurskonar umboðsmenn allra fjelagsmanna. Hafi fjelagsmaður grætt, kemur það fram á útsvari hans, og þess vegna er það tvöfaldur skattur, ef líka er lagt á umboðsmann hans, samvinnufjelögin. Það er ekki um að ræða hjer, að skjóta neinum undan að bera rjettlátar byrðar þjóðfjelagsins, heldur er um það að ræða, að láta ekki suma bera tiltölulega miklu meira en aðra.

Það má að vísu líta á verslun fjelaganna við utanfjelagsmenn eins og kaupmannaverslun, en þá ber þess að gæta, að gróðinn á utanfjelagsmannaversluninni er settur í sjerstakan sjóð, sem kemur fjölda manna að gagni, en kaupmannagróðinn nær ekki nema til eins manns og fjölskyldu hans. Það er því ekki hægt að mæla þetta á sama mælikvarða.

Það hefir verið tekið fram áður, að fjelögin eru aðeins umboðsmenn, og er því ekki rjett að leggja á þau útsvar. Sláturfjelag Suðurlands er t. d. aðeins umboðsmaður bænda og selur kjöt og fleira fyrir þá. Það væri öðru máli að gegna, ef fjelagið keypti vöruna og seldi á sína ábyrgð, bæri tap eða fengi gróða, eftir því sem á stæði. Það er kaupmannsreglan.

Fjelögin eiga að greiða í skatt, samkv. frv., 2% af virðingarverði húsa, og tel jeg það sanngjarnt að greiða þetta fyrir þá aðstöðu, sem sá staður veitir fjelögunum, þar sem þau hafa heimilisfang.

Háttv. þm. (J. Þ.) viðurkendi, að samvinnufjelögin væru illa sett þar, sem fjelagsmenn búa í öðru lögsagnarumdæmi en fjelagið hefði heimilisfang. Þetta er rjett, en það er ekki aðalatriðið. Það er rjett, að samvinnufjelögin hafa hingað til orðið fyrir herfilegu misrjetti vegna þessa, og ef engin breyting verður á, þá er mjög hætt við því, að eftir stefnu bæjarstjórnar Reykjavíkur með útsvarsálagningu á Sambandið geti svo farið, að það sjái sjer gróða í því að flytja úr bænum, eða jafnvel af landi burt. Sambandið danska í Kaupmannahöfn hefir alls enga útsvarsskyldu til Kaupmannahafnarborgar.

Jón Þorláksson: Jeg hefi nú hlustað á ræðu hæstv. atvrh. (P. J.) og háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) um þetta frv., sem fer fram á það að draga takmörk milli samvinnufjelaga og annara fjelaga, sjerstaklega hlutafjelaga. Og mjer virðast umræðurnar hafa sýnt það, að þeir, er samið hafa þetta frv., eru vel kunnugir samvinnufjelögum, en að þeim hefir ekki að sama skapi verið rík í huga þekking á hluta-

fjelögum. Þeir eru sjer ekki þess meðvitandi, að margt það, er þeir töldu sjerkennilegt fyrir samvinnufjelögin, á alveg eins heima við hlutafjelögin. En það er skiljanlegt, að þegar á að draga þessi takmörk, verður að vera fyrir hendi þekking á báðum sviðum, svo að mörkin verði rjett dregin. Þetta hefir mistekist í frv.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að tilgangur samvinnufjelaganna væri að efla fjelagsskap inn á við og út á við. Alveg það sama má segja um hlutafjelög.

Því var ennfremur haldið fram af þessum ræðumanni, að tilgangur samvinnufjelaga væri ekki sá, að græða fyrir fjelagið, heldur meðlimi þess. Þessu er alveg eins varið með hlutafjelög. Þau eru sjaldan stofnuð til þess að græða fjelaginu til handa, heldur hluthöfum. En mjer er þó skylt að geta þess, að auðvitað eru hlutafjelög einnig stofnuð í öðrum tilgangi, sem sje þeim, að koma áfram þarflegum fyrirtækjum, sem einstaklingar fá ekki ráðið við.

Í þessu sambandi vil jeg minnast á það, sem háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði, að samvinnufjelögin byrjuðu með tvær hendur tómar. Það eru dæmi til þess, að hlutafjelög hafi verið stofnuð á sama grundvelli, tekið lán til þess að fá hlutafje, þótt slíkt sje ekki eftirbreytnisvert.

Þá kem jeg að ummælum hæstv. atvrh. (P. J.), þar sem hann benti á einsök atriði í 3. gr., og taldi þau taka af öll tvímæli á takmörkum milli samvinnufjelaga og hlutafjelaga.

Vildi jeg þó byrja á ummælum háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) um 2. lið 3. gr. Það er satt, að sameiginleg, ótakmörkuð ábyrgð er andstæð eðli hlutafjelaga. En háttv. þm. (Þorst. J.) gleymdi því, að þetta ákvæði gildir aðeins fyrir eina tegund samvinnufjelaga, kaupfjelög og pöntunarfjelög. Um 3. lið er það að segja, að mörg hlutafjelög mundu vilja breyta lögum sínum í þá átt, ef til nokkurs væri að vinna.

4. liður getur átt við flest hlutafjelög.

Þá sagði hæstv. atvrh. (P. J.) 5. lið ósamrýmanlegan skipulagi hlutafjelaga. Það þarf ekki að vera. Það er undir því komið, hvernig starfsemi fjelagsins er. Sje hlutafjelag stofnað í þeim tilgangi að reka eitthvert framleiðslufyrirtæki, sem einstaklingur ekki fær ráðið við, þá er alt af hægt að fullnægja því ákvæði, að úthluta eftir viðskiftamagni hvers fjelaga. Það verður þá bara að hafa sama bókhald og samvinnufjelögin hafa, sjerstakan reikning fyrir hvern fjelaga. En það er auðvitað, að að svo miklu leyti, sem þessi liður er einskorðaður við keyptar og seldar vörur fjelagsmanna, þá getur hann aðeins átt við kaupfjelög og afurðasölufjelög, en að því er snertir iðnaðarrekstur og aðra atvinnu, þá á hann ekkert fremur við samvinnufjelög en hlutafjelög.

Þá mundi heldur ekkert hlutafjelag telja það eftir sjer að hafa það fyrirkomulag, að nokkru af varasjóðnum skyldi skift í bókunum, eins og segir í 6. lið, milli fjelaga. Það þarf bara að hafa sama reikningshald og hjá samvinnufjelögum. Að vextir af inneign sjeu ekki hærri en 1½% ofan við innlánsvexti, er vel hægt að fullnægja, ef hagnaður skiftist eftir viðskiftaveltu. Jeg vil biðja háttv. deildarmenn að taka dæmi af trollarafjelagi, t. d. sex manna. Væri ekki hægt að skifta aflanum upp á milli hluthafanna? (*Atvrh.*: Þá er um einstaklinga að ræða). Já, fjelagsmennirnir eru einstaklingar, alveg eins og í samvinnufjelögunum; en fjelagið gæti með fullum rjetti kallað sig samvinnufjelag samkvæmt þessu frv.

Mjer sýnist það vera hart fyrir sveitarfjelag að leggja slíkri starfsemi alt til, en fara svo á mis við alla skattgreiðslu frá henni. Við skulum hugsa okkur verslunarstað, þar sem eingöngu er kaupfjelags-

verslun, og ekki annað fólk til í hreppnum en það, sem hefir atvinnu á vegum fjelagsins. Þá mundu allar byrðar sveitarfjelagsins lenda á starfsfólki fyrirtækisins, en ekkert á fyrirtækinu sjálfu, nema þessi greiðsla af húsum, sem varla getur svarað til útsvarsgreiðslu.

Þá kem jeg að 10. lið, þar sem sá greinarmunur er gerður á samvinnufjelögum og hlutafjelögum, að hjá samvinnufjelögum sje varasjóður ekki útborgaður fjelagsmönnum við fjelagsslit. Þetta er nýmæli í lögum, og því ekki eðlilegt, að það hafi átt sjer stað um hlutafjelög. Jeg verð nú annars að líta svo á, að ályktunin sje dregin of langt, þegar sagt er, að þessi arður sje ekki eign fjelagsmanna. Við skulum taka dæmi af samvinnufjelagi með takmarkaðri ábyrgð. Segjum svo, að fjelagið einhverntíma eigi ekki fyrir skuldum. Þá fer þessi varasjóður til lúkningar skuldunum, alveg eins og varasjóður hlutafjelaga. Og það verður ekki talið heimilt að undanskilja hann frá því, að að honum sje gengið. Hitt býst jeg við, að hlutafjelög teldu sjer ávinning að láta varasjóð vera óskiftan, ef þau þá gætu fengið fjárhagsleg hlunnindi hjá þjóðfjelaginu.

Þá varði hæstv. atvrh. (P. J.) 38. gr. með því, að þar væri um bráðabirgðaákvæði að ræða. Jeg álít málið þess eðlis, að engin von sje um, að sú endurskoðun, sem þar ræðir um, fari nokkurntíma fram. Jeg sje ekki, að komist verði hjá því að nota niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum sem aðaltekjustofn sveitarfjelaganna framvegis sem hingað til.

Hins vegar skilst mjer, að þessi gagngerða endurskoðun eigi við það, að sú niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum verði afnumin. Nú er engin von um, að það verði gert fyrst um sinn, svo að það er augljóst, að hjer er ekki um neitt bráðabirgðaákvæði að ræða.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði meira en hann getur staðið við, er hann mintist á þá niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, er viðhöfð væri í Reykjavík. Það er að vísu mjög erfitt verk, en það er áreiðanlega unnið með fullri óhlutdrægni og sanngirni.

Það eru skiftar skoðanir um það, eftir hvaða grundvallarreglum eigi að ákveða útsvarsupphæð samvinnufjelaga. En að því er snertir Samband íslenskra samvinnufjelaga, þá verður óefað að gera því svipað útsvar og umboðs- og heildsala með sömu veltu og sömu álagningu.

Að vörurnar komi ekki allar til Reykjavíkur er engin ástæða, því að sama á sjer stað hjá heildsölum og umboðssölum.

Háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) benti rjettilega á það, að enginn maður í samvinnufjelagi losnaði við að greiða útsvar eftir efnum og ástæðum í sínu sveitarfjelagi, þótt fjelagið væri skattfrjálst. Eins er með hluthafa í hlutafjelögum, og þau ættu þá eftir þessu líka að vera skattfrjáls. En slíkt væri óhagkvæmt fyrir þjóðfjelagið, bæði að því er snertir samvinnufjelög og hlutafjelög.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

4.—37. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

38. gr. samþ. með 19 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. B., J. S., M. K., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. E., Gunn. S., H. K.

nei: Jak. M., J. Þ., M. J., Þorl. G., E. Þ.

Þrír þm. (B. Sv., M. G. og Ó. P.) fjarstaddir.

39.—42. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 139).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 139).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta var í allsherjarnefnd í háttv. Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar einnig í þessari deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 448).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg leyfi mjer aðeins að vísa til nál., og óska þess, að frv. fái að ganga áfram til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 139).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 516).

---

16. Laun embættismanna.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var útbýtt
Frumvarpi til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919 (A. 79).

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) án atkvgr.

Á 40., 45. og 46. fundi í Nd., dagana 11., 16. og 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 79, n. 200, 303).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 303 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 5 atkvæðum.
2. gr. samþ. með 14 : 5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvæðagreiðslu.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 6 atkv.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 365, 376).

Frsm. (Björn Hallsson): Þegar þetta mál var til umræðu síðast, voru menn ekki alveg á eitt sáttir um það, þótt það að lokum næði fram að ganga í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir háttv. deild. En þegar samþ. var hjer í háttv. deild að stofna bæjarlæknisembættið í Reykjavík, vildi nefndin samræma launakjör hjeraðslæknis og bæjarlæknis, þar eð hún taldi embætti þeirra nokkuð hliðstæð og því líka rjett, að laun þessara tveggja manna væru lík. Það var til þess ætlast, að bæjarlæknirinn hefði 4500 kr. byrjunarlaun og hækkaði upp í kr. 6000, en hjeraðslæknir 2500 kr. að byrjunarlaunum og hækkaði upp í 3500 kr. Nefndinni var kunnugt um, að hjeraðslæknir hefði praksis auk föstu launanna, og gat ekki sjeð, að nokkuð væri því til fyrirstöðu að bæjarlæknir hefði hann líka. Ekki var heldur sjáanlegt, að bæjarlæknir hefði meiri störf en hjeraðslæknir, nema síður væri. Allsherjarnefnd hefir því komið með brtt. á þskj. 376, um, að bæjarlæknirinn í Reykjavík hafi að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækki upp í 3500 kr. Þetta eru sömu föst laun og hjeraðslæknir hefir nú, og gert jafnframt ráð fyrir, að báðir hafi praksis. Ætlast er víst til, að aðalstarf bæjarlæknis sje að hafa á hendi allar berklaveikisráðstafanir. Það er að vísu nokkuð mikið starf, en það má benda á það, að berklaveikisfjelagið „Líkn" ljettir mikið þau störf. Hins vegar sje jeg ekki betur en að þegar sóttvarnalæknisembættið verður lagt niður, þá verði eftirlit með útlendum skipum lagt undir hjeraðslækni, en ekki bæjarlækni. Og þegar svo lögreglueftirlit með skipum kemur til eins og áður, þá býst jeg ekki við, að mikið starf verði eftir handa lækni.

Af þessum ástæðum fanst nefndinni rjett, að þessir 2 læknar hefðu sem svipuðust launakjör. Þeir geta báðir „praktiserað" og eru ekki skyldir að kenna við Háskólann án endurgjalds, en það getur ekki talist rjett gagnvart hjeraðslækni, að þessi nýi læknir hefði meiri laun en hann. Jeg hefði nú fyrir mitt leyti kosið fremur, að sömu launum hefði verið haldið fyrir bæjarlækni, en hinsvegar skyldustörf hans aukin, til dæmis að kenna við háskólann endurgjaldslaust, en hitt varð nú ofan á í nefndinni.

Magnús Pjetursson: Jeg skal nú ekki leggjast verulega á móti brtt. á þskj. 376, þótt mjer virðist hún ekki koma vel heim og jeg treysti mjer ekki til að greiða atkv. með henni. Jeg hefði kosið, að launin hefðu haldið sjer, og bæjarlækni þá beint bannað að praktisera. Jeg er ekki sammála

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 371, 437).

Brtt. á þskj. 437 var of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jakob Möller: Eins og menn sjá, þá fer till. mín á þskj. 437 fram á það, að rýmkað sje til, hvað snertir skatt til sveitar- og bæjarfjelaga. Það er ekki gott að segja, hve hár þessi skattur yrði, ef 2% væru hafðir, en jeg hygg þó, að sú upphæð verð mjög fjarri allri sanngirni. Hins vegar, e mönnum sýnist 2% nóg, þá getur það farið eftir ástæðum í hverri sveit, þó að hámarkið sje sett 3%. En augljóst er, að það þarf ekki að fara saman gjaldþol og verð fasteigna, sem fjelagið kann að eiga á hverjum stað. En þó að hámark þetta yrði hækkað, þá er það engin breyting á stefnunni í frv., svo að mjer finst, að samkomulag ætti að geta orðið um það.

Annars er engin ástæða til að fara út í málið í heild sinni við þessa umr., enda hefir háttv. deild þegar sýnt svo ótvírætt vilja sinn í því, að þar yrði væntanlega litlu um þokað. En mjer skilst þó, að fallið sje frá þeirri kenningu, er haldið hefir verið á lofti af forvörðum samvinnufjelagsskaparins, að þessi fjelög eigi að vera „absolut" gjaldfrí til sveitasjóða. Hjer er því aðeins um takmörkun að ræða, og þar sem jafnað er niður eftir efnum og ástæðum, þá getur það engin áhrif haft, hvort hundraðstalan er 3 eða 2. Hitt virðist hafa orðið ofan á, að slík fjelög eiga að greiða gjald til sveitarfjelaga, þar sem þau eru rekin, enda engin ástæða til að undanskilja þau frekar en önnur fjelög eða einstaka menn, er reka atvinnu á öðrum stað en þeir eiga heima á.

Jeg held svo, að ekki þýði að ræða meira um þessa brtt., en læt kylfu ráða kasti um það, hvernig henni verður tekið af háttv. deild.

ATKVGR.

Brtt. á þskj. 437 feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. A. J., J. Þ., M. J., S. St., Þorl. G., Þór. J., B. J., E. Þ.

nei: H. K., J. B., J. S., M. G., M. K., M. P., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. H., E. E., Gunn. S., B. Sv.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 18 : 4 atkv. og afgr sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 442).

---

15. Friðun lunda.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um friðun lunda. (A. 139).

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Frv. þetta er fram komið af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í greinargerð þeirri, er frv. fylgir. Friðunartími þessara fugla hefir verið settur á óhentugan tíma, og væri

annar tími heppilegri. Jeg vona, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer ástæður frv., og ef svo er ekki, þá vænti jeg, að þeir geri það nú. Friðunartíminn er nú frá 10. maí til 20. júlí, en á þeim tíma er fuglinn að byrja að klekja út ungum sínum. Á þinginu 1917 flutti jeg frv. í sömu átt og þetta, en það varð ekki útrætt, og mun það hafa orðið fyrir áhrif frá einhverjum, sem álitu breytingu þessa ekki heppilega. En breytingin er sú, að friða fuglinn þar til hann er búinn að klekja út ungunum.

Jeg flyt þetta frv. nú, vegna þess, að þeir, sem hjer eiga hlut að máli, eigendur þeirra jarða, sem hafa hlunnindi af lundavarpi, hafa verið að árjetta það við mig, og eins háttv. þm. Snæf. (H. St.), og ef jeg hefði ekki flutt frv. hjer, hefði hann gert það í háttv. Ed. En það varð að samkomulagi, að jeg flytti það, og vona jeg, að háttv. deild taki því vel. Málið er einfalt og óbrotið, og er óþarft að gera frekari grein fyrir því en jeg hefi nú gert og greinargerð frv. ber með sjer.

Jeg treysti háttv. deild til að sjá rjettmæti frv. og lofa því að ganga til nefndar, og þá helst allsherjarnefndar, því að þar finst mjer málið eiga heima, þótt sú nefnd hafi að vísu mikið að starfa. Jeg vil svo ekki tefja deildina lengur, enda veit jeg, að frv. muni fá góðar viðtökur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 2° shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 16 shlj. atkv.

Á 39., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 9., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 139, n. 247).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal ekki fjölyrða um þetta litla frv. Nefndin er sammála háttv. flm. (P. Þ.) um, að rjett sje að veita sýslunefndum heimild til að ákveða friðunartíma lundans. Friðunartíminn, sem nú er, er mjög óhagstæður, með því, að fuglinn er friðaður að vorinu, þegar hann er feitastur og þangað til hann fer að verpa. Af þessu hefir leitt, að lögin hafa verið illa haldin víðast hvar og menn hafa veitt lundann að vorinu meðan hann var friðaður. Annars eru nokkuð skiftar skoðanir um, hvort þörf sje á að friða lundann. Mergð hans fer sívaxandi, þrátt fyrir það, þótt hann sje mjög mikið veiddur. Jeg get sagt það af eigin reynslu um 30 ára skeið, að jeg hefi ekki sjeð þess neinn stað, þótt hann hafi verið veiddur, jafnvel svo þúsundum skifti árlega. Jeg veit ekki hvernig því víkur við, en þetta er reynsla allra.

Nú eru flestir varpbændur hættir að veiða unga fuglinn, kofuna, sem áður var drepinn í tugum þúsunda. Síðan verkakaup hækkaði, þykir bændum það ekki borga sig að stunda kofnaveiðina. Auk þess er kofnatekjan miklu ómannúðlegri en veiði fullorðna fuglsins, lundatekjan.

Það er því ómögulegt, að það geti stefnt til nokkurrar hættu, þótt frv. þetta verði að lögum, þar sem líka sýslunefndum er heimilað að gera samþyktir um friðun. Annars má geta þess, að mönnum er að sumu leyti illa við þennan fugl, því að hann grefur graslendið og spillir með því slægjum í varpeyjunum, og eyðileggur það stundum algerlega, því að það er mál manna, að lundinn verpi aldrei nema einu sinni í sömu holu og grafi sjer altaf nýja á ári hverju. Vona jeg svo, að háttv. deild verði við tilmælum nefndarinnar og samþykki frv.

háttv. frsm. (B. H.) að þetta starf sje ljett, og rjett sje að hvetja hann til þess að hafa aukastörf á hendi. Og hann hefir eiginlega meiri störf á hendi en hjeraðslæknir. Nægir þar að benda á frv., og vildi jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkrar línur úr því:

„Bæjarlæknir skal hafa á hendi framkvæmd laga um varnir gegn berklaveiki, annast ráðstafanir gegn innlendum næmum sjúkdómum, taka sæti í heilbrigðisnefnd bæjarins í stað hjeraðslæknis og vera ráðunautur bæjarstjórnar um heilbrigðismál.

Ennfremur skal honum skylt að gegna læknisstörfum í farsóttahúsi Reykjavíkurbæjar, veita læknisnemum tilsögn í farsóttafræði og kenna heilbrigðisfræði við læknadeild Háskólans, ef þessa verður krafist af honum".

Yfir höfuð þá er þetta nokkurn veginn sama upptalning og í frv. nefndarinnar um heilbrigðisstjóra, svo það sem hjeraðslækni er eftirskilið, eru skýrslugerðir og sóttvarnarráðstafanir samkvæmt lögum frá 1902. Þess vegna væri það ekki óeðlilegt, þótt þessi nýi embættismaður væri með hærri launum en hjeraðslæknir, og það jafnvel með hæstu embættismannalaunum.

Háttv. allshn. virðist enn vera þeirrar skoðunar, að „Líkn" geti mjög ljett störfum af þessum lækni. En þetta er alls ekki rjett; eftirlit hans er alveg það sama, þótt fjelagið geti sjeð um, að sjúklingum líði betur. Jeg sje, að það er ekki tími til þess hjeðan af að koma með brtt., og jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvernig fer hjer í þessari deild, en vænti þess, að háttv. Ed. athugi málið vel, og breyti þá eitthvað til, ef þörf þykir.

En jeg vil undirstrika það, að það er mjög varhugavert að ætlast til þess, að þessi læknir hafi meiri hluta tekna sinna af læknisstörfum.

Magnús Jónsson: Jeg hafði ekki veitt því eftirtekt, að háttv. þm. Str. (M. P.) kvaddi sjer hljóðs, því þá mundi jeg tæplega hafa staðið upp nú, þar sem jeg hefi ekki miklu við hans orð að bæta. Jeg get sagt eins og hann, að jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvernig fer fyrir þessari brtt. á þskj. 376 hjer í deildinni. Jeg hafði nú frekar búist við, að við þessa umræðu kæmi fram brtt. um að banna þessum lækni alveg að „praktisera", en úr því að þessi leið var tekin, að lækka launin, en leyfa lækninum að hafa aukastörf með hendi, þá hefi jeg ekkert að athuga við það, og býst ekki við, að embættið þyki síður girnilegt fyrir það. Reynslan mun annars úr því skera, hversu umfangsmikið þetta starf verður, og þá má ávalt úr því bæta, ef svo sýnist sem berklaveikisráðstafanir taki allan hans tíma.

Jeg get ekki fallist á það með háttv. frsm. allshn. (B. H.), að það eigi að setja bæjarlækninn og hjeraðslækninn á sama bekk, að því er laun snertir.

Kensla í læknisfræði við Háskólann hlýtur að taka upp mikinn tíma, og hefði mjer því þótt viðkunnanlegra, að sá læknir yrði færður upp í 2. launaflokk, og hefði þá 3—4 þús. kr. Eins og háttv. þm. er kunnugt, þá eru laun lækna nú í 3 flokkum, eftir því hve gera má ráð fyrir miklum praksis.

Jeg tel ekkert á móti því, að hjeraðlæknirinn hefði dálítinn praksis, en sá praksis má þó ekki verða of mikill. Finst mjer því sanngjarnt, að hann verði færður í 2. launaflokk. En nú orðið of seint að koma með brtt. um það, en þó mætti ef til vill fá þessu breytt í háttv. Ed.

Forsætisráðherra (**J. M.**): Jeg get tekið undir með hv. frsm. (B. H.), að jeg tel ekkert athugavert við það, að þessi brtt. verði samþ.

Það sem skiftir mestu máli er, að þetta frv. nái fram að ganga með aðalfrv. Ef svo verður, þá tel jeg, að málinu sje vel borgið í bráð.

Frsm. (Björn Hallsson): Háttvirtur þm. Str. (M. P.) kvaðst heldur hafa óskað, að launin hefðu haldist óbreytt. Jeg legst heldur ekki mjög á móti því, en hefði þá viljað bæta við hann nýjum skyldum. Af frv. sjest ekki annað en að honum sje heimill fullkominn praksis.

Hann sagði, að þessi læknir mundi hafa meiri störf á hendi en hjeraðslæknirinn. Jeg efast um það. Hjeraðslæknir er skyldur til að vitja sjúklinga og þarf að gefa mikið af skýrslum. Nú á sóttvarnarlæknisembættið að leggjast niður, og störf hans koma að miklu leyti á hjeraðslækninn. Jeg get því alls ekki fallist á, að hjeraðslæknirinn muni hafa minni störf en bæjarlæknirinn, og held því fast við brtt.

Þetta frv. mun nú ganga til háttv. Ed., en þar eru margir sjerfræðingar í þessum efnum — 4 læknar. — Geta þeir þá lagt til, að þessi læknir fái hærri laun og meiri skyldur, ef þeim sýnist það rjett.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) vildi, að þessi læknir hefði laun samkvæmt 2. launaflokki. Það getur verið álitamál. En nefndin taldi, að þessi laun væru sæmileg, sem hann getur praktiserað líka. Auk þess mun hann og fá þóknun fyrir kenslu við Háskólann, ef hann kennir þar.

ATKVGR.
Brtt. 376 samþ. með 13 : 3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 378).

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til lyfjasölunefndar (sjá A. bls. 1662) með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 378, n. 465).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 378).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 547).

17. Skipun læknishjeraða (Strandasýsla).

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 58, 30. júlí 1909, um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Strandasýsla*] (A. 390).

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf litlu við að bæta það, sem stendur í ástæðum fyrir því, að frv. þetta er fram borið.

Hjer er aðeins farið fram á það að breyta læknissetrinu, af því að það þykir á óhentugum stað, og með það fyrir augum, að hjerað þetta ætlar að koma sjer upp læknisbústað, og vill þá að sjálfsögðu hafa hann á þeim stað, að sem flestir geti notið hans á hagkvæman hátt, eða sem næst miðju hjeraði. Er ekki nema vonlegt, að hjeraðsbúar vilji þessu ráða, og vona jeg því, að mál þetta fái góðan og bráðan byr í gegn um háttv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 390).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv.gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 390).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 390).

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta er ofureinfalt mál og öllum skiljanlegt, og ætti að vera gersamlega óþarft að vísa því til nefndar.

Það er þannig mál með vexti, að Reykjarfjarðarhjeraðsbúar eru að hugsa um að koma upp læknissetri í Árnesi. Verður með þeim hætti drjúgum skemra fyrir þá og hægara að ná til læknis en sje hann á Reykjarfirði, því Árnes er svo að segja í miðju hjeraði. En með þessari breytingu verður nauðsynlegt, að önnur breyting verði samferða, en það er örlítil breyting á takmörkum Reykjafjarðar- og

Hólmavíkurhjeraðs. Svo er nefnilega mál með vexti, að hjeraðsskifting þessi hefir frá upphafi verið óheppileg mjög, frá því er læknir settist að í Reykjarfirði, en versnar þó ennþá, ef þessi breyting verður á, að læknir flytji í Árnes. Það eru einkanlega nokkrir bæir í Kaldrananeshreppi, sem hjer eiga hlut að máli. Þaðan er bæði löng leið og erfið til Reykjarfjarðar, og hafa því menn þaðan jafnan leitað læknis til Hólmavíkur, sem er langtum skemra. Eins og eðlilegt er, þá eru hreppsbúar óánægðir með að svo búið standi, og æskja þess, að hjeraðstakmörkunum verði breytt. Að vísu hefir þetta ekki oft komið að sök, því að læknir í Hólmavík hefir jafnt vitjað sjúklinga þangað sem í sínu hjeraði, en þeir eiga þó enga heimtingu á lækni þaðan, og ef svo stæði á, að um tvo sjúklinga væri að ræða í einu, sinn úr hvoru hjeraði, þá ætti sá auðvitað að sitja fyrir, sem ætti fyllra tilkall til læknisins.

Þetta er því mjög eðlileg breyting, og að því er snertir læknirinn í Reykjarfirði þá þarf hann ekki að sjá eftir þessum bæjum, þar sem hann er aldrei sóttur þaðan hvort sem er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 548).

---

18. Bæjarstjórn Ísafjarðar.

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar (A. 89).

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Frv. þetta er borið fram eftir ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar, sem álítur brýna nauðsyn fyrir bæjarfjelagið, að það nái fram að ganga. Eins og nú stendur, hefir bæjarstjórnin heimild til að láta fram fara aukaniðurjöfnun í síðari hluta júnímánaðar, og nær hún til þeirra, sem flust hafa til bæjarins frá áramótum til júníloka og skattskyldir eru samkvæmt lögunum. En nú vill bæjarstjórnin fá heimild til að láta fara fram aukaniðurjöfnun á öðrum tímum árs. Þetta gerir hún aðallega til þess að tryggja sjer að geta lagt á þá menn og fjelög, sem reka síldveiðar og síldarverkun og hafa arðsöm lóðarafnot um skemri tíma. Ýmsir útlendingar setjast að í kaupstaðnum í þessu skyni í miðjum júlí og ágúst og dvelja um á að giska 5 vikna skeið. Fyrri niðurjöfnunin nær ekki til þessara manna, þar eð

hún fer fram áður en þeir koma. Hjer er því farið fram á að leggja á þessa menn með sjerstakri niðurjöfnun.

Við tilbúning laganna 1917 fjell niður úr niðurlagi 21. gr. ákvæði um, að allir frestir skyldu vera hálfu styttri við aukaniðurjöfnun heldur en aðalniðurjöfnun. Þetta ákvæði er nú tekið upp í frv., og sýnist það ekki nema sjálfsagt, þar sem það stendur í lögum allra hinna bæjarstjórnanna. Enda væri lítil meining í niðurjöfnuninni, ef ekki mætti heimta inn skattgjöldin fyr en allir skattgreiðendur eru á bak og burt.

Það er alls ekki ætlun bæjarstjórnarinnar að leggja gjöld á þá menn, sem koma til bæjarins til þess að leita sjer atvinnu um skamman tíma, svo sem handiðnamenn og þá, sem vinna að síldarverkun, og aðra, sem fleyta sjer fram á handaflafje sínu. Það eru aðeins hinir stærri atvinnurekendur, sem reka sjerstaklega arðsöm fyrirtæki, svo sem síldveiðar, síldarverkun og hafa lóðarafnot í kaupstaðnum fyrir atvinnurekstrinn. Jeg álít, að málið sje svo einfalt, að það megi vísa því til 2. umr., án þess það þurfi að fara til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 89).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 89).

Á 21. fundi í Ed., laugardaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Karl Einarsson: Jeg legg það til, að umr. verði frestað og málinu vísað til alls-

herjarnefndar, í líkingu við sams konar frv. fyrir Akureyri.

ATKVGR.

Tillaga um að fresta umr. og vísa málinu til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) samþ. með 10 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 89, n. 536).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þetta frv. er komið fram í þeim tilgangi að ná útsvörum af útlendingum þeim, sem dvelja hjer um síldveiðitímann. Aðalkjarni frv. er sá, að útsvarið er fallið í gjalddaga sama dag og niðurjöfnunarnefndin leggur það á. Ákvæði þetta er nokkuð hart, en þar sem svo stendur á, að það er nauðsynlegt, til þess að ná útsvari af sumum þeim útlendingum, sem dvelja hjer og hafa upp mikið fje á stuttum tíma, þá telur nefndin rjett að samþykkja það. Frv. styttir einnig tíma þann, sem aukaniðurjöfnunarskrá á að liggja frammi, og aðra fresti um helming frá því, sem nú er við aukaniðurjöfnun. Eftir atvikum álítur nefndin, að þetta verði svo að vera. Leggur hún því til, að deildin samþykki frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 561).

19. Bæjarstjórn á Siglufirði.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði (A. 130).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg býst við, að háttv. þd. þyki það nokkuð hvatvíslegt, að hjer skuli fram borin breyting á aðeins ársgömlum lögum. Jeg hygg þó, að háttv. þm. muni sjá við nánari yfirvegun, að þetta er nauðsynlegt.

Frv. þetta er samið af bæjarstjórn Siglufjarðar, og þingmálafundir þar hafa samþykt flestar þær breytingar, sem frv. fer fram á, og falið okkur þm. kjördæmisins að bera þær fram.

Frv. mætti skifta í tvo liði. Fjallar fyrri liðurinn um það, að skýr ákvæði sjeu sett um laun bæjarfógetans á Siglufirði. Eins og nú er, eru þau laun öldungis óákveðin. Stafar það af því, að þegar bæjarstjórnarlögin voru hjer til umræðu í þinginu, voru launalögin það jafnframt. En launalögin voru samþykt 4 dögum fyr (launalögin 22. sept., en bæjarstjórnarlögin 26. sept. 1919).

Nú gera launalögin aðeins ráð fyrir launahæð lögreglustjóra, en bæjarstjórnarlögin ákveða ekki launahæð bæjarfógetans, heldur aðeins að honum skuli launað úr ríkissjóði. En þetta vansmíði á lögunum stafaði af því, að óþarflega og óhæfilega var tafið fyrir bæjarstjórnarfrv. í Nd. Það var að lokum samþykt, með afbrigðum frá þingsköpum, síðasta starfsdag þingsins í Ed. Þessu er því sjálfsagt að breyta.

Hinn liður frv. er um það að tryggja bæjarfjelaginu þau útsvör, sem á eru lögð. Svo hefir reynst um mörg undanfarin ár,

að útlendir menn, er þar stunda atvinnu nokkurn hluta ársins, hafa mjög tregðast við að greiða þau útsvör, er á þá hafa verið lögð. Eftir skýringum um þetta atriði frá bæjarstjórninni, hver reynsla síðastliðinna 5 ára hefir orðið, þá er hún sú, að ýmist hefir heimtst inn tæpur eða rúmur helmingur af útsvörum þeim, sem lögð hafa verið á aðkomumenn, einkum útlendinga. Þetta er sjáanlega óþolandi og við þessu verður að gera. Til þess að fyrirbyggja þessar vangreiðslur, þarf ströng ákvæði, og jafnvel strangari þar en annarsstaðar, vegna þess mikla fjölda af aðkomumönnum og útlendingum, er þangað safnast.

Siglufjörður hefir miklar og dýrar framkvæmdir með höndum, er til hagnaðar koma, bæði bæjarbúum sjálfum og einnig þeim, er þar stunda atvinnu eða atvinnurekstur yfir lengri eður skemri tíma. Það virðist því vera sanngjarnt og sjálfsagt, að löggjöfin sje þannig, að eftir tekjum bæjarsjóðs verði gengið og innheimtan gerð möguleg. En slíkt verður varla sagt um bæjarstjórnarlög Siglfirðinga, er stafar af þeim sjerstöku ákvæðum, sem þar eru fyrir hendi, en einmitt þetta hlýtur að verða til þess, að útlendingar fá virðingarleysi fyrir löggjöf vorri, og er það mjög illa farið.

Að lokum vil jeg svo leggja það til, að frv. verði vísað til allshn., og vona að deildin taki því vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 14 shlj. atkv.

Á 39., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 9., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 130, n. 246).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Ástæðurnar fyrir breytingum nefndarinnar á frv. þessu eru tilfærðar á þskj. 246.

Það, sem nefndinni þykir einkum athugavert við frv., er nýmælið um það, að menn og konur, er aðeins hefðu þar atvinnu hjá öðrum atvinnurekendum stuttan tíma, skyldu vera útsvarsskyld til bæjarsjóðs. Þess ber hjer að gæta, að flestir af slíkum mönnum eru fátækir menn, er lifa af handafla sínum, og þótt þeir geti fengið sjer þarna atvinnu nokkurn hluta sumars, þá gat nefndin ekki sjeð, að það væri sanngjarnt að íþyngja þeim með útsvari.

Slík útsvarsálagning getur og heldur ekki farið fram samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, því að þar er svo fyrir mælt, að leggja skuli á menn útsvar eftir efnum þeirra og ástæðum. Nú eru menn þessir komnir úr fjarlægum hjeruðum, og niðurjöfnunarnefnd Siglufjarðar hlýtur því að vera algerlega ókunnugt um ástæður þeirra og efni. Álagningin getur því orðið hið mesta handahóf. En hreppsnefndir í heimasveitunum vita um ástæður þessara manna, og geta því lagt á þá sanngjarnlega. Virðist nefndinni rjettara, að svo sje.

Auk þess er með þessu frv. ráðist á garðinn, þar sem hann er lægstur. Þessir menn eru, eins og jeg hefi áður tekið fram, flestir fátækir og lifa af handafla sínum. Og þó að um sumartímann sje goldið hátt kaup á Siglufirði, þá geta þessir menn tímum saman haft litla atvinnu annarsstaðar.

Af þessum ástæðum öllum leggur nú

nefndin það til, að 2., 4. og 5. gr. frv. falli niður.

Aftur á móti er nefndin samþykk 1. gr. frv., um laun bæjarfógetans á Siglufirði. Þessi maður varð á milli heys og grasa, er launamálið var á ferðinni 1919, komst ekki inn í launalögin, þótt hann ætti á því fullan rjett. Nefndin sjer því nú ekkert til fyrirstöðu, að maður þessi fái full laun frá 1. jan. 1921, og að laun hans sjeu ákveðin í bæjarstjórnarlögunum.

Ennfremur vildi nefndin hallast að því, að 3. gr. frv. stæði óbreytt. Háttv. Nd. hefir nú samþykt samskonar breytingu á bæjarstjórnarlögum Ísafjarðarkaupstaðar, og eru líkur til, að sú breyting verði einnig samþ. í háttv. Ed.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um breytingar nefndarinnar, en vona, að hv. deild verði þeim fylgjandi.

Stefán Stefánsson: Jeg skýrði frá því við 1. umr. málsins, að jeg hefði borið fram þetta frv. eftir ósk Siglfirðinga.

Háttv. frsm. allsherjarnefndar (S. St.) hefir nú skýrt frá afstöðu nefndarinnar til frv., og þeim breytingum, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á því, og þó jeg sje engan veginn ánægður yfir meðferðinni á frv., þá hefir mjer þó ekki, eftir atvikum, sýnst tiltækilegt að halda fram þeim nýmælum í frv., sem ráðið er til að fella, og þess vegna hefi jeg skrifað undir nál. með fyrirvara.

Jeg viðurkenni það, að það sje vafasamt, og jafnvel ógerlegt, að láta önnur ákvæði gilda um útsvarsskyldu verkamanna á Siglufirði en annarsstaðar á landinu. En hins vegar verður maður þó að viðurkenna, að það er dálítið hart fyrir bæjarfjelag, sem hefir ráðist í mjög kostnaðarsöm fyrirtæki til almenningsnota, að geta ekki lagt neitt gjald á fleiri hundruð aðkomumanna, og það á menn, sem fara á burtu með þúsundir króna í vasanum eftir fáar vikur, og það ekki síst, þar sem margir þessara manna eru útlendingar. Þessi — mjer liggur við að segja sjerkennilega — afstaða Siglufjarðar í atvinnurekstri og atvinnuveitingum veldur því, að þetta frv. er hjer borið fram.

Þá er það 4. gr. frv. Þar er farið fram á heimild til að taka útsvar þeirra manna, sem eiga heimili eða fast aðsetur annarsstaðar, lögtaki án undanfarandi birtingar. Þessi ósk er fram komin vegna þess, að ýmsir útlendingar, sem stunda atvinnu á Siglufirði um stuttan tíma, fara oft skyndilega í burtu, svo bæjarstjórnin hefir ekki ráðrúm til að birta lögtak með lögákveðnum fresti. Þess vegna fer hún fram á, að mega taka útsvörin lögtaki, án lögtaksbirtingar. En þetta hefir háttv. allsherjarnefnd ekki treyst sjer til að mæla með, að veitt yrði. En jeg hygg, að 3. gr. frv., sem jeg hefi bætt inn í frv. eftir að það kom í hendur okkar þingmannanna frá Siglfirðingum, geti bætt nokkuð úr þessum vandkvæðum, þó 4. gr. verði ekki samþ., því hún (3. gr.) setur hálfu skemri fresti en nú gilda. Jeg vil því mælast til, að 3. gr. fái að standa óbreytt, eins og hv. nefnd leggur til. Sú breyting virðist bæta að nokkru úr vandkvæðunum, sem eru á því að ná útsvörum hjá aðkomandi fólki, sem dvelur þar langvistum.

Jeg tel sjálfsagt, að háttv. deild samþ. 1. gr., því að það má ekki lengur við svo búið standa, að laun bæjarfógetans á Siglufirði sjeu hvorki ákveðin með launalögunum nje bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins. (*B. J.*: Hann er í launalögum). Nei, alls ekki; á þeim tíma, sem þau voru samin, var hann aðeins lögreglustjóri, en nú hefir verið samþ. í fjáraukalögunum uppbót, sem þó engan veginn nemur því, að hann fái laun sem sýslumenn eða bæjarfógetar í lægra launaflokki. Ef því 1. gr. frv. með brtt. verður samþ., hefir

hann eftir 1. jan. 1921 laun eins og sýslumenn í lægra launaflokki, eins og bæði jeg og margir fleiri þingmenn bjuggust við strax og bæjarstjórnarlög Siglufjarðar voru samþykt á þinginu 1919. Þetta er líka sjálfsagt, þar sem hann er talinn bæjarfógeti í þeim lögum; eftir launalögunum verður þessu embætti heldur alls ekki annarsstaðar skipað.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en sætti mig sem sagt við brtt. nefndarinnar eftir atvikum.

ATKVGR.
Brtt. 246,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 246,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 246,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 246,4 samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 329).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 329).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Mál þetta var í allsherjarnefnd í háttv. Nd., og legg jeg til, að því verði einnig í þessari deild vísað til sömu nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 329, n. 538).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þetta frv. fjallar um tvennskonar efni, sem sje um laun bæjarfógetans á Siglufirði og um niðurjöfnun útsvara. Bæjarfógetinn hefir nú 2500 kr. laun og dýrtíðaruppbót. Mönnum sýnist þetta ósanngjarnt, og er því lagt til, að hann sje færður í lægra launaflokk sýslumanna, er hafa 4200 kr. laun og dýrtíðaruppbót, og fjelst nefndin á það.

Ákvæðin um niðurjöfnun útsvara eru samskonar og í frv. til laga um bæjarstjórn Ísafjarðar, sem háttv. deild er þegar búin að samþykkja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 329).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 572).

20. Húsnæði í Reykjavík.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um húsnæði í Reykjavík (A. 83).

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Eins og tekið er fram í greinargerð frv. þessa, þá er það samið af bæjarstjórninni og flutt af okkur flm. samkvæmt tilmælum hennar.

Það er óþarfi að fjölyrða mikið um þetta mál. Hjer er farið fram á að koma húsnæðismálinu algerlega undir bæjarstjórn.

Eins og kunnugt er, hafa hjer í Reykjavík verið nú um skeið lög um húsnæði, sem fjöldi bæjarmanna, bæði húseigenda og leigjenda, hafa unað illa. Það mun því vera óhætt að fullyrða, að allur þorri bæjarbúa þrái mörgu heitara að komast sem fyrst undan lögum þessum. En það liggur vitanlega í augum uppi, þar sem þetta ástand hefir ríkt lengi, að miklum vandræðum myndi valda, ef lögin væru alt í einu upphafin, enda er það ekki meiningin með þessu frv., og á að fyrirbyggja öll slík vandræði með sjerstakri reglugerð, er bæjarstjórn setur, og síðan verður leitast við að smárýmka til um öll einstök ákvæði húsaleigulaganna, þangað til öll höft væru úr gildi numin.

Hjer á síðasta þingi fluttum við þm. Reykjavíkur þál. um að skora á stjórnina að leita samvinnu bæjarstjórnar um það, hvort tiltækilegt væri að nema húsaleigulögin úr gildi, því það getur stjórnin hvenær sem henni þykir þörf gerast. Þál. var samþykt, en svo hefir ekkert frekar verið aðhafst í máli þessu, svo kunnugt sje.

Það virðist því langheppilegast, að bæjarstjórnin hafi ein umráðin yfir húsnæðismálum bæjarins. Þingið hefir og í raun og veru játað, að það væri ekki fært um að dæma, hvort eða hvenær húsaleigulögin skyldu úr gildi falla, en gefið stjórninni heimild til úrskurðar um það mál, í samráði við bæjarstjórn.

Þetta frv. er því aðeins öðruvísi og heppilegri orðun á því, sem þingið hefir samþykt.

Jeg ætla ekki að fara út í einstök atriði frv. við þessa umr. Jeg get búist við, að um þau verði skiftar skoðanir, og mun það koma á daginn við 2. umr.

Við flutningsmennirnir gerum ráð fyrir því, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar, og að nefndin muni leita sjer upplýsinga hjá borgarstjóra og bæjarstjórn um reglugerðina, sem frv. gerir ráð fyrir.

Gunnar Sigurðsson: Enda þótt jeg sje því mótfallinn að þaulræða mál við 1. umræðu, þá get jeg ekki stilt mig um að segja hjer nokkur orð, því mjer finst þetta mál þannig vaxið, að varla gerist þörf nema einnar umræðu um það.

Jeg er þessu máli allkunnugur, því jeg var einn í nefndinni, sem samdi þessa reglu-

gerð. Það er ekki alveg rjett hjá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að það hafi verið bæjarstjórnin, sem þá reglugerð samdi, heldur var það nefnd manna, og í henni tveir menn af hálfu húseigenda, og var jeg annar þeirra. Húseigendur voru alls ekki ánægðir með þessa reglugerð, en slökuðu þó til, af því í öngþveiti var komið.

Annars er óánægjan út af húsaleigulögunum mikil og almenn hjer í bæ, og er það að vonum, enda mun hvergi gengið nær stjórnarskránni en með þessum lögum, þar sem húseigendur eru að miklu leyti sviftir umráðarjetti yfir eignum sínum. Afleiðing þessara laga hefir svo orðið megn óánægja milli húseigenda og leigjenda, og að húsin sjálf hafa gengið meira úr sjer en ella.

Aðalatriði frv. er það, að það má undir vissum kringumstæðum segja fólki upp húsnæði. Fæ jeg ekki sjeð, að slíkt þurfi að koma mjög að sök nú, þar sem húsum er mjög að fjölga í bænum og húsnæðisekla að minka.

Um okur á húsaleigu er það að segja, að nefnd er sett til að sjá um, að slíkt eigi sjer ekki stað, og eru tveir húseigendur í nefndinni.

Jeg veit, að margir húseigendur eru óánægðir með frv. þetta, en þó tel jeg ekki vera að ræða um aðra heppilegri leið til að skipa málunum.

Mjer virðist, að þingið eigi að láta bæjar- og sveitarstjórnir ráða sem allra mestu um sín mál, og því legg jeg til, að frv. þetta nái fram að ganga, og bæjarstjórnin ráði sínum húsnæðismálum með reglugerð, er stjórnarráðið samþykki, eins og frv. fer fram á.

Jón Baldvinsson: Það ákvæði húsaleigulaganna, að ekki megi segja upp leigjendum, er mestur þyrnir í augum húseigenda. En þó vel megi vera, að húsaleigulögin sjeu óvinsæl, bæði meðal húseigenda og leigjenda, þá þykir mjer þó mjög óvíst, nema hinir sjeu fleiri, sem kvíða afnámi þeirra.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) lýsti því, hvernig frv. þetta sje undirkomið, og sannast að segja þykir mjer það, eða rjettara sagt, reglugerðaruppkastið, sem fylgdi frv. til bæjarstjórnar Reykjavíkur, bera fullmikinn keim af því, að húseigendur hafi um það fjallað.

Mín afstaða til þessa máls mótast algerlega af því, hvernig reglugerð bæjarstjórnarinnar verður. Á því, hvernig hún verður úr garði gerð, veltur atkvæði mitt um þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 418).

Frsm. (Einar Þorgilsson): Þegar lögin um húsnæði í Reykjavík voru sett árið 1917, þá var það eitt af því, sem framkvæmt var sem neyðarúrræði og styrjaldarráðstöfun. Það var því ekki við búið, að þessi lög mundu eiga langa framtíð. Enda reyndist það og svo, er lögin komu til framkvæmda, að fljótt heyrðust yfir þeim háværar umkvörtunarraddir, og þær raddir virðast hafa við allmikil rök að styðjast. Ástandið er svo slæmt nú, að mesta nauðsyn er á breytingu, eins fyrir húseigendur sem leigjendur. Ófriður og illindi leigusala og leigutaka á milli, og svo mikil brögð eru að þessu, að við það má naumast sitja, ef kostur er að breyta. Þess eru mörg dæmi, að leigjendur, sem sitja við gamla og lága leigumála, hafa leigt öðrum af íbúð sinni eitt herbergi fyrir næstum eins hátt gjald eins og þeir

greiða fyrir 3—4 herbergi. Eigandi og leigusali hafa engu getað um þetta ráðið. Eins eru dæmi þess, að ef einhver húsráðandi hefir af greiðvikni ljeð herbergi um stundarsakir, þá hefir hann ekki getað náð herberginu aftur, hversu sem honum hefir legið mikið við að ná því til eigin notkunar.

Mjer er og um það kunnugt, að fjölskylda, sem var fjarverandi um sumartíma og ljet öðrum eftir íbúð sína, hefir húsnæðislaus orðið, er heim kom, af því ekki var hægt að koma hinum persónunum burtu.

Fyrir þessu hefi jeg góðar heimildir, enda munu slík dæmi fleiri finnast. Lítur og svo út, sem bæjarstjórnin hafi fundið þetta, þar sem hún hefir samið frv. til afnáms húsaleigulaganna. Frv. þetta flytja hjer í þinginu allir háttv. þm. Reykjavíkur, þó óbundin hafi ætlað sjer atkvæðin um málið.

Með þessu frv. er þó ekki til þess ætlast, að lögin falli algerlega úr gildi, án þess eitthvað komi í þeirra stað. Er í ráði að bæjarstjórnin semji reglugerð um notkun húsnæðis og húsnæðisþega.

Allsherjarnefnd hefir nú athugað þetta frv. á mörgum fundum og átt tal um það við borgarstjóra. Hann hefir samið frv. til reglugerðar, er hann bjóst við að mundi ná fram að ganga. Í því trausti skrifaði allsherjarnefnd bæjarstjórninni og bað um að fá að sjá reglugerðina, eftir að hún hefði verið samþykt af bæjarstjórn. — Skömmu síðar barst svo nefndinni brjef frá borgarstjóra, þar sem hann skýrði frá því, að reglugerðarfrv. hefði verið felt með eins atkvæðis mun.

Nefndinni fanst þá ekki ástæða til að eltast við þetta lengur, en tók ákvörðun um það að leggja til, að frv. yrði samþ. með þeirri breytingu, að úr fjellu orðin í 4. gr.: „þó eigi síðar en eftir 4 vikur“, og að frv. gengi þá fyrst í gildi, er búið væri að semja og samþykkja reglugerðina.

Jeg hefi svo ekki fyrir hönd nefndarinnar meira um málið að segja, en vísa til nál., ef einhverjir vildu fá frekari skýringar.

Jakob Möller: Mjer fanst þessi umræða ekki mega líða svo hjá, að jeg ekki þakkaði háttv. allsherjarnefnd fyrir að hafa afgreitt þetta frv., og það því fremur, sem slíkt hafði hjer á undan farið, að jeg gat búist við því, að úrslit málsins yrðu önnur hjá nefndinni en raun hefir á orðið. Mjer finst, að nefndin hafi farið mjög skynsamlega að ráði sínu um breytinguna á frv. Mjer fanst engin von til þess, að nefndin vildi að húsaleigulögin fjellu úr gildi 4 vikum eftir að þetta frv. yrði að lögum, án þess að nokkur vissa væri fyrir því, hvort reglugerð væri samþ. eða ekki. Þetta er í sjálfu sjer engin breyting á stefnu frv. En rjett af þinginu að vísa málinu þannig frá sjer til bæjarstjórnar. Hún ræður þá, hvenær hún semur reglugerðina. En meðan sú reglugerð er ósamþykt, þá eru húsaleigulögin í gildi.

Mjer finst eðlilegt, að Alþingi hiki við að fella slík lög alveg úr gildi, þar sem þau voru upphaflega sett eftir ósk bæjarstjórnar, **en engin ákveðin** tillaga f[illegible] komin frá þeim aðilja um afnám þeirra. Það er ekki eðlilegt, að Alþingi hafi kunnugleik sem skyldi í þessu máli, og væri því ekki rjett af því að afnema lögin að svo stöddu, án þess að hafa vissu um, að eitthvað kæmi í staðinn, að minsta kosti til bráðabirgða.

Reyndar eru margir þeir menn í bænum, sem álíta, að það væri ekki hættulegt, þótt lögin væru fyrirvaralaust feld úr gildi, en aðrir halda aftur því gagnstæða fram. Úr þeirri deilu getur Alþingi auðvitað ekki skorið, og er því einmitt hjer

valin rjetta leiðin, að vísa málinu algerlega til bæjarstjórnarinnar.

Gunnar Sigurðsson: Jeg get fallist á það, að það væri viðurhlutamikið fyrir þingið að taka fram fyrir hendurnar á bæjarstjórninni í þessu máli.

En húsaleigulögunum þarf að breyta. Þau geta ekki staðið lengur eins og þau eru. Jeg vil því ekki binda hendur mínar um þetta frv., en mun koma með brtt. við 3. umr.

Ef bæjarstjórnin getur ekki gert tillögur um málið, þá verður þingið að reyna að taka í taumana, og það vegna fasteignanna sjálfra, því húsin liggja undir skemdum. Alþingi verður því að gera eitthvað til að koma þessu í betra horf. Jeg mun þó greiða atkvæði með frv. núna og bíða seinni tíma með breytingartillögur.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki látið þetta frv. fara svo hjeðan úr deildinni, að jeg ekki nefni það.

Jeg tel Reykvíkinga ekki trygga, þó að hagur þeirra sje lagður í hendur bæjarstjórnar Reykjavíkur. Það hefir sýnt sig, að hún kann ekki að meta eignarrjett og jafnrjetti, þar sem hún gerir húseigendum lægra undir höfði en nokkrum öðrum eigendum, er hún tekur af þeim umráðarjett þessara eigna sinna.

Þessi lög hafa verið frá upphafi vega sinna óhæfilega hörð og ágangssöm. Það var fullkomlega rjettlátt í upphafi að setja einhverjar skorður við því, að húsaleiga yrði óhæfilega há, og það var bæjarstjórninni heimilt að gera, en svo hefir hún farið þannig með húseigendur, að húsin eru gerð óarðbær, og það hefir orðið ómögulegt að selja þau, og hefir það skaðað marga. Það eru fæstir eigenda í landinu, sem farið hefir verið með eins og húseigendur í Reykjavík.

Mjer finst það óviðeigandi að leyfa bæjarstjórninni að fara að ráða þinginu til, hvað það skuli gera. Það er að sínu leyti líkt og að vísa berklaveikismálinu til umsagnar sýslunefnda. Jeg mun þó greiða atkvæði með því, til þess að bæjarstjórnin fái fulla ábyrgð á þessu máli, úr því að þingið álítur sig eins og þjón bæjarstjórnarinnar, og að hún geti skipað því að hafa þetta svona og svona.

Jeg vil láta þess getið, að slík meðferð er ekki heimil, að taka af þeim umráðarjettinn yfir húsum þeirra, svo að þeir verða að láta sama manninn búa í sömu íbúðinni ár eftir ár, hvernig sem hann fer með hana. Það hefði verið hægast, að bæjarstjórnin hefði tekið hús manna af þeim gegn rjettu verði og sjálf leigt þau út. Þingið hefði sjálfsagt samþykt það, þó að stjórnarskráin mæli svo fyrir, að eignir manna skuli friðhelgar.

En eftir atvikum læt jeg mjer lynda að greiða atkvæði með frv., til þess að bæjarstjórnin fái fulla ábyrgð af þessu og taki afleiðingunum, sem kunna að verða af því.

Björn Hallsson: Jeg batt ekki hendur mínar um atkvæði um þetta frv. á nefndarfundi síðast, eins og bókað er í fundarbók nefndarinnar og sjá má af því, að jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara. Það er þó ekki af því, að jeg sje hinum nefndarmönnunum ósammála, eða að ágreiningur hafi verið innan nefndarinnar um að Reykjavík rjeði fyrir sínum málum, eins og aðrir kaupstaðir, og þá líka hvað húsnæði snertir. En jeg er nokkuð hikandi með að afnema húsaleigulögin, eins og ástandið er nú, á meðan hin fyrirhugaða reglugerð er ekki samin og samþykt. Hjer er nokkuð öðruvísi ástatt en í öðrum kaupstöðum, að því leyti, að hjer er langflest fólk, og því fjöldi leigjenda, sem eflaust verð-

ur sagt upp, ef húsaleigulögin falla úr gildi, án þess nokkuð komi í staðinn, sem takmarkar þær uppsagnir eða veitir leigjendum rjett.

En nú er búið að skýra frá því, hvað koma eigi í stað laganna, enda þótt ekki sje búið að ganga frá þeim breytingum til fullnustu ennþá.

Hins vegar áttu þessi húsaleigulög aldrei að vera annað en stríðsráðstöfun, og því þar með ætlast til, að þau fjellu úr gildi, þegar jafnvægi kæmist aftur á. Nefndin leit líka svo á, að úr því sem komið er, væri rjettast að bæjarstjórnin hefði ábyrgð á þessu máli. Bæjarstjórnin er kunnugri bæjarmálum en löggjafarvaldið. Jeg tek því undir með háttv. þm. Dala. (B. J.) að best fari á því, að bæjarstjórnin fái alla ábyrgðina nú.

Jeg þekki það og veit af afspurn, að feiknamörgum verður sagt upp húsnæði, ef lögin verða afnumin, án þess nokkuð komi í staðinn. Afleiðingin af því yrði sú, að fjöldi af fjölskyldum yrði húsnæðislaus. Nefndinni fanst því áríðandi, að fenginn yrði traustur grundvöllur fyrir því, að ekki yrði farið illa með leigjendur.

Vitaskuld eru húseigendur ólögum beittir með þessum lögum, en þetta var á sínum tíma nauðsynleg stríðsráðstöfun, en nú, þegar lítur út fyrir að alt sje að færast í eðlilegt horf aftur, munu þær ekki vera eins nauðsynlegar.

Ef brtt. nefndarinnar verða samþyktar, verður frv. aðgengilegra, og mun jeg þá ekki greiða atkvæði á móti því við þessa umr.

Jeg vil benda á það í þessu sambandi, að það er ekki eðlilegt, að löggjafarvaldið sje að blanda sjer í bæjarmál; en það stendur sjerstaklega á hjer, að húsaskortur hefir verið mikill, og tvímælalaust mundu margir hafa orðið húsnæðislausir, ef ekki hefðu verið settar skorður við því með lögum þessum. En óneitanlega er talsvert gengið nærri eignarrjetti manna með þessum húsaleigulögum. En mál þetta hefir 2 hliðar, og snýr önnur að húseigendum, en hin að leigjendum, og er þá vandinn að taka hæfilegt tillit til beggja aðilja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 418 samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umræðu með 16 : 1 atkv.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 457, 461, 469).

Jón Þorláksson: Jeg á brtt. á þskj. 461 við 1. gr. frv.

Aðaltilgangur hennar er, að heimild sú, sem bæjarstjórninni er veitt, að banna að leigja utanbæjarmönnum herbergi, falli burt. Yfir höfuð álít jeg það vera of víðtæk umráð yfir athafnafrelsi landsmanna, ef nokkurri sveitarstjórn er fengið í hendur slíkt vald, eins og farið er fram á í þessari málsgrein.

Í raun og veru er bæjarstjórninni með þessu gefið algert vald til þess að hindra aðra menn frá að flytjast til lögsagnarumdæmisins, ef þeir þurfa meiri eða annan húsakost til dvalar en gistihúsin

geta í tje látið. Ákvæðið er þannig, að búast má við því, að aðkomumenn, sem vildu dvelja hjer, þó ekki væri nema skamman tíma, til dæmis fáa mánuði, yrðu að hverfa burt aftur án þess að geta komið sjer fyrir, ef þeir hafa ekki fyrirfram trygt sjer leyfi hjá nefndinni til að mega nota húsnæðið.

Þetta er ófært ástand að því er snertir einstaka menn, er þurfa ekki nema eitt herbergi. Mundi þetta víða koma við, því að fjöldi þeirra manna, er leita hingað, þarf óhjákvæmilega að fá húsnæði annarsstaðar en á gistihúsum, enda mundu þau verða ónóg. Má þar til dæmis nefna alþingismenn og allan þann fjölda fólks, sem kemur hingað til lækninga, en fer ekki á sjúkrahús. Og svo mætti nefna alt það námsfólk, er streymir hingað á haustin, og þannig mætti lengi halda áfram að telja.

Yfir höfuð finst mjer ekki nauðsynlegt, og því síður rjett, að fá bæjarstjórninni þetta vald í hendur, að geta hindrað það, að menn komi til bæjarins til veru þar.

Þetta tekur aðallega til einstakra herbergja, og að því lýtur varatillagan, að þetta verði felt burt, ef deildin ekki telur nauðsyn á því að fella alla málsgreinina, sem þó vissulega væri það rjettasta.

Jeg lít svo á, og ljet það í ljós í bæjarstjórninni, að þetta ákvæði sje þess eðlis, að það snerti ekki Reykjavík eingöngu, og er að því leyti frábrugðið hinum öðrum ákvæðum frv., sem mætti segja um, að eingöngu snerti Reykvíkinga. Þess vegna stuðlaði jeg að því, að þetta ákvæði var tekið upp í frv., svo að Alþingi gæfist kostur á að taka afstöðu til þess. En auk þess hefi jeg þær ástæður fyrir þessu, að jeg álít óheppilegt að veita bæjarstjórninni þetta tálmunarvald, vegna þess, að af því mundi leiða stórtjón fyrir bæinn, ef slíkt ákvæði væri tekið í lög.

Því hagar svo til, að mikið hefir verið bygt af húsum síðustu árin. En innflutningur til bæjarins hefir hingað til verið frjáls og það hafa að mestu leyti verið utanbæjarmenn, sem hafa eignast þessi hús, og þannig gert það mögulegt, að byggingaratvinna hefir haldist við í bænum. Jeg tel það mjög varhugavert fyrir bæjarfjelagið, og landið alt, að tekið sje fyrir þetta. Það dugir ekki að loka augunum fyrir því, að Reykjavík og aðrir kaupstaðir hafa tekið við því verkefni, sem Canada inti af hendi áður, sem sje að taka við því fólki, sem ekki getur haldist við á sínum fæðingarstöðvum. Það gæti líka farið svo um fleiri sveitarfjelög við sjóinn, að þau vildu losast við að taka á móti þessu fólki, en það væri rangt að loka þeim stöðum, er fólkið vildi helst fara til hjer innanlands, því slíkt gæti beint orðið til þess, að fólk flytti úr landi. Þetta er höfuðástæðan fyrir aðaltillögu minni, en eins og jeg tók fram áðan, legg jeg aðaláhersluna á, að varatillagan fái framgang, ef þessi ekki verður samþykt, því að jeg veit, að af því ákvæði munu leiða stór vandræði.

Þeir borgarar í bænum, sem hafa nægilegt húsnæði, taka oft á móti aðkomumönnum og lána þeim herbergi um styttri eða lengri tíma. Nú mættu þeir ekki gera það nema hafa til þess leyfi nefndarinnar. Og svo þegar hinn gestkomandi maður er farinn, gætu þeir búist við, að annar maður yrði settur í herbergið að þeim forspurðum. Það mundi verða til þess, að menn þyrðu ekki að lána kunningjum sínum herbergi, því ef þeir lána það, verður það skoðað eins og þeir leigi það út, og missa þá allan umráðarjett yfir því.

Þetta, sem jeg nú hefi sagt, er hægt að leiða frá ástandinu, sem er. Menn veigra sjer við að leigja herbergi einstökum mönnum vegna íhlutunar hins opinbera,

en þeir mundu leigja, ef þeir ættu ekki á hættu að verða af herbergjunum fyrir fult og alt.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hefi flutt fram brtt. á þskj. 469, sem fer í þá átt, að herða á bæjarstjórn að setja þessa reglugerð. Aðdragandi þessa máls er sá, að borgarstjóri æskti eftir samvinnu um breytingu á húsaleigulögunum við húsráðendur. Það var orðin almenn ósk húsráðenda að fá lögunum breytt, og margir leigjendur voru á sama máli. Allir skynbærir menn eru komnir á þá skoðun, að ekki sje hægt að notast við lögin lengur, en þarna eru þó til undantekningar jafnaðarmenn, sem vilja helst, að engir beri nafnið húsráðendur. Jeg get því skilið afstöðu háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) til þessa máls.

Bæjarstjórn hefir reynt að fást við samning nýrrar reglugerðar, en hefir ekki tekist enn. Nú vil jeg skylda hana til að hafa lokið þessum samningi fyrir 1. jan. 1922. Þetta ætti að vera hæfilegur frestur, og er málið alveg sett á vald bæjarstjórnar og þarf hún því ekki að kvarta. En ástandið, sem er, er óhafandi, og verður að breyta því hið fyrsta. Jeg vona, að háttv. deildarmenn fallist á þessa tillögu mína, og einnig á tillögu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), því að þær eru yfirleitt til bóta.

Jón Baldvinsson: Mjer þykir till. háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) alleinkennileg. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, fer fram á það að heimila bæjarstjórninni að ráða húsnæðismálinu til lykta, en brtt. háttv. þm. (Gunn. S.) er þannig orðuð, að það er eins og hann ætlist til þess, að bæjarstjórn verði kúguð til þess að hafa samið reglugerð fyrir ákveðinn tíma. Brtt. er þýðingarlaus, þó sá skilningur yrði lagður í hana, að bæjarstjórn skuli hafa samið reglugerð fyrir áramót, því ef hún hefir ekki samið reglugerðina, eða samkomulag næst ekki um hana, þá tekur bæjarstjórnin upp húsaleigulögin óbreytt í reglugerð, og kemst þannig fram hjá tilgangi brtt. háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.).

Háttv. þm. (Gunn. S.) taldi það almenn ósk bæjarbúa að losna við húsaleigulögin eða fá þeim breytt til muna. Háttv. þm. (Gunn. S.) mun aðallega tala við húseigendur, og er ekki furða þó þeir sjeu á þessari skoðun, en því fer fjarri, að þetta sje skoðun almennings. Jeg get fullvissað háttv. deildarmenn um það, að mikill hluti manna hjer í bæ kvíðir því, ef lögin verða afnumin eða þeim verður breytt þannig, að segja megi upp húsnæði. Þá yrði fjölda manna sagt upp húsnæði og mestur hluti þeirra ætti hvergi höfði sínu að að halla. Jeg skal játa, að húsnæðismálið er hið mesta vandræða mál, og eru engin tök til að ráða fram úr því með öðru móti en að byggja. En meðan svo er ekki gert, verður að halda í húsaleigulögin. Þau vernda þó þessar herbergjaholur fyrir menn, sem eru skárri en ekki, þó að þær sjeu fæstar bjóðandi mönnum. En úr þessu verður ekki bætt með reglugerð, sem húseigendur semja.

Tillaga háttv. þm. Rang. (Gunn. S.) er þýðingarlaus, og getur orðið til þess að neyða bæjarstjórnina til að taka upp húsaleigulögin óbreytt sem reglugerð, og þess vegna er rjett að fella hana.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir undarlegt að heyra hjer á mál manna. Það er eins og mikill vafi leiki á því, hverjir eru húseigendur í raun og veru. Mjer virtist háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) tala eins og hann ætti húsið mitt, en ekki veit jeg til þess, að jeg hafi enn falið honum eignarráð þess. Jeg vona, að jeg komist af án íhlutunar þess opinbera, og jeg hefi heldur kosið að leigja ódýrt og mjer í skaða heldur en að láta óviðkomandi menn vas-

ast í því, sem þeim kemur ekki við. En jeg tel nauðsynlegt, að húsnæði sje ekki selt með okurverði, og verður að hlutast til um, að svo verði ekki gert. En fram yfir þetta er ekki hægt að fara, án þess að brjóta stjórnarskrána.

Ef stjórnin notaði heimild þá, sem hún hefir til þess að afnema húsaleigulögin, væri það ágætisverk. Þau eru stríðsákvörðun og stríða á móti öllum rjetti. En vera má, að þau hafi verið nauðsynleg þegar þau voru sett. Nú er þetta ástand umliðið, og því vil jeg spyrja stjórnina, hvort hún vilji ekki afnema lögin í dag eða á morgun. Ef hún gerði það, væri öll þræta um þetta mál óþörf.

Jeg er samdóma háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) um að tillaga háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sje óþörf, og ef til vill skaðleg; hún gefur bæjarstjórn of langan frest. Hún þarf ekki að vera til nýárs með þessa reglugerðarsmíð; það er aðeins viku verk. Alþingi getur skyldað hana til þess að gera það á þeim tíma. En ef tillagan verður samþ. og bæjarstjórnin semur ekki reglugerðina fyrir þennan ákveðna tíma, getur það orðið til þess, að lögin standi óbreytt, og er það óþolandi. Við þurfum að láta bæjarstjórn vita það, að henni líðst ekki að brjóta rjett manna lengur og grípa fram í athafnafrelsi þeirra. Ef hún heldur uppteknum hætti, getur hún átt von eins margra mála eins og húsráðendur eru margir hjer í bæ. Og hún tapar þeim öllum. Svo er guði fyrir þakkandi, að Reykjavík er ekki með öllu ofurseld ofbeldi bæjarstjórnarinnar. Þessi stofnun heldur víst, að hún sje eitthvað mikið, en henni hefir enn ekki verið gefið vald á lífi og eignum manna.

Nú á að afnema húsaleigulögin og gefa bæjarstjórninni vald til að setja þær einar reglur, sem rjettlátar eru, en það er að setja hámarksverð á húsaleigu.

Tillaga háttv. þm. Rang. (Gunn. S.) er óþörf; hún gefur þessu blessaða bæjarþingi tækifæri til þess að samþykkja og fella, samþykkja aftur og fella einhverja vitleysu. Svo gengur það í það endalausa. En sem betur fer eru til fleiri þing en bæjarþingið, og það væri ekki úr vegi að það yrði þess vart.

Forsætisráðherra (J. M.): Atvinnumálaráðherra (P. J.) er ekki viðstaddur, en svo hefir verið litið á, að undir hann heyrði þetta mál. Þetta tekur ekki sjerstaklega til dómsmálaráðherra, og ef menn halda, að stjórnarskrárbrot sje framið, eiga þeir við dómstólana um það.

Út af fyrirspurn háttv. þm. Dala. (B. J.) skal jeg geta þess, að ekki getur komið til mála að afnema lögin í dag eða á morgun. Það verður, hvenær sem til kemur, að gera það með hæfilegum fresti, og þá sennilega frá einhverjum flutningsdegi. Og það er ómögulegt að segja, hvort það verður næsti eða næst næsti.

Eftir frv. er helst að sjá sem bæjarstjórn geti látið lögin gilda óákveðinn tíma, og það er sett á vald bæjarstjórnar, hvort það verða húsaleigulögin eða ekki. Jeg skal ekki segja um þetta með vissu, en þetta er minn skilningur.

Gunnar Sigurðsson: Jeg og háttv. þm. Dala. (B. J.) erum í raun og veru sammála; hann vill aðeins ganga lengra. Það getur verið að jeg verði honum sammála, ef samningum við húseigendur verður ekki sint. Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) gaf það í skyn, að bæjarstjórn mundi virða að vettugi afskifti þingsins, en jeg ber svo mikið traust til hennar, að jeg ætla ekki, að svo fari. En eftir vinnubrögðum hennar undanfarið má ganga að því gefnu, að henni nægi ekki minni tími en jeg legg til. Það verður aldrei hægt að hraða málinu svo, að hægt verði að segja um húsnæði 1. október, og jeg

efast um, að það verði hægt á næsta flutningsdegi.

Jeg þarf ekki að svara háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Hann viðurkendi sjálfur, að tillaga mín drægi ekki úr valdi bæjarstjórnar, því að hann benti á, að hún gæti sett húsaleigulögin óbreytt. Jeg vona að endingu, að allir geti fallist á till. mína, aðrir en háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), og jeg vona, að menn hafi tekið eftir því, að það var rjettilega tekið fram af hæstv. forsrh. (J. M.), að ef tillagan yrði ekki samþ., gæti bæjarstjórn legið á lögunum von úr viti.

Jón Baldvinsson: Háttv. þm. Dala. (B. J.) taldi nægilegt að setja hámarksverð á húsaleigu, og hefir það oft verið sagt áður. En ef aðrar takmarkanir eru ekki gerðar, má með hægu móti fara kringum ákvæðið. Þegar 10—12 menn keppa um sömu íbúð, hefir sá, sem býður best. Því að eins getur hámarksverð komið að haldi, að ekki sje hægt að segja upp íbúðunum.

Viðvíkjandi hnútum háttv. þm. (B. J.) og háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) að bæjarstjórninni, skal jeg benda þeim á, að það fara bráðum fram kosningar, og gefst þeim þá tækifæri til þess að reyna að komast að og láta þar ljós sitt skína, ef þeir verða þá lausir hjeðan.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg hefi ekkert að segja fyrir hönd nefndarinnar. Hún var búin að ljúka við álit sitt, áður en þessar brtt. á þskj. 461 og þskj. 469 komu fram. Nefndarmenn hafa því algerlega óbundnar hendur um atkv. sitt viðvíkjandi þessum till.

Um afstöðu mína gagnvart brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) skal jeg taka það fram, að mjer virðist till. óþörf. Svo er ákveðið í lögunum, að þetta megi óheimila í reglugerð, og kemur það þá ekki að haldi. Jeg skil ekki, að ástandið sje eins slæmt eins og hv. þm. lýsti því, að ekki sje hægt að hýsa menn um stundarsakir, án þess að eiga á hættu, að herbergin verði af þeim tekin. Jeg held að þessu sje varla til að dreifa.

Lögin geta verið nauðsynleg hjer, þó að ekki þurfi þau í öðrum stöðum, vegna þess að hjer í bæ stendur öðruvísi á. Hjer eru húsnæðisvandræði svo mikil, að fara verður varlega í að gera neitt, sem þau gæti aukið. Jeg held, að ekki sje gerlegt að leysa lögin upp þegar í stað, en hina leiðina tel jeg heppilega, að bæjarstjórn hafi málið til athugunar og semji reglugerð, sem síðar verði staðfest af stjórnarráðinu.

Jeg vil ekki orðlengja þetta frekar, en lýsi því yfir, að nefndin hefir ekki tekið ákvörðun um tillögur þessar, og hafa því nefndarmenn óbundnar hendur um þær.

Það er um brtt. á þskj. 469 að segja, að hún hefir alls enga þýðingu. Bæjarstjórnin, sem veit nánar en jeg og margir háttv. þm., hvað er í húfi, og sem hefir lagt þetta frv. fyrir þingið, hún mun auðvitað leggja áherslu á og gera alt sitt til að hafa samið og samþykt reglugerð, sem væntanlega næði stjórnarráðs staðfestingu, áður en lögin fjellu úr gildi.

Læt jeg svo máli mínu um þetta frv. lokið.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að segja það, að jeg er hissa á yfirlýsingu hæstv. forsrh. (J. M.). Auðvitað, úr því að það heyrir ekki undir hann, þá er eðlilegt, að hann verði að tala varlega, en undarlegt er það, að hæstv. atvrh. (P. J.) skuli ekki vera hjer viðstaddur, þar sem verið er að tala um rjettindi manna, þann rjett manna, sem þjóðfjelagið byggist á og er dýrasti fjársjóður hvers einasta manns. Mig undrar þetta, að atvinnumálaráðherra, sem er til þess settur að varðveita menn gegn yfirgangi og ofbeldi, skuli ekki vera hjer viðstaddur, til þess að segja skýrt

og ótvírætt, hvort hann vilji afnema þessi lög, sem altaf hafa verið vandræðalög, gefin sem neyðarráðstöfun á stríðstímum. Jeg á við yfirlýsingu um það, að þau sjeu þegar úr gildi numin, þó ekki svo, að ekki sje einhver frestur gefinn þeim mönnum, sem lögin sjerstaklega hafa náð til. En jeg verð að lýsa því yfir, að þó að við jafnaðarmenn sje um að eiga, eða jafnvel kommunista, sem vilja að alt sje af einstaka mönnum tekið og gert að sameign heildarinnar, þá geta þeir þó ekki heimilað, að fáeinir menn sjeu teknir út úr og allar eignir af þeim teknar, en svo allir hinir látnir sleppa. Jeg hefi nú hugsað það mál, og er því eins kunnugur og þeir hjer í bæ, sem skreyta sig með jafnaðarmannanafni. Og jeg vildi spyrja: Hví er ekki bæjarstjórn afhent alt, lóðir og lendur, fiskiskipin og landsbókasafnið? Hví ekki að afhenda henni alt? Hví má hún ekki ráða yfir meiru en eignum þessara fáu manna, sem hús eiga í bænum? Ef Alþingi hallast að hreinum kommunisma, þá er ekki rjett að leggjast á einstaka menn og taka alt af þeim, en sleppa öðrum. Þetta er nú hreint gerræði, og er það óheyrt, að stjórnin skuli ekki vernda menn fyrir slíku.

Hjer væri alveg nægilegt að setja húsaleiguhámark. Og jeg vil í þessu sambandi lýsa því yfir, að mig undrar sú ráðstöfun, að verðlagsnefndin skuli hafa verið lögð niður. Slík nefnd er alveg rjettmæt ráðstöfun, því að seljendur láta vöruna aðeins fala fyrir hæsta verð, er þeir fá að ráða einir.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að það mætti fara í kringum hámarkið. Já, það má nú fara í kringum alt. Það mætti setja hámarksverð á brauð úr Alþýðubrauðgerðinni, og menn geta svo skriðið þar undir borðið og komist þar að betri kjörum. (*J. B.*: Það er óþarfi að setja hámarksverð á vörur hjá henni, því að hún selur lægra en aðrir!). Það má vel vera, að verðið hafi verið lægra hjá þessari brauðgerð, svona utan búðarborðs, til þess að hæna menn að, en að þurft hafi að skríða undir borðið til að fá að vita hið sanna verð, sem þá hefir verið að mun hærra. Ef menn hugsa sjer, að hjer sjeu tómir ræflar, þjófar og illræðismenn, þá ættu þeir líka að vera til í Alþýðubrauðgerðinni. En jeg kann hvorki að svíkja mjer út haga nje ljúga eða stela, og kann því illa, að mönnum sjeu gerðar upp slíkar hvatir.

En eftir skilningi þeim, sem hæstv. forsrh. (J. M.) leggur inn í þessi lög, þá verður sjálfsagt fyrir mig að fylgja brtt. háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), þótt mjer þyki hún ófullnægjandi. Annars hafði jeg hugsað mjer, að svona lög nægðu, en lagakrókamenn og refjamenn geta auðvitað lagt sinn skilning inn í lögin, og það alt annan en upphaflega var til ætlast, en meðan jeg reyni ekki bæjarstjórn að neinu slíku, vil jeg ekki trúa henni til þess.

Þetta er fyrir mjer jafnrjettismál. Það snertir ekki minn hag persónulega; bæjarstjórnin getur aldrei náð til mín. En það er ranglæti, sem hjer á að beita einn flokk manna, í samanburði við aðra, og jeg þoli ekki, að alþingismenn sitji hjer og geri vísvitandi rangt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hygg, að það hafi ekki verið rjett af háttv. þm. Dala. (B. J.) að álasa hæstv. atvrh. (P. J.) fyrir það, að hann sje ekki viðstaddur þessar umr., því að það mun vera viðurkent af öllum, að enginn getur verið á tveimur stöðum í einu, og hann þurfti einmitt nú að vera viðstaddur í háttv. Ed. Auk þess hygg jeg ekki, að nein ástæða hafi verið til þess að hrúga upp fyrirspurnum nú. Háttv. deild hefir gengið frá þessu máli á þann hátt, að fela bæjarstjórn fullkomið einveldi, í stað húsa-

leigulaganna. Það er vonandi, að bæjarstjórnin gæti allrar sanngirni, en að öðru leyti er jeg alveg á gagnstæðri skoðun við háttv. þm. Dala. (B. J.) um það, að ekki hafi verið nauðsynlegt að setja ýmsar takmarkanir um húsaleigu.

Háttv. þm. (B. J.) fann að því, að verðlagsnefndin hefði verið lögð niður. Þetta kemur hálfundarlega við hjer hjá þeim háttv. þm., sem ávalt hafa viljað hafa frjálsa verslun, frjálsa samkepni, sem ákveði verð vörunnar. Það hlýtur að fylgjast að, að heimta frjálsa og óbundna verslun og að ekki sje farið að skifta sjer af verðinu.

Gunnar Sigurðsson: Jeg stend aðeins upp til þess að leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.). Það virtist svo, sem hann hefði ekki áttað sig á brtt., þar sem hann sagði hana með öllu þýðingarlausa. Nei, það er frumvarpið, eins og það er, sem er þýðingarlaust. Meðan ekkert tímatakmark er, getur bæjarstjórnin skelt skolleyrunum við öllu og lagst undir höfuð að gera nokkurn skapaðan hlut. Jeg ber það traust til bæjarstjórnarinnar, að hún fari eftir vilja þingsins, og ef við værum svo lánsamir að hafa stjórn, sem eitthvað dygði, þá mundi hún áminna bæjarstjórnina um að gera það, sem þingið leggur fyrir hana.

Jakob Möller: Jeg stend upp vegna orða hæstv. forsrh. (J. M.) út af verðlagsnefndinni. Jeg vildi vekja athygli á því, að sem stendur er hæpið að tala um frjálsa verslun hjer á landi, meðan ekki er sjeð fyrir því, að hægt sje að borga vörur í útlöndum. Það verða, eins og nú er komið, aðeins einstakir menn, sem geta flutt inn vörur, af því að þeir eiga útlendan gjaldeyri eða hafa lánstraust erlendis. Þeir geta því í raun og veru sett á vörurnar hvaða verð, sem þeim lýst. Þess vegna er full ástæða til að hafa verðlagsnefnd. Mjer kom mjög á óvart þessi stjórnarráðstöfun, að leggja niður verðlagsnefndina, og jeg hygg, að það sjeu margir, sem ímynda sjer, að eitthvað sjerstakt hafi legið á bak við hana.

Úr því að jeg stóð upp, þá ætla jeg einnig að segja nokkur orð út af brtt. háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Jeg er ekki lögfræðingur, en vil því spyrja, hvort þessi brtt. í rauninni hafi nokkra þýðingu? Ef það er ekki tilgangur brtt. að breyta lögunum þannig, að þau falli úr gildi, hafi reglugerð ekki verið samin innan ákveðins tíma, þá skilst mjer, að breytingin sje gagnslaus, því að þá getur bæjarstjórnin, eftir sem áður, hæglega dregið á langinn samningu slíkrar reglugerðar. Og jeg hygg nú, að tillagan verði ekki skilin þannig, að lögin falli úr gildi, þó að engin reglugerð hafi verið sett. En ef það er þó tilgangurinn, þá kysi jeg heldur, að háttv. deild ljeti frv. ganga fram óbreytt. Jeg þyrði ekki að treysta því, að háttv. Ed. ljeti það ganga þannig fram, og jeg kýs heldur, að frumvarpið gangi fram óbreytt heldur en alls ekki.

Að því er snertir brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), þá geri jeg ráð fyrir að geta að minsta kosti greitt atkvæði með varatillögu hans.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg var að nokkru leyti búinn að svara háttv. þm. Dala. (B. J.), út af athugasemdum hans um verðlagsnefndina. En mjer kom það nú ekki svo mjög á óvart, þótt ákúrur kæmu hjá háttv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), því að jeg er sannfærður um, að þeir hefðu áfelt stjórnina, hvort sem hún hefði látið verðlagsnefndina halda sjer eða látið hana falla niður. En á rök háttv. þm. get jeg ekki fallist.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi alveg óviljandi orðið þess valdandi, að hæstv. forsrh. (J. M.) þótti sjer misboðið, viðvíkjandi því, sem jeg sagði um verðlagsnefndina. Jeg get ekki horfið frá því, að þegar stjórnin hefir gefið út reglugerð um, að þessar vörutegundir megi flytjast til landsins, en aðrar ekki, þá munu þeir kaupmenn, sem hafa fyrirliggjandi birgðir af þeirri vöru, sem innflutningsbann er á, skrúfa hana upp. En þá er líka þörf á verðlagsnefnd. Rök hæstv. forsrh. (J. M.) um frjálsa verslun koma heldur ekki við þau verslunarhöft, er sett hafa verið, bæði með stjórnarráðstöfunum og af sjálfu Alþingi. Þetta er ekki nein árás á stjórnina; jeg hefi einu sinni sagt henni mitt álit og dæmt gerðir hennar, og tel mjer ekki skylt að vera sífelt að reita hana til reiði.

Jeg gat ekki búist við því, að hæstv. atvrh. (P. J.) væri á tveimur stöðum í einu, en úr því að hjer var um rjettindamál að ræða, hefði mátt ætlast til þess af honum, að hann sæi um það, að þau mál í háttv. Ed., sem hann varðaði, væru tekin fyrir í þeirri röð, að hann gæti einnig verið viðstaddur hjer, eða þá tekin af dagskrá. Það var ekki nein fúlmenska af mjer, að jeg skyldi ætlast til þess, að hann væri einnig hjer; það er bara ímyndun, að jeg hafi ætlað honum að yfirstíga principium exclusi medii inter duo contradictoria.

Jeg er alveg með brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og mun greiða atkvæði með henni, þar sem forsrh. (J. M.), sem er lögfræðingur, skilur lögn á þann hátt, að þau heimili bæjarstjórninni að hártoga sig.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Það var út af orðum háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) að jeg stend upp. Hann sagði, að jeg hefði ekki skilið brtt. sína. Jeg skildi hana áður og álít mig skilja hana enn þannig, að hún sje með öllu þýðingarlaus. Ef bæjarstjórnin er ekki búin að semja reglugerð fyrir 1. jan. 1922, þá er ekki svo, að lögin sjeu fallin úr gildi; þau standa eftir sem áður eins og þau eru nú. Jeg sje ekki, að með þessu sje hert á bæjarstjórninni, þar sem ekki liggur við borð, að lögin falli úr gildi, þótt engin reglugerð verði sett. Jeg mun því greiða atkv. á móti þessari brtt.

Jakob Möller: Hæstv. forsrh. (J. M.) sló því fram, að stjórnin mundi hafa fengið ákúrur, hvort sem hún hefði látið verðlagsnefndina standa eða ekki. Jeg skal þá minna hæstv. forsrh. (J. M.) á það, að stjórnin hefir aldrei fengið neinar ákúrur frá mjer fyrir það að skipa verðlagsnefnd, þvert á móti. Jeg hefi frekar haldið því fram, að verðlagsnefndin hefði verið skipuð of seint. Hún átti að koma jafnskjótt og höftin komu, og hún á að vera til enn, þar sem viðskiftahöftin eru ekki úr gildi numin, og ekki ráðgert að nema þau úr gildi fyrst um sinn að fullu og öllu.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer fanst sjálfsagt, að jeg bæri hönd fyrir höfuð stjórnarinnar, og sýnist mjer, sem eigi hafi verið ástæða til fyrir fleiri þm. að taka þátt í þeim umr. Jeg hefi enga ástæðu til að leggja háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) lið sinni mitt, enda tók hann það greinilega fram, að hann vildi eigi aðstoð mína nema sem lögfræðings. Er hann svo mikill stjórnarandstæðingur, að honum er ómögulegt að unna mjer sannmælis sem ráðherra, en vill hins vegar styðjast við álit mitt, sökum þess, að jeg hefi lesið lög.

Er brtt. háttv. þm. (Gunn. S.) óheppilega orðuð, en jeg skildi hana svo, að lögin fjellu úr gildi, ef bæjarstjórnin hefði

eigi sett reglugerðina fyrir 1. jan. 1922, og hygg jeg, að svo megi og eigi að skilja hana.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil geta þess, út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að brtt. er alls ekki þýðingarlaus, enda þótt hæstv. forsrh. (J. M.) vilji nú ganga frá fyrri skýringu sinni, því ef röggsöm stjórn situr að völdum, fellir hún lögin úr gildi, ef bæjarstjórnin hefir ekki samið reglugerðina fyrir 1. jan. 1922.

Bæjarstjórnin getur að vísu dregið að semja reglugerðina, en þar með hefir hún fengið aðhald frá stjórninni, sem hlyti að fella lögin úr gildi, ef bæjarstjórnin skellir skolleyrum við að hafa reglugerðina tilbúna á tilskildum tíma.

ATKVGR.

Brtt. 461. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. P., P. O., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. E., B. Sv.

nei: J. A. J., J. S., M. K., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., B. H., E. Þ.

Þrír þm. (M. G., P. J., Ó. P.) fjarstaddir.

Brtt. 469. feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., J. Þ., M. J., M. P., P. Þ., B. Sv.

nei: Þorl. J., B. H., E. Þ., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., M. K., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 491).

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Mál þetta var í allsherjarnefnd í háttv. Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar í þessari deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí var frv. tekið til 2. umr. (A. 491, n. 537).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Eins og kunnugt er, eru nú sjerstök lög um húsnæði í Reykjavík. Eins og menn vita, er mikil óánægja með þessi lög. Líklega er óánægjan aðallega meðal húseigenda, en þó eru leigjendur heldur ekki ánægðir með lögin. Í frv. þessu er farið fram á, að reglugerð um þetta efni skuli sett af bæjarstjórn Reykjavíkur, og lög þau, sem nú gilda um húsnæði í Reykjavík falli burtu, er reglugerð þessi hefir verið samin og samþykt af stjórnarráðinu. Jeg býst við, að alt eins heppilegt sje, að um þetta sjeu lög sett af löggjafarvaldinu. En jeg lít svo á, að þau lög, sem nú gilda, sjeu algerlega óviðunandi, og enginn tími er til að breyta þeim á þessu þingi; þess vegna mun rjett að samþykkja þetta frv. Engin

hætta er því samfara að leyfa bæjarstjórninni að gera tilraun til að semja reglugerð, því til þess, að hún fái gildi, þarf samþykki stjórnarráðsins, og takist samning reglugerðarinnar svo vel, að hún fái samþykki þess, þá er það gott, en ef það tekst ekki, þá standa núgildandi lög áfram. — Nefndin leggur því til, að deildin samþykki frv. óbreytt.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg tel ástæðu til að fara varlega í að samþykkja þetta frv. Jeg geng út frá því, að þegar húsaleigulögin voru sett, hafi þeirra verið full þörf. Jeg held flestir sjeu sammála um, að svo hafi verið. En hafi svo verið, þá spyr jeg, hvaða breyting hefir orðið síðan, sem gefur ástæðu til að breyta þessum lögum? Mjer sýnist alt annað en nú horfi svo, að ástæða sje til að fella húsaleigulögin úr gildi. Þegar þau voru sett, var vegur til að byggja hjer í bænum. Þá höfðu einstakir menn mikla peninga undir höndum. Sama var með bankana, þeir höfðu þá nóga peninga, og þá var mögulegt að byggja, þó dýrt væri. En nú er öðru máli að gegna. Nú er næstum ómögulegt að byggja. Peningar einstakra manna eru þrotnir. Sama máli gegnir um bankana. Nú er ómögulegt að fá hjá þeim veðdeildarlán til bygginga. Þegar ástandið er þannig, finst mjer óvarlegt af þinginu að varpa af sjer allri ábyrgð í þessu máli og leggja það alt á vald bæjarstjórnar og landsstjórnar. Jeg mun því ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt.

Guðjón Guðlaugsson: Það er síður en svo, að jeg sje sammála háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.). Jeg játa, að þegar þessi lög voru sett, var fullgild ástæða til þess. En hitt get jeg ekki viðurkent, að eins gildar ástæður sjeu til að halda þeim nú. Og því síður tel jeg það nauðsynlegt, þegar gert er ráð fyrir, að annað sje sett í staðinn. Hjer er ekki um annað að ræða en þingið afsali sjer rjetti sínum til afskifta af þessu máli til bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem hlýtur að vera miklu kunnugri þessu máli en Alþingi.

Hann sagði ennfremur, að þegar húsaleigulögin hefðu verið sett, þá hefðu menn haft fullar hendur fjár, en nú væri öðru máli að gegna. Það kann nú satt að vera, en slíkt kemur ekki málinu við. Allir urðu tilfinnanlega varir við, hversu allar vörur stigu í verði, og menn vonuðu, að styrjöldin mundi hætta löngu fyr en raun varð á. Af þessu leiddi, að enginn vildi leggja fje til bygginga, einkanlega þar eð samgöngur voru mjög stopular og ilt að fá efni til bygginga, þareð enginn vildi liggja með birgðir í von um, að vörur lækkuðu í verði. Um þetta leyti var hjer góð atvinna og sveitamenn þyrptust til bæjarins, og þrengdi það mjög að bæjarbúum. Nú er þetta orðið öfugt, því þó svo gengi fyrst, sem jeg þegar hefi lýst, og engar húsabyggingar ættu sjer stað fyrst framan af, þá hafa nú á síðustu 2 árum verið reist um 200 hús. Fasteignamatsnefndin hefir athugað mál þetta og jeg fengið upplýsingar hjá manni, sem máli þessu er vel kunnugur. Og geta menn nú ímyndað sjer, þar sem bæði 200 hús hafa verið bygð og lítill flutningur er nú til bæjarins, að sje sama húsnæðisekla nú og þá? Jeg get því ekki skilið, að þingið láti þetta mál fram hjá sjer fara, án þess að gera eitthvað í því, og þingið á að reka á eftir reglugerðinni frá bæjarstjórninni.

Þingið verður að minnast þess, að lögin voru neyðarúrræði og argasta brot á eignarrjetti manna, enda eiga þau hverfi sinn líka. Þau áttu að koma til hjálpar þeim mönnum, sem húsnæðislausir voru, og gæta þess, að húsaleiga væri ekki of

há. En það er ekki hægt að neita því, að það er skerðing á eignarrjetti manna, að skipa mönnum að leigja fólki, sem menn ekki geta búið með og hafa skaða af að hafa í húsum sínum. Og það er óneitanlega hart, að geta ekki lofað bróður sínum eða systur að njóta hjá sjer gistingar, vegna þess, að aðrir óvelkomnir og manni óviðkomandi eru fyrir, sem á engan hátt er unt að losna við. Jeg veit ekki hvaða lög eru ósvífin og órjettlát, ef þessi lög eru það ekki, enda er til þeirra stofnað út úr neyð. Hitt er rjett, að það ber að hafa hönd í bagga með því, hversu hátt er leigt, þar til samkomulag næst. Jeg skal geta þess, að frá sjónarmiði margra manna, sem við lög þessi hafa að búa, er álitið sjálfsagt, að lögin sjeu þegar úr gildi numin. Jeg átti tal um þetta hjer um daginn við konu eina, sem er vel greind, og óskaði hún að lögin væru tekin burt, og gat þess jafnframt, að ef lögin gengju úr gildi, þá mundi hún þegar fá betra húsnæði en hún hafði nú, og að hún hefði þegar verið búin að skifta um bústað, ef lögin hefðu ekki aftrað henni þess. Jeg vona, að þingið athugi þetta nánar, og það furðar mig, að jafngreindur maður og háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) skuli halda þeirri fjarstæðu fram, að heppilegast muni vera að láta lögin standa eins og þau nú eru. Ef frv. þetta verður felt, þá hanga lögin ennþá í gildi, og án þess jeg vilji spá nokkru illu, þá getur þetta leitt til þess, að allur sá fjöldi, sem við þessi illu lög á að búa, geri upphlaup og brjóti af sjer þessi nauðungarbönd.

Karl Einarsson: Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) tók að mestu af mjer ómakið, en jeg vil þó herða á orðum hans, og jeg vil taka það fram, að ef frv. þetta verður samþ., þá eru þar með húsaleigulögin úr gildi numin.

Sigurður Jónsson: Jeg tek til máls út af ummælum háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), að samskonar lög eigi hvergi sinn líka; en jeg vil geta þess, að til þessa eru mörg fordæmi í öðrum löndum, og þau urðu til fyrir ítrekaðar áskoranir bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Stjórnin átti ekki upptökin að þessu, heldur kom málið frá bæjarstjórn Reykjavíkur, en það kallaði bráðan að, og gaf því stjórnin út bráðabirgðalög. Nú óskar bæjarstj. aftur, að lögin sjeu úr gildi numin, og hvers vegna ætti þingið að leggja á móti því? Jeg er þessu allkunnugur, þar eð jeg hefi verið hjer á veturna frá 1917, en lögin voru samþ. 1918, og get jeg borið um, að vandræðin eru mikið minni nú en þau voru þá með húsnæði. Jeg legg því eindregið til, að bæjarstjórnin sje látin ráða í þessu máli, og þingið fari að hennar vilja.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg býst við, að það þýði lítið að deila um þetta atriði, þar eð flestir hafa sjálfsagt ákveðið, hvoru megin þeir greiða atkvæði sitt, og jeg veit, að frv. hefir byr hjer í deildinni, en jeg vil þó benda á, að jeg álít að bæjarstjórnin eigi ekki ein að ráða, eftir að hún óskaði eftir að lögin væru sett, ekki síst þar eð engin fullgild ástæða er fundin fyrir því, að nú beri að nema lögin úr gildi. Það stendur ennþá óhaggað, sem jeg hefi sagt um þetta mál, þrátt fyrir þau mótmæli, sem fram hafa komið, því að tímarnir eru síst betri nú en þegar lögin voru sett.

Jeg legg lítið upp úr því, þótt einstaka leigjendur láti það í ljós, að æskilegt væri að lögin væru numin úr gildi, ekki síst þar eð hinir sömu leigjendur eiga húsnæði víst, ef höftin verða afnumin. Jeg legg meira upp úr því, sem þeir menn segja, sem ekkert húsnæði eiga víst, ef lögin væru afnumin. Jeg efast ekki um, að

tala þeirra manna skiftir hundruðum, sem vísað mundi verða út á gaddinn, ef húsaleigulögin ganga úr gildi, en bótin er, að jeg hefi heldur enga sönnun fyrir því, að bæjarstjórn geti komið sjer saman um, hvernig sú reglugerð eigi að vera, sem hjer um ræðir.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg skal taka það fram aftur, að lögin eru ekki úr gildi numin, fyr en reglugerðin er sett. Jeg hefi skilið umtal manna svo, að mikill vafi leiki á, hvort húsaleigulögin, eins og þau eru, sjeu til nokkurra bóta, vegna þess að það sjeu margir húseigendur hjer í Reykjavík, sem alls ekki vilja leigja, af hræðslu við það, að þeir geti ekki aftur losnað við það fólk, sem þeir hleypa inn í hús sín, og af þeirri ástæða sje miðað húsrúm nú autt. Og mjer sýnist ekki illa við eigandi, að bæjarstjórninni sje heimilað að gera tilraun til að bæta úr þessu, þar sem nú líka þingið hefir engan tíma til þeirra hluta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 491).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 573).

21. Læknaskipun í Reykjavík.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um læknaskipun í Reykjavík (A. 78).

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg þykist vita, að háttv. þm. muni það úr ræðu hæstv. forsrh. (J. M.), þegar hann bar fram frv. um berklavarnir, og úr áliti berklaveikisnefndarinnar, að frv. hennar voru 4. Það frv., sem stjórnin lagði fram, var aðalfrv., en þessi 3, sem jeg ber nú fram, eru nokkurskonar fylgifiskar þess.

Ástæðurnar, sem ollu því, að þau urðu ekki öll stjórnarfrv., voru þær, að þessi, sem nú eru á dagskrá, urðu of síðbúin.

Hæstv. forsrh. (J. M.) skaut því þá að allshn., að hún tæki málin til flutnings, en bað hana jafnframt að láta mig vita, ef hún treystist eigi til þess, því að jeg mundi þá bera þau fram.

Háttv. nefnd tilkynti mjer nú, að hún mundi ekki bera þau fram, og er jeg nefndinni auðvitað þakklátur fyrir þann sóma, sem hún sýnir mjer, með því að gefa mjer tækifæri til þess að taka að mjer flutninginn, því ekki kemur mjer til hugar að halda það, að það sje af skorti á einurð eða nokkru því líku, að nefndin flytur þau ekki, heldur aðeins, að hún vill unna mjer heiðursins.

Jeg gat þess, að náið samband væri á millum frumvarpanna, og þar sem nefndin hefir lýst því yfir, að hún muni láta aðalfrv. koma fram í hv. deild, þá mun jeg ekki að þessu sinni fara um þau mörgum orðum, en vona, að háttv. þdm. lofi þeim að ganga til 2. umr., svo að þau geti orðið þar öll samferða.

Jeg mun því aðeins fara um þau nokkr-

um orðum, og með leyfi hæstv. forseta tek jeg þau öll í einu lagi.

Jeg vona nú, að háttv. þdm. hafi lesið aðalfrv., og því mun þeim ekki blandast hugur um, að auknar skyldur og störf eru lögð á hjeraðslækna að stórum mun, og þó einkum hjer í Reykjavík. Sökum þessarar aukningar á störfunum taldi berklaveikisnefndin óhjákvæmilegt að ljetta einhvað á hjeraðslæknum hjer, og leggur það því til, að hann sje leystur undan því að gegna sjúklingum, og yfirleitt fást við lækningar, að starfi hans við farsóttahúsið undanskildu, sem frv. leggur honum á herðar, auk nokkurra fleiri starfa, ef krafist verður.

Auk þessa er í þessu frv. lagt til, að skipaður verði sóttvarnalæknir í Reykjavík. Er þetta fram komið vegna beiðni landlæknis, sökum breytinga þeirra, sem á verða, ef hjeraðslæknisembættið legst niður.

Færi nú svo, að Alþingi ljeti aðalfrv. ná fram að ganga, en feldi þessi aukafrv., þá væri með því, í raun rjettri, gert það að verkum, að aðalfrv. kæmi að notum aðeins utan Reykjavíkur, því að hin frv. öll snerta aðeins framkvæmdirnar hjer í bæ, en ekki úti um land.

Um 2 hin frv. skal jeg vera stuttorður, geta að eins þess, hvað launanum viðkemur, að ekki þótti unt að hafa þau lægri, ef hæfir menn ættu að fást í þessar stöður.

Í 3. frv. er gert ráð fyrir stofnun nýs prófessorsembættis í lyflæknisfræði við Háskólann. Undanfarið hefir því verið þannig fyrir komið, að hjeraðslæknir hefir haft kensluna í þessari erfiðu grein læknisfræðinnar á hendi, en nú er, eins og jeg áður gat um, aukið svo mikið við störf hjeraðslæknis samkvæmt aðalfrv., að ógerlegt er, að hann hafi áfram þessa kenslu, og auk þess er það nauðsynlegt við kenslu þessarar greinar, að læknirinn hafi sjúklinga, en það hefir hjeraðslæknirinn ekki eftir breytinguna, og því í raun og veru sjálfgefið, að hann getur ekki haft kensluna á hendi framvegis.

Jeg efast nú ekki um það, að hv. allshn. hefir brotið frv. svo til mergjar, að það megi teljast óþarft að vísa því til hennar, enda er frv. líka stutt og rökin skýr og ekki þungskilin. Jeg vil því mælast til, að háttv. deild vilji leyfa því til 2. umr.

Eitt er það, sem jeg að lokum vildi mælast til við háttv. deild, og það er, að hún lesi rækilega nál. alt, áður en hún leggur dóm á þessi mál. Þess betur verður hún fær um að fella rjettlátan dóminn, og erfiðið er ekki ýkjamikið, bókin ekki svo seinlesin. En geri hún þetta, óttast jeg ekki afdrif málsins.

Björn Hallsson: Jeg stend upp sökum þess, að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem er form. allshn., gegnir nú forsetastörfum, og er því undanþeginn að svara fyrir hönd nefndarinnar.

Það er rjett hjá háttv. þm. Str. (M. P.), að þegar hæstv. forsrh. (J. M.) lagði aðalfrv. fram, gat hann þess, að 3 fylgifrv. væru með, og óskaði þess að nefndin tæki þau til flutnings, en ef hún gæti eigi orðið við þeim tilmælum, þá mundi háttv. þm. Str. (M. P.) flytja þau. Nefndin hefir nú tilkynt háttv. þm. Str. (M. P.), að hún ætli sjer ekki að flytja þau. Ástæður til þess, að hún sá sjer eigi fært að flyta þau, eru hin fjárhagslegu vandræði, sem nú eru, og því, í tilliti til þeirra, varhugavert að stofna ný embætti, sem ekki getur talist brýn nauðsyn til. Hins vegar fanst nefndinni líka, að málinu væri ekki svo varið, að það mætti ekki dragast til næsta þings, ef þá kynni eitthvað að hafa úr ræst örðugleikunum. Enga þýðingu hefir því að vísa frv. þessum til allshn., því að hún hefir þegar tekið afstöðu til þeirra.

Háttv. frsm. (M. P.) sagði, að svo liti út, sem allshn. hefði viljað sýna sjer sóma með því að leyfa sjer flutning frv. Honum

er velkomið að draga hvaða ályktanir sem hann vill út af þessu; jeg hefi skýrt afstöðu nefndarinnar til frv. þessara, og hvers vegna hún vill ekki taka þau upp á sína arma. En þess vil jeg geta, að ekki var það af einurðarleysi eða af því, að nefndin vildi hlaða undir háttv. þm. Str. (M. P.), enda hefði það getað orðið til þess, að háttv. þm. (M. P.) svimaði, og að hann ylti ofan af þeim háa tindi. En þess vill nefndin ekki verða valdandi.

Að síðustu vil jeg segja það, að þó jeg hafi ekki umboð til að lýsa fullnaðarafstöðu allshn. til aðalfrv., þá er mjer óhætt að segja það, að málið verður ekki svæft í nefnd. — Til þess er það of þýðingarmikið. — Skal ekki lengja umr. frekar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að bæta neinu við framsögu mína í aðalmálinu. Jeg vil aðeins láta þá ósk í ljós, að þessi 3 frv., aðalmálið, sem nú er til umr. og næstu 2 frv. á dagskránni, verði látin ganga til 2. umr. Jeg get ekki verið sammála háttv. þm. Str. (M. P.) um það, að ekki megi láta frv. fara til allshn. Jeg sje ekki, að það þurfi að kosta neitt erfiði að koma því formlega gegnum nefnd, en hins vegar gott að fá rökstutt álit frá nefndinni.

Flm. (Magnús Pjetursson): Mjer þykir leitt, að háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) hefir dregið skýluna frá augum mjer og opinberað hinn sanna tilgang nefndarinnar. Jeg hafði búist við öðru áður en jeg heyrði síðustu ræðu hans. Jeg ætla ekki að fara í neinar þrætur að sinni. En jeg verð að benda háttv. Alþingi á það, að hættulegt getur verið að draga þessi mál á langinn, og mikið tjón getur af hlotist. Vel getur þá hugsast, að Alþingi farist eins og manninum, sem vanrækti að reka nagla í skeifuna undir hestinum sínum, og varð þess þannig valdandi, að skeifan fór, hesturinn heltist og ónýttist til brúkunar. Það er þess háttar sparsemi, sem er allra hættulegust, því hún sparar eyririnn, en kastar krónunni. Mjer er alveg sama, þótt málið verði sett í nefnd, ef hún ekki ætlar að svæfa það eins og háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) lýsti yfir í ræðu sinni, að engin hætta væri á. En ef hún ekki lætur aðalmálið og aukamálin fylgjast að, þá mótmæli jeg kröftuglega, að það fari til hennar. Því mjer er kunnugt um, að ef þessi fylgifrv. verða ekki samþ., þá muni háttv. Ed. fella aðalmálið.

Pjetur Ottesen: Hæstv. forsrh. (J. M.) vill vísa máli þessu til allshn. En þar sem bæði hv. formaður allshn. og fundaskrifari hafa lýst því yfir, að nefndin vilji ekki taka málið til meðferðar, þá finst mjer alveg tilgangslaust að vísa málinu til hennar. Mjer þykir það því einkennilegra, að hæstv. forsrh. (J. M.) skuli vera að beita sjer fyrir máli þessu og þröngva því upp á nefnd, sem ekki vill sinna því, þar sem vitanlegt er, að hann eða hæstv. stjórn hefir ekki viljað flytja frv.

Magnús Jónsson: Það má með sanni segja, að berklaveikisnefnd hafi unnið nytsamt og mikið starf. En óneitanlega er það stór útgjaldabaggi, sem fylgir frv. nefndarinnar, svo að ekkert annað mun greiða þeim bagga inngöngu um hinar þröngu fjárveitingadyr þingsins en það, hve innihald hans verður að teljast þjóðinni dýrmætt. Þó verður að gæta þess vel, að ekki standi út úr honum nein meinhorn í allar áttir, svo hann strandi við það í dyrunum og verði svo sjálfur úti fyrir slíkaukaatriði.

Það er ekki laust við, að frv. stefni í þessa átt. En það verð jeg að telja talsvert varhugavert. Því var rjett áðan haldið hjer fram í ræðu, að ekki væri vanþörf á að fara að reikna vísitöluna, sem dýrtíðar-

uppbót embættismanna miðast við, út fyrir hvern mánuð í senn. Þetta átti að gera til þess að spara. En slíkar raddir sýna, hve mikils byrjar má hjer vænta fyrir stofnun nýrra embætta, sem heyra undir hæstu launaflokka.

Til þess að friða háttv. flm. (M. P.) skal jeg geta þess, að mjer þykja þessar ástæður ekki mikilvægar. En það tel jeg aftur mikilvægt, að afleiðingin af því, að till. berklaveikisnefndarinnar næðu fram að ganga, yrði sú, að Reykjavík misti algerlega notin af varnarráðstöfunum gegn berklaveikinni. Á það vil jeg alls ekki hætta fyrir Reykjavík, en það mundi verða afleiðingin, ef boginn væri spentur of hátt, svo að þessi frv. yrðu drepin, og alt stæði óbreytt um læknaskipun hjer.

Jeg álít ekki nauðsyn að breyta öllum frv., en talsverðu þarf að breyta. Maður getur hugsað sjer, að aukafrv. 2 verði feld, en aðalfrv. samþ. Þá gæti hinn svo nefndi heilbrigðisstjóri alls ekki sint berklaveikisvörninni að neinu leyti. Ef hann nú væri leystur frá almennum læknisstörfum, eins og frv. gerir rjettilega, þá vinnur hann að vísu nokkurn tíma. En ef hann væri líka leystur undan hjeraðslæknisstörfum og kenslu, þá yrði hann fleygur og fær og gæti gefið sig óskiftan að varnamálinu. En þá yrði líka hinn fyrirhugaði sóttvarnalæknir ónauðsynlegur. Jeg vil því gera þá miðlun á frv., að heilbrigðisstjóri sje leystur undan þeim störfum, sem frv. fer fram á, en ekki fara um leið að stofna annað embætti, sem líklega er ekki bráðnauðsynlegt, og kemur að minsta kosti ekki við berklaveikisvörnunum.

Viðvíkjandi prófessorunum, þá vil jeg benda á það, að við læknadeild Háskólans er nú einn dósent. Hann hefir talsverð störf auk kenslunnar. Jeg vildi því stinga upp á því í svip, að í stað þess að stofna nýtt prófessorsembætti við deildina, yrði dósentinn gerður að prófessor, og bætt við laun hans svo, að hann geti lagt niður aukastörf sín og gefi sig eingöngu við kenslunni.

Jeg ætla að reyna að koma með brtt. í þessa átt við 2. umr., því jeg vil alls ekki láta frv. fara óbreytt gegn um deildina. Og jeg vil vara háttv. flm. (M. P.) við að halda of fast á aukaböggunum, því það gæti orðið til þess, að alt fjelli.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg ætla ekki að fara út í einstök atriði úr ræðu háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Jeg vil aðeins leiðrjetta þann misskilning, að tvö ný embætti sjeu stofnuð með frv. Það má að vísu segja það, þegar aðeins er litið hina **formlegu hlið, en í rauninni er** ekkert nýtt embætti stofnað. Sóttvarnalæknir er ekki nýtt embætti. Munurinn á því, sem ráðgert er í frv., og nú er, er aðeins sá, að eftir frv. á læknirinn að taka laun eftir launalögum, en fær ekki sjálfur aukatekjurnar, en eftir núverandi fyrirkomulagi fær hann minni laun úr ríkissjóði. Aukatekjurnar eiga nú að renna til ríkissjóðs, en með því verða tekjur sóttvarnalæknisins ekki meiri en áður, og því útgjöld ríkissjóðs ekki heldur.

Jeg hefi ekkert við það að athuga, þótt hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) eða aðrir komi fram með brtt. Það er rjett og sjálfsagt, að þm. geri það. En að vilja ekki samþ. sóttvarnalæknirinn, vegna þess að það hafi ný útgjöld í för með sjer, er aðeins að villa sjer sýn, því að ríkissjóður missir einskis í, þótt hann verði samþyktur, eins og þegar er frá skýrt. Að því er snertir prófessorinn, þá höfum við leitað álits læknadeildar Háskólans um það, hvort núverandi kennarar deildarinnar gætu bætt við sig kenslu. Deildin svaraði, að það væri óhugsandi að bæta nokkru á þá kenslukrafta, sem fyrir eru, og tók jafnframt fram, að þar sem hún hefir ekki kvartað um vöntun á kenslukröftum, þá hefði það verið af vægð, með tilliti til nú-

verandi ástands, en ekki vegna þess, að vanþörf hafi verið á því, og ræður þá af líkum, hvernig fara muni, þegar háskólinn missir kenslu hjeraðslæknisins, en því atriði virtist háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) samþykkur. Skil jeg ekki í, að þá veiti af prófessor í viðbót. Ef því þriðja frv. yrði felt, en hjeraðslæknir jafnframt leystur undan kenslu, þá er komið í hreinustu vandræði, og frv. um læknaskipun í Reykjavík orðið til mikils tjóns. Það eina, sem jeg í þessu efni gæti hugsað mjer að komið gæti til mála, ef ekki á að fara alveg eftir tillögum berklaveikisnefndarinnar, væri, að sóttvarnalæknirinn gæti tekið að sjer einhverja kenslu.

Jeg ætla nú ekki að segja meira, en lofa háttv. væntanlegum frsm. allsherjarnefndar að komast að.

Björn Hallsson: Jeg þakka háttv. flm. (M. P.) fyrir lofið. Tek það eins og það er talað. En því ver verð jeg að segja honum það, að jeg er ekki frsm. allshn., heldur skrifari hennar; þm. (M. P.) var því þar á villigötum.

Háttv. flm. (M. P.) sagði, að jeg hefði dregið skýluna frá augum sjer. Gott, að hann varð alsjáandi í tæka tíð og fekk rjettan skilning á stefnu nefndarinnar. Jeg tel það jafngott, að hann heyri, að hann fær ekki tóm lofsyrði. Hann kallaði það að spara eyrirnn en kasta krónunni, ef frv. væru feld. Það kann vel að vera, en hann gætir ekki að því, að við getum ekki gert alt, sem okkur dettur í hug, nú á þessum verstu tímum. Jeg held, að það þurfi víða að takmarka framkvæmdir núna og sníða af ýmsum kröfum, vegna ástandsins, sem nú er.

Búið að una lengur við núgildandi lög um varnir gegn berklaveiki, þótt það dragist 1—2 ár ennþá að koma verulegum umbótum á í því efni.

Alþt. 1921. B. (33. löggjafarþing).

Hvort háttv. deild vill vísa málinu til allshn. eða ekki, læt jeg hana alveg sjálfráða um. Deildinni er kunnugt um skoðanir nefndarinnar á frv. þessum, og getur hagað sjer eftir því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 14 : 5 atkv.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 200).

Frsm. (Björn Hallsson): Hjer eru nú á dagskránni 3 mál, sem öll eru skyld að efni, enda aðeins eitt nefndarálit um þau öll saman. Þessi mál eru 6., 7. og 8. dagskrármálið. Jeg vildi því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort ekki mætti ræða þau öll í einu, því að jeg álít, að það sje allmikill tímasparnaður, enda tæplega hægt að komast hjá því. (*Forseti*: Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að leyfa þetta, úr því svo sjerstaklega stendur á, þótt ekki sje slíkt beinlínis heimilað í þingsköpum).

Að leyfi hæstv. forseta fengnu, vil jeg þá minnast nokkrum orðum á öll þessi mál, frá sjónarmiði allshn.

Jeg býst við því, að frá sjónarmiði hv. flm. (M. P.), og ef til vill sumra fleiri háttv. þm., þá sje það vanþakklátt verk, sem jeg hefi hjer með höndum, nefnilega að tala á móti þessum frv., en við því verður ekki gert.

Enginn gerir svo öllum líki, og allshn. þá ekki heldur.

Jeg skal reyna að vera stuttorður, því jeg vona, að nál. á þskj. 200 skýri nokkurn veginn afstöðu allsherjarnefndar í þessum málum. Get því að mestu vísað til

þess, sem þar stendur, en þó ætla jeg að minnast á frv. þessi nokkrum orðum frekar en þar er gert.

Fyrsta frv. ákveður tvö læknisembætti hjer í Reykjavík, í stað hjeraðslæknisembættisins, sem ætlast er til að leggist niður. Embættismenn þessir eiga að heita sóttvarnalæknir og heilbrigðisstjóri. Starfandi sóttvarnalæknir hefir að vísu verið hjer síðan inflúensan gekk, en fast embætti hefir það ekki verið. En með þessu frv. er til þess ætlast, að það verði lögfest. Hinn embættismaðurinn, sem kemur í raun og veru í stað hjeraðslæknisins, er heilbrigðisstjórinn.

2. frv. ákveður laun þessara manna. Þeir eiga að hafa sömu laun og prófessorar við háskólann. Nú hefir sóttvarna læknirinn um 6 þús. kr. í laun, auk skipagjalda, er falla líka til þess læknis, svo til samans verða þau líklega sem næst prófessorslaunum. Ef gert er ráð fyrir, að sóttvarnalæknir hafi framvegis sömu laun og nú, þá er munur launanna aðallega fólginn í launum hjeraðslæknis og heilbrigðisstjóra. Heilbrigðisstjórinn á að hafa 9500 kr., en hjeraðslæknirinn hefir nú 5933 krónur, miðað við núverandi dýrtíðaruppbót auðvitað. Verður þá mismunurinn eftir því kr. 3566,00, sem er því sá beini útgjaldaauki, ef talið er, að sóttvarnalæknir hafi sömu laun og nú.

Bent er á það í nál., að nefndin telji vafamál, hvort þessa sóttvarnalæknisembættis sje þörf, þar sem líklegt sje, að nota megi lögregluefirlit með skipum, eins og hefir víst verið hjer áður. Sumar sóttir liggja svo lengi niðri, að sóttvarnalæknir getur ekki vitað hvort þær leynast með skipum frekar en aðrir, þótt það sje auðvitað nokkur trygging. (Þm. Str. (M. P.) brosir). Jeg sje það á háttv. þm. Str. (M. P.) að hann brosir að þessum orðum mínum. Og jeg skal líka játa það, að við erum ekki læknar í allsherjarnefnd. En við höfum átt tal um þetta við merka lækna, er ekki hafa talið embætti þetta mjög nauðsynlegt, og verið nefndinni sammála. Einnig get jeg vitnað í grein eftir próf. Guðm. Hannesson í Læknablaðinu, þar sem hann segir, að sóttvarnalæknisembættið svari ekki kostnaði. Og í sama tölublaði hefir hjeraðslæknirinn í Reykjavík tekið það fram, að hann telji embættið óþarft. Nefndin stendur því ekki ein uppi í því máli, og met jeg álit þessara háttv. lækna ekki minna en álit háttv. þm. Str. (M. P.), að honum ólöstuðum.

Einnig er bent á það í nál., að svokallaðar hjálparstöðvar geti komið að miklu liði. Þeim hjálparstöðvum er lýst allnákvæmlega á bls. 61 og 62 í áliti milliþinganefndarinnar, og líst allsherjarnefnd mjög vel á starfsemi þeirra. Ein slík stöð er þegar komin hjer á fót, hjálparstöðin Líkn. Nefndinni virðast þessar stöðvar líklegar til að vinna mikið gagn, og að vel mætti hugsast, að þær ynnu það verk að mestu, sem heilbrigðisstjóra er ætlað, auðvitað samt með aðstoð læknis. Hjúkrunarkonur frá þessum stöðvum myndu kynna sjer heimili þeirra manna, sem leituðu hjálpar stöðvarinnar, tala við húsmæður og gá að hverju er mest áfátt, og stöðin svo hjálpa eftir mætti með hjúkrun og fleira. Samanber grein próf. G. Hannessonar og álit hjeraðslæknisins í Reykjavík í marsblaði Læknablaðsins, sem er henni sammála um þetta og fer í sömu átt.

En þótt heilbrigðisstjóri skoði sjúklinginn snöggvast og leggi honum lífsreglur, og hann fer svo heim, þá veit læknirinn ekkert um, hvernig framfylgt er og getur ekki haft eftirlit með því. En vel getur verið, að hjer í Reykjavík dugi ekki ein slík stöð.

Og væri ekki vert að athuga, hvort þeim peningum, sem verja á til að launa heilbrigðisstjóra, væri ekki betur varið til slíkra stöðva, en halda aftur hjeraðslækn-

isembættinu eins og það er. Auðvitað er þetta engin fullyrðing, en styðst við álit próf Guðm. Hannessonar að sumu leyti, og er því ekki úr lausu lofti tekið.

Ef þetta frv. verður samþykt, er enginn læknir skyldur til að vitja sjúklinga hjer í Reykjavík. Þetta sýndist nefndinni alveg ófært, þar sem þá geta læknar hjer, þótt þeir sjeu margir, neitað sjúkravitjun þegar þeim sýnist, t. d. í vondum veðrum, að næturlagi eða í útjaðra bæjarins.

Virðist því liggja beint fyrir, að von yrði á kröfu frá bæjarbúum um nýtt hjeraðslæknisembætti, ef þessi skipun kemst á, og fer þá að verða nokkuð margt af læknum hjer.

Nefndin telur því sjálfsagt, ef þessi frv. verða að lögum, að annar, t. d. heilbrigðisstjórinn, verði skyldaður til að vitja sjúklinga, þegar hans er vitjað.

Þess ber líka síðast, en ekki síst, að geta, að búast má við, að bæjarbúar verði að greta dýrari læknisaðstöðu eftir en áður, þar sem læknar þyrftu þá ekki að halda sjer við gjaldskrá lækna, heldur gætu sett gjöld eftir því, sem þeim sýndist fyrir ferðir sínar.

Þá er 3. frv., sem er nýtt prófessorsembætti í læknisfræði við háskólann; jafnframt á sú kensla að leggjast niður, sem undanfarið hefir verið samið um við hjeraðslækni Reykjavíkur að hafa á hendi, og greiddar hafa verið fyrir kr. 1500.

Laun þessa embættis verða í hámarki nú, eða kr. 9500. Þar frá dragast þessar kr. 1500 fyrir kensluna, og verður því aukakostnaður 8000 kr.

Nefndin býst við, að þetta embætti geti beðið, þar til landssjúkrahús verður reist, en þá verður þörf þess að öllum líkindum. Virðist því muni mega una því í svip, að hjeraðslæknirinn í Reykjavík kenni við háskólann fyrst um sinn sem aukakennari.

Nú eru tveir prófessorar og einn dócent, sem kenna læknisfræði við þennan skóla, og auk þess nokkrir sjerfræðingar sínar fræðigreinar, og svo hjeraðslæknir hjer.

Þetta virðist nú talsvert kennaraval sem stendur. Annars hefir nefndin bent á það áður, að þörf væri að sýna mörgum tillögum milliþinganefndarinnar alla alúð, þegar hægt væri að snúa sjer við vegna fjárhagsvandræða, enda þótt spursmál geti verið, hvort þá beri að byrja á þessu prófessorsembætti við háskólann.

Líklega væri þó rjettara að byrja á öðrum tillögum nefndarinnar, t. d. einhverjum berklaveikisráðstöfunum gagnvart börnunum.

Alþingi verður að gá að því, að fjölga ekki embættum svo ört, að þjóðin rísi ekki undir byrðunum, sem þeim fylgja. Það er farið fram á stofnun svo margra nýrra embætta á hverju þingi, enda þótt líklega fullur þriðjungur tekna ríkissjóðs gangi til þess að launa þá nú. En vitanlega verða heilbrigðismálin að hafa hæfilegan embættismannafjölda. En á því sviði verður líka að gæta hófs.

Jeg hefi nú lýst nokkuð afstöðu nefndarinnar til þessara frumvarpa, enda var deildinni hún áður kunn, þar sem nefndin vildi ekki flytja þau inn á þing, og þá auðvitað ekki heldur að þau gengju fram.

Hins vegar býst jeg við, að háttv. flutningsmaður sje ekki ánægður með nefndina, frekar en fyrri. En við því getur nefndin ekki gert; hún heldur sinni skoðun fyrir því, en hann sinni. Hann segir líklega álíka spakleg orð eins og þegar berklaveikisfrv. var hjer til umræðu, að „afturhaldsmenn sjeu að drepa þjóðina“. En jeg segi, að ekki veiti af, að íhaldsmenn haldi í við þessa menn, sem vilja kalla sig framfaramenn, til þess að taumarnir verði ekki of slakir og þjóðarskútan kollsigli sig ekki alveg, eins og helst lítur nú út fyrir að sje í aðsigi.

Nefndin vill því ekki, af framangreindum ástæðum, láta þessi frv. ganga fram, en ræður háttv. deild til að fella þau.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frv., en aðeins gera nokkra athugasemd við það, sem hv. frsm. (B. H.) sagði.

Jeg get lýst því yfir, að jeg mótmæli þeim skilningi, að aðalfrumvarpið bygðist á hinum.

Jeg veit, að landlæknir lagði áherslu á að þau fylgdust að. En jeg lít svo á, að þessi frv. sjeu fylgifiskar aðalfrv., og ekki alveg nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að það mætti samþykkja. Auðvitað hygg jeg, að ekki líði á löngu, að svipaðar ráðstafanir verði gerðar, sem þessi 3 frv. fara fram á, ef aðalfrv. verður samþykt.

Háttv. þm. (B. H.) talaði um, að það væri altaf verið að krefjast nýrra embætta, og taldi það lastvert af stjórninni; en ef það er lastvert, þá á ekki þingið að vera að heimta nýjar framkvæmdir. Þingið er mjög oft ljettúðugt í því, að heimta að eitthvað sje gert, en svo þegar það kemur, þá vill það ekki taka afleiðingunum.

Það er ekki nein bein lagaheimild fyrir sóttvarnalækninum; skipun hans er bygð á mjög ákveðnum vilja þingsins, þótt sá vilji hafi að vísu ekki komið fram í lagaformi. En það er máske ekki eins nauðsynlegt að halda honum nú eins og áður. En falli frv. stjórnarinnar um læknaskipun í Reykjavík, þá verður þessi starfi lagður niður; það er þá engin heimild til að halda honum áfram.

Magnús Pjetursson: Háttv. frsm. nefndarinnar (B. H.) vildi flýta sjer, svo að jeg kæmist að. Og þar sem jeg sje, að háttv. frsm. (B.H.) ætlar ekki að halda áfram, þá er það líklega af því, að hann gerir ráð fyrir, að hann hafi sannfært deildina um, að allsherjarnefnd hafi rjett fyrir sjer.

Jeg talaði nokkuð um þetta mál við 1. umr., svo að jeg býst ekki við að verða langorður í þetta sinn.

Jeg vildi benda á það, að Alþingi skipaði nefnd, til að undirbúa framkvæmdir í þessu máli. Og nú finst mjer það undarlegt, ef Alþingi ætlar að kippa fótunum undan öllu því, sem skilyrði er að þessar framkvæmdir komist fram.

Annars get jeg ekki legið nefndinni á hálsi fyrir, að það sje ekki samræmi í tillögum hennar. Um aðalmálið leggur hún til, að því sje frestað, en fella hin. Það hefir ekkert að þýða. Háttv. frsm. (B. H.) bjóst við, að það yrði vanþakklátt verk að standa upp og tala fyrir allsherjarnefnd. (*B. H.*: Gagnvart þm. Str. (M. P.)).

Já, það veit hann.

Háttv. frsm. (B. H.) talaði um, að hjer væri verið að stofna tvö embætti; jeg undirstrika það, tvö embætti. En jeg mótmæli því algerlega.

Í frv. um læknaskipun Reykjavíkur er það tekið fram í athugasemdunum, að önnur staðan sje fyrir hendi. Ef nefndin álítur þetta, þá hefði hún átt að koma með brtt. við frv. um, að það yrði lagt niður, embættið, sem fyrir er. Eins og hv. deildarmenn hafa sjeð, stendur það ekki í sambandi við varnir gegn berklaveiki. Eftir tillögum landlæknis er frv. um læknaskipun í Reykjavík fram komið, og jeg vil því ekki blanda mjer inn í þær deilur.

Jeg vil undirstrika það, að tillögur allsherjarnefndar banna stjórninni kostnaðinn við sóttvarnir í Reykjavík, og láta því einskis ófreistað til að fá kvefpest aftur inn í landið. Ef þingið vill taka aftur þá skoðun, að spara ekki fje til varnar því, að kvefpest komi inn í landið, og ef það fellir þetta, þá ber að skilja það svo, að Alþingi vilji ekki hafa fullkomnar sóttvarnir í Reykjavík.

Annars ætla jeg ekki að blanda mjer

inn í deilurnar í Læknablaðinu, sem háttv. frsm. (B. H.) hafði helminginn af fyrir sjer; það má lengi um deila.

Háttv. frsm. (B. H.)tók fram, að laun heilbrigðisstjóra væru tiltölulega hærri en laun hjeraðslæknis. En jeg tek það fram, að það er gert ráð fyrir því í nál., að hann hafi hærri laun. Til þess að einhver fáist í embættið, má ekki bjóða honum lakari laun en hjeraðslækni. Laun hans eru ekki eingöngu föst laun, heldur einnig bygt á aukalaunum, þar sem eru aukatekjur hans, og hefir hann því eiginlega hærri laun.

Milliþinganefndin áleit, að hann ætti að hafa jafnhá laun og yfirleitt er í þessum stöðum í Reykjavík. Því að ef ætti að fá mann í þessa stöðu, sem stundaði lækningar, og hann væri tekinn frá sínum „praksis", þá yrði að launa hann vel, þegar hann ekki mætti stunda lækningar.

Allsherjarnefnd álítur, að hjálparstöðin „Líkn" geti komið í staðinn fyrir heilbrigðisstjóra og litið eftir sjúklingum. En eftirlit heilbrigðisstjóra er samkvæmt skýrslum frá öðrum læknum, og eins og allsherjarnefnd veit, þá er honum bannað að stunda sjúklinga; hann á alls ekki að skoða sjúklingana sjálfur.

Og þó heilbrigðisstjóri væri, þá fengi því „Líkn" og aðrar hjálparstöðvar nóg verksvið, enda þótt þær ekki framkvæmdu slíka skoðun; það nær ekki nokkurri átt.

Hver læknir, sem hittir sjúkling, hann segir honum greinilega, hvað hann þarf að gera, og hann þarf að líta eftir því, að það sje gert.

Þá var háttv. frsm. (B. H.) að tala um þann agnúa á frv., að enginn læknir væri þá skyldugur að vitja sjúklings í Reykjavík. Háttv. þm. vita líklega, að svona er það í öðrum löndum. Jeg held að Reykjavík verði betur sett með því fyrirkomulagi en því gamla.

Reykjavík hefir líka ráðið sínum sjúklingum fátækralækni. — Þar að auki má benda á það, að sóttvarnalæknir getur stundað sjúklinga.

Það er oft svo hjer í bænum, að ekki er hægt að ná til læknis á næturþeli, og er nú vöknuð hreyfing meðal lækna um að bæta úr þessu. Þeir hafa hugsað sjer að koma upp varðstöð, þar sem altaf er einhver læknir viðstaddur, á hvaða tíma sólarhringsins sem er. Ef eitthvað verður úr þessu, og ekki er ástæða til að ætla annað, þá er bætt úr annmarka á frv., sem bent hefir verið á þessu viðvíkjandi.

Háttv. nefnd óttast, að fram komi krafa frá Reykjavík um hjeraðslækni að auki. Jeg skil ósköp vel þennan ótta hjá mönnum, sem halda að landið fari á höfuðið, ef útgjöldin eru aukin. En jeg get róað hv. nefnd; jeg geri ekki ráð fyrir, að þessi krafa komi fram, þar sem yfir 20 læknar eru hjer í bænum. En hins vegar er ekki ósanngjarnt, að ríkið kosti tvo lækna handa um 17 þúsund manns, þar sem það á mörgum stöðum kostar 1 handa 1000 mönnum eða minna. Háttv. nefnd má vita það, að farið er fram á aðeins 2 fastlaunaða lækna, vegna þess, að margir eru fyrir, en ekki af því, að Reykjavík eigi ekki kröfu á fleiri læknum launuðum af opinberu fje, eða meiri útgjöldum úr ríkissjóði til heilbrigðismála.

Þá áleit háttv. frsm. (B. H.) kenslukrafta Háskólans svo álitlega, að ekki þyrfti að bæta við þá. Þessu er því til að svara, að ef fyrsta frv. verður samþ., þá er óhjákvæmilegt að samþykkja það síðasta líka. Því ef hjeraðslækni er meinað að stunda sjúklinga alment, getur hann ekki haft á hendi verklega kenslu við Háskólann. Jeg tel óþarfa að fjölyrða um þetta atriði frekar, en jeg vil taka það fram, að milliþinganefndin taldi það sjálfsagt og nauðsynlegt, að þessi frv. fylgdu aðalfrv. Jeg álít, að frv. um varnir gegn berklaveiki verði aðeins pappírslög, ef þessi frv. fylgja ekki með.

Háttv. frsm. (B. H.) hafði það eftir mjer, að afturhaldsmennirnir væru að drepa þjóðina. Þetta er ekki rjett haft eftir. Jeg sagði, að þeir menn, sem vildu spara fje, þó að líf lægi við, settu landið á höfuðið. Þetta vil jeg standa við, og jeg skal endurtaka það, ef háttv. frsm. hefir enn ekki skilist það. Ef það er rjett, að þessar varnir geti bjargað mannslífum, þá má segja, að þeir, sem eru á móti þeim, sjeu ekki á móti því að drepa þjóðina, og þetta á við alla þá, sem vilja ekki verja nokkrum hundruðum til þess að bjarga einu mannslífi, að jeg taki ekki dýpra í árinni.

Háttv. frsm. sagði, að einhverjir þyrftu að halda í framfaramennina, til þess að þeir hlypu ekki með alt í gönur, en það er að hlaupa í gönur með heilsu og heilbrigði þjóðarinnar að gera ekkert til að varðveita það. Og háttv. frsm. (B. H.) þarf ekki að óttast það, að þjóðarskútan strandi, þó að nokkurt fje verði til þess veitt, að sjúkdómar höggvi ekki eins stór skörð í hópinn sem hingað til.

Jeg sje ekki ástæðu til að segja fleira að sinni, en jeg vil geta þess, að ef 1. frv. verður felt, mun jeg bera fram dagskrá í þá átt, að aðalfrv. verði vísað frá nú.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil byrja á því að athuga nál. allsherjarnefndar og benda á, að hún er í raun og veru á sama máli og háttv. þm. Str. (M. P.). Með leyfi hæstvirts forseta ætla jeg að lesa upp nokkur orð úr nál. allsherjarnefndar um berklaveikismálið í heild sinni:

> „Nefndin lítur svo á, að ekki megi horfa í nokkuð aukinn kostnað, ef von er um verulegan ávinning í því að varna berklaveikinni útbreiðslu í heild sinni.“

Þetta sýnir skoðun nefndarinnar, og er hún að öllu leyti rjett. Þegar milliþinganefnd hefir setið á rökstólum um lengri tíma og menn hafa verið kostaðir til þess að rannsaka þessi mál, verð jeg að telja það skrítinn sparnað, að gera alt þetta verk að engu. Það er að kasta peningum í sjóinn. En því er svo varið með þetta mál, að það er hafið yfir peninga. Ef háttv. frsm. (B. H.) ætti börn, sem væru veik, en hægt væri að frelsa frá dauða, mundi hann ekki sjá í nokkrar krónur til þessa. Það þýðir ekki að slá því fyrir, að varhugavert sje að stofna ný embætti. Það er varhugavert, ef embættin eru óþörf eða lítt þörf, en sjálfsagt, ef embættin eru nauðsynleg. Þessi embætti eru nauðsynleg; um það blandast engum hugur; og fje það, sem í þau fer, er ekki svo mikið, að það sje sparandi í þessu tilfelli.

Það hefir verið um það talað, að afturhaldsmennirnir sjeu að drepa þjóðina. Þetta eru að vísu sterk orð og stór, en þó mætti finna þeim stað, að minsta kosti um þá íhaldsmenn, sem spara vilja eyrinn en eyða krónunni, og þeir eru altof margir. Háttv. frsm. (B. H.) sagði, að þjóðarskútan væri að stingast á enda, en jeg held, að þær krónur, sem til þessa ganga, sjeu ekki svo mikil kjölfesta, að skútan fari frekar, ef þeirra misti við. Og það má benda á það, að það eru ekki framfaramennirnir, sem hafa komið þjóðinni í þetta ástand; þeir hafa stjórnað, sem nú stæra sig af afturhaldsnafninu. Þeirra verk er það, að hætta er á að þjóðarskútan strandi, ef ekki tekst að reisa við atvinnuvegina hið bráðasta. Og þá er ekki síður þörf á að vernda líf og heilsu manna, því ekkert er þjóðinni eins mikilsvert eins og heilbrigðir og sterkir menn, sem geta tekið hlutina röskum tökum. En þjóðarskútuna verður að rjetta við með hraustum, djörfum tökum; til þess nægja ekki vetlingatök.

Jón Þorláksson: Jeg verð að mótmæla þeim ummælum háttv. þm. Str. (M. P.) og háttv. þm. Rang. (Gunn. S.), að þessi 3 frv. fjalli um það að bjarga mannslífum, þannig, að þeir, sem sjeu á móti þeim, vilji ekki bjarga mannslífum. Það nær engri átt. Hjer er ekki um annað að ræða en að koma sjer niður á, hvaða ráðstafanir verði hagkvæmastar til framkvæmda annara laga. Jeg greiddi atkv. með frv. um varnir gegn berklaveiki, en mun greiða atkv. gegn þessum frv., og mun jeg nú gera grein fyrir, hvað jeg hefi á móti þeirri tilhögun, sem frv. stinga upp á. Ástæðan fyrir frv. er sú, að hjeraðslæknirinn í Reykjavík verði ofhlaðinn störfum þegar berklaveikisfrv. kemur til framkvæmda. Jeg vil ekki deila um það, en jeg dreg ekki sömu ályktun af þessu og flutningsmaður. Jeg er því samþykkur, að læknirinn fái hæfilega aðstoð jafnskjótt og störf hans verða honum of umfangsmikil. En jeg tel það óhagkvæma leið, sem þó hefir oft verið farin, að stofna tvö hliðstæð embætti þegar störf einhvers embættis verða einum manni ofvaxin. Það er ávalt hægt að fá nóg af ungum mönnum, sem eru færir um að gegna aðstoðarstörfum undir umsjá reyndari manna, og þessi störf álít jeg þess eðlis, að slíkir menn geti int þau af hendi. Það er nægur tími til þess að útvega þessa aðstoð, þegar hennar gerist þörf, og er það þá hægt með einfaldri fjárveitingu í fjárlögum, en hitt tel jeg misráðið, að stofna til nýrra embætta undir eins og útlit er fyrir, að einhver embættisstörf verði einum manni ofvaxin.

Frsm. (Björn Hallsson): Eins og jeg bjóst við, hafa komið fram mótmæli gegn niðurstöðu nefndarinnar. Fyrstur reið á vaðið hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og mótmælti þeirri skoðun nefndarinnar að þessi frv. bygðust á frv. um varnir gegn berklaveiki. En landlæknir hefir lýst því yfir, að öll þessi frv. yrðu að fylgjast að, og voru því orð mín um það ekki út í bláinn töluð. Jeg get fallist á það, að óviðkunnanlegt sje að skipa milliþinganefndir, kosta til þess ærins fjár og kasta síðan árangrinum frá sjer. En jeg verð að mótmæla því, að nefndin fari fram á slíkt. Starf milliþinganefndarinnar er ekki eyðilagt, heldur bíður það betri tíma. Svo hefir verið um margar milliþinganefndir. Árið 1907 var skipuð skattanefnd, en tillögur hennar urðu ekki að lögum á næstu árum, en nú 1921 flytur stjórnin frv., sem bygt er á tillögum þeirrar nefndar. Störf þessara nefnda eru því ekki unnin fyrir gíg, því ekki framkvæma menn tillögur þeirra þegar í stað og umyrðalaust. Til þess ber engin bein skylda.

Þá tók hæstv. ráðherra (J. M.) það fram, að sóttvarnalæknisembættið væri ekki lögfest, heldur væri aðeins veitt til þess fje í fjárlögum, en sú veiting fjelli niður, ef þessi frv. næðu fram að ganga. Það er alls ekki ákveðið með þessu frv. Það þarf einungis nýja heimild á hverju ári, til þess að halda þessu embætti við, og svo hefir það verið til þessa.

Þá held jeg, að ekki þurfi að athuga fleira úr ræðu háttv. forsrh. (J. M.), og sný jeg mjer þá að háttv. þm. Str. (M. P.). Hann hafði ýmislegt að athuga við það, sem jeg sagði, en þó viðurkendi hann samræmi í framkomu nefndarinnar um það, að fella þessi frv., úr því að nefndin legði það til, að aðalfrv. yrði frestað. En háttv. þm. (M. P.) virtist ekki skilja það, hvers vegna nefndin skilaði þá af sjer frv. Jeg held þó, að það sje auðskilið mál. Nefndin taldi það rjett gagnvart þessari háttv. deild, sem hefir samþykt forgöngufrv. — berklavarnafrv. — við 2. umr. Vildum við því gefa deildinni kost á að taka afstöðu til þessara frv. líka. Er þetta líka í samræmi við ósk háttv. landlæknis,

sem lagði til, að öllum málunum væri frestað eða öll samþykt. Í þessu er því ekkert ósamræmi hjá nefndinni.

Háttv. þm. (M. P.) mótmælti því, að frv. færi fram á tvö ný embætti, vegna þess, að eitt væri lagt niður í þess stað. Þetta tók jeg einnig fram, og gat því háttv. þm. (M. P.) sparað sjer þau mótmæli.

Þá las háttv. þm. (M. P.) sama lestur og hæstv. forsrh. (J. M.) um, að verið væri að virða að vettugi starf milliþinganefndarinnar. Jeg get í því efni vísað til ummæla minna áður, að starf nefndarinnar er á engan hátt unnið til einskis, þó að ekki sje gengið að tillögum hennar á þessu þingi.

Háttv. þm. (M. P.) spurði, hvers vegna nefndin kæmi ekki fram með till. um að leggja niður sóttvarnalæknisembættið. Nefndin sá enga ástæðu til þess að bera fram slíka till. Þeir, sem vilja, geta neitað um fjárveitingu til þessa embættis, þegar fjárlögin koma til umr., en bein tillaga í þá átt er ekki nauðsynleg. En þess má geta, að þetta embætti er ekki eins þarft nú eins og það var þegar það var stofnað, því að þá gekk influensan. Nú er öðruvísi ástatt, og hefir embættið því ekki sama tilverurjett og áður.

Viðvíkjandi Háskólanum vil jeg geta þess, að hann yrði dýr á fóðrum, ef fullnægja ætti fylstu kröfum. Það verður að sníða stakk eftir vexti. Jeg efast ekki um, að þetta embætti verði stofnað, þegar landsspítalinn er kominn á laggirnar, og að þess verði þá þörf.

Háttv. þm. (M. P.) hjelt, að ekki þyrfti að óttast kröfu Reykvíkinga um fleiri hjeraðslækna, en jeg er ekki eins viss í þeirri sök eins og hann. Þó að hjer sjeu 20 læknar, þá geta þeir verið svo dýrir, að frágangssök sje að vitja þeirra, eða ekki viðstaddir, þegar þeirra þarf við, og er þá eðlilegt, að fram komi krafa um nýjan hjeraðslækni.

Og hvað því viðvíkur, að ástæða sje til að skipa tvo hjeraðslækna vegna fólksfjölda, þá eru svo margir læknar í Reykjavík, að nóg er, að einn þeirra sje skyldur til að vitja sjúklinga. Og jeg hefi ekki breytt minni skoðun um það, að rjett sje ekki að fella það alveg burt að skylda nokkurn lækni til að vitja sjúklinga hjer.

Mjer fanst háttv. þm. Str. (M. P.) vilja beina því að allsherjarnefnd, að hún væri á móti því að gera nokkuð til þess að spara mannslífin. Þetta er hreinasti misskilningur eða talað mót betri vitund, en við viljum kunna fótum okkar forráð. Þetta kemur berlega fram í nál., t. d. þar, sem talað er um að hækka styrkinn til „Líknar", því að milliþinganefndin hefði vart farið að hrósa þeirri stofnun og öðrum slíkum stofnunum, ef þær spöruðu ekki mannslífin.

Jeg hefi litið svo á, líkt og háttv. þm. Str. (M. P.), að það væri spursmál, hvort fyrsta og síðasta frv. ættu ekki að fylgjast að. En nú hefir nefndin fallist á það að leggja til, að hvorugt nái fram að ganga, svo það þarf ekki að fjölyrða frekar um það.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Str. (M. P.) sagði um afturhaldsmenn og sparnaðarmenn, að það væru afturhaldsmennirnir, sem með andstöðu sinni gegn frv. ætluðu að drepa þjóðina. (*M. P.*: Jeg sagði, að sparnaðarmennirnir ætluðu að drepa þjóðina). Það getur verið, að hann hafi sagt sparnaðarmenn. En einhvern veginn hefi jeg þó skilið andann í ræðu þm. (M. P.) svo, að hann teldi þessa menn afturhaldsmenn. Íhald er bráðnauðsynlegt á þessum tímum, og jeg er hræddur um, að það sjeu þeir, sem vilj afara of geist í fjárframlögum, sem munu reynast hættulegri en hinir, sem vilja halda í fjárframlögin.

Jeg tel því enga skömm fyrir mig, þótt jeg væri talinn íhaldsmaður.

Þá kem jeg að háttv. þm. Rang. (Gunn. S.). Það var eins og við var að búast af honum, að hann tók fyrir alt annað mál á dagskránni en það, sem til umræðu var. Jeg fór fram á það við háttv. forseta í framsöguræðu minni, að hann leyfði umræður um 3 málin í einu, en þm. Rang. (Gunn. S.) þurfti endilega að taka fyrir 4. mál, og las upp heillangan kafla úr nál. þess máls. Nefndin er ekki á móti berklaveikisráðstöfunum, en vill aðeins ekki ganga eins langt í því og frv. Og jeg mótmæli því, að nokkuð sje öfugt í afstöðu nefndarinnar. Jeg býst við, að þeir menn, sem verið hafa á þingi áður og búið til milliþinganefndir, geti svarað þm. Rang. (Gunn. S.) um þetta ósamræmi. En annars gerði háttv. þm. (Gunn. S.) ekki annað, en að endurtaka orð forsætisráðherra (J. M.), og hjelt jeg annars ekki, að honum væri það svo sjerlega hjartfólgið, sem kæmi úr þeirri átt. (*Gunn. S.*: Það þarf að taka það þrisvar fram, svo háttv. þm. skilji það). Já, það þarf að minsta kosti að taka margt upp oftar en þrisvar, svo að háttv. þm. Rang. (Gunn. S.) skilji nokkuð hjer í deildinni. (*Gunn. S.*: Þetta var nú ljeleg fyndni!). Hann talaði mikið um orð mín, að þjóðarskútan kollsigldi sig, en jeg þykist hafa talað nóg um það og fundið þar orðum mínum fyllilega stað. En það er gamla sagan fyrir þessum hv. þm. (Gunn. S.). Hann vill altaf taka lán á lán ofan, til þess að bæta fjárhaginn, en ekkert spara af útgjöldum. En einhvern tíma kemur að skuldadögunum á þeim góðu lánum. Þótt háttv. þm. (Gunn. S.) segi, að það þýði ekki að spara þúsundin, þá er það rangt. Jeg mótmæli því algerlega. Það er viðurkent máltæki, að: Margt smátt gerir eitt stórt. Fyndni hans, um að enginn sparsemdarplástur dygði til að bæta úr, var sögð alveg út í hött. Fleira var víst ekki, sem jeg þurfti að svara.

Forsætisráðherra (J. M.): Það var eiginlega hálfóvart, að jeg bað mjer hljóðs, því að það, sem jeg ætlaði að segja, heyrir frekar til annars máls á dagskránni. Jeg skal aðeins endurtaka það, að jeg sje ekki, að það sje svo náið samband milli þeirra 3 frv., sem nú eru til umræðu, að forlög aðalfrv. þurfi að fylgja forlögum þeirra. Framkvæmd aðalákvæða berklaveikisfrv. sjálfs verður jafnhæg utan Reykjavíkur, hvort sem þessi 3 frv. verða samþ. eða ekki, og þótt Reykjavík sje tiltölulega mannmörg, þá er hún þó ekki alt landið. Auk þess væri hægt að athuga þetta á næsta þingi, því að þótt aðalfrv. verði samþ. nú, þá verður ekki búið að framkvæma nein ósköp fyrir næsta þing. Jeg vil ekki rengja formann nefndarinnar um, að formaður milliþinganefndarinnar sje á sama máli og hann, en jeg veit, að berklaveikislækninum þykir mjög ilt, að þetta frv. skuli verða sett í svo náið samband við hin frv.

Það er ekki um neinn skoðanamun að ræða milli mín og háttv. þm. Str. (M. P.) um það, að öll frv. eigi fram að ganga; aðeins vil jeg mótmæla því, að þessi frv. sjeu aðalundirstaðan undir aðalfrv. Og jeg skil vel, að nefndinni þyki gott að fá þm. Str. (M. P.) þar í lið með sjer.

Sigurður Stefánsson: Það var út af þeim ummælum forsætisráðherra (J. M.), að það væri farið að tíðkast, að Alþingi krefðist ráðstafana, er hefðu útgjöld í för með sjer, en vildi því þó engu sinna, þegar á ætti að herða. Þetta er hverju orði sannara. Alþingi er fljótt á sjer til að samþykkja milliþinganefndir, sem það sjer eftir á, að vel hefði mátt dragast. Jeg var einn af þeim fáu mönnum, sem áleit að

þessi nefndarskipun væri óþörf, og að stjórnin, með þeim kröftum, sem hún hefði í kring um sig og gæti náð til, væri vel fær um að gera sama og slík nefnd, með miklu minni kostnaði og fyrirhöfn, án allra utanfara og þess háttar tildurs og stáss. En þótt þing áður hafi samþ. milliþinganefnd og sjái sjer nú ekki fært að framkvæma tillögur hennar, þá er það ekkert óeðlilegt. Jeg vil þar undirstrika orð háttv. þm. Str. (M. P.), að nú er alt annað ástand en á árinu 1919. Þá streymdu tekjurnar inn í ríkissjóð, nú er hreint öngþveiti framundan; enginn heilvita maður getur búist við öðru eins peningaári eins og var 1919. Þess vegna er það ekki að taka vetlingatökum á fjármálum landsins, að ganga nú sem skemst að auðið er í því að stofna ný embætti. Jeg veit ekki hvenær ætti fremur að reyna að sníða sjer stakk eftir vexti en nú, á þeim tímum, sem stórkostleg fjárhagsvandræði og peningakreppa öllum ógna, nema þá hreinustu fjárglæframönnum. Og ef vjer lítum í kring um oss, þá sjáum vjer, að allir atvinnurekendur verða að fækka starfsmönnum sínum. Nægir þar til dæmis að benda á bændurna. Þeir sjá sjer alls ekki fært að halda fjárhagslegu sjálfstæði sínu með sömu tölu hjúa og að undanförnu. Það er eins og háttv. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði í öðru sambandi, að við erum ráðsmenn á þjóðarbúinu, og jeg sje ekki aðra leið fram úr vandræðunum en að fara að eins og hygginn bóndi, þegar að honum kreppir, að draga saman seglin og spara alt, sem sparað verður.

Það vantar sannarlega heldur ekki, þegar maður les þingmálafundagerðirnar, þar sem háttv. þingmenn eru að tala við kjósendur, einkum ef þeir eru nú aðeins þingmannsefni, að nógu hátt sje um það talað, að ekki dugi að stofna til nýrra embætta og varast beri allan óþarfa fjáraustur. En það er eins og þingmenn gleymi þeim loforðum, er þeir þar gefa, jafnskjótt og á þing er komið.

Það hefir verið tekið fram um hjeraðslæknisembættið hjer í Reykjavík, að ef það yrði lagt niður, þá kæmi krafa um nýtt embætti í viðbót. Já, ekki eitt heldur tvö, því að þegar búið er að smeygja inn litlafingrinum, þá kemur öll hendin á eftir. Þetta er æfagömul reynsla. Það var sagt þegar um stofnun Háskólans var að ræða, að það mundi lítinn kostnað hafa í för með sjer, þar sem aðeins þyrfti að sameina þær æðri mentastofnanir, sem fyrir væru. Og hvernig fór? Kennarar þessarar mentastofnunar voru þá 7—8, en nú eru þeir um 20 að tölu! Jeg segi það ekki af því, að þessi fjölgun hafi að öllu verið ónauðsynleg, heldur til þess að sýna fram á það, hversu lítið sje upp úr slíkum fullyrðingum leggjandi. Og það er embættismannafúlgan, sem ætlar að drepa þetta fullvalda ríki; það fer svo fyr eða síðar, að ef þessi hóflausi fjáraustur heldur áfram, þá köfnum við undir fullveldisnafninu. Ef við ætlum að fara að ganga fyrir hvers manns dyr og biðja um lán á lán ofan til að sólunda burt, þá fer fyrir oss eins og fyrir fjárglæframönnunum, við verðum blátt áfram — **fallit.**

Viðvíkjandi sambandinu milli þessara frv. og aðalfrv., þá felst jeg á skoðun hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að það sje ekki svo náið sem þm. Str. (M. P.) lætur af, enda stjórnin sjálf sýnt það með því að flytja ekki þessi frv.

Nefndin hefir, eins og frsm. (B. H.) tók fram, ekki efast um það, að berklaveikisfrv. sje mjög þarft, en hún hefir látið í ljós þá skoðun sína, og hefir þar ummæli reyndra og hygginna lækna fyrir sjer, að frv. verði í fyrstu ekki annað en pappírsgagn, af því, að flest skilyrði vanti enn fyrir því, að mörg ákvæði þess verði framkvæmd. Með þess háttar lagasetningu, þótt nauðsynleg sje í eðli sínu, reisum vjer

hinu unga ríki hurðarás um öxl, án tilætlaðra nytja fyrir þjóðina.

Lagasetningar, sem kosta landið marga tugi og jafnvel hundruð þúsunda króna, án þess að vera svo undirbúnar, að þær nái tilgangi sínum, eru glapræði frá löggjafarvaldinu, sem verður miklu fremur fullveldi voru til tjóns en gagns, þótt með þeim eigi að spila fullvalda ríki.

Jeg hygg, að frsm. (B.H.) hafi sagt, að ef frv. um sóttvarnalækni og heilbrigðisstjóra yrði felt, þá mundi sóttvarnalæknisembættið, sem nú er, leggjast niður. Nei, jeg held, að það væri þá ekki svo stórhættulegt. Þetta var aðeins bráðabirgðaráðstöfun, til aðstoðar heilbrigðisstjórn landsins, sem á að hafa allan veg og vanda af sóttvörnum. Jeg efast ekki um, að stjórn og þing muni aftur geta komið sjer saman um slíka ráðstöfun, er þeim þykir þurfa, án þess að fara að setja á stofn „permanent" embætti.

Maður heyrir það aftur og aftur á þessu þingi, að það sje enginn sparnaður að spara tugi og hundr. þús. Þetta geta þeir menn sagt, sem aldrei hafa tekið öðru en vetlingatökum á sínum eigin fjárhag.

Magnús Jónsson: Við 1. umræðu þessa máls hreyfði jeg nokkrum athugasemdum um þessi þrjú mál; ekki af því, að jeg væri á móti því, að þeim væri vel fyrir komið nú, því að jeg get ekki tekið undir með hv. frsm. (B. H.), þar sem hann segir, að sjer lítist ekki á læknafjölgunina, heldur af því að jeg hafði í huga gamla orðtækið: „Betri lítill fenginn en stór enginn". Jeg var hræddur um, að frv. næðu ekki fram að ganga, því að málunum öllum var vísað til nefndar, sem hafði neitað að flytja þau. Og þessi ótti minn hefir nú rætst. Allsherjarnefnd hefir nú skilað þessum frv. með þeim skilaboðum, að þau beri að drepa. Þetta er því hastarlegri niðurstaða, þar sem nefndin hefir lagst undir höfuð að sýna fram á, að hjer hafi alls *ekkert* þurft að gera. Jeg sje ekki, að það sje á nokkurn hátt gert hjeraðslækni mögulegt að framkvæma það, sem framkvæma þarf, ef berklaveikisfrv. nær fram að ganga. En þetta er sama og að segja, að engar ráðstafanir gegn berklaveiki eigi að eiga sjer stað hjer í Reykjavík.

Tilgangur minn með því að standa upp var aðeins sá að leggja inn gott orð með þessum frv., svo að þau fengju þó að ganga til 3. umræðu, því að ekki er vonlaust um, að þá mætti gera þær breytingar við þau, að Reykjavík stæði ekki uppi með öllu ráðalaus í framkvæmd berklaveikislaganna.

Jeg hafði hugsað mjer að koma með brtt. við 2. umr., en jeg er í þeirri nefnd, sem er svo mjög störfum hlaðin, að hún gerir menn nær óstarfhæfa við þingmál.

Þó að nú sje líklega orðið um seinan að koma með brtt. við þessa umr., nema að henni verði frestað, þá skal jeg þó nú strax búa menn nokkuð undir þær, með því að lýsa fyrir háttv. deild, hvernig jeg hugsa mjer að skipa megi þessum málum á viðunandi hátt, en án tilfinnanlegs kostnaðarauka.

Jeg tel það mjög óheppilegt, að blandað skuli inn í þetta mál algerlega óskyldu atriði, svo sem skipun sóttvarnalæknis hjer í Reykjavík. Stend jeg ekki einn uppi með þessa skoðun, því að það er álit margra mikilhæfra lækna, sem hugsað hafa þetta mál, að ekki sje brýn þörf á sóttvarnalækni nú, og að minsta kosti ætti ekki að fella berklavarnafrv. sökum þessa máls, því að það er því með öllu óskilt og óviðkomandi. Við höfum heilbrigðisnefnd, og ætti hún, ásamt yfirstjórn heilbrigðismálanna, að vera einfær um að leita sjer upplýsinga um hættulegar sóttir erlendis, og starf sóttvarnalæknisins hjer í Reykja-

vík er víst lítið annað en það, sem lögregluþjónarnir ættu að geta int af hendi. Einnig er það galli á frv., að um leið og verið er að koma betra fyrirkomulagi á læknaskipunina hjer, skuli vera feld burtu skylda, sem hvílir á hjeraðslækni til sjúkravitjunar. Tel jeg þetta mikinn skaða, því að enda þótt læknar hjer sjeu greiðviknir, þá er það nú samt svo, að komið getur það fyrir, að þeir sjeu latir á það að fara upp úr rúmi sínu að nóttu til, þar sem engin skylda hvílir á þeim til þess. Enn er það, að þeir eru ekki bundnir við neinn taxta, og því hætt við, að sjúkravitjanir þeirra geti orðið dýrari. Og hið þriðja er það, að búast má við óánægju yfir þessu og kröfum um að fá hjeraðslæknisembættið stofnað af nýju, og gæti ótti við það ráðið atkvæði einhverra um þetta.

Finst mjer, að þessu öllu megi koma fyrir með einfaldara móti en frv. gerir, og það er með því að blanda hjer sóttvarnalækninum ekkert inn í, en skipa einungis heilbrigðisstjóra. Þyrfti þá ekki að stofna neitt nýtt embætti við Háskólann, því hjeraðslæknir hjeldi þar kenslu sinni áfram, og yrði það auðveldara en áður vegna þess, að störfum ljetti af honum, sökum stofnunar þessa nýja embættis.

Heilbrigðisstjórinn ætti svo sjerstaklega að hafa á hendi varnir gegn berklaveikinni og umsjón með þeim, og yrði sóttvarnalæknisembættið ekki stofnað, þá mætti leggja laun hans til heilbrigðisstjórans, og væri þá í raun og veru ekkert nýtt embætti stofnað nje nokkur aukinn kostnaður. Væri það leitt. ef frv þessi yrðu feld frá 3. umr., því þá er eigi framar unt að gera hjer neinar breytingar á. Jeg vil því mælast til, að frv. sje lofað að ganga til 3. umr.

Háttv. þm. Str. (M. P.) gat þess, að hann mundi bera fram rökstudda dagskrá, ef frv. yrðu feld, viðvíkjandi berklavarnafrv. sjálfu. Jeg minnist þess frá 1. umr. málsins, að hann kallaði dagskrána, sem allsherjarnefnd kom með, „makalausu dagskrána“. Ætti hann nú að gæta sín sjálfur, og koma ekki fram með makalausa dagskrá. Annars er máli þessu svo varið, að þrautsegju þarf til að leiða það til sigurs, og má eigi upp gefast, þó að eitthvað bjáti á og erfitt sje í bili.

Vona jeg, að háttv. deild athugi þessar till. mínar, því að jeg held, að málinu sje eins vel borgið, ef þær næðu fram að ganga, eins og þótt frv. þessi yrðu samþykt, en auk þess er fje ríkisins sparað, og ætti það að vera meðmæli í augum þeirra, sem sparlega vilja með það fara.

Gunnar Sigurðsson: Háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) vildi reyna að gera sjer mat úr því, enda þótt honum auðvitað mistækist það, að jeg mintist á berklavarnafrv., sem lá eigi fyrir hjer til umr. En þetta verður honum skammgóður vermir, því að eins og flestir munu hafa skilið, tók jeg þetta aðeins til þess að sýna, hverja meðferð allshn. hefði haft á þessu mikla máli, berklamálinu í heild sinni, frá upphafi, svo þetta er algert vindhögg og tilgangslaust bull hjá háttv. frsm. (B. H.). Vissi jeg fyrir löngu, að þessi háttv. þm. (B. H.) var grannvitur, en að hann væri illgjarn líka, vissi jeg ekki, og jeg var að reyna að forða honum frá því, með því að sýna fram á, að hann, sem einn af nefndarmönnum, hefði rjetta mannúðlega skoðun á þessu máli. En vel má hann hvorttveggja vera fyrir mjer, ef hann vill það endilega.

Það var líka skakt haft eftir mjer, að jeg hefði sagt, að það þýddi ekki að spara þúsundirnar. Það sagði jeg aldrei, heldur hitt, að eins og fjárhagsástandið væri nú, þá stoðaði ekki einvörðungu sparnaður á smáupphæðum, til þess að bæta úr því,

heldur þyrfti meiri bjargráða við. Hinu datt mjer ekki í hug að neita, að skynsamleg sparsemi væri góð, en þess verður einungis að gæta jafnframt, að það er ekki nema önnur hliðin á fjármálunum yfirleitt.

Um ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), er það að segja, að hún var dálítið einkennileg, eins og raunar fleiri ræður hjá þessum drottins þjóni. Hann heldur hrókaræður og er fullur vandlætingar út af fjölgun embætta. En hvernig fer hann sjálfur að? Flytur fyrstur manna frv. hjer í deildinni um fjölgun embætta, stofnun prestsembættis í Bolungarvík.

Jeg er nú svo mikill sparnaðarmaður, að jeg kýs fremur að fækka einum pokaprestinum en fjölga þeim. Sami hv. þm. (S. St.) sagði einnig, að embættismannabyrðin væri að drepa þjóðina. Má vel vera, að útgjöldin sjeu orðin ríkissjóði fulltilfinnanleg, en sparnaður á þessum útgjöldum má síst koma niður á heilbrigðismálunum.

Eins og kunnugt er, var borið hjer fram í þinginu frv. um stofnun veðbanka, sem mjög mikil vinna hafði verið lögð í og gengið hafði verið vel frá að öllu, en þá rís þessi sami háttv. þm. (S. St.) upp og kemur með dagskrá um að vísa málinu aftur til stjórnarinnar til betri undirbúnings. Sýnist mönnum ekki framkoma þessa háttv. þm. hjer dálítið einkennileg.

Sami háttv. þm. (S. St.) taldi það vitleysu, að jeg bar fram traustsyfirlýsinguna til stjórnarinnar hjer fyr á þinginu, en hæstv. forseti úrskurðaði hana að öllu leyti rjett og þinglega fram borna. En skömmu síðar gerði þessi háttv. þm. (S. St.), sem jafnframt er varaforseti neðri deildar, sig sekan um þá afglapalegustu þingsafglöpun, sem nokkurntíma hefir átt sjer stað á Alþingi Íslendinga. (*Forseti*: Jeg vil minna háttv. þm. á, að halda sjer við efnið). Já, nú er jeg að komast að aðalefninu. Jeg tel, að úr þessu væri hentara fyrir háttv. deild að fara að svipast eftir húsrúmi fyrir háttv. þm. (S. St.) á Kleppi; hann virðist orðið eiga þar betur heima en á þingi.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla að taka það fram strax, að jeg ætla mjer ekki að svara háttv. þm. Dala. (B. J.).

Bjarni Jónsson: Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir lýst því yfir, að hann ætli eigi að svara mjer. Má jeg því óhræddur halda ræðu mína þeirra hluta vegna, að jeg þarf eigi að stríða við röksemdabyrði þessa nafntogaða ræðumanns.

Sóttvarnalækni vill nefndin engan hafa, og verði frv. felt hjer í dag, þá verður enginn sóttvarnalæknir hjer á morgun, því eins og menn vita, er embætti þetta ekki lögfest.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem engu ætlar að svara, áleit nægan tíma að skipa sóttvarnalækni, þegar pestin væri komin, og vitnaði, máli sínu til sönnunar, til inflúensunnar. En það var einmitt vegna þess, að enginn sóttvarnalæknir var, að inflúensan kom hingað. Annars er það þessum háttv. þm. sjálfsagt best að svara engu, því að þessum svíðingshætti, og öðrum líks eðlis, sem fer fram hjer á Alþingi, er svo háttað, að engum vörnum verður komið við fyrir hann.

Þegar drepsóttin geisaði hjer, heimtuðu menn sóttvarnir með ofbeldi. Austfirðingar urðu að sitja hjer lengi vetrar, og mönnum var varnað landgöngu sumstaðar. Halda nú háttv. þingmenn, að kjósendur hefðu þá verið þeim þakklátir fyrir að vilja ekki hafa neinn sóttvarnalækni?

Og er nokkuð að furða, þó að Reykvíkingar vilji líka vera varðir gegn drepsóttum? Hjer býr þó fimtungur landsmanna, eða full 18 þúsund, og hingað flytjast

sóttir helst. En þó vilja þessir háttv. þm. fella niður sóttvarnalæknisembættið í sparnaðarskyni. Það væri ekki svo lítill sparnaður, ef flyttist hingað drepsótt öðru sinni og dræpi fast að 300 manns hjer í Reykjavík. Eftirmæli þessara háttv. þingmanna myndi vera borgið hjá kjósendunum, þegar þeir fengju þetta glóðvolgt ofan á allan sparnaðinn.

Reykvíkingar muna enn drepsóttina; hún er eigi svo löngu um liðin, og þeim er enn í fersku minni, hvað það kostaði þá að hafa ekki sóttvarnir. Það er ekki nóg að pára eitthvað á blað og segja því að verja; það þarf menn til að fylgja ákvæðunum fram. Þótt því aðeins þetta eina mælti með frv., væri samt sjálfsagt að samþykkja það. Hitt þarf enginn að ætla, að íslensk alþýða sje svo grannvitur, að þingmenn geti slegið ryki í augu hennar og talið henni trú um, að hjer sje verið að spara. Hún veit, að það er meira varið í líf en peninga. Hún veit það, að þegar bóndinn deyr, er lítil orðin fyrirvinnan, og að öllu er teflt í voða, ef vinnukrafturinn sýkist. Henni dylst það því eigi, að hjer er um verstu tegund eyðslu að ræða, en ekki sparnað, enda eru það eigi nema mestu fjármálamenn þingsins, sem hafa hjer leyft sjer að reikna mannslífið til peninga.

En hvað segja þessir háttv. þm., sem eru á móti frv., ef þeir kæmu á heimili, þar sem hjón eru með 5 börnum sínum, ungum og efnilegum. Svo sýkist eitt af tæringu; varnir engar; barnið deyr. Næsta barn sýkist, og eftir 2 ár eru öll börnin dáin. Jeg get nefnt eitt, tvö, þrjú og jafnvel enn fleiri dæmi til þessa. Hvað halda þessir hv. þingmenn, að þessir kjósendur segðu um sparnaðinn. Ætli þeir hefðu eigi fremur kosið, að vörnum hefði verið beitt þegar, til að varna útbreiðslu sýkinnar. En svona fer, ef eigi er þegar tekið í taumana, því að öllum er kunnugt, hversu auðveldlega sýkin festir rætur í bæjunum. Það er því ekki aðeins vöntun á sparnaði á lífi og heilsu, heldur ófyrirgefanleg blindni af þessum mönnum, að halda að þeir geri þjóðinni vel í því að varðveita ekki það dýrmætasta.

Það er ekki einu sinni að peningar fáist, þó lífið fari, því ekki gefur líkið af sjer fje, heldur eru það starfskraftar, sem falla hjer í kaldakol, ávaxtalausir, sem fórn þessa misskilda sparnaðar.

Menn hafa minst á, að kenslukraftar Háskólans væru í góðu lagi. Það er satt, að mennirnir, sem við hann vinna, eru góðir, en hitt er jafnvíst, að enginn háskóli í heimi leggur eins mikið á kennara sína eins og hjer er lagt á kennara læknadeildarinnar.

Hjer er um lög að ræða, sem leggja aukið starf á hjeraðslækni, sem haft hefir á hendi kenslu í einhverri erfiðustu greininni. Það er því auðsætt, að þetta stendur í sambandi við kenslu í Háskólanum, og því dugir ekki að tala um Háskólann eitthvað út í bláinn. Það verður að tala um hann í sambandi við þá menn, sem í honum starfa. Launakjörin eru nú eigi svo góð, að hægt sje að grípa bestu mennina og skáka þeim fram til Háskólans eins og peðum, eftir því, sem einhverri þingnefnd þóknast. Menn láta ekki setja sig niður í embætti eins og hreppakerlingar eru settar niður.

Jeg hygg því, að skynsamlegast sje að samþ. þetta frv., svo að Háskólinn verði ekki sviftur góðum starfskröftum.

Háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) vildi bera blak af nefndinni með því, að hún væri fús á að styðja „Líkn“. En svo hefði nefndin viljað sjá fótum sínum forráð, og ekki viljað taka meira af stórveldinu Dauðanum en „Líkn“ væri fær um. Fótaforráð nefndarinnar eru því falin í því, að spara krónuna, en henda mannslífunum.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að þau tíðkuðust nú hin breiðu spjótin, og átti þar við milliþinganefndirnar, sem skipaðar hafa verið. Fanst það á háttv. þm. (S. St.), að hann þóttist hafa hreinan skjöld í því máli, og engan þátt eiga í kostnaði þeim, sem þar af hlytist. En skjöldur hv. þm. (S. St.) er nú ekki svo sjerlega fáður, því að þál. um stofnun fasteignabanka er frá honum runnin, en svo þegar málið er komið ágætlega undirbúið inn á þing, þá ber þessi sami háttv. þingmaður fram rökstudda dagskrá um að vísa málinu aftur til stjórnarinnar, til betra undirbúnings, sem hann kallar svo. Þessa rökstuddu dagskrá sína ber hann fram á þinginu 1921, og vil jeg taka skýrt fram ártalið, því jeg hygg, að þessi atburður verði mönnum minnisstæður. Má það einkennilegt heita, að þingið skuli heimta milliþinganefndir, sem mikinn kostnað hafa í för með sjer, en hrökkva svo, þegar til framkvæmdanna kemur, og gera verk þeirra að engu.

Sami háttv. þm. (S. St.) talaði líka um utanfararstáss hjá milliþinganefndunum. Hann telur það stáss og óþarfa, ef einhver fer utan til þess að afla sjer þekkingar. Það er gamli hugsunarhátturinn, sem helst lítur út fyrir að liggi hjer í landi, að halda það, að ef einhver hefir tekið embættispróf einhverntíma á æfinni, þá viti hann alt og þurfi ekkert að halda því við, og það sje því ekkert annað en stáss og hjegómi að vera að sigla, til þess að afla sjer meiri þekkingar, og það gildir jafnvel einu, þó að þessi þekking, sem maðurinn er að leita sjer, hafi eigi verið til í heiminum, þegar hann tók próf sitt.

Hann vildi undirstrika það, háttv. þm. (S. St.), að sparnaður hans væri afsakanlegur, vegna fjárhagsvandræða landsins. Það má vel vera. En hann hefði þá átt nógu tímanlega að gefa hæstv. stjórn, sem enn situr og sem hann styrkir til þess að sitja áfram, einhver ráð til þess að bæta fjárhaginn. Jeg efast ekki um, að henni hefði tekist vel að neyta þeirra. Honum hefði staðið það nær heldur en að setja upp annað eins dæmi og það, að tilraun til að bæta heilsufar landsmanna væri eyðsla og fjeglæfrar. Flestir vilja þó heldur sækja lækni heldur en að láta sóttina drepa sig eða sína hjálparlausa. Og jeg býst við, að eins hygginn búforkur og klerkurinn í Vigur er, vildi heldur sækja lækni handa vinnumanni sínum meðan von væri um bata, og þykja engin eyðsla að gera tilraun til að bjarga manninum og vinnukrafti hans, jafnvel þó þyrfti að sækja hann alla leið út á Tanga. Hann mundi sjá sjer hag í því, en alveg á sama hátt er það fjárhagsbót fyrir landið, að bæta heilsu landsmanna, en það getur hann ekki skilið. Hann kallaði þá menn fjeglæframenn, sem vilja varna því, að drepsóttir breiðist yfir landið. Það eru fjeglæframenn, sem vilja varna því, að foreldrar þurfi að óþörfu að sjá börn sín deyja. Fjeglæframenn eru allir, sem ekki segja í sífellu: „Ekki borga, ekki borga“. Landssjóðinn á að leggja í sparisjóð, sem gefur 4%, rjett eins og landssjóður væri herkerling, sem eigi sparisjóðsbók, sem aldrei megi eyða eyri úr. Enginn kjósandi mundi þó greiða atkvæði á móti því að verja heilsu landsmanna. Öllum væri ljóst, að það er nauðsyn að bæta hana, hvað málsnjall sem háttv. þm. væri, þegar hann væri að reyna að sannfæra menn um hið gagnstæða, og þeir mundu hrópa: „Heldur heilsuna, heldur heilsuna, fáðu okkur aftur herskarana okkar, Varus, Varus“.

Þá spyr fjármálaspekingurinn hvað eigi að verða af fólkinu, sem atvinnurekendur reki frá sjer. Hygst hann vera að vinna þeim þægt verk. Heldur hann, að þeir vilji að sem flestir deyi til þess, að sem minst sje eftir af atvinnuleysingjum; á að láta tæringuna taka þá, til þess, að þeir verði

ekki atvinnulausir. Hjer á víst hinn kristilegi kærleikur klerksins hlut að máli. Hvort er það vegna þessa nýja búskaparlags, að hann vill láta loka Alþingi. Heldur hann að sumir þm. sjeu fráhverfir þessu; að þeir láti ekki sannast, að þeim sje sama hvort foreldrar haldi börnum sínum heilbrigðum eða ekki. Hvort tæringin fær óhindruð að geisa um sveitirnar, eða hvort hægt er að hefta drepsóttir, sem gætu skaðað þjóðina margfalt meira heldur en nokkurt þing gæti gert, hversu vitlaust sem væri.

Þetta er versta eyðslan, að spara eyririnn, en kasta, ekki krónunni, ekki skeifunni, ekki hestinum, heldur mannslífinu. Ekki aðeins mannslífi, heldur fjölda mannslífa. Og nú á ekki að fórna gamalmennum til árs og friðar; nú er það hinn upprennandi landslýður, sem á að fórna fyrir eyririnn.

Það er vegur hins unga, fullvalda ríkis, segir spekingurinn, að verja ekki hina uppvaxandi kynslóð fyrir tæringu; hann (vegurinn) á að byggjast á þeim tæringarveiku, sem eftir verður, og kumlunum, sem geta lesið fyrir um fjármálafrægð hans.

Hið unga ríki á ekki að eiga neinar stofnanir; þó þær borgi sig hundrað eða þúsund falt, þá deyr hið unga ríki, ef það ræðst í að reisa þær. Jeg hugði, að hið unga ríki ætti að nýta gömlu hugsanafræðina, sem þeim var kent ungum, sem nú eru gamlir, að ungdómurinn ætti ekki að berja höfðinu við steininn. Sálin ætti þó að vera það ung í þeim fullorðnu mönnum, sem hafa haft það lífsstarf að vísa mönnum leið til himnaríkis og vaka yfir sálum þeirra, að hún sje ekki stirnuð löngu fyrir tímann. Og rjettlætistilfinning þeirra, sem launaðir hafa verið langa æfi fyrir að kenna siðgæði og mannúð, ætti að vera meiri en svo, að þeir reyni að drepa niður og láta menn ekki ná að koma fram hagkvæmum ráðstöfunum, þegar mest ríður á.

Jeg skal ekki segja, hvað hv. allshn. gerir sjer næst til frægðar, ef hún heldur þessu til streitu; hvað lengi hún ætlar að ónýta framkvæmdir og tilraunir til þess að bæta. En þegar hún næst kemur til þjóðarinnar, sem á landssjóðinn, þá vona jeg, að hún heyri þar lík orð þeim, sem jeg hefi hjer talað til hennar af velvild, og láti sjer þá skiljast, hvað hún hefir verið að gera.

Umræðu frestað.

Á 45. og 46. fundi í Nd., dagana 16. og 18. apríl, var fram haldið 2. umr. (A. 78, n. 200, 302).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg varaði mig ekki á því, að jeg þyrfti að biðja um orðið, því jeg bað um það, þegar fundi var frestað fyrir hálfum mánuði síðan. Auðvitað kemur það í sama stað niður, en jeg verð að svara 2 ræðum háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) í einu, af því hann talaði nú á undan mjer, en hin er frá næsta fundi á undan. Það furðar víst engan á því, að jeg hefi gleymt mörgu af því, sem þurfti að svara, og man aðeins eftir nokkrum punktum, sem jeg skrifaði hjá mjer.

Fyrstur er háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Hann talaði stillilega um málið, en ekki um persónur okkar nefndarmannanna, eins og sumir aðrir háttv. þm. Hann sagði, að betri væri „lítill fenginn en stór enginn“. Átti hann víst við það, að betra væri að fá berklaveikisfrv. samþ. heldur en alt drepið, og jafnframt breytingu á læknaskipun hjer í Reykjavík. Hann sagðist hafa óttast,

að nefndin vildi drepa alt, og að sá ótti hefði sært. Nefndin, eða jeg fyrir hennar hönd, tók það fram í upphafi, að hún væri mótfallin þessum frv. vegna þess, að hún óttaðist kostnaðinn, sem þeim fylgdi. Hv. deild þurfti því ekki að ganga þess dulin, hvaða skoðun nefndin hafði.

Þá sagði háttv. þm. (M. J.) líka, að nefndin hefði átt að snúa við blaðinu, þegar berklaveikisfrv. var samþ., og leggja fram eitthvað „positivt" í málinu. En það var þeirra, sem samþ. frv., að koma með eitthvað „positivt", en ekki okkar, sem móti vorum. Nefndin hefir í engu breytt skoðun sinni á málinu. Hún vildi fresta berklaveikisfrv. og fella þessi um leið, eða í það minsta fresta þeim. Hún sá sjer ekki fært að byrja á framkvæmd berklaveikisfrv. nú, vegna bygginga og annars kostnaðar, sem því fylgir.

Þá er háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Mjer þykja leiðinlegar persónulegar ádeilur milli þm., en jeg get þó varla komist hjá þeim nú. En þar sem jeg ekki er vanur að iðka þá list, þá vona jeg, að hæstv. forseti og háttv. deildarmenn fyrirgefi það í þetta sinn, þótt jeg bregði dálítið vana mínum í þessu efni.

Háttv. þm. (Gunn. S.) hjelt fallega og þinglega ræðu, eins og hann er vanur!! Hann sagði, að jeg vildi gera mjer mat úr nálupplestri hans. Jeg gerði ekki annað en minna háttv. þm. (Gunn. S.) á, hvað hann fylgdist vel með í málunum á dagskrá, að taka annað nál. fyrir til upplesturs heldur en átti við það mál, sem fyrir lá. En háttv. þm. hefir líklega ekki lesið nál. um þessi 3. frv.

Þá talaði hann um, að jeg væri grannvitur. Það getur vel verið. Hver er svo gerður að viti, sem hann er gefinn af náttúrunni, og ræður ekki mikið við það. En gamall málsháttur segir, að þá sje illa ástatt fyrir hröfnunum, þegar þeir fara að kroppa augun hver úr öðrum. Því að tvímæli munu á því, hvort hann er gæddur miklum vitsmunum, eða jeg er, að minsta kosti, hræddur um, að þessi háttv. deild hafi farið vitsmuna hans á mis til þessa. En hann er svona gerður, og ætla jeg því ekki að áfella hann fyrir það. En „sinn breyt láir hver mest" sannast á honum. Hvort jeg er vondur maður, er þessi hv. þm. (Gunn. S.) ekki fær um að dæma; hans dómgreind nær ekki svo langt, svo takmörkuð, sem hún er, og óvíst er, hvort vitnaleiðsla í því máli gengi háttv. þm. í vil.

Þótt jeg treysti mjer ekki til að leggja með, að þessi frv. verði samþ., verður það varla lagt út sem mannvonska, heldur er það af því, að mjer finst miljónirnar vanta til alls nú, og þá líka til þess að framkvæma þessi frv., ef þau verða að lögum. En hitt er rangt, að nefndin vilji ekkert vinna fyrir málið, þegar fært er. Annars ætla jeg ekki eyða fleiri orðum í ræðu þessa háttv. þm., því hún var, eins og danski málsháttarinn segir, „under al Kritik".

Þá er háttv. þm. Dala. (B. J.). Hann óð elginn vítt og breitt, eins og hann er vanur. Jeg sje hann er ekki viðstaddur, en jeg get ekki gert að því, þó hann sje einhversstaðar reykjandi. Hann sagði, að nefndin vildi engan sóttvarnalækni. Nefndin telur orka tvímælis, hvort hann komi að ætluðum notum, og stendur hún ekki ein uppi með það álit.

Í marsblaði Læknablaðsins er grein um þetta efni, eftir próf. Guðm. Hannesson. Segir hann þar, að „sóttvarnalæknirinn svari ekki kostnaði". Í sama blaði er líka útdráttur úr fundargerð læknafjelagsins, þar sem rætt hefir verið um berklamálið. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa stutta grein upp úr þessari fundargerð:

„Jón H. Sigurðsson hjeraðslæknir hóf umræður um frv. berklaveikisnefndarinnar um læknaskipun í Reykjavík, og

taldi ýmsa annmarka á því; þótti varhugavert að hafa engan lækni í Reykjavík, sem skyldur væri að lögum til þess að gegna sjúklingum á hvaða tíma sem er. Sóttvarnalæknirinn taldi hann óþarfan, og voru flestir fundarmenn honum þar sammála".

Nefndin verður að telja skoðanir þessara lækna ábyggilegri en sleggjudóma hv. þm. Dalamanna, þótt hann telji sig æfinlega góðan og óskeikulan dómara.

Nefndin bendir á það, að ýmsar sóttir liggi svo lengi niðri, að sóttvarnalæknir viti oft ekki, hvort smitandi farsótt er með skipi eða ekki, og lögreglan dugi því oftast eins vel. Hefir ekki inflúensa sloppið hjer á land, síðan sóttvarnalæknir var settur hjer? Var hann ekki hjer í fyrra, og komst inflúensan þó á land.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) hjelt, að nefndin yrði illa sett þegar hún kæmi heim til kjósenda sinna. Ekki skelfist nefndin við þau orð. Hún veit það, að kjósendur eru yfirleitt ekki með embættastofnunum, sem hægt er að komast hjá. En háttv. þm. Dala. (B. J.) þekkir líklega kjósendahræðslu. Hvað segja Dalamenn um ásókn þm. þeirra eftir embættastofnunum og bitlingaúthlutun? Hann sagði, að jeg vildi ekki tala um 4. frv. Það er rjett. Jeg vil aldrei tala um mál, sem eru ekki til umræðu, og berklaveikisfrv. var ekki til umræðu. Þá sagði háttv. þm. (B. J.), að við vildum ekkert gera, þótt t. d. eitt barn úr barnahópi hjóna væri smitað af berklum. Þetta er rangt hjá hv. þm., eins og fleira. Við viljum vinna fyrir þetta mál, en sjáum aðeins ekki fært nú, eins og ástatt er, að ráðast í byggingar, sem fylgja óhjákvæmilega framkvæmd berklafrv., ef það á að ná tilgangi sínum.

Háttv. þm. (B. J.) sagði, að við vildum ekki fara lengra á móti dauðanum, líklega hvíta dauða, heldur en „Líkn" orkaði. Þetta er vanalegur sannleikur þessa þm. Hann er svo æfður í rangfærslum og fullyrðingum. Við höfum ekki sagt neitt í þá átt, að við viljum ekki fara lengra. Hitt höfum við sagt, og stöndum við, að hjálparstöðvar væru mjög álitlegar og þarfar stofnanir, og það hafa auk þess sagt mjer merkir læknar, hvað þær gerðu mikið gagn erlendis, og legg jeg meira upp úr þeirra orðum en háttv. þm. Dala.

Við teljum líka líklegt, að þessar stöðvar gætu unnið að mestu það starf, sem heilbirgðisstjóra er ætlað í frv., og komið að eins miklum notum.

Þá sagði hann, að löggjafarþing heimtaði undirbúning mála, en kastaði svo öllu. Er það að kasta öllu, þó ekki sje alt framkvæmt tafarlaust, sem milliþinganefndir leggja til? Má engu fresta, sem þær stinga upp á? Það er einkennileg kenning. Það var ekkert spakmæli hjá háttv. þingmanni, að ekki væri sama, hvort börn væru heilbrigð eða ekki. Allir vilja heilsu barna sinna. En börn verndast ekki af lögum, sem ekki er hægt að framkvæma vegna húsnæðisleysis og annara erfiðleika. Það nægja ekki tóm lagaboð í því efni fremur en öðru. Annars ætla jeg ekki að elta ólar við háttv. þingmann. Það er ekki til neins. Hann kann ekki að taka sannfærandi rökum í nokkru máli, og þá ekki heldur í þessu.

Þá eru brtt. þeirra háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) og háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Í raun og veru gera þær mjög litlar breytingar á frv. Hjeraðslæknirinn á að standa, en bæjarlæknir að koma í stað heilbrigðisstjóra. Sóttvarnalæknir verður eftir sem áður, ef fje er veitt til hans. Það er því sami embættismannafjöldinn, og stofnun prófessorsembættis við læknadeild Háskólans stendur óhögguð fyrir brtt. Jeg sje því ekki, að nein breyting verði á afstöðu nefndarinnar gagnvart þessum breytingum og frv. yfirleitt. Nefndin ætlast til, að berklafrv. sje frestað, og þá getur hún ekki heldur af þeirri ástæðu fylgt fjölg-

un lækna hjer. Annars hefir nefndin ekki rætt þessar till., og hefir óbundnar hendur um þær.

Gunnar Sigurðsson: Fjöllin tóku ljettasótt og fæddu litla mús. Háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) hefir haft langan meðgöngutíma, en fóstrið er furðu smátt. Hann kemur nú með skrifaða skammaræðu og les upp af blöðum, deildinni til leiðinda, en sjer til háðungar. Hann átti upptökin við mig að þessum „persónulegheitum", sem hann svo kallar, út af því, að jeg mintist á nál., sem var 4. mál á dagskrá, en stóð í svo nánu sambandi við 3. málið, eins og jeg hefi áður tekið fram, að það var sjálfsagt að minnast á málin hvort í sambandi við annað, til þess að sýna fram á, að háttv. allsherjarnefnd komst í mótsögn við sjálfa sig, eins og hún er vön að gera.

Jeg sagði, að hann væri grannvitur, og síst væri ástæða til þess að jeg hefði skift um skoðun á því eftir síðustu ræðu hans. En hann svarar eins og krakkarnir og segir: „Þú er það sjálfur". Þetta andans ofurmenni og afkastamaður hefir nú setið hjer á þingi áður; það munu allir samþingismenn hans vera sammála um, að sje hann vitsmunamaður, þá fer hann mjög varlega með þann hæfileika; lítið hefir hans að minsta kosti gætt, svo mikið er víst.

Háttv frsm. (B. H.) vildi láta háttv. deild vita það, að hann skildi lítið eitt í dönsku, með því að segja að ræða mín væri „under al Kritik". Þetta skildist nokkurn veginn, og má vel vera, að hann kynni einhverjar fleiri danskar setningar.

Annars bygðist öll árás þm. (B. H.) á mig á helberum misskilningi, og jeg vona nú, að jeg hafi komið honum í rjettari skilning, en óski hann eftir frekari persónulegum illdeilum út úr þessu máli, þá er jeg til taks að svara.

Magnús Pjetursson: Mjer fer líkt og háttv. frsm. (B. H.), að jeg er búinn að gleyma mörgu því, sem jeg þurfti að svara. Jeg hefi ekki verið svo forsjáll að skrifa það niður, en þó man jeg hitt og þetta, sem jeg minnist á.

Fyrst dettur mjer í hug háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og er það líklega af því, að mig undraði stórum á ræðu hans. Mjer fundust ummæli hans koma úr hörðustu átt, því ekki koma þessi frv. að notum annarsstaðar en hjer, ef þau verða að lögum.

Háttv. þm. (J. Þ.) lagðist þó á móti þeim og vildi fetta fingur út í það, sem jeg sagði, að með þeim væri verið að reyna að bjarga mannslífum. Jeg hygg samt, að um þetta verði ekki deilt, því að ef frv. til laga um varnir gegn berklaveiki gerir tilraunir til þess að bjarga mannslífum, og það játa allir, ekki síst þeir, sem greitt hafa því atkvæði, eins og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), þá leiðir það af sjálfu sjer, að þau frumvörp, sem gera framkvæmdir þeirra mögulegar, hljóta einnig að stuðla til þess að bjarga mannslífum, og þetta á einmitt við um þetta frv., sem gerir berklavarnalögin framkvæmanleg hjer í Reykjavík.

Háttv. þm. (J. Þ.) varði skoðun sína með því, að aðra leið ætti að fara. Hjer ætti ekki að stofna tvö jafnhliða embætti, heldur ætti að fá hjeraðslækni ungan mann til aðstoðar, og vildi hann fylgja þeirri reglu, þegar eitthvert embætti er orðið svo umfangsmikið, að því þurfi að skifta. Þetta getur verið úrlausn, en hún hefir verið reynd og hefir ekki gefist vel. Má þar benda á Vífilsstaði. Alþingi leit svo á, að læknisstörf þar væru ofviða 1 manni, og veitti því fje til aðstoðarmanns. En ungir menn hafa ekki reynst kröfuminni en hinir, og þeir vilja ekki illa launuð em-

bætti. Jeg geri því ráð fyrir, að þó að aðstoðarlæknir yrði settur hjer, þá færi það líkt. Það myndu annaðhvort ekki fást mennirnir eða þá þeir kæmu ekki að tilætluðum notum með að ljetta embættisstörfum af hjeraðslækninum, eins og reynst hefir á Ísafirði og Akureyri. En auðvitað hafa þeir menn komið að notum á þann hátt að hjálpa sjúklingum.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) gat ekki stilt sig um að láta nokkur orð hrjóta í minn garð og milliþinganefndarinnar. Mjer kom það ekki á óvart, að hann snerist öndverður gegn þessu máli, því ef jeg man rjett, var hann á móti skipun milliþinganefndarinnar, og hefir því frá upphafi verið hinn óþarfasti í þessu mikla velferðarmáli þjóðarinnar. Hann talaði nú um utanfarir og annað stáss, og skal jeg ekki eyða tíma í að svara slíku, eða karpa við hann um nauðsyn utanfara í þessu og öðru skyni, en jeg vil minna háttv. þm. (S. St.) á gamla máltækið, „að heimskt er heima alið barn", og getur hann þá litið í eigin barm, og ef til vill fundið þá því máltæki stað. Það var eðlilegt, að háttv. þm. (S. St.) þyrfti í þessu sambandi, eins og í öllum sínum ræðum, að tala um fjárglæfra og glannaskap, og eru menn hættir að taka slík ummæli frá honum alvarlega. En ef till. milliþinganefndarinnar eru fjárglæfrar, þá veit jeg ekki, hvaða þingmál það eru, sem einhver útgjöld hafa í för, sem ekki eru fjeglæfrar. Og þá held jeg háttv. Alþingi ætti að hafa sig sem fyrst á braut, áður en það veldur hneykslum. Nei, háttv. þm. (S. St.) getur þjösnað þessu út úr sjer, án þess að mark sje á tekið; þau munu í þingræðum hans standa, sem talandi vottur þröngsýni og vanþekkingar.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) svaraði háttv. þm. (S. St.) viðeigandi orðum, en háttv. þm. (S. St.) þótti vissara að fara varhluta af þeim og hlaupa út. Jeg get því ekki stilt mig um að endurtaka ummæli háttv. þm. Dala (B. J.) út af þeim brigslum, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) ber á mig og aðra, sem eru fylgjandi þessu máli, um að við sjeum altaf að stofna ný embætti, og eru það þá þessi. Það er ekki jeg, sem hefi fyrstur orðið til þess að fara fram á stofnun nýrra embætta á þessu þingi. Það var einmitt þessi háttv. þm. (S. St.) sjálfur, sem fyrstur fór fram á stofnun nýs embættis á þessu þingi, en það var auðvitað ekki til hagsmuna öllu landinu eða Reykjavík, heldur aðeins hluta af hans kjördæmi, og má því af þessu marka, hve víður er sjóndeildarhringur hans.

Þá sný jeg mjer að brtt., sem fram eru komnar, frá háttv. þm. Reykv. (J. B. og M. J.). Jeg verð að segja, að jeg geri ekki að kappsmáli, hvort þær eru samþyktar eða ekki. Mjer er það fyrir öllu, að viðeigandi framkvæmd komist á aðalfrv., og ef brtt. þeirra verða til þess, að háttv. deildarmenn hallast heldur að frv., eru þær betur fram komnar en ekki. Sóttvarnalæknirinn er ekkert keppikefli milliþinganefndar; hann er aðallega orðinn til fyrir tilmæli landlæknis, enda hefði það líka getað komið til mála að fella burtu úr frv. þetta embætti og fela störf þessi einhverjum „praktiserandi" lækni hjer í Reykjavík, með nokkrum styrk í fjárlögum.

Sem sagt get jeg látið mjer í ljettu rúmi liggja, hvort brtt. ná fram að ganga eða ekki, en þó kýs jeg þær heldur en að frv. verði felt. En jeg get ekki fallist á þá röksemdaleiðslu háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að með þessu sparist 2 embætti. Í mesta lagi sparast 1 embætti, prófessorsembættið, því að bæjarlæknir kemur í stað sóttvarnalæknis.

Viðvíkjandi launum heilbrigðisstjóra vil jeg benda á, að þau verða að vera hærri en laun annara lækna, vegna þess, að af honum er tekið leyfið til að stunda lækningar, og verður því eitthvað að koma í stað þeirra tekna.

Þá vil jeg aftur víkja að háttv. frsm. (B. H.), þó við ættum að vera búnir að kljást nóg um þessi mál. Háttv. þm. (B. H.) fann aðalfrv. það til foráttu, að það hefði byggingar og annan kostnað í för með sjer. Það er rjett; út af frv. eiga með tíð og tíma að koma byggingar, en þær mundi þingið hafa stutt flestar hvort sem er. Til dæmis sjúkrahúsið á Eyrarbakka er að miklu leyti fullreist, og er það á undan frv., þó að það verði til þess að framkvæma eina af tillögum nefndarinnar. Háttv. þm. (B. H.) taldi, að í þetta gæti farið miljón, og ógnaði honum það. Stórt orð er þetta að vísu; það þykir mikið að tala um miljón, en jeg held, að mörgum miljónum verði ver varið en til heilbrigðismála. Ef þau eiga að komast í eitthvert horf, verður að verja til þess fje, og þýðir ekki að ! einblína á þann kostnað. Vitanlega verður að sníða sjer stakk eftir vexti, enda er ekki fram á annað farið. Þeir háttv. þm., sem vilja fara varlega í fjárveitingarnar, en finna þó frv. það til foráttu, að það komi ekki að fullum notum, eru í mótsögn við sjálfa sig. Frv. koma ef til vill ekki að fullum notum þegar í stað, en það er einmitt af því, að varlega er farið í fjárveitingar.

Jeg get ekki skilið þá mótbáru, að sóttvarnaembættið sje ekki niður fallið með þessu. Það segir sig sjálft, að úr því að brtt. um að fella niður sóttvarnalæknisembættið úr frv. þá hlýtur það þar með að vera fallið niður, ekki síst, þar sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir lýst yfir því, að hann teldi heimildina fyrir að kosta sóttvarnalækni fallna niður, ef það embætti yrði felt úr þessum lögum. Þetta er því aðeins fyrirsláttur hjá háttv. frsm. (B. H.).

Mjer þykir leiðinlegt, að umræður um þetta mál hafa orðið að eldhúsdegi milli einstakra þingmanna, og vona jeg, að háttv. deildarmenn láti frv. ekki gjalda þess. Þetta mál er velferðarmál, stórmál, og ef þingið fellir það, en eyðir tíma sínum í smámál og hjegómamál, verð jeg að telja að löggjafarstarfið sje illa rækt, og þá hjálpi guð Alþingi Íslendinga, ef slík mál sem þessi fá ekki byr hjá því.

Jón Baldvinsson: Háttvirtur þm. Str. (M. P.) hefir svarað háttv. frsm. (B. H.) og háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) hefir gert grein fyrir brtt. okkar, og þarf jeg því ekki margt að segja. En jeg man ekki, hvort á það hefir verið minst, að ætlast er til, að bæjarlæknirinn verði einnig skólalæknir. Þetta kemur ekki sjerstakleğa fram í brtt., og væri ef til vill ástæða til að skjóta því inn í, ef ekki þykir nægilegt að á það sje bent í umr.

Það var eðlilegt, að við þingmenn Reykv. legðum eitthvað til þessara mála, úr því þau voru á leið gegn um deildina, því að málin snerta sjerstaklega Reykjavík. En þó eru þau einnig nauðsynleg landinu í heild sinni. Ef á að gera gangskör að því að útrýma berklaveiki, verður að leggja aðalhersluna á það í Reykjavík, því að þaðan eru samgöngur tíðastar um alt land og smitunarhætta mest. Og aðalfrv. verður aðeins pappírslög, ef þessi frv. eru ekki látin fylgja.

Jeg vona, að deildin taki frv. með brtt. vel, enda eru þær fram komnar til þess að gera frv. aðgengilegri. Jeg þarf ekki að tala um sóttvarnalæknirinn, háttv. þm. Str. (M. P.) og hæstv. forsrh. (J. M.) hafa þar svarað háttv. frsm. (B. H.). Við flutningsmenn brtt. ætlumst til, að það sjerstaka starf leggist niður, og hjeraðslæknirinn og lögreglan hafi eftirlitið með skipum, eins og áður var.

Háttv. allshn. óttaðist það, að frekari kröfur kæmu frá Reykjavík um læknaskipun, og var sá ótti eðlilegur, því að Reykjavík stendur þar ver að vígi af hálfu þess opinbera en önnur hjeruð. En jeg

held, að þessum kröfum sje fullnægt í bráð með frv. og brtt. En ef það verður felt, má búast við rjettmætum kröfum, og býst jeg við, að hinu háa Alþingi gangi illa að neita þeim.

Sigurður Stefánsson: Háttv. flm. allra þessara frv., eða höfundur þeirra, háttv. þm. Str. (M. P.) vjek að því í byrjun þessarar umr., og þá út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að reynsla síðari ára hefði orðið sú, að aðstoðarlæknarnir væru orðnir óþarfir, og af þeim ástæðum ætti nú að leggja niður aðstoðarlæknisembættið á Akureyri.

Þetta þykir mjer næsta undarlegt, því vitanlegt er, að aðstoðarlæknirinn á Ísafirði hefir reynst mjög þarfur, ekki einasta hjeraðsbúum, heldur hefir hann ljett svo undir störf hjeraðslæknisins, að honum hefir orðið kleift að gegna embætti sínu. Jeg held að slík ummæli sem þessi sjeu sögð í athugaleysi, eða þá, sem jeg vil þó ekki væna neinn þingmann um, að þeim sje kastað fram vísvitandi á móti betri vitund. Því að háttv. þm. (M. P.) er það kunnugur þar vestra, að hann veit, að hjeraðslæknirinn á Ísafirði getur á engan hátt rækt embætti sitt og komið öllum þeim sjúklingum til bjargar, sem vitja hans, nema með því að aðstoðarlæknirinn hlaupi undir baggann.

Jeg ætla ekki að svara hnútum þeim, sem háttv. þingmenn hafa kastað til mín. Jeg er orðinn þessu aðkasti svo vanur, að þær meiða mig ekki, enda stend jeg jafnrjettur fyrir öllu, sem kemur úr þessari átt.

Það var rjett sagt, að jeg var aldrei með því að skipa þessa milliþinganefnd, enda hjelt jeg því fram þá, að nóg mundi vera að fela stjórninni undirbúning þessa máls; hún ætti að geta, með aðstoð góðra lækna, undirbúið það sem skyldi. Það voru líka fleiri, sem ekki voru svo hrifnir yfir þessari utanför, og svo mun enn vera, að ýmsum háttv. deildarmönnum finst lítið hafa græðst á henni. Það getur verið, að þeir hafi aflað sjer mikils fróðleiks í ferðinni, og vilji því láta sannast á mjer, að heimskt sje heimaalið barn, af því að jeg hefi ekki víða farið um dagana. En ef þeir vitsmunir, sem nefndarmenn hafa fengið, eiga að sjást í frv., þá finst mjer að skjóti dálítið skökku við, að sækja til annara landa ýmislegt það, sem hjer í landi er óframkvæmanlegt. Finst mjer þá, að þeir menn, sem þannig fara að, komi enn heimskari heim en þeir fóru, því hvaða gagn er okkur að þeim hlutum, þótt góðir þyki erlendis, sem ekki er hægt að samrýma skilyrðum þeim, sem við höfum við að búa?

Jeg man nú ekki alt, sem talað var við síðustu umr. þessa máls, og á því bágt með að skilja, hvað háttv. þm. Str. (M. P.) kallar fjárlagaræður. En hitt leyfði jeg mjer að benda á, að fjárhag landsins væri svo komið, að lýtalaust væri fyrir þingmenn að hafa það á bak við eyrað, þegar ræða væri um stórar auknar útgjaldabyrðar ríkissjóðs. Og enn held jeg mjer við það sama, að ríkissjóður þolir ekki lengur þennan sífelda austur; hann er þegar þurausinn, og hvert á þá að flýja?

Því hefði legið nær, að háttv. þm. Str. (M. P.) hefði reynt að benda á einhverja færa leið til þess að afla ríkissjóði tekna, svo að eitthvað væri hægt að gera og framkvæma af öllum þessum stóru hugsjónum hans og annara háttv. þingmanna, sem eru álíka víðsýnir fjármálamenn. En það er svo fjarri því, að þeir hafi reynt nokkuð í þá átt.

Af frv. um varnir gegn berklaveiki get jeg ekki sjeð, hvað gera á við sjúklingana, þegar þeir mega ekki vera innan um annað fólk á heimilum þeirra. Það er sagt, að flytja eigi þá að heiman, en ekkert á það minst, hvert eigi að fara með þá.

Það hefði þó legið næst, að háttv. þm. Str. (M. P.) hefði reynt að sjá ráð til, að hægt væri að fjölga hælum og hjálparstöðvum úti um land, sem tækju á móti sjúklingum, í staðinn fyrir að hlaupa upp til handa og fóta og heimta, að stofnuð sjen ný embætti og prófessorsstöður hjer í Reykjavík. Jeg neita því ekki, að slíkar ráðstafanir geti verið nauðsynlegar á sínum tíma, en að það sje nú sá bráðnauðsynlegasti grundvöllur undir framkvæmdir berklaveikisfrv., því neita jeg algerlega.

Að jeg hafi talað um fjárglæframenn í sambandi við milliþinganefndina, er misskilningur hjá háttv. þm. Str. (M. P.), eða þá fram flutt sem vísvitandi ósannindi. En hitt veit jeg, að jeg má aldrei svo á fjármál minnast hjer í deildinni, að það hneyksli ekki hinar ungu frelsishetjur, sem öllu vilja eyða og spenna, en spyrja aldrei, hvar eigi að taka fjeð, sem verja eigi til framkvæmda þessum frelsishugsjónum þeirra. Jeg veit líka, að ræður mínar kalla þeir afturhaldssamar, en jeg vil fyrst vita, hvar fjeð er að finna, sem nota á til framkvæmdanna, áður en byrjað er á verkinu; þess vegna fær það ekki svo mjög á mig, þótt þeir kalli mig afturhaldsmann; meira að segja tel jeg mjer það heiður að fylgja þeirri stefnu, er þeir fordæma svo mjög.

Háttv. þm. Str. (M. P.) bað guð að hjálpa okkur, ef við vildum ekki leggja neitt á okkur, máli þessu til bjargar, og eru þetta óneitanlega falleg orð og sjálfsagt af heilindum mælt. En ætli við mættum ekki líka biðja guð að hjálpa okkur, ef útgjöld ríkissjóðs yrðu mörgum miljónum hærri en tekjurnar? Þeim hættir fremur við því, þessum ungu framfaramönnum, er mest víta okkur, sem kunna viljum fótum okkar forráð í fjármálum landsins, að gleyma ástandinu, sem er og fram undan blasir við augum allra gætinna manna, heldur en að benda á eitthvað nýtt, sem bjarga megi fjárhag landsins. Þeir eru drjúgari í því að taka úr ríkissjóði heldur en að bæta í hann, og það á meðan allur landslýður stendur boginn og beygður undir erfiðleikum atvinnuveganna, bæði til lands og sjávar. Myndu þessir menn ekki þurfa að biðja guð að hjálpa sjer?

Jeg mintist á það um daginn, að fleiri litu á stofnun nýrra embætta eins og allsherjarnefnd. Stjórnin vildi heldur ekki sjálf flytja neitt af þessum frumvörpum á þessu þingi, eins og hæstv. forsrh. (J. M.) lýsti yfir í upphafi, og mun það ekki hafa verið af öðrum ástæðum en þeim, að henni þótti ekki svo bráðliggja á þeim.

Þessu gat háttv. þm. Str. (M. P.) ekki mótmælt, þótt hann reyndi til þess.

Jeg þykist ekki þurfa frekar að svara háttv. þm. Str. (M. P.). Og jeg býst ekki við, að ræða mín verði talin með afreksverkum, en jeg tel mjer skylt að greiða atkvæði eftir samvisku minni og bestu sannfæringu, hvort sem öðrum þykir það ljúft eða leitt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi lýst því yfir áður, að stjórnin stæði á bak við þessi frv., þótt hún sjálf bæri þau ekki fram. Milliþinganefndin kom svo seint með álit sitt, að stjórninni vanst ekki tími til að bera frv. fram á venjulegan hátt. Öll stjórnin hefir talið sig fylgjandi aðalfrv., en hinir ráðherrarnir vildu ekki binda sig til að fylgja aukafrv., og jeg því einn, sem hefi getað fallist á að fylgja þeim líka, og hefir þó meira ráðið þar, að milliþinganefndin vildi ekki slíta þau í sundur. Jeg fór þess á leit við háttv. allshn., að flytja fylgifrv., sem jeg kalla, í mótsetningu við aðalfrv. Háttv. nefnd færðist undan því, af skiljanlegum ástæðum. En það var frá byrjun samkomulag milli mín og háttv. þm. Str. (M. P.), að hann

flytti þau, ef nefndin gerði það ekki. Að því leyti eru frv. ekki stjórnarfrv., en eru þó fram komin í fullu samráði við mig.

Þetta þótti mjer rjett að taka hjer fram af nýju, svo engum misskilningi þyrfti að valda.

Það þykir ef til vill undarlegt, að ráðherrarnir fylgist ekki allir að í þessu máli, og það hefir verið haft orð á því, ef það hefir komið fyrir, að svo hefir ekki verið. Það liggur nú í augum uppi, að það hlýtur að koma fyrir, að þá greini á í óverulegri atriðum, og að það komi fram hjer í þinginu. Og Alþingi getur sannarlega ekki að því fundið. Jeg hafði sett það ákvæði í stjórnarfrv. það til stjórnarskrár, sem lagt var fyrir síðast, að um mál, sem borin væru upp á ráðherrafundum, rjeði afl atkv., og lagafrv., sem stjórn ber fram, á að leggja fram á þessum fundum. Þetta ákvæði var felt burtu, af því, að þingið vildi að jafnvel einn ráðherra gæti borið fram mál á móti atkvæði hinna.

Frsm. (Björn Halldsson): Það er aðeins örstutt athugasemd, og skal jeg þá þegar taka það fram, að jeg ætla engu að svara háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.); best að við sjeum kvittir á þann hátt, því öll hans ræða var eins og fyrri daginn, máttlaust hjal út í loftið. Hann hefir óbeit á að ræða málefnin, heldur persónur þm.

En það voru örfá atriði í ræðu háttv. þm. Str. (M. P.), sem jeg vildi svara. Hann sagðist aldrei hafa heyrt það fyr en frá mjer, að lög í þessu efni væru ekki til neins. Jeg sagði ekki, að lög um varnir gegn berklaveiki væru ekki til neins, heldur sagði jeg hitt, og það var og er þungamiðja þessa máls: að þetta frv. kæmi ekki að haldi strax, af því að grundvöllinn vantar, þ. e. hæli fyrir börnin. Jeg held því fram, að börnin verða ekki vernduð með lögum, sem ekki er hægt að framkvæma. En það getur háttv. þm. (M. P.) aldrei skilið.

Hann sagði líka, að jeg hefði snúið út úr ræðu háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) um brtt. Jeg held ekki, en hafi jeg gert það, þá hefir það orðið óviljandi. Jeg sagði, að jeg skildi brtt. svo, að sóttvarnalæknisembættið gæti staðið eftir sem áður, með sjerstakri fjárveitingu, þó að hann sje ekki lögfestur. Og eins er með prófessorsembættið. Jeg átti við það, að kenslu við Háskólann væri ekkert ráðstafað með brtt., og þetta embætti gæti því myndast, þó að brtt. yrðu samþ. Þetta er rjett skoðun og verður ekki mótmælt.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að svara hv. þm. Str. (M. P.). Hann hafði ekki mikið að athuga við fyrri ræðu mína, og þótt hann væri að afsaka sig með því, og þóttist vera að skensa mig, að hann hefði ekkert skrifað, þá sýndi það sig þó, að hann hafði skrifað ýmislegt eftir hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), en hann hefir ekki skrifað eftir mjer neitt, af því að hann hefir ekki getað hrakið ástæður mínar.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sagði það væri bending til allshn., að með þessum brtt. væri girt fyrir það, að hjeraðslæknisembættið legðist niður, og því kæmi ekki krafa um nýjan hjeraðslækni. Þetta er rjett, en jafnframt kemur læknir í stað heilbrigðisstjóra, sem heitir bæjarlæknir. Hjer er því aðeins skift um nafn; en betra þykir mjer það. En jeg hefi annars skýrt afstöðu mína til brtt., og að jeg held, nefndarinnar, enda þótt hún hafi ekki tekið afstöðu til þeirra, og hafa því nefndarmenn óbundnar hendur.

Jeg sje, að hv. þm. Dala. (B. J.) biður um orðið. Jeg er nú dauður, og get því ekki svarað honum aftur, enda ekki til neins að eltast við hann. Verð jeg því að láta mjer nægja þau orð, sem jeg vjek að honum hjer áður.

Bjarni Jónsson: Ekki heyrði jeg alt það, sem stjórnmálakisa malaði um sóttvarnir. En þó skildist mjer, að óþarfar teldi hún slíkar ráðstafanir, af því að þær væru fram komnar á læknafundi hjer í Reykjavík. Þykir mjer þar skjóta nokkuð skökku við, af því að kunnugt ætti að vera öllum, að læknar eru minna hræddir við sjúkdóma heldur en aðrir menn, og stundum jafnvel of óhræddir.

Jeg benti og á, að þegar flestir dóu hjer í Reykjavík úr kvefpest þeirri, sem „influensa" var nefnd, var almenningur ákafur í því að verja sig; bæði einstakir bæir, sveitir og sýslufjelög vörðu sig, slitu öllum samgöngum sín á millum, og alt þetta gerðu þeir, án þess nokkur lög væru þar um. Sýnir þetta ákafa landsmanna um að verja sig gegn sóttnæmum pestum. Og þó að kvefpest komist í land, þrátt fyrir sóttvarnareftirlit okkar, þá er ekki svo um alla sjúkdóma. Og minnist jeg nú í þessu sambandi, hversu fávíslega fór mönnum þeim, er brígsluðu einum manni, landlækni, um það, að kvefpestin skyldi komast inn í landið 1918.

En það eru aðrar bráðdrepandi pestir, svo sem bólusótt og svartidauði, sem geta til landsins borist, ef ekki eru reglulegar sóttvarnir, og þær víðar en í Reykjavík. Mætti það fyrst að haldi koma, ef öll skip, er til landsins sigla, væru skoðuð af lækni. Þetta er þjóðinni lífsnauðsyn, en játa má þó, að það þarf ekki endilega að vera með þeim hætti, sem fram er komið í þessu frv. Þó er hjer um mörg skynsamleg ákvæði að ræða, og önnur ekki fram komin, svo þess vegna sýnist mjer, að við getum vel unað lögum þessum. Annars gat jeg þess um daginn í ræðukorni þá, að fyrir hverja ætti að spara, ef allir væru dauðir. Og vildi jeg þá aftur út úr þessu máli láta þess getið, fyrst einn þingdeildarmaður hefir gerst svo langminnugur að svara því, er jeg sagði þá, og tengt það við fjármálaspeki sína og sparnaðarháttsemi. Engin eyðsla er þó verri en sú að fara illa með heila þjóð. Og þó að framkvæmdum þessa máls sje ekki frestað nema um tveggja ára skeið, þá getur það kostað mörg mannslíf. Mun því síst of mælt, er jeg mælti um daginn, að þessir menn, sem þykjast vera að spara, eru mennirnir, sem sóa vilja mannslífunum en spara eyrinn.

Og þar sem einn háttv. þm. orðaði það svo viturlega, að málið ætti að liggja í salti þetta ár, af því almenningur væri boginn og beygður undan óáran í landinu, vildi jeg skjóta því til hans, hvort almenningur myndi telja sig hólpnari, þótt eymd og heilsuleysi bættist ofan á.

Það mátti kallast hyggilegt af nefndinni að senda háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) til þess að verja þetta fóstur sitt. Hefi jeg heyrt margt skemtilegt eftir honum haft úr ræðu hans. Hafði hann talað langt mál um vindla mína; eru þeir líklega orðnir eitt af þingmálunum, og þessi háttv. þm. sje settur til þess að gæta að því, að jeg steli eigi vindlum annara þingmanna, því hvað jeg geri við mína eigin vindla, kemur auðvitað engum við.

En sennilega hefir þessi háttv. þm. (B. H.) gert þessa vindla að umtalsefni, til þess að geta brugðið mjer um eitthvað. Hefir hann haldið, að hann þóknaðist með því einhverjum. Hann kann sennilega ekki að reykja, því að háttv. þm. (B. H.) mun vera fremur tornæmur alment, og því líklega eins á þetta; hefir hann líklega lagt að sjer erfiði mikið til þess að læra þetta, en orðið að gefast upp, og er svo gramur síðan öllum, sm numið hafa þetta.

En því hefir nefndinni þótt rjett að senda hann, að hún hefir haldið, að jeg mundi verða mildari við mann þennan en aðra, og mundi hlífast við að ráðast á garðinn, þar sem hann var lægstur; er það

urinn líka skaplítill og reiðist sjaldan. En hátt hreykir heimskan sjer, ef málandi stjórnmálakettir fara að hreykja sjer hjer í deildinni.

Jón Þorláksson: Jeg var einn þeirra manna, er ekki hefði greitt frv. þessu atkvæði, en nú eru komnar fram gagngerðar brtt. við frv. frá háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), viðvíkjandi þeim atriðum, er mjer þóttu mestu máli skifta.

Er með brtt. sneitt hjá því að leggja hjeraðslæknisembættið niður, sem von bráðar mundi hafa verið stofnað aftur. Einnig er það tilætlunin, að ef brtt. verða samþyktar, þá verði frv. um laun Háskólakennara eigi látið koma til atkvæða.

Er því með brtt. þessum stofnað til 2 færri embætta en leiddi af frv. sjálfu, ef það hefði verið samþykt eins og það var fram komið. Aðalmótbáran, sem jeg hafði á móti frv., er því fallin niður, og mun sennilega vera svo líka fyrir háttv. allsherjarnefnd. Er leitt, að hún skyldi eigi hafa tíma til að athuga brtt., því að sennilega mundi hún hafa fallist á þær, þareð frv., þannig breytt, hefir engan kostnað í för með sjer, en læknaskipuninni komið í miklu betra horf en áður var, því þess er eigi að dyljast, að hjeraðslæknir er svo hlaðinn störfum, að óhjákvæmilegt er að veita honum einhverja aðstoð, eða ljetta af honum einhverju, þegar berklavarnirnar bætast við hann.

Jeg mun því greiða frv. atkvæði, með þeirri hugsun, að sjerstakur sóttvarnalæknir falli burtu, og þessum tveimur læknum, sem brtt. gera ráð fyrir, verði falið að gera það, sem nauðsynlegt er, viðvíkjandi gæslu farsótta.

Út af orðum háttv. þm. Dala. (B. J.) vil jeg benda á það, að það fer alt eftir atvikum hverju sinni, hver þörf er á ráðstöfunum til varnar farsóttum.

Er auðvitað þörfin eigi jafnmikil, þegar vitanlegt er, að engar sóttir eru í þeim löndum, sem skip sigla hingað frá. Gangi þar aftur á móti skæðar farsóttir, er þörf sjerstakra ráðstafana, og er það þá skylda heilbrigðisstjórnarinnar að grípa inn í og gera nauðsynlegar ráðstafanir til varnar. Mun þingið aldrei synja um fje eftir á til slíkra ráðstafana, þótt fjárveiting til þeirra hafi ekki verið fyrir hendi.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki lengja umræður, en aðeins gera stutta athugasemd við það, sem háttv. frsm. allsherjarnefndar (B. H.) sagði, að í brtt. okkar lægi ekkert um það, að sóttvarnalæknisstaðan skyldi ekki halda áfram og að prófessorsembætti yrði ekki stofnað. Jú, það er eins skýrt tekið fram og yfir höfuð er hægt að gera með þessu frv. Að nú er talað um að stofna prófessorsembætti við læknadeild Háskólans, er af alveg sjerstakri ástæðu, því að ný störf eiga að hlaðast á þann, sem kensluna hefir haft á hendi fram að þessu. Með brtt. okkar er þessi ástæða til að stofna embættið burtu numin, þar sem ljett er störfum af hjeraðslækninum, en ekki þyngt á honum. Það er því einsætt, að verði frv. samþ. með breytingum okkar, kemur aldrei til að samþykkja hitt, já, sennilegast að það komi alls ekki fram.

Um sóttvarnalæknirinn er þrent að segja. Fyrst og fremst er yfirlýsing hæstv. forsrh. (J. M.) um, að sú staða verði lögð niður, ef frv. verði felt, og þá væntanlega ekki síður, ef brtt. okkar verður samþykt. Annað það, að sóttvarnalæknir er beinlínis feldur úr frv. í brtt. okkar, og þriðja, að hjeraðslækni er gert fært að annast nauðsynlega læknisvitjun í skipum. Þegar háttv. meðflutningsmaður minn (J. B.) gat þess, að með brtt. væri komið í veg fyrir, að fram kæmu kröfur um hjeraðslækni, heyrði jeg, að einn háttv. þm. skaut því fram, að það væri lítil bót, þar

sem brtt. færu fram á að stofna nú þegar þetta embætti. En það er sá munur á þessu, að í brtt. er farið fram á að stofna nýtt embætti upp úr öðru, sem leggjast á niður; en eftir frv. óbreyttu má búast við, að þetta embætti verði heimtað ofan á þau þrjú nýju embætti, sem þar er gert ráð fyrir, og er það ekki svo lítill munur.

Forsætisráðherra (J. M.): Út af ummælum háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vil jeg láta þess getið, að það, sem jeg sagði áður, á ekki fyllilega við, ef brtt. háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) verða samþyktar. Mun jeg þó líta svo á, að ef hún verður samþ., þá gegni hjeraðslæknir sóttvarnastörfunum, enda á hann að gera það samkvæmt lögum, og raknar því skylda hans við af sjálfu sjer, jafnskjótt og sóttvarnalæknisstarfið fellur niður. Ætti þetta líka nú að vera vel fært, þar sem engar hættulegar sóttir geisa nú í viðskiftalöndunum, svo vitað sje. Sóttvarnalæknisstarfið mun því falla niður, hvort sem brtt. verða samþ. eða frv. óbreytt.

Sigurður Stefánsson: Jeg gleymdi að minnast á þetta embætti, sem ætíð er verið að bregða mjer um, að jeg hafi verið upphafsmaður að. Vil jeg minna á, enda þótt líklega flestir háttv. þm. viti það, að embætti þetta er að mestu leyti kostað af söfnuðinum sjálfum, og hefði því lítið orðið ríkissjóði til byrðar, þó að það hefði verið stofnað. Hugsa jeg þetta nægi til þess, að þeim, sem oftast hafa tönnlast á þessu, þyki það eigi jafnbragðgott hjer eftir.

Um leið skal jeg taka það fram, að jeg get samþykt brtt. háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.).

ATKVGR.

Brtt. 302,1. samþ. með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., J. Þ., M. Ó., M. J., B. Sv.

nei: P. O., Sv. Ó., Þorl. J., B. H., H. K., J. S.

Einn þm. (E. E.) fjarstaddur.

Brtt. 302,2. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 302,3. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 302,4. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 302,5. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 5 atkv.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 364).

Magnús Pjetursson: Jeg varð var við það við síðustu umr., að ýmsir háttv þm. hjeldu, að einhver fiskur lægi falinn undir steini, þegar frv. um stofnun prófessorsembættis við Háskóla Íslands var tekið út af dagskrá. Út af þessu vil jeg beina þeirri ósk minni til hæstvirts forseta, að það verði ekki tekið á dagskrá aftur á þessu þingi, og geri jeg þá ráð fyrir, að háttv. þm. sjái það, að jeg ætla mjer ekki að halda því frekar fram.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 364).

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og hinum háttvirtu deildarmönnum mun kunnugt, þá fylgdu 3 frv. frá berklaveikisnefndinni aðalfrumvarpi hennar. Aðeins eitt af þessum frv. hefir verið afgreitt frá háttv. Nd., nefnilega frv., sem hjer liggur nú fyrir, um læknaskipun í Reykjavík. Frv. var breytt talsvert mikið í Nd., var dregið úr útgjöldunum, sem af frv. leiddu. — Jeg álít, að þetta frv. eigi að fylgja aðalfrv. berklanefndarinnar, því annars yrðu þess ekki nægileg not. Að vísu hefir stjórnin ekki borið fram nema eitt af frv. berklanefndarinnar, en það var eingöngu sökum þess, að hin frv. komu svo seint fram. Það varð þess vegna samkomulag um, að sá nefndarmaður berklaveikisnefndarinnar, sem sæti á hjer á þingi, hv. þm. Str. (M. P.), bæri hin fram.

Jeg hefi ekki neitt að athuga við till. hæstv. forseta (G. B.), um að vísa þessu frv. í sömu nefnd og aðalfrv. berklaveikisnefndarinnar, þótt þess sje ekki beinlínis þörf. Frv. um prófessorsembættið við læknadeild Háskólans var ekki tekið aftur beint, því að háttv. Nd. vildi ekki ráða því til lykta, áður en þessi háttv. deild hefði tekið afstöðu til málsins.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. það, sem hjer liggur nú fyrir, muni ná fram að ganga í þessari háttv. deild. Og jeg skal taka það fram, að flutningsmaður frv. og stjórnin geta vel gert sig ánægða með niðurstöðu háttv. Nd. í málinu og þetta frv., eins og það hefir komið þaðan.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Gagnstætt hæstv. forsætisráðherra (J. M.) get jeg alls ekki verið ánægður með ráðstafanir Nd. Það, sem jeg legg áherslu á í þessu efni, er, að stofnað verði sjerstakt kennaraembætti hjer við háskólann í medicini. Jeg tel háskólanum það til lítillar sæmdar, að kenslu í því fagi verði að vanrækja sökum þess, að sá, sem kennir, er svo hlaðinn önnum, að hann getur ekki sint kenslustarfinu eins og þarf. Jeg er alls ekki að lasta mann þann, sem starfi þessu gegnir nú. Hann er nýtur maður og mun vera vel hæfur til starfsins. En jeg tel óhæfilegt að halda áfram á þessari braut, sem gengin hefir verið hingað til, að láta hjeraðslæknirinn hjer í Reykjavík kenna þetta fag. Mjer þykir undarlegt, að stofnuð skuli vera ýms ný embætti við Háskólann, sem áreiðanlega er minni þörf á, en ekki þetta. Það er hrein og bein óhæfa, að ekki skuli vera hjer sjerstakur prófessor í medicini, því óhætt er að fullyrða, að það sje stærsta og mikilsverðasta grein læknisfræðinnar. Því hefir reyndar verið til dreift, að ekki væri ástæða til að stofna slíkt embætti hjer við háskólann fyr en landsspítali væri stofnaður. En slíkt á sjer engan stað. Það er jafnt þörf á, að til sje maður, sem hefir það að skyldustarfi að halda við þekkingunni á medicini hjá læknastjett þessa lands, þótt landsspítali sje ekki kominn upp. Það er alls ekki fullnægjandi að stofna þetta bæjarlæknisembætti. Það er sjálfsagt, ef embættin eiga á annað borð að vera tvö, að annað sje prófessorsembætti við Háskólann, en hitt læknisembætti hjer í bænum. Fleiri

orð vil jeg ekki hafa um þetta nú; leyfði mjer aðeins að láta í ljós skoðun mína strax við 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg veit vel, að frá sjónarmiði lækna, þá þarf að vera sjerstakur kennari í þessari grein (medicin) við Háskólann, maður, sem beinlínis hafi kenslu í þessari kenslugrein fyrir sitt aðalstarf. — Vel er hægt að segja, að þörf sje á fleiri embættum við háskólann en nú eru, ef vel ætti að vera, og jeg þykist vita, að það embætti, sem háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) talaði um, muni liggja í loftinu og ekki muni líða á löngu þangað til það verður stofnað. En spurningin er aðeins, hvort fjárhagur landsins er þannig, að rjett sje, að það sje stofnað nú. Frá mínu sjónarmiði virðist stofnun bæjarlæknisembættis bæta talsvert, þar sem sá læknir hlýtur að ljetta mikið störfum af hjeraðslækni, og ætti hann þá betur að geta sint kenslunni í medicin við Háskólann. Að öðru leyti er það að sjálfsögðu á valdi deildarinnar, hvernig hún fer með þetta mál. Frv. þetta fer nú í nefnd, og mun hún athuga, hvort hún sjer sjer fært að stofna prófessorsembætti, og taka þannig upp frv. berklaveikisnefndarinnar. Um þörfina eru allir sammála, en spursmálið er, hvort það er fært fjárhagsins vegna, þar sem hann er svo, að nauðsynlegt er að spara á öllum sviðum.

Jeg sje eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hugði vafasamt, hvort hægt væri að stofna prófessorsembætti við Háskólann í medicin, vegna fjárskorts. En einmitt út frá fjárhagshliðinni hygg jeg á engan hátt betra að samþykkja þetta frv. en stofna sjerstakt kennaraembætti við Háskólann. Í þessu frv. er gert ráð fyrir tveim embættum, bæjarlækni og hjeraðslækni, en þau yrðu heldur ekki nema tvö, ef einn læknir væri látinn annast hjeraðslæknisstörfin hjer í bænum, eins og verið hefir hingað til, en hann losaður við kenslu í Háskólanum og sjerstakur kennari settur til að gegna því starfi. Hvor leiðin, sem farin væri, yrðu útgjöldin hin sömu, eða því sem næst. Í öðru tilfellinu eru það prófessorslaunin og bæjarlæknislaunin, að viðbættri uppbót hjeraðslæknislauna. Í hinu tilfellinu eru það bæjarlæknislaunin og hjeraðslæknislaunin og viðbót á launum fyrir kenslu í lyflæknisfræði (medicin). (*H. St.*: Sóttgæsla). Já, sóttgæsla er nefnd hjer, en hún getur hæglega heyrt undir hjeraðslækni, ef annars er þörf á sjerstökum manni sem sóttvarnalækni. Jeg fyrir mitt leyti hefi enga trú á, að sóttvarnalæknir þurfi að vera sem sjerstakur læknir. Þetta eru leifar af ráðstöfunum, sem gerðar voru í inflúensuveikindunum, en sem nú getur hæglega heyrt undir hjeraðslækni og landlækni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki deila um þetta. Nefnd sú, sem þetta frv. verður vísað til, mun athuga þetta.

Annars er nokkur munur á launum bæjarlæknis og prófessors; jafnvel þó tekið sje sjerstakt tillit til viðbótar á launum fyrir kenslu, þá er þó nokkur munur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til lyfjasölunefndar (sjá A. bls. 1662) með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, n. 464).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Á þessu frv. hefir nefndin gert þær smábreytingar að fella niður 2. gr. og orða 4. gr. dálítið öðruvísi. Þótti nefndinni rjettara að hafa ekki föst ákvæði um starfssvið þessara embættismanna í lögunum, en láta heldur stjórnina setja þau. Þetta gerði nefndin í því skyni, að meira svigrúm fengist, þar sem störfin eru svo margvísleg, og þá heppilegra að geta skift þeim milli mannanna eftir því, í hvaða átt hæfileikar þeirra ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 464,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 464,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 514).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 514).

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla aðeins að benda hinni háttv. deild á það, að þær breytingar, sem þetta frv. hefir tekið í háttv. Ed., eru ekki þýðingarmiklar. Áður var í frv. tekið fram, hver störf hinn nýi læknir skyldi hafa á hendi. En nú hefir því verið breytt á þá leið, að heilbrigðisstjórnin skifti störfunum milli læknanna. Álít jeg það vera betra fyrirkomulag, og legg því til, að frv. verði hjer samþ. óbreytt eins og það kom frá háttv. Ed.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki að segja hjer annað en það, sem háttv. flm. (M. P.) hefir tekið fram. Álít breytingar háttv. Ed. fremur til bóta, og vil jeg því óska, að frv. verði samþ. óbreytt.

Pjetur Ottesen: Jeg vil aðeins skjóta því til hæstv. forsætisráðherra (J. M.), hvort ekki eigi að skilja það svo, að sóttvarnalæknisembættið skuli þegar leggjast niður, ef frumvarpið verður samþykt. (*Forsrh.*: Jú).

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 577).

---

22. Hvíldartími háseta.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum. (A. 141).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þegar farið var að reka hjer botnvörpungaútgerð í stórum stíl, kom það brátt í ljós, að of mikil vinna og óhæfilegar vökur höfðu spillandi áhrif á heilsu sjómanna. Kvartanirnar um þetta urðu brátt svo háværar, að sjómannafjelagið tók málið til meðferðar, og var frv. til umbóta á þessu flutt á þingi 1919, af þáverandi háttv. þm. Reykv. Jörundi Brynjólfssyni. Þetta frv. er svipað að efni og það frv., en þó er nokkrum ákvæðum breytt og lítið eitt styttur tíminn, og hygg jeg, að með því ætti að vera girt fyrir þá hættu, sem talað hefir verið um, að slíkt frv. dragi úr framleiðslunni. Sömuleiðis hjelt jeg, eftir undirtektum málsins síðast, að meiri líkindi væru til þess, að frv. næði fram að ganga í þessari mynd.

Annars held jeg, að ekki sje þörf á því, að ræða þetta mál mikið hjer, svo mikið sem það hefir verið rætt utan þings. Þó finn jeg ástæðu til þess að benda á það, að nú mun tæpast þurfa að efast um það lengur, að hjer standi fleiri á bak við en nokkrir leiðtogar, eins og áður hefir verið haldið fram, þar sem nú liggja fyrir þinginu áskoranir um þetta frá hundruðum sjómanna um alt land.

Þótt segja megi, að ekki kveði eins mikið að vökunum á togurunum nú og áður, sækir þó oftast í sama horfið aftur, einkum á vetrarvertíð. Svo er það ennfremur athugandi, að hjer er um að ræða fasta vinnu árið um kring, sem þess vegna er ekki sambærileg við t. d. bátaútgerð og síldveiðar, þar sem menn fá að vísu snarpar skorpur, en þó góða hvíld á milli. En botnvörpungarnir eru að veiðum alt árið um kring, og er það margföld reynsla, að sjómenn, sem byrjuðu á fyrstu togurunum, þegar þeir voru á ljettasta skeiði, hafa orðið að ganga af þeim eftir nokkur ár, vegna þess, að þeir hafa ekki þolað vinnuna lengur, og þekki jeg sjálfur persónulega ýms dæmi þess. Þó vökurnar bíti lítið á yngri menn í bili, koma afleiðingarnar fram þegar frá líður.

Ennfremur vil jeg svo taka það fram, að ekki þarf að óttast hjer neitt fordæmi fyrir landbúnaðinn; þar er svo ólíku saman að jafna, um heyskap og alla sveitavinnu annarsvegar og sjómensku hinsvegar. Hv. deild getur þess vegna óhrædd lofað málinu að ganga fram, að bændur þurfa ekkert að óttast um sig í þessum efnum. Jeg vil svo ekki lengja umræðurnar frekara, en sting upp á því, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

Jón Þorláksson: Jeg skal síst verða til þess að forsvara spillandi vökur eða vinnuhörku á togurunum. Og á þessu stigi málsins skal jeg ekkert um það segja, á hve miklum rökum kröfur sjómannanna eru bygðar. En jeg vil aðeins, án tillits til þessa, vekja athygli á því, hvort ástæða muni til þess fyrir löggjöfina að taka málið að sjer, eins og nú stendur. Eðlilegasta leiðin í þessu máli er auðvitað sú, að sjómennirnir setji þessa kröfu sína fram við útgerðarmennina, og það er auðvelt, þegar gengið er til samninga hvort sem er. En þetta hefir aldrei verið gert, og er því undarlegra, ef á þessu er eins mikil þörf og háttv. flm. (J. B.) lýsti. Því það er ekki mikil ástæða til þess fyrir löggjafarvaldið að setja slík lágmarksákvæði, nema þar sem í hlut eiga menn, eða stjettir, sem ekki geta verndað sig sjálfar, t. d. börn og sjúklingar. Þannig gæti þetta einnig komið til mála, þar sem vinnukraftur væri misbrúkaður, en enginn fjelagsskap-

ur meðal verkafólksins sjálfs, sem gæti kipt þessu í lag. Ef til dæmis sveitabændur misbeittu vinnuafli fólks síns alment, væri erfitt að fá tryggingu fyrir því, að þau kjör yrðu bætt með samningum, þar sem engin almenn samtök eru milli verkafólks í sveitum.

Ef það er svo einnig rjett, sem háttv. flm. (J. B.) sagði, að þetta skipulag hans mundi á engan hátt draga úr framleiðslunni, sje jeg því síður ástæðu til þess að draga það undan alm. samningagerð; þá ættu sjómenn og útgerðarmenn því betur að geta komið sjer saman um það. Jeg mun þess vegna ekki sjá ástæðu til þess að greiða þessu máli atkv. til 2. umr. — ekki af því, að jeg sje á móti sanngjörnum hvíldarkröfum hásetanna, heldur af hinu, að jeg álít, að til þess hafi þeir sinn eigin fjelagsskap ekki síst, að hann eigi sjálfur að ráða slíkum málum til lykta við útgerðarmenn, — en það sje ekki löggjafaratriði, að minsta kosti ekki meðan hin leiðin er óreynd.

Flm. (Jón Baldvinsson): Háttv. samþm. minn, 3. þm. Reykv. (J. Þ.), fann það helst að þessu máli, að ekki hefði áður verið leitað samninga við útgerðarmenn um það. Jeg gekk ekki fram hjá þessu atriði áðan, af því að mjer væri það ekki fullkunnugt, heldur af hinu, að jeg vissi, að þessir samningar eru altaf aðeins um kaupið, og ef semja ætti líka um vinnutíma í hvert skifti, sem samið er um kaup, mundu verkamenn sennilega þurfa að slá af kaupkröfunum — þó kaupið sje sannarlega ekki of mikið, — og þyrftu þannig að versla með rjett sinn. Jeg hefi sjálfur fengist meira og minna við þess háttar samninga við atvinnurekendur í yfir 15 ár, og get því talað af nokkurri reynslu.

Það er ennfremur vitanlegt, að ef semja ætti einnig um þetta atriði á hverju ári, mundi úr því verða úlfaþytur og ósamkomulag milli stjettanna, sem frv. gæti hins vegar fyrirbygt. Löggjafarvaldið getur því vel og á að skerast í þetta mál, til þess að vernda starfsþol og heilsu þessarar stjettar.

Háttv. þm. (J. Þ.) talaði um, að þetta mál væri notað sem kosningaflesk. Það lítur út fyrir, að háttv. þm. (J. Þ.) geti ekki hugsað sjer, að til sjeu mál, sem nokkur maður berjist fyrir af heilum hug. Og fyrst háttv. þm. (J. Þ.) hugsar svo, þá fara menn að skilja öll loforðin um hugsjónamjólkina o. fl., sem borið var fram fyrir Reykvíkinga í kosningunum síðustu.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins þakka fyrir viðurkenningu háttv. flm. (J. B.) á því, að það væri rjett hjá mjer, að aldrei hefði verið leitað neinna samninga um þetta við útgerðarmenn og aldrei farið fram á það við þá að fá ákveðinn hvíldartíma. Og mjer þykir vænt um, að háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) skuli hafa viðurkent þetta svona greinilega. Því þetta er einmitt það atriðið, sem þurfti að upplýsa fyllilega fyrir háttv. þingdeild.

Gæti verið ástæða fyrir löggjafarvaldið að grípa inn í, ef samningar væru gerðir en ekki tekist, en hins vegar er það fyrirsláttur, að hann vilji ekki orða það við útgerðarmenn, því þá þarf að slá af kaupkröfunum.

Það er öldungis ósannað mál, að þetta þyrfti að gera á hverju ári, að minsta kosti veit hann ekkert um það, á meðan þetta er ekki rætt á sameiginlegum fundi útgerðarmanna og hásetafjelagsstjórnarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1658) með 15 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 141, n. 280 (meiri hl.), n. 333 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg lýsti nokkuð við 1. umr. tildrögum þessa máls og ástæðum fyrir því, að það er fram komið; var og hinu háa Alþingi þetta mál eigi ókunnugt með öllu, því það hefir áður legið fyrir þessari háttv. deild á þinginu 1919. Jeg þykist því ekki þurfa að endurtaka það alt aftur. Þó get jeg ekki stilt mig um að drepa enn á höfuðástæðuna, sem liggur til grundvallar fyrir þessu máli, vökuna, og þar af leiðandi heilsuspillandi ofþreytu við veiðarnar á botnvörpuskipunum. Raunar hefir enginn gerst svo djarfur að bera á móti þessu, en til eru þeir menn, sem með allskonar útúrdúrum ganga á svig við sannleikann í þessu efni, þar á meðal háttv. minni hluti nefndarinnar. Þeir hafa viljað láta líta svo út, að við annan veiðiskap eigi sjer stað alveg hið sama. Og því væri þá alveg eins ástæða til þess að setja einhver takmörk fyrir því, hve lengi menn megi vinna þar í einu. Á þetta að vera nokkurskonar grýla, til þess að fæla menn frá því að fylgja þessu máli, vegna ímyndaðs ótta við það, að fleiri fari á eftir.

Þrátt fyrir það, þó að menn leggi mikið á sig við veiðar, bæði á opnum bátum og mótorbátum, smærri og stærri, þá er svo langt frá því, að það komist að jafnaði nokkuð til líka við erfiði eða vökur á botnvörpuskipunum.

Í nál. meiri hlutans er gerð fullkomin grein fyrir þessu. Veðrátta hamlar þrásinnis bæði árabátum og mótorbátum frá veiðum, þó að botnvörpuskipin hafist við. Og það er einmitt þetta, sem gerir vinnu þar erfiðari og hefir komið á stað hinum miklu vökum.

Sjósókn á smábátum er engan veginn sambærileg við veiðar á botnvörpuskipum, þó að það vitanlega komi fyrir, að menn leggi þar á sig vökur og erfiði, þegar góð veiði er og gæftir. En þess ber að gæta, að þeir koma oftast að landi samdægurs, og þá unna menn sjer venjulegast nokkurrar hvíldar, og þar að auki eru landlegudagarnir margir, og þá fæst næg hvíldin. En botnvörpuskipin geta verið að veiðum, þó ekki gefi á sjó smábátum.

Jeg þykist þó skilja, að menn hafi hjer helst til samanburðar hina stærri vjelbáta. Og þó að þeir sjeu orðnir allstórir sumir hverjir, þá haga þeir oft veiðum sínum eins og smábátarnir. Minsta kosti er mjer sagt, að á vetrarvertíðinni hjer sunnanlands fari þeir í róður að morgni eða nóttu, og komi svo aftur samdægurs og leggist upp við land, og hvílast menn þá nokkuð, en auk þess alloftast meðan sótt er út á miðin.

Á þilskipunum eru „frívagtir" og þar ræður því hver og einn, hvað lengi hann stendur, og fer það náttúrlega eftir þreki og vilja hvers eins, hve lengi hann stendur. En þar er munurinn sá, að menn geta tekið hvíldina þegar þeir vilja. Enginn getur skipað þeim að halda lengur áfram en þeir finna sig vera menn til. En á botnvörpuskipunum eru hásetarnir beinlínis háðir valdi skipstjórans til þess að halda áfram við vinnuna, hvort sem þeir geta eða ekki. Og reynslan hefir sýnt, að þeir hafa notað þetta vald sitt. Það er svo langt frá því, að jeg vilji segja, að þeim hafi gengið neitt misjafnt til, eða ætlað sjer að ofreyna verkafólk sitt; en hitt er annað, að það sýnist sem þeir hafi beitt valdi sínu af meira kappi en forsjá um getu manna.

Jeg hefi orðið var við það, að sumir hafa viljað draga það í efa, að svo mikil

brögð væru að vökum á botnvörpuskipunum eins og af sje látið.

Jeg gæti nú sagt háttv. þingmönnum margar sögur af þessum vökum, sem trúverðugir menn hafa sagt um sína eigin reynslu af þessu. En jeg get látið nægja að segja eina eða tvær, sem sýna það greinilega, hve nærri hefir verið gengið þoli manna. Sjómaður, sem verið hefir 5 ár á botnvörpuskipi, 10 ár á handfæraveiðum á þilskipum, 1 ár á línuveiðum, og auk þess formaður í 2 ár, og verður af því sjeð, að hann er kunnugur sjómensku og þekkir vel til í þeim efnum; hann segir það sína reynslu, að ekkert geti komist í samjöfnuð við togaravinnu, hvað snertir ofþreytu og vökur. Og þessi maður sagði um þetta litla sögu á fjölmennum opinberum fundi hjer í vetur, og hittist svo á, að á sama fundi voru menn, sem höfðu verið honum samskipa þegar þetta gerðist, og sönnuðu með honum söguna, en það var á vertíðinni 1916. Skipshöfnin hafði vakað í liðuga tvo sólarhringa við veiðar, en hætti þá að toga, til þess að gera að fiski, sem var mikill óaðgerður á þilfari. Eins og venja er til, voru skipverjar um nóttina kallaðir niður í káetu til að fá sjer kaffi og brauðbita. En sá, sem segir frá, varð seinni til en hinir, fyrir þá sök, að hann fór fram í háseta-klefa til að ná þar í eitthvað. En þegar hann kom niður í káetuna, þá höfðu fjelagar hans, ásamt stýrimanninum, raðað sjer hringinn í kring um borðið og voru allir steinsofandi, sumir með nefið niðri í kaffikrukkunni, aðrir með hálftugginn bita í munninum, og voru líkari vofum en mönnum. Sögumaður fjekk sjer kaffi líka og smurði sjer brauðsneið, en fór sömu leið og hinir og valt út af sofandi. Þannig liðu 3 klukkustundir, þar til stýrimaður rumskaði og vakti þá hina. Vinna var hafin á ný, en gekk tregt, því allir voru enn úrvinda af svefni og þreytu.

Öðrum manni segist svo frá, að í júnímánuði fyrir fáum árum hafi á botnvörpuskipi því, er hann var á, verið vakað við veiðar og aðgerð á fiski í 90 klukkustundir, með aðeins 1 klst. hvíld á sólarhring, enda hafi það ekki verið nema þeir allra þrekmestu, sem svona lengi þraukuðu, — hinir fjellu smátt og smátt í valinn af ofþreytu og vökum. — Má geta nærri, hvaða vinnulag hefir verið orðið á þessum fáu uppistandandi hræðum, og ætli ekki að betra hefði verið og gagnlegra fyrir útgerðina og fólkið, að skift hefði verið í vökur og mönnum veitt nauðsynleg hvíld.

Veit nokkur til, að þetta sje algengt, eða jafnvel komi fyrir á smábátunum, eða jafnvel á stóru vjelbátunum? Jeg held áreiðanlega ekki.

Enda sjest, þegar borinn er saman afli botnvörpunga við meðalafla stórra mótorbáta, að ólíku meiri vinna kemur á hvern mann á botnvörpuskipunum en á vjelbátunum.

Samkvæmt áætlunum útgerðarmanna í brjefi til alþingism., er meðalafli botnvörpuskipa yfir vetrarvertíð talinn vera alt að 3000 skpd., en á hverju botnvörpuskipi eru líklega að meðaltali kringum 30 menn. En meðalafli stórra vjelbáta er á sama tíma talinn góður, ef hann nær 300 skpd. Á þeim eru venjulega hjer um bil 12 menn. Það þarf með öðrum orðum 10 vjelbáta með um 120 manns, til þess að fiska á við eitt botnvörpuskip, og 30 manns á því vinna að jafnmiklum afla og 120 manns á vjelbátunum. Vel getur verið, að vinna sje eitthvað lítið eitt ódrýgri á vjelbátunum, vegna meiri vinnu við veiðarfæri og beitingu, en það er aðeins lítilsháttar, og munurinn gæti þá ef til vill legið í því, að veður hamlar vjelbátunum oft veiðar, þó að botnvörpuskipin sjeu úti. Enda mun svo vera. Með þessu er það skiljanlegt, að brýn þörf geti

verið fyrir takmörkun á vinnu á botnvörpuskipunum, þó að það sje ekki á vjelbátunum. En þar með vil jeg ekki segja, að þörf geti ekki einnig verið þar fyrir slíka takmörkun. Jeg vil ekkert um það fullyrða. Og um sjálfan mig get jeg sagt, að jeg gæti fyllilega á það fallist.

Háttv. minni hluti sjávarútvegsnefndar segir í áliti sínu, að það sje ekki „allur munur" á því, hvað botnvörpungar geti verið lengur að veiðum í vondu veðri en vjelbátar og skútur.

Um skútur þarf ekki að tala í þessu sambandi; þar er vinnan svo óbundin, að hver og einn ræður því, hvað hann stendur lengi. Og þá kemur þetta ekki við málið, og hjer hafa verið leidd að því allsterk rök, að það er einmitt „allur munur" á vjelbátum og botnvörpuskipum í þessu efni. —

Ein er sú mótbára, sem flutt er gegn því, að frumvarp þetta nái fram að ganga, bæði árið 1919, þegar þetta mál var hjer í þinginu, við 1. umræðu þess hjer í deildinni, og nú, er minni hlutinn tæpir á henni í nefndaráliti sínu. Og það er sú mótbára, að með þessu sje skapað fordæmi í öðrum atvinnuvegum; sjerstaklega er þar átt við landbúnaðinn. Enginn hefir fengist til að skýra það nánar, hvernig þetta megi vera, en tilgangurinn með þessu er auðsær. Þetta er fundið upp til þess að hræða háttv. bændur til að vera á móti þessu máli. Það er ekki trúleg ástæða, en hvað gæti hjer annað um ráðið, að slá þessu fram?

Vitanlega nær það ekki nokkurri átt, að bera saman veiðiskap á botnvörpuskipum við landvinnu, svo sem heyskap.

Jeg skal raunar játa, að jeg er nú ekki kunnugur, af eigin reynd, vinnulagi í sveitum. En á uppvaxtarárum mínum þekti jeg til þess, og jeg man ekki til þess, að fyrir hafi komið, að menn hafi þar orðið að vinna hvíldarlaust sólarhringum saman við heyvinnu. Hvort þetta er orðið svo breytt nú, skal jeg ekki um segja, en harla ótrúlegt þykir mjer það. Og mig langar til að spyrja háttv. þingbændur um það, hvort það sje algengt, eða komi jafnvel fyrir, að unnið sje við heyskap hvíldarlaust í 50 klst. eða 70 klst., eða jafnvel upp í 90 klst. — En þetta hefir verið gert á botnvörpuskipunum. — Jeg hygg, að háttv. bændur muni svara þessu neitandi. Jeg gæti jafnvel trúað, að þeim þætti lítill hagur að því, oft og tíðum, að unnið væri í þurru heyi að næturlagi, að minsta kosti þegar fer að líða á og alt er sjóvott af áfalli. Jeg gæti líka hugsað, að það sje líka mjög sjaldgæft — hvað þá að það sje regla — að bændur láti vinna í 18 klst. á sólarhring — en það getur verið vinnutími sjómanna á botnvörpuskipunum eftir frv.

Það er líka eitt, sem skiftir mjög miklu í þessu máli. Undantekningalítið mun það vera svo, að bændur gangi jafnt til vinnu og verkafólk þeirra, þó að þeir hafi verkstjórnina á hendi. Og það eitt út af fyrir sig hlýtur að hafa þau áhrif, að betur er gætt hófs um vinnuna en ella mundi. Hið sama á sjer einnig stað á róðrarbátum og vjelbátunum, að formaðurinn líður súrt og sætt með verkafólki sínu, ef svo mætti segja, og það ræður meira en margan sjálfsagt grunar, að ekki er eins langt gengið þar. Á botnvörpuskipunum er alt öðruvísi, að minsta kosti nú orðið. Skipstjóri tekur sjer þá hvíld, sem honum sýnist. En hann og stýrimaður skiftast á um að stýra vinnunni og hvílast á víxl. En við það missist sú hlutdeild í erfiðinu og vökunum, sem vafalaust hefir að nokkru orðið orsök til þess, að of nærri hefir verið gengið þreki manna. Og þarna getur legið höfuðástæðan fyrir þeim mun, sem er á sveitavinnu allri, á róðrarbátum og

vjelbátum annars vegar og vinnu á botnvörpuskipunum hins vegar. —

Í nál. minni hl. er fullyrt, að ekki sje hægt að benda á það, að heilsufar háseta á botnvörpuskipum sje neitt lakara eða þeir endist ver en sjómenn yfirleitt.

Verður þetta naumast annan veg skilið en að minni hl. telji rangt að lögleiða hvíldartíma á þessum skipum, nema það sje komið í ljós, að sjómenn á botnvörpuskipunum sjeu farnir að týna tölunni að greinilegum mun, vegna ofþreytu og svefnleysis. Líklega verða þeir að hrynja niður eins og flugur, til þess, að háttv. minni hluti vilji láta hefjast handa.

Jeg lýsti því nokkuð við 1. umr. þessa máls, hvernig sjómenn alment litu á þetta mál: Að flestallir þeir, sem um nokkurn tíma hafa verið á botnvörpuskipunum, telja þá vinnu erfiðari en nokkra aðra vinnu á sjó eða landi. Og að þeir fari þegar eftir fá ár að kenna þreytu og lúa við þetta starf, sjerstaklega þegar þeir eru komnir af hinu allra ljettasta skeiði, og að þeir beinlínis kvíði fyrir að fara aftur á skipin, þegar þeir hafa verið um stund í landi. Og þó að hraustustu menn um tvítugs aldurinn þoli þetta um stund, ber þó að hinu sama um þá, þegar fram líður. Og þó að botnvörpungaútgerðin hjá okkur sje nú ekki nema fárra ára, munu þeir vera nokkrir, sem tekið hafa þann heilsubrest við þessa vinnu, sem þeir munu ekki verða jafngóðir af, og það jafnvel svo, að þeir sjeu ekki vinnufærir.

Það getur nú verið, að háttv. minni hluti taki ekki mín orð um þetta trúanleg, en það vill nú svo vel til, að það eru fleiri, sem við athugun hafa komist að sömu niðurstöðu. Og í þá átt benda orð háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þegar um þetta var rætt á þinginu 1919. Og jeg vænti, að hv. minni hl. trúi honum. En ummæli hans um þetta eru á þessa leið í Alþingistíðindum C. 1919, bls. 190:

„Sjálfur þekki jeg nokkra menn á Austurlandi, sem stundað hafa fiskveiðar á botnvörpuskipum hjer sunnanlands. Og allir kvörtuðu þeir undan harðneskjulegum vinnubrögðum, sem tíðkuðust þegar afli væri ör. Tveir af þessum mönnum eru nú nokkuð við aldur og heldur heilsutæpir, og báðir kenna þeir heilsubrest sinn þeim vökum og því erfiði, sem þeir áttu við að búa, meðan þeir fengust við þessar botnvörpuveiðar, en hvortveggi þessara manna er skilorður og orðvar.“

Eru þessi ummæli mjög til stuðnings því, er jeg hefi bæði nú og áður um þetta sagt.

Þá vill minni hlutinn líta svo á, að ef þetta frv. nær fram að ganga, þá muni aflabrögð eitthvað minka. Auðvitað leiði háttv. minni hluti engin rök að þessu, fremur en öðru í áliti sínu, og þessu er í raun og veru svarað í áliti meiri hlutans. Og þar er sýnt fram á, hvílík fjarstæða það sje að ímynda sjer, að menn afkasti meiru með því að vinna jafnvel sólarhring eftir sólarhring, þangað til þeir detta út af sofandi frá vinnu sinni, heldur en að þeim væri veitt hæfileg hvíld í sólarhringi til þess að halda þreki sínu. Jeg held að það hljóti að verða dómur flestra skynbærra manna, að það sje von um meiri afla, með því að lögtryggja þá hvíld, sem frv. gerir ráð fyrir. Og þá kemur það heldur ekki fyrir, að skip þurfi að hætta veiðum vegna ofþreytu háseta, þó að gott sje veður og fiskur nægur.

En þetta hefir þó ekki ósjaldan komið fyrir. Og hefir þessu nýlega verið lýst mjög svo greinilega af gömlum nafngreindum sjómanni, í blaði nýlega, og langar mig til þess að lofa háttv. þm. að heyra, hvað reyndur maður í þessum efnum segir:

„Þegar menn eru búnir að vaka 50, 60 eða 70 klukkutíma, þá verður skip-

ið að hætta veiðum algerlega, þá eru allir svo magnlausir og úttaugaðir, að verkið gengur bókstaflega ekki neitt.

Nú fá menn að sofa 4—6 klukkutíma, en eru svo miskunarlaust rifnir upp aftur, litlu betri eftir þennan stutta svefn, og þá byrjar jafnlöng skorpa aftur. Og í þessari seinni skorpu byrja hinar verulegu þjáningar mannanna.

Eins og líka hver heilvita maður hlýtur að skilja, að sje maðurinn nokkurnveginn útsofinn, þá þolir hann mikið einusinni, en þegar á að fara að þvinga fram vinnukraft hjá úttauguðum mönnum, þá er ekki von, að vel fari.

Mjer er óhætt að segja, að það er úrvalið úr íslenskum alþýðumönnum, sem ræður sig á togarana, því það þýðir ekki neinum liðleskjum, þeir eru settir í land eftir fyrsta túr, en hörmulegra er að sjá, hvernig með þessa menn er oft og einatt farið.

Jeg t. d. hefi oft sjeð það, að ungir og hraustir menn hafa steinsofnað með nefið ofan í diskinn, sem þeir hafa verið að borða úr, og hvar sem menn stansa og í hvaða stellingum, eru þeir sofnaðir. Þetta er ekki kvalalaust. Jeg hefi reynt þetta sjálfur. Þegar svefninn ásækir mann svona fast, er engu líkara en verið sje að slíta eitthvað út frá hjartarótum manns".

Sannast að segja held jeg, að þetta nægi til að sýna, að sú mótbára, að það dragi úr framleiðslunni að samþykkja þetta frv., sje ekki á neinum rökum bygð. Mig skyldi ekki undra, þó að hið gagnstæða yrði í reyndinni.

Loks kemur minni hlutinn með þá margtugnu ástæðu gegn þessu frv., að málsaðiljar, sjómenn og útgerðarmenn, eigi að semja um þetta mál sín á meðal, án þess að löggjöfin hlutist þar til um.

Frjálst samkomulag! Það hljómar nú að vísu fagurlega í munni, en það er ekki alveg sama um, hvað þetta frjálsa samkomulag er. Mjer skilst, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem þessu halda fram, líti málið þannig út: Sjómenn telja sjer nauðsynlegt að fá ákveðinn hvíldartíma á sólarhringi hverjum, og það er ekki önnur leið fyrir þá en að fara til útgerðarmanna og spyrja þá að því, hvort þeir ekki vilji veita þeim þessa hvíld. Þessir menn, sem þannig líta á málið, hljóta þá að vera þeirrar skoðunar, að útgerðarmenn eigi heimtingu á vinnu sjómannanna í 168 kl.-stundir á viku, og að þeir geti gefið þeim eftir eða veitt þeim af náð sinni eitthvað af þessum tíma til hvíldar. En þessu verð jeg að neita harðlega. Jeg neita því, að jafnvel nokkur maður hafi leyfi til þess að ráðstafa sjálfum sjer þannig, að hann ráði sig til þess að vinna dag og nótt hvíldarlaust, vikum saman. Jeg teldi þjóðfjelaginu skylt að koma í veg fyrir slíkt, vegna þess, að það mundi verða tvímælalaus skaði fyrir þjóðina. Og þá er hitt ennþá fráleitara, að nokkur atvinnurekandi eignist eins og af sjálfu sjer þennan rjett yfir þjónum sínum.

Það færi heldur ekki hjá því, ef sjómenn færu að semja við útgerðarmenn um þetta, þá hlytu þeir að láta einhver fríðindi fyrir að fá þessa hvíld. Samkomulag verður nú oftast á þann hátt, að báðir málsaðiljar slá nokkuð af kröfum sínum. Og svo mundi einnig fara í þessu máli. Og fyrir uppfyllingu þessarar kröfu sinnar myndu sjómennirnir vafalaust verða að gjalda einhvern hluta af kaupinu, sem þeir verða að hafa til viðurværis sjer og sínum. Það er þó væntanlega ekki þetta, sem háttv. minni hluti ætlast til að verði.

Það er heldur ekki líklegt, að það yrði til að bæta fyrir um samvinnu milli þessara stjetta, ef þær færu að semja um þetta mál. Í nefndaráliti meiri hlutans er einmitt sýnt fram á, hvernig þetta mál getur orðið hið mesta deiluefni milli stjettanna,

og hversu hætt er við að sá, sem sterkari væri í þann og þann svipinn, beitti bolmagni til þess að koma sínum vilja fram.

Þetta mál er heldur ekki nýmæli í löggjöfinni að því leyti, sem það skipar fyrir um tilhögun á vinnu.

Aðrar þjóðir hafa nú flestar fullkomin lög um skipun atvinnumála sinna, og þó að sú löggjöf sje að vísu nokkuð í bernsku ennþá hjá okkur, þá úir og grúir af fyrirmælum í löggjöf okkar, sem á einn eður annan hátt takmarka hið svokallaða frjálsa samkomulag, og sum þessara laga eru allgömul. Meðal annars má benda á hjúalögin. Þar eru lagðar vissar kvaðir á húsbændur hjúa, sem þeir verða að uppfylla, og sem hlutaðeigendur ekki geta farið í kring um, jafnvel með samkomulagi.

Enn má benda á lögin um iðnaðarnám, sem fyrirskipa hversu ráða megi menn til iðnaðarnáms, og allir samningar þar um, sem fara í bága við þau, eru ógildir.

Og loks eru siglingalögin, sem eru lagabálkur í nál. 300 gr., að meira eða minna leyti takmarkanir á því, sem eftir skilningi minni hluta sjávarútvegsnefndar gæti verið frjálst samkomulag.

Mörg eru fleiri lög, sem takmarka þetta.

Háttv. þingmenn þurfa því ekki að óttast, að hjer sje verið að fara út á neina algerlega nýja braut, þótt þeir samþykki frumvarpið, sem hjer liggur fyrir.

Þá skal jeg með fáum orðum skýra greinar frv. Er þess að vísu lítil þörf, því þær skýra sig að mestu leyti sjálfar.

1. gr. Sú venja hefir verið, að þegar botnvörpuskip hefir verið í höfn hjer við land, hafa hásetar eigi þurft að taka þátt í fermingu eða affermingu, og eigi haft önnur störf en helst ef þurft hefir að gera við veiðarfæri og laga til á þilfari.

2. gr. Þegar skip liggja vegna óveðurs hefir venjan verið sú, að skipverjum hefir verið skift í vökur, þrjár eða fjórar, eftir því, er hefir þótt henta, og er ætlast til, að þeirri reglu verði fylgt, sem venja hefir verið, þó svo, að hvíldin verði eigi skemri en segir í frvgr.

3. gr. skýrir sig í raun rjettri sjálf. Skipshöfninni er skift í vökur, og ¾ hlutar háseta vinna í einu. Tekur þetta vitanlega ekki til vjelamanna eða matsveins. Sjeu hásetar 24, verða 18 manns að vinna, en 6 taka hvíld.

Jeg hygg, að jeg geti þá hjer með lokið framsögu í málinu af hendi meiri hluta sjávarútvegsnefndar. En frá sjálfum mjer langar mig til þess að minnast á eitt atriði í áliti minni hlutans, sem jeg gæti líklega tekið að einhverju leyti til mín.

Minni hluti vill láta líta svo út, sem það sjeu ekki sjómennirnir sjálfir, sem bera fram kröfu til Alþingis um hvíldartíma á botnvörpuskipum, og að frá þeim hafi aldrei heyrst eitt einasta æðruorð yfir erfiði því og vökum, sem þeir hafi orðið á sig að leggja. En það sjeu foringjar verkamanna og sjómanna, sem hafi beitt sjer fyrir þessu máli.

Jeg vissi nú raunar, að málstaður hv. minni hluta í þessu máli var ekki góður, en jeg hjelt sannast að segja, að háttv. minni hluti mundi ekki sýna það jafnáþreifanlega og hann gerir með þessu, hvílíkt öngþveiti hann er kominn í. Hann vinnur sjer ekki fylgi með því að fara með ósannindi og dylgjur í málinu. Með því sýna þeir ekkert annað en rökþrot sín og ráðaleysi enn greinilegar.

Og jeg ætla nú ekki að óreyndu að halda, að þeir hafi fundið þetta upp sjálfir. Jeg vil heldur trúa því um þá, að þeir hafi lagt eyrun að illmælgi óhlutvandra manna í þessu efni.

Og þeir hafa máske dálitla afsökun í því, að þeir eru hvorugur nægilega kunnugur því, hvaðan þetta mál er runnið. En sú afsökun er þó ekki mikil, þegar þess er gætt, að hjer fyrir þinginu liggja áskoranir frá mörg hundruð sjómönnum um

þetta mál. Og það því síður, sem þeim er kunnugt um þessar áskoranir, eins og sjá má af nefndaráliti þeirra.

Þegar hreyfing kom fyrst á þetta mál, jeg ætla það væri 1917, þá voru það sjómennirnir sjálfir, sem á botnvörpuskipunum unnu, sem báru þetta mál fram í stjettarfjelagi sínu hjer í Reykjavík, í Sjómannafjelaginu. Og þeir fólu stjórn sinni, sem líka er skipuð sjómönnum, að koma því á framfæri við þingmann Alþýðuflokksins, þáverandi 1. þm. Reykv., Jörund Brynjólfsson. Og það voru þeir sjálfir, sem fyrst og fremst hjeldu því vakandi í fjelagi sínu. Og ennfremur voru það sjómennirnir sjálfir, sem gengust fyrir því að safna undirskriftaáskorunum þeim, sem nú liggja hjer fyrir. Og engum, sem nokkuð fylgdist með í kosningunum hjer í Reykjavík í vetur, mun hafa getað blandast hugur um það, að þetta var fyrst og fremst áhugamál sjómannanna sjálfra. Og sjómennirnir hafa ekki mælt þetta af æðru; þeir hafa borið þessar kröfur fram af því, að þeir telja þetta nauðsynlegt fyrir þjóðina, til þess, að sjómannastjettin haldi fullu þreki sínu.

Og nú er málið borið hjer inn á þing samkvæmt fundarsamþykt í fjelagi sjómanna. Og þeir lögðu með samþykki sínu síðustu hönd á frv. það, sem hjer hefir verið borið fram.

Það, sem foringjar verkamanna og sjómanna hafa gert í þessu máli, er því ekki annað en það, sem sjálfsagt var, að bera fram fyrir þingið óskir þeirra og kröfur.

Jeg skal játa, að mjer hefði þótt það mikill heiður, ef jeg hefði verið frumkvöðull þessa máls, svo þarft tel jeg það og nauðsynlegt.

En jeg á nú ekki þann heiður, því miður, og jeg kæri mig heldur ekki um að taka við honum, þó að minni hluti nefndarinnar vilji nú gefa mjer hann, því það er gert af illum hug við málið. Og jeg vona, að háttv. deild láti fara hjer að málavöxtum, og samþykki frumvarpið. Með því vinnur hún þarft verk.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Okkur, sem heima eigum utan Reykjavíkur, bárust ýmsar fregnir af því, hvernig það hefði gengið til á þingmálafundum hjer í vetur fyrir kosningarnar, að þar hefði oltið á ýmsu um framferði manna og háttalag, og síst hefði skort þar á fullyrðingar, slagorð, getsakir og brigslyrði og annað þvílíkt góðgæti. Gera mátti fyllilega ráð fyrir því, að frjettir um þetta væru allmikið orðum auknar. En þegar jeg áðan heyrði ræðu háttv. frsm. meiri hl. (J. B.), þá minti hún mig ósjálfrátt á fregnirnar um þingmálafundina hjer í vetur. Jeg skal ekki efast um það, að frásagnirnar um það hafi verið rjettar, eftir að hafa hlýtt á þessa ræðu. En það er óvandari eftirleikurinn fyrir mig. Þó ætla jeg ekki að fara út í slíkt. Mjer finst það síður en svo eftirbreytnisvert.

Í nál. minni hluta sjútvn. á þskj. 333 höfum við gert í stórum dráttum ljósa grein fyrir þeim rökum, sem liggja til þess, að við getum ekki orðið samferða háttv. meiri hl. í því, að leggja til, að þetta frv. verði að lögum. Jeg get vísað til þessa nál. til þess að forðast endurtekningar, en ætla aðeins að drepa á örfá atriði í nál. meiri hl., og getur það, að ýmsu leyti jafnframt verið svar við ræðu háttv. frsm. (J. B.).

Það er tekið fram í þessu nál. og í greinargerð frv., að hásetum á íslensku botnvörpungunum sje oft ofboðið með vökum, svo þeir hafi heilsutjón af, og reynslan sýni, að þeir eldist um örlög fram.

Það dettur víst engum í hug að bera brigður á það, að líf sjómanna er oft strangt, og það afskaplega strangt. Jeg get þar sjálfur úr flokki talað, þó að jeg hafi ekki verið á botnvörpuskipi. Sjó-

mennirnir verða oft að leggja hart að sjer, en þeir, sem kunnugir eru, vita, að hjá því er ekki hægt að komast. Þeir, sem þann akur plægja, verða að vera áræðnir og beita karlmensku og dug. Þeir mega ekki láta neitt tækifæri ganga úr greipum sjer. Og það er sameiginlegt, hvaða veiðiaðferð sem beitt er. Það má tvímælalaust telja það sannindi, að þegar Íslendingar fyrst fóru að stunda botnvörpuveiðar, hafi sjómennirnir oft orðið að leggja á sig vökur, fremur en góðu hófi gegndi og hyggilegt var. En það var eðlilegt, að svo færi fyrst í stað, og má færa nokkur rök fyrir því.

Löngu áður en fullkomnari og endurbættur farkostur kom hjer til sögunnar, meðan sjómennirnir höfðu ekki annað en opnu bátana sína, var stórhugur þeirra orðinn svo mikill, að þeir víluðu ekki að sækja langt á haf út. Má þar til nefna hákarlalegurnar, sem mest voru stundaðar um hávetur, legið úti í svartasta skammdeginu, er skemstur var dagur, sólarhringa í röð. Allir fulltíða menn hjer við Faxaflóa munu kannast við hina svo nefndu Garðtúra. Það var nefnilega standandi venja milli haustvertíðar og vetrarvertíðar — tímabilinu frá því í desember og þangað til í mars — að sækja suður í Garðsjó úr veiðistöðunum hjeðan við innanverðan Faxaflóa. Var svo legið við þar suður frá þangað til búið var að fá upp á skipið; lengur og skemur eftir aflabrögðum og veðráttu. Var það oft æðikaldsamt, höfðu menn þá oft ljelega aðbúð, urðu stundum að liggja í útihúsum yfir nóttina. Þeir hikuðu ekki við það, sjómennirnir hjer við Faxaflóa, að sigla yfir þveran flóann á opnum bátum um hávetrinn, er skemstur var dagur. Þeim varð auðvitað oft hált á þessu, en það dróg ekki vitund úr þeim, sjómönnunum, enda er það arfgengt og ósvikið einkenni hinnar íslensku sjómannastjettar, að harðna við hverja pláguna. Það má því segja það ótvírætt um sjómennina okkar, að þeir væru vaxnir upp úr kringumstæðunum — ef svo mætti að orði kveða — þegar stærri og fullkomnari farkostir komu til sögunnar.

Þess vegna skyldi engan undra það, þó þeir kynnu sjer ekki hóf, en gengju blátt áfram berserksgang við veiðarnar, er þeir voru búnir að fá haffær skip, og þurftu ekki strax að leita lands, þó nokkuð bjátaði á, og gátu boðið stormi og sjóum birginn. Að þessu má rekja orsakir, að á fyrstu árum botnvörpuútgerðarinnar hjer var ekki gætt hófs í sóknum, að þess var ekki altaf gætt sem skyldi, „að kapp er best með forsjá“. Svona var það líka með skúturnar og vjelbátana. En eins og íslensku sjómennirnir eru djarfir og ótrauðir til sóknar, þá eru þeir líka hagsýnir og sýnt um að nota þau hyggindi, sem í hag koma.

Formenn skipanna sáu það auðvitað brátt, að það voru ekki hyggindi, sem í hag koma, að þreyta svo háseta sína með vöku og vinnu, þegar gæftir voru að staðaldri, að vinnan yrði ver af hendi leyst og minna verki afkastað. En þeim var nokkur vorkunn meðan skipin voru lítil og rúmuðu ekki nógu marga menn til að bjarga aflanum, þegar vel veiddist og gæftir hjeldust.

Nú er þetta orðið gerbreytt frá því, sem áður var, þó einkum hvað togara snertir. Nú eru skipin orðin miklu stærri og miklu meiri mannafli á þeim en áður, og auk þess aðstaða öll betri, svo mun hægara er að neyta sín við vinnuna. Og jeg hefi orð ýmsra háseta á botnvörpungum fyrir því, að þetta fyrirkomulag um vaktaskifti, sem talað er um í frv., sje einmitt sniðið eftir því, sem vinnunni er nú hagað á flestum togurunum. Háttv. frsm. (J. B.) hristir höfuðið, og hann sagði áðan í ræðu sinni, að minni hl. mundi hafa lagt hlustirnar við illmælgi óhlutvandra

manna í þessu efni. En þar skjátlast honum sem víðar, því við höfum einmitt gert okkur far um að leggja hlustirnar við það, sem hásetarnir á togurunum segja um þetta mál, og sótt þessar upplýsingar beint til þeirra.

Þetta sýnir, að það er alls engin þörf á að setja lög um þetta efni. Það, sem hjer á að fara að skipa með lögum, er annaðhvort komið í framkvæmd á þann rjetta og eðlilega hátt, með frjálsu samkomulagi, eða það er að færast í áttina til þess, og það, sem áfátt kann að vera í því efni, er að sjálfsögðu hægt að kippa í lag á sama hátt, bara ef þeir rjettu hlutaðeigendur fá að semja í friði um þetta og jafna það sín á milli. Aftur á móti vil jeg benda á það — jeg veit, að háttv. frsm. (J. B.) telur það engin rök; en jeg held, að hann sje í minna lagi skygn á rök — að það gæti varla hjá því farið, ef þetta frv. yrði að lögum, og þeim lögum yrði framfylgt, þá mundi það óhjákvæmilega draga úr aflabrögðum, þegar svo ber undir, einkum að vetrarlagi, að ekki er hægt að vera að veiðum nema eitt dægur eða sólarhring í einu; en veðráttufarinu er iðulega svo háttað á þeim tíma. Það er því óneitanlega hart, og það mundu engir finna betur en einmitt sjómennirnir, að þegar ekki hefir verið hægt að vera að veiðum dögum saman, en svo kemur dagur eða sólarhrings hlje, að þá skuli verða að brjóta landslög og rjett, til að notfæra sjer þann afla, sem að höndum ber, eða að öðrum kosti láta hann ganga sjer úr greipum. Þetta er óneitanlega hart, og það er þeim mun bagalegra, sem það er algengt, að það koma langir kaflar, sem tíðarfarinu er einmitt þannig varið. Jeg held því, að það sje rjettast og heppilegast að fylgja þeirri grundvallarstefnu, sem hjer hefir verið fylgt, og sem getið er um í nefndaráliti okkar minni hluta manna, að frjálst samkomulag eigi að ríkja um þetta, eins og nú er og hefir verið; þá er hægt að haga þessu eftir því, sem það á við í hvert skifti, en stilla þó öllu í hóf. Valdið til þess hafa sjómennirnir í hendi sinni, og það vald er best komið hjá þeim.

Háttv. frsm. (J. B.) sagði, að við minni hluta menn mundum hugsa okkur þessa samningaaðferð þannig, að hásetarnir færu bónarveg að útgerðarmönnum og beiddu um þetta, en af því mundi leiða, að þeir yrðu að slá svo og svo miklu af sanngjörnum kaupkröfum sínum. En þarna getur háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) gersamlega skakt til, því að við skoðum þessa aðilja, hásetana og útgerðarmennina, báða jafnrjettháa og að hvorugur þurfi að fara bónarveg til hins, heldur einungis koma fram með óskir sínar, eins og þeim manni ber, sem fyrir rjettu máli berst. Það þarf ekki langt að leita, til að sýna að svona er þetta líka í reyndinni. Jeg man að fyrir nokkru, og það er ekki langt um liðið síðan, að upp kom deila á milli þessara tveggja aðilja. Þar komu hásetarnir fram með kröfur sínar, og hverjir urðu að láta undan síga? Útgerðarmennirnir. Þetta sýnir, að hásetarnir hafa haft einurð til að berjast fyrir máli sínu, og að þeir *geta* komið sínu fram, og *eiga* að koma fram, engu síður en hinn aðilinn, öllum rjettmætum og sanngjörnum kröfum sínum.

Menn verða að gæta þess, að það er alt öðru máli að gegna með þann atvinnurekstur, sem háður er hinni margbreytilegu veðráttu, eins og til dæmis fiskveiðar og landbúnaður, heldur en verksmiðju- og námuvinnuna, sem hvorugt er háð dutlungum tíðarfarsins. Við slíkan atvinnurekstur er auðvitað hægt að láta alt ganga eftir föstum reglum. En þetta tvent er svo gerólíkt, að þar kemst enginn samjöfnuður að.

Við skýrðum frá því í nefndaráliti okkar, hvernig mál þetta er upphaflega komaf. En sú frásögn virðist hafa snert háttv. af En sú frásögn virðist hafa snert háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) allóþægilega, og með henni hefir víst verið slegið á einhverja viðkvæma strengi hjá honum, því hann rauk svo ótrúlega upp á nef sjer út af þessu, en það styrkir grun minn um það, að eitthvað muni vera hárugt við það, hvernig mál þetta er upphaflega fram komið og hvernig það hefir verið gert að þingmáli. Raunar þykir mjer það töluvert miður, að háttv. þm. (J. B.) skyldi verða svo ofsareiður út af því, að á þetta var minst, en úr því að blaðra hans er á annað borð sprungin, þá vil jeg minnast á þetta nokkuð nánar og gera því betri skil, því eins og jeg tók fram í upphafi, er óvandari eftirleikurinn. Jeg skal bæta því við, að það var ekki nema eðlilegt, að hann vitnaði til þeirra áskorana frá togarahásetum, sem nú liggja fyrir þinginu og skora á þingið að setja lög um þetta efni. Það er mjög eðlilegt, að háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) leggi slík gögn í málinu ekki í lágina og beri þau fyrir sig og þykist ekki standa höllum fæti, er slíku er til að dreifa. Þessar áskoranir eru dagsettar fyrst á árinu 1921, en það er rjett að jeg drepi á, að mjer er alls ekki grunlaust um, að það sje alls ekki runnið undan rifjum íslenskra sjómanna að skora á Alþingi að setja lög um það, hvernig þeir skuli haga starfi sínu á sjónum, og byggi jeg það á því, að jeg þekki svo vel skaplyndi íslenskra sjómanna; lög um það, hve mikið þeir megi leggja á sig í sínar eigin þarfir, — setja lög, sem brjóta í bág við hin óskráðu lög, sem geymst hafa og varðveitst í hugskoti hvers einasta íslensks sjómanns alt frá því, er land þetta bygðist. Jeg leyfi mjer að fullyrða, að þessi hugmynd er áreiðanlega ekki runnin undan rifjum íslenskra sjómanna, og er ekki upphaflega frá þeim komin; hún er ekki sprottin upp úr íslenskum jarðvegi. Þetta er erlend farsótt, sem borist hefir inn í landið, þrátt fyrir alt sóttvarnareftirlitið. Það mun sanni næst, að þessar áskoranir sjeu upphaflega komnar fram fyrir tilstilli og áeggjan þeirra manna, sem vilja spila sig foringja sjómanna hjer, en hafa sjálfir aldrei neitt við sjómensku fengist. Þeir þurfa að vekja upp málefni, svo þeir geti sýnt sjómönnunum, hvað þeir sjeu þeim hlyntir og nauðsynlegir, og að smeygja þessu inn í löggjöfina er frá þeirra hendi gert í miklu víðtækara augnamiði. Þeir nota þetta til að sýnast. Það er því altof mikið úr því gert, að þetta sje svo mjög í þágu íslenskra sjómanna; jeg þekki þá stjett vel og veit, að þeir eru menn fyrir sínum dyrum. Baráttan á sjónum hefir kent þeim að sigrast á örðugleikunum, og hjer munu vart vera þeir örðugleikar við að stríða, sem þeim ekki tekst að sigrast á. Það er altof mikið konungseðli í íslenskum sjómönnum til þess, að þeir þurfi að láta skipa fyrir um það með lögum, hvernig þeir í þessu efni haga störfum sínum á sjónum.

Það var eitt atriði enn í ræðu háttv. frsm. meiri hl. (J. B.), sem að miklu leyti er svarað með því, sem jeg hefi sagt um nál. meiri hlutans, sem jeg get ekki leitt hjá mjer að víkja ofurlítið að.

Það er það, þar sem verið er að reyna að hrekja það, að rjettast sje að hásetar og útgerðarmenn semji um þetta sín á milli. Það er talað um það í meiri hl. nál., hvaða afleiðingar það geti haft, ef þessir aðiljar ættu að semja um þetta sín á milli. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa þessi ummæli upp úr nál. Þau eru svo hljóðandi:

> „Gæti þá svo farið, að bolmagni yrði beitt, og hefði þá sá betur, sem sterkari væri í þann og þann svipinn. Í ár yrðu t. d. sjómenn sterkari, og næðu

fram sinni upprunalegu kröfu um 8 stunda hvíld í sólarhringi, næsta ár yrðu það útgerðarmennirnir, sem rjeðu, og þá yrði hvíldartíminn ekki nema t. d. 2 stundir í sólarhringi, sjómenn næðu svo aftur yfirtökunum á þriðja árinu og settu hvíldartímann 10 eða 12 stundir, og enn breyttist svo á fjórða árinu, að útgerðarmenn yrðu ofan á, og vildu þá ekkert um þetta semja".

Það má nú segja um þessar ástæður, sem þarna er tjaldað til, að „örskamt er öfganna á milli". Það er sem sje hvorki meira nje minna en að þessum aðiljum, hvorum um sig, eru gerðar upp þær hvatir, að sá sem yfirsterkari yrði í þann og þann svipinn, myndi leggja þennan atvinnuveg í rústir.

Það er auðvitað sama, hvort heldur væri, að hásetarnir fengju undantekningarlaust aldrei að sofa nema 2 stundir í sólarhring eða að hásetarnir sæfu aldrei minna en hálfan sólarhringinn; hvorttveggja mundi leiða til þess, að atvinnuvegurinn yrði drepinn og legðist í rústir. Útgerðarmenn mundu þá, eftir þessu, fremja efnalegt sjálfsmorð. En að hugsa sjer það, að háttv. frsm. meiri hl. (J. B.), sem sennilega vill láta líta svo út, með því að flytja frv. þetta, að hann beri hagsmuni og velferð botnvörpungaháseta fyrir brjósti og sje þeim vinveittur, að hann skuli geta látið það sjást eftir sig á prenti, að hann geri þeim upp þann hugsunarhátt og þær hvatir, að þeir mundu ekki svífast þess að drepa þennan atvinnuveg, ef þeir rjeðu — og það með því að sofa hálfan sólarhringinn. Þvílík ósvífni hefir íslenskri sjómannastjett hvorki fyr nje síðar verið borin á brýn. Jeg vil ekki, að sjómennirnir liggi undir því ámæli, og jeg mótmæli því harðlega, að slík hugsun eða slíkar hvatir hreyfi sig hjá nokkrum íslenskum sjómanni. Og þeir hafa aldrei gefið tilefni til þess, að slíkri getsök eða fullyrðingu sje slegið fram.

Til viðbótar því, sem jeg nú hefi sagt um nál. meiri hl., skal jeg víkja að örfáum atriðum í ræðu háttv. frsm. meiri hl. (J.B.). Við höfum skotið því fram, minnihluta menn, að ef ástæða þætti til að setja lög um þetta, þá væri vafamál, hvort frekar væri ástæða til þess á botnvörpungum en á öðrum veiðiskipum. Hann segir, að ekki sje ástæða til þess á skútum, því að menn legðu þar á sig vökur sjálfviljugir, og gætu tekið hvíldina, þegar þeim sýndist, en á botnvörpungunum væru þeir háðir valdi skipstjórans. En sjómenn á skútunum leggja eigi að síður svo mikið á sig, að ósannað má telja, að botnvörpungasjómenn gangi þar feti framar, enda er slíkt íslenskum sjómönnum líkt. Hvað mótorbátunum viðvíkur, þá sagði hann, að þeir yrðu að leita lands, löngu áður en botnvörpungar hættu veiðum, ef um misjafnt veður væri að ræða. En jeg get fullvissað háttv. frsm. (J. B.) um það, að mótorbátar hafa dregið lóðir sínar *eftir* að botnvörpungar hafa orðið að hætta veiðum. Svo er og ekki um hvíld að ræða hjá sjómönnum á vjelbátum, þótt í land sje komið. Fyrst er að gera að aflanum, síðan að beita lóðina, og mjer er kunnugt um það, að vökur á mótorbátum eru oft og löngum engu minni en á togurunum. Sjómennirnir á mótorbátunum leggja oft og löngum óhóflega mikið á sig, en þeir geta ekki náð miklum afla nema með þessu mikla erfiði og vökum.

Háttv. frsm. (J. B.) las upp tvær sögur, sem áttu að sýna átakanlega, hvernig gengi til á botnvörpungum. Önnur sagan var frá 1916, en hin var eldri. Það er auðvitað, að ef sýna ætti dæmi úr sjósókn Íslendinga frá byrjun, þá yrðu þau

æðimörg dæmin, sem sýndu, hve hart hefir verið gengið að verki og hve mikla þreytu og erfiði menn hafa oft orðið að þola, og má óefað benda á mörg slík dæmi á öðrum þilskipum, og þá líka á róðrarbátunum. Af eigin reynslu er mjer kunnugt um það, að í einni veiðistöð hjer suður með sjó, sem jeg reri í í margar vertíðir, kom það nokkrum sinnum fyrir, að meginið af vertíðaraflanum fekst á rúmum hálfum mánuði, og fengust þó háir hlutir. Og jeg man, að þá var ekki mikið sofið, og að menn höfðu þreytu í limum.

Þá kom háttv. frsm. (J. B.) að því, að við hefðum minst á landbúnaðinn í sambandi við þetta mál, en við gerðum það í því sambandi, þar sem minst var á þá atvinnuvegi vora, sem að miklu eru háðir veðráttunni, hvernig lagaákvæði sem þetta rækju sig á. Og þeir, sem þekkja til, vita, að oft verður að leggja að sjer mikla vinnu við heyannir, þegar svo stendur á, að miklu heyi þarf að bjarga undan rigningu. Það gæti óneitanlega oft komið að æðimiklum baga, að setja lagaákvæði um það, sem eigi mætti út af bregða, hvað sem væri í húfi, hvernig haga skyldi vinnubrögðum um heyannir.

Jeg segi ekki, að vakað sje 60—80 klukkustundir í einu, en það myndi koma óþægilega niður, ef fara ætti að setja lög um slíkt. (*J. B.*: Það liggur ekki fyrir). Að vísu gerir það ekki ennþá, en háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) gaf tilefni til þess, að minst er á þetta frekar, þar sem hann sagði, að með þessu væri verið að hræða bændur á þingi til að vera á móti frv. Jeg veit ekki, hvort þingbændur eru hv. frsm. (J. B.) neitt þakklátir fyrir að bera á sig bleyðiorð; held að þeir hafi ekki gefið ástæðu til að telja sig neitt blauða, og jeg ætla, að þeir fari sínu fram, hvað sem háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) segir.

Þá mintist hv. frsm. (J. B.) á það, að það, sem greindi á um þörf fyrir sjerstök lög um þetta á togurum, væri, að í sveitum gengi húsbóndinn alla jafna að vinnu með fólki sínu, og á vjelbátunum ynni formaðurinn jafnlengi og hásetarnir, en á botnvörpuskipunum gæti skipstjórinn tekið sjer hvíld eftir þörfum, en látið hásetana þræla á meðan.

Það er nú svo, að þótt botnvörpungaskipstjórar gangi eigi beinlínis að verki með hásetunum, þá leggja þeir eigi að síður á sig miklar vökur. Og jeg hefi heyrt háseta á þessum skipum segja, að skipstjórar legðu engu minni vökur á sjálfa sig en hásetana, því að þeir teldu sjer vísari afla með því að stýra skipi sínu við veiðarnar en fela öðrum stjórnina, enda er dugnaði og þrautseigju margra skipstjóranna við brugðið.

Þá fór háttv. frsm. (J. B.) mjög háðulegum orðum um þau ummæli okkar í nál., að ekki væri hægt að benda á það, að heilsufar háseta á botnvörpungum væri verra en annara sjómanna. Hann sagði, að við vildum víst draga að lögfesta hvíldartímann, þangað til hásetarnir hryndu niður. Þessi ummæli hans sýna, hve hugleikið honum er að vega rök mótstöðumanna sinna, og þarna sýnir hann vel sinn innri mann. Jeg þekki allmarga menn, sem stundað hafa sjómensku á botnvörpuskipum um lengri tíma, suma frá því, er botnvörpuveiðar var farið að stunda fyrir alvöru hjer, og þeir bera ekki, öðrum fremur, merki heilsubilunar. Við höfum leitað álits lækna hjer í bænum um það, hvort veikindi sjeu tíðari hjá þessum mönnum en öðrum sjómönnum, en þeir neita að svo sjer. Og jeg legg meira upp úr því, sem læknar segja um það mál, en því, sem háttv. frsm. (J. B.) er að slá hjer fram. En hitt er rjett, að það koma iðulega þau atvik fyrir, að menn verða að leggja meira að sjer en góðu

hófi gegnir, en það verður svo meðan sjómenska er stunduð hjer við land og traust þjóðarinnar byggist á fiskveiðum.

Í sambandi við þetta mintist háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) á ummæli háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hjer í þinginu í hitteðfyrra. Jeg efast ekki um, að sá háttv. þm. (Sv. Ó.) hafi farið þar með rjett mál. En það er villandi að grípa á einstökum dæmum, þessu máli til stuðnings. Sumir eru svo veikbygðir, að þeir þola ekki að stunda sjómensku, þola ekki það erfiði, sem til þess útheimtist.

Þá mintist háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) á það, að með frv. þessu væri ekki farið inn á neinar nýjar brautir, því ýms ákvæði um skyldur yfirmanna við háseta væru til, m. a. í farmannalögunum. Farmannalögin eru alt annars eðlis en þetta frv., og lægi miklu nær samanburður á þeim og hjúalögum, en í hvorugum þeim lögum eru nokkur ákvæði, sem koma í bága við þennan atvinnuveg. En ef rjett er að setja reglur eins og þessar, þá má eins vel gefa út reglur fyrir, hvernig mönnum beri að haga sjer með orf og hrífu, enda mundi þess ekki langt að bíða, að hinir raunverulegu forkólfar þessa máls mundu reyna að slá um sig með því að bera þar niður. Og mjer er ekki kunnugt um, að samskonar ákvæði, sem hjer um ræðir, hafi verið tekin upp í löggjöf annara þjóða. Á Englandi munu hafa verið settar einhverjar reglur um þetta efni, en þó ekki lengra gengið en það, að mönnum væri trygður 4 tíma hvíldartími í sólarhring, en frá því mun nú vera horfið fyrir alllöngu að leggja þar neinar hömlur á menn í þessu efni með lagaboðum. En það sýnir, að þeim vitru mönnum, sem við völd hafa verið í Englandi, hefir þótt varhugavert að fara inn á þessa braut.

Það, sem háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) vjek að mjer eða okkur minni hluta mönnum frá eigin brjósti, skal jeg alveg leiða hjá mjer. Jeg álít ekki rjett a fara í neitt aurkast við háttv. þm. (J. B.), eða svara í þeim tón hjer á Alþingi, þótt það geti máske átt vel við á kjósendafundum hjer í Reykjavík.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal geta þess, að jeg er lasinn, og hefði ekki verið á þessum fundi, ef þetta mál hefði ekki verið á dagskrá.

Jeg skal lofa því að eyða ekki nema svo sem tíunda hluta af tíma, móts við það, sem háttv. frsm. minni hl. (P. O.) notaði, að ástæðulausu, að því er mjer virðist. Á þennan mikla móð og mælskuna, sem lýsti sjer í ræðu hans, ætla jeg ekki að minnast; því munu allir hafa veitt eftirtekt. Jeg verð að segja, að jeg hefði óskað, að þessi mikli áhugi hans hefði verið helgaður betri málstað. Mjer virtist háttv. þm. (P. O.) gera tilraun til að lítilsvirða okkur hina nefndarmennina, með því að gefa í skyn, að við myndum ekki vera annað en leiðitamir, sannfæringarlitlir ræflar, sem hefðum látið leiðast til að skrifa undir meiri hluta álitið. Jeg frábið mjer slíkar aðdróttanir og vænti, að hinir nefndarmennirnir geri slíkt hið sama. Jeg hefi verið fylgjandi þessu máli og mun fylgja því. Það vill svo vel til, að jeg get talað um þetta af dálítilli reynslu, og því óvíst, hvor okkar háttv. þm. (P. O.) hefir meiri þekkingu á því, þótt langt sje síðan jeg hefi stundað sjómensku. Jeg hefi sannfærst um það, að sú aðbúð, sem bæði jeg og aðrir hafa orðið að mæta, geti ekki leitt til annars en ills eins, og jeg ætla, að jeg beri þess menjar enn í dag.

Jeg hefi ekki verið á botnvörpungum, en jeg býst við að hætta geti stafað af ofþjökun og vökum manna á þessum skipum, öðrum fremur. Það er jafnvel álitið, að geðbilun og ýms veiklun geti komið fram í fleiri liðum hjá afkomendum þeirra

manna, sem misboðið hefir verið með takmarkalausri vinnu og vökum.

Minni hl. vill halda því fram, að það sje um að gera að heimta takmarkalausa vinnu af þeim, sem sjóinn stunda, þegar nokkur aflavon er. Hvíldina eiga menn svo að fá, þegar vinnunnar er ekki þörf. Þetta væri gott og blessað, ef það væri framkvæmanlegt, án þess að baka öðrum þjáningar og tjón, en það verður óhjákvæmileg afleiðing af því fyrirkomulagi, sem minni hlutinn heldur fram. En vilji minni hlutinn ályktа rökrjett, þá hlýtur hann að halda því fram, að það sje hyggilegt að sofa dögum og vikum og mánuðum saman, og vinna svo takmarkalaust, þegar henta þykir. Það væri óneitanlega mjög hentugt fyrir verkalýðinn, ef hann gæti unnið hvíldarlaust daga og nætur, þegar mikla og góða atvinnu er að fá, og geta sofið því meira á atvinnuleysistímunum. En jeg býst við, að jafnvel ekki háttv. frsm. minni hlutans (P. O.) sje þess megnugur að breyta eðli manna svo, að slíkt geti átt sjer stað í framkvæmdinni.

Háttv. frsm. minni hl. (P. O.) kvað svo að orði, að það gengi svívirðingu næst, að meiri hl. skyldi láta annað eins sjást á prenti eins og nefndarálitið. — Þetta er fullkomin aðdróttun til meiri hl. um að hann sje hjer að fremja eitthvert voðalegt ódáðaverk. Þetta virðist mjer nálgast það að vera fólskuleg ummæli. Hann sagðist aldrei hafa verið reiðari en þegar hann las þetta nefndarálit. Þetta virðist mjer út í loftið mælt, því að satt að segja er eigi annað að sjá en hann sje oft allreiður, og það því engin nýjung þó hann sje það nú. (*P. O.*: Margur hyggur mann af sjer). Þar sem nú háttv. frsm. minni hl. (P. O.) flutti sína framsöguræðu svo mjög vel og skörulega, og bar lof á sjómannastjettina, hefði verið eðlilegra, að hann hefði verið að forða þeim frá því, að þeir þyrftu að misbjóða starfsþreki og kröftum sínum.

Hann gat þess, að „*sjálfstæði það og konungseðli*“, sem þeir hefðu fengið í arf frá forfeðrum sínum, ætti að koma fram í því, að þeir vildu sætta sig við það, þótt þeir þyrftu að leggja nokkuð hart á sig, þótt framar hófi væri. Mjer finst það þvert á móti benda til hins gagnstæða að ætlast til þess, að þeir sjeu svo lítilþægir, að láta bjóða sjer hvaða meðferð sem er, hversu ósanngjörn sem hún er, og það sje því að hafa endaskifti á hlutunum. (*P. O.*: Háttv. þm. er nú að hafa endaskifti á því, sem jeg sagði). Háttv. frsm. (P. O.) sagði þetta, hvort sem hann vill standa við það eða ekki, því jeg tók það orðrjett eftir honum.

Þá þótti mjer hann koma undarlega fram, jeg vil ekki segja eins og úlfur í sauðargæru, er hann var að tala um, að framsögumaður meiri hl. væri að leggja bleyðiorð á bak bændanna hjer í deildinni. Jeg heyrði hann aldrei segja neitt slíkt. En þetta hefir átt að vera til þess að reyna að vinna þessum hæpna málstað fylgi, og jafnframt til þess að fá atkvæði bændanna á móti frv. Yfirleitt held jeg, að hin langa ræða hans hafi engin áhrif á atkvæðagreiðsluna, og jeg geri heldur ekki ráð fyrir, að það, sem jeg segi, hafi mikil áhrif á hana, því flestir hv. þm. munu nú þegar hafa ráðið það við sig, hvernig þeir haga atkvæðum sínum.

En jeg stóð upp til að segja þessi orð, út af því, sem hann ljet falla í garð frsm. meiri hl. (J. B.), því jeg tel mig bera jafna ábyrgð á nál. eins og hann. Og jeg verð að segja það, að mjer fanst hann fara niðrandi orðum um meiri hl., er hann sagði, að skamt væri öfga á milli hjá honum, og fleira því um líkt.

Tíminn, sem jeg hefi til andsvara, er nú liðinn; jeg verð því að láta hjer við sitja.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Við framsöguna láðist mjer að geta þess, sem reyndar stendur nú í frv., að þetta frv. er að því leyti frábrugðið frv. 1919, að nú er aðeins farið fram á 6 stunda hvíldartíma, í stað 8, er gert var þar. Hásetum er þetta nefnilega svo mikið áhugamál. að þeir vildu heldur slá aftur af þessari kröfu sinni heldur en að málið næði ekki fram að ganga.

Jeg sje ekki ástæðu til að ræða þetta miklu frekar nú, þar sem líka háttv. þm. Ak. (M. K.) tók af mjer ómakið og svaraði háttv. frsm. minni hl. (P. O.). En þó vil jeg fara nokkrum orðum sjerstaklega um eitt atriði, því að mjer fanst þar kenna misskilning hjá háttv. frsm. minni hl. (P. O.).

Jeg held, að hann sje lítt kunnugur því, hvernig samningar fara fram milli sjómanna og útgerðarmanna; hann hjelt, að sjómennirnir gætu sett útgerðarmönnum kostina og sagt við þá: þetta eru okkar skilmálar. En hv. frsm. (P. O.) verður að athuga það, að útgerðarmenn koma líka með sínar kröfur, og samkomulagið liggur svo þar í milli, sem auðvitað fæst ekki nema með samningum.

Þá sagði háttv. frsm. (P. O.), að sjómenn væru svo liðsterkir, að þeir gætu komið sínum kröfum fram, og í sambandi við það mintist hann á deilumál, er hjer var í vetur á milli sjómanna og útgerðarmanna, og sagði hann, að sjómenn hefðu þar komið sínum kröfum fram.

Jeg get nú upplýst háttv. þm. um það, að þar var um engar kröfur að ræða af hendi sjómanna, því þeir voru búnir að gera samninga við útgerðarmenn löngu áður en þessar deilur hófust, og því var þar um ekkert annað að tala en það, hvort útgerðarmenn ætluðu að standa við samninga sína eða ekki.

Þá sagðist háttv. þm. (P. O.) hafa talað við lækna, og þeir hefðu sagt sjer, að togarasjómenn væru að engu leyti heilsuverri en aðrir sjómenn. Jeg verð að segja það, að þetta kemur mjer undarlega fyrir. Jeg hefi að vísu ekki talað við lækna um þetta mál. En jeg hefi heyrt lækna lýsa því yfir á mannfundum, að þessar miklu vökur væru mjög óhollar, t. d. lýsti annar læknirinn, sem bauð sig fram hjer við kosningarnar í vetur, því yfir, að hann hefði orðið að binda um svöðusár á manni, sem hann hefði fengið af því, að hann hefði dottið sofandi ofan í fiskikösina, með hníf í hendinni, sem hann skar sig svona á. Jeg verð því að meta meira það, sem jeg hefi heyrt lýst yfir opinberlega í þessa átt, heldur en það, sem háttv. frsm. (P. O.) var að segja frá.

Þá virtist háttv. þm. (P. O.) bera brigður á, að þessar tillögur væru runnar undan rifjum sjómannanna. — En slíku er einungis slegið fram út í loftið, og jeg skil eigi, að það dugi hjer sem röksemdaleiðsla; jeg er alveg hissa, að nokkur þingmaður skuli láta annað eins heyrast í þingsalnum, og það því fremur, sem sjómenn hafa sjálfir látið í ljós þennan vilja sinn, með áskorunum sínum til þingsins. Sjómenn eru aðeins að reyna að setja einhver takmörk fyrir þessum mikla vinnutíma, og er engin ástæða til að halda, að framleiðslan minki við það, heldur er henni þvert á móti betur borgið, eins og greinilega er sýnt fram á í nál. meiri hl.

Háttv. frsm. minni hl. (P. O.) fullyrti, að nú væri verið að taka þennan hvíldartíma upp, og því væri engin þörf á að vera að setja lög um þetta. Um það er mjer ekki kunnugt. En ef svo er, gæti það þá ekki verið brella hjá útgerðarmönnunum, að taka þennan hvíldartíma upp aðeins núna þessa dagana, á meðan verið er að ræða þetta hjer í þinginu, sem síðar yrði svo ekki neitt.

Þá sagði hann, að jeg hefði stokkið upp á nef mjer út af nefndaráliti minni hl., og

hann var að undrast yfir, hvernig þetta mál var borið fram á þinginu. En getur hann ekki skilið, að það er eðlilegast, að það sje borið fram af fulltrúum alþýðuflokksins, þess flokksins, sem langflestir sjómennirnir eru í og telja sig til. Nema hann hafi haldið, að sjómennirnir sjálfir kæmu hjer inn í þingsalinn í togarasloppum sínum til þess að bera þetta mál fram.

Þá var hann að lýsa með skáldlegum orðum kosningunum hjerna í Reykjavík. Hann getur nú ef til vill skilið, að það sje eðlilegt, að hjer sjeu fjörugri kosningar en í strjálbygðum sveitum, og ekki nást á fundi nema fáir tugir manna í einu, þar sem hjer búa nær 8000 kjósendur, sem geta nær því allir komið saman allir á einn stað. En jeg býst við, að hann geti ekki sagt með rjettu, að neitt hafi farið fram hjer við kosningarnar, sem ósæmilegt geti talist.

Sveinn Ólafsson: Háttv. flm. þessa frv. (J. B.) hafði eftir mjer nokkur ummæli frá 1919. En hann tók aðeins þann hluta þeirra, sem best áttu við hans málstað, og hefir víst álitið, að hann með því hafi bundið mig í málið sín megin.

Þess ber að geta, að jeg var þá í minni hl. nefndar, og átti dálítið erfiða aðstöðu. Jeg skal kannast við, að þessar tillögur ganga í líka átt og tillögur mínar þá. Jeg gerði sem sje ráð fyrir sama hvíldartíma og hjer er farið fram á. — En jeg gerði ráð fyrir undantekningum frá því ákvæði, þegar sjerstaklega stæði á, og málsaðiljar gætu samið með sjer. Jeg vildi taka þetta fram, því að eftir orðum frsm. meiri hl. (J. B.) var hægt að halda, að jeg hefði verið honum sammála að öllu leyti. Jeg tel þennan hvíldartíma sjálfsagðan, en hefði viljað, sökum útgerðarmannanna, koma þessum undantekningum að. En jeg sje það ekki mögulegt, sökum hins mikla kapps, sem þegar er komið á milli útgerðarmanna og sjómanna.

Jeg fyrir mitt leyti vil fá þetta mál útkljáð, með því að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Jón Þorláksson: Jeg tek einungis til máls út af ummælum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) Hann talaði um ágreining, sem orðinn væri á milli útgerðarmanna hjer og sjómanna. Þetta er alls ekki rjett, því að mjer vitanlega hafa engar deilur orðið á milli þessara stjetta út af þessu atriði, af þeirri einföldu ástæðu, að þessar kröfur hásetafjelagsins hafa aldrei verið bornar fram við fjelag útgerðarmanna.

Jeg get ekki skilið, hversvegna foringjar hásetafjelagsins hafa aldrei borið þessar kröfur sínar fram við stjórn útgerðarmannafjelagsins, sem er aðalmálsaðili í þessu máli. Því hefir verið haldið fram, að slíkt hefði ef til vill kostað einhverja tilslökun af hendi háseta, til þess að samningar hefðu getað komist á. En það gat þó ekki kostað neina tilslökun að bera málið undir útgerðarmenn, sem hefði verið hinn rjetti gangur málsins. Og þá fyrst var að snúa sjer til þingsins, ef útgerðarmenn hefðu reynst svo ósanngjarnir, að ekki hefði verið hægt að komast að samningum við þá.

Jeg get því eigi betur sjeð en að hjer sje verið að fara fram hjá rjettum málsaðilja, líklega til að storka honum og sýna honum, að um þetta mál þurfi þeir ekkert til hans að sækja. Hjer er gerð tilraun til þess að skapa óheppilegt fordæmi. Það á að ráða máli til lykta með lagasetningu eftir kröfu aðeinsannarsmálsaðilja, og engin tilraun hefir verið gerð til þess að reyna að komast að samkomulagi við hinn aðiljann.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Jeg hefi í rauninni ekki miklu að svara, og jeg get tekið undir með háttv. þm., að kappdeilur hafi hjer lítil áhrif.

Mjer þótti það leitt, að ræða mín skyldi geta háttv. þm. Ak. (M. K.) ástæðu til að komast í ilt skap, sem raun varð á; Það er oft sárt að heyra sagðan sannleikann skýrt og afdráttarlaust, og virtist hið fornkveðna sannast á honum, að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Hann var öskuvondur, og bygði vörn sína á reiðiyrðum einum, útúrsnúningum og hártogunum. Hann ljet þá ósk í ljós, að ræða mín hefði verið helguð betri málstað. En það er æfinlega svo, að hverjum þykir sinn fugl fagur, og þó háttv. þm. Ak. (M. K.) þyki minn málstaður lakari sínum í þessu máli, þá er jeg jafnsannfærður um það, að jeg berst hjer fyrir góðum og heilbrigðum málstað, og af heilum hug, og er óþarfi að háttv. þm. (M. K.) að væna mig um óheilindi. Það var rjett hjá háttv. þm. (M. K.), að illur aðbúnaður og miklar vökur hefðu ill áhrif á menn. Mjer hefir aldrei dottið í hug að mæla því bót fram yfir það, sem frekasta nauðsyn krefur, en það er hvorttveggja, að sjómannalífinu er þannig varið, að hjá slíku verður oft og löngum ekki komist, og svo hitt, að það er óneitanlega miklu hyggilegra og affarasælla að bæta líðan manna á sjónum með frjálsu samkomulagi hlutaðeigenda en þvingunarlögum. Það er jeg sannfærður um. Jeg tók þetta einnig fram, en benti á það um leið, að að ýmsu leyti væri síður ástæða til að tala um þetta í sambandi við togara en önnur skip. Þar er allur aðbúnaður miklu betri, og þess vegna eru hásetar færir um að leggja á sig meiri vökur en á öðrum skipum. Við erum báðir sammála um það, jeg og háttv. þm. Ak. (M. K.), að hásetarnir þurfi hvíld, en jeg lít svo á, að þeir sjeu færir um að fá hana af eigin ramleik, enda styðst það við reynslu þá, sem fengist hefir um þetta efni einmitt á togurunum; því óneitanlega er þeim málum nú svo komið þar, það styðst við umsögn fjölda háseta, og því verður ekki neitað, að frjálst samkomulag er einhlítt til þess að skipa þessum málum í sæmilegt horf. Þeir þurfa því ekki að flýja á náðir löggjafarvaldsins, fremur en aðrar stjettir, til að fá leiðrjetting þessara mála. Jeg ljet í ljós ótta minn um það, að þetta hefði óheppilegar afleiðingar á aðrar stjettir, og hefir háttv. þm. (M. K.) ekki hrakið það. En menn geta sagt sjer það sjálfir, að Alþingi stendur ekki fjær að hlutast til um vinnutíma annara verkamanna, og ef fordæmið er skapað, munu brátt fleiri koma á eftir. Fyrir utan þetta er jeg hræddur um, að þessi ákvæði opni leið að illindum og deilum á skipunum sjálfum, og væri þá vissulega ver farið en heima setið. Að vísu mundi mikill hluti íslenskra sjómanna vera svo þroskaður, að hann ynni lengur, ef á lægi, þó lagasetningin væri, en þó er ekki fyrir það að sverja, að einhverjir væru orðnir svo útlærðir úr hinum nýja skóla, að þeir skærust úr leik. Og ef svo færi, risu óhjákvæmilega af því þrætur og innbyrðis arg á skipunum. Allir vita, að þar sem gott samkomulag er á skipum, þar er eins og alt gangi að óskum, en alt fer aftur á móti í handaskolum þar, sem er úlfúð og illindi. Af þessu stafar hættan, og það er ekki síður varhugavert, þegar þess er gætt, að þessi ráðabreytni gæti einnig haft óheillavænlegar afleiðingar fyrir fleiri atvinnuvegi.

Þá hljóp háttv. þm. (M. K.) fram fyrir skjöldu hjá frsm. meiri hl. út af því, sem jeg mintist á þau ummæli hans, að jeg hefði í ræðu minni verið að hræða bændur til að vera á móti frv.

Það var auðheyrt, að háttv. þm. (M. K.) hefir þótt frsm. meiri hl. (J. B.) fara þar nokkuð ógætilega, og hefir honum því fundist ástæða til að reyna að milda málið. En háttv. þm. (M. K.) hlýtur að vera það ljóst, að það er ekki ástæðulaust, þó bændur hefðu nokkurn vara á sjer gagnvart

þeim áhrifum, sem ýmsir óhlutvandir menn eru að reyna að koma að og beita til að reyna að spilla sátt og samlyndi stjetta og manna í landinu. Hann sagði og, að öfugmælin í ræðu minni hefðu farið fjöllunum hærra, en það leit út eins og hann væri þar að lýsa sinni eigin ræðu.

Ræðu háttv. frsm. (J. B.) þarf jeg litlu að svara. Hann sagði, að jeg vissi lítið um það, hvernig gengi með samninga hjer milli vinnuveitenda og verkamanna. Það er að vísu rjett, að jeg er því ekki vel kunnugur, hvernig þetta gengur til hjer, en allvel þekki jeg til þess, hvernig þetta gengur til sumstaðar annarsstaðar, og eru vinnuþiggjendur þar engu ver settir til að ná rjetti sínum en vinnuveitendur. En ekki skil jeg annað en að hásetar geti haft í fullu trje við útgerðarmenn, ef þeir hafa í frammi ósanngirni. Það er skemst að minnast á, að í vetur ætluðu útgerðarmenn að breyta kjörum svo, að óskapfelt var hásetum, og jeg veit ekki betur en að hásetar hafi borið þar sigur af hólmi. Jeg sje þess vegna enga ástæðu til, að Alþingi fari að lögskipa það, sem þeim og öllum er miklu heppilegra, að náist á annan veg.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Mjer skaust yfir að svara atriði úr ræðu háttv. þm. Borgf. (P. O.), og skal nú gera það með örfáum orðum. Háttv. þm. (P. O.) hjelt, að það mundi draga úr aflanum, ef frv. þetta yrði samþykt. Þessu er að vísu svarað í nál., en af því, að háttv. þm. (P. O.) hefir líklega ekki áttað sig á því, get jeg skýrt það fyrir honum. Það gæti hugsast, að þessi tilhögun drægi úr aflanum, þegar skip kemur á veiðar og hafa þarf vökuskifti þegar í stað. En það gildir aðeins fyrsta sólarhringinn, síðan vinst það upp, því mennirnir vinna meira og betur, ef þeir fá sæmilega hvíld. Lögákveðinn hvíldartími háseta mundi því auka aflann yfirleitt, þó að hann drægi eitthvað úr í eitt og eitt skiftið, og auk þess tryggir hann líf og heilsu hásetanna.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) þurfti að leggja orð í belg, og valdi þær mótbárur, að málið hefði ekki farið fyrir rjettan málsaðilja, útgerðarmennina. Þetta kemur til af þeirri undarlegu skoðun háttv. þm. (J. Þ.), að hann skoðar alla tíma vikunnar, 168 tíma, eign útgerðarmannanna, og þeir miðli einhverju er þeir veiti hvíldartíma. En einmitt af því, að útgerðarmenn líta eins á þetta mál, er óheppilegt fyrir háseta að semja um það. Þeir mundu vitanlega selja hvern einasta hvíldartíma.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) hjelt, að frv. yrði til þess að vekja úlfúð og ósætti, en jeg er á gagnstæðri skoðun. Jeg veit, að það verður til þess að koma á friði með skipshöfnunum. Þegar hvíldartíminn er lögákveðinn, er hægt að ganga að honum sem sjálfsögðum hlut, og þurfa ekki að standa deilur um hann í hvert skifti, sem ofbjóða á hásetum með vökum. Hitt þarf jeg ekki að endurtaka, að þessar ákvarðanir miða miklu fremur að því að auka framleiðsluna en minka hana.

Magnús Kristjánsson: Hjer hefir komið fram það, sem gamalt orðtæki segir, að hver lái sinn brest mest. Það er auðveldara að sjá flísina í augum annara en bjálkann í sínu eigin. Þetta fanst mjer koma í ljós hjá háttv. þm. Borgf. (P. O.). Hann var mikið að fárast um, að jeg talaði af hita og kappi, en það er fjarri öllum sanni, því jeg talaði mjög hóglega, eins og minn er siður. En það getur verið, að móðurinn hafi ekki verið af honum runninn meðan jeg sagði þessi hógværu orð, og þótt jeg þurfi varla að svara honum nú, ætla jeg að gera það, til þess að kæla dálítið í honum blóðið fyrir atkvæðagreiðsluna, ef það er annars mögulegt.

Háttv. þm. (P. O.) taldi óviðeigandi að bera mál þetta fram, þar sem þess væri

ekki óskað. Þetta er fjarri öllum sanni. Hjer liggja fyrir eindregnar áskoranir, og verður ekki frekar ákosið, og undir þær hafa skrifað mörg hundruð sjómanna.

Annað var furðulegt í ræðu háttv. þm. (P. O.); hann taldi óheppilegt að setja um þetta lagaákvæði og vildi, að sjómennirnir tækju rjett sinn *með sjálfs hendi*. Jeg veit ekki, hvernig á að skilja þetta, en það gæti gefið tilefni til margvíslegra hugleiðinga, en líklegast tel jeg, að það sje aðeins sagt út í bláinn, eins og fleiri andmæli gegn frv.

Þá hjelt háttv. þm. (P. O.), að þetta væri samningamál, en háttv. frsm. (J. B.) hefir nú sýnt fram á, að svo er ekki. Þarf jeg ekki að endurtaka það. En ef hjer væri um samningamál að ræða, væri annar málsaðili skipstjóri, en ekki útgerðarmaður.

Ummæli hans um bændurna voru illa til þess fallin að gagna hans málstað, því hafi þau verið tilraun til að spilla fyrir frv., þá hygg jeg, að hún hafi algerlega mishepnast. Háttv. frsm. (J. B.) benti einnig á þessa tilraun hans, svo ekki þarf að fjölyrða um hana. Það sjá allir, að þetta mál á ekkert skylt við það, að lögbjóða vinnutíma til sveita. Þetta sjá bændur, og þess vegna eru tilraunir háttv. þm. (P. O.) árangurslausar, en söm er viðleitni hans fyrir því.

Jón Þorláksson: Það sýnir röksemdafátækt háttv. frsm. (J. B.), er hann grípur til þess að halda því fram, að ef þetta atriði hefði verið fært í tal við útgerðarmenn, hefði það verið viðurkenning á því, að þeir ættu alla 168 tíma vikunnar. Hásetar eiga vitanlega alla tímana meðan þeir eru óráðnir, en þegar þeir ráða sig, verða þeir að semja um, hvað þeir skilja undan og hvað ekki. Þetta er því hreint og beint samningsatriði háseta og útgerðarmanna.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) kom með eina mótbáru, sem í fljótu bragði virðist ekki fjarri lagi, og jeg hafði búist við að heyra fyr. Hann bar það fram, að skipstjóri, en ekki útgerðarmaður, væri hjer málsaðili. Þetta væri rjett, ef skipstjórar ættu skipin eða hefðu full yfirráð þeirra, en svo er ekki. Útgerðarmenn geta altaf sett þeim stólinn fyrir dyrnar og sagt þeim, hve mikils þeir eiga að krefjast af hásetum. Og það er eðlilegt, að útgerðarmenn geri þetta, því að það er þeirra hagur, að skipið afli vel. Þeir eru því í raun rjettri málsaðili.

Hákon Kristófersson: Af því að jeg var á móti þessu máli 1919, þykir mjer hlýða að gera nú grein fyrir atkvæði mínu. — Þetta er vandræðamál, og ætti helst ekki að koma til þingsins kasta. Jeg geng þess ekki dulinn, að misrjetti hafi átt sjer stað í þessu efni, og þó að jeg sje ekki fyllilega ánægður með frv., mun jeg þó greiða því atkvæði til 3. umr.

Jeg finn mörg missmíði á frv., sem ef til vill má laga, og get jeg þar bent á 2. gr. Það er ófært að ákveða hvíldartíma háseta á höfnum, því að þar getur oft legið mikið við, og verður háseti að eiga við skipstjóra um hvíld sína, enda er það stundum nauðsynlegt, að hásetar vinni sem allra mest á höfnum inni, því að oft getur það munað miklu á afla, ef skipin hafa góða afgreiðslu í inniverum, þ. e. a. s. við að losa og því um líkt.

Þá tel jeg ákvæði 3. gr. vafasöm og held, að erfitt verði að koma þessu við á smærri skipum.

Hvað sektunum viðvíkur, þá verð jeg að telja þær óhæfilega háar. Það nær ekki nokkurri átt að sekta um 2000 kr., hvað lítið sem út af er brugðið.

Jeg tók svo eftir, að háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) segði, að frv. væri eins og frv. 1919, en allir geta sannfært sig um, að svo er ekki, enda held jeg, að þetta hafi

verið mismæli, háttv. þm. (J. B.) hafi viljað segja, að frv. væri sama eðlis.

Jeg rengi háseta og málsvara þeirra ekki um það, að meðferð sjómannanna hafi verið óhæfileg á stundum, og er sjálfsagt að reyna að bæta úr því. En eðlilegast hefði jeg talið, að slíkt hefði orðið með samkomulagi, og þó að aðalatriði frv. geti ef til vill ekki orðið samkomulagsatriði, þá eru þó ýms smærri atriði, sem jeg tel rangt að lögfesta, áður en vitað er, hvort ekki sje hægt að semja um það. Jeg lít svo á, að það ætti að vera hagur útgerðarmanna, að ofbjóða ekki hásetum með vinnu og vökum, því að það styður ekki að miklum afla að hafa uppgefna menn til að taka á móti honum, auk þess sem það spillir heilsu viðkomandi sjómanna, og, eftir því sem frsm. meiri hl. (J. B.) segir, styttir líf þeirra.

En hvernig sem að öðru leyti fer um frv. þetta, þá er jeg ekkert hræddur um, að áhrif þess nái til landbúnaðarins. Enda þykist jeg þekkja svo staðfestu og þrótt bænda og alþýðu úti um sveitir þessa lands, að þeir verði ekki svo ginkeyptir fyrir hinum nýja tíma, sem virðist ríkja hjer í bæ, og að áhrif borgarlífsins berist því ekki hröðum fetum út um landið. Þess vegna vil jeg mótmæla þeim orðum háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að meiri hluti sjútvn. sje með nál. sínu að skjóta okkur þingdeildarbændum skelk í bringu. Og ekki skil jeg það heldur sem ögrun til okkar, þó að sjómenn kæmu hingað inn í deildina í búningi sínum, sem jeg ber fulla virðingu fyrir.

Jeg ætla að vera hjer óhlutdrægur, og um leið og jeg álykta, að háttv. frsm. minni hl. (P. O.) hafi alls ekki í áliti sínu nje með ræðu sinni viljað hræða okkur landbændur, tek jeg orð háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) ekki sem hótun, því hann sagði, að sjómennirnir myndu koma hingað í öðrum erindum.

Háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) gerði mikið úr því, hvað vinnan á togurunum væri miklu erfiðari en annarsstaðar. Þessu vil jeg ekki neita, þó mjer hins vegar þyki undarlegt, hvað margir sækjast eftir henni, því að það hefi jeg fyrir satt, að þar sjeu oft tíu fyrir einn, sem komast vilja á togara. Þetta var að mörgu leyti eðlilegt áður fyr, því að þá var þessi vinna langtum betur borguð, en nú mun arðsvonin minni, enda fullyrt, að vinnan hafi minkað að sama skapi.

Jeg fyrir mitt leyti vildi leyfa frv. þessu að fara til 3. umr., og vona svo, að hv. nefnd sjái sjer fært að breyta því í þá átt, sem minst hefir verið á, áður en því verður hleypt út úr deildinni.

Jeg geri sem sje ekki ráð fyrir, að háttv. flm. (J. B.) taki frv. aftur, eins og háttv. samþm. hans (J. Þ.) benti á, og geymi það t. d. til næsta þings, eða þangað til útsjeð er um, að engir samningar geti tekist um þetta mál á milli háseta og útgerðarmanna.

Jeg geri nú ráð fyrir, að það sje meira í gamni mælt en alvöru, að sjómenn hafi áfram, þangað til þeir fái 12 stunda óslitinn hvíldartíma í sólarhring.

Annars má nú kannske hártoga þessi orð: óslitinn hvíldartími. Það getur bæði verið svefn og vinnuhlje, en kunni menn ekki við orðavalið, mætti lagfæra það fyrir 3. umr.

Jeg tek það þá fram aftur, að jeg mun fylgja frv. til 3. umr., en treysti mjer heldur ekki til að fara lengra, ef það tekur engum breytingum í þá átt, sem bent hefir verið á.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í deilur þær, sem upp hafa risið milli meiri og minni hluta hv. sjútvn., en jeg vildi leyfa mjer að benda á ýms atriði frv., sem eru þess valdandi, að jeg get ekki gengið að því óbreyttu.

Allir eru sammála um það, að misbeiting á vinnuafli háseta á togurum hafi átt sjer stað, og allir játa líka, að slík misbeiting hafi sjerstaklega átt sjer stað á fyrstu árum togaraútgerðarinnar.

Mjer er enn í fersku minni, að á árunum 1910—14 sá jeg svo mikið af slíku, að mjer alveg ofbauð; jeg sá togarana koma inn á Ísafjörð með mennina úttaugaða og úrvinda í svefni. En þetta er ekkert einsdæmi með háseta á togurum; svona getur það líka verið á öðrum skipum. Jeg hefi sjálfur róið í 19 vertíðir, og þekki vel þá erfiðleika, sem það er bundið að reka þessa atvinnu, og það hefir komið fyrir mig, að jeg hafi orðið að vaka 70 stundir samfleytt, en auðvitað fyrir góða borgun.

Jeg bendi á þetta til þess að sýna fram á, að sjósóknin er svo háð vindi og veðri, að óhjákvæmilegt verður að leggja á sig vökur og erfiði til bjargar útveginum. Og sjerstaklega verður ekki hjá þessu komist á smærri skipum og mótorbátum. En um togarana er öðru máli að gegna. Þar er minni ástæða til að leggja slíkt erfiði á hásetana, enda hefir það verið gert úr hófi fram og öllum málsaðiljum til stórskaða. Jeg segi að það hafi verið, en þetta hefir breyst til hins betra, enda ber þeim báðum saman um það, háttv. meiri og minni hl., að þetta sje að lagast, og nú sje langt um betra eftirlit með því, að hásetum sje ekki ofboðið, enda sjá bæði útgerðarmenn og skipstjórar, sem vilja á það líta með sanngirni og hyggindum, að það sje nauðsynlegt að ofþjaka ekki hásetunum.

En, sem sagt, að þetta sje að lagast hafa allir fallist á, og háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) þó sjerstaklega, þar sem að hann um misbeiting þessa nefndi ekki yngri dæmi en frá 1916—17. (*H. K.*: Ætli það sjeu ekki til yngri dæmi?). Jú, það geta verið nýrri dæmi, en þau geta líka verið þann veg, að skipstjórarnir hafi enga sök á þeim átt og ekkert við þau ráðið. Menn geta auðvitað vakað of lengi, en jeg tel engum manni hættu stafa af því, þó að hann vaki 1 sólarhring.

Það eru ýmsar ástæður til þess, að jeg get ekki fylgt frv. þessu eins og það er nú, enda þótt jeg viðurkenni, að þessi 6 tíma hvíld í sólarhring sje í alla staði sanngjörn.

En það hagar svo til víða hjer við land, að ekki verður hægt að framfylgja þessu ákvæði þegar skipin eru við veiðar, t. d. á haustvertíð fyrir Vesturlandi, veit jeg bæði af eigin sjón — þar sem skipin eru inni í höfnum annan og þriðja hvern dag vegna óveðra — og sögusögnum annara manna, að mjög erfitt verður að veita þessa 6 stunda hvíld á hverjum sólarhring. Það hagar sem sje svo til fyrir Vesturlandi, að á haustvertíð geta skipin aðeins verið að veiðum frá því um óttu til miðaftans, en þá er eftir að gera að aflanum, og frá honum er ekki hægt að ganga og geyma hann til næsta dags, bæði vegna frosta og annara hluta.

Þess vegna mundi jeg geta fylgt frv. þessu, ef háttv. meiri hluti sæi sjer fært að breyta hvíldartímanum þann veg, að hann yrði aðeins lögskipaður frá 1. apríl til 15. maí. Og þetta byggi jeg á því, að með því að hafa hann lögskipaðan alt árið, hlýtur aflavonin að minka, að minsta kosti fyrir Vesturlandi, eins og jeg hefi bent á.

Háttv. frsm. meiri hlutans (J. B.) sagði, að veður hömluðu oft veiðum á öðrum skipum, þegar botnvörpungarnir gætu haldið áfram. Þetta mun að líkindum eiga sjer stað hjer við Suðurland. En á Vestfjörðum er mjer kunnugt um það, að stórir mótorbátar draga lóðir sínar löngu eftir að botnvörpungarnir hafa leitað til lands.

Um hvíldartíma á þessum mótorskipum hefir verið mikið talað þar vestra, og mörgum verið áhugamál að breyta honum, en

þó hefir það reynst ómögulegt í framkvæmdinni.

Jeg skal fúslega játa það, að mig skortir þekkingu til þess að dæma um, hvort ákvæði 3. greinar, um verkaskiftinguna, sje heppileg. Jeg gæti ímyndað mjer, að hún sje lítt framkvæmanleg á smærri botnvörpungum, en á stærri togurunum skilst mjer að mætti koma henni við, enda hefi jeg heyrt, að sumir skipstjórar hafi einmitt tekið hana upp.

Jeg skal líka játa, að mjer hefði þótt rjettara, að samningar um þetta mál hefðu farið fram á milli skipstjóra og háseta, og trúi jeg ekki öðru en vel myndi fara þeirra á millum. Jeg átti nýlega tal um þetta við einn af skipstjórum togaranna, og ekki þann ófisknasta, og kvaðst hann mikið hafa hugsað um þetta mál, bæði fyr og síðar, en taldi sig ekki vera vissan um að geta fallist á frv., og þá sjerstaklega með tilliti til Vestfjarða. Hann taldi það, sem jeg hefi bent á, helstu annmarka frv.

Þá er það þessi „óslitni“ hvíldartími, sem 3. gr. ákveður. Jeg býst nú við, að það verði ekki svo þægilegt að hnitmiða það niður, enda að líkindum best, að það sje á valdi skipstjóra og háseta að koma sjer saman um það. Líklega heppilegast að skifta því svo, að hafa það 4 kl.stundir tvisvar, t. d. 4 kl.stundir þegar skip fer á milli fiskimiða, og svo aftur 4 kl.stundir þegar til veiða er tekið. En óslitinn hvíldartími í 6 kl.stundir skilst mjer, að geti komið í bága við veiðarnar.

Jeg hefi átt tal við marga háseta að vestan, og láta þeir vel yfir skipstjórum sínum og samvinnu við þá, en slík samvinna brást oft og tíðum áður, og þaðan mun þessi misbeiting á starfsþoli hásetanna hafa átt sínar rætur. Enda ber öllum saman um það, að þetta batni með hverju árinu, og sýnir ekki annað en það, að skipstjórarnir sjeu skynsamir í kröfum sínum til hásetanna, og þess vegna fullkomin ástæða að trúa því, að samningar, og báðum hagkvæmir, geti tekist milli þeirra.

Ýmsir háttv. þdm. hafa sagt, að leiðinlegt væri að þurfa að fyrirskipa þetta og því um líkt með lögum. Þetta má nú kannske segja, en jeg er nú þeirrar skoðunar, að margt hefði betur farið í atvinnumálum okkar, ef því hefði verið skipað með lögum.

Pjetur Þórðarson: Jeg hafði nú ekki hugsað mjer að gera grein fyrir mínu atkvæði, og ekkert það hefir sagt verið í umræðunum, sem hefir haft áhrif í þá átt, að breyta afstöðu minni til málsins. En það voru nokkur ummæli háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem komu mjer til að segja nokkur orð. Þau ummæli virtust mjer skýr, en satt að segja var jeg dálítið annars hugar, og man þau nú ekki orðrjett, en jeg held þau hafi verið eitthvað á þá leið, að það væri lítt viðunandi eða *sæmandi* að skipa þessu með lögum, eins og nú stendur á og áður en samninga væri leitað á milli rjettra málsaðilja.

Þetta er það eina í öllum umræðunum, sem snerti mig svo, að jeg fór frekar að íhuga þessi ummæli háttv. þm. (J. Þ.), því jeg vildi síst af öllu greiða atkv. með því, sem háttv. deild væri ekki samboðið, eða ef sæmd hennar væri ekki borgið. Nú var jeg í upphafi ákveðinn í því að greiða atkvæði með þessu máli, og þrátt fyrir þessar löngu umr. og ummæli háttv. þm. hefi jeg ekki breytt um skoðun.

Jeg veit ekki betur en áður hafi ýmislegt verið fyrirskipað með lögum, án þess að spyrja um afstöðu rjettra málsaðilja. Og svo jeg nefni eitthvert dæmi, þá get jeg bent á t. d. lög um vistarráð hjúa, og er þar þó um samninga að ræða milli húsbænda og hjúa, enda mætti með sama rjetti segja, að það hefði getað verið án laga-

fyrirmæla. (*S. St.*: Er hvíldartími ákveðinn í hjúalögunum?). Nei, jeg átti heldur ekki við það, en tók þennan samanburð vegna samningaleiðarinnar, sem sumir hv. þdm. vilja fara í þessu máli.

En jeg vil snúa mjer aftur að vistarráðslögunum. Það er ekki eins og að slík ákvæði hafi verið sett sem rjettarvernd fremur vegna þeirra, sem ófullveðja kynnu að vera heldur en hinna, sem fullveðja voru og sjálfráðir, því vitanlega hafa þá eins og nú verið menn, sem voru fyllilega samningahæfir á báðar hliðar. Geri jeg því ráð fyrir, að þegar slík ákvæði voru sett, að ekki hafi verið farið til allra hlutaðeigenda áður, og sama mun hafa átt sjer stað oft og mörgum sinnum síðan, þótt um samningamál hafi verið að ræða.

Af þessum ástæðum breytist afstaða mín ekkert, og sæmd deildarinnar tel jeg ekki misboðið með samþykt málsins, en mjer fanst rjettara að gera þessa grein fyrir atkv. mínu.

Þorleifur Guðmundsson: Af því að menn eru nú farnir að gera grein fyrir atkv. sínu, þá þykir mjer hlýða að gera það líka, enda þó að þess ætti ekki að þurfa, þar sem jeg er einn af þeim mönnum, sem hefi skrifað undir meiri hl. álitið. En af því að það hefir komið fram í ræðu, að sumir okkar muni hafa skrifað undir að óhugsuðu máli, þá vil jeg gera grein fyrir minni undirskrift.

Það, sem fjekk mig sjerstaklega til þess að fylgja þessu frv., var það, að jeg áleit að löggjafarvaldið ætti að vernda alþýðuna fyrir því, að henni væri ekki ofboðið og hún ofþjökuð með rjettlausri vinnuhörku.

Hjer getur ekki verið um neitt samningsatriði að ræða á milli hásetanna og útgerðarmannanna, því útgerðarmenn eru ekki færir um að halda þá samninga. Það eru skipstjórarnir, sem geta það; þeir eiga heima á sínu skipi og ráða þar, en ekki útgerðarmennirnir, sem eru altaf í landi.

Og þetta ákvæði, þótt lögskipað sje, getur á engan hátt dregið úr aflanum á botnvörpungunum. Jeg er sjálfur sjómaður og get úr flokki talað um þetta mál, alveg eins og hinir sjómennirnir hjerna í háttv. deild, og jeg hefi unnið meira óþreyttur og heill heilsu en sem svarar þessum ¼ hluta. Það getur verið, að jeg sje ónýtari til vinnu heldur en aðrir, en það verður hver að dæma eftir sjálfs sín reynslu, og lengra er ekki hægt að fara.

Jeg held, þó að háttv. frsm. minni hl. (P. O.) lofi mikið visku Englendinga á þessu sviði, þá sje engin ástæða til að fara að dæmum þeirra. Mjer er kunnugt um, og ykkur víst líka, að á allri leiðinni frá Reykjanesi og austur í Hornafjörð hefir fjöldi enskra botnvörpunga strandað, og það stundum í besta veðri. Þeir hafa stundum siglt beint á land, og hver hefir svo verið orsökin? Jú, hún hefir alloftast verið sú, að sá, sem við stýrið stóð, sofnaði á „vaktinni" af ofþreytu, og ljet svo skeika að sköpuðu. Þó að þetta hafi enn ekki komið fyrir hjá okkur, er síst fyrir það að synja, að það geti komið fyrir. Þess vegna er að fyrirbyggja það í tíma.

Jeg hefi líka vitað og sjeð háseta á skipum, sem hafa verið að farast, komast í báta, til þess að bjarga sjer til lands. En vóru þó þá svo þreyttir, að þeir gátu eigi haldið á árunum, og hvolfdi því undir þeim.

Og er þeir, sem komust lífs af, voru spurðir, hvers vegna þeir hefðu ekki getað dregið undan öldunum, var svarið á eina leið: Mennirnir voru svo þreyttir og þjakaðir af svefnleysi og vinnu, að þeir gátu eigi haldið á árunum, og urðu því hafinu að bráð.

Jeg býst við, að ekki þýði að gera frekari grein fyrir máli þessu, því að þeir

nefndarmenn, sem mjer eru sammála, hafa gert það rækilega. Enda hefi jeg orðið þess var í þessari háttv. deild, að ekkert þýðir að halda langar ræður, því að jeg hefi setið hjer undir mörgum langlokum, sem ekki virðast hafa haft hin minstu áhrif á atkvæði nokkurs manns, enda munu flestir þingmenn ákveðnir í því, hvernig þeir greiði atkvæði í þessu máli sem öðrum. Jeg álít þó, að það sje heilög skylda þm. að taka sjálfsagðar og skynsamlegar kröfur alþýðunnar til greina, því á henni veltur um framtíð þessa lands og á henni byggist raunverulegt sjálfstæði landsins.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Jeg þarf ekki miklu að svara háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.). Orð hans voru, sem og von var, að mestu leyti endurtekning á orðum hinna meiri hluta mannanna. Það bólaði á því hjá honum, sem háttv. þm. Ak. (M. K.), að þá tók það dálítið sárt, að jeg skyldi hafa aðallega beint orðum mínum að háttv. framsögumanni, en ekki að háttv. meðnefndarmönnum hans. En því er nú venjulega svo háttað, að menn beina máli sínu mest að frsm. En hins vegar þykir mjer það miður, að þeir skyldu taka þetta sem aðdróttun um það, að þeir hefðu skrifað undir nál. umhugsunarlaust, því það lá ekki í máli mínu, enda eiga þeir um það við sjálfa sig, hve vel þeir athuga þau mál, sem þeim eru falin til yfirvegunar. En ekki er mjer grunlaust um, að þeir hefðu nú gjarnan viljað hafa athugað nefndarálit meiri hlutans nokkuð ger en þeir gerðu, þó að þeir beri sig karlmannlega og láti á engu bera.

Háttv. sami þm. (Þorl. G.) talaði um, að Englendingar hefðu oft siglt botnvörpungum sínum í strand hjer við land, og kendi svefnleysi skipsmanna um það. Má það dálítið undarlegt heita, út frá hans sjónarmiði, að minnast á þetta, þar sem þetta skipulag, sem þeir nú eru að berjast fyrir hjer, hefir þó einmitt verið reynt á Englandi, en hins vegar hefir íslenskur botnvörpungur aldrei strandað hjer af þessum sökum, og er þó hjer aðeins samkomulag um hvíldartímann. Er dálítið einkennilegt að ætla, að þetta muni frekar koma fyrir hjer eftir, þar sem öllum kemur þó saman um, að vökurnar sjeu miklu minni en þær áður voru. Þetta er því hvað á móti öðru hjá háttv. þm. (Þorl. G.), og er, að því er virðist, bara til þess að segja eitthvað.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. þm. Ak. (M. K.).

Það er nú svo í lífinu, að menn taka sjer ýms viðfangsefni, eftir því sem skapi þeirra er til; kaus þessi háttv. þm. sjer það viðfangsefni nú, að snúa út úr orðum mínum og færa til verra vegar. Notaði hann þetta í röksemda stað. Tókst honum það allslynglega, eins og vænta mátti af manni með jafnmikla æfingu í þeim efnum. Sjerstaklega flíkaði hann því mikið, að jeg hefði sagt, að áskoranirnar mundu ekki vera frá rjettum hlutaðeigendum. En þetta hefi jeg aldrei sagt, heldur hitt, að upptökin til þeirra mundu vera frá öðrum en sjómönnum sjálfum, og jeg sný alls ekki aftur með það.

Þá hneykslaði það hann mjög, að jeg sagði, að sjómennirnir gætu tekið rjett sinn sjálfir að þessu leyti, og þyrftu ekki til þess aðstoð löggjafarvaldsins. Sýnir það, að hann efast um þetta, aðeins, að hann hefir minna traust á sjómönnunum en jeg, og er þeim ekki eins kunnugur, þar sem hann treystir þeim eigi til þess að sjá sjer borgið í þessu efni.

Loks mintist hann á það, að oft mundi mega rekja orsök geðbilunar til of mikillar þreytu; get jeg vel trúað, að svo geti verið, og styrkir ræða og framkoma háttv. þm. þau líkindi.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg vil leiðrjetta það, sem háttv. frsm. minni hluta (P. O.) sagði um löggjöf Englendinga í þessu efni. Það kom til orða hjá þeim að lögleiða 4 klukkutíma svefn í sólarhring, en þeir hafa víst verið of vitrir til þess að halda sig við það, eftir því, sem háttv. frsm. (P. O.) lýsti þeim, því að úr því varð víst ekki neitt hjá þeirri vísu þjóð.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði, að það væri varhugavert að leiða þennan svefntíma í lög, og færði það til sönnunar, að oft bæri nauðsyn til að gera að aflanum án þess að mönnum kæmi dúr á auga, í einni striklotu. En jeg fæ nú ekki betur sjeð en að þeir ¾, sem á dekki eiga að vera, ósyfjaðir og óþreyttir, mundu vera jafnfærir um það eins og þó þeir væru allir að því hálfsofandi. Það heyrist oft nú, að sjómönnum og verkamönnum farist eigi að gera háar kröfur nú, þegar allir atvinnuvegir sjeu í kaldakoli. En þetta hafði jeg einnig athugað, og varð þess vís, að það er ekki því að kenna, hvernig togaraútvegurinn er nú kominn, að þessir fiskimenn hafi ekki unnið nógu mikið, eða vakað nógu lengi, heldur mundi það vera frekar af því, að þær stjettir manna, sem lifa af þessum atvinnuvegi í landi, munu hafa unnið of lítið, en sofið of mikið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., M. J., M. K., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., B. Sv.

nei: B. H., E. Þ., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., S. St., St. St., Þór. J.

Þrír þm. (M. P., Ó. P., Þorl. J.) fjarstaddir.

2. gr. feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. B., M. J., M. K., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., B. Sv.

nei: H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., S. St., St. St., Þór. J., B. H., E. Þ.

Þrír þm. (M. P., Ó. P., Þorl. J.) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 13 : 9 atkv.

4. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.

Brtt. 280,1. samþ. með 16 : 3 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 280,2. samþ. með 15 : 1 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.

7. gr. samþ. með 15 : 3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 8 atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 397, 403, 420).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. u m r.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg hafði búist við því, að háttv. flm. brtt. tækju hjer fyrst til máls. En þeir

munu kannske líta svo á, sem þeir hafi flutt fullgildar ástæður við 2. umr. málsins. Og jafnvel þótt jeg hafi í rauninni fyllilega andmælt þeim ástæðum, þá vil jeg enn gera um málið nokkrar athugasemdir, þar sem mjer virðist í afstöðu þessara háttv. þm. (J. A. J. og H. K.) kenna svo einkennilegrar hálfvelgju, að hún sje málinu í sjálfu sjer hættulegri og óþarfari en hitt, þó þeir hefðu verið því algerlega andvígir. Þessi hálfvelgja er reyndar orðin allalgeng hjer í þinginu, en hún er ekki betri í þessu máli fyrir það.

Annars hjelt jeg, að háttv. flutningsmenn brtt. hefðu verið búnir að friða samvisku sína, með því að drepa við 2. umr. hina sauðmeinlausu 2. gr. frv. En brtt. þeirra sýna, að svo er ekki.

Yfirleitt eru rök háttvirtra flutningsmanna yfirborðsástæður og annað ekki, sem sje, að vökuskiftingin geti komið sjer óhæfilega illa á ísfiski. Kunnugir menn hafa þó sagt mjer, að einmitt sá tími, sem þar er um að ræða, sje oft einn allra erfiðasti veiðitíminn, jafnvel verri en vökurnar á vetrarvertíðinni. Þá er t. d. oft áta í fiskinum, sem skemmir hendur sjómannanna. Þá er líka ofsögum af því sagt hjá háttv. flutningsmönnum, að á þessum veiðum fari botnvörpungarnir jafnaðarlega inn að kvöldi og geri að afla sínum. Þetta kemur að vísu oft fyrir á útlendum togurum við Vesturland, og það mun hafa vilt þá; en íslenskir togarar gera það mjög sjaldan. Sjómaður, sem verið hefir 7 ár á íslenskum togara, hefir t. d. sagt mjer, að allan þann tíma hafi skip það, er hann var á, aðeins einu sinni farið þannig inn á höfn, til þess að gera þar að fiski, en þá voru þeir með 70 körfur á þilfari og aðeins tvo menn uppi standandi.

Þar sem vertíðin hjá togurunum hjer sunnanlands byrjar jafnvel stundum fyrst í febrúarmánuði, er það bersýnilegt, að þörf er á lögunum, einmitt þá, kannske frekar en í mars, því þá eru frostin meiri og því erfiðari miklar vökur.

En eftir brtt. á takmörkunin á vinnutímanum á togurunum að byrja 1. mars, og kemur því ekki einu sinni að haldi alla vetrarvertíðina.

Það er því augljóst, að þessi undantekningartími er tekinn alveg af handahófi, og brtt. því ekki til neins nema spillis á málinu. Leyfi jeg mjer því að skora á alla þá háttv. þingmenn, sem máli þessu vilja vel, að greiða atkv. á móti brtt., og ber jeg svo mikið traust til sanngirni hv. deildar, að hún unni enn hásetunum þessa sjálfsagða, sanngjarna rjettar, afdráttar- og hálfvelgjulaust.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi, ásamt háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 403, og aðra brtt. við hana á þskj. 420. Seinni tillagan er fram komin af því, að við nánari athugun sáum við, að tíminn, sem við höfðum áður gert ráð fyrir, var of stuttur, þar sem vetrarvertíð byrjar fyr á Suðurlandi. Hvaða getsakir, sem háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) vill láta sjer sæma að gera okkur út af þessu máli, vitum við það, og höldum fast fram, að till. okkar eru á engan hátt sprottnar af illvilja til málsins, heldur þvert á móti. Þær eru aðeins fram komnar til þess að gera frv. sanngjarnara í verkunum sínum á því svæði, þar sem við þekkjum best til — og það miklu betur en háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að þeim mæta manni annars ólöstuðum. Því, eins og hagar til fyrir Vesturlandi — og allir kunnugir vita — er t. d. veðrátta svo óstöðug þar um veiðitímann, ekki síður en endranær, að ómögulegt er að setja þar fastákveðinn vinnutíma, ef útgerðin á ekki að bíða því tilfinnanlegri hnekki við það. En einmitt af þessari óstöðugu veðráttu leiðir það líka, að hásetum getur

varla verið ofboðið þar með vökum, því óstöðugleiki veðráttufarsins gerir það að verkum, að skipin verða oft að liggja athafnalaus dögum saman, og ekki þurfa menn að ofþreyta sig á vökum þá.

Dylgjur háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) um hálfvelgju mína í þessu máli læt jeg sem vind um eyrun þjóta, og eins annað skraf hans um illar afleiðingar till. okkar, eins og t. d. það, sem hann hefir oft talað um, að af þeim mundi spretta úlfúð milli háseta og útgerðarmanna. Jeg fyrir mitt leyti er alls ekkert hræddur um slíkt, að minsta kosti ekki meðan hásetar eiga svo ágætan foringja sem háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sjálfan.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal í stuttu máli snúa mjer beint að kjarna málsins, en víkja alveg hjá þeim umbúðum aðdróttana og annara svigurmæla, sem hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) vafði um ræðu sína. Till. okkar háttv. þm. Barð. (H. K.) er fram komin af persónulegri reynslu og kunnugleik sjálfra okkar á staðháttum og útgerðarskilyrðum á Vesturlandi, og þeim rökum, sem við höfum fært fram, verður ekki hrundið. Hins vegar hefir háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) orðið að byggja alt í þessu atriði málsins á annara sögusögn; líka það, sem hann ætti að vita betur sjálfur. T. d. mundi enginn kunnugur láta segja sjer og trúa annari eins fjarstæðu og þeirri, að togari hafi ekki nema einu sinni komið inn á höfn á Vesturlandi á 7 ára veiðitíma. Mjer er vel kunnugt um það sjálfum, að þetta er misskilningur frá upphafi til enda. Og eins er það misskilningur, að hásetum þurfi yfirleitt að vera misboðið, eða sje misboðið, við veiðar á þessari vertíð, jafnvel þó það komi fyrir, að þeir verði stundum að vinna alt að 20 tímum í einu, eftir að þeir eru kannske búnir að liggja inni dögum saman. Og þetta mundi hver einasti góður háseti gera eftir sem áður, þrátt fyrir öll lög. Og jeg vil, sem gamall sjómaður, mótmæla þeim aukvisaáburði, sem frá sumum mönnum kemur fram gegn sjómannastjettinni, að vilja ekki vinna eins og nauðsyn krefur og unt er, eftir staðháttum og annari aðstöðu við veiðiskapinn; og jafnframt mótmæla því, að hún væri ekki einfær um það að leiðrjetta mál sín, ef henni þætti á þennan hátt gengið á rjett sinn. Annars er þetta mál ekki þannig, að nauðsyn sje að hleypa í það hita og úlfúð. Það er einfalt mál. Því eins og sjómennirnir munu heimta sinn rjett í þessu máli, munu þeir líka sætta sig við sanngjarnar og rjettmætar till., eins og þær, sem felast í brtt. okkar.

En þetta, sem háttv. frsm. meiri hl. (J. B.) sagði, að við værum að lappa upp á sannfæringu okkar með seinni brtt., þá skil jeg það ekki öðruvísi en að það sje sagt í hita, og hjelt jeg þó, að hann þekti mig svo, að hann gæti hagað orðum sínum á annan veg. (*J. B.*: Þetta er misskilningur; jeg sagði að friða samviskuna). Annars skil jeg ekki tilgang hans með þessum orðum, en jeg skrifaði þau upp þegar hann sagði þau, og frá þeim getur hann ekki gengið, nema þá að hann vilji taka þau aftur. Og jeg skil heldur ekki hvers vegna hann er svo mjög á móti þessari brtt. Tilgangur laganna er að vernda sjómenn fyrir þeirri misbeiting, sem þeir hafa átt við að búa, og það er aðallega á vetrar- og vorvertíð, eins og brtt. okkar fer fram á. Og á öðru byggist frv. ekki. Og jeg álít, að það komi ekki í bág við þennan margumþráttaða hvíldartíma, að hann sje aðeins lögfestur þennan tíma, sem brtt. okkar fer fram á.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg verð nú að segja það, enda þótt jeg meti báða þessa tillögumenn mikils og

þekki þá að öllu góðu, þá tek jeg þó sjómenn fremur trúanlega en þessa háttv. þingmenn. Og sumir þessir menn eru vel þektir, sem hafa sagt mjer þetta, þó að jeg nefni ekki nöfn þeirra hjer í deildinni, en jeg gæti nefnt nöfn heimildarmanna minna við háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), og hann mun ekki rengja þá; og jeg get bætt því við, að þessir heimildarmenn mínir eru ekki aðeins áhorfendur, heldur hafa þeir líka verið hásetar, og eru það enn. Það getur vel verið, að háttv. tillögumenn hafi komið út í botnvörpung, en oftar munu þeir hafa verið áhorfendur úr landi, svo mjer finst minni ástæða að fara eftir þeirra sögusögnum heldur en annara manna, sem unnið hafa alla vinnu á þessum skipum.

Jeg get vel fallist á það, enda er vikið að því í nál. meiri hlutans, að veðrátta sje svo stopul dögunum saman, að togarar geti ekki verið að veiðum. En það geta líka verið stillur marga daga í röð; en hvorugt þetta er neitt sjerkennilegt fyrir Vestfirði; þetta er svona í kring um alt land.

Að skipin geti ekki fylt sig, þótt þessar takmarkanir sjeu gerðar um hvíldartímann, getur ekki komið til mála. Það eiga þó altaf að vera ¾ hásetanna við vinnu; en hitt hefir líka komið fyrir, að skipin hafa ekki getað fylt sig af því, að mennirnir voru orðnir svo þreyttir og ofþjakaðir. Hjer er dæmi á móti dæmi.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) tók mjög nærri sjer orð, sem hann las af blaði hjá sjer og sagðist hafa skrifað þau eftir mjer. En jeg get fullvissað hann um það, að þessi „uppálöppun sannfæringarinnar" er heimatilbúið hjá honum sjálfum; jeg hefi aldrei sagt það. En jeg ljet það í ljós, að báðir háttvirtir þingmenn væru líklega að friða samvisku sína með þessum brtt., og jeg einmitt sannfærist betur og betur um það, eftir því, sem þeim fjölgar brtt. þeirra.

Annars þýðir ekki að ræða frekar þetta mál; það er nú þegar orðið svo ljóst. En áður en jeg skilst við það, get jeg ekki stilt mig um að minnast á það hjer, sem háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) kallaði „volæðismálæði sjómanna". Jeg hygg, að jeg hafi sagt rjett og satt frá kjörum þessara manna, eins og þeir menn vissu best, sem sögðu mjer, og býst við, að mín lýsing sje haldbetri en þetta væmna lof, sem þeir bera á sjómannastjettina í orði, en sýna svo annað í verkinu.

ATKVGR.

Brtt. 420 samþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. H., E. E., H. K., Jak. M., J. A. J., M. G., M. K., M. P., P. Þ., S. St., Sv. Ó.

nei: Þór. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., J. B., J. S., J. Þ., M. J., P. O., St. St., B. Sv.

Tveir þm. (Ó. P. og P. J.) fjarstaddir.

Brtt. 403, svo breytt, feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., M. G., P. J., S. St., Þorst. J., B. H., E. E., H. K., Jak. M.

nei: J. B., J. S., J. Þ., M. J., M. K., M. P., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., B. Sv.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Frv., óbreytt, samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., J. B., M. J., M. K., M. P., B. Sv.

nei: P. J., P. O., S. St., St. St., Þór. J.,

B. H., E. Þ., Jak. M., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G.
Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., laugardaginn 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 397).

Á 60. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta var í sjávarútvegsnefnd í háttv. Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar í þessari deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1653) með 10 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 500).

Frsm. (Karl Einarsson): Sjávarútvegsnefndin varð á eitt sátt um að mæla með því, að frv. þetta væri látið ná fram að ganga, enda þótt flestum nefndarmönnum fyndist frv. ekki verulega nauðsynlegt, þareð það, sem þar er farið fram á, muni nú nokkurnveginn almennt orðin regla. Þó vill nefndin láta frv. ganga fram því aðeins, að 2. gr. verði dálítið breytt. Vill hún láta taka þar skýrt fram, bæði að samningar, sem fara í bága við ákvæði greinarinnar, sjeu ógildir, og einnig að hásetum sje heimilt að vinna lengur í einu en þar um ræðir, þegar þeir sjálfir vilja leggja það á sig. Við gerðum nefnilega ráð fyrir, að eðlilegt væri, að þeir mættu vinna lengur, ef þörf krefði og þeir vildu það sjálfir. Því það er víst, að duglegir menn, sem eru vanir sjó, eru ekki uppgefnir eftir 18 tíma vinnu, ef þeir hafa byrjað á henni vel upplagðir.

Að öðru leyti vísa jeg til nefndarálitsins og legg til, fyrir nefndarinnar hönd, að deildin samþykki frv. með þessari breytingu.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi lítið hugsað um mál þetta, en leit það frekar hornauga. Af sjerstökum ástæðum er jeg samt nú frv. fylgjandi. Jeg gengst við því, að það er vegna þess, að jeg talaði í gærkveldi við sjómann, sem jeg þekki frá fyrri tíð; hann hefir sem sje verið hjá mjer í vist í tvö ár. Hann kom ekki til mín til að „agitera" fyrir máli þessu, heldur kom hann í heimsókn með konu sína. Barst þá í tal frv. þetta, og sannfærðist jeg þá um, að frv. hefir við rök að styðjast, en við því hafði jeg raunar ekki búist. Þessi maður hefir nú í 8 ár verið háseti á togara. Nú síðastliðið ár var hann á þeim togaranum, sem mest aflaði. Ekki var hann óánægður fyrir sitt leyti, því skipstj. hafði þá föstu reglu að láta hásetana hvíla sig 5—6 kl.tíma á sólarhring, og stundum meira; meira að segja sagði hann, að þessi skipstjóri hefði ýtt á þá niður til að hvíla sig, ef lítið var að gera, svo þeir yrðu ólúnari þegar þörf var á að starfa. Reynslan varð nú sú, að sá skipstjóri, sem þannig fór með háseta sína, aflaði mest allra þetta ár, og jafnvel meira en nokkur togari hafði nokkurntíma aflað áður hjer á landi. Sjómaður þessi benti mjer líka á, að hann vissi til, að 2 aðrir skipstjórar hefðu fylgt þessari sömu reglu, og hefðu þeir líka verið með þeim hæstu. Þetta sannfærði mig um, að hásetar hafa mikið til síns máls, úr því að þeir skipstjórar öfluðu mest, sem þeirri reglu hafa fylgt, að láta

háseta sína hvíla sig vissan tíma í sólarhring. Sjómaðurinn sagði þetta stafa af því, að mennirnir ynnu tvöfalt meira þegar þeir fengju nógan svefn en er þeir væru hálfsofandi. Þessum manni hefir aldrei orðið misdægurt, en hann kvartaði undan, að svefnleysið áður fyr á togurunum hefði haft mjög slæm áhrif á sig, gert sig daufan og sljóan. Hann sagði mjer dæmi upp á það, hvernig svefnleysið færi með hásetana, það kæmi jafnvel fyrir, að þeir yrðu hálfbrjálaðir. — Einusinni hafði hann t. d. sjeð mann skera fisk þvert yfir, er hann átti að fletja, og kasta honum og hnífnum svo fyrir borð. Annað dæmi sagði hann mjer einnig. Stýrimaður hafði gengið niður í káetu til að ná einhverju. Það dróst að hann kæmi aftur, og er menn komu niður, fundu menn hann liggjandi á knjánum á gólfinu, steinsofandi. — Jeg skil vel, að slíkar vökur eru ekki heilnæmar. — Áður en jeg talaði við þennan sjómann, miðaði jeg við þá sjómensku, sem jeg þekti, og eftir þeirri reynslu, sem jeg hafði, þá er það rjett, að jeg áleit ekki geta komið til mála að ákveða sjómönnum hvíldartíma, eins og gert er í þessu frv. Jeg hefi t. d. verið á hákarlaveiðum. Þegar hákarlinn var kominn undir, var ekki um annað að tala en vera við, uns skipið var fult af lifur. Jeg hefi því altaf álitið, að ómögulegt sje að setja neinar fastar reglur um vinnutíma sjómanna, en þegar svo er ástatt, eins og hefir verið á togurunum, að mönnum er svo misboðið með vökum, að fyrir það hefir aflast minna en ella, þá virðist nauðsynlegt að setja slík lög sem þessi. Og sökum þess mun jeg greiða þessu frv. atkvæði mitt, og það með góðri samvisku.

Sjómaðurinn hafði fylgst vel með í máli þessu, og var hann að tala um brtt., sem kom fram í Nd. um það, að vökuskiftin skyldu ekki hefjast fyr en 1. mars. Sagði hann, að þingmenn mundu ekki hafa þekt aðstöðuna, úr því þeir feldu brtt. þessa. Vissan tíma ársins var fiskað í salt, hinn tímann í ís. Þann tíma, sem fiskað er í salt, er sífeld vinna í 2—3 mánuði. Þá er enginn hvíldartími, nema rjett á meðan verið er að skipa upp úr skipinu, og þann tíma þurfa menn, sem altaf eru að heiman, að nota til ýmsra útrjettinga, eins og skiljanlegt er. Þennan tíma er nauðsynlegt að menn fái að hvíla sig nokkra tíma á hverjum sólarhring. En þegar fiskað væri í ís, þá sagði hann sjálfsagt að halda áfram meðan hægt væri að standa á fótunum, því þá fengju menn aftur hvíld í 12—13 daga, meðan skipið væri á ferð inni til og frá Englandi og meðan þar væri dvalið.

Þá er að líta á brtt. háttv. sjávarútvegsnefndar. Við þær get jeg ekki allskostar felt mig. Um þær hefi jeg ekki talað við neinn eða neinn við mig. Einkanlega finst mjer athugaverð þessi setning „en ekki skal það talið brot á ákvæðum hennar, þótt háseti, eftir eigin ósk í einstök skifti vinni lengur í senn en þar er um mælt". Þessi setning virðist í fljótu bragði ekkert athugaverð, en þegar jeg fer að athuga hana betur, finst mjer talsvert varhugavert, að þarna skuli standa „*háseti*" í eintölu; hefði þar átt að standa hásetar. Því mjer virðist athugavert, að einn háseti skuli mega taka sig út úr og bjóða skipstjóra að vinna lengur. Slíkt gæti orðið til óánægju milli hásetanna. Því auðvitað yrði sá háseti svo slappur, er hann ætti aftur að vinna, þar sem hann hefir ekki hvílst neitt, að hann gæti ekki unnið sitt skylduverk fullkomlega móts við hina, sem ólúnir væru. Einnig er mjer ekki vel ljóst, hvernig borgun fyrir þessa aukavinnu ætti að vera farið. Ekki getur það komið fram í mánaðarkaupinu. Allir hljóta að hafa hið sama fasta mánaðarkaup. Heldur ekki er hægt að skifta lifrinni þannig, að þeir, sem ynnu í hvíldartímanum fengju meiri lifrarpeninga. Mjer

skilst þá helst, að þessa aukavinnu yrði að launa sem tímavinnu. — Fleira mun jeg þá ekki segja um frv.; vil jeg aðeins taka það fram, enn einu sinni, að jeg mun greiða því atkvæði mitt.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins gera grein fyrir atkvæði mínu. Frekar kysi jeg, að brtt. yrði ekki samþ. En sje það skilyrði fyrir því, að frv. nái fram að ganga í þessari háttv. deild, þá er jeg með henni. Mig furðar stórlega á því, að þetta frv. skuli hafa mætt talsverðri mótspyrnu hjer í þinginu, því mjer finst, satt að segja, að þetta sje svo mikil sanngirniskrafa frá hendi sjómanna, að þingið hefði átt að samþ. frv. þegar orðalaust.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg mun ekki lengja umr. mikið. Jeg vil taka það fram viðvíkjandi því, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði um brtt. nefndarinnar, að fyrri hluti hennar skoða jeg, að sje hásetunum í vil. (*S. E.*: Jeg felst á það). Hún verður að skoðast sem verndargrein, en ekki sem hefting á frelsi þeirra. Um seinni part brtt. tók jeg fram í fyrri ræðu minni, að nefndin hefði sett hana inn af því henni fyndist of langt gengið, væri hásetum beint bannað að vinna, þótt þeir vildu það sjálfir. Þessi ákvæði eru einnig sett í þeirra þágu, því vitanlega er þeim sjálfum hagur í að vinna sem lengst, þegar svo stendur á, að nægur er fiskur og þeir eru færir að vinna. Hvort þeim yrði sjerstaklega borgað, sem ynnu slíka aukavinnu, yrði auðvitað að verða eftir samkomulagi. En ekkert er jeg hræddur um, að þetta gæti valdið ósamþykki milli hásetanna innbyrðis. Viðvíkjandi því, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) talaði um, að hásetum væri misboðið með vökum, þá er mjer það ekkert nýtt. Jeg þekki margar sögur upp á það, en datt ekki í hug að segja þær hjer; háttv. deildarmönnum eru þær kunnar eins og mjer. Og það er ekki eingöngu á togurunum, sem slíkt kemur fyrir, heldur einnig á smærri skipunum, mótorbátum og jafnvel róðrarbátum. — Nefndin heldur fast við brtt. sínar, og hyggur heppilegast að samþ. frv. með þeim brtt.

Eftir því, sem þetta er í fastari skorðum og betri reglur eru settar um þetta, því betra. Eins og jeg tók fram áðan og lýsti yfir, að sumir nefndarmennirnir líta svo á, að skoðun útgerðarmanna sje svo að breytast, að þeir misbjóði nú ekki lengur hásetum, þá er þörfin auðvitað minni nú en áður á svona ákvæðum; enda er það líka mjög svo skiljanlegt, því hvaða gagn er að því, að láta menn, sem vakað hafa 50—70 klukkustundir, hanga hálfsofandi og úrvinda af þreytu yfir vinnunni? En ef háttv. deild vill ekki leyfa háseta að vinna lengur en 18 tíma í einu, þá ber auðvitað að fella brtt. En jeg álít það ekki rjett, vegna þess, að svo getur staðið á, að mikið sje í húfi, en vinnukraft háseta þarf alls ekki að misbrúka fyrir það, enda er sú skoðun altaf að breytast, eins og háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) tók fram. En því aðeins gengur veiðin vel, að menn sjeu óþreyttir að vinnu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 500., fyrri liður („Fyrirfram—ógildir") samþ. með 9 shlj. atkv.

— 500., síðari liður („en ekki — um mælt") samþ. með 8 : 3 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 524).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg vil aðeins geta þess, að jeg gleymdi við 2. umr. þessa máls að biðja um að leiðrjetta prentvillu, sem er í 4. gr. frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 524).

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Þetta mál hefir tekið nokkrum smávægilegum breytingum í háttv. Ed., þannig, að aftan við 2. gr. hefir verið bætt 2. málslið. Sjútvn. hefir athugað málið og meiri hl. hennar fallist á frv. og ræður háttv. deild til þess að samþykkja það óbreytt. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál.

Jakob Möller: Jeg get ekki látið þessa umr. svo hjá líða, að jeg geri ekki grein fyrir atkvæði mínu. Jeg tel þetta mál ekki svo vel undir búið, að rjett sje að afgreiða það nú. Jeg tel það raunar vel farið, að málið hefir fengið að ganga gegn um allar umr. í báðum deildum. En í öllum þeim umr. hefi jeg ekki getað fengið þær upplýsingar því viðvíkjandi, sem jeg tel nauðsynlegar. Þetta mál hefir mjög verið notað sem kosningabeita við undanfarnar kosningar hjer í Reykjavík, en hefir hingað til aldrei verið upplýst nema frá annari hliðinni. Jeg vildi því, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar til nánari athugunar, til þess í fyrsta lagi að athuga, hvort svo mikil nauðsyn sje á þessum lögum, sem af er látið, og í öðru lagi að rannsaka, hvaða áhrif þessi lög gætu haft á þennan atvinnuveg. Jeg hefi átt tal við háseta, skipstjóra, útgerðarmenn og ýmsa aðra, sem fullyrða, að lög þessi gætu orðið útveginum til alvarlegs hnekkis, vegna þess, að þessari vökuskiftingu, sem þau fyrirskipa, verði ekki komið við á smærri skipunum. Jeg skal viðurkenna, að jeg þekki ekki sjálfur inn í málið, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þessir menn, er berjast fyrir lögskipun 6 kl.stunda hvíldar, hafi allmikið til síns máls, mundi jeg hiklaust greiða atkvæði með frv., en jeg get ekki gert mig ánægðan með þá rannsókn á málinu, sem til þessa hefir fram farið.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það má með sanni segja, að þessi mótmæli komi fram á 11. stundu. Háttv. þm. (Jak. M.) hefði haft nóg tækifæri til að koma með þau við fyrri umræður þessa máls, og mjer þykir það næsta undarlegt, að einmitt hann skuli hafa dregið það þangað til nú. Í sambandi við þetta langar mig til að segja frá því, að þegar verið var að ræða um þetta frv. í háttv. Ed., þá var það háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), sem er einhver elsti þingmaður á þingi, sem sagðist jafnan hafa litið þetta mál hornauga, en svo hefði hann haft tal af sjómanni, sem hann var gamalkunnugur, og sá maður hefði gefið honum þær upplýsingar, sem hefðu sannfært hann um nauðsyn þessara laga. Þetta þótti mjer merkilegt, þar sem þessi háttv. þm. var mjög andvígur frv. áður en hann hafði fengið þær upplýsingar frá rjettum málsaðilja, manni, sem hafði reynsluna í þessu efni.

Jeg hefi heldur ekki heyrt, að nein mót-

mæli hafi komið opinberlega fram frá útgerðarmönnum gegn þessu frv. Eitt til tvö skip hafa þegar tekið upp þessa vökuskiftingu, og aflað langbest á vertíðinni, og haft yfirleitt stórhag af þeirri tilbreytni.

Það er nú búið að deila um þetta frv. árum saman, en aldrei hefir þeim mótmælum verið hreyft gegn því, að það mundi draga úr framleiðslunni, fyr en háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) gerði það nú.

Jeg veit ekki heldur, hvað þessi háttv. þm. (Jak. M.) átti við, þegar hann talaði um að vísa málinu til stjórnarinnar til frekari rannsóknar, hvort til þess væri ætlast, að hæstv. ráðherrar tækju sjer einn túr með togara. En það gæti nú farið svo, að eitthvað betur væri farið með þá en aðra, svona eins og í virðingarskyni.

Jakob Möller: Jeg hefi eiginlega ekki miklu að svara háttv. samþm. mínum (J. B.). Þar sem hann gat ekki hugsað sjer aðra rannsóknaraðferð í þessu máli en að hæstv. ráðherrar færu til sjós, þá þykir mjer hann vera orðinn óþarflega skilningssljór. Því að vitanlega má vel rannsaka málið á annan hátt. Og ekki geri jeg ráð fyrir því, að háttv. flm. (J. B.) hafi „farið til sjós" til að rannsaka það.

Háttv. þm. (J. B.) gat nú þess, að 2 skip hefðu verið gerð út, þar sem hásetar hefðu haft þennan ákveðna hvíldartíma, og að þau hefðu aflað einna best á vertíðinni, og því er haldið fram, að eins mætti það vera á öðrum skipum. Þetta eru staðhæfingar einstakra manna. En nú þarf með rannsókn að leiða í ljós, að þessar staðhæfingar sjeu rjettar. Komi það í ljós við rannsókn, þá skal ekki standa á mjer að greiða atkvæði með hvíldartímanum.

Háttv. flm. (J. B.) hefði vel átt að geta lagt fram skjöl og skilríki fyrir þessu frá þeim skipstjórum, sem láta háseta sína fá nóga hvíld á hverjum sólarhring, bæði um það, að þeim gefist það vel, og eins um hitt, að eins megi fara að á öðrum skipum, þó minni sjeu. — Ef háttv. flm. (J. B.) hefði hugsað fyrir því, að afla slíkra upplýsinga, og getað lagt þær fram, þá geri jeg ráð fyrir því, að mál þetta hefði ekki átt örðugt uppdráttar. En nú er málið í raun og veru alveg óupplýst, jafnvel líka um það, að hásetum sje ofþjakað með vökum á togurunum yfirleitt. Nú er jeg þeirrar skoðunar, að þetta ætti helst af öllu að vera samningsmál milli háseta og útgerðarmanna. En geti það ekki orðið, þá er auðvitað nauðsyn á einhverri lagasetningu í þessa átt, ef hásetum er ofboðið með vökum. En það þarf þá fyrst að leiða í ljós.

Jeg hefi talað við ýmsa háseta, og þeir segja, að enga nauðsyn beri til að setja slík lög. Jeg get að vísu ekki tekið þá umsögn fullgilda, því að það má gera ráð fyrir því, að áhugamenn ætli sjer oft og einatt ekki af.

Finn jeg ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta, en mun afhenda forseta rökstudda dagskrá, um að vísa málinu frá til frekari rannsóknar og undirbúnings undir næsta þing.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Við sjávarútvegsnefndarmenn leiddum svo rækilega saman hesta okkar við 2. umr. þessa máls, að ekki mun þörf að bæta þar neinu verulegu við, því að ekkert nýtt mun fram koma. Jeg get lýst því yfir, að breyting háttv. Ed. á frv. hefir ekkert laðað okkur minni hluta mennina að frv. Dagskrá þeirri, sem fram er komin frá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) munum við greiða atkvæði.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefi, síðan frv. þetta fór úr deildinni, átt tal við ýmsa skipstjóra og háseta, og hafa flestir þeirra talið rjett, að samþyktar hefðu verið till. mínar og háttv. þm. Barð. (H. K.), sem við bárum hjer fram við 2. umr. Bar þessum mönnum saman um, nær öllum, að ekki væri þörf á að takmarka vinnutímann, nema á vetrar- og vorvertíðinni.

Það er algerlega rangt hjá háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að jeg hafi átt tal um þetta við útgerðarmenn. Jeg áleit einmitt, að skipstjórar og hásetar væru þessum málum kunnugastir, og líklegastir til að ráða málinu til heppilegra úrslita. Mundu allir hafa orðið ánægðir, ef brtt. okkar hefðu verið samþyktar.

Brtt. háttv. Ed. eru ekki efnisbreytingar. Er þar aðeins bætt við, að það skuli ekki talið brot á lögunum, þó að hásetar vinni lengur en áskilið er í lögunum. Þessarar skýringar þurfti eigi, því að auðvitað var hásetum heimilt að vinna lengur, ef þeir sjálfir óskuðu. Hins vegar virðist mjer meiri hætta á því, að hásetar geti orðið ósáttir sín á milli og við skipstjóra, ef ákvæði háttv. Ed. er látið standa óbreytt.

Jeg bind ekki atkvæði mitt um dagskrána, vegna þess að jeg hefi ekki sjeð hana ennþá.

Forseti (B. Sv.): Mjer hefir borist svofeld rökstudd dagskrá, frá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.):

„Með því að þingdeildin lítur svo á, að mál þetta hafi ekki verið rannsakað sem skyldi, telur hún ekki rjett að afgreiða það, að svo stöddu, sem lög frá þinginu, en væntir þess, að stjórnin rannsaki það til næsta þings, og geri þá þær till. um málið, sem hún telur þurfa, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vil enn leyfa mjer að skjóta því til háttv. deildar, að þetta hefir verið opinbert umræðumál nú síðustu 2—3 árin, og er því engin ástæða til þess að rannsaka málið betur. Hitt skil jeg vel, að sumir útgerðarmenn muni vilja koma málinu fyrir kattarnef, þó að þeir raunar skömmuðust á því, og mótspyrnan gegn frv. er aðallega komin frá útgerðarmönnum, en ekki skipstjórum.

Eru þeir að vísu þjónar útgerðarmanna, en þeir hafa þó margir látið í ljós, mjer vitanlega, að takmörkunin á vinnutímanum væri heppilegri. Hafa þeir oft undanfarið leiðst til þess að halda áfram meðan nokkur var uppistandandi, og orðið svo algerlega að stöðva veiðarnar á eftir, sökum ofþreytu háseta. Að athuguðum öllum þessum ástæðum, sje jeg enga þörf á að vísa málinu til stjórnarinnar til frekari rannsóknar. Sýnist mjer, að breytingar hv. Ed. á frv. geri það aðgengilegra fyrir þá menn, sem á móti því voru, því að þar er ákveðið, að hásetar megi vinna lengur en til er tekið í frv., en það töldu sumir, að vafasamt væri, hvort þeir hefðu heimild til þess eftir upphaflega frv.

Jakob Möller: Það eru aðeins nokkur orð, út af ummælum háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Þau ummæli voru svo góð sönnun þess, hvernig málið hefir verið flutt. Hann sagði, að oft hefði verið unnið svo lengi á togurunum, að enginn hefði staðið uppi, en allir verið fallnir í valinn af ofþreytu og svefnleysi, en samt þurfa allir að vera við vinnuna, ef hún á að geta haldið áfram, því að mannaflinn er ekki meiri en það. Mjer þykir nú sennilegra, að svo fari, að einn og einn maður falli í valinn í senn, heldur en að allir falli í einu eins og skotnir. Sýnir þetta best, hvernig málið er flutt og hverjar öfgarnar eru.

Mjer kemur ekki til hugar að neita því,

að vinnan muni stundum geta verið of mikil, en það er full þörf á að rannsaka það, og þá rannsókn á að fela óhlutdrægum mönnum, sem þekkingu hafa á málinu, en ekki fara eftir órökstuddum fullyrðingum einhverra manna í landi, sem ekkert þekkja af eigin reynd til vinnubragðanna á skipunum.

Vænti jeg fastlega, að ef dagskráin verður samþykt, þá láti stjórnin ekki rannsóknina undir höfuð leggjast. Vil jeg jafnframt benda háttv. deild á, að ekki mun hundrað í hættunni, þó að máli þessu verði frestað til næsta þings, því að vertíð er nú senn á enda, og óvíst, hvort fært verður að halda togurunum úti næstu vertíð. Auk þessa eru lögin þá yfirvofandi, og því líklegt, að skipstjórar færu varlegar í að ofþjaka mönnum sínum með vökum þess vegna.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá frá 1. þingmanni Reykv. (Jak M.) feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. O., St. St., Þór. J., B. H., E. Þ.

nei: E. E., Gunn. S., H. K., J. B., M. J., M. K., M. P., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. Sv.

Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 14 : 11 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 583).

23. Prestsmötusala.

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. febrúar, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á prestsmötu (A. 56).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 26. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Þetta frv. er mönnum gamalkunnugt hjer á þingi. Það var samþykt í Nd. 1919, en dagaði uppi í Ed. Lengi ekki umr. um það að þessu sinni, en geri það að tillögu minni, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 19 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 97).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Það er óþarfi að orðlengja mikið um þetta mál. Það hefir, eins og kunnugt er, verið hjer á ferðinni áður, og er því gamall kunningi þingsins.

Hinn sögulegi uppruni prestsmötunnar er sá, að menn, sem áður hjeldu presta á búum sínum, unnu það til, til þess að losna við að framfæra prestinn, að gjalda honum hálfar kúgildaleigur af jörð sinni til framfæris sjer, og festist kvöð þessi þannig við jarðirnar og hefir fylgt þeim síðan.

Nú líta margir svo á, og það með rjettu, að sú breyting hafi orðið á þessu á síðari tímum, svo að grundvöllur þessarar prestsmötukvaðan sje horfin með öllu; má benda þar á brauðasamsteypuna og fleiri breytingar, sem rýra not safnaðanna af prestun-

um, svo það væri í rauninni á fullri sanngirni bygt, þó kvöð þessi væri afnumin með öllu, án þess nokkurt endurgjald kæmi fyrir frá hendi þeirra, er kvöðin hvílir á. Auk þess hefir smjörverðið, einkum nú síðustu árin, orðið svo hátt, að það stendur engan veginn í hlutfalli við þann höfuðstól, sem af er goldið. Þess vegna er síst að furða, þó að menn vilji kosta kapps um að leysa sig undan þessari kvöð, svo óeðlileg og þvingandi sem hún er.

Samskonar kvöð, eða líkri, Maríu- og Pjeturslömbunum í Múlaþingi, var ljett af með lögum árið 1911, og án þess nokkurt gjald kæmi fyrir. Virðist því öll sanngirni mæla með, að prestsmatan fari sömu leiðina.

Við, sem þetta frv. flytjum, hefðum viljað ganga lengra en frv. fer fram á. En á þinginu 1919 varð það að samkomulagi í nefnd þeirri, er hafði málið til meðferðar, að fara ekki lengra, sökum þess að örvænt þótti um, að samkomulag fengist um frekari ívilnun.

Það er einkum í þrem atriðum, sem frv. þetta breytir frá því fyrirkomulagi, sem nú er um sölu á prestsmötu.

Í fyrsta lagi, að mönnum er með frv. trygt að fá prestsmöturnar keyptar, en dæmi eru fyrir því, að stjórnarráðið hafi synjað um sölu á prestsmötu, að minsta kosti var það svo 1917.

Í öðru lagi, að nú er gert ráð fyrir því, að 5% verði lagðir til grundvallar, þegar verð prestsmötunnar er reiknað út, en nú mun það vera 4½%. Og auk þess sje verðið miðað við 12 ára verðlagsskrárverð í þeirri sýslu, er kaupbeiðandi á heima í, en nú er verðinu jafnað niður á 10 ár.

Í þriðja lagi er mönnum veittur gjaldfrestur í líkingu við það, sem er um sölu á kirkjujörðum, en nú verða menn að svara höfuðstólnum öllum í einu lagi.

Og í fjórða lagi er ráðherra heimilt að veita eiganda prestsmötujarðar ívilnun á prestsmötugjaldi, ef hann getur sannað, að jörðin hafi til langframa spilst eða úr sjer gengið af náttúrunnar völdum, eins og líka hitt, að taka tillit til þess, hafi kúgildi fallið án þess ábúanda væri um að kenna, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) benti á í ræðu um þetta mál á þinginu 1919, að átt hefði sjer stað í Ögri í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

Jeg vona svo, að háttv. deild geti fallist á frv. þetta og lofi því að ná fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 56).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 56).

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var þar í allsherjarnefnd. Jeg legg til, að því verði og vísað til þeirrar nefndar hjer, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 8 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 499).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þetta frv. var fyrst flutt á Alþingi 1917 af þm. Eyfirðinga. Þeir fluttu það í því formi, sem nefndin nú leggur til, að það verði sett í. Brtt. þær, sem nefndin gerir, miða því í þá átt, að sníða burtu þær breytingar, sem frv. hefir tekið í háttv. Nd.; þó voru þær breytingar ekki gerðar nú, heldur 1919, en þá dagaði málið uppi hjer í háttv. Ed.

Að öðru leyti get jeg vísað til nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 499,1. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 499,2. samþ. með 8 : 2 atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 543).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg sagði það um þetta mál við 2. umr., sem jeg áleit þörf á, og ef engin mótmæli koma fram, þá sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú. Mæli jeg með því, fyrir nefndarinnar hönd, að frv. fái að halda áfram, og verði samþ. hjer í þessari háttv. deild.

Karl Einarsson: Jeg er á móti því, að þetta frv. verði nú samþ. Tel jeg undirbúning málsins ekki nægilegan. Mótmæli jeg því, að mál, sem hefir fengið jafnmikla mótspyrnu á undanfarandi þingum og þetta, verði nú afgreitt svo hvatvíslega.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 4 atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 543).

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Háttv. Ed. er búin að hafa mál þetta mjög lengi hjá sjer, og mun það lengst af tímanum hafa legið í allsherjarnefnd þeirrar deildar. Allshn. kom loks fram með tvær brtt. við frv., og hefir sú háttv. deild fallist á þær. Brtt. þessar spilla frv. að vísu allmikið, og hefði verið æskilegt að fella aftur niður þessar breytingar Ed. og setja frv. í sama horf og það fór hjeðan úr deildinni. En þar sem hinn mikli dráttur á afgreiðslu málsins í Ed. veldur því, að tíminn er orðinn svo naumur, að það gæti ef til vill orðið til þess, að málið strandaði, að breyta frv., en hins vegar er talsverð bót í því, eins og það er, svo allshn. vill leggja til, að það verði

samþ., þrátt fyrir limlestingu háttv. Ed. á því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 586).

24. Fiskimat.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat (A. 367).

Á 51. og 56. fundi í Nd., dagana 25. og 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Þetta frv. er flutt af sjútvn., en með því að svo er áliðið fundartímans, mun mjer ekki endast tími til að reifa málið. Jeg vil því beiðast þess, að málinu verði vísað til 2. umr., og mun jeg þá gera nánari grein fyrir því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 : 1 atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Oss má öllum vera það ljóst, hve afarmikils virði það er fyrir hvert ríki, að framleiðsla þess nái áliti á heimsmarkaðinum.

Vjer Íslendingar höfum orðið fyrir því happi, að eftir að lög voru hjer sett um fiskimat 1909, þá hefir íslenskur fiskur verið einna fremstur á saltfiskmarkaði heimsins. Af þessu höfum vjer haft ómetanlegt gagn. En eins og það var hnoss fyrir oss að öðlast þetta, eins ættum vjer og að setja metnað vorn í að reyna að halda þessu ágæti.

Á síðastliðnu ári hefir íslenskur saltfiskur ekki reynst eins vel á Spaníu og undanfarin ár. Er ekki gott að segja, hverjar ástæður muni til þess liggja. En að líkindum má þó telja höfuðástæðuna þá, sem hingað hefir borist með tímans straumi, og skal jeg á hana drepa fáum orðum.

Þegar fiskimatslögin voru samin 1909, þá var þar eingöngu um að ræða verkaðan fisk til útflutnings. Þá átti sjer varla stað, að seldur væri óverkaður fiskur. En síðan hafa staðhættir breyst svo, með vexti í þessari atvinnugrein, að nú er fluttur út fiskur í salti, óverkaður, og einnig seldur manna milli hjer innanlands í stórum stíl.

Það er og aðgæsluvert í þessu sambandi, að á síðustu árum hefir útvegurinn breyst þannig, að fiskiskipin, eða þó einkum vjelbátarnir, grannsalta fiskinn og selja hann síðan, er þeir koma að landi, hverjum sem hafa vill. En þessi grannsöltun á fiskinum hefir leitt í ljós óvandvirkni, því að þegar svo er að farið, að handbrögð, hreinlæti og söltun eru ekki í góðu lagi í fyrstu, þá er mikið verra að verka fiskinn vel á eftir, og oft nær ómögulegt, svo að vel sje.

Það, að fiskurinn hefir tapað áliti á heimsmarkaðinum, mun því stafa af þessari umgetnu ástæðu, að menn grannsalta nú fiskinn og veita honum ekki svo góð handbrögð sem skyldi, en ekki hitt, að flokkunin sje óvandlegri en áður, því að það hefir einmitt sýnt sig, að hin síðustu árin hefir meira fallið til II. og III. flokks en undanfarið.

Til þessa kunna að liggja fleiri ástæður, en þessi mun þó vera hin helsta.

Lagabreytingin, sem hjer um ræðir, er nú í því fólgin, að óverkaður saltfiskur, jafnt sem verkaður, skuli framvegis verða metinn, áður en hann er út fluttur. Og að fiskur, sem seldur er innanlands, skuli einnig metinn. Er þetta til þess gert, að framleiðandinn beri nokkra ábyrgð á vörunni, þótt ekki flytji hann hana sjálfur út.

Jeg býst við, að háttv. þm. sjeu mjer sammála í því, að alt sje til þess gerandi, að vjer getum framvegis haldið góðu áliti á þessari vöru á heimsmarkaðinum. Megum vjer og við því búast, að hliðstæð ríki í þessari atvinnugrein muni gera alt til þess að keppa við oss í þessu efni.

Jeg býst fastlega við, að háttv. þm. verði ekki á móti því, að þessi breyting nái fram að ganga og í lögin að festast.

ATKVGR.

Frv.gr. samþ. með 21 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 367, 482).

Sveinn Ólafsson: Þessi litla brtt. er að vísu komin fram með litlum fyrirvara, en jeg vona, að afbrigði verði veitt. Er hún aðeins orðabreyting og miðar að því að fyrirbyggja misskilning á frv.gr. á þskj. 367. Eftir venjulegum skilningi orða, verður frv.gr. tæplega skilin öðruvísi en svo, að ætlast sje til, að fiskimat sje einnig lögfest á fiski, sem seldur er til neytslu innanlands, en það mun tæpast hafa verið tilgangur háttv. sjútvn., heldur að matið næði aðeins til fiskjar, sem fluttur er út.

Þarf jeg svo eigi að fjölyrða um þetta meira, því jeg veit, að hver þm. sjer, að þessi orðabreyting er nauðsynleg, því það veit jeg, að eigi hefir verið tilgangurinn, að meta skyldi fisk, sem einungis er ætlaður til sölu innanlands. Væri það líka mjög óheppilega ráðið, því að matsmenn eru oft allfjarri þeim verstöðvum, er fiskur er seldur í til sveitamanna, og mundi kosta mikið að kalla þá á vettvang.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg vil geta þess fyrir mína hönd, því hvernig nefndin kann að líta á þetta, get jeg eigi sagt, að jeg lít svo á, að það mundi í engu spilla, að brtt. verði samþykt, þótt jeg hins vegar telji þess enga eða litla þörf, því að mjer sýnist svo, sem það felist í sjálfri frv.gr., auk þess sem jeg tók það fram í framsöguræðu minni, að ekki væri ætlast til, að annar fiskur yrði metinn en sá, sem verkaður er og ætlaður til útflutnings.

Hins vegar er það satt, að þetta er engu óljósara orðað í brtt., og mun tæpast vera jafnskýrt að orði kveðið í frv.gr., að matið nái eigi nema til þess fiskjar, sem ætlaður er til útflutnings.

Um álit samnefndarmanna minna um þetta get jeg ekkert sagt.

Pjetur Ottesen: Það er síður en svo, að jeg geti gengið inn á brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), því að hún gengur í þveröfuga átt við frv. Tilgangur okkar var sá, að allur fiskur, er ganga á kaupum og sölum upp úr salti, og ætlaður til útflutn-

ings, yrði metinn, og álitum við, að með þessu væri gerð tilraun til þess að stuðla að betri verkun á fiskinum en nú er, því að gæði fiskjarins fara mjög mikið eftir því, hvernig hann er búinn í saltið.

En verði brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) samþ., er naumast og ekki hægt að leggja annan skilning í lögin en þann, að fiskurinn skuli einungis metinn á útflutningsdegi, en fyr ekki, og er þá alveg girt fyrir gagnið, að tilgangi okkar með frv. sje náð. Það var heldur ekki meining okkar, að fiskur, sem sendur er til annara landa en Miðjarðarhafslandanna upp úr salti, óverkaður, sje metinn. Það er álit kunnugra manna, að það gæti verið beinlínis hættulegt fyrir okkur. En verði till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) samþykt, verður eigi undan þessu komist.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. þm. Borgf. (P. O.) hefir nú að miklu leyti tekið af mjer ómakið, en þó vildi jeg bæta nokkru við. Tilgangur sjútvn. var sá, að fá betur verkaðan fisk frá byrjun, og því verði þeir, sem selja fisk innanlands, líka að sæta mati.

Það felst í brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að sá fiskur, sem fluttur er óþurkaður út til Norðurlanda eða Englands, skuli einnig metinn. En þetta tel jeg mjög varhugavert, því vel má vera, að fiskur þessi verði síðar fluttur til Spánar, og mætti þá svo verða, að honum fylgdu íslensk matsvottorð og hann væri talinn sem íslensk vara, enda þótt hann væri verkaður í öðru landi.

Þekki jeg dæmi þess, að fiskur hefir verið keyptur hjeðan frá Englandi og Skotlandi, sætt þar illri meðferð, og verið svo seldur til Spánar eða Ítalíu. Gæti það orðið okkur til mesta tjóns og hnekt áliti á okkar fiski í þessum löndum, ef hægt yrði að klína því nafni á hann, að þetta væri íslenskur fiskur, verkaður hjer.

Vil jeg að ekki sje metinn annar fiskur en fullverkaður, svo og sá saltfiskur, sem seljast á annaðhvort til Spánar eða Ítalíu, eða þeirra landa, sem hann er notaður í til neyslu, en ekki til útflutnings.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg ætlaði mjer eigi að mæla með brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), en hins vegar fæ jeg eigi betur sjeð en að hún feli í sjer sömu meiningu og brtt. okkar. Er að vísu sagt í brtt. háttv. þm. (Sv. Ó.) fiskur, „sem verkaður er í landinu", en í frv.gr., „sem ætlaður er til verkunar". En þrátt fyrir þennan orðamun sýnist mjer engin efnisbreyting, heldur sje hjer aðeins skýrar kveðið á í brtt. háttv. þm. (Sv. Ó.) en í frv.gr.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) vildi einungis meta fisk, sem fara ætti til Spánar eða Ítalíu. En það er eigi gott að segja fyrir, hvert fiskurinn muni fara, og er því ilt að varna mönnum að búa fiskinn sem best undir í upphafi, enda var það tilgangur sjútvn., að allur fiskur yrði metinn, sem ætlaður er til útflutnings, hvort sem hann á að fara til Spánar, Ítalíu eða annara landa.

Annars var það tilgangur sjútvn., að fiskurinn yrði sem best undir búinn í saltið og vönduð yrði öll meðferð á saltfiskinum. Hefir brytt á því upp á síðkastið, eins og jeg tók ljóst fram í framsöguræðu minni, að vegna breyttra staðhátta hefir fiskurinn ekki verið jafngóður sem hann var áður, og vegna þessa er brtt. okkar fram komin, til þess að ráða bót á þessu, ef verða mætti, og fæ jeg eigi sjeð, að brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) breyti í neinu þessari hugmynd og orðum sjútvn., sem fólst í brtt. frv.gr. við 1. gr. fiskimatslaganna. Það, sem vakir fyrir háttv. flm. brtt. (Sv. Ó.), er, að ekki verði metinn sá fiskur, sem ekki er ætlaður til útflutnings, og sýnist mjer, að þetta sje öllu

skýrara orðað í brtt. hans en okkar. Get jeg því samþykt brtt. háttv. þm. (Sv. Ó.), án þess jeg líti svo á, að hún breyti frumhugsun frv.gr. í nokkru.

Sveinn Ólafsson: Aðaltilgangur minn með brtt. á þskj. 482 var að gera frv.gr. svo skýra, að ekki yrði um vilst, hvað hún ætti við. Háttv. stuðningsmenn hafa látið þá skoðun í ljós, að ekki sje ætlast til, að fiskur, sem er verkaður innanlands og á að ganga kaupum og sölum til neyslu í landinu, sæti sömu meðferð og útflutningsfiskur. Einmitt þetta er gert ljósara í brtt. minni heldur en í frv.gr., og þess vegna er brtt. fram komin. Í öðru lagi hefi jeg leitast við að færa frv.gr. til betra máls, en þess var ekki vanþörf, því að höfuðsetningin er þar slitin sundur með feiknalangri aukasetningu, og kemur niðurlag höfuðsetningarinnar svo eins og skolli úr sauðarlegg, og löngu síðar. Brtt. er því að þessu leyti aðeins til málfegrunar og efnisskýringar.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sögðu báðir, að breytingin á fiskimatslögunum næði ekki tilgangi sínum, ef brtt. mín yrði samþ. Jeg get ekki skilið þessi ummæli háttv. þm., því í brtt. er alt tekið upp, sem felst í frv.gr. Munurinn er aðeins sá, að brtt. tekur það skýrara fram og í færri orðum. Jeg fullyrði þess vegna, að misskilningurinn er hjá þeim, en ekki hjá mjer.

Jón Auðunn Jónsson: Það er misskilningur hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að brtt. hans sje sama efnis og frv.gr. Jeg held, að orðin „sem ætlaður er til verkunar innanlands“ taki af allan efa um það, að það sje aðeins sá fiskur, sem verkaður er í landinu. Jeg tek það fram, að jeg get ekki greitt atkvæði með brtt.

Pjetur Ottesen: Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þykist slá tvær flugur í einu höggi með brtt. sinni á þskj. 482, sem sje að færa það til betra máls og skýra efni frv.gr. Það er nú svo. Verði brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) samþ., ber ekki að meta fisk upp úr salti, nema því aðeins, að hann sje sendur óverkaður til útlanda.

Eftir frv., eins og það er, ber að meta allan fisk upp úr salti, sem gengur kaupum og sölum innanlands og ætlaður er til útflutnings. Að sjálfsögðu nær þetta ákvæði ekki til þess fiskjar, sem gengur kaupum og sölum og nota á til neyslu í landinu sjálfu; það er einungis hártogun. Það dylst engum, hver munur er á þessu tvennu. Verði þessi brtt. samþykt, er girt fyrir það, að þeim tilgangi verði náð, sem stefnt er að í frv., sem sje það, að lögbjóða mat á þeim fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands upp úr salti og flytjast á síðar meir á erlendan markað, en slíkt mat er einmitt mjög mikil trygging fyrir því, að fiskurinn sje vel verkaður í saltið og varúðar gætt í meðferð hans, en eftir því fer um gæði fiskjarins. (*Sv. Ó.*: Er þá ætlast til að fiskurinn verði tvímetinn?) Já.

Magnús Kristjánsson: Það þykir kannske undarlegt, að jeg skuli ekki vera ánægður með frv., eins og það liggur fyrir. Jeg lýsti því að vísu nokkuð á fundum háttv. sjútvn., en hefi ekki látið þess getið í sjerstöku nál.

Ástæðan til þessarar skoðunar minnar er sú, að jeg held, að ef frv. þetta yrði að lögum, þá yrði það tómur lagabókstafur, því það er ómögulegt að framkvæma það eins og gert er ráð fyrir. Þessi vara gengur sem sje kaupum og sölum í svo smáum stíl, að ógerningur verður að eltast við það. Annaðhvort verður þá farið í kring um

lögin, svo þau koma ekki að hálfum notum, eða matsmennirnir verða settir í slíkan vanda, að matið yrði óhæfilega dýrt, ef það yrði framkvæmt eftir ákvæðum laganna.

Jeg neita því ekki, að það er tilgangur háttv. samnefndarmanna minna með frv. að bæta verkun á fiski, en sá tilgangur næst ekki með frv., af því það er óframkvæmanlegt, eins og jeg hefi áður bent á. Jeg mun greiða atkvæði með brtt. á þskj. 482, því hún er betur löguð eftir kringumstæðum.

Frv. getur komið að einhverju gagni þar, sem um stærri sölu er að ræða. En við fisk, sem gengur kaupum og sölum í smáum stíl milli manna, þá er ómögulegt að framkvæma það.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil biðja hv. deildarmenn að athuga það, áður en þeir samþykkja brtt. á þskj. 482, að með henni er lögboðið mat á öllum fiski, sem fluttur er úr landi.

Það er rjett hjá háttv. þm. Ak. (M. K.), að það er erfitt að koma fram mati á öllum saltfiski. En óframkvæmanlegt er það ekki, og ekki óhæfilega dýrt. Mjer er kunnugt um, að það hefir verið gert á Ísafirði í mjög mörgum tilfellum.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg kann illa við að fara að prútta við háttv. samnefndarmann minn þm. Ak. (M. K.). En jeg var ekki var við nein mótmæli frá hans hálfu, eða nokkurs annars, þegar mál þetta lá fyrir fundi sjútvn., nje heldur þá skoðun, að þetta væri eða mundi reynast dauður bókstafur.

Hann byggir skoðun sína á því, að meginhluti fiskjar gangi kaupum og sölum í smáum stíl, og eigendum eða kaupendum þyki því eigi við eiga að kalla til matsmenn. En þetta er hreinn misskilningur. Einmitt nú á síðari árum er tekið að selja fiskinn í stærri stíl úr bátum, og honum safnað saman á einn stað. Við Faxaflóa er hann fluttur 10—12 tonn á mótorbátum, og má vel meta það í einu, að kostnaðarlitlu. Þó smáslumpar, eins og 1 eða 2 skippund, kunni að vera á afskektum stöðum, þá er það svo lítilsháttar, að eigi tjáir að fást um, þó undan kunni að bera.

Háttv. þm. (M. K.) virðist styðja skoðun sína á því, að fiskurinn gangi kaupum og sölum í svo smáum stíl, að ekki svari kostnaði að kveðja til matsmenn í hvert sinn. En sá skoðanagrundvöllur hans byggist á því, að hann er ekki nógu kunnugur staðháttum síðustu tíma.

Jeg hygg till. á þskj. 367 bráðnauðsynlega og til stórra bóta. Þó get jeg ekki skilið, að brtt. á þskj. 482 fari í bága við hana; þar er aðeins breytt dálítið orðalagi. Og þó að jeg álíti ekki þörf á að samþ. hana, þá held jeg ekki, að hún spilli nokkuð hugsjón sjútvn.

Magnús Kristjánsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð. Jeg vænti þess, að háttv. frsm. (E. Þ.) lái mjer ekki, þó jeg hafi svo liðlegar skoðanir, að jeg geti aðhylst það, sem síðar kemur fram og mjer virðist til bóta, þó að jeg áður hafi fylgt einhverju öðru.

Nú álít jeg brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) betri en frv.gr., og verður mjer þá ekki legið á hálsi fyrir það, þó jeg greiði henni atkvæði mitt.

Háttv. frsm. (E. Þ.) segir, að jeg muni ókunnugur málinu. Jeg mótmæli því. Hann er að líkindum kunnugri hjer við Faxaflóa, en annarsstaðar á landinu mun jeg vera eins kunnugur og hann.

Jeg held því enn fram, að ekki sje hægt að framfylgja þessu svo, að ekki verði farið í kringum lögin.

Þorleifur Guðmundsson: Mjer þykir það undarlegt, að hv. þm. úr sjútvn. skuli snúast á móti frv. með því að aðhyllast

till. Þegar mál þetta kom fyrir nefndina, virtust allir sammála um nauðsyn þess. Og var það aðallega bygt á því, að það þótti hvatning til þess að menn vönduðu fiskverkun betur frá upphafi (í salt). Jeg álít, að ef brtt. á þskj. 482 verður samþ., þá sje það sama og að fella frv., því að með því er vikið frá þeim tilgangi, sem sjútvn. vildi ná, þeim, að hindra illa meðferð á fiski, áður en hann er saltaður. Jeg vona því, að háttv. deildarmenn greiði atkvæði á móti brtt. á þskj. 482 frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

ATKVGR.

Brtt. 482. feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J.. M. J., M. K., P. J., St. St., Sv. Ó., B. Sv.

nei: Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. St.,

Fjórir þm. (B. J., Gunn. S., Jak. M., Ó. P.) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 367).

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til þeirrar nefndar í þessari deild að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1653) með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 367, n. 533).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg get algerlega vísað til þess, sem sagt er í greinargerðinni á þskj. 533 um þetta mál. Þar er tekið fram, hvað ber á milli sjútvn. og Nd. Er það ekki annað en nefndin vill orða frv. skýrar en Nd. hefir gert.

ATKVGR.

Brtt. 533 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv.gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 559).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg hefi ekkert um þetta mál að segja, annað en það, sem jeg sagði við 2. umr., og vil mæla með því að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 559).

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Háttv. Ed. hefir gert breytingu á frv., sem sjútvn. felst á að sje til bóta, og vill því leggja til, að frv. sje samþykt þannig.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 613).

25. Veiting ríkisborgararjettar (Tynes).

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um veiting ríkisborgararjettar (A. 439).

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 1. u m r.
Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Stefán Stefánsson): Fyrir fáum dögum barst mjer beiðni frá Ole A. O. Tynes á Siglufirði, um að mæla með því, að honum yrði veittur ríkisborgararjettur. Með beiðninni var brjef til stjórnarinnar um að flytja frv. um þetta, og meðmæli bæjarfógetans á Siglufirði. Nú með því, að svo langt var liðið á þingtímann, þá mæltist hæstv. stjórn til, að jeg flytti frv.

Þessi maður fluttist alfarinn frá Noregi 1907 og settist að á Siglufirði sem útvegsmaður. Þar hefir hann búið síðan og rekið útveg og bygt hús og bryggjur. Árið 1911 giftist hann íslenskri konu. Eiga þau eitt barn, og er töluð íslenska á heimilinu. Í meðmælunum ber bæjarfógeti honum besta orð og telur hann gagnlegan mann sveitarfjelaginu. Má í því sambandi geta þess, að hann hefir verið í hafnarnefnd kaupstaðarins í nokkur ár.

Jeg tel ekki þurfa fleiri orð hjer um að hafa, því dugnaðar- og framtaksmenn höfum við aldrei of marga, og verði þessum manni veittur hjer ríkisborgararjettur, sem jeg tel sjálfsagt að gera, þá höfum við hjer einum fleira af slíkum mönnum. Annars eru aðaldrættirnir um veru hans hjer í greinargerð með frv.

Málið tel jeg svo einfalt, að ekki ætti að þurfa að vísa því til nefndar, en þó er það líklega rjettara, og mun það þá eiga heima í allsherjarnefnd.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að leggja áherslu á að vísa þessu máli til nefndar. Það ætti að vera föst regla þegar farið er fram á veiting ríkisborgararjettar. Nefndin á að rannsaka vel, hvort öll skilyrði sjeu fyrir, sem jeg býst nú við, að sje hjer.

Jeg legg því til, að frv. sje vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 20 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 439, n. 504).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Við 1. umr. skýrði jeg frá ástæðum fyrir því, að þetta frv. væri flutt. Var því vísað til allsherjarnefndar, er nú mælir eindregið með því, að það nái fram að ganga. En jafnframt vildi nefndin benda á það, að heppilegt væri, að stjórnin gæfi út auglýsingu um það, fyrir hvern tíma menn, er vildu öðlast þennan rjett, ættu að vera búnir að sækja til stjórnarráðsins, svo að ef fleiri en einn sæktu, þá gætu þeir allir komist í eitt frv.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 439).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 439).

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Karl Einarsson: Um leið og jeg samþykki, að mál þetta gangi nefndarlaust fram til 2. umr., vil jeg samt beina því til háttv. allsherjarnefndar að athuga, hvort maður sá, er hjer ræðir um, hefir ríkisborgararjett í Noregi eða ekki.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 439).

Sigurjón Friðjónsson: Jeg skal geta þess, að þess var óskað við 1. umr., að allsherjarnefnd athugaði mál þetta. Það hefir nefndin gert og komist að raun um, að frv. fylgja ekki fullkomin skilríki fyrir því, að maður sá, er hjer ræðir um, hafi mist ríkisborgararjett í Noregi. Nefndin ætlaði að leita upplýsinga hjá norska konsúlnum hjer um þetta, en hefir ekki gert það ennþá. Þótt nú svona standi á, tel jeg rjett, að málið fái að ganga til 3. umr. og nefndin athugi frekar um þetta þangað til.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 439).

Jóhannes Jóhannesson: Allshn. hefir athugað mál þetta, þó að því hafi ekki beinlínis verið vísað til hennar. Við það var ekkert að athuga, annað en það, að það lá ekki ljóst fyrir, hvort maður þessi hefði mist ríkisborgararjett í Noregi eða ekki. Eftir norskum lögum frá 21. apríl 1888, 6. gr., missir hver norskur ríkisborgari,

sem flytur af landi burt, ríkisborgararjett sinn eftir eitt ár, nema hann innan þess tíma sendi ræðismanni ósk um að halda honum áfram.

Í tilefni af þessu sendi allsherjarnefnd Ole Tynes skeyti og spurðist fyrir um, hvort hann hefði gert þetta, og fjekk aftur svo hljóðandi símskeyti:

„Jeg hefi aldrei látið þá ósk uppi við neinn norskan konsúl".

O. Tynes fluttist hingað út 1907 og hefir í alla staði reynst mjög nýtur maður, og fyrir því sjer nefndin ekkert því til fyrirstöðu að veita honum ríkisborgararjett.

Jeg skal svo taka það fram, að jeg tel óþarft að vera að semja sjerstök lög um ríkisborgararjett fyrir hvern einstakan mann, sem veita á þann rjett. Hið rjetta er, að stjórnin gefi út auglýsingu um það, hver skilríki eigi að fylgja beiðni um veiting ríkisborgararjettar, og um það, innan hvers tíma ár hvert slíkar beiðnir eigi að vera komnar stjórninni í hendur. Á hún svo að semja og leggja fyrir hvert þing frv. um ríkisborgararjett til handa þeim af umsækjendunum, sem hún telur, að veita eigi þann rjett.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett, sem háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) sagði, að gæta verði þess, að hafa allar skýrslur fyrir hendi, þegar veita á ríkisborgararjett, því að það eru hin dýrmætustu rjettindi, sem nokkur þjóð hefir í tje að láta, og er því varlega að því farandi.

Jeg beindi því til nefndarinnar við þetta tækifæri, að athuga, hvaða reglur nefndin ætlaðist til, að hafðar yrðu, þegar veita ætti ríkisborgararjett, og get jeg fallist á það, að rjett væri að taka upp þá reglu, að ávalt sje tillaga um veiting ríkisborgararjettar tekin upp í stjórnarfrumvarpi, og beiðni um það skuli fram komin fyrir ákveðinn dag í hvert sinn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. ag afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 614).

---

26. Fátækralagabreyting.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905 (A. 137).

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Magnús Pjetursson): Mjer er óhætt að taka undir með háttvirtum framsögumanni síðasta máls, að það muni ekki verða vinsælt hjá áheyrendum að hefja langar umræður um þessi mál. Jeg ætla því aðeins að láta nokkur orð fylgja þessu frv., um leið og jeg legg það fram fyrir hv. deild. Það er ekki fyrirferðarmikið á pappírnum, og eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, þá hafa á undanförnum þingum komið fram uppástungur um breytingu á fátækralöggjöfinni. Það er ekki lengra síðan en 1917, að hjer í deildinni var tillaga samþykt og afgreidd til stjórnarinnar, um að endurskoða fátækralöggjöf vora, og var í þeirri tillögu sjerstaklega bent á ýmsa agnúa. Hún mætti að vísu nokkurri mótspyrnu frá þáverandi og núverandi forsætisráðherra (J. M.), og má telja líklegt, að það, meðal annars, valdi því, að enginn árangur hefir af þeirri tillögu orðið.

Það er að vísu áreiðanlega margt í þessari löggjöf þjóðarinnar, sem er orðið á eftir tímanum. Þrátt fyrir það, hefi jeg

ekki sjeð sjer fært, að þessu sinni að taka til breytinga önnur atriði en þetta frv. ræðir um, enda eru þau eitt af stærstu göllum fátækralaganna, eins og nú standa sakir.

Allir háttv. þingdm. munu kannast við, að stjórnin hefir borið fram frv. um breytingu á þessum lögum. Frv. stjórnarinnar hefir að vísu ekki verið lagt fram í þessari deild. En háttv. þingdm. munu hafa lesið það. Frv. þetta fjallar um sömu atriði og mitt frumvarp, en á þann hátt, að mjer finst það hvorki fugl nje fiskur, og síst bæta það, sem bæta þarf. Jeg hefi því reynt að benda á betri bætur en stjórnin hefir reynt að gera.

Það er skýr stefnumunur milli frv. míns og frv. stjórnarinnar. Eins og menn vita, er meðlag ríkissjóðs fyrir hvern þurfaling, sem lagður er á sjúkrahús eftir læknisráði, ákveðið í krónutali. Frumvarp stjórnarinnar heldur við krónutalið, en hækkar það að vísu, vegna verðfalls peninga. Þetta álít jeg, að taki ekki tali. Reynslan hefir sýnt, að aðferð þessi er óheppileg; með reikulu verðgildi peninga þyrfti að breyta þessari upphæð á hverju þingi, ef rjettlátt ætti að vera. Meðlagið á að ákveða þannig, að hlutfallið milli þess, er ríkissjóður og sveitarsjóðir leggja af mörkum, sje altaf eins, og hefir þessi skoðun mín orðið þess valdandi, að jeg ber fram frv. þetta.

En þegar farið er að taka til athugunar þessar greinar fátækralaganna, kemur það í ljós, að gallarnir eru fleiri meinlegir og ekki viðunandi. Jeg vil í því sambandi benda á það ákvæði 77. gr., að ríkissjóður skuli aldrei kosta fleiri en tvo sjúklinga á ári fyrir sama sveitarfjelagið. Ef fleiri þurfalingar liggja á sjúkrahúsum, verður sveitarfjelagið að sjá um þá sjálft að öllu leyti. Með öðrum orðum: þegar eitthvert sveitarfjelag er einkum illa statt í þessu efni, og þyrfti helst hjálpar með, þá er því alveg neitað um stuðning ríkissjóðs. Þessu verður að kippa í lag; meðlagið verður að ná til allra.

Þá er að benda á það atriði, sem margir munu telja mikilvægast í frv. mínu, enda er þar farið fram á nýja stefnu í löggjöf vorri. Það hefir áður verið á það minst, þó ekki hafi það komið til framkvæmda, og það nú síðast frá berklaveikisnefndinni. Jeg á við ákvæðið um, að láta ekki sjúkdóma valda rjettindamissi, enda þótt þeir geri það að verkum, að maðurinn verði efnalega ósjálfstæður. Ákvæðið í frv. mínu er að vísu ekki nógu víðtækt, og það getur orðið álitamál, hvort rjett sje að koma með svona smábætur á þetta gamla fat, fátækralöggjöfina, þar sem svo mikilla umbóta væri þörf, en þó getur þetta frv. orðið til þess að ryðja þessari nýju stefnu braut, og er full ástæða til að athuga það vendilega.

Jeg vil ekki tefja umr. lengur, og vænti þess, að háttv. deild sýni máli þessu fult rjettlæti og samþykki það til 2. umr. og allsherjarnefndar.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Háttv. flm. (M. P.) gat þess, að á leiðinni væri stjórnarfrumvarp í Ed., sem snerti breytingu á sömu lögum og frv. hans, fátækralögunum. Það frv. var sent til nefndar, en hefir ekki komið frá henni aftur, og mun það vera af þeirri ástæðu, að nefndin er að bíða eftir berklaveikisfrv., sem að nokkru leyti snertir sama atriði.

Háttv. flm. (M. P.) sagði um þetta frv., að það væri hvorki fugl nje fiskur, en það var ekki til annars ætlað en að vera tölubreyting í gildandi lögum, í samræmi við verðfall peninga. Það var aldrei til þess stofnað, að það frv. yrði nokkur veruleg breyting á fátækralögunum. Það kom fram í háttv. Ed., að æskilegt væri að gera breytinguna um hlutfall milli framlags ríkis- og sveitarsjóða víðtækari, og

gat jeg þess þá, að jeg fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti slíkri breytingu. Jeg verð því að álíta frv. háttv. þm. (M. P.) að mestu óþarft, því hitt frv. hefði getað, og getur enn, komið í þess stað, með örlitlum breytingum. Jeg held, að viðkunnanlegra hefði verið fyrir háttv. þm. (M. P.) að bera breytingar sínar undir nefndina í Ed. og reyna að koma þeim þar að, eða koma fram með þær hjer, þegar stjórnarfrv. kemur hingað. Það er þá hægt að gera úr því annaðhvort fugl eða fisk. Jeg tel sjálfsagt, að nefnd sú, sem fær frumvarp þetta til meðferðar, leiti samvinnu við nefnd háttv. Ed., og þá komi til mála að steypa frv. saman.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. flm. (M. P.) nefndi mig í sambandi við þetta mál, og þarf jeg ekki að svara því nema að litlu leyti. Jeg mun hafa tekið dauflega í endurskoðun fátækralaganna, jeg man ekki hvernig orð mín fjellu, en eitthvað mun það hafa verið á þá leið, að það gæti ef til vill verið ástæða til að endurskoða lögin nú og breyta þeim samkvæmt kröfum tímans, en það mundi kosta nýja milliþinganefnd og nýtt frv., sem þingið síðan svæfði.

Háttv. flm. (M. P.) talaði um nýja stefnu, en það er misskilningur. Hjer er í mesta lagi um að ræða nýmæli í íslenskum lögum, ef samþykt verður, en stefnan er gömul. Hún kom fram þegar lögin voru samin, 1905, og henni hefir verið haldið á lofti síðan. Við, sem sömdum þessi lög, vorum ekki fjarri því að taka upp lík ákvæði og háttv. flutningsmaður fer fram á, en við treystumst ekki til þess þá. En hitt er annað mál, hvort nú sje ekki hægt að gera þetta, því tímarnir eru breyttir. Um nýja stefnu er alls ekki að ræða.

Þá vil jeg minnast á tvö atriði, sem hv. flm. (M. P.) taldi ófær, og var annað það, að takmarka sjúklingatöluna. Eins og háttv. þm. (M. P.) tók fram, lítur þetta ekki vel út, fljótt á litið, en í raun og veru er þetta ekki eins slæmt og háttv. þm. (M. P.) gaf í skyn. Þetta ákvæði var sett til þess að hjálpa fátækari og fámennari sveitarfjelögum, en þau munu sjaldan hafa mjög marga sjúklinga. Aftur var litið svo á, að stærri sveitarfjelög stæðu sig betur við að greiða fyrir þá, þótt sjúklingar væru fleiri. Ef sjúklingatalan hefði verið ótakmörkuð, hefði styrkur þessi að mestu gengið til kaupstaðanna. Og þess ber að gæta, að sjúklingar þeir, sem hjer er um að ræða, eru tiltölulega fleiri í kaupstöðunum og annarsstaðar, þar sem sjúkrahús eru. Þannig yrði það einkum stærri kaupstöðum að gagni, allra helst Reykjavík, ef sjúklingatalan yrði ótakmörkuð, sem styrkt væri. Hitt má vera, að sjúklingatöluna megi hækka eitthvað. En vilji hið háa Alþingi taka alveg af takmörkunina, þá er það reiðilaust af mjer.

Flm. (Magnús Pjetursson): Hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) sagði, að mjer hefði verið heppilegra að ráðgast við nefndina í háttv. Ed. eða bíða eftir frv. hennar. Jeg sá enga ástæðu til að bíða lengur, og jeg sje ekkert á móti því að bera þetta frv. fram í þessari háttv. deild. Jeg geri ráð fyrir, að því verði vísað til allsherjarnefndar, og tel jeg þá sjálfsagt, að hún leiti samvinnu við nefndina í hv. Ed. Því hefir verið skotið að mjer nú, að von sje á enn einu frv. um breytingar á sömu lögum, og hafði jeg ekkert um það vitað og ekki gert ráð fyrir því, vegna þess, að nú er liðinn sá frestur, er bera má fram frv.

Hæstv. forsrh. (J. M.) hefir misskilið orð mín um nýja stefnu. Jeg tók það einmitt fram, að hún hefði komið fram áður, og jeg gerði enga tilraun til að tileinka mjer hana. Við þáltill. 1917 var þetta einmitt aðalatriðið, og í berklaveikisnefnd-

inni hefir hún komið fram, en ný stefna er það engu að síður, og á eftir að komast í framkvæmd.

Mjer var vel kunnugt um mótbáruna gegn ótakmörkuðum sjúklingafjölda, og þurfti þess vegna ekki að sækja þá visku í hæstv. forsrh. (J. M.). Jeg hefi sjeð það af nál. 1905, að því hefir verið hampað, að stóru sveitarfjelögin græddu altof mikið á þessu, og þá sjerstaklega Reykjavík. En sjúkdómar fara ekki eingöngu eftir fámenni og fátækt sveitarhjeraðanna, og jeg veit um eitt sveitarfjelag, sem kostar 5 sjúklinga, og er það með fátækustu sveitarfjelögum landsins. Jeg verð að álíta það rangt að láta aðra gjalda þess, að menn vilja ekki láta Reykjavík hafa of mikinn hagnað, og kemur það niður á þeim, sem verst eru staddir.

Jeg býst við því, að frv. fari til nefndar og er hún skipuð mönnum, sem vanir eru að fara með sveitamálefni, og tel jeg því vel borgið í höndum hennar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það má vera, að háttv. flm. (M. P.) hafi rjett fyrir sjer í því, að þessi tala — 2 — sje of lág eins og nú standa sakir, og þurfi að breyta því í samræmi við kröfur tímans. Jeg vil heldur ekki fordæma það, að sjúklingatalan sje ótakmörkuð, en þó er þetta kostnaður, sem eðlilegast er, að hvíli á sveitarfjelögunum. Útgjöld ríkissjóðs til þessa hafa farið langt fram úr því, sem gert var ráð fyrir, þegar ákvæðið var sett, og getur því verið varhugavert að hækka það enn meir. Það er nýlega búið að ljetta af sveitarsjóðum þungri byrði — barnakennaralaununum — og nú er farið fram á að ljetta af þeim annari. Þessi stefna er ekki heppileg, og er ekki rjett að gefa henni of mikið undir fótinn.

Þetta atriði heyrir reyndar undir fjármálaráðherra, og það getur verið, að jeg hafi staðið hjer upp til að verja afkvæmi mitt, því jeg var við samning þessara laga riðinn. Í raun og veru er mjer þetta óviðkomandi, en jeg hefi hugsað mikið um það á sínum tíma, þegar lögin voru samin, og þess vegna hefi jeg hjer lýst skoðun minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 14 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 391, 406).

Frsm. (Einar Þorgilsson): Frv. á þskj. 137, frá háttv. þm. Str. (M. P.), sem er frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905, hefir allsherjarnefnd haft til meðferðar og gert við það nokkrar smávægilegar breytingar. Ekki er það af því, að nefndin geti ekki fallist á stefnu þess. En henni þótti varhugavert að takmarka alls ekki tölu þeirra sjúklinga, er nytu sjúkrahússvistar úr hverju bæjar- eða sveitarfjelagi í einu. Nefndinni þótti rjettara að takmarka töluna svo, að ekki fleiri en fjórir í einu úr hverju sveitar- eða bæjarfjelagi yrðu sjúkrahússvistar aðnjótandi. Þá hefir nefndin einnig lækkað hámarkið fyrir kostnaði hvers bæjar- eða sveitarfjelags úr 600 kr. niður í 400 kr., en heldur sjer annars við, að framfærslusveit skuli greiða ⅔ meðlagskostnaðarins, þar til að þessu hámarki er komið. Þá hefir nefndin og lagt það til, að þeir sjúklingar, sem sjúkrahússvistar njóta, en ekki njóta styrks af ríkissjóði, skuli einskis rjettar missa, þó sjúkdómskostnaður þeirra sje að öllu leyti greiddur af

bæjar- eða sveitarsjóðum, og að sá styrkur skuli ekki teljast sveitarstyrkur.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum, að sjúklingatalan verði takmörkuð þannig, að ekki fleiri en 4 sjúklingar á ári úr hverju bæjar- eða sveitarfjelagi verði kostaðir á sjúkrahúsi af ríkissjóði, en að kostnaður við sjúkdómslegu og læknishjálp hvers eins þeirra verði aldrei hærri en kr. 400 — en annars miðað við ⅔ kostnaðarins, og að öðru leyti eins og brtt. í áliti nefndarinnar tilgreina.

Að því er snertir brtt. á þskj. 406, frá háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), þá hefir nefndin ekki tekið afstöðu til þeirra enn. Mjer er þó óhætt að segja það, að nefndin muni ekki geta aðhylst þær. Jeg fyrir mitt leyti gæti verið háttv. flm. (J. B.) samferða um a., b. og d. liðina, en lengra getum við ekki átt samleið. Annars sýnir nefndin best með atkv. sínum, hverja afstöðu hún tekur til þessara brtt.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Baldvinsson: Jeg hafði fyrst hugsað mjer að koma með þingsályktunartillögu um að skora á stjórnina að rannsaka fátækralöggjöfina og gera tillögur um breytingar á gildandi lögum, og leggja fyrir næsta þing, vegna þess, að jeg áleit ekki tíma til að gera þær breytingar á þessu þingi, er jeg tel að þyrfti að gera á þessum mikla lagabálki. En þegar jeg fór að gá betur að, sá jeg, að á þinginu 1917 var samþykt þingsályktunartillaga um að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um breyting á fátækralögunum, og tilteknar þær breytingar, er helst ætti að gera.

Hæstv. forsrh. (J M.) er einn þeirra manna, sem áttu sæti í milliþinganefnd þeirri, sem undirbjó fátækralögin frá 10. nóv. 1905, og hann tók ekki liðlega í það mál þá, þótt hann játaði, að hann liti öðrum augum á þetta mál heldur en þegar lögin voru samin.

Þegar jeg sá, að málið var þannig vaxið, og nokkur ár liðin, án þess nokkuð hafi sjest frá stjórninni í þessa átt, þá var ekki að búast við miklum árangri, þar sem sami maður átti enn að fjalla um málið.

Þess vegna fanst mjer ekki rjett að koma með tillögu til þingsályktunar, en hugsaði mjer að flytja fyrst frv. til breytinga á þessum lögum, en háttv. þm. Str. (M. P.) hefir nú gert það, og koma þessar till. mínar því sem breytingar við það frv. Það er erfitt að flytja breytingar á þessum lögum, þar sem þjóðin er búin að búa við þau breytingalítið síðan 1905. Framkvæmd laganna er komin í nokkuð fast horf og menn eru orðnir þeim svo vanir, en margt mundi raskast, ef miklar breytingar væru gerðar.

Þær breytingar, er jeg helst vildi gera, eru á þskj. 406.

Í fyrsta lagi fara þær í þá átt að koma í veg fyrir, að menn verði sviftir atkvæðisrjetti, þó að þeir verði að þiggja styrk eftir fátækralögunum. Í öðru lagi að láta menn ekki finna eins til þess, að þeir eru upp á aðra komnir, eins og eftir núgildandi lögum.

Það er meira en að menn missi rjettinn til atkvæðagreiðslu um opinber mál, ef þeir eru svo óheppnir að vera komnir upp á náðir þess opinbera; þeir verða að minni mönnum í augum sjálfra sín og annara, og hugsa minna um að bjarga sjálfum sjer eftir á, þótt þeir vegna óhepni eða slysa hafi neyðst til að þiggja styrk af sveit sinni.

1. brtt. miðar að því, að sá styrkur skuli ekki talinn fátækrastyrkur, sem veitt-

ur er fyrst og fremst fyrir ómegðarsakir, og er þar miðað við meðalfjölskyldu, þannig, að sá, sem hefir að minsta kosti þrjú heimilisföst framfærsluskyld börn, skuli geta fengið styrk vegna ómegðar, ef hann þarf þess með, án þess það sje talinn sveitarstyrkur, en ef kona á í hlut, sje það talin ómegð, ef hún hefir meira en eitt barn fram að færa, og verði slíkur styrkur vegna ómegðar eigi látinn varða rjettindamissi.

Svo er, að styrkur til þeirra, sem eiga við vanheilsu að búa, skuli ekki teljast fátækrastyrkur, eða þeir sviftir rjettindum, og skal styrkþurfi sanna með vottorði læknis, eða ef ekki næst í lækni, með vottorði tveggja skilríkra manna, að slys eða vanheilsa, sem styrkþurfi á ekki sök á, geri hann ófæran til vinnu um lengri eða skemri tíma.

Það er annars hart, að sá maður, sem verður fyrir því óláni að fótbrotna, og verða frá vinnu langan tíma vegna þess, eða liggja þunga legu mánuðum saman, þótt hann hafi verið dugnaðarmaður til vinnu meðan hann gat notið sín, að þegar hann vegna þessa þarf að leita á náðir hins opinbera um framfærslu, þá sje hann sviftur rjettindum, er honum ber sem borgara í þjóðfjelaginu. Þetta hefir þau áhrif á hann, að hann hefir minni hvöt til að bjarga sjer, eftir að hann er kominn til heilsu aftur; hann er þá kominn „á sveitina“ hvort sem er.

Þetta er ekki einungis skaði fyrir einstaklingana, heldur fyrir þjóðfjelagið alt. Þessi óhöpp, sem mönnum eru ósjálfráð, virðast ekki lama starfslöngun manna, sem ekki verða styrksþurfandi. Þeir hafa fullan hug á að bjarga sjer, eins eftir að þau eru afstaðin og áður. En ef þeir fá styrk af sveitinni, þá vaknar sú tilfinning í huga sjálfra þeirra, að þeir sjeu orðnir að minni mönnum, og margir, því miður, líta einnig þannig á þá líka. En þetta hlýtur að draga úr löngun manna til að bjarga sjer og sínum og koma þeim til að sætta sig við eymdarkjörin. Geta allir sjeð, hversu holt það er.

Þá vildi jeg, að sá styrkur skuli ekki talinn sveitarstyrkur, sem veittur er vegna atvinnuskorts.

Það væri heilladrýgst fyrir sveitarfjelögin, að þau, heldur en að veita sveitarstyrk, þegar svo stendur á, hefðu altaf atvinnu að veita mönnum. Það mundi verða stórt spor til að bæta kjör manna, og velmegun mundi fara vaxandi í landinu.

Það er sárt til þess að vita, að í mörgum sveitarfjelögum — eða svo er það að minsta kosti hjer í Reykjavík — skuli fjöldi manna ganga atvinnulaus marga mánuði af árinu. Þetta eru flest fullvinnandi menn, en geta enga vinnu fengið. Hjer stendur það opinbera ráðalaust, getur ekki sjeð þeim fyrir vinnu, en ef beðið er um sveitarstyrk, þá verður að veita hann. En ef sveitarfjelagið eða bæjarfjelagið hefði getað greitt fyrir þessum mönnum og komið þeim á framfæri með atvinnu, þá mundi það ekki þurfa að veita þessa fátækrastyrki, sem geta orðið svo þungir, að sveitarfjelögin rísi ekki undir þeim.

Þá kem jeg að d-liðnum. Það hefir vakað fyrir mörgum, að láta það ekki valda rjettindamissi, þó menn fyrir elli sakir verði að fá styrk.

Það er ósvinna, að maður, sem hefir unnið sveitarfjelaginu og þjóðinni gagn í 40 eða 50 ár æfi sinnar, að þegar hann verður ófær til vinnu, bilaður eða fyrir elli sakir, þá er honum svo að segja kastað burtu á guð og gaddinn, eða hann verður að þiggja náðarbrauð þess opinbera og borga það með mannrjettindum sínum. Jeg hygg, að menn muni sjá, og verði ekki í vafa um, að

þessir menn eigi heimtingu á uppeldi sínu hjá því opinbera, án þess að þurfa að gjalda það þessu verði.

Hitt er annað mál, að menn munu hræddir um, að ekki sje hægt fjárhagsins vegna að koma þessu í lag. Það verður máske ekki hægt í fljótu bragði að koma því á með ellistyrk, en þangað til er ekki rjett að telja slíkan styrk sveitarstyrk eða náðarbrauð, og láta varða rjettindamissi.

Þá er eitt atriði í fátækralögunum frá 1905, og það er fátækraflutningurinn. Frá sjónarmiði margra er hann nauðsynlegur, til þess að sveitarfjelög þurfi ekki að veita öðrum styrk en þar eiga framfærslu. Jeg hefði talið það rjettast, að menn ættu heimting á styrk í því sveitarfjelagi, sem þeir eru búsettir í, er menn hafa dvalið þar í 2 ár. Það er áreiðanlegt, að það er ekkert eins hneykslanlegt í fátækrastjórninni eins og þessi fátækraflutningur. Heilar fjölskyldur eru rifnar upp nauðugar og sendar eins og annað góss hringinn í kringum landið. Þetta vildi jeg laga þannig, að ekki væri hægt að flytja þá burtu á móti vilja þeirra, ekki nema þeir væru sjálfir fúsir til að fara á framfærslusveit sína, og með því fyrirbyggja, að þeir væru rifnir upp nauðugir. Sá maður, sem hefir orðið fyrir því óláni að þurfa að þiggja af sveit, er algerlega rjettlaus; hann hefir ekki eitt einasta orð að segja um meðferðina á sjálfum sjer og sínum. Jeg vildi láta veita þeim þennan rjett, meðan sveitfestitíminn er eins og hann er nú. Um framfærsluskyldu sveitarfjelaga færi þá, ef styrkþurfi yrði ekki fluttur vegna þess, að samþykki hans til flutnings hefir ekki fengist, eins og nú er í gildi í fátækralögunum um þá, er ekki verða fluttir einhverra orsaka vegna. Og ef tillögur mínar verða samþyktar, mundu styrkþurfar ekki verða eins gersamlega rjettlausir um það, hvernig með þá er farið, eins og eftir gildandi lagaákvæðum fátækralaganna.

Þá er í 2. brtt. minni, a. og b. lið, ákvæði um, að skuldir vegna styrks, sem veittur er eftir lögum þessum, skuli fyrnast á 5 árum.

Jeg held það hafi ekki mikla þýðingu fyrir sveitarfjelögin að vera að draslast með þessar skuldir í bókum sínum árum saman; að minsta kosti hefir mjer virst svo hjer í Reykjavík, að lítið hafi fengist endurgreitt, hvort sem það stafar nú af því, að ekki hefir verið eftir því gengið, — það gæti valdið miklu um — eða menn ekki eru þess megnugir; en jeg held það yrði ekki mikill skaði fyrir sveitarfjelögin, þótt þær fjellu niður.

En ef skuldirnar fyrnast á 5 árum, eins og brtt. gerir ráð fyrir, þá þarf ekki að vera að dragast með þetta í bókum, því undantekning mun það vera, að nokkuð náist af þeim.

Ef brtt. mínar undir 1. lið yrðu samþ., gæti það verið vafamál, hvort þeir, sem á undanförnum árum hafa þegið sveitarstyrk eftir fátækralögunum, yrðu ekki ver settir en þeir, sem styrk fengju eftir brtt. mínum, þannig, að gamlar sveitarskuldir sviftu þá rjettindum. En til að taka af allan vafa um þetta og fyrirbyggja misrjetti, hefi jeg sett það ákvæði í 2. lið brtt., að allar fátækraskuldir frá fyrri árum skuli falla í fyrningu, ef þær hafa ekki verið innheimtar fyrir 1. jan. 1922.

Það getur vel verið, að deila megi um það, hvort hægt sje að ákveða með lögum, að sá styrkur, sem veittur er eftir brtt., skuli ekki varða rjettindamissi eða vera talinn sveitarstyrkur, því þótt það væri sett í lög, að það skyldi ekki skoðast þannig, þá mundu sumir ef til vill segja, að það væri það eftir sem áður. En í fátækralögunum eru ýms ákvæði, sem styrkja þá skoðun, að hægt sje að ákveða með lögum, að veittur styrkur þurfi ekki að skoðast sem fátækrastyrkur, og má í því sambandi meðal annars benda á 74. gr. fátækralaganna, þar sem tekið er fram berum orðum,

að flutningskostnaður við fátækraflutning skuli ekki teljast sveitarstyrkur, veittur þurfaling.

Jeg hygg því, ef þessar brtt. verða samþ., að það muni koma að fullu haldi þeim mönnum, sem undir þau ákvæði kynnu að koma, svo að þeir fái að halda atkvæðisrjetti sínum til Alþingis og bæjarstjórna. Það er eitt sárasta bölið hjá fólki að vita sig verða útundan um þátttöku í þjóðfjelagsmálunum, þótt þeir hafi þurft, vegna óhappa, slysa eða ómegðar, að þiggja hjálp þess opinbera. Jeg hygg, að menn muni ekki deila á um þetta, en það er allur vandinn að koma því vel fyrir. Ef við værum komnir lengra í tryggingarmálunum heldur en á byrjunarstigið, þá væri þetta auðveldara. En hjer eru engir sjóðir til að taka við mönnum, sem verða fyrir slysum, nema slysatryggingarsjóður sjómanna, svo skamt sem hann þó nær, og smásjóðir í einstökum fjelögum, sem geta þó veitt smástyrki í sárafáum tilfellum, og alls ekki til frambúðar. Þó ekki vanti, að borgararnir hjálpi af góðum hug og hlaupi undir bagga, þegar óhöpp eða slys vilja til, þá er það ekki til frambúðar, því þegar maður slasast og honum er veitt rífleg hjálp, með samskotum eða styrk frá einstökum mönnum, þá nægir hún máske í lengsta lagi í 4—5 mánuði, en þegar til lengdar lætur, verður hann að leita á náðir þess opinbera. Það vantar ekki góðgerðarsemi, en þó menn kenni í brjósti um bágstadda í svip, þá fyrnist slíkt þegar frá líður. Menn vilja ekki og geta ekki styrkt þá endalaust, svo endirinn er venjulega sá, að leita verður á náðir þess opinbera.

Þessi orð vildi jeg láta fylgja brtt. mínum. Mjer þótti vænt um, að háttv. frsm. allsherjarnefndar (E. Þ.) ljet í ljós, að hann gæti fylgt nokkrum breytingum mínum, og vona jeg, að fleiri háttv. þm. hallist á sömu sveif. Jeg get vitanlega sætt mig við það, að nokkrar breytingar verði á till. gerðar, en þær verða þá að stefna í sömu átt og till., að gera fátækralöggjöfina meira í samræmi við skoðanir manna nú.

Jafnframt þessum breytingum þyrfti að reyna að koma tryggingarmálum vorum í sæmilegt horf, og ef það væri gert, mætti að mestu losna við fátækralögin, og ef til vill upphefja þau með öllu. Það mætti tryggja menn fyrir flestöllum þeim áföllum, sem koma mönnum á sveitina nú, og þau ákvæði, sem umfram eru í fátækralögunum og þurfa að standa, mættu þá koma í önnur lög. Þessu er ekki hægt að koma í kring nú, en eitthvað má reyna að komast í áttina.

Forsætisráðherra (J. M.): Atvinnumálaráðherra (P. J.) er ekki við, en þetta mál heyrir undir hann, en ekki mig. En jeg hygg ekki rjett að saka stjórnina fyrir það, þótt hún hafi ekki getað snúist í því að leggja fram frv. um gagngerðar breytingar á fátækralögunum. Hún hefir búið undir þing mörg mál og stór, og væri vel, ef þingið gæti sint þeim, þó að ekki væri lengra leitað. Jeg býst við, að þeim ráðherrum, sem hafa farið með þetta mál, hafi ekki unnist tími til að athuga það sem skyldi, því að þeir hafa oftast verið of hlaðnir störfum. Og það þykir altaf viðurhlutamikið og varhugavert að skipa milliþinganefnd, nema því brýnni nauðsyn beri til.

Jeg geri varla ráð fyrir, að háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) taki þessar ástæður gildar fyrir stjórnina, frekar en svo margað aðrar, en aðrir hv. þm. ættu að vera svo sanngjarnir að sjá, að ekki er hægt að heimta af henni alt í einu.

Jeg tók því ekki illa á þinginu 1919, að fátækralögunum yrði breytt í mannúðlegri átt, og jeg er fús til að vinna að þeirri breytingu, þegar tími fæst til. En jeg býst við, að gagngerð breyting sje varhugaverð

nú, eins og háttv. þm. (J. B.) líka viðurkennir. Með breytingum hans er í raun og veru allur fátækrastyrkur afnuminn, því að það, sem eftir er skilið, er í raun rjettri ekki neitt. Það er rjett hjá háttv. þm. (J. B.), að með tryggingum mætti kippa þessu í lag að mestu leyti, því að hægt er að tryggja menn gegn nærri öllum áföllum, sem hugsast geta. En það mál tekur langan tíma og þarf nákvæman undirbúning, og jeg hygg, að við verðum að halda í fátækralögin þar til þessu er komið í kring. Það geta aðrir mjer reyndari gert sjer í hugarlund þær breytingar, sem till. háttv. þm. (J. B.) mundu valda, ef þær yrðu að lögum. Ef ekki ætti að telja styrkinn fátækrastyrk, og enginn rjettindamissir væri við hann bundinn, mundu menn fara að gerast stórtækari til sveitarsjóðanna og gera háar kröfur. Jeg held, að varla geti vafi leikið á því, að svo yrði. Það er að vísu satt, að þessi missir, sem styrkurinn hefir í för með sjer, kemur hart og ómaklega niður á sumum, en svo verður um öll almenn lög. Mörgu er að vísu hægt að breyta til bóta, áhættulaust, en það verður að fara varlega í að gerbreyta jafnmikilvægum lögum. Jeg tel t. d. sjálfsagt, að breytingar hv. þm. Str. (M. P.) nái fram að ganga í aðalatriði, en till. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) fara fram á að afnema fátækralögin, og þeim get jeg ekki fylgt. Jeg get verið háttv. þm. (J. B.) sammála um það, að sveitfestistíminn sje of langur. Meiri hluti milliþinganefndarinnar stakk upp á 5 ára tíma, og við Páll Briem amtmaður vorum mikið að velta fyrir okkur 2 ára tíma, en úr því varð þó ekkert. En jeg hefði ekkert á móti því, að tíminn yrði styttur nú, og gæti jafnvel gengið eins langt eins og háttv. þm. (J. B.). En jeg get ekki fallist á það, að það sje lagt á vald geðþótta þurfalingsins, hvaða dvalarsveit hann hefir. Það getur haft mikið að segja fyrir framfærslusveitina, að geta ráðstafað því. Þetta á að vísu að koma í veg fyrir sveitarflutning, en þegar fólkið er að þyrpast úr sveitunum í kaupstaði, álít jeg rangt að hindra, að það flytjist aftur til sveitanna, þó að það sje ekki fúst á að fara. En ef mönnum er heimilað að heimta styrk þar, sem þeir dvelja, er þessi spurning fallin úr sögunni.

Þá kann jeg ekki við, að skuldir fyrir þeginn sveitarstyrk áður en væntanleg lög koma í gildi fyrnist á 2 árum, er svo er ákveðið, að annars skuli það vera 5 ár. Það má ná því marki, sem til er ætlast, með því að meta ástæður þær, sem urðu þess valdandi, að áður þeginn styrkur var veittur. En þetta kemur mjer í raun og veru ekki við. Ef till. háttv. þm. (J. B.) ná fram að ganga, verður endurskoðunin óþarfari, því að þá eru fátækralögin að mestu pappírslög. Eins má benda á það, að bráðum kemur fram till. um tryggingar, og er það mál náskylt þessu í raun og veru. Jeg skal svo ekki segja fleira að sinni.

Hákon Kristófersson: Mjer þykir leiðinlegt, að hæstv. atvrh. (P. J.) er ekki við, því að eins og hæstv. forsrh. (J. M.) tók fram, heyrir þetta mál undir hann.

Í að óþarfi sje að taka svari hæstv. forsrh. (J. M.), því að hann mun geta svarað fyrir sig, verð jeg að segja, að mjer kom á óvart árás háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) á hann. Það er kunnugt, að hæstv. ráðherra hefir altaf borið hlýjan hug til þessa máls.

En jeg get ekki verið samdóma hæstv. forsrh. (J. M.) um það, að brtt. háttv. þm. Str. (M. P.) sjeu neitt meginatriði í þessu máli, eða nauðsynlegt sje, að hún gangi fram.

Þetta er vandræðamál, og get jeg verið sammála háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) um það; en að öðru leyti er jeg honum að mestu ósamdóma. Hann sagði, að styrkþegi væri rjettlaus gagnvart hreppsnefnd-

um, en þessu verð jeg að mótmæla sem ómaklegri og illgjarnri ásökun í garð hreppsnefnda. Mannúðin er komin á það hátt stig, að menn reyna að beita lögunum vægilega, og umráðarjettur þurfalinga er ekki svo takmarkaður sem margir vilja halda. Þetta get jeg sagt af eigin reynslu. En till. háttv. þm. (J. B.) ganga lengra en góðu hófi gegnir. Enda vill sá hv. þm. láta þá eina hafa atkvæðisfrelsi, sem mestir eru ónytjungar, ef fara má eftir ýmsum ummælum háttv. þm.

Jeg vil t. d. nefnda það dæmi, að menn þurfi sveitarstyrk vegna atvinnuleysis. Hv. þm. (J. B.) vill, að sá styrkur teljist ekki fátækrastyrkur. En ef manninum er boðin vinna og sæmilegt kaup, þó ekki sje það eins hátt og hann kýs helst, og hann neitar boðinu. Hvernig á þá að fara að? Eða ef aðrir banna honum að vinna, eins og nú er farið að tíðkast hjer syðra?

Þá get jeg ekki fallist á, að sveitaflutningur sje eins ómannúðlegur og háttv. þm. (J. B.) vildi telja. Jeg sje ekkert vit í því, að hreppur úti á landi greiði sveitarstyrk til manns hjer í Reykjavík t. d., þar sem alt er miklu dýrara og maðurinn verður að ganga alveg atvinnulaus, en heima í sveit sinni kemst hann af með miklu minna; það fer betur um hann og þar getur hann unnið.

Þá kann jeg ekki við að láta skuldirnar fyrnast á jafnstuttum tíma og háttv. þm. (J. B.) gerir ráð fyrir. Jeg skal játa það, að það er leiðinlegt að vera að burðast með þessar upphæðir í hreppsbókunum ár frá ári, en svo getur farið, að einhver af styrkþegum verði vel fær um að borga skuld sína, t. d. hafi tæmst arfur eða því um líkt, og er þá verra að hafa strikað skuldina út.

Jeg skal játa það, að sveitfestistíminn er of langur, og veldur hann oft reipdrætti og togstreitu milli hreppanna. En jeg held, að það sjeu öfgar hjá háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að ef maður hafi verið 9 ár í sömu sveit, sje honum varla vært 10. árið, því að hreppsnefndin ofsæki hann til að koma honum í burtu. En alt slíkt fellur burt, hafi einhver brögð að því verið, ef fresturinn er styttur í 1 ár, og sje jeg ekkert athugavert við það. Það er vel, að þessu atriði sje kipt í lag, því að það hefir oft orsakað leiðar deilur milli hreppa.

Jeg get að mestu fallist á till. nefndarinnar, en þó verð jeg að telja vafasamt, að mikill sparnaður af þeim leiði. Það er vitanlega of lágt að greiða 200 kr. fyrir barnið, en ef tekið er tillit til fjárhagsástands hreppanna, verður að fara varlega í að hækka það.

Jeg mun vera með því að færa sjúklingatöluna upp, enda þótt það hafi í för með sjer aukin útgjöld fyrir landssjóð, en jeg held, að það sje sanngjarnt. Í fáum orðum sagt: jeg get fallist á till. nefndarinnar, en till. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) get jeg ekki aðhylst, og vona jeg, að hann álíti það ekki af illum hug til málsins gert eða af mannúðarleysi.

Sigurður Stefánsson: Allshn. taldi þetta frv. ekki þess eðlis, að það væri brot á meginreglu fátækralaganna, og taldi nefndin þessa breytingu frumvarpsins um greiðslu sjúkrakostnaðar vera hallkvæma, bæði fyrir ríkið og sveitirnar. Þess vegna gat hún fallist á það, með þeim breytingum þó, sem getið er um í nál. á þskj. 391.

Öðru máli er að gegna um brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) Nefndinni þótti þar svo mjög raskað grundvallarreglu fátækralaganna, að það eitt þótti næg ástæða til þess að leggjast á móti því, að þær næðu fram að ganga. Og þetta var því fremur, sem búast má við því, að stjórnin nú á næstunni láti endurskoða alla fátækralöggjöfina. Margir munu víst álíta, að þessi endurskoðun ætti þegar að

vera búin að fara fram, en jeg get þó ekki talið stjórnina vítaverða, þótt ekki sje meiri skriður á það mál kominn. Jeg hefi nú fengist við fátækrastjórn upp undir 40 ár, bæði á meðan gömlu lögin voru í gildi og eins nú, undir nýrri lögunum, sem jeg tel hafa verið mikla rjettarbót. En það er auðvitað, eins og hæstv. forsrh. (J. M.) sagði rjettilega um brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að þær eru alger röskun á þeim grundvelli, sem fátækralögin eru bygð á. Þetta er fleygur inn í fátækralöggjöf vora, og hlýtur að hafa ýmsar aðrar breytingar í för með sjer, sem gera verður, svo fult samræmi komist á í löggjöfinni. Mjer finst grundvallarstefnan í brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) ganga í þá átt að draga úr sjálfsbjargarhvöt einstaklingsins og koma honum til að varpa öllum sínum áhyggjum upp á það opinbera. Og mig furðar alls ekki, að þessar till. komu frá honum, því að hann fyllir þann flokk manna, sem vill að sjálfsbjargarhvötin verði sem minst hjá einstaklingnum, og ríkið taki þá upp á sína arma. Jeg held, að sum þessara ákvæða sjeu svo löguð, að til stórra vandræða mundi leiða hjer á landi, ef þau næðu fram að ganga. Okkur, sem fengist höfum við sveitarstjórn og fátækrastjórn, er kunnugt um það, að í sama bygðarlagi geta verið 2 menn, sem lifa við alveg sömu lífskjör og kringumstæður, nema annar þeirra á ef til vill 2 börn, en hinn fjölda barna, en kemst þó miklu betur af og er jafnvel með bestu gjaldendum í sveitarfjelaginu, þar sem sá með fáu börnin fer á sveitina. Hvaða orsakir liggja nú til þess, að svona fer? Í mörgum tilfellum er það leti, ómenska og ráðleysi, sem veldur því, að menn fara á sveitina. Það, sem muninn gerir, er sjálfsbjargarhvöt og sómatilfinning einstaklinganna. Jeg held, að með þessum brtt. sje mönnum gefið undir fótinn að fara á sveitina, bæði þeim, er ekki vilja leggja sjerlega mikið á sig til að bjarga sjer og sínum, og jafnvel líka hinum, sem verjast vilja fátækrastyrknum. Brtt. verka á tvöfaldan hátt í þá stefnu, að leiðin á sveitina verði gerð sem allra greiðust. Það kemst á stakasta misrjetti milli dugnaðarmannsins og letingjans, og allar afleiðingar þess skella á því opinbera.

Jeg skal játa, að b-liður undir 1. hefir nokkuð til síns máls, en jeg er ekki ánægður með þetta „vottorð skilríkra manna". Það er þá eftir að sanna, að alveg hafi verið ómögulegt að ná til læknis. Slíkt er mjög ósennilegt, eins og læknaskipun er nú fyrir komið hjá oss.

Þá kem jeg að atvinnuskortinum. Það getur verið nokkuð til í því, að ef þjóðfjelagið geti ekki útvegað manni atvinnu, þá sje hæpið, að hann ætti að fara á mis við öll rjettindi sín, þótt hann verði fátækrastyrksþurfi. En jeg hygg, að hjer geti komið til greina aðrir straumar í okkar þjóðlífi. Jeg veit ekki betur en að dæmi sjeu til þess, að verkamönnum sje bannað að vinna, nema þeir geri það fyrir hátt ákveðið tímakaup. Mjer dettur í hug sagan um mann, sem kom um daginn til fátækrastjórans hjer í Reykjavík og kvaðst ekki hafa haft atvinnu í 6 vikur, og yrði því að fá sveitarstyrk. Og er hann var spurður, hverju það sætti, svaraði hann, að honum væri bannað að vinna af verkamannafjelaginu, nema fyrir 2—3 kr. um tímann. Vjer sjáum af þessu, hver áhrif það gæti haft, ef brtt. þessi næði fram að ganga.

Þá er d-liðurinn, um að styrkur vegna elli skuli ekki talinn sveitarstyrkur. Þetta lítur nú ekkert illa út á pappírnum, en getur ófyrirsynju orðið byrði á sveitarfjelaginu. Gamalmenni flest eiga ættingja, og þeim þykir fæstum sæmandi að láta þessa ættingja fara á sveitina, geti þeir með nokkru móti hjálpað. En þessi hvöt hjá

ættingjunum mundi að mun minka, ef styrkurinn væri ekki talinn sveitarstyrkur.

Jeg get tekið undir það með hv. frsm. (E. P.), að þessi töluliður 1. er ekki nærri eins óaðgengilegur og töluliður 2. Í a-lið er ákvæði um það, að engan megi flytja fátækraflutningi, án hans samþykkis. Framfærslusveit hans á að hafa ánægjuna af því að sjá honum fyrir öllu, en hann á að ráða aðsetursstað sínum, þótt öll framfærsla hans verði miklu ódýrari fyrir framfærslusveitina, ef hann væri fluttur. Í Reykjavík til dæmis er öll framfærsla þurfalinga margfalt dýrari en til sveita, það er jafnvel 1000 : 100, ef hann er fluttur heim. Það væri ranglátt, að þurfamaður gæti bakað framfærslusveit sinni óbærilegan kostnað á þennan hátt. Þetta er slíkt hróplegt ranglæti, miðað við lögin, sem nú gilda, að mig furðar á því, að nokkur skuli vilja flytja þetta. Annað mál væri, ef breytt væri svo lögunum, að framfærslusveit væri þar, sem þurfalingur yrði fyrst styrkþurfi.

Um fyrningarákvæðið er þegar búið að tala mikið. Það eru mýmörg dæmi til þess, að sveitarskuldir borgast jafnvel 10—20 árum eftir á, t. d. úr dánarbúi þurfamannsins eða við arftöku manna. Líka hefir það komið fyrir í minni sveit, að þurfalingur hefir gifst með leyfi sveitarstjórnar, og við það orðið fær um að greiða skuld sína. En eftir þessu ákvæði á allur rjettur fátækrastjórnar að vera fyrir borð borinn. Jeg held því, að jeg verði ekki svo gamall, að jeg sjái mjer fært að greiða atkvæði með brtt., nema þá ef til vill í sambandi við gagngerða „revision" á fátækralögunum. Rjettindamissirinn fælir margan mann frá því að leita fátækrastyrks, fyr en það er alveg óhjákvæmilegt, en þegar menn missa engin rjettindi með fátækrastyrknum, þá stendur þeim svo hjartanlega á sama.

Og jeg endurtek það að lokum, að mikill hluti af sveitarþyngslum landsins er því að kenna, að einstaklingarnir hafa ekki nent að bjarga sjer, eða farið ráðlauslega með efni sín. Jeg vona því, að háttv. deild samþykki ekki þessar brtt.

Jón Baldvinsson: Það mátti auðvitað búast við andmælum gegn brtt., enda játa jeg, að hjer er um gagngerða breytingu að ræða. Raunar komu þau ekki svo mjög fram í ræðu hæstv. forsrh. (J. M.), sem mjer virtist taka vel í mál mitt, miklu betur en jeg hafði búist við, eftir orðum hans um þál. frá 1917, þar sem skorað er á ríkisstjórnina að leggja fyrir þingið breytingar á fátækral. í svipaða átt og þessa. En þótt búast mætti við andmælum, þá held jeg þó, að þetta mál hafi fullan rjett á sjer og hljóti að eiga talsvert fylgi í þinginu, því að brtt. mínar eru í samræmi við áskorun þingsins 1917 til stjórnarinnar, um breytingu á þessum lögum.

Háttv. andmælendur hafa sagt, að brtt. mínar krefðust breytinga á ákvæðunum um sveitfesti. Mjer hafði nú skilist á nokkrum háttv. þingmönnum, að þeir ætluðu að flytja till. í þessa átt, og því kemur ekkert slíkt frá mjer.

Sumt hið sama kom nú fram í ræðum háttv. þm. Barð (H. K.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), t. d. út af c-liðnum, að menn gæti skort atvinnu, af því að fjelag þeirra ákvæði þeim hærra kaup en fáanlegt væri. Jeg vildi skjóta því til hv. þingmanna, hvort þeim sje ekki kunnugt um, hvernig kaup verkamanna er ákveðið. Það er miðað við dýrtíðina, og hefir aldrei verið hærra en svo, að menn rjett gætu lifað af því. Og það væri þó ekki

mikil samgirni í því, að sveitarstjórn ljeti þá vinna fyrir minna en þeir gætu lifað fyrir.

Jeg er hræddur um, að sagan, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) kom með um manninn, sem gat fengið vinnu fyrir 1 kr. um kl.st., en ekki mátti vinna fyrir minna en 2½—3 kr. um kl.st., vegna kauptaxta fjelags síns, sje talsvert orðum aukin. Það getur vel verið, að háttv. þm. (S. St.) hafi heyrt þetta einhversstaðar, en jeg fullyrði, að það getur ekki verið fótur fyrir því, að nokkurt fjelag hjer hafi bannað nokkrum manni að vinna almenna dagvinnu nema fyrir svo hátt kaup, sem hann nefndi. Það getur vel verið, að það hafi munað nokkrum aurum á kl.st., hugsanlega t. d. 20 aurum og í allra hæsta lagi 48 aurum á kl.st., því alment kaup er nú 1,20 á klst. og var fyrir 20. apríl 1 kr. 48. Það hefir því verið lagt talsvert á þessa sögusögn í meðförunum, ef annars nokkuð er til í henni.

En kaupið er miðað við vöruverð, og þá er tæpast ástæða til þess að setja það niður vegna sveitarstjórnarinnar, því að það er einmitt hún, sem hefir hagnað af þessu fyrirkomulagi; annars mundi margur maðurinn fyr komast á sveitina en ella. Og því síður væri ástæða til að setja kaupið niður fyrir stutta vinnu hjá einstökum mönnum, og sem þá yrði ef til vill til þess, að kaup yrði alment sett niður. Og þó að þetta yrði jafnvel til þess, að einn og einn maður hætti við að láta vinna einhver smáviðvik, og menn færu á mis við þá vinnu, þá er það ekki lengi að vinnast upp aftur, þegar vinnan kemur. 20—48 aurum hærra kaup á kl.st. yfir aðalstarfstíma ársins vegur meira en það á móti einhverri smáígripavinnu á vinnuleysistímunum, sem gæti haft í för með sjer almenna lækkun á vinnukaupi.

Ef þær stofnanir væru til hjá sveitarfjelögunum, er veittu mönnum stöðuga vinnu um hávetur í atvinnuskorti og slæmu árferði, þá gæti jeg hugsað mjer, að vinna fengist fyrir lægra verð, með sjerstökum samningum.En á slíkum stofnunum yrði að vera gott skipulag, ef að haldi ætti að koma.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) bjóst við því, að ef brtt. mínar yrðu samþyktar, þá mundi það mjög draga úr sjálfsbjargarhvöt einstaklinganna. Um þetta eru nú skiftar skoðanir. Það getur miklu fremur dregið úr sjálfsbjargarhvöt margra, ef allir menn álíta þá, sem fengið hafa sveitarstyrk, minni menn eftir en áður; en þó sjerstaklega, ef þeir menn, er af ýmsum orsökum verða að leita á náðir sveitarinnar, fara sjálfir að álíta sig minni menn. En ef breyting yrði á þessu, í þá átt, sem brtt. mínar ganga, þá gætu menn vel haldið áfram að bjarga sjer, þótt þeir yrðu um tíma að leita styrks, sjerstaklega ef þeir hjeldu rjettindum sínum áfram.

Það er mikill munur á því, hvernig menn fara með efni sín; jeg skal síst neita því. En í mörgum atriðum er það svo, að þessum mönnum er það ekki sjálfrátt, er þeir verða að leita styrks. Vanheilsa, slys og mörg óviðráðanleg óhöpp eru þess valdandi. Og jeg held ekki, að það sje rjett, að það sje mest vegna leti, ráðleysis og ómensku, að svo fer fyrir mörgum. En til þess, að sjálfsbjargarhvötin rjenaði ekki, þá yrði að ganga svo frá öllu, að þeir mistu ekki alveg móðinn við það að verða styrkþegar.

Að lokum vil jeg geta þess til skýringar, að liðurinn 2.a. er miðaður við 1. gr. brtt. minnar, en ekki við 1. gr. frv. þess, sem fyrir liggur og brtt. annars eru miðaðar við.

Jón Sigurðsson: Það eru aðeins örfá orð. Jeg gat eigi stilt mig um að minnast

á eitt atriði, sem gengið hefir verið fram hjá í umr., en sem sýnir þó ljóst, hvað mál þetta er fljóthugsað.

Í fljótu bragði virðist e-liðurinn vera sanngjarn, skoðaður einn út af fyrir sig. Þar er sem sje gert ráð fyrir, að styrkur sje veittur sökum atvinnuskorts, þegar sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki veitt styrkþurfandi fjölskyldumanni atvinnu. En sje þessi liður borinn saman við a-lið 2. gr., þá er ekki laust við að útkoman verði dálítið bogin.

Gerum ráð fyrir að maður dvelji hjer í Reykjavík, sem á framfærslusveit einhversstaðar úti á landi og er styrks þurfandi. Sveitarfjelagið getur ekki fengið hann fluttan heim, ef hann samþykkir eigi flutninginn, samkv. brtt. hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), og engin von er til, að bæjarfjelagið hjer útvegi honum atvinnu, því að hann er ekki þess handbendi, og auk þess mætti svo vera, að það hefði ekki atvinnu nema handa sínum þurfalingum.

Einnig er það að athuga við e-lið, að menn geta orðið atvinnulausir sökum aðgerða eða ákvæða einhvers fjelags, sem þeir eru í og verða að beygja sig undir. Væri það óneitanlega talsvert hart, að sveitar- eða bæjarfjelag legði mönnum styrk fyrir atvinnuskort af þessum sökum, enda þótt í raun og veru væri um næga atvinnu og sæmilega borgaða að ræða. Mörg af ákvæðunum í brtt. hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) eru þannig vaxin, að þau mundu bókstaflega verða til niðurdreps fyrir heil sveitarfjelög, ef þau yrðu að lögum.

Mjer virðist því þessar tillögur svo fljóthugsaðar, að rjettara sje að láta þær ekki ná fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 406,1.a. feld með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. Þ., Gunn. S., J. A. J., J. B., M. P., B. Sv.

nei: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. E., H. K., Jak. M., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., P. J., P. O., P. Þ.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 406,1.b. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., M. P., P. O., P. Þ., Þorl. G., B. Sv.

nei: Þorst. J., Þór. J., B. H., H. K., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó.

Tveir þm. (Ó. P. og Þorl. J.) fjarstaddir.

Brtt. 406,1.c. feld með 19 : 4 atkv.

— 406,1.d. feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. P., B. Sv.

nei: Þorst. J., Þór. J., B .H., E. E., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., P. J., P O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Brtt. 406,2.a.—b. teknar aftur.

— 391,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 : 5 atkv.

— 391,2 samþ. með 16 : 3 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 459, 467).

Magnús Pjetursson: Jeg á hjer litla brtt., sem í raun og veru er ekki efnisbreyting, en fer aðeins fram á, að lögin gangi ekki í gildi fyr en á næsta nýári. Sýndist mjer þetta heppilegra, því að þá er reikningsskilum lokið við ríkissjóð.

Vænti jeg, að enginn hafi við þetta að athuga.

ATKVGR.

Brtt. 467 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 492).

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta var í allsherjarnefnd í háttv. Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar einnig í þessari deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 492, n. 540).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nefndarálits. Afbrigði leyfð og samþ. án atkv.-gr.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg get sparað mjer langa framsöguræðu. Aðalbreytingin á l. er sú, að framfærslusveitin á að greiða ⅔ hluta framfærslukostnaðar sjúklinga, þó aldrei yfir 400 kr á ári. Svo er og það, að kostnaður greiðist fyrir 4 sjúklinga í einu úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi, í stað þess, sem ákveðið er, að þeir megi aðeins vera 2.

Breytingin á 2. gr. er í samræmi við þessa breytingu. Sje jeg ekki þörf á fleiri orðum um þetta mál, en vona að hv. deild samþykki það.

Halldór Steinsson: Það er eitt atriði í breytingunum, sem jeg er í vafa um, hvernig beri að skilja. Það stendur í 1. gr.: „Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga í einu úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi".

Jeg vil vita, hvort þetta þýðir, að kostnaður greiðist sveitar- og bæjarfjelögum fyrir 4 sjúklinga á ári, eða í hvert skifti og þau kunna að hafa 4 sjúklinga á sjúkrahúsi.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Meiningin er, að hvert sveitar- eða bæjarfjelag, sem hefir 4 sjúklinga, hafi rjett til að fá þennan styrk.

Halldór Steinsson: Háttv. frsm. (S. E.) hefir ekki skilið, hvað jeg á við. Það, sem jeg spyr um, er það, hvort ríkissjóðsstyrkur skuli greiddur sveitar- og bæjarfjelögum fyrir 4 sjúklinga í hvert skifti og þau eiga þá á sjúkrahúsi, eða einungis fyrir 4 sjúklinga á ári.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Ef sveitarfjelag hefir 8 sjúklinga í sjúkrahúsi, þá

fær það einungis styrk fyrir 4 sjúklinga í einu. (*H. St.*: Gleggra að orða þetta „á ári", en ekki „í einu"). Það mun vera rjett.

Karl Einarsson: Jeg held, að hv. frsm. (S. E.) hafi eigi ennþá skilið það, sem beiðst er skýringar á. Jeg skal taka sem dæmi, að ef eitt sveitarfjelag á 4 sjúklinga á sjúkrahúsi í einu, og aftur á sama ári 4 sjúklinga. Ber því þá styrkur fyrir þessa 8 sjúklinga, eða aðeins fyrir 4 þeirra?

Frsm. (Sigurður Eggerz): Auðvitað aðeins fyrir fyrri 4. Annars mun nefndin taka þetta til athugunar til 3. umr.

Forseti (G. B.): Má jeg mælast til þess, að nefndin veiti mjer viðtal sem landlækni um þetta mál, sem jeg tel mig vera allra manna kunnugastan.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 492, 584).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Nefndin hefir gert eina lítilfjörlega breytingu á frv., og er hún í samræmi við aths. háttv. þm. Snæf. (H. St.) við síðustu umr. máls þessa. Hefi jeg ekkert um þá brtt. að öðru leyti að segja, en leyfi mjer að leggja til, að frv. verði samþ. með henni.

ATKVGR.
Brtt. 584. samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 603).

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 630).

---

27. Einkasala á áfengi.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var útbýtt
Frumvarpi til laga um einkasölu á áfengi (A. 305).

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. var of seint fram komið. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Halldór Steinsson): Í byrjun þingsins, í þessari háttv. deild, var flutt frv. til laga um einkasölu á lyfjum, sem var að mestu leyti samið af landlækni. Mjer er óhætt að fullyrða, að það hefir ekki vakað fyrir landlækni eða stjórninni að afla ríkinu tekna með þessu frv., heldur að tryggja það, að í landinu væru birgðir af góðum lyfjum, sem seldust með sanngjörnu verði. Til þess að slík trygging fáist, þarf

gott eftirlit með lyfjabúðunum. Þær eru nú 9 að tölu, en fer óðum fjölgandi. Það er augljóst, að landlæknirinn, sem hefir haft eftirlit með lyfjabúðunum, en hefir nóg annað að starfa, kemst ekki yfir þetta. Í þessu frv. þarf sá, er hefir eftirlit með lyfjabúðunum, ekki einungis að hafa læknispróf, heldur og lyfsalapróf. Annað ákvæði er það, sem tekið er úr lyfjafrv., að forstjóra áfengisverslunarinnar er gert að skyldu að útvega læknum, sem hafa rjett til lyfjasölu, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, samkvæmt beiðni þeirra. Það hefir verið litið svo á, að hjeraðslæknum væri skylt að kaupa lyf af innlendum lyfjabúðum, en það liggur í augum uppi, að lyfin hljóta að verða dýrari fyrir þennan óþarfa millilið.

Eins og kunnugt er, er læknum og lyfjabúðum falin útsala á lyfjaáfengi, og líka iðnaðar- og suðuáfengi, en það er brot á bannlögunum. Því það er tekið fram í bannlögunum, að læknar skuli einungis hafa áfengi til lyfja. Alt það áfengi, sem úti er látið, er skrifað á reikning lækna, þó mikill hluti þess sje iðnaðaráfengi. Að öðru leyti hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að gera breytingar á lögunum frá því, sem þau komu frá Nd.

Jeg rak mig áðan á brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.). Það er ekki ástæða til að ætla, að nefndin hafi haft tíma til að athuga hana.

Með brtt. við 7. gr., þar sem hv. þm. (S. H. K.) fer fram á, að hækkuð sje álagningin frá 25—75% upp í 50—75%, tel jeg stigið of stórt spor, en mun skýra síðar frá afstöðu nefndarinnar til breytingartillaganna yfir höfuð.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg skal taka það fram, að þó að háttv. frsm. lyfjasölunefndar (H. St.) fari ekki sem hlýlegustum orðum um brtt. mínar, þá skal jeg ekki fara neitt út í það mál nú, þar sem þetta er 1. umr. Og jeg ætla að geyma allar deilur um mál þetta þangað til á rjettum tíma.

Það hefir brugðið svo einkennilega við, að frv. um einkasölu á lyfjum hefir alls ekki verið rætt. En hvers vegna nefndin vill ekki hafa einkasölu, vita menn ekki, því hún kemur ekki fram með neinar ástæður fyrir því, en það hefði þó óneitanlega verið æskilegra, að greinargerð fylgdi, sem færði ástæður fyrir þessu. Nefndin heldur því fram, að menn með lyfjasöluprófi eigi að hafa eftirlit með afhending lyfja. Sjálfur hefi jeg tilhneigingu til að fylgja nefndinni að málum, og vil því ekki ásaka hana; en mjer þykir rjett að benda á, hversu hugsunarhátturinn hefir breyst síðan að bannlögin voru sett 1909. Þá var það mikið deiluefni, hvað umsjónarmaðurinn með áfengisskömtuninni ætti að hafa mikið kaup, og komu menn sjer loksins saman um 600 kr. á ári Nú mundi þetta ekki þykja höfðinglega boðið. Hjer er gert ráð fyrir allvel launuðu starfi. Á þessu sjest hve hugsunarhátturinn breytist. Frá mínu sjónarmiði á að leggja aðaláhersluna á reglugerðina og hvernig henni er framfylgt. Hvernig er ástatt í því tilliti nú? Við læknar höfum tvær reglugerðir að fara eftir, aðra um sölu á áfengi til iðnaðar, frá 1916, hina frá 1920.

Óhætt er að fullyrða, að algerlega hafi mistekist framkvæmd þessarar reglugerðar frá 1916. Það hefir gengið svo, að bækur þær, sem láta átti út áfengið eftir, hafa verið virtar að vettugi, en í stað þess gengið seðlar frá lögreglustjórunum með stimpli sýslumannsembættisins á. Frá sumum þeirra hefir áfengið flóð út um hjeraðið, einkum ef læknirinn var íhaldssamur um þá greiðvikni að hjálpa um einhverja hressingu, og það er drjúgur sopi, sem jeg, sem einn af hjeraðslæknum landsins, hefi orðið að láta úti á þennan hátt. Í þessari reglugerð er og mælt svo fyrir, að

sýslumenn skuli bera sig saman við læknana um það, sem leyft er að láta úti í þessu skyni. Jeg hefi nú haft þrjá sýslumenn síðan umrædd reglugerð var gefin út, en enginn þeirra hefir komið til mín eða óskað eftir samanburði á því, hve mikið jeg hefi látið úti og hvað mikið þeir hafi gefið út seðla fyrir. Og jeg veit heldur ekki til, að nokkur skýrsla hafi verið send til landsstjórnarinnar um, hve mikið hafi verið látið úti af áfengi til iðnaðar. Með þessu eftirlitsleysi slepti landsstjórnin algerlega beislinu fram af lögreglustjórunum, og því hefir líka farið sem farið hefir.

Árið 1920 fáum við aðra reglugerð, sem er óviðeigandi og óviðunandi fyrir það, hve hún eykur geipilega skriffinskuna. Þar er heimtað af læknum að innfæra öll þau meðul, er þeir gefa lyfseðil fyrir, ef í þeim er meira en 2¼% af vínanda. Það er mjög einkennilegt, að ef læknir gefur út lyfseðil, t. d. uppá syrupus codeicus fortior, sem í er 4% af vínanda, og látin úti venjuleg 50 gr. í einu, — það er hóstameðal, mikið notað, en annars eitur, — að hann skuli skyldur til að rita fyrst tvíritaðan lyfseðil upp á meðalið, síðan innfæra þetta í áfengisbók, og senda síðan Hagstofunni mánaðarlega útdrátt úr þeirri bók. Þessi fyrirmæli eru óhafandi. Það er lítið gagn í því að setja fína „toppfígúru" yfir áfengissöluna, nema betra eftirlit fáist með því, og það hygg jeg fáist með brtt. þeirri, er jeg hefi borið fram um skömtun á áfenginu.

Jeg endurtek það, og jeg margtek það, að það er eftirlitið, sem alt er undir komið, ef sæmilega á að fara.

Það er nú svo, að undanfarið hafa myndast nokkurskonar áfengisbæli kringum lyfjabúðirnar, og það er nauðsynlegt að setja tryggari ákvæði um áfengissöluna og skyldur lækna og lyfsala í því efni.

Á síðastliðnu dýrtíðarári hefir verið flutt út um landið frá einni lyfjabúðinni heilmikið af vanilledropum. Hvort þeir hafa verið fluttir inn tolllaust eða ekki, veit jeg eigi, en svona hefir það gengið, að þegar bannaður hefir verið innflutningur á nauðsynjavörum, þá hafa menn drukkið sig augafulla um hásláttinn í vanilledropum. Þessu þarf að ráða bót á. Og það er ekkert gagn að því að setja yfirmann yfir áfengissöluna, ef hann getur ekki tekið alvarlega í taumana með þetta.

Það veltur ekki á því að gefa út margar og strangar reglugerðir, heldur hvernig reglugerðirnar eru framkvæmdar.

Eitt er enn vert að taka til athugunar í þessu sambandi, og það er, að síðan við fengum dýralæknana, lítur út fyrir, að gengið hafi merkilegur kúafaraldur yfir landið, því kýrnar hafa gerst svo óskiljanlega drykkfeldar. Og þeim nægir ekkert smáræði; þær virðast þurfa 5 lítra af spíritus til þess að hressa sig á, jafnvel hver einasta kýr á heimilinu. Jeg held það væri mjög æskilegt, ef hægt yrði að venja kýrnar af þessu „fylliríi"; það er ekki holt landbúnaði okkar, að þær venjist á þetta óhóf, og það hlýtur að verða þung byrði á landbúnaðinum, að kýrnar verða svona þurftarfrekar á þetta góðgæti. Best væri held jeg að taka þar ráð í tíma og venja kýrnar sem fyrst af þessu; jeg held þær mundu fljótt læra að sætta sig við töðuna, eins og hingað til.

Viðvíkjandi frv. sjálfu vil jeg benda nefndinni á það, að mjer finst álitamál, hvort áfengisstjóri, sem einnig á að vera lyfsali, ætti ekki að búa til „tinktúrur" og lík lyf, sem sjerstaklega eru ætluð læknum, og sem þeir eru ekki vanir að búa til sjálfir. Þessum lyfjastjóra, sem einkum er ætlað að hafa eftirlit með innflutningi lyfja til landsins, mætti líka fela þetta á hendur. Mjer finst rjettast, að þessi lyf væru búin til í landinu sjálfu. Gæti af því orðið talsverður gróði fyrir landið, að láta þennan mann hafa tilbúning þessara

lyfja með höndum. Sama er að segja um það, að samkvæmt frv. er ætlast til, að bannað verði að búa til ilmvötn hjer á landi, en jeg sje ekki, hvers vegna ekki mætti búa til ilmvötn hjer, ef landinu gæti orðið það til hagsbóta. Ef tilbúningur ilmvatna væri í höndum eftirlitsmanns áfengissölunnar, þá tel jeg, að sæmileg trygging væri fyrir því, að ekki hlytist skaði af.

Þar sem þetta er 1. umr. málsins, mun jeg ekki fara fleiri orðum um það, og geyma að ræða um brtt. mínar til 2. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að segja það, að mjer hefði verið kærara, ef háttv. nefnd hefði getað fallist á frv. eins og það lá fyrir.

Jeg þykist vita, að háttv. flm. þessa frv. hafi borið sig saman við landlækni, sem er höf. hins upphaflega lyfjasölufrv., en jeg verð að segja, að fyrir mitt leyti get jeg vel gert mig ánægðan með þá niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að. Má og vel vera, að ekki sje óskynsamlegt að byrja einmitt á frv. sem þessu, því þetta frv. er þó bygt á grundvelli stjórnarfrv. Þá er og fenginn sjerstakur umsjónarmaður og sjerstaklega hæfur til þess að hafa eftirlit með lyfjabúðum.

Það, sem háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) sagði, kom ekki beinlínis þessu máli við, er hjer liggur fyrir. Það var frekar viðkomandi bannlögunum, og ætti að takast til athugunar, ef bannlagabreyting sú, er stungið hefir verið upp á, kemur til umræðu. Brtt. þær, er hann hefir borið fram, einkum sú fyrri, eiga frekar að berast fram sem breytingar á bannlögunum sjálfum. Annars get jeg fallist á brtt. Vil þó geta þess, að jeg skildi hv. þm. ekki fyllilega, þegar hann var að tala um umsjónarmann áfengiskaupanna í sambandi við þetta mál. Það er alveg rjett hjá hv. þm., að þingið skar laun hans upphaflega um of við neglur sjer. En jeg held, að rjettara hefði verið að fá sjerstakan mann til að gæta laganna, sjerstakan bannlagavörð, sem litið hefði jafnframt eftir gæslu laganna.

Þetta gerðu Finnar, þegar þeir settu hjá sjer bannlög, og þeir fólu banngæsluna einmitt þeim manni, er verið hafði forgöngumaður bannsins, dr. Matti Helenius. Jeg skal svo ekki fara lengra inn á þetta atriði; held, að rjettara sje að geyma það og halda sjer við þetta mál, sem er hluti úr lyfjaverslun landsins. Ekki skal jeg heldur fara út í það, sem ábótavant hefir þótt við framkvæmd bannlaganna. Það verður sjálfsagt tækifæri til þess síðar. Og eigi skal jeg heldur ræða um reglugerðina frá 1916, sem vafasamt er, hvort var í samræmi við lögin yfirleitt, nje reglugerðina frá síðastliðnu ári; held þó að sú reglugerð hafi haft bætandi áhrif í ýmsum hjeruðum landsins.

Jeg skal svo að lokum endurtaka það, að jeg get gert mig ánægðan með niðurstöðu nefndarinnar að sinni. Og það gleður mig, að háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) hefir gefið frv. góð meðmæli, og það hefir mikla þýðingu í þessu máli, að meðmæli komi einmitt frá honum.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg kannast við, að hafa gefið frv. þessu meðmæli. Jeg held við eigum að samþykkja það með hæfilegum breytingum, og þær munu ekki svo miklar, að eigi verði unt að ná samkomulagi um þær. Það er rjett, að það var af því að jeg var við samþykt bannlaganna riðinn og átti þátt í þeim, að jeg mintist á laun umsjónarmanns áfengiskaupanna, í samræmi við þetta frv. og í samanburði við laun þau, er væntanlegum áfengisstjóra eru ætluð samkvæmt frv. þessu.

Hæstv forsrh. (J. M.) tók fram, hvernig Finnar höguðu sjer í þessu máli, er þeir fengu dr. Matti Helenius í hendur aðalframkvæmd bannlaganna. Þetta hefir hins

vegar tekist miður vel hjá okkur. Og jeg vona því, að stjórnin skipi fyrst og fremst mann til að gegna þessu embætti, sem hefir fullan vilja á og fær er um að uppfylla rjettlátar kröfur löghlýðinna borgara í þessu efni. Jeg legg ekki svo mikið upp úr eftirlitinu með lyfjaversluninni, því sem áfengi er ekki í. Því þótt nokkur misbrestur væri á gæðum lyfja, meðan á ófriðnum stóð og ekki var annars kostur en taka það, sem að manni var rjett, vegna vöruekklu og ónógra samgangna, þá er þetta nú að komast í sitt gamla horf aftur og við fáum nú eins góð lyf og við fengum áður. Jeg legg því ekki áherslu á lyfjaeftirlitið; jeg legg aðaláherslu á, að með skipun áfengisstjórans verði bragarbót ráðin á áfengissölunni, sem verður að komast í annað og betra horf en verið hefir undanfarið.

Frsm. (Halldór Steinsson): Það var aðeins stutt athugasemd. Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) fann að því, að nefndin færði ekki nægar ástæður fyrir frumvarpi þessu. Jeg færði þær fram í ræðu minni og skal taka þær upp aftur. Aðaltilgangur frv. frá nefndarinnar sjónarmiði er fyrst og fremst betra eftirlit með lyfjabúðum, og ennfremur að afla ríkissjóði tekna umfram það, sem nú er, af áfengi því, sem heimilt er eftir bannlögunum að flytja til landsins. Jafnframt gerir nefndin ráð fyrir, að koma megi í veg fyrir, að áfengi verði flutt til landsins á ólögmætan hátt. Þetta kom fram í ræðu hæstv. forsrh. (J. M.), er hann lagði frv. um einkasölu á lyfjum fyrir þingið. Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) tók fram, hve hugsunarháttur þingsins viðvíkjandi launum og starfi umsjónarmanns áfengiskaupa hefði breyst síðan á þinginu 1909. En hinn fyrirhugaði áfengisstjóri þessa frv. gefur enga bendingu í þá átt. Hjer er um alt annað starf og yfirgripsmeira að ræða en starf umsjónarmanns áfengiskaupanna hefir verið.

Jeg get verið þakklátur háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) fyrir ummæli hans um reglugerðir þær, sem gefnar hafa verið út um áfengi, og sjerstaklega hina síðustu, því að hún er hið mesta skriffinsku „produkt", sem hugsanlegt er, að nokkur stjórnarskrifstofa geti látið frá sjer fara.

Hvað viðvíkur því, að nefndin hefir ekki lagt til, að væntanlegur forstöðumaður þessarar verslunar hefði lyfjatilbúning á hendi, þá vil jeg upplýsa það, að það ákvæði má setja í reglugerðir, sem stjórnarráðið setur samkvæmt lögum þessum, þó það sje ekki tekið fram í frv. sjálfu. Hæstv. forsrh. (J. M.) spurði, hvort nefndin hefði leitað álits landlæknis um þetta mál. Það hefir nefndin gert, og jeg veit ekki betur en hann geti felt sig við, hvernig nefndin hefir afgreitt það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, 318. 327, 328).

Frsm. (Halldór Steinsson): Eins og jeg tók fram við 1. umr., þá eru þrír aðalkostir við þetta frv. Í fyrsta lagi ætti eftirlit með lyfjabúðum að verða betra eftirleiðis en hingað til. Í öðru lagi ætti að fást með þessu meiri trygging fyrir hæfilegri úthlutun á áfengi því, sem flutt er til landsins, og í þriðja lagi ætti þetta að geta orðið talsverður tekjuauki fyrir ríkissjóð.

Allir verða að viðurkenna það, bæði bannmenn og andbanningar, að bannlögin hafa verið óhæfilega mikið brotin. Aðalbrotin liggja í innflutningi á því áfengi, sem ekki er samkvæmt lögunum heimilt að flytja inn í landið. Jeg býst nú við, að aldrei verði hægt að sporna við þessu til fulls í svo strjálbygðu landi, og það má enginn ætlast til, að þessi brot hverfi úr sögunni alt í einu. Til þess þyrfti öflugri tollgæslu en við höfum ráð á. Heldur verður það smátt og smátt, eftir því, sem hugsunarháttur landsmanna breytist í þessum efnum.

En það eru til önnur brot á áfengislögunum en þessi, sem jeg hefi nú nefnt, og það eru brotin á meðferð þess áfengis, sem leyft er að flytja inn í landið.

Jeg er sannfærður um, að það er flutt inn langtum meira af áfengi til iðnaðar en nauðsyn krefur, svo og brensluspíritus, hárvötnum og kryddvökvum, sem ganga hjer kaupum og sölum. Auk þess býst jeg við, að áfengi til lyfja sje líka óþarflega mikið.

Annars eru misjafnar skoðanir lækna á því, hve mikið áfengi þurfi til lyfja. Ætla sumir jafnvel, að því sje með öllu ofaukið. Jeg skal nú ekki leggja neinn dóm á það, hverjir rjett muni hafa fyrir sjer, en þó þykir mjer líklegast, að meðalvegurinn verði þar næst sanni, og óhætt sje að minsta kosti að minka eitthvað áfengi það, sem notað er til lyfja.

Það virðist einsætt, að þetta frv. eigi að geta dregið úr brotum þeim, sem snerta áfengi það, sem leyft er að flytja inn, hvað sem hitt snertir, en það horfir óneitanlega talsvert til bóta, ef svo getur orðið.

Í 1. gr. er tekið fram, að alt áfengi eigi að ganga í gegnum eins manns hendur. Þetta er að vísu gott, en þó ekki einhlítt, ef ekki væri gert ráð fyrir að takmarka innflutninginn. Það er einmitt gert með 2. gr. Þar er það tekið fram, að stjórnin setji nánari reglur um áfengissöluna, og er þar átt við áfengi til iðnaðar, brensluspíritus og fleira. — Með áfengi til lyfja verður farið samkvæmt reglugerð, sem stjórnin setur þar að lútandi með ráði landlæknis.

Þetta frv. ætti að geta dregið talsvert úr eyðslu áfengis í landinu, ef reglum þessum verður vel fyrir komið og ekki beitt með neinu ofstæki, hvorki með eða móti banni, heldur af sanngirni og einbeittni.

Fram hafa komið 2 brtt. við frv. þetta frá háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.). Önnur á við 2. gr. frv. og fer fram á, að í reglugerð stjórnarinnar sje það tekið fram, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna og lyfsala, svo mest sje á ári hverju. Nefndin er vitanlega samþykk þessu, því það var einmitt þetta, sem hún ætlaðist til, að stjórnin tæki fram í reglugerð sinni.

En það er öðru máli að gegna með 2. brtt. Hún á við 7. gr. frv. og fer fram á það, að álagningin hækki. Þetta vill nefndin ekki ganga inn á. Þessi hækkun myndi aðallega koma niður á suðuvökvum, og þó að þeim hafi oft verið varið öðruvísi en skyldi, þá mun þó meiri hlutinn hafa verið notaður til eldunar og hita. Þetta hlyti því að verða mörgum tilfinnanlegur skattur og koma mest niður á fátækasta fólkinu, sem notar einna mest slík suðu- og hitunaráhöld. Nefndinni finst, að það hafi þegar í frv. verið gerð nóg álagning, og er því algerlega mótfallin þessari brtt.

Aftur á móti var nefndin ekki öll sammála, að því er álagning á áfengi til lyfja snertir, en þó var meiri hl. á móti henni. Jeg tel það æskilegt, að hv. þm. (S. H. K.) vildi taka þessa síðari gr. aftur og breyta henni.

Hvað snertir brtt. háttv. þm. G.-K. (B. K.), sem á við brtt. hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.), þá skal jeg geta þess, að nefndin leit svo á, að hægt væri að koma þessu ákvæði

um dýralækna inn í reglugerð stjórnarinnar, ásamt fleiru, sem ekki verður tekið fram í lögunum. Þó er nefndin alls ekki mótfallin því, að þetta sje tekið fram í lögunum. Hvað snertir aftur á móti brtt. við 2. lið, þá getur nefndin ekki fallist á hana. Verði annars brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) tekin aftur, þá verður þessi brtt. það að sjálfsögðu líka.

Að síðustu skal jeg taka það fram, að nefndin getur sætt sig við brtt. á þskj. 327, að það sje einnig tekið fram, að endurskoðendur fari líka í gegn um allan rekstur verslunarinnar.

Svo man jeg ekki eftir, að jeg hafi þurft að segja meira um þetta efni að svo stöddu.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg er að sjálfsögðu þakklátur háttv. nefnd fyrir það, að hún hefir fallist á fyrri tillögu mína, enda er jeg ekki í vafa um, að það er til mikilla bóta. Jeg skal þó um leið taka það fram gagnvart brtt. háttv. þm. G.-K. (B. K.), að jeg er henni samþykkur og mun greiða henni atkvæði mitt. Eins og jeg hefi tekið fram áður, þá er mest um vert, að samræmið verði sem best í þessum lögum, og eftirlitið eftir því. Þess vegna tel jeg öll ákvæði vera til bóta, sem miða að því að gera reglugerðina sem skýrasta og aðhaldið sem allra best. Það er spursmál, hvort nægilega mikið er tekið fram í þessari brtt. minni. Það er spursmál, hvort ekki væri rjett að setja líka í lögin ákvæði um það, að suðuvökva eigi að skamta eftir föstum reglum, jafnhneykslanlega og með hann hefir verið farið á þessu landi; sama er að segja um áfengi til iðnaðar. En nú liggur engin brtt. fyrir þess efnis, og skal jeg því ekki ræða þetta meira að sinni.

Að því er snertir það, að háttv. nefnd hefir lagt á móti brtt. minni við 7. gr. frv., þá skal jeg ganga inn á, að það væri hægt að orða hana betur. Það má vera, að álagningin á suðuvökva verði með því móti of há, enda mætti breyta því. — En hvað snertir iðnaðaráfengið, þá er það skoðun mín, að ekki sje rjett að slá þar af kröfunum. Mjer er fullkunnugt um, að þar fer ekki alt til iðnaðar, sem ætlað er — nema þá til þeirra sjerstöku iðnrekenda, sem kallaðir eru „timburmenn" — og ætti landinu ekki að verða neinn skaði, þótt sú grein iðnaðar legðist niður.

Þar sem annars háttv. nefnd hefir talað svo vel um 2. lið brtt. minnar, og yfirleitt farið mjúkum höndum um till., þá vil jeg láta koma hæversku í móti, taka síðari brtt. aftur og leita samninga við nefndina um hana til 3. umr.

Björn Kristjánsson: Jeg get orðið mjög fáorður um þessa brtt. mína, úr því að till. á þskj. 318 er tekin aftur. Þó get jeg ekki staðist að fara um hana örfáum orðum, vegna misskilnings, sem mjer virðist hafa komið fram hjá háttv. þm. Snæf. (H. St.).

Samkvæmt frv. á að leggja 25—75% á vínið, miðað við verð þess, komins í hús, að meðtöldum tolli. En samkvæmt brtt. á að leggja á vöruna ótollaða, og þess vegna verður álagningin samkvæmt henni lægri. Er jeg ánægður með brtt. háttv. 2. þm. S.-M.. (S. H. K.), þar sem hún vill láta miða álagninguna við það, að lagt sje á án tolls. Jeg er aftur á móti ekki ánægður með, að þar er gert ráð fyrir, eins og í frumvarpinu, að álagningin skuli miðast við verð þess, komins í hús. Það er venja allra kaupsýslumanna að leggja á innkaupsverð vörunnar, og mjer finst eðlilegast, að einkasöluverslanir ríkisins fylgi sömu reglum og allar aðrar verslanir.

Jeg hefi notað suðuspritt við efnarannsóknir, og veit því hvað það kostar nú.

Það kostar 6 kr. líterinn. Sú vara er því orðið altof dýr, og vildi jeg helst, að ekkert væri á hana lagt. Í öllu falli má það alls ekki vera meira en lagt er á lyfjaáfengi lækna. Þetta vona jeg, að verði athugað fyrir 3. umr.

Sigurður Eggerz: Jeg býst við, að jeg muni tala hjer fyrir daufum eyrum, en ekki mun jeg láta það hindra mig frá að láta uppi skoðun mína.

Því hefir verið haldið fram, að þetta frv. gæti orðið stuðningur fyrir bannlögin. Ef svo væri, mundi það vega þungt á vogaskálunum hjá mjer, og ef til vill fá mig til að greiða þessu frv. atkvæði mitt. En jeg sje ekki, á hvern hátt þetta frv. getur orðið að nýrri vernd fyrir bannlögin.

1. gr. ákveður, að enginn nema ríkisstjórnin megi flytja inn áfengi. Samkvæmt bannlögunum má enginn flytja inn áfengi, nema gegnum umsjónarmann áfengiskaupa. En þessi maður er starfsmaður ríkisins, svo ákvæðið um þetta er eins í báðum þessum lögum; nafnið á manninum, sem hefir starfið á hendi fyrir ríkisstjórnina, verður aðeins annað.

Í 2. gr. stendur, að áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn, selji hún aðeins lyfsölum, læknum og öðrum þeim, sem bannlögin heimila. Sú aðalbreyting, sem lögin gera, er sú, að ríkissjóður hefir nú söluna á hendi, og verður því að leggja fram fje í því skyni. Og er óneitanlega merkilegt, að stjórnin skuli bera fram frv. eins og þessi einkasölufrv. á slíkum tímum, sem nú eru, þegar svo er ástatt, að stjórnin getur ekki, þótt hún fegin vildi, yfirfært 20 til 30 krónur. Þegar svo er ástatt, virðist ekki fært að auka útgjöld og erfiðleika landssjóðs að óþörfu.

Forsætisráðherra (J. M.) sagði við 1. umr., að annarsstaðar, þar sem bannlög væru, væri sjerstakur maður skipaður til þess að hafa eftirlit með, að þau væru haldin. En í frumvarpinu sjálfu er engin áhersla lögð á, að maður sá, sem þar er gert ráð fyri að skipaður verði, gæti haft slíkt eftirlit, heldur aðeins lögð áhersla á eftirlit með lyfsölubúðum landsins. Í frv. felst engin trygging fyrir því, að bannlögin verði betur haldin.

Aðalatriðið fyrir læknana hjer í deildinni veit jeg muni vera það að fá mann með lyfsalaprófi til að hafa eftirlit með lyfjabúðunum. Eftirlit með lyfjabúðunum hefir landlæknir haft til þessa. Landlæknisembættinu á nú að skifta, samkvæmt þessu frv. Með öðrum orðum, setja á stofn nýtt embætti til að hafa eftirlit með lyfjabúðum. En jeg spyr, hefir landið ráð á að fjölga embættum, algerlega að óþörfu? Vill nokkur í alvöru halda því fram, að sá maður, sem trúað er fyrir eftirliti með læknum landsins, geti ekki líka haft eftirlit með lyfjabúðunum? Og hvernig hefir þetta verið hingað til? Síðan landlæknisembættið var stofnað, hefir þetta eftirlit fylgt því. Og engar kvartanir hafa komið fram, að brostið hafi á þekkingu í þessu efni hjá landlækni. Og þó hægt væri að fá meiri fagmann, þá hefir þjóðin ekki ráð á því. Það er að vísu sagt, að kostnaðinn eigi að taka af ágóðanum af lyfjasölunni. En hvaðan á sá ágóði að koma? Ekki á að leggja á lyfin. Ekki kemur fjeð þaðan. En hvaðan á það þá að koma? Jú, það á að koma frá því, sem græðist á sölunni á spíritus. Á hann á að leggja 25—75%, miðað við verð hans, að meðtöldum tolli. En nú er stefnan sú, að reyna að stemma stigu fyrir, að önnur eins ógengd af spíritus verði notuð til iðnaðar hjer eftir eins og hingað til, því það hefir upplýst, að iðnaðurinn sjálfur notar ekki nema örlítinn hluta þess áfengis, sem til iðnaðar hefir verið veitt. Jeg geri því ráð fyrir, að sala iðnaðarspírituss muni stórum minka. En af

því leiðir aftur, að það gjald, sem á hann er lagt í frv., nægir ekki til að standast kostnað þann, sem af frumvarpinu hlýtur að leiða. Að því, er að öðru leyti snertir þann spíritus, sem beint þarf að brúka til iðnaðar, þá mótmæli jeg því, að rjettmætt sje að leggja hærri skatt á hann. Annarsstaðar er hráefnum hlíft við háum sköttum. Aðrar þjóðir vernda iðnað sinn eftir megni. Hjer virðist ekki vera mikil tilhneiging til þess. Jeg sje því ekki ástæðu til að leggja hærri skatt á iðnaðarspíritus en nú á sjer stað.

Jeg sje ekki, að bannlögunum sje veitt nokkur vernd með þessu frv. Jeg sje heldur enga þörf á að ljetta eftirliti lyfjabúða af landlækni. Hjer er farið fram á stofnun nýs, óþarfs embættis. Og ekki er einu orði minst á, hvaða laun þessi maður eigi að hafa. — Jeg hlýt því að verða á móti frv., ef jeg ekki heyri alvarlegri ástæður fyrir þörf þess en hingað til hafa verið fram færðar; og jeg býst ekki við, að hægt verði að láta mig heyra þær í þessari deild.

Frsm. (Halldór Steinsson): Það er örstutt athugasemd. Háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að það hefði komið fram misskilningur hjá mjer, þar sem jeg hefði gefið í skyn, að samkvæmt brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) ætti að leggja á verð vörunnar, að meðtöldum tolli. En þar var ekki um neinn misskilning að ræða hjá mjer, því samkvæmt tolllögunum er tollurinn lagður á vöruna komna á höfn. Til þess, að unt hefði verið að skilja brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) þannig, að samkvæmt henni ætti ekki að leggja á vöruna með tolli, hefði þess vegna orðið að taka það beinum orðum fram í henni. Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) hefir alt aðra skoðun á þessu máli en jeg. Vil jeg ekki deila við hann um það, því jeg býst ekki við, að sú deila mundi sannfæra hann, eða leiða til samkomulags.

Björn Kristjánsson: Það er rjett, sem háttv. frsm (H. St.) sagði, að tollurinn fellur á strax og varan kemur í land. En jeg gekk út frá því, að ef brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) yrði samþykt, þá hefði þingið með því sýnt, að það ætlaðist ekki til, að lagt yrði á tollinn, því í brtt. við 7. gr. eru feld burt orðin „að meðtöldum tolli“. En eins og jeg tók fram áðan, álít jeg æskilegast að halda sömu reglu og allar verslanir hafa, að leggja á innkaupsverð vörunnar.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg vil ekki fara út í neinar deilur um síðari brtt. mína, því hún er tekin aftur til 3. umr. Jeg stóð upp í tilefni af ræðu háttv. 2. landsk. þm. (S. E.). Vafalaust er, að okkar skoðanir á þessu máli fara einna mest saman að sumu leyti. Jeg get tekið það fram, að jeg legg lítið upp úr eftirlitsstarfinu með lyfjabúðunum. Þótt lyf, sem ekki hafa verið af bestu tegund, hafi flust inn undanfarin ár, þá álít jeg ekki hægt að kenna eftirlitsmanninum eða lyfsölunum um það. Það hefir orsakast af ástandi því, sem styrjöldin hefir skapað. Jeg kannast því við, að jeg er ekki með frumvarpinu sökum þess, að jeg leggi svo mikið upp úr eftirlitsstarfinu með lyfjabúðunum. Einkahvöt mín til þess að vera með frv. er sú, að jeg hefi þá trú, að það geti orðið til verndar fyrir bannlögin. Jeg mintist á það við 1. umr., hvernig Finnar fóru að, er bannlög komust þar á. Þeir settu helsta forgöngumann bannmálsins til að hafa eftirlit með bannlögunum, dr. Matti Helenius. En hjer varð lítilmenskan ofan á, að því leyti, að hjer fengust nógu margir til að ákveða laun eftirlitsmannsins svo lág, að ekki var hægt að

ætlast til, að nokkur gæti gefið sig allan við starfinu fyrir þau laun. Jeg álít, að það sje til bóta, að hjer, í þessu frv., er ætlast til, að stofnað sje til vel launaðrar starfrækslu, svo hægt sje að heimta fult eftirlit af starfrækjanda. Eins og jeg hefi þegar áður sagt, þá álít jeg eftirlitsstarfið með lyfjabúðunum ekki þýðingarmikið, og ekki mikið verk að hafa það á hendi. Þarf því ekki há laun vegna þess starfs. En hitt tel jeg mikils um vert, að launa starfið svo, að hægt sje að krefjast þess af þeim, sem því gegnir, að hann hafi reglulegt eftirlit með áfengissölunni; og það er mikið verk, ef það er vel leyst af hendi. -- Þetta ber okkur á milli, háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) og mjer.

Jeg get ekki tekið undir það, sem hann sagði um iðnaðarbrennivínið, að ekki ætti að leggja meira á það en annan vínanda, sem inn má flytja eftir bannlögunum. Jeg skal játa, að þetta væri rjett, væri iðnaðarbrennivínið notað á rjettan hátt. En nú er vitanlegt, að mjög lítið af þessu svo nefnda iðnaðarbrennivíni er notað til iðnaðar; jeg er viss um, að það er ekki meira en einn hundraðasti partur. Og úr því svo er, þá vil jeg leggja á þessi 99% sæmilega hátt gjald til ríkissjóðs. Það er leiðinlegt, að þessi $^1/_{100}$ partur skuli ekki geta komist hjá gjaldinu. En það er svo oft, að saklaus verður að líða fyrir sekan, og er ekki hægt að komast hjá því. Meðan svo mikið er notað af iðnaðaráfenginu, álít jeg, að hátt gjald verði að borga af því, en ef svo skyldi reynast í framtíðinni, að notkun þess minkaði að miklum mun við framkvæmd þessara laga, er jeg fús á að leggja skattinn niður. En fyrst vil jeg sjá, hvernig fer.

Sigurður Eggerz: Að því er snertir verndun þá, sem bannlögin eiga að fá með frv. þessu, þá vil jeg benda á, að í 4. gr. frv. er alls ekki gefið í skyn, að embættismaður sá, sem þar er gert ráð fyrir að skipaður verði, eigi að hafa eftirlit með bannlögunum. Ekki er honum heldur neinstaðar í frv. gefið vald til að ákveða, hvað mikið af vínanda megi veita til iðnaðar eða hvað mikið til lækna. Lögreglustjóri skipar fyrir um, hvað hann megi láta til iðnaðar, en landlæknir, hvað hann megi láta til lyfjabúða og lækna. Hann hefir þar ekkert vald, verður aðeins að hlýða yfirboðurum sínum, og er því að þessu leyti alveg eins settur og umsjónarmaður áfengiskaupa nú. Skipun þessa manns getur þess vegna engin áhrif haft á bannlögin. Það verður eftir sem áður algerlega komið undir stjórn landsins og lögregluvaldi, hvernig bannlaganna verður gætt. Eina ástæðan til að stofna embættið er eftirlitið með lyfjabúðunum. En að stofna sjerstakt embætti til þess að hafa eftirlit með þeim, álít jeg algerlega tilgangslaust.

Það gleður mig, að háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) skuli vera mjer samdóma í þessu atriði. -- Og sje embættið algerlega óþarft, þá skil jeg ekki, hvernig deildin getur samþykt að stofna það.

Einkennilegt er og, að laun þessa nýja embættismanns skuli ekki vera ákveðin í frv., og væri ef til vill ekki ófyrirsynju, að Alþingi ákvæði þau, einkum þar sem því er fleygt, að þessum nýja embættismanni sjeu ætlaðar 20 þús. kr. í laun. Væri fróðlegt að heyra, hvort nokkur fótur væri fyrir því.

Frsm. (Halldór Steinsson): Mjer þykir kenna óeðlilegs misskilnings hjá háttv. 2. landsk. þm. (S. E.). Valdið til úthlutunar áfengis er ekki hjá landlækni eða lögreglustjóra, heldur fyrst og fremst hjá stjórninni. Það er ætlast til, að stjórnin setji reglugerð um úthlutun allskonar áfengis, bæði til iðnaðar, suðuspritts og svo áfengis, er hefir meira en 2¼% alkohol. Hann fárað-

ist yfir stofnun embættis, sem mundi verða launað með 20—25 þús. kr. Hann kom nú með lítil rök, þessu máli sínu til stuðnings, enda hygg jeg, að það sje tekið úr loftinu, og má þar til samanburðar nefna laun embættismanna ríkisins í heild sinni. Okkur skilur mikið á um eftirlitið. Jeg legg mikið upp úr því, að eftirlitið sje gott, bæði með lyfjum og áfengi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.

Brtt. 328, fyrri liður, samþ. með 8 shlj. atkv.

— 318,1. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 327 samþ. með 10 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 328, síðari liður, og 318,2. teknar aftur.

6.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 1 atkv.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 354, 373, 441).

Frsm. (Halldór Steinsson): Nefndin hefir gert tvær brtt. við frv. á þskj. 441. Fyrri brtt. er við 2. gr. og fer í þá átt, að tveir síðustu málsliðir falli burtu. Í þessari grein er ákveðið, að áfengi megi láta af hendi til lækna, dýralækna og lyfsala, og annara þeirra, er bannlög heimila, og ætlast til, að settar verði reglur um úthlutunina í samráði við landlækni.

Nú er svo háttað um dýralæknana, að þeir eru á engan hátt háðir landlækni, og því ekki rjett, að landlæknir kveði á um, hve mikið skuli látið úti til þeirra.

Þess vegna telur nefndin betra að breyta þessu þannig, að ríkisstjórn geti einnig haft íhlutun um úthlutun áfengisins. Þar sem álitið er nauðsynlegt, að stjórnin leiti álits landlæknis, þegar um úthlutun til lækna er að ræða, þá telur nefndin, að stjórnin eigi ekki að gera það þegar um dýralæknana er að ræða, heldur beri henni að snúa sjer til dýralæknisins í Reykjavík.

Þá er brtt. við 4. gr., að auk þess sem læknar geti pantað lyf frá lyfsölustjóra, þá sje honum skylt að panta einnig lyf fyrir ríkisstjórnina, eftir beiðni hennar, Þetta getur sjerstaklega komið sjer vel, þegar um sóttvarnameðul er að ræða. Þau eru nú orðin stór útgjaldaliður, og það getur munað mörg þúsund krónum, hvar og hvernig lyf eru keypt inn. Þess vegna er sjálfsagt, að ríkisstjórnin geti pantað slík lyf gegnum lyfsölustjórann. Þá er það bóluefni, sem líka gæti komið til mála, að pantað yrði á þennan hátt. Það lyf er og mjög mikið notað, og ef farið verður að nota bóluefni við taugaveiki, eins og farið er að ræða um á síðustu tímum, þá er nauðsynlegt, að stjórnin geti pantað bóluefnið á sama hátt og t. d. sóttvarnameðulin.

Brtt. á þskj. 373 eru frá háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) og frá háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Brtt. við 2. gr.,a-liður, fer fram á, að síðasta málsgreinin falli niður. Er hún í samræmi við till. nefndarinnar, og hefir hún því að sjálfsögðu ekkert við hana að athuga. Síðari liðurinn er um, að suðuvökvi og iðnaðaráfengi skuli einnig sett undir yfirumsjón áfengisstjórans.

Hin brtt. er við 7. gr. og fer í þá átt að heimila að leggja á áfengi til lyfja 30%. Nefndin getur eigi fallist á þessa breytingu, og leggur til, að greinin verði samþ. eins og í frv. stendur, af þeirri ástæðu, að við teljum eigi rjett að skattleggja það áfengi, sem ætlað er til lyfja, fremur en önnur meðul eða lyfjaefni. Fleira hefi jeg svo ekki að segja um þetta mál.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg þarf ekki að flytja hjer langt erindi. Hv. nefnd hefir tekið vel í brtt. okkar háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) við 2. gr. Um fyrri liðinn vil jeg segja það eitt, að jeg leyfi mjer að taka hann aftur, því nefndin ber fram samskonar breytingu, aðeins víðtækari.

Það er ekki nema beint framhald af öðrum ákvæðum laga þessara, að sala suðuvökva og áfengis til iðnaðar fari einnig í gegnum hendur þessa áfengisstjóra. Og sömuleiðis, að ákveðið sje í reglugerð, hve mikið dýralæknar og lyfsalar skuli fá, og eftirlit um framkvæmd þeirrar reglugerðar sje einnig í höndum forstöðumanns áfengiskaupanna. Það sýnist ekkert eðlilegra en að þessi maður hafi á hendi sölu og eftirlit með öllum áfengisvökvum, sem til landsins flytjast.

Nefndin er mótfallin aðalbrtt. okkar háttv. þm. (B. K.) á sama þskj. Það er ekki mikið, sem á milli ber, og ekki vert að gera það að kappsmáli. Nefndin vill algerlega undanskilja lyfin álagningu, en jeg álít, að úr því lyfjaeftirlit er sett á stofn, þá eigi lyfin að bera ofurlitla álagningu, eitthvað upp í kostnaðinn við þetta eftirlit. Við gerðum og ráð fyrir í okkar till., að á lyfjaáfengi skyldi lagt 30%, án tolls, en nefndin vill undanskilja þetta áfengi álagningu.

En úr þessu hvorutveggja skera atkvæði manna hjer í deildinni, hvernig þeir vilja, að með þetta sje farið, og mun jeg eigi orðlengja um það frekar.

Sigurður Eggerz: Jeg mintist á þetta frv. þegar það var til 1. umr. hjer, og jeg vil ekki láta það fara svo út úr deildinni, að jeg kveðji það eigi með nokkrum orðum, jafnvel þótt jeg viti, að forlög þess sjeu þegar ákveðin. Jeg býst við að taka upp sumt af því, sem jeg sagði þá, og það því fremur, sem hæstv. stjórn er nú viðstödd. Jeg hefi heyrt þrjár ástæður færðar fyrir frv. þessu. Fyrsta ástæðan er, að það sje bót fyrir bannlögin. Önnur ástæðan er, að nauðsynlegt sje að hafa eftirlit með lyfjasölunni. Þriðja ástæðan er fjárhagsástæða.

Jeg mintist á það við 1. umr., að í frv. þessu væri um enga vernd að ræða fyrir bannlögin. Eins og nú er má ekki flytja áfengi til landsins, nema gegnum umumsjónarmann áfengiskaupa, eða með öðrum orðum, undir umsjón ríkisvaldsins. Sama er eftir þessu frv., að öðru leyti en því, að landið sjálft leggur út fje fyrir áfengið og kaupir það, og mun jeg síðar koma að því atriði. Að því er þá hlið snertir, sem að bannlögunum veit, þá hefir þó hinn nýi embættismaður í engu meira vald en umsjónarmaður áfengiskaupa nú. Eins og það er nú stjórnarráðið og landlæknir og þau stjórnarvöld, sem hafa áfengiseftirlitið, sem ákveða hve mikið áfengi umsjónarmaður áfengiskaupa skuli láta af hendi, eins verður það, eftir að þetta nýja embætti er stofnað. Umsjónarmanni áfengis má líkja við krana, sem hið lögheimilaða áfengi rennur í gegn um; hinn nýi embættismaður verður heldur ekki annað en krani í þessu efni, en vitanlega miklu gyltari og fínni en sá gamli.

Nú kveður það við, að ef þetta frv. verði samþykt, þá megi styrkja bannið með hinum og þessum reglugerðum, en

alveg eins má gera það undir núgildandi lögum.

Annars, að því er bannlögin snertir, þá er það ekki aðalatriðið að stofna margbrotna og mikla bannlöggjöf. Aðalatriðið er að skapa örugt almenningsálit í kringum bannlögin, en það hafa bannmennirnir ekki ennþá haft kjark í sjer til að gera. Þar hafa bannfjendurnir verið harðari í að skapa almenningi álit gegn lögunum.

Þá skal jeg minnast á næstu ástæðu, eftirlitið með lyfjabúðunum. Jeg er sannfærður um, að þetta eftirlit á að vera áfram undir þeim, sem hefir landlæknisembætti á hendi. Sá maður, sem er vaxinn þessari stöðu, er áreiðanlea einnig vaxinn því að hafa þetta eftirlit með höndum. Vjer höfum ekki ráð á því að skifta landlæknisembættinu nú, og síst þegar þessi nýi embættismaður á að vera, eftir því, sem sagt er, langtum hálaunaðri en landlæknirinn.

Mjer er sem jeg sjái framan í háttv. sparnaðarmenn hjer á þingi, er þeir sjá landlæknirinn þeysa yfir landið með fjölda hesta til reiðar, þegar hann er að líta eftir læknunum. Og svo kemur þessi nýi angi af landlæknisembættinu á eftir með ennþá fleiri hesta, auðvitað alt upp á landssjóðs kostnað. Nei, það verða að vera ríkar ástæður á þessum tímum til þess að stofna embætti, sem er langtum hálaunaðra en nokkurt annað embætti á landinu. Það þarf meira en þetta skálkaskjól: lyfjaeftirlitið. Og hjer í háttv. deild álítur jafnvel einn af læknunum, að þetta lyfjaeftirlit sje alveg ónauðsynlegt á annan hátt en verið hefir, sbr. ummæli háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.).

Þá kem jeg að þriðju ástæðunni, tekjuaukanum. Það er nú í fyrsta lagi, ef nauðsyn bæri til þess að afla tekna af þessum stofni, meiri en nú á sjer stað, þá mætti gera það með auknum tollum. Auðsýnilega væri það óbrotnari leið heldur en að setja upp stórt skrifstofubákn og hafa söluna á hendi, enda sýnilegt, að af því bákni verður enginn tekjuauki. Og það er ekki meiningin, að hinn nýi brennivínskaupmaður eigi að reyna að auka vínsöluna, þvert á móti er nú öflug hreyfing í þá átt að draga úr vínsölunni, sem er landinu til stórminkunar. Ef nú þessi alda magnast, ef áfengisinnflutningurinn verður aðeins bundinn við nauðsynleg lyf og iðnað, þá verður hann mjög lítill, því iðnaðurinn þarf mjög lítið að halda á áfengi; en jafnframt verða þá mjög litlar tekjur af honum. En skrifstofubáknið dagar þá uppi í vínþurru landinu, sem minnismerki yfir hagsýni þeirra manna, sem eru að ýta þessu skrifstofubákni á stað.

Jeg býst við, að jeg tali fyrir daufum eyrum hjer, því að frv. mun vera tryggður útgangur úr deildinni, en þjóðin má gjarnan fylgjast með því, hvað hjer á að gera í dag, og ef til vill mættu þessi fáu orð verða til þess að vekja einhvern í hv. Nd. af dvalanum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg heyrði á ræðu háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) um þetta mál við fyrri hluta umr.

Jeg er á gagnstæðri skoðun við háttv. þm. (S. E.) um þá hlið þessa máls, er sjerstaklega snýr að bannlögunum og eftirliti með þeim. Jeg hygg, að það verði hægara miklu, ef þetta frv. verður að lögum. Mun reynslan best skera úr því.

Hvað kostnaðarhliðina snertir, þá legg jeg ekki áherslu á það, að verslunin með áfengi verði ríkissjóði hagur, þvert á móti. Það var ekki haft fyrir augum, er jeg bar fram lyfjafrv. En jeg tel sjálfsagt, að verslunin beri kostnaðinn við hana sjálfa og forstöðu hennar alla.

En jeg legg ekki aðalhersluna á, hvort er þessara umtöluðu atriða, heldur eftirlitið með lyfjabúðunum. Því að þegar þeim er stöðugt að fjölga, liggur það í hlutarins eðli, að það þarf betra eftirlit með þeim en meðan þær voru eigi nema örfáar. Þá var fremur ástæða til að treysta því, að einungis góðir menn veldust að lyfjabúðunum. En eins og gengur, þegar mennirnir verða fleiri, sem reka sömu atvinnugrein, verða þeir um leið misjafnari, og þurfa því frekar eftirlits með.

Jeg er á þeirri skoðun og jeg hygg, að flestir læknar sjeu á því, að engum landlækni sje fyllilega fært að hafa eftirlitið, nema því aðeins, að hann hafi lyfjapróf, eða fengið sjerstakan undirbúning í lyfjafræði, t. d. verið í lyfjasölubúð um langan tíma, eða því um líkt, því að það er ekki alveg sama, hvort menn hafa sjerstakan undirbúning sem sjerfræðingar í störfum sínum eða ekki.

Þetta er því aðalatriðið, sem fyrir mjer vakir, að haft sje svo gott eftirlit með lyfjabúðum, að þar sje alt eins og það á að vera.

Sigurður Eggerz: Jeg er þakklátur hæstv. forsrh. (J. M.) fyrir það, að hann játaði hreinskilnislega, að þetta frv. væri lítil bót fyrir bannlögin, og vitanlega þýddi það í hans munni, að það væri engin bót fyrir þau.

Það er satt, eins og jeg hefi margtekið fram, þá er þetta engin vernd fyrir bannlögin, af þeirri ástæðu, að maður sá, er fyrir þessa áfengisverslun verður settur, hefir ekkert vald til þess að styrkja bannlögin, því að hann er skyldugur að afgreiða vínpantanir, hvort heldur honum þykir þær rjettar eða rangar.

Þá sagði hæstv. forsrh. (J. M.), að bannmenn myndu verða glaðir, ef minna yrði flutt inn af áfengi en nú. Já, vitanlega, en jeg tók það skýrt fram, að innflutningurinn minkaði ekki vegna þessa frv., heldur ef heilbrigt almenningsálit í þessu máli sigraði hjá þjóðinni.

Þá kem jeg að þriðja atriðinu, sem er eftirlitið með lyfjabúðunum. Jeg skal aðeins um það atriði segja, að jeg hefi ekki heyrt neina frambærilega ástæðu fyrir því, að sá maður, sem fær væri um að gegna landlæknisembætti, gæti ekki einnig haft þetta eftirlit. Landlæknir hefir auðvitað rannsóknarstofuna hjer í Reykjavík sjer við hlið, og getur því látið rannsaka lyfin, ef á þarf að halda, og hið sama yrði hinn nýi lyfjaeftirlitsherra að gera.

Svo er eitt atriði enn í þessu máli, og það er það, að ef þessi maður á stöðugt að vera á ferðalögum, til að líta eftir lyfjabúðum, þá getur hann alls ekki hugsað um sitt brennivínsburgeisstarf, og verður þá að hafa annan mann í sinn stað.

Þá getur og það komið til greina, að þó þessi maður sje sjerlega góður sjerfræðingur í lyfjafræði, og því tilvalinn til að líta eftir lyfjabúðunum, þá sje hann samt enginn „business"-maður, og því ómögulegur til þess að gera góð innkaup. Það er því enginn efi á því, að það rekur að skiftingu þessa embættis aftur, og get jeg því alveg eins búist við, að farið verði fram á það á næsta þingi, og þá sagt, að það þurfi að hafa „fagmann" við eftirlit lyfjabúðanna, en aftur þurfi að fá reglulega vanan brennivínsburgeis til þess að standa fyrir vínkaupunum.

Ef til vill vill hv. deild, sem orðin er dáleidd af þessu frumvarpi, koma því strax í þetta nýja horf, til þess að gleðja þjóðina enn meira, og mætti þá taka það þegar út af dagskrá og breyta því. Því jeg býst eigi við, að hún gangi inn á það, sem rjettast er, og það er það, að láta þetta mál deyja drotni sínum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki miklu að svara háttv. 2. landsk. þm. (S. E.). En þar sem hann sagði, að jeg hefði ekkert gert úr þeirri hlið málsins, sem að banninu sneri, þá er það alls ekki rjett, því að jeg sagði einmitt, að jeg teldi það mikilsvert atriði, þótt jeg teldi það eigi aðalatriðið.

Þá talaði háttv. þm. (S. E.) um það, að það mundi þykja alleinkennilegt ferðalag, þegar landlæknir þeysti um landið, til þess að líta eftir hjá læknum, með fjölda hesta, og lyfjabúðaeftirlitsmaðurinn þar á eftir með ennþá fleiri. Þessu atriði er tæplega svarandi, því að það veit háttv. þm. (S. E.), að lyfjabúðirnar eru í kaupstöðum og kauptúnum, og því er hægt fyrir eftirlitsmanninn að komast til þeirra á skipum, og ætti það ekki að verða mjög dýrt eða taka mjög mikinn tíma frá aðalstarfinu.

Jeg verð að telja það lítilfjörlega ástæðu hjá hv. þm. (S. E), sem hann bar fram fyrir því, að skifta þyrfti þessu starfi, því að jeg veit ekki betur en flestir lyfsalar sjeu kaupmenn líka. (*S. E.*: Ekki brennivínskaupmenn). Ó-jú, þeir eru flestir vínkaupmenn líka. Og ef nú sú skyldi verða raunin á, að sá maður, sem skipaður yrði til þess að hafa eftirlitið með lyfjabúðunum, væri eigi fær um að hafa vín-innkaupin á hendi, þá væri eigi annað en sameina víneinkasöluna aftur tóbakseinkasölunni, sem nú er orðin að lögum.

Jeg get verið sammála háttv. þm. (S. E.) um það, að það nægi að vekja almenningsálitið á bannmálinu. Jeg held nú, að það sje nokkurn veginn vakandi í þessu máli, en get því miður eigi búist við, að það verði nokkurntíma einhlítt, því að það er eins og sumum þyki altaf „sport" í því að brjóta bannlögin. Eina ráðið, sem auðvitað dugir til að vernda lögin, er kröftug framkvæmdarstjórn. En kröftug framkvæmdarstjórn hefir aldrei verið hjer, síðan þetta land bygðist. Þar hefir jafnan á brostið hjá oss. Það verður að viðurkennast. Tryggileg gæsla á bannlögunum kostar mikið.

En vjer getum eigi með öllu látið skeika að sköpuðu í þessu máli, og verður því að gera eitthvað til þess að bæta úr því.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) hjelt því fram, að þessi ráðstöfun hefði enga þýðingu fyrir bannlögin, og yrði þeim því aldrei að liði.

Hann líkti umsjónarmanni áfengiskaupanna við krana, sem vínið rynni í gegnum inn í landið. Samlíkingin er ekkert óheppileg, og get jeg vel fallist á hana. En nú er spurningin um það, hvernig þessi krani eigi að vera eftirleiðis, og hve mikið megi um hann renna.

Nú eru engin ákvæði til um það, hve mikið vín megi fara til lyfjabúða, lækna eða dýralækna, eða til iðnaðar og suðu. Þetta áfengi rennur því hindrunarlaust í gegnum þennan krana, og þá vantar auðsjáanlega eitthvað í hann, svo að hægt sje að snúa fyrir hann.

Hjer er því um það að ræða að setja tappa í krana þennan, svo eigi renni um hann nema eftir vissum reglum, og ætti það að verða að nokkru liði. Þessi tillaga miðar því að því að draga úr áfengisinnflutningi til landsins, því að samkvæmt lögum þessum á nú að takmarka áfengi til lyfsala, lækna og dýralækna, því að hingað til hafa þeir allir fengið það eftir því, sem þeir hafa óskað, nema ef til vill síðastliðið sumar; þá var eitthvað verið að takmarka það. En sú takmörkun var þó eigi meiri en það, að áfengi var sent út um alt land, undir fölsku nafni, svo sem þessir frægu vanilledropar o. fl.

Það er því áreiðanlegt, að ef þessar brtt. mínar verða samþyktar, þá er það

vanrækslu umsjónarmannsins að kenna, ef áfengið flóir eins út yfir landið eftir sem áður. Því að hann á að snúa fyrir kranann eftir þessum settu reglum, einungis eftir því, sem *þörfin krefur.*

Jeg get því eigi skilið, hvernig háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) getur haldið því fram, að þetta sje ekki til neinnar verndar fyrir bannlögin.

Það er öllum kunnugt, að iðnaðaráfengi, sem hefir verið selt í gegnum lyfjabúðirnar, undir eftirliti lögreglustjóra, hefir verið mjög misbrúkað. Og það er eigi hægt að ætlast til, að landlæknir hafi getað litið eftir því, enda ekki í hans verkahring. Hjer er því verið að setja sjerstakan mann til þess að hafa eftirlit með þessu, og ennfremur með suðuspritti, sem áður hefir verið eftirlitslaust.

Hjer er því gert alt til þess að vernda landið fyrir þeirri óhæfu, sem altof mikið hefir borið á nú að undanförnu.

Jeg skal og geta þess, að jeg legg ekki svo mikið upp úr þeirri ástæðu, að það sje mjög nauðsynlegt að skipa sjerstakan lyfjafræðing, til þess að hafa eftirlit með lyfjabúðunum, því að lyfin eru keypt hjá mjög vel þektum og viðurkendum verslunarhúsum, og fyrir því er ekki beinlínis þörf á að hafa eftirlitið svona alhliða. En hins vegar neita jeg því ekki, að eftir því sem lyfjabúðunum fjölgar, þá verður meiri þörf fyrir það að hafa eftirlitsmann með þeim. Og hefir allmikil breyting orðið á þeim síðan núverandi landlæknir tók við embætti, því að þá voru þær aðeins fjórar, en nú **eru þær orðnar 9, og** hin tíunda er í aðsigi.

Þá vil jeg og benda á það, að t. d. sótthreinsunarmeðul, sem landið þarf að útvega, hljóta að verða ódýrari með því að fá þau í gegnum forstöðumann þessarar áfengisverslunar heldur en á annan hátt.

Það er því ýmislegt, sem mælir með þessu frv. frá mínu sjónarmiði. En eins og jeg hefi áður tekið fram, þá legg jeg mestu áhersluna á það, að það verði aðeins einn maður í þessu landi, sem ber ábyrgð á áfengisversluninni. Og að honum er því að ganga, ef eitthvað fer í ólagi.

Frsm. (Halldór Steinsson): Það eru aðeins örfá orð, út af ræðu háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.). Hann sagði, að engin takmörk væru til fyrir því, hve mikið áfengi mætti fara til lyfjabúða og lækna, eða til iðnaðar. Jeg mótmæli þessu algerlega. Því að jeg veit ekki betur en til sjeu reglugerðir um þetta alt.

En hitt er annað mál, og í því er jeg honum samdóma, að ef frv. þetta nær fram að ganga, þá geti eftirlit með framkvæmdum bannlaganna orðið tryggara en nú.

Hvað eftirlitið með lyfjabúðum snertir, þá get jeg tekið það fram, að jeg tel það aðalatriðið við frv. þetta, því jeg hefi litið svo á, að landlækni hafi verið það ofvaxið frá byrjun, hvað þá heldur nú, er lyfjabúðunum fjölgar svo mjög.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) þarf jeg ekki að svara, því að ræða hans var öll endurtekning á ræðu, sem hann hjelt hjer við 2. umr. þessa máls, og svaraði jeg henni þá, og get því eigi verið að leggja mig í það að reyna að sannfæra hann frekar.

ATKVGR.

Brtt. 441,1. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 373,1.a. tekin aftur.
— 373,1.b. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 441,2. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 373,2. feld með 8 : 6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 470).

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu, því að háttv. deild er kunnugt um, hvernig málinu er varið. Óska jeg, að frv. fari til allsherjarnefndar. Hygg jeg það best komið þar, því að hjer er ekki um fjármál að ræða. Vildi jeg einnig mælast til, að verulegar ræður um málið yrðu ekki fyr en við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 16 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 470, n. 567).

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og hv. þm. vita, þá átti þetta frv. í háttv. Ed. heima í lyfjasölunefnd, og var athugað í sambandi við það mál. Nú áleit háttv. Ed. ekki heppilegt, að ríkið tæki að sjer lyfjasöluna, en hinsvegar var það álit háttv. deildar, að nauðsynlegt væri að fá sjerstakt eftirlit með lyfjabúðum. Þær væru nú orðnar svo margar, að margfalt meira eftirlit þyrfti með þeim nú en áður. Og deildin áleit, að til þessa eftirlits þyrfti mann, sem væri sjerfræðingur í þessari fræðigrein. Það er ekki hægt að ætlast til þess af landlækni, að hann geti haft þetta umsvifamikla starf með höndum, að minsta kosti þyrfti hann þá beinlínis að vera lyfjafræðingur. Um hitt var aftur á móti ágreiningur, hvað mikla þýðingu þetta hefði fyrir eftirlitið með bannlögunum. Og jeg álít það geta haft mikla þýðingu, ekki síst í þá átt, að koma því svo fyrir, að iðnaðaráfengið verði ekki eins misbrúkað og verið hefir. Og sá kostur er við þessa ráðstöfun, að hún er ríkissjóði með öllu að kostnaðarlausu.

Það er engin áhersla á það lögð, hvort ríkissjóður hafi nokkurn hag af þessu fyrirkomulagi, þótt svo kunni að verða eitthvað, en tryggilegt er það, að læknaáfengið verður ekki dýrara en það er nú, nema síður væri.

Jeg vona svo, að háttv. deild taki þessu máli vel, og leyfi því að ganga fram.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu í máli þessu, þar sem hæstv. forsrh. (J. M.) hefir þegar reifað það fyrir háttv. deild. Allshn. hefir fallist á frv., en þó hafa 2 ritað undir nál. með fyrirvara, en jeg held jeg megi fullyrða, að það standi eingöngu í sambandi við það, að þeir hafi eitthvað að athuga við einstakar greinar frv., en sjeu hinsvegar ekki á móti frv. í sjálfu sjer.

Jeg finn ástæðu til að láta í ljós þakklæti mitt til háttv. Ed. fyrir að hafa skilið tóbakið frá áfenginu. En jeg hefði þó helst óskað, að sú háttv. deild hefði sjeð sjer fært að láta lyfjasölufrv. stjórnarinnar ná fram að ganga, að viðbættu áfenginu, þar sem þar gat verið um svo mikinn tekjuauka að ræða fyrir ríkissjóð, án þess þó, að lyfin þyrftu að vera dýrari en ella.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Hæstv. forsrh. (J. M.) hefir þegar minst á aðalatriði þess. Aðeins vildi jeg skjóta því til hæstv. stjórnar, að hún hafi sjerstakar gætur á því, að í þeirri reglugerð, sem hún á að setja sam-

kvæmt 2. gr. frv., verði svo um hnútana búið, að girt sje fyrir það, að læknar og iðnaðarmenn geti misbrúkað rjettindi þau, er þeir hafa samkvæmt bannlögunum, svo sem orð leikur á, að þeir hafi gert og geri. Frá því sjónarmiði getur frv. þetta verið mjög þýðingarmikið.

Magnús Jónsson: Jeg vildi aðeins með nokkrum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg mun ljá frv. þessu fylgi mitt, vegna þess, að mjer skilst, að til þessa frv. sje stofnað, ekki sem tekjuauka fyrir ríkissjóð, heldur beri að skilja það sem tryggingarráðstöfun. Hins vegar dylst mjer það ekki, að erfitt muni reynast fyrir hæstv. stjórn að beita þeim takmörkunum, sem hjer mega að gagni koma, þar sem hjer er aðeins um heildsölu að ræða, en aðrir hafa á hendi smásöluna, svo sem verið hefir hingað til. En þó sje jeg í 2. gr. mögguleika fyrir stjórnina til að setja heilbrigðar og haldkvæmar takmarkanir. Jeg vil nú ekki gera hæstv. stjórn upp neinar getsakir um það, hvernig framkvæmd málsins fari henni úr hendi á ókomnum tíma, en mjög mun það eftirleiðis ráða í dómum mínum um hana og afstöðu til hennar, hvernig henni ferst þetta úr hendi.

Magnús Pjetursson: Jeg hafði búist við því, að þeir háttv. nefndarmenn, sem ritað hafa undir nál. með fyrirvara, mundu taka til máls, en fyrst þeir ekki hafa kvatt sjer hljóðs, ætla jeg að segja nokkur orð. Jeg vil þá strax lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkvæði með þessu frv., þótt mjer finnist því hafa verið spilt til muna í hv. Ed. Því að feginn hefði jeg verið, ef stjórnarfrv. hefði gengið fram, þótt jeg annars sje á móti allri ríkiseinkasölu. En með þessu frv. er jeg þó, af því, að hjer eru engin nýmæli á ferðinni, þar sem á þessum vörum hefir verið einkasala frá ómunatíð; læknar hafa ekki haft leyfi til að panta sjer lyf, heldur hefir alt slíkt verið í höndum lyfjabúða. En eins og háttv. frsm. (P. O.) og hæstv. forsrh. (J. M.) tóku fram, þá átti þetta frv. að tryggja læknum það, að þeir fengju góðar vörur. Nú er það ekki eins gott, þótt mikil bót sje að því, að þarna er maður með nægum tíma og sjerþekkingu, og það ríkissjóði alveg að kostnaðarlausu. Jeg geri líka ráð fyrir því, að þetta sje mjög til bóta þeirri eftirlitsvöntun, sem verið hefir með áfengissölu.

Inn í frv. hefir svo verið bætt grein (2. gr.), sem landlæknir hafði ætlað að láta koma fram sem sjerstakt frv., um það, hve mikið áfengi megi láta til lækna. Jeg heyrði ekki umr. um þessa gr. í hv. Ed., og vildi því spyrja hæstv. forsrh. (J. M.), hvort ekki sje til þess ætlast, að þessar reglur verði settar eftir tillögum landlæknis, en ekki ríkisstjórnar. Jeg spyr af því, að jeg hefi gert mjer þá hugmynd, að þessar reglur yrðu samdar á þann hátt, að landlæknir spyrðist fyrir um það meðal lækna, hversu mikið áfengi þeir hefðu notað á ári hverju, og úr því yrði svo búið til einskonar „normal kvantum“ (i. e. meðalsnaps!), sem þeim skyldi úthluta á ári hverju. Svo hafði að minsta kosti landlæknir hugsað sjer þetta.

Jeg hefi ekki komið fram með neinar brtt. við 2. gr., en þó er þar eitt atriði, sem jeg tel óhugsandi, að komið geti til framkvæmda. Jeg tel það sem sje óhugsandi, að með nokkurri sanngirni verði ákveðið, hve mikið áfengi lyfjabúðir megi fá. Það er ekki hægt að fara eftir þeirri notkun vínanda, sem verið hefir þar, þar sem allir hjeraðlæknar eiga eftirleiðis að fá öll sín lyf úr lyfjabúðum. Eina ráðið, sem að haldi gæti komið, væri að fyrirskipa, að þeir hjeldu svonefndan „laboratoriumjournal“, sem svo eftirlitsmaðurinn fengi að sjá og rannsaka.

Enn er eitt atriði í þessu frv., sem gleður mig, sem bæði jeg og læknafjelagið höf-

um óskað, að væri fyrir löngu komið á, en það er ákvæðið, sem losar hjeraðslækna úti um land alveg við iðnaðaráfengið. Mjer hefir ávalt fundist, að ekki væri nema rjett, að lögreglustjórar hefðu þetta mál alveg með höndum, enda hefir það ávalt verið hjá þeim, að því leyti, að þeir hafa gefið út áfengisbækurnar. Og þá gæti komið í ljós, hversu mikið er brúkað af læknum til lækninga og lyfja, og hversu mikið af iðnaðarmönnum; þá fyrst er hægt að tala um það, hversu læknar fari með sitt umboð.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er út af fyrirspurn háttv. þm. Str. (M. P.) um það, hverjar framkvæmdir stjórnin hefði hugsað sjer á 2. gr. Jeg man nú ekki, hvernig orð fjellu í háttv. Ed., en jeg geri ráð fyrir, að meiningin hafi verið, að stjórnin ráðgaðist við læknastjettina, og þá sjerstaklega landlækni. Og jeg verð að taka undir það með hv. þm. (M. P.), að jeg hefði kosið, að frv. hefði náð fram að ganga eins og það kom frá landlækni, en get þó fyllilega gert mig ánægðan með þetta sem stendur; það getur þá verið góður undirbúningur fyrir seinni tíma.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins lýsa því yfir, að jeg er frv. þessu mótfallinn, þar sem jeg hefi ekki getað sjeð neina gilda ástæðu fyrir því. Allar áfengispantanir og innflutningur er nú undir eftirliti starfsmanns, sem ríkið skipar, og jeg hygg, að hann veiti öllu áfengi móttöku, sem til landsins flyst. Jeg get því ekki sjeð, að eftirlitið aukist nokkuð við það, þótt sú breyting verði á, að ríkissjóður kaupi vörurnar. Það er hins vegar upplýst og viðurkent, að ríkissjóður eigi ekki að hafa neinar tekjur af þessari starfrækslu, en hitt er líka augljóst, að hjá útgjöldum kemst hann ekki, þar sem hann verður að leggja fyrirtækinu til rekstrarfje. Enfremur er fyrirtækið þess eðlis, að þegar því er komið á laggirnar, vaknar ósjálfrátt tilhneiging til að draga meira og meira inn undir það, t.d. að útvega tilteknum mönnum atvinnu, eins og er aðalástæðan fyrir þessu frv. Jeg álít það hættulega braut að komast inn á að lögleiða opinbera starfrækslu í því skyni.

Jeg gæti annars beygt mig undir þetta frv., ef nokkrar ástæður væru færðar fyrir nauðsyn þess, en jeg fæ ekki sjeð, að neinar slíkar sjeu fyrir hendi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki lengja umræður um þetta mál, enda býst jeg við, að háttv. þm. sjeu þegar ráðnir í afstöðu sinni til þess. Jeg skal ekkert um það segja, hvort lyfjasölufrv. er fram komið til að útvega einstaka mönnum atvinnu. (*J. þ.*: Jeg sagði einstaka manni). Jæja, þá einstaka manni; mjer er alveg ókunnugt um það, og jeg hefi ekki heyrt það fyr en í dag, enda ætti það ekkert að gera til, því að það er sjálft málið, sem á ber að líta. Jeg held, að óhætt sje að mæla með frv. eins og það er nú. Jeg fæ ekki sjeð, að nein ástæða sje til að óttast það, að það muni draga meira undir sig, nema þá ef það væri heildsölu á lyfjum.

Magnús Pjetursson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer með nokkrum orðum, ákveðnari en orð hæstv. forsrh. (J. M.), að mótmæla þeim ummælum háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að þetta frv. sje fram komið til þess að útvega einstaka manni atvinnu. Jeg veit, að það, sem kom frv. af stað, voru tryggingarnar. Það hefir oft komið upp kurr meðal lækna út af því, að lyfjabúðirnar hefðu ekki eins vandaðar vörur sem skyldi. En lyfjasölufrv. var einmitt til þess að tryggja vörugæðin. Þess vegna er það alveg áreiðanlegt, að það var ekki fyr en þetta frv. var til orðið, að farið var að athuga, hvort fær maður væri fyrir hendi. Háttv. þm. (J. Þ.) getur vel hrist höfuðið,

og við getum staðið andspænis hvor öðrum og sagt: „klipt var það, skorið var það", en jeg þykist vera þessu máli öllu talsvert kunnugri en háttv. þm. (J. Þ.).

Jeg vildi benda hv. deildarmönnum á, hvernig málið lítur út frá sjónarmiði lækna. Noti þeir lyf til lækninga, sem á að hafa ákveðnar verkanir, þá er mjög áríðandi, að þeir megi treysta því, að lyfið hafi þessar verkanir og sje algerlega ósvikið. En á því hefir einmitt borið erlendis nú í seinni tíð, að lyfin hafa ekki reynst vel. Er hjer með frv. þessu nokkur trygging fengin, enda þó að hún sje ekki jafnmikil og stjórnarfrv. veitti.

Jón Þorláksson: Jeg stend við það, sem jeg hefi áður sagt, að forstaða þessa fyrirtækis væri fyrirfram ætluð ákveðnum manni, og það mundi eiga mikinn þátt í framkomu frv.

Háttv. þm. Str. (M. P.) taldi, að frv. veitti tryggingu fyrir lyfjagæðum, og að undanfarið hefðu lyf lyfjabúðanna ekki verið nægilega góð. Má vel vera, að þetta sje rjett, en svo hefir verið um margar aðrar vörur á stríðsárunum; þær hafa verið lakari, og er ekki unt með löggjöf að koma í veg fyrir slíkt. Um fyrra atriðið er það að segja, að þetta frv. veitir enga tryggingu fyrir því, að lyfin verði góð, framar en núgildandi löggjöf gerir, og kemur þetta til af því, að sömu lyfjabúðunum er ætlað framvegis að flytja lyf inn. Sje jeg ekki neina ástæðu til þess, að ríkið gæti fremur inn lyf handa læknum en lyfjabúðum, og þar sem læknar hafa ekki lyfjasölu á hendi, eins og t. d. hjer í Reykjavík, þá mega notendur lyfjanna sæta sömu lyfjum og áður, þrátt fyrir frv. Er frv. því í raun og veru búið að missa sinn upphaflega tilgang, og fæ jeg ekki sjeð, að ástæður háttv. þm. Str. (M. P.) sjeu nokkurs virði.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki rjett hjá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að kenna stríðinu um, að lyfin hafa verið verri upp á síðkastið; það hefir eingöngu verið því að kenna, að þau hafa verið meira svikin en þau voru áður. Hefir jafnvel borið á þessu þar, sem eftirlit er þó mikið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 : 6 atkv.
2.—13. gr. samþ. með 15 : 6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 7 atkv.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 470).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 : 4 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 631).

---

28. Eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum (A. 92).

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Það er í greinargerðinni og í fylgiskjölunum með frv. gerð svo glögg grein fyrir því, að jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, en óska, að háttv. deild vísi því til 2. umr., og það getur verið spursmál, hvort ætti heldur að vísa því til sjútvn. eða allshn., og læt jeg deildina um að skera úr því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 15 : 1 atkv.

Á 24. og 27. fundi í Nd., dagana 16. og 19 mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 92 n. 133, 161).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það eru aðeins örfá orð, til þess að gera grein fyrir brtt. á þskj. 161. Hún er borin fram samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Bolungarvík, og fer fram á það að taka einnig eignarnámi þær kvaðir, sem á spildunni hvíla. Það stendur svo á þeim kvöðum, að stórbóndi á 15. öld, sem átti allar Bolungarvíkurmalir, gaf Vatnsfjarðarkirkju hálfa vertolla af öllum skipum, er þaðan gengju til fiskjar. Þetta hefir verið til þessa tíma, en nú vilja hreppsbúar fá þessari kvöð ljett af þessari spildu, auðvitað gegn fullum bótum til kirkjunnar. Eignarnámið nær ekki nema til lítils hluta af mölunum, og hvílir þá kvöðin áfram á þeim hluta, sem ekki verður tekinn. Að endingu vil jeg geta þess, að allshn. er brtt. samþykk.

ATKVGR.
Brtt. 161. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 178).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 178).

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta var í allsherjarnefnd í háttv. Nd., og legg jeg til, að því verði einnig í þessari deild vísað til þeirrar nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 12 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, n. 596).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Þetta frv. er komið frá háttv. Nd. og flutt þar af hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og fer fram á það að heimila hreppsnefndinni í Hólshreppi að láta taka eignarnámi landspildu á Bolungarvíkurmölum. Frv. er flutt að tilhlutun hreppsnefndarinnar í Hólshreppi. En meðan málið var á ferðinni í þinginu komu fyrst fram óskir frá minni hluta hreppsnefndarinnar og um 40 hreppsbúum öðrum, um að fresta málinu. Byggja þeir þessar óskir sínar fyrst og fremst á því, að eigendaskifti á landspildu þessari muni á allmörgum næstu árum ekki geta orðið til hagsmuna fyrir Hólshrepp, og í öðru lagi á því, að eignarnám þetta muni leiða til stóraukinna fjárframlaga og útgjalda fyrir Hólshrepp.

Í annan stað liggur fyrir brjef frá biskupi í þessu máli, þar sem hann mælist til þess, að rjettindi Vatnsfjarðarkirkju verði undanskilin eignarnáminu, því að eins og frv. er orðað frá Nd., er einnig heimild til þess. Þessi tilmæli biskups eru rökstudd við ítarlegt álit frá prófastinum í Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem hann skýrir frá, að Vatnsfjarðarkirkja eigi helming vertolla af mölum þessum, og hafi nú árlega í tekjur af þeim um 600 kr., og gerir prófastur ráð fyrir, að þessar tekjur muni vaxa í framtíðinni að stórum mun.

Brjef prófasts bendir á, að verðmæti landspildu þessarar, sem liggur nærri brimbrjótnum, fari stöðugt vaxandi, og er það mjög eðlilegt. En af því er það aftur bein afleiðing, að hyggilegt er fyrir Hólshrepp að ná sem fyrst kaupum á landspildunni.

En viðvíkjandi því, hvort eigi að undanskilja rjett Vatnsfjarðarkirkju, þá getur nefndin fallist á það hjá prófasti, að meiri tekjur væru fyrir ríkissjóð, að kirkjan hjeldi þessum rjettindum sínum heldur en að sala á þeim færi fram. En þar sem sveitarfjelag á hjer hlut að máli, sem mun leika mikill hugur á að halda áfram lendingarbótum hjá brimbrjótnum, en það mun hafa mikil fjárframlög í för með sjer, þykir nefndinni rjett, að hreppnum gefist kostur á að eignast einnig rjettindi kirkjunnar yfir landspildunni, því sanngirni er í því, að hreppurinn megi einn njóta lendingarbóta þeirra, er hann kann að gera í framtíðinni. En hins vegar gerir nefndin ráð fyrir, að rjettindi landssjóðs verði sanngjarnlega metin, ef eignarnám fer fram.

Þá tel jeg rjett að taka það fram, að allar umbætur, sem hreppurinn gerir þarna til lendingarbóta, eru óbeinlínis til hags fyrir ríkissjóð, þar sem hjer er um mjög fiskisælan stað að ræða. Að öllu þessu athuguðu, og ennfremur af því, að landspilda þessi mun nú að mestu eign erlendrar verslunar, leggur nefndin til, að frv. nái fram að ganga óbreytt, og að hreppsnefndin fái heimild til að kaupa umrædda landspildu, ef henni sýnist svo, því að auðvitað hvílir engin skylda á henni að kaupa hana, ef henni þykir hún of dýr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er í vafa um, hvort nauðsynlegt sje að gera þetta frv. að lögum nú, því að jeg verð altaf að taka mest tillit til þess, sem meiri hlutinn óskar. Því upprunalega mældu aðeins 4 af 7 hreppsnefndarmönnum í Hólshreppi með því, en 3 gegn því. En síðan hafa 2 af þessum 4 komið með mótmæli gegn því.

Um lendingarbæturnar er það að segja, að þær hafa aukið land þetta að verðmæti, en það er ekki Bolvíkingum til ágóða, heldur þvert á móti, því að þess

dýrara er það fyrir hreppinn að kaupa það.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði, að útlend verslun ætti þetta land, og því væri frekar ástæða til fyrir hreppinn að kaupa það. Þetta er alveg rjett, að útlend verslun á landið, og jeg get verið honum sammála um það, að það sje betur komið hjá hreppnum en útlendri verslun. En nú stendur svo á, að það er einmitt verslunin, sem græðir mest á þessari sölu.

Jeg hefði því talið heppilegra að láta þetta bíða, því að skeð getur, að þessi verslun sundrist, eins og fleiri útlendar verslanir, og þá gæti svo farið, að innlendur kaupmaður fengi þetta land með betri kjörum, og fyrir því tel jeg talsvert vafamál, hvort eigi að samþykkja þetta frv.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) hjelt því fram, að ef hreppurinn fengi þessa lóð, myndi hann gera lendingarbætur. En jeg held þvert á móti, að ef hann kaupir þetta land, þá geti hann ekki lagt mikið fje fram til lendingarbóta, því að það yrði honum algerlega ofvaxið. Og ríkissjóður fengi því að gera lendingarbæturnar.

Karl Einarsson: Jeg sje ekkert athugavert við það, þó að stjórninni sje heimilað að selja hreppnum þessar malir. En það sem jeg sje athugavert við þetta, er það, að ekkert ákvæði er um það, að þær lendi ekki aftur í höndum einstakra manna. Jeg vil beina því til nefndarinnar, hvort hún vilji ekki taka inn í þetta frv. líkt ákvæði og í frv. um sölu á Hvanneyri. Nd. ákvað, að kaupstaðurinn fengi kaupin, að undantekinni kaupstaðarlóðinni, og setti ákvæði í frv., sem tryggði það, að jörðin kæmist ekki í einstakra manna eign. Gæti þessi deild sett slíkt ákvæði inn í þetta frv. því að það hefir viljað við brenna í kaupstöðum, að lóðirnar væru seldar aftur einstökum mönnum, eða leigðar þannig, að það er sama sem sala, t. d. á erfðafestu með litlum hagnaði fyrir kaupstaðinn.

Jeg er sammála nefndinni um það, að rjett sje fyrir hreppinn að kaupa malir þessar, og því fyr, því betra, og að langt sje frá því, að hreppurinn sje ver settur með að gera lendingarbætur, ef hann kaupir malirnar, heldur þvert á móti. En jeg geri það beint að skilyrði fyrir atkvæði mínu með frv., að nefndin lagi þetta, sem jeg mintist á, og setji inn í þetta frv. líkt skilyrði og jeg nefndi áðan, með söluna á Hvanneyri.

Sigurður Jónsson: Það er alls ekki svo, að jeg ætli að ganga fram fyrir skjöldu nefndarinnar, til þess að verja þetta frv. En þótt það virðist vera smámál, þá snerta samt ýms skjöl þess nokkur meginatriði í stefnu þingsins nú og áður. Ef nú væri farið að hindra það, að hreppsfjelagið gæti fengið þetta keypt, þá er brotin sú grundvallarregla, að ábúendur eða notendur þjóðjarða og kirkjujarða geti fengið keypta þá jörð, sem þeir búa á.

Því er haldið fram, að þetta sje runnið frá litlum meiri hl. hreppsnefndar. En nú er þetta ekki skipun, heldur heimild. Og jeg tel líka vafa á því, að lítill meiri hluti hreppsnefndar mundi ráðast í kaupin, heldur mundi málið borið undir hreppsbúa á almennum fundi.

Jeg mun fylgja frv., því að ef það verður felt, er þar með brotin sú regla, sem undanfarin þing hafa fylgt.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) kvað það óvenjulegt að verða við óskum svo lítils meiri hluta eins og var um þetta mál í hreppsnefndinni. Og svo taldi hann, að tveir af þeim fjórum, sem með voru, væru nú fallnir frá því. Nú hafa 40 manns sent Alþingi áskor-

un um að fresta málinu, en alls munu vera um 1000 manns í Bolungarvík, svo að af því verður ekki ráðið, hvoru megin vilji almennings þar er. Jeg þekki nú ekki hreppsnefndarmennina í Bolungarvík, svo að jeg get ekki sagt um, hvort nokkur af nöfnum þeirra, sem með kaupunum voru, eru undir áskoruninni. En heldur þykir mjer það ótrúlegt, að þeim hafi svo fljótt snúist hugur, og það enda þótt fullyrt sje af kunnugum, að erlenda verslunin, sem á landið, hafi „agiterað" sterklega gegn því, að hreppurinn keypti.

Það er rjett, að brimbrjóturinn gerir eignina dýrari. Og eftir því, sem hann kemur betur að notum, eftir því verður hún dýrari, og gæti því svo farið, að síðar yrði ókleift fyrir hreppinn að kaupa, þótt ekki væri nú. Og þar sem erlend verslun á lóðina, þá verð jeg að segja, að minni ástæða er til að veita fje til framhalds brimbrjótnum, ef allur hagurinn á að renna í vasa erlendra manna, heldur en ef ríkið eða hreppurinn á í hlut. Þetta verður því einmitt til þess að mæla með því, að hreppurinn kaupi.

Jeg er þakklátur háttv. þm. Vestm. (K. E.) og háttv. 3. landsk. þm. (S. J.), sem báðir voru málinu hlyntir. Hinn síðarnefndi benti á það, sem er alveg satt, að jarðir hins opinbera hafa oft verið seldar einstökum mönnum, þótt vitanlega hafi verið stórtap að sölunni fyrir landssjóð. En ef einstaklingum hafa verið seldar jarðirnar, þá er þó miklu fremur ástæða til að selja þær hreppum, þegar hagsmunir flestallra hreppsbúa liggja við.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) vildi binda söluna því skilyrði, að eignin kæmist ekki aftur í hendur einstakra manna. Þetta mun nefndin að sjálfsögðu athuga.

Jeg óska því, að hv. deild láti þetta frv. ná fram að ganga. Og ef svo færi, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hjelt, að matsverðið yrði of hátt, þá er á valdi hreppsins að ganga frá kaupunum, þar sem þetta er aðeins heimild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., S. F., B. K., E. Á., G. Guðf., G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., S. E., S. H. K., G. B.

nei: G. G.

Á 71. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 178).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 632).

---

29. Ríkisveðbanki Íslands.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands (A. 170).

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg ætla að taka það strax fram, að jeg ætla ekki að verða langorður í þetta sinn. Þetta frv. er í raun og veru ekkert nýtt mál; það er fram komið eftir eindregnar og endurteknar áskoranir þing eftir þing.

Málið hefir svo verið undirbúið þannig, að maður hefir verið sendur utan, til að rannsaka fyrirkomulagið í öðrum löndum og gera tillögur um það til þingsins.

Meiningin var sú, að stjórnin flytti frv., og að það varð ekki, er af því, að ekki vanst tími til þess, að stjórnin gæti athugað frv. svo rækilega fyrir þing, sem henni þótti þurfa, en ekki af því, að hún væri málinu mótfallin.

Þess vegna var peningamálanefndin beðin að taka frv. til flutnings, og þótti það sjálfsagt, að minsta kosti að láta málið koma til umræðu, af þeirri ástæðu, að á undanförnum þingum hefir verið lagt kapp á málið.

Það hefir verið svo mikið rætt um það á fyrri þingum, hve mikil nauðsyn væri á því að koma upp reglulegum fasteignabanka hjer á landi, að óþarft er nú að orðlengja um þá þörf, eða um örðugleika þá, sem á því eru að fá hentug lán út á fasteignir.

Þar við bætist, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer í raun og veru ekki í þá átt að benda á neinar nýjar og áður óþektar leiðir út úr vandræðunum. Má vera, að það valdi einhverjum vonbrigðum, ef menn hafa búist við öðru. Maður sá, sem rannsókn málsins var falin, hefir sem sje komist að þeirri niðurstöðu, að byggja verði á þeim grundvelli, sem þegar hefir verið lagður með veðdeildum Landsbankans, að dæmi annara þjóða. Fasteignabankar um heim allan starfa þannig, að þeir útvega sjer fje til útlána með því að selja vaxtabrjef, aðallega innanlands, hver í sínu landi, og ná þannig til þessara þarfa sparifje þjóðarinnar. Sömu aðferð verður vitanlega að nota hjer.

Það verður að minsta kosti ekki um það deilt, að þetta sje líklegasta leiðin. Það er fyrirsjáanlega ófær leið að afla nægilegs fjár til fasteignalána með beinum lántökum innanlands eða utan. Slík lán yrði þá að taka sem ríkislán, eins og að vísu hefir verið gert hjer. En það mætti þá eins gera í sambandi við fasteignabankann, þó að hann yrði stofnaður, eins og hjer er gert ráð fyrir, þannig, að ríkissjóður keypti heila flokka vaxtabrjefa bankans, ef erfiðleikar yrðu á að selja þau öðrum.

Eins og jeg sagði áðan, þá er ekki um neinar nýjar leiðir að ræða. Aðaltilgangur frv. er að gera veðdeild Landsbankans að sjerstakri stofnun, skilja hana frá Landsbankanum, auka hana og endurbæta og gera úr henni „Ríkisveðbanka Íslands“. Þetta kann mönnum máske ekki að virðast vera mikilsvert eða mjög aðkallandi. En peningamálanefndinni fanst þetta einmitt mjög þýðingarmikið atriði. Þó var nefndin ekki öll sammála um frv. Einn nefndarmanna var mótfallinn því, að frv. væri flutt, og mun aðalástæðan til þess sú, að hann álítur ekki tímabært að gera þessa breytingu nú, en hins vegar geti veðdeild Landsbankans ófráskilin í bráðina gert hið sama gagn eins og þessi fyrirhugaði fasteignabanki. En meiri hluti nefndarinnar telur samband bankans og veðdeildarinnar óheppilegt, heldur því fram, að því sambandi beri að slíta hið bráðasta. Landsbankinn hefir svo gerólíkum störfum að sinna, og dagleg störf bank-

ans gera svo miklar kröfur til stjórnar bankans, að veðdeildin hlýtur að verða útundan.

Veðbanki krefst aftur á móti af sinni stjórn, að hún sje vakin og sofin í starfinu, sjerstaklega í byrjun. Og það geta allir sjeð, hvað það starf muni vera mikið, þurfi og *geti* verið mikið, ef verulega rækt á að leggja við það að fá almenning til þess að leggja fje sitt í vaxtabrjefin, sjerstaklega í byrjun, auk þess, sem þarf til þess að geta fengið yfirlit yfir þær fasteignir, sem sækja um lán, eða hafa áður fengið lán.

Þá er og á það að líta, að í raun og veru er bankinn og veðdeildin eða fasteignabankinn keppinautar, því að þeir hljóta báðir að sækjast eftir að ná undir sig sparifje almennings. — Það verður að gera ráð fyrir, að veðbanki byggi aðallega eða eingöngu á því að fá rekstrarfje af sparifje manna. Almennir viðskiftabankar sækjast auðvitað líka mjög eftir því. Og allir vita, að einmitt sparisjóðsfjeð er aðalrekstrarfje Landsbankans, og er því auðsætt, að bankastjórninni hlýtur að vera það lítið áhugamál að fá menn einmitt til þess að kaupa vaxtabrjef veðdeildarinnar, heldur en að leggja fje sitt í sparisjóð bankans. Það er á hinn bóginn ekki saman berandi, hvort heppilegra sje, að veðbanki eða almennur viðskiftabanki fái sparifje manna til ávöxtunar. Almennur viðskiftabanki á miklu hægra með að afla sjer rekstrarfjár, vegna þess, að hann lánar fje út aðeins til stutts tíma og getur greitt hærri vexti heldur en veðbankinn.

Nú, það má nú gera ráð fyrir því, að menn muni segja, að þessu máli liggi ekki á á þessu þingi. En jeg sje á hinn bóginn enga ástæðu til að bíða, heldur þvert á móti get búist við því, að biðin verði til skaða, því að það er margreynt, að á slíkum fjárkrepputímabilum eins og vjer nú lifum á, þegar enginn veit í raun og veru hvaða fyrirtækjum má treysta, þá eru menn fúsari en ella til að koma fje sínu á vöxtu, með því að kaupa örugg verðbrjef, sem fullkomin trygging er fyrir. Þess vegna þarf veðbankinn að vera viðbúinn að nota sjer þá tilhneigingu, sem kann að koma fram hjá þeim, er fjeð hafa. Ef því er slegið á frest, þá getur þessi alda verið gengin hjá, áður en bankinn kemst á stofn, og byrjunin orðið erfiðari fyrir bragðið. Og auk þess, sem jeg áður hefi sagt um aðalbreytinguna frá núverandi fyrirkomulagi, að skilja veðdeild Landsbankans frá bankanum, þá eru jafnframt í frv. gerðar ýmsar mikilvægar breytingar á fyrirkomulaginu, og verksviðið verður eftir því víðtækara en verksvið veðdeildarinnar, og því fremur ástæða til þess að flýta fyrir málinu, sem líkur eru meiri til þess, að hinn fyrirhugaði banki geti betur fullnægt þeim kröfum, sem til slíkrar stofnunar eru gerðar, heldur en veðdeildin.

Það er nauðsynlegt, þegar stofna á slík fyrirtæki, að hugsa sjer verksviðið þannig, að það geti orðið til frambúðar, svo að ekki þurfi að gera breytingar á aðalatriðunum á verksviði bankans í neinni nálægri framtíð. Og samkvæmt því er starfssvið bankans markað í 1. gr. frv. Jeg skal að þessu sinni aðeins benda á það, að í 2 liðunum er gert ráð fyrir lánveitingum til fyrirtækja, sem ekki verður lánað til samkvæmt lögum veðdeildarinnar. Þó að lítið hafi verið gert að slíkum fyrirtækjum enn, þá er þörfin fyrir slíkar lánveitingar fyrirsjáanleg, jafnvel í stórum stíl, í nánustu framtíð. En aðalatriðið, sem um er að ræða, er það að afla rekstrarfjárins. Og það, sem fyrst og fremst verður að líta á í því sambandi, er það, að menn aðeins hugsa um sinn hag, og fjárins verður því ekki aflað, nema menn sannfærist um það, að þeim sje hagur í því að leggja fje sitt einmitt í þetta fyrirtæki, fremur en önnur.

Og í sambandi við þetta skal jeg aðeins benda á eitt nýmæli í frv. þessu, sem líklegt er til þess að gera mönnum ljúfara að leggja fje í bankann. Það er útgáfa happvinningabrjefanna, sem bankanum er heimiluð. Háttv. þingmenn þurfa ekki að óttast, að hjer sje um neina ósæmilega fjárglæfra að ræða!

Það er getið um það í greinargerðinni, sem frv. fylgir, að þessi aðferð hafi verið viðhöfð í Frakklandi um tugi ára og gefist þar vel.

Það er mjög líklegt, að þessi aðferð reynist einnig vel hjer til þess að fá menn til að leggja fje sitt í stofnunina, og þá ekki síst einmitt fyrst í stað, meðan menn eru að venjast því að ávaxta fje sitt á þennan hátt og kynnast stofnuninni.

Það er öll byrjun erfið, en þegar fyrstu erfiðleikarnir eru yfirstignir og menn eru farnir að kynnast stofnuninni, má búast við, að það gangi greiðara að fá fje til starfrækslu hennar. Það er að vísu svo, að veðdeildarbrjef hafa verið hjer á boðstólum fyrir almenning um alllangan tíma, en salan tekist illa. Almenningur kýs heldur að hafa fje sitt á vöxtum með sparisjóðskjörum en að kaupa þau. En það hefir líka bókstaflega ekkert verið gert til að fá menn til að kaupa þessi brjef. Þess vegna verður ekkert ráðið af þeirri reynslu. En það þarf vafalaust að leggja allmikla vinnu í það að fá almenning til að ávaxta fje sitt á þennan hátt. Og það tel jeg vera eitt af því, sem mest rekur á eftir því, að veðdeildin verði skilin frá Landsbankanum. Og það hefir ekki aðeins þá þýðingu að fá fje til fasteignalána, heldur á það líka að verða til þess að fá fólkið til að „geyma vel fengins fjár“. Er mjög líklegt, að happvinningabrjefin reynist vel í því efni, eins og þau hafa reynst vel annarsstaðar.

Jeg ætla ekki a ðfara út í einstök atriði frv. á þessu stigi málsins; það á ekki við, enda skal jeg játa það, að jeg er ekki við því búinn. Að þessu sinni ætlaði jeg aðeins að gera grein fyrir aðalefni frv., í sambandi við það ástand, sem nú er.

Nefndin gerir að sjálfsögðu ráð fyrir því að hafa málið til athugunar áfram, og mun áskilja sjer rjett til að koma með breytingartillögur við einstök atriði þess, að minsta kosti sá hluti nefndarinnar, sem ekki vildi fallast á að taka frv. til flutnings. En þó að nefndin hafi ekki látið fylgja frv. neitt ítarlegt nefndarálit, þá sjer hún ekki ástæðu til þess, að frv. verði beinlínis vísað til hennar aftur, eða neinnar annarar nefndar, og það því síður, sem frammi á lestrarsalnum liggur ítarleg greinargerð og athugasemdir við það, eftir höf. frumvarpsins. Geri jeg ekki ráð fyrir, að nefndin þykist hafa þar neinu við að bæta, málinu til skýringar. En það er þó, eins og áður er sagt, alt til athugunar til næstu umræðu.

Jeg vænti þess því, að að þessu sinni þurfi ekki að verða frekari umræður um málið, og að því verði vísað til 2. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg varð ekki lítið hissa, þegar jeg sá, að þessu frv. hafði verið útbýtt og tekið aftur á dagskrá. Mjer var ekki kunnugt um, að peningamálanefndin hefði tekið afstöðu til frv., og því fremur varð jeg hissa, sem meiri hluta nefndarinnar er kunnugt um, að jeg er ekki fylgjandi frv. eins og það er. Mjer kom það líka ennþá kynlegar fyrir, að það var tekið út af dagskrá í gær til þess að ákveða flutning á því, og hefir þá meiri hlutinn, eða 3 menn úr nefndinni, tekið það til fósturs.

Ef jeg hefði búist við því, að það kæmi svona alt í einu frá nefndinni, mundi jeg hafa skrifað greinargerð fyrir áliti mínu og látið hana fylgja því; en því var ekki að heilsa. Mjer finst þetta því alleinkennilegur flutningur, og er nefndinni lítt þakk-

látur fyrir það. Jeg vil þó taka það fram, að þetta er ekki meint til háttv. frsm. (Jak. M.), því að það mun hafa komið honum jafnóvart og mjer, að málið var tekið á dagskrá í fyrradag. Jeg vildi svo leyfa mjer að fara örfáum orðum um frv. og aðalstefnur þess. Jeg skal þá byrja á því, að frv. er samið af manni, sem unnið hefir að því með alúð í heilt ár og gefið góða skýrslu um starf sitt, og þá einkum um tilhögun á slíkum veðlánsstofnunum erlendis, enda er aðalgalli frv. sá, að algerlega er farið eftir erlendum fyrirmyndum, en lítið reynt að laga eftir okkar þörfum og staðháttum.

En það er ekki alveg eins ástatt hjá okkur og í útlöndum, þar sem altaf er nóg fje fyrir hendi og altaf hægt að selja verðbrjef.

Jeg get ómögulega fallist á það, sem hv. frsm. (Jak. M.) heldur fram, að tíminn til stofnunar bankanum sje heppilegur einmitt nú. Vegna fjárhagsörðugleika almennings getur ekki verið um það að ræða, að fólk festi sparifje sitt í verðbrjefum. Fáir eru þeir, sem geta lifað á aflafje sínu einu saman, og þykir gott, ef spariskildingarnir hrökkva til að greiða mismuninn. Það er því mjög ólíklegt, að fólk festi spariskildingana í verðbrjefum, og það því fremur, sem sparifje landsmanna hlýtur að minka að mun á þessu ári.

Þá er og rjett að athuga það, að mikill fjöldi þeirra manna, sem áttu stærri fjárhæðir í sparisjóði, hafa ráðist í fyrirtæki, sem nú standa höllum fótum, og fullvíst í fjölmörgum tilfellum, að þessir menn eru að tapa eða búnir að tapa miklu eða öllu sparifje sínu.

Jafnvel þó þessar upphæðir sjeu ennþá á sparisjóðskonto, þá eru þær bundnar til tryggingar framleiðslulánum, og ganga til greiðslu á tapi þegar minst varir.

Hvar er það sparifje, sem menn hafa nú umfram daglegar þarfir, ef atvinnuleysi verður, þó ekki sje nema um lítinn tíma?

Svo munu menn og sannfærast um, hve óheppilegt er að stofna veðbanka meðan vextir eru svona háir af innlánsfje, þar sem menn fá 5—5½% og jafnvel 6% af 6 mánaða innlánsskírteini. Það má nærri geta, hvort menn færu þá að kaupa veðbrjef til 25—30 ára, nema þau gefi þá svo miklu hærri vexti en nú er af innlánsfje í bönkum. Jeg sje ekki betur en með því að stofna veðbanka yrðu menn að setja vextina svo háa, að stórt óhagræði yrði fyrir landsmenn. Veðbrjefin mundu ekki seljast, nema þau gæfu 6½% eða þau væru seld með afföllum. Ef þau væru upp á 5¼% og væru seld á 90% af ákvæðisverði, þá bæri alt að sama brunni, hvort þeir borguðu 10% afföll af láninu eða borguðu ½—¾% hærri vexti árlega.

Háttv. frsm. (Jak. M.) segir aðaltilgang með þessu frv. vera að aðskilja veðdeildina frá Landsbankanum og að meiri hl. peningamálanefndar finnist þetta þýðingarmesta atriði frv.

Þetta mun rjett vera, þó ótrúlegt sje.

Hefir háttv. meiri hl. þá ekki athugað, að þetta mætti verða á einfaldari og kostnaðarminni hátt?

Jeg vil geta þess, í sambandi við þál. 1919, að þá var skorað á stjórnina að koma upp lánsstofnun, sem væri sjerstaklega fyrir landbúnaðinn. Allir vita, að alveg sjerstök þörf er á handhægum löngum og ódýrum lánum, til þess að efla ræktun landsins. En stjórnin hefir tekið skrefið fyllra, svo sem sjá má af greinargerð frv., og gefið þeim manni, er frv. samdi, umboð til að rannsaka og gera tillögur um veðbanka fyrir alla atvinnuvegi, húsabyggingar o. fl. Jeg er ekki á móti því, að bankinn yrði jafnframt fyrir húsabyggingar og aðrar framkvæmdir, en hitt vil jeg undirstrika, að jeg tel heppilegra, að landbúnaðurinn fái sjerstaka deild í bankanum, og þá einkum til jarðræktarlána.

Þeir sjóðir, sem eiga að hverfa inn í þennan banka, eru aðallega til þess að styðja landbúnaðinn, og eru þau lán ódýr, það sem þau ná. En sjóðirnir eru ekki í handbæru fje; þeir eru bundnir í útlánum, og þess vegna þyrfti að afla bankanum, eða jarðræktardeildinni, rekstrarfjár. Það er ætlast til, að svo verði gert með sölu bankavaxtabrjefa, en þau brjef mundu lítið seljast nú, og ekki nema með háum vöxtum eða miklum afföllum. Lán bankans yrðu þess vegna mun dýrari en sjóðanna nú.

Ræktunarsjóðurinn er eingöngu ætlaður til landbúnaðarlána, og er sama að segja um kirkjujarðasjóð. Hann er til þess að lána þeim fje, sem keypt hafa jarðir af ríkinu, og þá vitanlega í því skyni, að þeir rækti jarðirnar. Þessi sjóður er þegar bundinn í bankavaxtabrjefum, og jafnóðum og eitthvað er afborgað, er það fest á sama hátt. Viðlagasjóður er að mestu leyti fyrir sýslu-, bæjar- og hreppsfjelög, og væri óviðkunnanlegt að binda hann í veðbanka, því altaf má gera ráð fyrir, að stjórn og þingi berist lánbeiðni frá sýslum, kaupstöðum og hreppum, og verður þá að bregðast skjótt við. Það getur hver og einn sagt sjer sjálfur, að þessum lánþiggjendum er enginn hagur í því að fá bankavaxtabrjef, nema því aðeins, að hægt sje að koma þeim í peninga. Það þarf að vera markaður fyrir brjefin, en jeg óttast, að svo verði ekki, eftir því útliti, sem nú er. Það má þess vegna ekki festa viðlagasjóð í veðbanka, fyr en vissa eða miklar líkur eru fyrir því, að brjefin geti selst.

Eins og nú standa sakir, lánar ræktunarsjóður út með 4%, og kirkjujarðasjóður hefir sömu vexti, eða ½% hærri. Ef þessir sjóðir yrðu lagðir undir veðbanka, yrðu vextir að hækka upp í 6% eða 6½%. Af þeim ástæðum verð jeg að telja breytinguna óheppilega, og þykist hafa fært full rök fyrir því, að vaxtabrjefin mundu seljast lítt eða ekki. Nú eru sjerstakir tímar, háir vextir og lítið um peninga, og þess vegna getur ekki selst nema örlítið af brjefum. Það er rjett að láta þessa breytingu bíða, þar til eðlilegir tímar og eðlilegir vextir eru aftur á komnir. Þá verður hægt að selja brjefin með skynsamlegum vöxtum; en það eitt tel jeg skynsamlega fasteignavexti, sem ekki eru hærri en 5%.

Þá má eins á það líta, hvort ekki mundi heppilegra að stofna þennan banka með erlendu láni, og taka fremur tapið af vöxtunum heldur en að leggja þessa sjóði undir bankann og fá af þeim vaxtatap 2%, eða sem nemur yfir 70 þús. kr. á ári í tapi fyrir ríkissjóð. Væri ekki ráðlegra að taka lán erlendis, sem svarar 2—3 milj. kr. til þessarar bankastofnunar? Ríkissjóður greiðir í vaxtatap 70—75 þús. kr. árlega í 10 ár, ef sjóðirnir eru teknir, eins og ráð er gert fyrir í þessu frv. Af 2—3 milj. kr. erlendu láni mundi hann greiða vaxtamismun, sem þó ekki næmi meiru, þó útlánsvextir veðbankans væru settir lægra en sýnilegt er, að þeir verða með hinu fyrirhugaða fyrirkomulagi. En þá væri um leið greitt úr erlenda gjaldeyrisskortinum að talsverðum mun, og þar með náð tveim takmörkum, aukinn erlendur gjaldeyrir og komið í veg fyrir að festa innlendan gjaldeyri, sem síst er of mikill nú.

Háttv. frsm. (Jak. M.) hjelt, að hægt mundi að selja brjefin innanlands, en um það verð jeg að efast. Jeg veit það, að þegar ríkislánið var boðið út í vor, var gerð mikil tilraun til þess fyrir vestan að fá menn til að leggja fram fje; allir helstu peningamenn voru til þess hvattir, en þeir vildu ekki láta fjeð, bjuggust við að þurfa á því að halda sjálfir. Þetta kom

líka á daginn; fjeð, sem þá var laust, er nú annaðhvort fast í fyrirtækjum eða tapað að nokkru leyti.

Þá vil jeg benda á eitt atriði enn, sem ekki mælir með stofnun veðbankans. Rekstrarkostnaður sjóðanna er mjög lítill, eins og fyrirkomulag þeirra er nú, líklega um 2000 kr.; en hvað verður rekstrarkostnaður veðbankans, sem þó verslar með sama fje? Sennilega tífalt meiri.

Jeg verð þess vegna að vera á móti stofnun veðbanka, og það aðallega af þremur ástæðum, sem jeg hefi tekið fram, en vil nú undirstrika.

Fyrsta ástæðan er sú, að ekki er útlit fyrir, að hægt verði að selja brjefin. Önnur ástæðan sú, að útlánsvextir hljóta að hækka mikið frá því, sem vextir sjóðanna nú eru; og þriðja ástæðan er sú, að fyrirkomulag og stjórn bankans eykur kostnað frá því, sem nú er, en hvorki starfsfje nje hagræði fyrir lánþega. Á þetta síðasta atriði legg jeg enga aðaláherslu, þó ekki megi ganga fram hjá því með öllu. En hin atriðin gera úrslitin.

Jeg hefi, að jeg vona, fært full rök fyrir því, að vaxtabrjefin munu seljast lítt eða alls ekki. Það dugir ekki að benda á aðrar þjóðir, til þess að reyna að hnekkja þessu, því að þar er öðruvísi ástatt. Þar er mikið af stóreignamönnum, sem geta lifað af vöxtunum af eignum sínum eingöngu, og eru því fegnir að geta sett fje sitt í trygg bankavaxtabrjef, eða önnur verðbrjef með ákveðnum vöxtum. Aðallega eru þetta fulltíða menn, sem vilja gjarnan draga sig út úr viðskiftalífinu. Atvinnufyrirtæki eru ótrygg, og því hættulegt að leggja fje í þau, og þá kjósa þeir heldur bankavaxtabrjefin. En hjer er öðru máli að gegna. Við eigum enga slíka stórefnamenn, og sparisjóðsinneign manna getur varla kallast annað en spariskildingur, sem altaf þarf að grípa til öðru hvoru, og menn þora því ekki að binda í bankavaxtabrjefum.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Í greinargerð fyrir frv. er skýrt frá uppruna þess, og þess vegna þarf jeg ekki um hann að tala. En það er hvergi tekið fram, hvernig á því standi, að stjórnin flytur ekki þetta frv. Jeg stend upp til þess að skýra frá því.

Frumvarpið er tilbúið vegna áskorunar þingsins 1919 til stjórnarinnar. En málið var ekki tilbúið frá hendi höfundarins nógu snemma til þess, að hún gæti sjálf athugað það nógu rækilega og lagt frv. um það fyrir konung áður en þing kæmi saman. Stjórnin hafði sem sje engan tíma frá öðrum óhjákvæmilegum störfum til að átta sig á málinu, en það er mikilsvert og þarf rækilega athugun og umhugsun. Fyrir mín augu kom frv. ekki fyr en í þingbyrjun; samverkamenn mínir sáu það ekki fyr en prentað. Jeg leit líka svo á, að svo mörg stórmál væru fyrir þinginu, og heimtuðu þau svo mikið af tíma þingsins, að varlega ætti að fara í það að fjölga þeim meira. Slíkt aðeins til þess, að eitthvað af þeim yrði útundan. Það hefði að vísu verið hugsanlegt að hraða undirbúningi þessa máls ofurlítið; stjórnin hefði getað fengið málið í hendur svo sem viku eða hálfsmánaðar tíma, til að athuga það. En þá einmitt hafði stjórnin mjög mikið að gera við annað mál, og auk þess var tíminn mjer of stuttur fyrir þetta mál. Það þarf að líta á meira en efni frumvarpsins; í sambandi við það eru kostnaðaráætlanir og annað það, sem rannsaka þarf. Auk þess vakti það svo fyrir mjer, að minsta kosti áður en jeg sá frv. og talaði við höfundinn, að það væri mjög hæpið, hvort málið er tímabært nú, meðan alt er í óvissu og öngþveiti í peningasökum. Hitt er annað

mál, að það getur aldrei skaðað, þó að málið sje athugað; sú vinna fer ekki til ónýtis, og þess vegna ljet jeg það í ljós, að jeg væri ekki á móti því, að málið kæmi fyrir þingið, þá er jeg var um það spurður. Annað er einnig við það unnið, að málið sje tekið til meðferðar nú, þótt það verði eigi útrætt, að það verður þá íhugað úti um land, og geta menn myndað sjer skoðun á því. En jeg býst ekki við því, að úrslit þess verði ákveðin á þessu þingi, enda teldi jeg það ekki allskostar heppilegt. Menn verða varla búnir að átta sig nægilega á málinu. Jeg segi fyrir mig, að mjer hefir enn ekki unnist tími til þess að íhuga allar þær athugasemdir og skýringar, sem höfundurinn hefir við frumvarpið gert, en eftir fljótan yfirlestur sýnist mjer frv. vera stilt í hóf á öllum stöðum og mikil vinna í það lögð. Á hinn bóginn dylst mjer það ekki, að fremur lítill árangur yrði af þessari bankastofnun, eins og nú standa sakir, og sje jeg ekki miklu tapað, þó að framkvæmd hennar dragist um eitt ár.

Jeg hefi rekið augun í það, eins og fleiri, að þál. 1919 átti aðallega við lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, enda er þörfin brýnust þar. Jeg veit ekki, hve heppilegt það væri að slá því föstu nú, að bankinn yrði víðtækari. Það mál þarf að athugast. Jeg býst við, að mörgum þyki illa til fallið, að ræktunar- og kirkjujarðasjóði verði varið til húsakaupa og annara fyrirtækja en landbúnaðar, en út í það vil jeg ekki fara nú. Jeg sje, að margt mælir með því, að veðstofnunin verði aðeins ein, því að aðrir atvinnuvegir þurfa einnig á slíkri stofnun að halda, og þyrfti þá að stofna aðrar í því skyni, ef þessi veðbanki næði aðeins til landbúnaðar, og hygg jeg vera annmarka á því. En jeg vil engan dóm leggja á þetta að sinni, eða fara frekar út í málið.

Í stuttu máli fer um þetta mál eins og fossamálið, að það er af sömu orsökum borið fram af öðrum en stjórninni, þó að það í raun og veru ætti að vera hennar verk. Jeg býst líka við því, að þetta mál fari eins og fossamálið, að ekki vinnist tími til að útkljá það á því þingi, sem það er fyrst borið fram á, enda varla heppilegt, og er þá hægur vandi að vísa því aftur til stjórnarinnar, eftir að þingið nú hefir fjallað um það.

Frsm. (Jakob Möller): Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) lýsti því yfir, að hann væri meðnefndarmönnum sínum lítið þakklátur fyrir það að bera fram frv. þetta að sjer óvörum. Jeg held, að hann hafi gert fullmikið úr því, hve mjög það kom honum á óvart. Jeg hygg, að honum hafi verið eins kunnugt um málið eins og okkur hinum; en ef svo hefir ekki verið, má hann sjálfum sjer um kenna, því að sannleikurinn er sá, að það var erfitt og nær ómögulegt að fá hann á fundi, til að athuga og ræða málið. Nefndinni barst frv. fyrir páska, og hefir það verið til athugunar hjá henni síðan. Það er ekki meining nefndarinnar, að hún hafi lagt fullnaðarhönd á verkið; hún gerir einmitt ráð fyrir því að hafa málið áfram til athugunar, þegar þessari umr. er lokið.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) hefir til þessa haft sama tíma til að athuga frv. eins og nefndin, og þó að honum hafi ekki enn unnist tími til að koma fram með sjerstakt álit, þá getur hann gert það fyrir 2. umr., og er þá ekki mikill skaði skeður.

Þá vík jeg mjer að þeim mótbárum, sem háttv. þm. (J. A. J.) bar fram, og gefa þær minni ástæðu til andsvara en búast mætti við af orðafjölda þeirra.

Háttv. þm. (J. A. J.) virtist álíta, að margumræddir sjóðir ættu að vera aðalmáttarviðir bankans, hann ætti að „for-

valta“ þá og fengi ekki annað fje. Og háttv. þingmanni þótti það veik stoð, því að sjóðirnir væru bundnir, og væri því erfitt að velta þeim til. Þetta er einber misskilningur. Sjóðirnir eiga ekki að vera aðalfje bankans, heldur aðeins tryggingarfje. Það er satt, að sjóðirnir eru yfirleitt fastir, eins og háttv. þm. (J. A. J.) segir, en þó talar hann um, að óviðkunnanlegt sje að festa þá! Jeg sje því miður ekki samræmið í þessu. En jeg get bent háttv. þingmanni á, að það verður á engan hátt til að *festa* sjóðina að setja þá í bankann, heldur miklu fremur einmitt, að minsta kosti óbeint, til að *losa* þá, og jafnvel að margfalda þá, ef takast mætti að fá margfalt meira fje með sölu bankavaxtabrjefanna. En auðvitað verður ekki það fje, sem smátt og smátt afborgast af lánum sjóðanna, fast, heldur notar bankinn það að sjálfsögðu jafnóðum til nýrra lánveitinga, eða til þess að kaupa sín eigin vaxtabrjef.

Það er rjett, að bankinn getur ekki veitt eins væg kjör og t. d. ræktunarsjóður. En jeg vil spyrja háttv. þm. (J. A. J.), hve mikla þýðingu þær lánveitingar hafi nú fyrir búnaðarframkvæmdir í landinu. Hvaða hjálp er í raun og veru í þeim smálánum, sem hann getur veitt? Jeg er sannfærður um, að miklu meiri not verða að þessum peningum, ef þeir eru hafðir til þess að grundvalla almennan veðbanka.

Þá talaði háttv. þm. (J. A. J.) um það, að bankinn hefði átt að vera aðallega, eða helst eingöngu, fyrir landbúnað, og mjer skildist hæstv. atvrh. (P. J.) taka í sama streng. En stjórnin hefir lagt fyrir höfund frv. að rannsaka og gera tillögur um stofnun veðbanka fyrir alla atvinnuvegina, og er þess vegna undarlegt, að hæstv. ráðherra (P. J.) skuli segja þetta nú. Og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) vil jeg spyrja einnar spurningar í þessu sambandi. Hefir hann trú á því, að betur gangi að selja bankavaxtabrjefin, ef bankarnir eru tveir, heldur en ef aðeins er ein stofnun? Í mínum augum væri slík trú fjarstæða.

Jeg vil spyrja þá báða, hæstv. atvrh. (P. J.) og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), hvort þeir, ef þeir ekki hafa trú á því, að ein tegund veðbrjefa öflugs veðbanka seljist, hafi þá meiri trú á því, að tvær tegundir slíkra brjefa, útgefnar af tveim smærri stofnunum, verði mjög eftirsóttar. Til þess, að nokkur von sje um sölu slíkra brjefa, er það nauðsynleg, að brjefin sjeu af almenningi talin fulltrygg; en slík tvískifting og sundrung mundi leiða til hins gagnstæða.

Yfirleitt legg jeg lítið upp úr fullyrðingum háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) um, að slík veðbrjef yrðu ekki keypt. Slíkar órökstuddar fullyrðingar eru mjög algengar, þegar menn eru á móti einhverju máli. En það ætti þó að liggja hverjum manni í augum uppi, að ef ein stofnun hefir litlar líkur til að geta selt slík brjef, þá verða líkurnar ekki glæsilegri fyrir tvær. Háttv. þm. (J. A. J.) spyr, hvaðan þeir peningar eigi að koma, sem nauðsynlegir sjeu til að veðbankinn geti unnið ætlunarverk sitt. Jeg læt mjer nægja að geta þess, að sparisjóðsfje Landsbankans mun nú vera að upphæð um 16 miljónir króna, og þótt ekki væri nema nokkur hluti af þeirri fjárupphæð, sem um væri að ræða, þá væri það nóg til þess að fara af stað með. Háttv. þm. (J. A. J.) taldi miklu heppilegra, og að mjer skildist einu færu leiðina til þess að bæta úr lánsþörf landbúnaðarins, að ríkissjóður tæki lán í útlöndum, lánaði fjeð út gegn vægum vöxtum og greiddi sjálfur vaxtamuninn. En með hvaða fje á ríkissjóður að borga vaxtamuninn? Yrði hann ekki að lokum að sækja það í vasa lánþeganna sjálfra, með hækkuðum sköttum eða tollum? Og hvað væri þá unnið?

Hvað því viðvíkur, sem þm. (J. A. J.)

leggur einna mesta áherslu á, að veðlánavextir mundu hækka, ef þessari stofnun verði komið upp, þá hlýtur auðvitað svo að fara, meðan almennir vextir eru háir. En hvort er heppilegra, að tekið verði alveg fyrir öll lán, eða hitt, að vextir hækki nokkuð í bili? Í mörgum tilfellum verða menn að taka lán, hvernig sem alt veltur, og jeg hygg, að menn kysu alment heldur að greiða nokkuð hærri vexti en að fá alls ekkert. Og þá er að athuga það, sem sagt hefir verið um þá hættu, sem af því stafaði, að vextir hækkuðu í bili. Mjer er ekki vel ljóst, hvernig hjá því verður komist, að vextir af fasteignalánunum hækki, þegar almennir vextir hækka. Þeir lækka svo auðvitað aftur að sama skapi sem vextir lækka yfirleitt. Þessi vaxtahækkun varir auðvitað ekki eilíflega, eða þarf ekki að vara, þó að um fasteignalán sje að ræða. Þegar vextirnir eru háir, taka menn auðvitað lánin til skemri tíma, og svo ný lán þegar vextirnir lækka aftur.

En svo er auðvitað ein leið til að halda vöxtunum niðri á öllum tímum, sem sje að lækka verð brjefanna, selja þau með meiri afföllum, ef menn kysu það heldur. Og í frv. er einmitt gert ráð fyrir því, að lán megi veita með tvennskonar vöxtum.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) talaði mikið um það, að óheppilegt væri að stofna banka á þessum tímum. En hjer er í raun og veru alls ekki um stofnun nýs banka að ræða. Hjer er aðeins verið að tala um það að koma því, sem fyrir er, undir heppilegra fyrirkomulag.

Að bíða og bíða — já, það er þetta, sem er svo algengt þegar stungið er upp á einhverju nýju, að menn vilja bíða. En eftir hverju á að bíða? Háttv. þm. (J. A. J.) vill bíða eftir því, að vextirnir lækki. En það getur orðið löng bið. Sem stendur eru vextir að hækka. Sú bið gæti líka orðið dýr, ef enginn á að geta fengið nein fasteignalán meðan beðið er. Og ef hægt er að ráða fram úr málinu núna, þá mun það margborga sig, því að það er betra að fá lán með lakari kjörum en að fá alls ekki lán, þegar svo er ástatt, að menn geta alls ekki hjá því komist.

Háttv. þm. (J. A. J.) gerði að lokum stutt yfirlit yfir það, af hverju hann væri á móti frumvarpinu, og skal jeg þá stuttlega endurskoða það yfirlit. Í fyrsta lagi, þá væri ekki hægt að selja brjefin. Þar til er því að svara, að þau eru óseljanleg nú sem stendur, og er þá að minsta kosti engu spilt, þó að reynt sje að breyta fyrirkomulaginu. Að öðru leyti hvílir sönnunarskyldan á háttv. þm. (J. A. J.) Reynslan sannar alls ekki, að brjefin hljóti að verða óseljanleg; sala ríkisskuldabrjefanna sannar einmitt það gagnstæða, því að hún gekk miklu betur en búast mátti við. — Í öðru lagi óttast hv. þm. (J. A. J.) vaxtahækkunina. Jeg hefi þegar minst á það, að það væri þó betra en ef alls ekki væri unt að fá nein lán. Loks færir háttv. þm. (J. A. J.) fram þá ástæðu móti frv., að þetta breytta fyrirkomulag yrði svo dýrt. Þá er að meta það, hvort það muni svara kostnaði. „Ekkert fæst fyrir ekkert“. En vitanlega er það alveg rangt, og á misskilningi bygt, að bera saman rekstrarkostnað slíks banka og rekstrarkostnað sjóðanna, sem honum eru ætlaðir til tryggingar. Það er sem sje ekki aðalætlunarverk bankans að „forvalta“ þessa sjóði, og enginn samanburður á þessu tvennu mögulegur. Síðasta þing lagði svo mikið upp úr þessu máli, að sjálfsagt var að leggja frv. fyrir þetta þing, og er líklega hugur þingmanna óbreyttur enn. Og jeg skal taka það fram, að ástandið, sem nú er, og ástandið á árinu 1919 er alls ekki svo ólíkt, að það, sem þá var talið fært að gera, sje nú allsendis ófært.

Eins og jeg gat um í framsöguræðu minni, þá geng jeg að því sem gefnu, að allerfitt muni verða að selja brjef fyrst í stað, en það verður auðvitað altaf erfitt fyrst; fram hjá byrjunarörðugleikunum verður ekki komist, en jeg álít einmitt, eins og jeg hefi áður sagt, að heppilegustu tímarnir í því efni sjeu framundan.

Háttv. þm. (J. A. J.) sagði, að heppilegt væri að hafa veðbanka með þessu fyrirkomulagi í öðrum löndum, en öðru máli væri að gegna hjer. En af hverju? Hv. þm. (J. A. J.) kvað sparisjóðsfje vera þar svo miklu meira. En hjer er líka til nokkurt fje, þótt það sje að mun minna, en af því leiðir þá aðeins, að hjer verður að hafa alt í smærri stíl. Að það sjeu aðeins stóreignamenn, sem kaupa veðbrjef, — það má vel vera, en stóreignamenn eru líka til hjer, þó að í smærri stíl sje en í öðrum löndum. Undarleg eru og þau orð háttv. þm. (J. A. J.), að fráleitt sje, að menn fari að kaupa brjef fyrir 500 kr. Það eru vafalaust dæmi til þess, og jeg þekki jafnvel dæmi til þess, að einstakir menn hafa keypt bankavaxtabrjef fyrir smærri og stærri upphæðir; en auðvitað kaupa menn eftir efnum og ástæðum, einn fyrir 1000 kr., annar fyrir 100.

Jeg get þannig ekki lagt neitt upp úr athugasemdum háttv. þm. (J. A. J.) við frv., síst aðalmótbárunni, hinum háu vöxtum. Og jeg skal að lokum undirstrika það, hve varhugavert það gæti orðið að hætta við alt nú og láta algerlega þvertaka fyrir öll fasteignalán.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að líta svo á, að þetta mál geti haft mjög mikla þýðingu fyrir annan aðalatvinnuveg vorn, landbúnaðinn, sje það rækilega undirbúið, með það fyrst og fremst fyrir augum að efla þennan atvinnuveg. Jeg var á sínum tíma aðalflutningsmaður að þáltill. þeirri, sem getur um í greinargerð frv. En eins og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) tók rjettilega fram, þá má fljótt sjá, að allmikið er vikið frá till. í frumvarpi þessu; hjer er miklu víðtækara verksvið en þar er farið fram á. Þar er aðeins um það að ræða að fá hagstæðari lán *fyrir landbúnaðinn*, en hjer er búið að blanda inn í þetta einnig bæjarfjelögum, sveitarfjelögum og kauptúnum, og svo eru lánin einnig látin ná til húsa í kaupstöðum. Þetta er nú æðimikill munur. Tillagan 1919 var aðeins endurtekning á áskorunum fyrri þinga, sem allar voru miðaðar við landbúnaðinn. Um þetta kenni jeg alls ekki manninum, sem var sendur utan til þess að kynna sjer málið. Hann hefir auðvitað athugað málið á þeim grundvelli, sem stjórnin hafði fyrir hann lagt. Og jeg ætla mjer heldur ekki að fara að liggja stjórninni neitt á hálsi fyrir það. En mjer þykir varhugavert að ætla sjer að hraða þessu máli svo mjög nú, því það þarf að vanda, sem lengi á að standa. Það hefir verið ófrávíkjanleg regla, að þegar stjórnin hefir sjálf tekið að sjer eitthvert mál til undirbúnings, þá hefir hún sjálf lagt það fyrir Alþingi með nauðsynlegum skýringum og greinargerð. En út af þessu er nú brugðið hjer. Það gat ekki komið fyrir stjórnina fyr en í þingbyrjun, og er því, eins og hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) sagði, ekki að búast við því, að henni hafi unnist tími til að athuga það til hlítar. Auk þess er dálítið undarleg fæðing þessa frv. í peningamálanefndinni. Frumvarpið er talið flutt af henni, en svo kemur það í ljós við þessar umræður, að nefndin er klofin. Þetta verður að teljast slæmur undirbúningur, enda er greinargerð sú, er frv. fylgir frá nefndinni, fremur fátækleg. Jeg hefði því kosið, að frv. yrði vísað aftur til nefndarinnar. Þá gæfist mönnum kostur á að sjá rökstutt nál. frá báð-

um hlutum nefndarinnar. Einnig yrði kjósendum mikill hagur að þessu, þar eð þeim gefst ekki eins fljótt kostur á að sjá ræður manna hjer í deildinni eins og nál. Mjer finst það líka vera óforsvaranleg fljótfærni að gefa ekki stjórninni ráðrúm til þess að athuga frv. og gera grein fyrir því. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji ekki, að þetta mál nái sem fyrst fram að ganga, en jeg vil, að svo vel verði vandað til þessa máls, sem kostur er á. Og jeg sje ekki betra ráð til þess að leiða mál þetta til farsælla lykta en að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

„Í því trausti, að landsstjórnin taki málið til rækilegrar athugunar og undirbúnings til næsta Alþingis, og leggi frv. til laga um veðbanka fyrir landbúnaðinn fyrir þingið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni“.

Mjer blandast ekki hugur um það, að hvernig sem fer um þetta mál nú, þá mun sá áhugi, sem í landinu er fyrir lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, ekki dofna. Jeg býst við því, að það verði verkefni þingsins árlega að vinna að þessu máli, þar til endir fæst á það, því að þær raddir munu ekki þagna, sem hljómað hafa svo hátt um það, að landbúnaðurinn þyrfti að fá hagfeldari lán. Jeg horfi ekki í það, að fullnaðarákvörðun um málið dragist eitt ár enn. Jeg vil, að málið verði betur undirbúið og að landsstjórnin beri það fram sem frv. frá sjer.

Pjetur Þórðarson: Jeg er ekki gefinn fyrir það að taka þátt í umræðum, þegar mál er til 1. umr., en út af ágreiningi þeim um meðferð málsins, sem orðið hefir í nefndinni, get jeg ekki stilt mig um að segja nokkur orð.

Það er hverju orði sannara, sem háttv. frsm. nefndarinnar (Jak. M.) sagði, að ennþá hefir ekki unnist tími til að athuga þetta frv. í nefndinni. Tíminn hefir verið svo naumur vegna þess, að mennirnir hafa orðið að starfa í öðrum nefndum, og þessi nefnd auk þess haft ýms önnur stórmál til meðferðar, eins og t. d. viðskiftakreppumálið. Til þess að athuga þetta mál hefir hún orðið að nota sinn mjög svo takmarkaða starfstíma, með því, að í upphafi var álitið, að því máli lægi mjög mikið á.

Jeg fyrir mitt leyti verð nú að líta svo á, að ekki sje tiltækilegt að láta mál þetta ganga fram nú á þessu þingi. Um ástæður mínar þarf jeg ekki margt að segja, þar sem háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) hefir getið þeirra flestra. Jeg get þó ekki látið vera með að minnast á það, hvar mundi fást fje, til þess að reka þessa starfsemi með, og jeg verð að segja það, að það eru alls ekki lítið breyttir tímar síðan 1919, þótt háttv. frsm. (Jak. M.) sjái það ekki. Jeg hygg, að því er sparisjóðsfjenu viðvíkur, að aðrar þarfir, brýnni þarfir, verði, eins og nú stendur á, látnar ganga fyrir, til að nota það, heldur en t. d. að gera nauðsynlegar búnaðarframkvæmdir. Það mun áreiðanlega reynast svo, að ef hver og einn litast um í sínu eigin hjeraði, þá muni fljótt sjást, að aðrar þarfir kalla fljótar að. Og það er af þessum ástæðum, sem jeg býst við, að ekki verði hægt að koma bankanum á fót nú þegar, heldur verði að bíða betri tíma. Jeg fæ ekki sjeð, að málið bíði neinn skaða, þótt því verði frestað; miklu fremur virðist ástæða til þess að athuga málið miklu betur en tími er til nú á þessu þingi.

Loks get jeg ekki látið hjá líða að minnast á ræktunarsjóðinn, eins og hann er notaður nú. Í greinargerð frv. er þess getið, með því að taka þar upp þál.till. frá 1919, að tilgangur þessa frv. sje sjerstaklega að veita bændum „hagkvæmari lán til búnaðarbóta“ en þá voru fáanleg. En þau litlu lán úr ræktunarsjóðnum, er fengist

hafa og fást, eru einhver þau hagkvæmustu lán, sem hægt er að fá. Þau eru veitt gegn ábyrgð sveitarfjelaga, og lántakendur geta komið sjer saman við sveitarstjórnirnar um það, hvernig tryggingunni skuli vera varið. Þau eru veitt til 20 ára, með 4% vöxtum, og ekki afborguð fyrstu 4 árin. Bankinn gæti að líkindum aldrei veitt lán með þeim kjörum.

Annars ætla jeg mjer eigi að lengja umræður meira að þessu sinni; hefi aðeins sagt þetta til að lýsa afstöðu minni til málsins. Vil að síðustu geta þess, að jeg hefi ekkert út á undirbúning málsins frá höfundinum að setja, og er mjög þakklátur fyrir hið mikla starf, sem hr. Böðvar Bjarkan hefir leyst af hendi til undirbúnings þessu máli, þó jeg hins vegar verði að líta svo á, að ávöxtur þeirrar iðju verði að bíða betri tíma, þegar von er meiri árangurs en nú sýnist mega vænta.

Eiríkur Einarsson: Það var upphaflega ekki ætlun mín að ræða málið við 1. umr. þess, en vegna framkominna ummæla ýmsra háttv. þm. leyfi jeg mjer að gera örfáar athugasemdir.

Það var tilætlun meiri hl. peningamálanefndar að reifa svo málið að þessu sinni, að það gengi umræðulítið til 2. umræðu; en út af því hefir nú brugðið, og verður því að fara nánar út í málið en ástæða hefði ella til orðið. Einhver hv. þm. gat þess, að málið kæmi undirbúningslítið frá nefndinni, og auk þess væri það einkennilegt, að svo virtist sem nefndin bæri frv. fram óklofin, en þegar til kastanna kæmi, væri að minsta kosti einn nefndarmanna á móti því.

Það er rjett, að nefndin kom fram sem óklofin, en það stafaði af því, að einn háttv. nefndarmanna, háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) gerði ekki ágreining fyr en á síðustu stundu, og álitum við því eigi saka, þótt frv. væri borið fram í nafni peningamálanefndar óskiftrar, ef það gæti orðið til þess að flýta fyrir því, og vitandi, að þessum háttv. þm. stóð sú leið opin að gera sínar athugasemdir við frv. samtímis og það var framborið, og ná með því sama árangri eins og hann hefði náð með því að skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Annars eru þetta lítilháttar formsatriði, og eigi til þess að fjölyrða um, enda er líka þessi háttv. nefndarmaður búinn að koma fram með athugasemdir sínar og leiðrjettingar. Hvað því viðvíkur, að greinargerð frv. sje stutt, þá er því til að svara, að fyrir mjer vakti, að það væri nokkurskonar formleg skylda peningamálanefndar að bera frv. fram, en hins vegar væri það eigi verkefni hennar að semja langa greinargerð, þareð málið hefir fengið rækilegan undirbúning og mjög fullkomna greinargerð frá hendi manns þess, sem unnið hefir að frv. og falið var að gera það af hæstv. stjórn. Hefir hann unnið að því undir hennar handleiðslu og í hennar anda, svo að frá henni má sjálfsagt vænta mikils **trausts** í þessu máli, þó að henni, sökum þess hvað málið varð síðbúið, auðnaðist eigi að bera það fram, og það yrði því hlutskifti peningamálanefndar að gera það.

Einn hv. þm. taldi rjettast að vísa málinu aftur til peningamálanefndar. Þetta er misskilningur, því að málið er enn hjá nefndinni til athugunar og breytinga, ef svo sýnist, og skal jeg taka það fram þegar, að jeg mun gera brtt. við einstök atriði frv., sem jeg felli mig eigi við, þó jeg hins vegar sje frv. yfirleitt eindregið fylgjandi og vilji, að það nái fram að ganga nú í öllum aðalatriðum.

Um það atriði, hvort heppilegra muni að bankarnir sjeu tveir, annar fyrir landbúnaðinn og hinn fyrir húseignir í kaupstöðum, þá er það auðvitað álitamál. Hefði jeg talið að mörgu leyti ákjósanlegra, að

þeir væru tveir, en á því eru þó örðugleikar, og reynslan hefir orðið sú í Svíþjóð, þar sem því var þannig fyrirkomið, að slíkir bankar hafa orðið hver öðrum hættulegir keppinautar, og sama gæti orðið uppi á teningnum hjer, enda þótt, eins og jeg hefi áður tekið fram, það væri að ýmsu leyti ákjósanlegra, að landbúnaðurinn hefði sinn sjerstaka banka.

Að þessu sinni vil jeg eigi fara að ræða efni frv. Aðeins vildi jeg biðja háttv. þm. að hugsa sig um tvisvar, áður en þeir gera út af við frv., því aðaltilgangur þess er sá að koma á fót öruggri og öflugri lánsstofnun, sem lánaði fje gegn veði í fasteignum og hefði sjerstaklega landbúnaðinn fyrir augum. Eitt af þeim kvalræðum, sem landbúnaðurinn á nú við að stríða, eru lánskjörin, sem nú er um að ræða. Ekki um annað að ræða hjá leiguliðum o. fl. en sjálfskuldarábyrgðarlán, eða þá það, sem er enn verra, víxillán, og þau eigi nema til stutts tíma og með erfiðum vaxtakjörum. Hjer er um heiðarlega og lofsverða viðleitni að ræða, að lengja lánstímann og lækka vextina, með því að sameina smáar og dreifðar lánsstofnanir. Er þetta eitt svo þýðingarmikið, að tæpast má dragast.

Af þessum ástæðum er jeg á móti hinni rökstuddu dagskrá um að vísa málinu til stjórnarinnar. Stjórninni hlýtur nú þegar að vera málið vel kunnugt, því að hún hefir unnið að því og falið manni að rannsaka samskonar fasteignalánsstofnanir í öðrum löndum, og síðan hefir hún að sjálfsögðu fylgst vel með málinu og verið vakandi, og því engin hætta á því, að þingið komi að tómum kofunum hjá stjórninni þar. Hins vegar er þetta mál svo mikils vert,að það borgaði sig vel, að 30—40 smáfrumvörpum, sem liggja fyrir þessu þingi, og mörg hver eiga þangað ekkert erindi, væri slátrað tafarlaust, svo tími ynnist til að beita kröftunum sem best að þessu nauðsynjamáli, — ef það annars kynni að þykja of dýrt að lengja þingtímann til þess að ráða því til lykta.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði eigi ætlað að skeggræða málið að þessu sinni. Taldi sjálfsagt, að því yrði vísað orðalítið til 2. umr. Vil jeg því aðeins víkja nokkrum orðum að hinni rökstuttu dagskrá frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Ætla jeg, að honum sje það jafnkunnugt og mjer, að undanfarið hafa komið fram málaleitanir um stofnun þessa, ýmist í frumvarpsformi eða þá í þingsályktunartillögu, eins og á síðasta þingi, og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) vildi eigna sjer. Er það líka rjett, að hann kom með hana og einskorðaði hana við landbúnaðinn, en það má telja stjórninni til hróss, að hún hefir snúið till. þm. til betri vegar, með því að hirða eigi um takmörkunina, en látið rannsókn fram fara á því, hvort þess væri kostur að stofna veðbanka fyrir fasteignir landsins. Fyrir þetta á því stjórnin engar hnútur skilið frá þessum stuðningsmanni sínum. Hún hefir farið rjett að. Sje jeg það á verki Böðvars Jónssonar, að henni hefir valið vel hepnast, því að óvanalega vel er þetta verk unnið. Er það því ærið óviðeigandi að koma fram með rökstudda dagskrá við 1. umr. málsins, og eru verk þeirra Böðvars Jónssonar og þessa háttv. þm. (S. St.) ærið ólík.

Þá taldi þessi háttv. þm. (S. St.) greinargerðina altof stutta. Veit hann þá eigi, að frammi á lestrarsal liggja 2 þykk bindi um málið eftir Böðvar Jónsson? Hygg jeg að þó að hann athugaði málið til næsta þings, þá fengi hann litlar vitranir.

Er það líka sannast sagt, að hjer skortir eigi greinargerðina, því að önnur betri

hefir hjer eigi áður framkomið, nema ef til vill frá milliþinganefndum, og mun þó þessi fyllilega jafnast á við þær.

Má það því einkennilegt heita, að þessi háttv. þm. (S. St.), skyldi gera það að tillögu sinni að vísa málinu aftur til nefndarinnar, því verk hennar var það aðeins að vísa þm. á fylgiskjölin, því að óþarft sýnist að krefjast þess af nefndinni, að hún færi að gera útdrátt úr þeim; virðist svo, sem þm. geti gert það sjálfir.

Sami háttv. þm. (S. St.) sagði einnig, að það hefði verið fljótræði að bera málið fram áður en stjórnin hefði athugað það. Jeg tel það fljótfærni af hv. þm. (S. St.) að halda því fram, að stjórnin hafi ekki hugsað málið, og hygg jeg, að hún kunni honum litlar þakkir fyrir þessi brigsl, því að lítinn vafa tel jeg á því, að háttv. stjórn hefir grandhugsað málið og er albúin að fylgja því.

Annars er það einkennilegt, að nokkur skuli vera svo illviljaður landbúnaðinum, að hann skuli ekki vilja leyfa þinginu að ræða frv. Þarf til þess sjerstakan illvilja, og má það undarlegt heita, að hann skuli koma frá þeim, sem ætíð hafa velferð landbúnaðarins á vörunum og þykjast vera þar með lífi og sál. Þætti mjer ekki ólíklegt, þó að kjósendunum þætti stuðningurinn nokkuð einkennilegur hjá þessum alkunna búforki, er hann gerði það fyrst að tillögu sinni að vísa málinu til nefndar, en fjekk svo nýja opinberun meðan hann talaði, og bar þá fram rökstuddu dagskrána, með það í huga að verða með því málinu að fjörlesti.

Annars er það dálítið einkennilegt, að alt, sem kemur á þetta þing og fengið hefir góðan undirbúning, eins og t. d. berklavarnafrv., því á að fresta. Þetta frv. á að sæta sömu afdrifum, af því að undirbúningur þess er svo góður, jafnvel gerð tilraun að drepa það við 1. umr. Hjer eftir verður því það ráð tekið, ef menn vilja einhver nauðsynjamál feig, að láta þau fá sem bestan undirbúning.

Sparnaður þessa háttv. þm. (S. St.) í þessu máli er því falinn í því að láta vinna að lagafrv. með miklum tilkostnaði milli um þinga, prenta síðan langa lagabálka og hafa þá til meðferðar þing eftir þing, án þess að gera nokkuð í málinu, aðeins til þess að veðbankinn komi ekki of fljótt að notum.

Hygg jeg nú, að þetta, sem jeg nú hefi látið ummælt, sjeu hæfileg meðmæli með dagskránni og sýni það, hvernig jeg muni greiða atkvæði um hana.

Jón Þorláksson: Jeg ætlaði eigi að taka til máls við 1. umr. frv., en vegna þess, að rökstudd dagskrá um frávísun málsins er nú fram komin, og því óvíst, hvort málið liggur hjer fyrir aftur til umr. á þessu þingi, þá vil jeg fara um það nokkrum orðum.

Tilmæli landbúnaðarins um sjerstaka lánsstofnun virðast aðallega sprottin af því, að hinn núverandi fasteignabanki, veðdeild Landsbankans, vegna lagaákvæða og tilhögunar, hefir reynst aðallega nothæfur fyrir húsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum, en miklu síður fyrir landbúnaðinn. Nú á þessi fasteignabanki að taka við starfi veðdeildanna, og auk þess að fullnægja þörfum landbúnaðarins, og er þá á það að líta, hvort lagasetning og tilhögun muni vera svo frábreytt því, sem sem nú er um veðdeild Landsbankans, að von sje um, að hann komi að tilætluðum notum á því sviði.

Jeg tel landbúnaðinn þarfnast þrenskonar lána:

1. Rekstrarlán. Um þau er ekki að ræða í þessu sambandi, því að hvorki veðdeildinni nje hinum fyrirhugaða fasteignabanka er ætlað að fullnægja þeirri þörf.

2. Lán til húsabygginga og jarðakaupa. Þau lán eru að öllu leyti sama eðlis og

fasteignalán þau til húsabygginga í kaupstöðum, sem veðdeildin hefir hingað til veitt. Þar er um talsverða lánsupphæð að ræða í hvert sinn, venjulega svo skiftir þúsundum króna; lánið má vera — og þarf að vera — til langs tíma, og það er að minsta kosti hugsanlegt, að afgreiða megi slík lán frá einni stofnun í Reykjavík til alls landsins. Til þessa flokks má einnig telja lán til meiri háttar fjelagsframkvæmda á sviði landbúnaðarins, svo sem til samáveitufyrirtækja.

3. Jarðabótalán. Þau þurfa að vera með talsvert öðrum hætti en venjuleg fasteignalán, eru hins vegar alls ekki rekstrarlán, og skal jeg reyna að gera grein fyrir hugsunum mínum um það efni.

Eins og kunnugt er, var gert mikið að jarðabótum, einkum túnasljettun, hjer á landi á tímabilinu frá 1890 og nokkuð fram yfir aldamót. Landssjóður styrkti þetta með dálitlu fjárframlagi til jarðabótanna, sem skiftist milli þeirra, er unnu jarðabæturnar, eftir dagsverkatölu. Nú hafa ástæður breyst. Styrkurinn var talinn eftir af óvitrum mönnum, og mun nú niður fallinn; fólki hefir fækkað í sveitunum, kaupgjald hækkað svo, að jarðabætur þykja sem stendur lítt arðvænlegar, og áhugi landbúnaðarforkólfanna hefir dregist frá jarðabótunum og að ýmsu öðru, sjerstaklega verslunarmálum, sem nú á síðari tímum virðast vera orðin aðaláhugamál bænda, eins og reyndar flestra landsmanna. Af öllum þessum ástæðum má nú segja, að kyrstaða sje komin á jarðabæturnar. Sumir kunna að álíta, annað hvort að það geri ekkert til, þótt þær hætti, eða þá að ekki sje unt neitt við því að gera. En jeg held, að hvorttveggja sje skakt. Jeg held einmitt, að það sje þessum gömlu jarðabótum að þakka, að landbúnaðurinn hefir staðist þá fólksfækkun, sem hann hefir orðið fyrir af völdum sjávarútvegsins. Það er auðsætt, að það er jarðabótunum að þakka, að hægt hefir verið að halda jafnmiklum búskap og áður var, þrátt fyrir þá miklu fólksfæð, sem nú er. En ef búskapurinn ætti að ganga saman í sama hlutfalli og fólki hefir fækkað við hann, þá væri stórt skarð höggvið í hann.

Samkvæmt þessu verð jeg að álíta það nauðsyn, að sjeð sje fyrir, að jarðabótunum verði haldið áfram. En til þess verður bændum að gefast kostur á lánum til jarðabóta, með alt öðrum kjörum en almenn fasteignalán eru veitt með. Jarðabótalánin þurfa oft að vera smá og vera veitt eða útborguð með lítilli upphæð á hverju ári. Er heppilegast, að sá bóndi, sem jarðabætur vill gera, eigi víst að geta fengið ákveðinn hluta kostnaðarins að láni, jafnóðum og jarðabótin er fullgerð. Þessi lán þurfa ekki að vera til eins langs tíma og húsabygginga og jarðakaupalán, sem lánuð eru til 30—40 ára.

Lántakendur til jarðabóta þurfa að vera margir, upphæðirnar smáar og lánin oft veitt. En jeg held, að ókleift sje að framkvæma slíkt með þeirri tilhögun, sem er á veðdeild Landsbankans, og sem frv. ætlast til að verði á hinum fyrirhugaða banka. Mjer finst vanta í frv., að tilraun sje gerð til þess að setja upp hagkvæma stofnun til að veita lán til jarðabóta, sem gætu orðið einstaklingum að gagni. Slík stofnun þarf ekki endilega að vera sjerstakur banki, en að minsta kosti sjerstök deild við banka. Jeg ætla ekki neitt sjerstaklega að telja það eftir, þó þeim fjármunum ríkissjóðs, sem hægt er að festa hendur á, sje varið til tryggingar fasteignabankanum. En mjer þykir afaróeðlilegt, að ræktunarsjóðnum sje varið til annara lána en jarðræktarlána, eða til tryggingar öðrum lánum. Og jeg er sannfærður um, að með þeirri tilhögun, sem frv. fer fram á, kemur bankinn ekki að

notum til jarðabótalána, nema aðeins fyrir stærstu jarðabæturnar.

Mál þetta er mjög illa búið í hendur þingmanna. Engar athugasemdir fylgja frv. og ekki nema alveg gagnslaus greinargerð. Þótt 2 bindi af ritgerðum og athugasemdum um frv. liggi frammi á lestrarsalnum, þá hafa vitanlega fæstir þm. tíma til að kynna sjer þau gögn til neinnar hlítar. Jeg tel það illa farið, að frv. hefir ekki fengið þann undirbúning, sem svona mikilsvarðandi lagafyrirmæli eru vön að fá og eiga að fá; fyrst undirbúning sjerfræðinga, síðan nána athugun hjá landsstjórn og loks nefnd þm. En mjer finst þetta þó ekki vera næg ástæða til að vísa frv. frá 1. umr. með rökstuddri dagskrá, þar sem frsm. peningamálanefndarinnar (Jak. M.) hefir lýst því yfir, að hún sje fús til að athuga það til 2. umr., og jafnvel látið í ljós, að von sje á brtt. frá meiri hl. nefndarinnar. Þá mun ekki síður vera von á brtt. frá minni hl. Umræður og athugun eftir föngum geta aðeins orðið málinu til góðs. Jeg vil því skjóta því til hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), hvort hann vilji ekki taka aftur till. sína til rökstuddrar dagskrár við þessa umr., svo málið geti komist til 2. umr. Jeg treysti því, að nefndin muni þá íhuga málið rækilega, ef hún getur það, án þess að tefja með því fyrir öðrum enn brýnni málum, sem undir hana liggja.

Magnús Jónsson: Það er aðeins út af þessari till. til rökstuddrar dagskrár frá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) að jeg tek til máls. Háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir að nokkru leyti tekið af mjer ómakið við að mæla á móti henni, þó jeg ekki vildi hafa samskonar formála og hann hafði, eða leggja alt það inn í till. háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem hann gerði.

Háttv. þm. N.-Ísf. færði þau rök sjerstaklega fyrir till. sinni, að of lítil greinargerð fylgdi frv. Það er satt, að greinargerð nefndarinnar er stutt, en hún vísar til greinargerðar, sem samin er af þeim manni, sem undirbjó frv., hr. Böðvari Bjarkan, en sú greinargerð er svo ítarleg og greinileg, að tæplega verður um bætt.

Það er athugavert, að í dagskránni felst meira en það að vísa málinu frá nú. Það felst í henni sjerstök skoðun á frv., sem leggur aðalálhersluna á, að stjórnin leggi fyrir næsta Alþingi frv. til laga um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn einan. Það er mjög varhugavert fyrir deildina að taka slíka afstöðu til frv. á þessu stigi málsins, áður en það hefir nokkurn hlut verið rætt eða íhugað af þm. sjálfum. Það gæti líka haft ýmsar illar afleiðingar, ef ætti að takmarka lánsstofnunina við landbúnaðinn einan. Það er t. d. ófært að nota suma af þeim opinberu sjóðum, sem ráðgert er að nota við hinn fyrirhugaða banka, og sem hann verður að fá til umráða, ef hann á að geta staðist, einvörðungu landbúnaðinum í vil. Það má nefna t. d. viðlagasjóðinn.

Jeg verð því að telja það sjerstaklega varhugavert að vísa málinu frá 1. umr. Það er í rauninni alveg óafsakanlegt af þinginu að taka slíka afstöðu til málsins, áður en nefndin hefir fengið tækifæri til að gera málinu full skil, eins og hún hefir lýst sig fúsa til að gera. Það getur því ekki komið til mála annað en vísa frv. til 2. umr.

Þá eru það nokkur orð, viðvíkjandi ástæðum háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.). Hann áleit varhugavert að stofna þennan banka. Þær röksemdir, sem hann færði fyrir þeirri skoðun sinni, geta verið góðar, hver í sínu lagi. En þar sem hann ber þær fram, hverja við annarar hlið, þá minnir það mig á söguna um manninn, sem fjekk ljeðan pott og skilaði honum aftur brotnum. Hann afsakaði sig þannig, að í fyrsta lagi hefði hann aldrei fengið pottinn lánaðan, í öðru lagi hefði potturinn verið brotinn

þegar hann fjekk hann, og í þriðja lagi hefði hann verið heill þegar hann skilaði honum aftur.

Háttv. þm. (J. A. J.) taldi þær tvær ástæður, hvora við annarar hlið, að vaxtabrjef bankans mundu ekki seljast, vegna þess, að þau gæfu svo lága vexti, og á hinn bóginn, að vextir þeir, sem bankinn yrði að taka, mundu verða of háir. Þessar ástæður eru báðar móti stofnun bankans, ef þær standa hvor í sínu lagi, en báðar saman standast þær ekki. Ef bankinn tekur háa vexti, þá getur hann einnig gefið háa vexti af brjefum sínum, og þá ættu þau að seljast, því að úr hinni ástæðunni geri jeg minna, að fje sje ekki til í landinu, ættu menn aðeins kost á brjefum, er gæfu sæmilegan arð. Þó að ef til vill fáist ekki öll sú upphæð, sem boðin væri út, þá er það annað mál, enda alveg ósagt, að hún fengist ekki. Taki maður á hinn bóginn þá ástæðu, að brjefin seldust ekki, vegna þess, hve lága vexti þau bera, ja, þá er heldur engin ástæða til að hækka vextina, og þá stendur alt við sama og nú. Lágir vextir og litlir peningar eða engir til að lána.

Ástæðurnar útiloka þannig hvor aðra. Að ekki megi nú stofna bankann, vegna hinna háu vaxta, er sama sem að segja, að þá ætti bankinn að hætta að starfa í hvert sinn, sem vaxtakjör yrðu erfið í landinu. Auðvitað verða vaxtakjör þessa banka að fylgja að einhverju leyti þeim vaxtakjörum, sem eru í landinu.

Mjer þykir ekki ósennilegt, að að minsta kosti einhverjir af þeim sjóðum, sem taka skal til stofnunar og tryggingar bankanum, verði að breyta vaxtakjörum sínum, svo að ekki tjáir að vitna í það, hvaða vexti þeir taki. Að minsta kosti er svo um viðlagasjóð. Yfirleitt verður að miða hagnað eða skaða af því að stofna þennan banka við það, með hvaða kjörum sje nú hægt af fá lán til þess, sem hann á að annast, og svo með hvaða kjörum bankinn gæti lánað, og er þá ekki vafi, að stofnun bankans bætir úr þörf. Svo framarlega sem þessar framkvæmdir eru nauðsynlegar, og það efast enginn um, þá þarf til þeirra lán. Dugir þá lítið að vitna í lága vexti sjóðanna, því að þeirra fje dugir ekkert. Tilgangurinn með stofnun bankans er einmitt sá að „mobilisera" föstu verðmæti í landinu og auka gildi þessara sjóða, sem um er rætt, og geta á þann hátt veitt lán með lægri vöxtum og betri borgunarskilmálum en nú er kostur.

Hvort hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tekur aftur dagskrá sína, er mjer ekki kunnugt, en mjer þætti vænt um, að hann vildi verða við þeirri áskorun, sem komið hefir til hans um það. Ef hann ekki gerir það, þá er jeg að minsta kosti ákveðinn í að greiða atkvæði á móti henni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg er satt að segja hálfhissa á þessum löngu umr., sem hafa orðið um málið hjer við 1. umr. Jeg hjelt, að það væri full ástæða til að láta málið ganga áfram, svo háttv. peningamálanefnd gæti athugað það betur, eins og hún hefir lýst sig fúsa til að gera.

Viðvíkjandi því, að háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að stjórnin hefði fylgst með frv. frá byrjun, skal jeg taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti hefi ekki sjeð frv. fyr en það var lagt hjer fyrir þingið. Jeg væri því feginn, ef frv. fengi að ganga áfram, svo jeg fái tækifæri til að athuga það nánar.

Mjer finst það hálfundarlegt af háttv. nefnd að flytja fram frv., áður en hún hefir rannsakað það til hlítar. Það hefði að minsta kosti verið viðkunnanlegra, að hún hefði fyrst athugað hverja grein fyrir sig og gert sínar athugasemdir, og lagt það síðan fyrir þingið. Jeg vil þó ekki ásaka nefndina, úr því hún ætlar sjer að athuga frv. fyrir 2. umr.

Jeg veit ekki til þess, að til sje nema

eitt eintak af álitinu um málið, og er erfitt fyrir alla þingmenn að eiga að lesa það sama eintak. Jeg hefi t. d. gert ítrekaðar, en árangurslausar tilraunir til þess að sjá í því tvö sjerstök atriði.

En úr því, að nefndin ætlar að halda áfram að athuga málið, vil jeg skjóta því að henni, hvort ekki mætti setja inn í frv. ákvæði, sem trygðu landbúnaðinum not af bankanum, tiltölulega við það, sem hann leggur fram til hans óbeinlínis, að minsta kosti með ræktunar- og kirkjujarðasjóðunum t. d. Þá vil jeg leiðrjetta þann misskilning, sem virtist koma fram hjá hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) um það, að vextir sjóða þessara breyttust, því það gera þeir ekki allir. Ræktunarsjóðsvextir eru t.d. fastákveðnir með reglugerð. Ennfremur vil jeg geta þess, að það er óviðkunnanlegt, að frv. kom fram eins og nefndin væri öll sammála um þetta mál, þar sem umræðurnar virðast nú sýna, að hún er klofin, þrír öðru megin og tveir hinu megin. Vona jeg svo, að málið fái að ganga áfram að sinni að minsta kosti.

Sigurður Stefánsson: Við umræðurnar hjer hefir afstaða nefndarinnar að ýmsu leyti skýrst. Eins og málið var lagt fram í upphafi, virtist nefndin hafa gengið frá því til fullnustu þá. En þar sem málið er svo stórt og annir miklar á þingi, þótti mjer ekki rjett, að hrapað verði að undirbúningi þess, og þess vegna kom jeg með dagskrána, að jeg áleit, að málið gæti ekki orðið afgreitt á þessu þingi, eins og sakir standa. En til þess rak mig enginn „illvilji" í málsins garð, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) hjelt fram, eða „illvilji" í garð landbúnaðarins. Þau ummæli kenna bæði illvilja og heimsku frá hans hálfu í þessu máli. Og þótt jeg virði þann háttv. þingmann ekki svars frekar, mun jeg óhræddur geta beðið dóms á því, hvor okkar hafi meira gert fyrir íslenskan landbúnað, í orði og verki, jeg eða hann. Hins vegar get jeg að þessu sinni gert það ýmsum háttv. þingmönnum til geðs, sem viturlegar og sanngjarnar hafa talað en háttv. þm. Dala. (B. J.), að biðja hæstv. forseta þess, að dagskrá mín komi ekki til atkvæða nú, þótt jeg sje á þeirri skoðun, eins og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), að tíminn til slíkrar bankastofnunar sje ekki sem heppilegastur nú, þó hugmyndin sje annars góð, sje henni í framkvæmdinni haldið innan þeirra takmarka, sem áskoranir fyrri þinga hafa sett. Jeg tel mjög tvísýnt, að þessi bankastofnun verði landbúnaðinum að nokkru verulegu gagni með því fyrirkomulagi, sem henni er ætlað með frv.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki gera flutning þessa máls nú að deiluefni, enda hefir háttv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) kannast við það, að honum væri undarlega farið. En jeg vil snúa mjer að þeim orðum hans, að hjer væri ekki farið fram á eiginlega nýja bankastofnun, heldur breytt fyrirkomulag á þeim stofnunum, sem til væru. En hvað er það þá, sem veldur því, að afgreiða þurfi málið einmitt nú? Og ef háttv. frsm. (Jak. M.) er mjer einnig að mestu sammála í því, að brjefasala bankans muni ganga fremur treglega, hvað bætir þá stofnun bankans nú úr ástandinu? Og þegar þar við bætist svo, að margnefndir sjóðir eiga að vera aðalveltufje bankans, má ekki búast við mikilli aukningu lánsmöguleikanna frá því, sem nú er, þegar unnið verður að því nær eingöngu með sama fjenu.

Svo vil jeg víkja lítillega að atriði, sem jeg gleymdi áðan, en háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók rjettilega fram, að leggja ætti sjerstaka áherslu á það að veita landbúnaðinum hagkvæm lán til jarðræktar. Eigi að stofna veðbankann, á að nota hann fyrst og fremst til þess að styðja fram-

kvæmdir í ræktun landsins, en ekki til þess að velta eldri lánum, t. d. húsa- og jarðakaupa, enda mundu 1 eða 2 miljónir þá hrökkva skamt.

Loks skal jeg svo svara háttv. frsm. meiri hl. (Jak. M.), þar sem hann talaði um það, hvort ekki mundi betra að fá nú föst lán með 6½% heldur en 8%. Því er auðsvarað. Það er betra að borga 8% í 2—4 ár, og fá síðan 4½ eða 5% lán til 28 ára, en að borga 6½% í 30 ár. Ennfremur, ef ekkert fje er til í bönkunum nú til útlána, verður ekkert fje í veðbankanum, þó hann verði stofnaður nú.

Sami háttv. þm. (Jak. M.) talaði um það, að biðin gæti orðið dýr í þessu máli. En sannleikurinn er nú sá, að hún kostar ekki neitt. Sömu sjóðirnir, sem fyrir hendi eru og eiga að vera aðalstofn bankans, halda áfram að starfa hvort eð er.

Jeg verð því enn að vera á sömu skoðun og áður um það, að ekki beri að afgreiða málið nú, vegna þess, að bankastofnunin mundi verða afarkostnaðarsöm, en hins vegar ekki ná tilgangi sínum, eins og jeg hefi áður fært full rök fyrir.

Bjarni Jónsson: Jeg stend aðeins upp af því, að jeg sá það á síðustu ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að mig hafði hent sú óhamingja að egna þann ágæta mann til reiði. En það var nú alls ekki jeg, sem dæmdi hann í þessu máli, heldur voru það hans eigin verk. Því þótt jeg segði, að dagskrá hans væri sprottin af illvilja, hlaut jeg að álykta svo, einmitt af því, að jeg þekti hið mikla vit hans á búskap og mintist hans í þeim efnum frá fyrri árum. En sú rjetta skýring hefir mjer síðar dottið í hug, sem sje sú, að þessi háttv. þm. (S. St.) virðist sem formaður allsherjarnefndar hafa það starf að sitja á hinum meiri málum deildarinnar, t. d. tillögu einni, sem jeg flutti hjer fyrir skömmu. Og vildi jeg nú spyrja, eins og maðurinn í sögunni: Er vel setið, móðir góð?

Frsm. (Jakob Möller): Jeg þarf í raun inni ekki mörgu að svara, og sjerstaklega ekki háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þar sem hann hefir nú tekið dagskrá sína aftur. Þó skal jeg taka það fram, að jeg get ekki, af skiljanlegum ástæðum, lagt eins mikla áherslu á það og hann, að nauðsynlegt sje, að slík mál sem þetta komi endilega frá stjórninni, enda tæpast að búast við miklum umbótum úr þeirri átt, ef að vanda lætur.

Um afstöðu háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), sem mjer skildist nú helst vera orðinn alveg á móti málinu, og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) vil jeg geta þess, að í nefndinni ljetu þeir það ekki í ljós, að þeir ætluðu að leggjast alveg á móti frv. Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagðist hins vegar mundi koma með einhverjar brtt., en annað ekki, að mjer skildist. Og vel vissu þeir það báðir, löngu áður en málið kom á dagskrá, að meiri hlutinn ætlaði að taka það til flutnings.

Þá kem jeg að ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og er jeg ekki viss um, að allir háttv. deildarmenn hafi þar getað fylgst með. Hann lagði mikla áherslu á það, að landbúnaðinum væri útvegað lán til stutts tíma, til ræktunar og annara jarðabóta, og þá sennilega án veðtryggingar.

Það liggur nú í hlutarins eðli, að þegar um veðbanka, fasteignaveðbanka, er að ræða, þá koma yfirleitt ekki til mála aðrar lánveitingar en þær, sem fasteignaveð er boðið til tryggingar fyrir. En jeg hygg nú, að háttv. þm. (J. Þ.) hafi ekki athugað frv. nógu rækilega, því að ella hefði hann verið búinn að sjá, að fyrir öllum þeim tegundum jarðabóta- eða ræktunarlána, sem hann taldi upp, er ráð gert í frv., svo framarlega sem um fasteigna-

veðslán er að ræða. Lánin geta verið til langs tíma eða stutts tíma, eftir því sem hver óskar. Þau geta verið stór eða smá, eftir því sem við á. Í frumvarpinu er einmitt líka gert ráð fyrir lánum, sem útborgist smátt og smátt, o. s. frv.

Yfirleitt er reynt að gera ráð fyrir sem margbreytilegustum lánveitingum, og jafnvel sjerstökum lánsfjelögum, sem starfi í sambandi við bankann, sbr. 18. gr. frv.

Þá er og líka gert ráð fyrir því, að hægt sje að fá smálán til skemmri tíma, gegn lakari tryggingu, en auðvitað með hærri vöxtum.

Jeg hygg nú, að ef háttv. þm. vildu athuga frv. sjálft, og gæfu sjer tíma til að lesa athugasemdirnar, sem því fylgja, rækilega, að þá myndi þeim ekki þykja svo varhugavert að afgreiða málið þegar á þessu þingi.

Jeg skal taka það fram, að jeg, fyrir mitt leyti, hefi ekki fundið neitt atriði, sem mjer virðist þörf á að breyta. Vil þó ekki þar með segja, að útilokað sje, að jeg geti fallist á einhverjar breytingar, eða öðlast æðri og betri þekkingu við nánari athugun þessa máls.

Það, sem hæstv. fjrh. (M. G.) drap á, að landbúnaðurinn væri tryggður með sjerstöku ákvæði í frv., til að hafa fyllileg not stofnunarinnar, í hlutfalli við það, sem hann legði til, þá virðist mjer þess ekki þörf, því að ríkisstjórnin hefir umsjón með stofnuninni, semur reglugerð handa henni og skipar stjórn hennar, og getur yfir höfuð haft hönd í bagga með starfsemi hennar, og ætti ekki frekari tryggingar að vera þörf, eftir því sem til hagar hjer á landi.

Við háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) erum ósammála um margt, og skal jeg ekki fara út í þá sálma nú á ný. En hann hafði ekki rjett eftir mjer um erfiðleikana á að selja vaxtabrjefin. Jeg álít, að gera megi mikið til þess að koma út brjefunum, og miklu meira en gert hefir verið. Jeg hefi ekki orðið þess var, að hann hafi bent á neina aðra tiltækilega aðferð til veðbankastofnunar en þá, sem hjer er um að ræða, sem sje að byggja algerlega á sölu bankavaxtabrjefa. Þetta er sú aðferð, sem notuð er um allan heim, og meðan ekki er bent á aðra betri, verðum við væntanlega að sætta okkur við að fara að dæmi annara þjóða.

Annars tel jeg enga þörf að fara lengra út í þetta mál nú, en held því fram, að tímarnir sjeu hentugir til þess að stofna slíkan veðbanka.

Umr. frestað.

Á 32., 33. og 34. fundi í Nd., dagana 1., 2. og 4. apríl, var fram haldið 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var enn fram haldið 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Út af nokkrum orðum, sem fallið hafa um mál þetta áður hjer í deildinni, verð jeg að taka það aftur fram um afstöðu stjórnarinnar, að hún gat ekki fjallað um málið eins nákvæmlega og hún hefði viljað fyrir þing, eða veitt svo miklu máli eins staðgóðan undirbúning, sem hún taldi sjálfsagt, ef hún hefði ætlað að flytja það sjálf. Málið er svo umfangsmikið, að langan tíma þarf til þess að setja sig inn í það og athuga frá öllum hliðum, en án þess vildi jeg ekki flytja það. Það er þó síður en svo, að jeg hafi nokkuð á móti því, þó málið sje nú komið fram og verði athugað í þinginu, hvað sem annars verður um það á þessu þingi.

Eiríkur Einarsson: Þeir munu sjálfsagt vera fleiri en jeg, sem eru þeirrar skoðunar, að ef stofna á sameiginlegan fasteignabanka fyrir landbúnaðarsveitir og kaupstaði, þurfi að gera einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja búnaðinum þann forgangsrjett, sem hann á, í hlutfalli við það, sem hann leggur fram til bankans, beinlínis eða óbeinlínis, enda hefir þetta komið fram í ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Og í samræmi við þessa skoðun var það, að jeg hafði hugsað mjer að koma fram með nokkrar brtt., sem einkum færu í þessa átt, að tryggja landbúnaðinum forgang. Annars skal jeg ekki fjölyrða um málið nú. Jeg tel víst, að háttv. deild sýni þessu stórmáli þá sjálfsögðu sanngirni að lofa því að ganga tregðulaust til næstu umræðu, enda er málið yfirleitt mjög rækilega undirbúið af höf. frv., og verður enginn ásakaður í því efni, eða um flutning málsins, hvorki höf. nje peningamálanefnd, nema þá helst ef vera skyldi stjórnin, sem átti kost á að fá málið í sínar hendur í janúar, en fer nú hjá sjer, eins og hún sje því ókunnug, einu merkasta máli þingsins og undirbúru á hennar vegum.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg get í rauninni látið mjer nægja að vísa til fyrri ummæla minna, sem svar við síðustu ummælum háttv. 1. þm. Árn. (E. E.). Stjórnin hefir, eins og alkunnugt er, svo mörgum málum að gegna fyrir þetta þing, að hún treystist ekki til að veita þessu máli þann undirbúning og athugun, sem hún áleit slíku máli sæma. Þess vegna svaraði hún höf. frv., sem hún hafði falið málið, þegar hann um nýársleytið ljet hana í símtali frá Akureyri vita, að nú gæti hann haft það til og sent það með næsta pósti, að hennar vegna þyrfti ekki að senda það að því sinni; hún gæti ekki hvort sem væri annað því fyrir þing, enda hafði hún þá annað bankamál til meðferðar. Þetta mál kom heldur ekki til stjórnarinnar fyr en rjett í þingbyrjun. Annars finst mjer stjórnin síst eiga skilið slettur fyrir það, þótt hún vilji ganga alúðlega að undirbúningi mála sinna, og taka ekki öllu meira til flutnings í einu en hún getur fylgt eftir með eigin þekkingu og rannsókn, þegar því verður við komið. Og fyrir afskiftin af þessu máli á hún það síst skilið.

Nú þegar höf. svo kom suður með frv. og sýndi mjer það, og við fórum að ræða um málið, sá jeg að minni ástæða var til að draga málið, þó jeg hins vegar teldi, að stjórnin hefði ekki svo áttað sig á því, að hún gæti flutt það inn á þing. Enda ljet jeg þá í ljós, að ef einhver þingmaður vildi flytja það, myndi jeg mæla með því, að þessu máli yrði sint á meðan tími ynnist til, þó að jeg teldi mig ekki eins kunnugan því og handgenginn eins og jeg hefði óskað.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg veit ekki vel, hvernig á að skilja orð háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), en í mínum orðum lá engin ásökun í hans garð. Jeg sagði að það, að frv. væri eins fram borið og það er, væri af því, að ekki hefði virst vera neinn ágreiningur um það í nefndinni, hvort flytja ætti frv. Hvorki hann, nje heldur háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), lögðu á móti því, heldur töluðu þeir aðeins um, að breytingar á því væru nauðsynlegar. Að þeir nú snúast algerlega á móti frv., hlýtur þá að stafa af því, að þeir hafi ekki verið búnir að athuga það nógu vandlega, og sjái nú fyrst, að því verði ekki einu sinni við hjálpað með breytingum.

Jeg flyt málið fyrir mína parta alls ekki að órannsökuðu máli, ef háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) á við það. Jeg lýsti því yfir þeg-

ar í framsöguræðu minni, að jeg gæti búist við, að nefndin myndi koma með breytingar á því til 2. umr., en þær breytingar verða ekki af mínum hvötum.

Og út af því, sem háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) sagði, að gera mætti ráð fyrir mörgum og miklum breytingum, þá vil jeg aðeins benda á, að slíkar breytingar gætu orðið til þess að tefja fyrir málinu, og jafnvel stefna því í voða.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að peningamálin væru í slíkri óreiðu og öngþveiti, að til vandræða horfði, og þess vegna ætti ekki að hraða þessu máli, eða eftir því sem mjer skildist, ekki að hraða framgangi þessa frv. Allir háttv. þingdeildarmenn hljóta að sjá, hvílík fjarstæða þetta er og mótsögn í orðum hæstv. atvrh. (P. J.). (*Fjrh.*: Hæstv. atvinnumálaráðherra er ekki við). Það skiftir engu máli; hæstv. atvrh. (P. J.) getur gert svo vel og setið kyr í sínu sæti, sem honum finst hann vera fæddur til, á meðan menn tala, en vera ekki að snakka við einstaka þingmenn úti í horni.

Það er einmitt með tilliti til peningamálavandræðanna og þeirrar óreiðu, sem þau eru í, að hraða verður fyrir þessu frv.

Jón Auðunn Jónsson: Til þess að menn geti sjeð það, að frsm. (Jak. M.) geti ekki vænst þess, að jeg og háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) gætum verið flm. að frv., nægir að benda á, að flaustrið var svo mikið, að framsögumaður nefndarinnar var fyrst kosinn eftir að málið hafði verið tekið út af dagskrá hjer í deildinni.

Eiríkur Einarsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) hefir fram til síðustu stundar verið með frv. þessu, og um háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) er það að segja, að hann setti sig aldrei upp á móti frv., þótt hann hins vegar á seinni fundum nefndarinnar hefði ýmislegt við það að athuga. Sje um flaustur að ræða, má háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sjálfum sjer um kenna, er hann fekst ekki á nefndarfundi, er málið skyldi afgreiðast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 170, 258).

Jón Auðunn Jónsson: Jeg óska þess, að þetta mál sje tekið nú af dagskrá. Minni hluti peningamálanefndar ætlaði að semja sjerstakt nál., en hefir ekki getað lokið við það enn, vegna þess að jeg hefi verið lasinn undanfarið. En við munum koma með það mjög bráðlega.

Forseti (B. Sv.): Í trausti þess, að minni hl. semji nál. sitt svo fljótt sem unt er, tek jeg málið út af dagskrá. (*Atvrh.*: Til mánudags). Já, það verður tekið fyrir á mánudag.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. apríl, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 14. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 170, 258, n. 282 (frá minni hl. peningamálanefndar), 290).

Frsm. (Jakob Möller): Meiri hl. nefndarinnar hefir ekki fundið neina ástæðu til þess að leggja fram sjerstakt nefndarálit, þar sem svo ítarleg greinargerð fylgir

frv. frá höf. þess. En hjer er komið nál. frá minni hl. nefndarinnar, og ætla jeg þá að byrja á því að athuga það.

Í þessu nál. háttv. minni hl. er ekki neitt nýtt; þar er ekki annað en það, er þessir háttv. nefndarmenn (J. A. J. og P. Þ.) sögðu við 1. umr. málsins. Aðalástæðan, sem þeir færa fram móti frv., er sú, að þeir vilja ekki festa ræktunarsjóðinn í bankanum sem stofnfje. Og í öðru lagi segja þeir raunar, að frv. fari ekki í þá átt, sem þál. 1919 ætlaðist til, sem sje að stofna sjerstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, sem gæti trygt landbúnaðinum hagfeldari lán en nú væri kostur á. Hv. minni hluti leggur mikla áherslu á það, að slík stofnun gæti veitt lán, sem væru ódýrari en önnur lán, bæði innanlands og utan. Þeir gera og ráð fyrir, að ef stofna ætti hagfelda lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, þá yrði ríkissjóður að borga einhvern vaxtamismun. Þetta er nú blátt áfram dauðadómur á íslenskum landbúnaði. Það er alveg óhugsandi, að landbúnaðurinn geti átt nokkra framtíðarvon, ef hann þolir ekki nokkurnveginn almenna fasteignalánsvexti, eða þá vexti, sem yfirleitt er hægt að fá lán fyrir. Og í þessu öllu kennir misskilnings hjá háttv. minni hl. Jarðræktin er eitthvað það öruggasta og arðvænlegasta fyrirtæki, sem hægt er að ráðast í hjer á landi. Það er því misskilningur, að vægari vaxtakjör þurfi að vera á þeim lánum yfirleitt, sem fengin eru í því skyni, en til annara framkvæmda, eða að jarðabætur sjeu óframkvæmanlegar, nema með styrk úr ríkissjóði á einn eða annan hátt.

Þetta er nú eiginlega aðalatriðið í nál. En tilgangur frv. er að koma upp almennri fasteignalánsstofnun, sem greiddi leið að hagkvæmari lánum en fáanleg eru í almennum viðskiftalánsstofnunum til landbúnaðar og annara fyrirtækja, gegn þeim mun lægri vöxtum, sem gera verður ráð fyrir, að tryggingarnar sjeu betri, þ. e. 1. veðrjetti í fasteignum, heldur en gerist um önnur lán, t. d. gegn persónulegum ábyrgðum og öðrum lakari tryggingum; en ekki er þó hitt síður mikils vert, að lánin fáist til hæfilega langs tíma, og er jeg raunar ekki í vafa um það, að það er aðalatriðið.

Háttv. flm. leggja sjerstaka áherslu á það, að ræktunarsjóðurinn veiti svo ódýr lán. Þetta er alveg rjett, en þegar litið er á það, hve takmarkað það fje er, sem hann hefir til útlána, þá virðist rjettara að nota sjóðinn til þess að útvega meira fje. Þannig mundi sjóðurinn sem tryggingarsjóður fyrir slíkri stofnun, sem hjer ræðir um, betur ná tilgangi sínum en eins og honum er nú hagað. Í nál. er talað um þann mikla vaxtamun, sem sje á hverju 10 þúsund króna láni úr ræktunarsjóðnum og úr veðbankanum. En þess er ekki getið, hve mörg 10 þús. kr. lán ræktunarsjóður geti veitt, eða hve miklu fleiri þúsundir Ríkisveðbankinn gæti veitt en ræktunarsjóðurinn. Á hinn bóginn geri jeg ekki ráð fyrir, að það þyki fært að ganga inn á þá braut að auka starfsfje ræktunarsjóðsins með því að taka lán handa honum, til að lána aftur út gegn lægri vöxtum en af láninu ætti að svara. Hvað væri hægt að halda slíku lengi áfram? Það getur aldrei blessast til frambúðar að vinna með slíkum tekjuhalla, sem virðist eiga að fara vaxandi ár frá ári og safnast fyrir um tíma og eilífð. Einhverntíma hlyti að koma að skuldadögunum, og þá yrðu lánþegarnir auðvitað að borga vaxtamismuninn sjálfir. Það kemur því ekki til mála, að hægt sje að auka starfsfje ræktunarsjóðsins að nokkru ráði, og halda þó sömu útlánsvöxtum og áður. Og það er í raun og veru ekkert vit í því að hafa útlánsvexti ræktunarsjóðs eins lága og þeir nú eru, þegar ríkis-

sjóður verður að borga miklu hærri vexti af sínum lánum.

Háttv. minni hl. gerir nú ef til vill fullmikið úr því, hvað útlánsvextir veðbankans þurfi að vera háir. Skal jeg þó ekki fjölyrða um það, en jeg tel alveg sjálfsagt, að útlánsvextir hans hljóti að fylgja með almennri vaxtahækkun eða vaxtalækkun. Jeg hygg, að það sje lögmál, sem engin bankastofnun, hverju nafni sem nefnist, geti komist hjá að fylgja, beint eða óbeint. Jeg sje nú ekki betur en að eina ályktunin, sem hægt sje að draga af nál., sje sú, að hjer á landi sje ómögulegt að stofna fasteignabanka. Slíkur banki verði ekki rekinn á annan hátt en með því að selja skuldabrjef, en fyrir slík brjef sje enginn markaður hjer. En þess er hjer að gæta, að lítil reynsla er fyrir því, þar sem ekkert hefir verið gert til að selja slík brjef hjer. Þau hafa aðeins verið á boðstólum á örfáum stöðum, þ. e. í Landsbankanum og útibúum hans, svo það hefir kostað alveg sjerstaka fyrirhöfn fyrir þann, er hefir viljað ná í þau. Í öðru lagi er það, að eins og veðdeildinni er nú komið fyrir, þá hefir verið lítil hvöt fyrir stjórn hennar til þess að koma brjefum út. Og það er einmitt þess vegna, að nauðsynlegt er að skilja veðdeildina frá Landsbankanum, að hagsmunirnir rekast á.

Jeg get í raun og veru vel skilið afstöðu háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), sem líka er bankastjóri. Jeg skil, að honum sem bankastjóra er lítið um þá samkepni, sem yrði milli þessarar stofnunar og bankans um sparifjeð í landinu. En tilgangur þeirra manna, sem fylgja frv., er einmitt sá, að fá sparisjóðsfjeð til fasteignalána, því að ef það tekst ekki, ja, þá verð jeg að játa það, að ekki er hægt að reka fasteignabanka á sama hátt hjer á landi eins og annarsstaðar. — Þetta verð jeg að láta nægja til andsvara nál.

Jeg skal svo víkja með nokkrum orðum að einstökum atriðum frv., og þá sjerstaklega að þeim breytingum, sem með því eru gerðar á núverandi fyrirkomulagi, miðað við veðdeild Landsbankans.

Það er þá fyrst, að starfsvið veðbankans er miklu víðtækara og fjölbreytilegra en veðdeildarinnar. Kemur það sjerstaklega fram í 3. og 4. lið 1. greinar. Slík lán, sem þar um ræðir, er ekki hægt að veita samkvæmt gildandi lögum um veðdeildina, t. d. lán til fjelagsfyrirtækja, áveitna, samgirðinga o. s. frv., sem ekki hafa 1. veðrjett að setja til tryggingar. En til þess að slík lán verði veitt, verður að setja sjerstök lög um, að lán þessi skuli hvíla á jörðunum sem kvöð um vissa árlega greiðslu, sbr. 17. gr. frv. Líkt er ástatt um lán þau, er um ræðir í 4. lið, sbr. 19. gr. frv., en þau ákvæði eru sett aðallega með það fyrir augum, að bankinn geti fullnægt lánsþörfinni til grasbýlanna fyrirhuguðu. — Í sambandi við þetta skal jeg benda á önnur ákvæði frv., sem sjerstaklega eiga að verða til þess að lyfta undir endurbætur á jörðum og jarðrækt. Þau eru í 14. og 15. gr. Ákvæði 14. greinar eiga að koma í veg fyrir það, að jarðir sjeu notaðar til þess að hlaða á þær lánum, án þess að þeim sje nokkuð gert til góða, og jafnframt til þess að tryggja þeim jörðum forgangsrjett að lánum, sem vel hefir verið gert við. Í 15. gr. eru ákvæði, sem fara í raun og veru alveg í sömu átt eins og brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Þar er gert ráð fyrir, að hægt sje að fá lán út á jarðir, með tilliti til væntanlegra jarðabóta, þó þannig, að lánið sje ekki borgað út nema smátt og smátt, eftir því sem verkinu miðar áfram. Slík lán er ekki hægt að veita eftir núverandi fyrirkomulagi veðdeildarinnar. Eru þetta alt mikilvægar breytingar, er miða að því að greiða götu þeirra, er vilja fá lán til umbóta á jörðum sínum.

Í 6. grein er gert ráð fyrir, að bankinn geti selt fyrirfram heila flokka banka-

vaxtabrjefa. Þetta er ekki hægt í veðdeildinni, og er þetta til bóta, að því leyti, sem kemur til að selja brjef til útlanda.

Þá er mikilvægt atriði í 9. gr., þar sem svo er ákveðið, að vexti bankavaxtabrjefa megi ákveða í reglugerð, og hafa þá misháa innan sömu seríu. Menn eiga þá kost á að fá lán með mismunandi hætti, meiri afföllum af brjefunum, þ. e. hærri útborgun og lægri vöxtum, eða minni afföllum og hærri vöxtum, eftir því, sem best hentar í það og það skifti.

Í 12. grein er ákveðið, að lánsupphæðin megi ekki fara fram úr ⅗ hlutum af virðingarverði fasteignarinnar. Veðdeildin má aðeins lána helming virðingarverðs. Lánstíminn má, samkvæmt 20. grein, aldrei vera lengri en 45 ár. — Þessu hvorutveggja er erfitt að setja takmörk, „svo öllum líki", og má gera ráð fyrir því, að hjer sje ekki gengið eins langt og menn hefðu vonað. En það er **ríkjandi skoðun** sjerfræðinga að óholt sje að lána þannig út á fasteignir, að lánin verði ævarandi kvöð á eigninni, eða svo að **segja.**

Um lánshæðina er ekki síður erfitt að ákveða hæfilegt takmark. Ef vaxtabrjefin eiga að vera útgengileg, verður að fara varlega í því efni, þó ekki væri til annars tillit að taka. En þó að hjer sje varlega farið í því efni, þá bætir það úr, að ákveða má lánsupphæðina með tilliti til endurbóta, sem gera á, og á það ekki aðeins við jarðeignir, heldur fasteignir allar, sbr. 15. gr. Í þessari sömu grein er leyft að lána út á veðrjett, sem kemur á eftir veðrjetti til bankans **sjálfs.** Veðdeildin hefir að vísu gert þetta, en það hefir tæpast verið löglegt; en ákvæðið er vitanlega nauðsynlegt og sjálfsagt.

Í sambandi við 13. gr. frv. skal jeg víkja að 6. brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.); hún er á þá leið, að ákveða megi í reglugerð, að viðbótarlán til jarðræktar megi veita, án þess að nýtt mat á eigninni fari fram. Slíka breytingu þarf alls ekki, því að samkvæmt 13. gr. má einmitt setja slíkt ákvæði í reglugerð.

Þá kem jeg að 18. gr. Hún gerir ráð fyrir sambandi milli bankans og veðlánsfjelaga, sem stofnuð kunna að verða úti um land. Er með því reynt að sporna við samkepni af hálfu þeirra fjelaga við bankann.

Hjer er ekki gert ráð fyrir neinni samábyrgð, líkt og nú er í 4. fl. veðdeildarinnar, og er því rjettmætt, að greiðslur til varasjóðs sjeu hærri en gerist þegar allir lánþegar bera sameiginlega ábyrgð. Í 22. gr. er ákveðið, að um leið og lán er tekið, skuli greiða lántökugjald í varasjóð bankans, 1—3% af lánsupphæðinni. Í öðrum löndum veltur það á þessari upphæð; í Danmörku eru það t. d. 2%. Hjer hefir það ekki verið nema 1% í 4. fl. veðdeildarinnar.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vill láta þetta gjald haldast óbreytt, og er það auðvitað álitamál, en einhversstaðar annarsstaðar sýnist þó, að gjaldi þessu verði að ná, t. d. með því að hafa árstillag til varasjóðs þeim mun hærra. En eigi virðist mjer neitt athugavert við það, þó gjald þetta sje haft jafnhátt og gerist annarsstaðar, sjerstaklega líka vegna þess, að greiðslu þess má skifta á fleiri ár. Annars eru ákvæðin í þessari grein, í 2. og 3. málsgrein, vægari en samsvarandi ákvæði í lögum 4. fl. veðdeildarinnar.

Í 23. gr. er ágætt ákvæði. Þar er sem sje skuldunaut gefinn kostur á, í stað þess að láta selja hina veðsettu eign á uppboði, að láta bankann hafa umboð til þess að selja hana, þegar honum líst best. Getur þetta orðið til hagsmuna báðum aðiljum, því að oft getur staðið svo á, að þegar ganga þarf að eigninni, þá sje erfitt um sölu, svo að eignirnar seljast jafnvel langt undir sannvirði; en samkv. þessu ákvæði er þess ekki þörf að selja eignina strax,

heldur getur bankinn tekið umráð hennar, og selt hana svo þegar gott tækifæri gefst. Í sambandi við þetta vil jeg geta um það ákvæði, sem heimilar bankanum að innleysa ekki þegar í stað bankavaxtabrjef fyrir allri lánsupphæð þeirri, sem hvílir á eign, sem hann verður að taka við. Má bankinn, þegar svo á stendur, láta hvíla eins mikið á veðinu áfram eins og hæst hefir verið boðið í það á uppboði, eða að minsta kosti ⅓ virðingarverðsins.

Getur þetta verið mjög þýðingarmikið fyrir bankann á erfiðum tímum, þegar hann þarf að ganga að mörgum, að þurfa þá ekki að leysa inn brjef fyrir öllum lánsupphæðum.

Í 28. gr. er annað gott ákvæði. Samkvæmt núgildandi veðdeildarlögum er því svo fyrir komið, að þegar borgaðar eru aukaafborganir af lánum, þá verður veðdeildin að draga inn bankavaxtabrjef fyrir þeim upphæðum jafnframt; en nú er, samkvæmt ákvæðum greinarinnar, bankanum sparað starfsfje, þar sem hann þarf ekki að innleysa brjef fyrir slíkar greiðslur, heldur má hann verja þeim til nýrra útlána þann tíma, sem eftir er af lánstíma þess flokks, sem lánin eru í.

Í 29. gr. er ákvæði um það, hvernig bankinn fer með laust fje sitt. Getur hann veitt aukalán af varasjóði, en þó eru þessi lán bundin þeim takmörkunum, að aukalánið og aðallánið til samans mega ekki fara fram úr ⅗ hlutum virðingarverðs þeirrar eignar, sem að veði er, og ennfremur skulu aukalánin endurgreidd á eigi lengri tíma en 5 árum. Er þetta ákvæði mjög hagkvæmt, því oft mundu menn eigi fá svo mikið lán, sem þeir þyrftu, og gefst þeim þá hjer kostur á viðbótarláni, þótt til skemmri tíma sje.

Þá kem jeg að 35. gr. Þar er ákvæðið um happvinningabrjefin, sem líkleg eru til þess að ljetta mikið fyrir sölu vaxtabrjefanna. Er hjer vakin sjerstök hvöt hjá mönnum, með voninni um að græða stóra fjárupphæð áhættulaust. Er hjer að vísu um nokkurskonar „Lotterí“ að ræða, en fjenu er þó ekki á glæ kastað, því enda þótt menn hljóti engan vinning, þá fá þeir samt fje sitt seinna með fullum vöxtum.

Er þessi aðferð ókunn hjer, en hefir lengi verið reynd annarsstaðar og gefist vel, t. d. í aðalfasteignabanka Frakka.

Þá hefi jeg farið í gegnum helstu breytingarnar, sem frv. gerir á núverandi fyrirkomulagi veðdeildarinnar. Má af þessu sjá, að starfssvið bankans er ólíku víðtækara en veðdeildarinnar, og miklu líklegra, að bankinn geti orðið að miklu meiri notum vegna þess. En aðalatriðið er þó, að með þessu er veðlánsstofnunin gerð að sjálfstæðri stofnun.

Þá vildi jeg leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að brtt. þeim, sem hafa fram komið, og ætla jeg þá fyrst að snúa mjer að brtt. háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) og 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), um það, að láta lán til jarðabóta ganga fyrir öðrum lánum. Þessa breytingu tel jeg ekki til bóta, því að framkvæmd slíkra ákvæða veltur í raun og veru algerlega á þeim, sem veitir stofnuninni forstöðu, og hversu hug hans í því er varið. Þykir mjer ósennilegt, að svona ákvæði mundu hafa mikil áhrif á hann. Hins vegar gætu svona ákvæði, ef þau sýndust vilhöll, orðið til þess að spilla fyrir bankanum hjá öðrum en þeim, sem þennan atvinnuveg stunda. Jeg held því, að þetta sje fremur til skemda en bóta. Hins vegar efast jeg ekki um, að forstöðumenn bankans muni oftast hafa tilhneigingu til þess að láta jarðræktina sitja í fyrirrúmi, sökum hinnar miklu þýðingar hennar.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem, þó með nokkru öðru móti sjeu, fara samt að miklu leyti í sömu áttina. Hann leggur til, að stofnuð verði sjerstök deild við bank-

ann, jarðræktardeild, sem veiti einvörðungu lán til jarðræktar, og ætlar henni ræktunarsjóðinn til tryggingar. Þessi deild á svo að gefa út sjerstök brjef, sem svari til þeirra lána, er hún kann að veita. Er í raun og veru með þessu fyrirkomulagi deildin gerð að sjerstökum banka, og þar því algerlega farið í bága við þá hugmynd þess manns, sem frv. samdi, að stofnunin væri aðeins ein fyrir alt landið, eða öll fasteignaveðslán, hverrar tegundar sem væru. Er hjer, með brtt. þessari, verið að stofna til samkepni um sölu bankavaxtabrjefa milli deildarinnar og bankans. Sje nú athugað, hver stofnunin hafi meiri líkindi fyrir því að geta selt brjef sín, þá dylst það eigi, að jarðræktardeildin stendur þar mun ver að vígi.

Brtt. gerir sem sje ráð fyrir því, að deildin geti lánað út á 2. veðrjett, en það er ekkert tekið fram, hvaða eða hverskonar veðskuldir það megi vera, sem á 1. veðrjetti hvíla, sem helst þyrfti þó að vera, því það skiftir auðvitað miklu máli. Af þessu hlýtur auðvitað að leiða, að brjef deildarinnar verða ver trygð en bankavaxtabrjef bankans sjálfs, og því eðlilega ver seljanleg, og jarðræktardeildin þess vegna fyrir borð borin. Það gæti raunar hugsast, að bankastjórnin legði meira kapp á að selja þessi brjef en hin, en gerði hún það, þá er það auðvitað jafnframt gefið, að bankastjórnin mundi láta sjer annast um jarðræktarlánin, enda þótt deildin væri eigi, og hún því af þessum sökum óþörf.

Enn er þess að gæta, að þessi deild er eigi nema lítill hluti bankans, aðeins 1/4, og gæti það eitt með öðru stuðlað að því, að deildarinnar gæti ekkert í samanburði við aðalbankann.

Af öllu þessu er það auðsætt, að till. mundi ekki ná tilgangi sínum, heldur vinna þveröfugt við ætlun sína.

Enn ber að gæta þess, að tilgangi þessara brtt., að gera það kleift að fá fje til jarðabóta, er eins vel náð með frumvarpinu sjálfu, því að í 15. gr. þess er veitt heimild til þess að veita jarðabótalán með sömu tryggingu og farið er fram á í brtt., en án þess þó, að gildi bankavaxtabrjefanna rýrni, sökum þess, að eftir frv. er útgáfa bankavaxtabrjefanna sameiginleg fyrir allar tegundir lána, í stað þess, að hún er sjerstök fyrir jarðræktardeildina samkvæmt brtt.

Þá eru enn nokkrar brtt. frá þessum sama háttv. þm. (J. Þ.) bæði í sambandi við þessa aðalbrtt. hans, og einnig henni óháðar. Fæ jeg eigi heldur sjeð, að þær sjeu til bóta. Reikningshald og bókfærsla við bankann mundi samkvæmt þeim verða erfiðari og kostnaðarsamari, og eigi fæ jeg heldur sjeð, að það skifti nokkru máli, hvort bankinn borgar ríkissjóði fulla vexti af stofnfje sínu eða eigi, þareð ríkið á auðvitað stofnsjóðinn og allan bankann. Það sýnist því einu gilda, hvort renturnar fara beint í ríkissjóð eða varasjóð bankans.

Á einstakar brtt. hefi jeg minst að nokkru áður, og þykir mjer eigi hlýða að geta þeirra nánar fyr en flutningsmenn þeirra hafa gert glögga grein þeirra.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg þarf eigi að bæta miklu við það, sem jeg hefi áður sagt um málið hjer í háttv. deild og álit okkar háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), sem hv. deild gefst kostur á að sjá.

Aðalástæða okkar móti frv. er sú, að þessi bankastofnun fullnægi ekki, nema þá að mjög litlu leyti, veðlánaþörfinni.

Háttv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) miðaði allar ástæður sínar við það, að brjefin seldust. Hann hneykslaðist einnig á því, að við skyldum drepa á það í áliti okkar, að heppilegra mundi að taka lán erlendis til styrktar ræktunarsjóðnum heldur en verja miklu fje til stofnunar veðbanka,

Fyrir okkar augum er það nú ekki sýnilegt, að bankavaxtabrjefin muni seljast að nokkrum mun, og þetta bæti því ekkert úr veðlánaþörfinni, og sje því eigi nema til þess að stofna ný embætti, að ráðist sje í þessa stofnun. Við viljum athuga fleiri leiðir, t. d. hvort eigi muni tiltækilegt að stofna veðlánadeild fyrir landbúnaðinn samkvæmt þál. 1919. Landbúnaðurinn þarf áreiðanlega fremur á veðlánum að halda en kaupstaðarbúar, til húsabygginga í kaupstöðum, þó það væri líka æskilegt. Og okkur sýnist það skylda ríkissjóðs að styrkja jarðrækt landsins, því að á henni veltur mikið um framtíð þjóðarinnar og alla afkomu.

Háttv. frsm. (Jak. M.) sagði, að við hefðum kveðið upp dauðadóm yfir landbúnaðinum með því að telja hann ekki færan um að borga háa vexti. Virðist svo, sem háttv. frsm. (Jak. M.) gangi út frá því, að jarðræktin sje afararðsöm. Má vel vera, að svo sje oft og einatt, en hjer verður að gæta þess, að hjá okkur er hún á byrjunarstigi, og því mörg sporin stigin, sem lítinn arð gefa. Og hætt er við því, að þótt breytt yrði um búnaðarháttu, þá græddist samt eigi við það á fyrstu umbótaárunum, meðan menn eru að feta sig áfram í nýjum tilraunum.

Annars hefir því verið þannig varið, að á undanförnum 4—5 árum hefir ekkert verið unnið að jarðabótum, og ástæðan til þess er sú, að vinnan hefir verið of dýr. Hygg jeg, að margir hefðu varið fje til jarðræktar, ef hægt hefði verið að fá lán með lágum vöxtum og til langs tíma. Eins og öllum er kunnugt, hefir sú skoðun verið hjer ríkjandi síðan um aldamót, að minsta kosti, að það bæri að styrkja menn til jarðræktar, og sá háttvirtur þingmaður, sem mesta hefir haft forystuna í þessu máli, er þeirrar skoðunar, að þörfin sje nú engu óbrýnni, jafnvel ennþá meiri.

Ræktunarsjóðurinn er stofnaður með það eitt fyrir augum að styðja að jarðrækt hjer á landi. Eftir áliti okkar, minni hlutans, þá væri það hið mesta óráð að hverfa frá því ráði. Jafnskjótt og um hægist, vinnulaun og útlendur varningur lækkar, þá má gera ráð fyrir, að bændur fari að rækta í stærri stíl heldur en nokkurntíma áður.

Háttv. meiri hluti er sammála okkur um það, að *óvíst* sje um sölu bankavaxtabrjefa hins fyrirhugaða banka. En hann gerir ráð fyrir, að þau muni seljast talsvert. Aftur á móti álítum við, að salan muni verða sáralítil, svo að um verulegan veltufjárauka fyrir bankann af þeirri sölu geti ekki verið að tala.

Háttv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) virtist halda, að aðalástæða mín til þess að vera á móti stofnun þessa banka væri hræðsla við, að sparisjóðsinnlög myndu minka við það bankaútbú, sem jeg veiti forstöðu. Jeg fullyrði, að ekkert slíkt hefir vakað fyrir mjer. Þessi ummæli hans geta af ókunnugum skoðast móðgandi, en jeg mun þó ekki taka þau illa upp, því jeg veit, að háttv. þm. (Jak. M.) hefir ekki ætlað að móðga mig með þeim. (*Jak. M.*: Jeg meinti það ekki sem einkamál). Jeg skal benda á, að útbúið á Ísafirði hefir selt meira af bankavaxtabrjefum árlega heldur en önnur bankaútbú. En það er vegna þess, að við höfum gert talsvert til þess að selja þau. Sjerstaklega gerði þó fyrirrennari minn við útbúið mikið til þess að selja brjefin, auk þess sem hann varði árlega til þess þeim peningum, sem hann hafði lausa, sem ekki voru þó miklir. Af þessu er mjer sjerstaklega kunnugt um erfiðleikana á að selja bankavaxtabrjef.

Þá vill háttv. meiri hluti leggja mikið upp úr því, að sparisjóðsfje hafi aukist um margar miljónir á síðustu árum.

Það er að vísu satt, að sparisjóðsinnstæða landsmanna jókst um margar miljónir á árunum 1916—1919, en jafnvíst er

hitt, að hún hefir stórminkað á síðasta ári. T. d. hefir innstæðan í Íslandsbanka minkað um alt að 5 miljónum.

Ennfremur ber að líta á það, að nú eru stofnaðar innlánsdeildir við flest kaupfjelög, og að lokum það, að útlánsfje hinna smærri sparisjóða hefir aldrei verið eins fast bundið og nú. Jeg þori að minsta kosti að fullyrða, að það eru sárafáir, sem geta fest fje sitt í bankavaxtabrjefum. Flestir, sem leggja fje í sparisjóð, gera það með það fyrir augum, að geta tekið fjeð aftur út, til þess að kaupa lífsnauðsynjar þegar harðnar í ári eða sverfur að þeim, af einhverjum ástæðum, t. d. vegna heilsuleysis eða annara slysa. Erlendis, sjerstaklega í Frakklandi, er öðru máli að gegna. Fjöldamargir, jafnvel hundruð þúsunda manna, lifa þar eingöngu á vöxtum af aflafje sínu. Það er eðlilegt, að slíkir menn kaupi bankavaxtabrjef og önnur slík verðbrjef, sem gefa þeim vissa ársvexti.

Jeg skal ekki, að svo komnu, fara neitt út í einstök atriði frv. Þessar aðalástæður, sem jeg hefi nefnt, teljum við fullgildar, til þess að fresta málinu. (*Jak. M.*: Fresta?). Já; við leggjum að vísu til á þskj. 282, að frv. nái ekki samþykki hv. deildar, en við bjuggumst við, að það kæmi fram rökstudd dagskrá um að fresta málinu, og henni erum við meðmæltir. Jeg tel engan efa á því, að það hlytust hreinustu vandræði af því að vinda bráðan bug að framkvæmdum á þessu stigi málsins.

Háttv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) gat þess, að það skifti ekki miklu máli, hvort ríkissjóður fengi ekki meira en 2% af þeim sjóðum, sem lagðir verða bankanum sem stofnfje, en varasjóður bankans hitt, vegna þess, að ríkið ætti hvorttveggja. Svo mætti virðast í fljótu bragði, sem þetta væri rjett, en því fer nú samt fjarri.

Þeir vextir af sjóðunum, sem bankinn fær, ganga til þess að borga rekstrarkostnað þessarar stofnunar, sem etur tugi þúsunda árlega, en gerir ekkert gagn, eða jafnvel verra en það.

Það eru ýms ákvæði í þessu frv., sem sjálfsagt væri að breyta, en þar sem jeg er mótfallinn aðalstefnu þess, ber jeg ekki fram brtt.

Annars sjá allir skynbærir menn, að frv. er sniðið algerlega eftir erlendu fyrirkomulagi, en ekkert tillit tekið til staðhátta hjer á landi.

Jón Þorláksson: Jeg get búist við því að eiga erfitt uppdráttar með brtt. mínar á þskj. 290, þar sem jeg á að vega á tvær hendur. Annars vegar er háttv. meiri hl., sem er mótfallinn öllum breytingum á frv., og hins vegar háttv. minni hl., sem vill fella frv. Brtt. þessar hníga í þá átt, sem jeg gat um við 1. umr., og skal jeg nú gera nokkru nánari grein fyrir þeim.

Það, sem jeg aðallega finn frv. til foráttu, er það, að samkvæmt því á ein og sama stofnun að veita allskonar lán til fasteigna, bæði í kauptúnum og sveitum. Nú er það vitanlegt, að veðdeildin veitir aðallega lán til húsabygginga í kaupstöðum og þorpum. Hún veitir að vísu að einhverju leyti lán til jarðakaupa, en lítið af jarðabótalánum, og hefir því ekki þótt koma landbúnaðinum að nægilegum notum.

Hin upphaflega hreyfing, sem kom þessu máli á stað, stefndi að því að koma á fót lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. En ef tilhögun þessa frv. verður tekin, þá er þar með efnt til sífeldrar togstreitu milli sveitanna annarsvegar og kauptúna og sjávarþorpa hins vegar.

Allir vita, að undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, getur hin fyrirhugaða bankastofnun ekki fengið fje nema af

mjög skornum skamti, því miður, þar sem nú er svo þröngt í búi, að naumast er hægt að útvega fje fyrir nauðsynlegustu greiðslum til útlanda. Fyrir mig sem kaupstaðarbúa er það sjerstaklega óaðgengilegt að taka þær fúlgur handa tryggingarsjóði bankans, sem frv. fer fram á, nefnilega, að mikill hluti af stofnfjenu er tekinn frá landbúnaðinum. Ræktunarsjóðurinn og kirkjujarðasjóðurinn eru sjerstaklega frá landbúnaðinum runnir, og af því leiðir, að bændur telja eðlilegt, að sveitirnar eigi að hafa forgangsrjett að lánum úr bankanum, en það getur orðið nóg til að koma á stað togstreitu milli sveitanna og kauptúnanna, sem getur haft mjög illar afleiðingar. Hún getur einnig orðið til hnekkis fyrir afnot sveitanna af bankanum, því eins og háttv. frsm. (Jak. M.) mintist á í öðru sambandi, þá gæti forgangsrjettur landbúnaðarins gert stofnunina óvinsæla hjá þeim flokki manna, sem annars væru líklegastir til að kaupa bankavaxtabrjefin, vegna þess, að þeir hafa helst efni til þess. Og afleiðing þess yrði sífeldur veltufjárskortur.

Sú tilhögun, að hafa aðeins eina lánsstofnun fyrir allar þessar lánategundir, er miðuð við útlent ástand. En það er engin sönnun þess, að það eigi við hjer á landi, enda held jeg, að svo sje óefað ekki. Það er skoðun háttv. nefndar, og mjer er sagt, að það sje líka skoðun höfundar frv., að litlar líkur sjeu til, að bankavaxtabrjef veðbankans muni seljast erlendis. Það er þá aðeins innlendi markaðurinn, sem þeir treysta á. En ef bankinn er óskiftur og lánar jöfnum höndum til landbúnaðar og til húsabygginga í kaupstöðum, þá býst jeg við, að hann missi af töluverðum markaði fyrir bankavaxtabrjef, sem opinn stæði, ef starfsemi hans væri aðgreind í tvent.

Jeg fer ekki svo langt í brtt. mínum að stinga upp á tveim lánsstofnunum, heldur legg jeg til, að sett verði á stofn sjerstök deild fyrir jarðræktarlán, en aðaldeild bankans veiti lán til húsabygginga í kaupstöðum og sveitum, og til jarðakaupa. Ástæða mín er fyrst og fremst sú, að óeðlilegt er að verja ræktunarsjóðnum til annars en jarðræktar. Jeg er ósammála því, að rjett sje að auka starfsemi ræktunarsjóðsins með því, að landið taki lán, honum til viðbótar, erlendis. Jeg vil halda þeirri leið, sem frv. gerir ráð fyrir, að nota sjóðina sem stofnsjóði og tryggingar, en gefa svo út bankavaxtabrjef, til þess að afla rekstrarfjár.

Að sjálfsögðu verður húsabygginga- og jarðakaupadeildin aðaldeild bankans. Til jarðræktar eru lán miklu smærri, en veitt oft og til styttri tíma. Það kemur ekki til mála að meta jarðabótina sjálfa fyrirfram, heldur verður að láta fara fram úttekt eða virðing á henni fullgerðri, þegar bletturinn er kominn í rækt. Eins og jeg hefi tekið fram, getur lánstími jarðræktarlána venjulega verið styttri en annara fasteignalána. Það eru að vísu til undantekningar, svo sem stórfeldar áveitur, en lán til þeirra ætti aðaldeild bankans að veita. Jeg hugsa mjer, að jarðræktarlánin verði ekki veitt til lengri tíma en venjulegt hefir verið, og þá vitanlega gegn sæmilegum tryggingum. En þá er líka hægt að gefa bankavaxtabrjef þeirrar deildar út til skemri tíma, svo að sparisjóðum úti um land ætti að vera hagur að kaupa slík brjef. Jeg hefi orðið var við slíkar hugsanir í frv., og sje því, að þetta hefir meðfram vakað fyrir höfundi frv. En það er ekki tekið nógu föstum tökum á því, til þess, að hægt sje að framkvæma lánveitingar til jarðabóta, svo nokkur veigur sje í þeim.

Skal jeg svo leyfa mjer að víkja nokkuð að einstökum brtt. mínum, umfram það, sem jeg hefi þegar gert. Viðvíkjandi 1. og 2. brtt. get jeg að mestu látið

mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt. Þar er gert ráð fyrir, að bankavaxtabrjefin megi nema alt að áttfaldri upphæð stofnfjár deildarinnar. Um upphæðina má sjálfsagt deila, en þó býst jeg við, að þetta þyki ekki fjarri lagi.

Um 3. brtt., um stofnsjóð aðaldeildarinnar, er það að segja, að hún miðar að því, að bankinn fái fje sitt, eins og áður var gert ráð fyrir — því jeg hefi ekki lækkað upphæðina —, en með heppilegri aðferð fyrir ríkissjóðinn, án þess þó að það sje í rauninni nokkuð óheppilegra fyrir bankann. Það er sem sje farið fram á, að landsstjórnin greiði stofnfje bankans — auk peninga og skuldabrjefa ræktunarsjóðs — smámsaman, eftir því, sem þörf er á. Auk þess er gert ráð fyrir því, að taka megi lán til þessa, þó ekki meira en það, sem á vantar í 3 miljónirnar, þegar búið er að greiða peninga, bankavaxta- og skuldabrjef kirkjujarðasjóðs og viðlagasjóðs.

Um vaxtahæðina, sem talað er um seinna í sömu greininni, má geta þess, að ef til vill væri þó rjettara að hafa þá 4% frá upphafi, í stað þess, sem þar er gert ráð fyrir fyrstu 10 árin.

4. brtt. er aðeins afleiðing hinna.

5. brtt. er til þess fram komin að gera greiðari aðgang að jarðræktarlánunum. Í stað þess, að lán megi ekki fara fram úr helmingi skattvirðingarverðs eignarinnar, er hjer gert ráð fyrir því, að lánið megi nema alt að ⅗ af verðgildi jarðabótarinnar fullgerðrar.

7. brtt. leiðir af því, sem áður er komið.

Þá er 8. brtt. við 16. gr., og er nokkuð annars eðlis en hinar. Því jeg kann ekki við það yfirleitt, og finst ótækt að setja það í lög, að bæjarstjórnir og sýslunefndir þurfi að fá leyfi til þess hjá öðrum en landsstjórninni — í þessu tilfelli hjá veðbankanum — að taka nýtt lán, þó þær hafi tekið annað áður hjá bankanum.

Hitt er annað mál, að setja mætti einhverslíkskilyrði í lánssamning í hvert einstakt skifti, ef ástæða þætti til þess. Annað atriði er einnig í 16. gr., sem jeg er í efa um, þó jeg hafi ekki gert sjerstaka brtt. við það. Mjer er ekki ljóst, hver ætlunin er með niðurjöfnun þeirri, sem þar er talað um, hvort ætlast er til einhverrar aukaniðurjöfnunar í þessu skyni, eða hvort átt er við venjulega lögheimilaða niðurjöfnun.

Svo er 9. brtt. við 22. gr., um upphæð lántökugjaldsins. En það er gjald, sem lántakandi á að greiða, þegar hann fær lánið, án þess að nokkru sinni hafi eiginlega verið gerð grein fyrir því, til hvers þetta gjald væri, enda hefir það altaf mælst hjer illa fyrir, frá því að það var fyrst innleitt, en það mun hafa verið með 4. fl. veðdeildarinnar. Jeg hefi þó ekki farið fram á það, að þetta gjald yrði alveg afnumið, heldur gert ráð fyrir hinu, að það fari aldrei fram úr 1%, sem er lágmarkið eftir frv., en hámarkið er þar 3%.

10. brtt., einnig við 22. gr., er aðeins til þess að taka af allan vafa um það, á hverjum tilkynningarskyldan hvíli.

11. brtt., við 25. gr., er sjálfsögð smábreyting, í samræmi við hinar.

Jeg þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þetta að sinni. Þó jeg sje í efa um það hvort frv. hafi fengið þann undirbúning, að rjett sje að það fái framgang nú, álít jeg málið í heild sinni svo merkilegt, að jeg hefi viljað gera mitt til þess, að það færi þannig út úr deildinni, að jeg gæti unað við það. Þess vegna mun jeg greiða því atkvæði til 3. umr., án þess að þar með sje nokkuð sagt um atkvæði mitt um málið frá 3. umr. Það hlýtur að fara eftir því, hvernig fer um þær breytingar, sem jeg tel nauðsynlegt að gerðar verði á frv. Hins vegar vil

jeg taka það fram, og biðja háttv. deild velvirðingar á því, að sökum tímaskorts er ekki víst að jeg hafi í brtt. samræmt alla staði frv. við breytingar mínar eins rækilega og þurft hefði. En það mætti gera til 3. umræðu, ef þær ná fram að ganga.

Eiríkur Einarsson: Eins og háttv. deildarmenn muna, gerði jeg ráð fyrir því við síðustu umr. málsins að bera fram einhverjar breytingartillögur, og eru þær nú komnar á þskj. 258, og erum við tveir flutningsmennirnir. Það kom í ljós undireins við 2. umr., að ýmsir töldu frv. það helst til foráttu, að landbúnaðinum væri ekki áskilinn forgangsrjettur að lánum úr bankanum. Brtt. mín, og okkar, er því fram komin til þess að bæta úr þessu, að tryggja það, að jarðræktin sitji í fyrirrúmi. Að vísu skal jeg fúslega játa það, að í þessu máli er ekki hvað minst komið undir mönnunum, sem stjórna eiga lánveitingunum, en ekki undir bókstaf laganna einungis. En samt þarf að hafa einhver skynsamleg ákvæði um þetta, sem hvorki eru of þröng nje of víð, en tryggja þó það, sem um er að ræða og er stefnumál fyrir stofnunina. Og það er einmitt þetta, sem okkar till. gerir. Þar er vitanlega mikið lagt á vald bankastjórninni, en þó með þeirri takmörkun, að sagt er að jarðræktarfyrirtæki eigi að sitja í fyrirrúmi. Og orðið jarðrækt er notað með yfirlögðu ráði, en ekki t. d. landbúnaður yfirleitt, því það er víðara; en eins og á stendur, verður þar að gæta hófs. Hefði jeg vitanlega viljað láta þetta ákvæði ná sem lengst, landbúnaðinum í vil, en vildi ekki kveða svo ríkt að orði, að till. yrði ef til vill stefnt í hættu með því. Með brtt., eins og hún er orðuð, er auðvitað ekki skotið loku fyrir það, að veita megi lán, svo sem til húsabóta, t. d. helming til jarðræktar í strangasta skilningi og helming til nauðsynlegra húsabóta á sömu jörð; bendingin er gefin í rjetta átt, og það á að nægja.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði, að jarðræktin væri hjer á byrjunarstigi. Þetta er nú rjett og ekki rjett. Sje miðað við stærri fyrirtæki, t. d. eins og áveitur eða því um líkt, þá má þetta til sanns vegar færa, en jeg álít, að þetta skuli vera prófsteinn á því, hvort menn sjeu það trúaðir á jarðrækt landsins, að leggjandi sje eitthvað í sölurnar hennar vegna.

Trúin á framtíð landsins á að gefa þessari von byr undir báða vængi, að veðbrjef slíkrar stofnunar, sem auka vill mátt og megin jarðræktarinnar, verði seljanleg.

Þegar minst er á sparisjóðsfje landsmanna, þá mun það sönnu nærri, að það megi fremur lítið kalla, svo að þess gæti kannske ekki mikið, er kaupa á veðbrjefin, enda að ýmsu leyti rjett, að flestir hafi nóg með sitt fje að gera, og þó að einhver vildi segja um mig eins og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), að af því við erum báðir útbússtjórar, ættum við að hugsa um, að útbúin hefðu sparisjóðsfje í sinni veltu, þá er jeg samt ekki vitund myrkfælinn að fylgja stefnu frumvarpsins í þessu efni. Þótt dýrtíð sje í landi, flyst ætíð mikið fje frá manni til manns, og það, sem eyðist hjá einum, safnast þá hjá hinum. Jeg geri því ráð fyrir, að altaf megi gera nokkra von um ávöxtunarfje, og þegar um þjóðþrifastofnun svo sem veðbankann, er að ræða, má ekki taka neitt sjerstakt tillit til þess, hvort til hags er eða óhags sparisjóðageymslu. Enda geri jeg ekki svo mikið úr þeim vaxtamissi, sem útbúin eða Landsbankinn yrðu fyrir.

Þá er brtt. á þskj. 290 frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Jeg held, að háttv. flm. (J. Þ.) hefði aldrei komið með þær, hefði hann verið búinn að kynna sjer vel frv. sjálft og brtt. okkar.

Meginmismunur þessara brtt. er sá, að okkar brtt. er svo einföld og skapar aðeins landbúnaðinum þennan forgangsrjett, sem hlýtur að byggjast á þál. frá 1919, en brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) veldur dreifingu í framkvæmdum stofnunarinnar, og hefir óþarfan og dýran skrifstofukostnað í för með sjer. Afleiðingin yrði því sú: að okkar brtt. miðar að því, að styrkja stofnunina og gera hana tryggilegri, en hinar veikja hana og auka erfiði og amstur með óþarfa skriffinsku.

Veiklunarmerki þessi eru hverjum manni auðsæ, sem lesa vill brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) niður í kjölinn; t. d. stendur í frv., að landsstjórnin *skuli* leggja 3 milj. í stofnfje bankans úr landssjóði, en eftir brtt. háttv. 3. þm. Reykv. er aðeins *heimild* til að verja 3 miljónum kr. í stofnfje. Er þannig samkvæmt frv. ótakmörkuð skylda, sem á landssjóði hvílir, og að auk heimild til að leggja meira fram en lágmarkið tiltekur. En á það vildi jeg benda, að ef slík ákvæði sem þau, er felast í brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) kæmust í hendur þeirrar ríkisstjórnar, sem ekki er málinu hlynt, þá er þar með upp kveðinn dauðadómur yfir stofnuninni. Þess vegna verð jeg að leggja eindregið á móti þessum brtt., enda sje jeg ekki, til hvers væri að samþykkja frv. með slíkum breytingum. Væri háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) með því að koma slíkri stofnun á fót, sem hjer er um að ræða, þá myndi hann ekki bera fram svona brtt. Annaðhvort er að greiða atkvæði með því, að framkvæmanlegt verði að stofna þennan ríkisveðbanka, eða þá að fella það hreinlega.

Það hefði þá verið nær fyrir háttv. þingmann að hallast á sveif með minni hlutanum um það, að ræktunarsjóðurinn megi alls ekki hverfa inn í þennan banka, og verði haldið út af fyrir sig áfram, eins og verið hefir. En jeg er búinn að benda á það, að eigi að byggja á rústum ræktunarsjóðsins innan vjebanda bankans, þá getur það aldrei orðið nema hokur, eins og hingað til, algerlega ófullnægjandi.

Mjer þykir vænt um, hvað háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) er bjartsýnn á framtíð landsins og framleiðslumöguleika þess, er hann heldur, að brjef jarðræktardeildarinnar verði að öllum jafnaði vel seljanleg, einnig vegna tilgangsins. Þó held jeg, að menn, eins og alment gerast nú, sjái hag sinn í því að versla annarsstaðar, og telji hyggilegra að vera við þann eldinn, sem brennur best, og ávaxti fje sitt því á öðrum stað, þar sem þeir fái sem tryggilegust vaxtabrjef.

Auðvitað fundust mjer þær ofureinfaldar og skiljanlegar, þessar ástæður hjá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), þegar litið er á það, að hann er fulltrúi kaupstaðanna, enda kom það fram í ræðu hans. Hann sagði beinum orðum, að það yrði togstreita milli kaupstaða og sveita, ef landbúnaðurinn hefði forgangsrjett að lánunum úr þessum sjóðum, sem rynnu inn í bankann.

Jeg get nú þegar látið staðar numið. Brtt. þær, sem jeg hefi verið að mæla á móti, finst mjer allar miði að því að slá málinu á dreif og gera stofnunina losaralega, og eiga þær að því leyti samstöðu. Vona jeg því, að allir góðir menn, sem er það áhugamál að koma stofnun þessari á fót, gæti atkvæðis síns og láti frv. ganga fram með brtt. á þskj. 258.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það sannast á háttv. 1. þm. Árn. (E. E.), að hverjum þykir sinn fugl fagur. Hann hefir nú haldið langa ræðu um brtt. sína, en um hana verð jeg að segja, að hún er jafnfráleit að efni og orðfæri, eins og sjest best á því, að háttv. þm. (E. E.) hugsar

sjer nokkurnveginn jafna möguleika fyrir því, að bankinn hafi ótakmarkað fje og takmarkað.

Jeg held nú, að fjeð verði altaf takmarkað, svo að ekki verði hægt að sinna öllum lánbeiðnum. Hinu held jeg að ekki þurfi að gera ráð fyrir, að fjeð verði ótakmarkað; en þetta sýnir, að háttv. þingmaður hefir lagst djúpt í málinu.

Þetta er nú aðeins formsatriði og skiftir ekki miklu máli, en hitt er aðalatriði, að í brtt. er aðeins talað um lán til jarðræktar, en það er alls ekki nóg; það þarf að standa „lán til landbúnaðar" yfirleitt, en það geta verið, auk jarðræktarlána, lán til jarðakaupa, húsabóta, verkfærakaupa og margs annars. Eins og till. liggur fyrir, er hún því nær einskis virði, og því algerlega ástæðulaust að samþykkja hana, enda er hún ákaflega óákveðin og sýnilega fram komin aðeins til málamynda.

Mjer þykir leiðinlegt að heyra, hvað háttv. flm. till. (E. E.) hefir lítið traust á landbúnaðinum, úr því hann telur lítt mögulegt að halda uppi sjerstakri lánsstofnun hans vegna. Þar er þó meira trausts að leita hjá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), enda vil jeg mótmæla þeim orðum háttv. 1. þm. Árn. (E. E.), að það hlyti að veikla hverja bankastofnun, að byggja á landbúnaðinum.

Brtt. fullnægir alls ekki því, sem jeg óskaði við 1. umr., og vildi jeg því óska, að háttv. flm. tækju till. aftur og löguðu hana undir 3. umr. Þá skal jeg fylgja henni, en eins og hún liggur fyrir, get jeg það ekki.

En úr því jeg stóð upp, þykir mjer rjett að gera nokkrar athugasemdir við frv., og verða þá margar þeirra fyrirspurnir.

Vextir þeir, sem ríkissjóður fær af framlögum sínum, virðist mjer altof lágir, 2% 10 fyrstu árin. Ef stofnfjeð eru 3 miljónir kr., munar þetta sem næst 60 þús. krónum á ári, eða 600 þús. kr. í 10 ár, en þetta verður með vaxtavöxtum um 1 miljón kr. Þetta þykir mjer altof hátt. Mjer finst bankinn vel geta goldið 4% frá byrjun, og nægilega mikið gert með því að láta hann fá 3 miljónir kr. í tryggingarfje. Mjer finst líka, að binda ætti tryggingunа við ákveðna upphæð, en ekki láta alt, sem kemur inn fyrir seldar þjóð- og kirkjujarðir, renna í bankann, jafnóðum og inn kemur.

Orðið „Ísland" í 6. gr. virðist mega falla burtu á 2 stöðum, því vitaskuld skipum við aðeins okkar ráðherrum og stjórnarráði. Jeg skil ekki heldur, hvers vegna vaxtabrjef bankans eiga að skrásetjast í stjórnarráðinu; jeg hjelt að það væri nóg, að bankinn gerði það.

Upphaf 9. gr. kann jeg ekki við, og þyrfti að breyta því, svo að meiningin kæmi skýrt fram. Þar stendur: „Bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir". Líklega átt við, að bankastjórnartillögurnar sjeu staðfestar af ráðherranum. Annars best að láta ráðherrann koma sem allra minst við samning reglugerðarinnar.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) mintist á ákvæði 16. gr., sem jeg hafði athugað og mjer virðast ákaflega hörð og gera sveitar- og sýslufjelög mjög háð bankanum, og virðist mjer varla þörf á slíku, enda þekki jeg ekki fordæmi fyrir slíku í löggjöf vorri. Það hneykslar mig, að skylt sje að jafna aukagjaldi þessu niður. Sje ekki, að það þurfi að vera aukagjald, e f hægt er að jafna því niður með venjulegum tekjum sveitarfjelagsins. Það stendur auðvitað „ef", en eftir núgildandi lögum á að jafna niður því, sem þarf, eftir efnum og ástæðum, svo að þetta er óþarft.

Um 19. gr. verð jeg að segja það, að hún hlýtur að byggjast á öðru fyrirkomulagi en nú er og enn er ekki fram komið. Hún þarfnast því verulegrar athugunar, því jeg skil ekki vel hugsunina í því, að ríkissjóður, sem er eigandi bankans, eigi

að taka ábyrgð á brjefum, er bankinn kaupir, ekki síst, þar sem brjef þessi eiga áður að vera trygð með nægilegu veði. En auðvitað getur verið, að síðar komi lög um þetta; en sem stendur eru engin slík lög til.

Í 22. gr. 3. málsgr. er prentvilla, sem þarf að leiðrjetta, og auk þess vantar ákvæði um, hver skal tilkynna eigendaskifti, seljandi eða kaupandi eða báðir. Þetta er því nauðsynlegra, sem sektir liggja við, ef tilkynning er vanrækt.

Í fyrirsögn IV. kafla sýnist mjer eiga að standa „bankans“, en ekki „banka“.

Viðvíkjandi ákvæðum 41. gr., þá get jeg ekki sjeð neina nauðsyn á því að launa bankastjórum Landsbankans sjerstaklega fyrir það að vera meðstjórnendur þessa fyrirhugaða banka. Þeir losna þá við veðdeildarstörfin í Landsbankanum, og þótt þeir taki einhvern þátt í stjórn nýja bankans, þá ættu þau störf síst að verða meiri en þeir hafa áður haft, sjerstaklega þar sem gert er ráð fyrir, að auk þeirra verði einn aðalbankastjóri fyrir bankann. Annars er það mikið álitamál, hvort þurfi 4 bankastjóra. Jeg álít nóg, að þeir sjeu 3, nema þá að að því ráði yrði horfið að hafa bankana ekki saman, því að ekki er hægt að neita því, að nokkur keppni muni geta átt sjer stað milli þeirra innbyrðis, eins og líka bent hefir verið á.

Mjer þætti vænt um, ef nefndin gæti gengið inn á eitthvað af þessu, sem jeg nú hefi tekið fram. En mest finst mjer þó um það vert, að það komi skýrt fram, að landbúnaðurinn hafi forgangsrjett að lánunum. Háttv. frsm. (Jak. M.) vill fá frv. fram óbreytt, af því að hann er þingmaður Reykvíkinga, og sjer að það er hagur fyrir þá. Það er að vísu nokkur bót að brtt. hv. 1. þm. Árn. (E. E.), en hún er ekki nægileg til varnar yfirgangi kaupstaðanna.

Og ef ekki verða hjer sett nein tryggingarákvæði, þá er jeg hræddur um, að vel geti komið fyrir, að hússkrokkar í kaupstöðum útrými lánum til sveitanna, líkt og orðið hefir hjer í veðdeildinni. Og kann jeg af því margar sorglegar sögur, sem styðjast við eigin reynslu mína.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal lofa því að vera stuttorður, svo að þessir fáu þm., sem eftir eru, fari ekki út. Menn biðu hjer með óþreyju eftir málum málanna, peningamálunum, og er því ekki nema von, að menn þreytist að ræða hjer um friðun lunda og önnur álíka stórmál. Mál það, er hjer ræðir um, er í rauninni stórmál, sem hefði átt að vera framkvæmt fyrir löngu.

Fyrir landbúnaðinn eru víxillán afaróhentug lán, eins og allir vita, og þó sumir hafi grætt á þeim, má þó ávalt búast við, að svo stutt lán verði að tjóni, enda eru dæmi til þess. Og þegar svo langt er komið í kaupstöðunum líka, að bankarnir lána ekki út á 1. veðrjett í húsum nema víxillán, þá getur ekki hjá því farið, að hrun verði á húseignum, enda er það þegar farið að koma á daginn. En það ætti að vera öllum vitanlegt, hve mikið er undir því komið, hvernig farið er með fasteignirnar í landinu. Og jeg er viss um það, að fjárhagsástand okkar hefði verið annað nú, og lán bankanna tryggari, ef lánunum hefði verið skynsamlega jafnað niður á góðar jarðir og tryggar fasteignir í landinu.

Þingið sá nú, þótt seint væri, að svo búið mátti ekki standa, og það sá það um síðir, að brýn þörf var á fasteignabanka hjer á landi. Efnilegur maður var sendur utan, til þess að kynna sjer fyrirkomulag slíkra stofnana erlendis, og hefir hann samið það frv., sem hjer liggur fyrir.

Væri því nokkuð hastarlegt, ef enn ætti að draga málið á langinn, eyðileggja undirbúninginn og draga stofnunina úr hömlum. Og mjer þykir sárt að sjá háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) í þeim flokki, er það vilja. Aðalástæða hans er hræðslan við það, að ræktunarsjóðurinn renni inn í þessa stofnun. Flestir munu nú vita það, að ræktunarsjóðurinn er til orðinn fyrir sölu þjóðjarðanna. Hann er að vísu 1 miljón á pappírnum, en fjeð er ekki líkt því alt innborgað, og það eru því afarfáir, sem geta fengið lán úr honum. Hann segir, að vextirnir sjeu þar afarlágir. Og það er satt. Jeg tel það samt ekki heppilegt að hafa vexti af lánum aðeins 4%, þegar vextir almennt eru 8%. Það er að minsta kosti óeðlilegt. Sanngjarnt væri, að vextirnir væru 6—6½%. Og þá vexti mun hinn fyrirhugaði banki taka.

Önnur ástæða háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) er sú, að illa muni ganga að selja veðbrjefin. Jeg viðurkenni það, að ekki sje gott að selja brjefin nú. En ef hægt væri að fá röskan mann til þess að kenna mönnum að kaupa brjefin, þá ættu þau að geta selst. Þetta eru tryggustu pappírarnir hjer á landi, og alls ekki ólíklegt, að fyrir þau fengist markaður erlendis.

Jeg hefi ávalt haft mikinn áhuga fyrir stofnun fasteignabanka, frá því jeg fyrst tók að hugsa um landsmál, og þar sem jeg hefi um alllangt skeið **haft afskifti** af sölu fasteigna og lántöku út á þær, þá hefi jeg manna best sjeð, hvílík geysiþörf var á slíkri stofnun hjer á landi. En þó er jeg ekki ánægður með eitt atriði í frv. Jeg hefði helst kosið, að stofnunin væri algerlega sjálfstæð. Og mjer er illa við, að bankastjórar Landsbankans verði bankastjórar við bankann. Jeg vona, að veðbankinn losni við afskifti þeirra innan skamms, ef úr þeirri ráðstöfun verður, og verði algerlega sjálfstæður.

Þá kem jeg næst að brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Jeg vil þó taka það fram, að mjer er ekki vel ljóst, hvað fyrir þessum háttv. þm. vakir. Hann þykist vera málinu hlyntur. Má vera, að tilgangur hans sje góður, en aðalbrtt. hans fer í öfuga átt við tilganginn. En honum ætti þó að vera það ljóst, að það er alveg óhugsandi að hafa tvær slíkar lánsstofnanir í landinu, aðra fyrir sveitirnar og hina fyrir kaupstaðina. Er það og álit allra fróðra manna í þeim sökum, og þá sjerstaklega hjer á landi.

Danir hafa og fylgt þeirri reglu að lána jafnt út á hús og jarðir.

Jeg viðurkenni þá hugsun háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að leggja mest upp úr lánum til landbúnaðarins, og þá helst til jarðabóta. En það gerir frv. líka. Jeg viðurkenni, að nú er mjög ilt að fá lán til jarðabóta, t. d. vatnsveitna. Jeg hefi sjálfur reynt að fá lán til slíkrar virkjunar, en það fekst ekki. Úr slíkum vandkvæðum vill einmitt 15. gr. frumvarpsins bæta. Og vil jeg leyfa mjer að lesa upp fyrstu málsgrein hennar, með leyfi hæstv. forseta.

> „Ef lán það, sem sótt er um, er að öllu eða nokkru leyti ætlað til jarðabóta eða annara endurbóta á fasteignum, er hafa í för með sjer varanlega verðhækkun eignarinnar, má við virðingarverð meta sjerstaklega þá verðhækkun, og miða lánsupphæðina við virðingarverð eignarinnar, að meðtaldri verðhækkuninni“.

Þetta skilst mjer að sje næg trygging í höndum bankastjóra, til þess að tillit verði tekið til þessa.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) lagði mikið upp úr því, að veðbrjefin væru ekki eins trygg, ef blandað væri saman brjefum, trygðum með fasteignum í sveit og

fasteignum í kaupstað. Þetta skil jeg ekki. Peningamagnið er venjulega meira í kaupstöðunum, og ætti það því að vera styrkur fyrir sveitirnar. Jeg held því, að slík áhættudreifing hljóti að vera ekki ótryggari, heldur tryggari.

Jeg vil taka það hjer fram um leið, að jeg er samþykkur brtt. háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) að efni til, en jeg legg ekki eins mikið upp úr forminu eins og hæstv. fjrh. (M. G.).

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) áleit, að brjef þau, sem trygð væru í jarðræktardeildinni, mundu seljast betur en önnur veðbrjef bankans, af því að þau lán væru veitt til styttri tíma. Jeg held, að þetta sje hreint og beint sagt út í bláinn, því ef nokkuð er, þá ættu þau brjef að seljast ver, vegna þess meðal annars, að jarðræktardeildin yrði miklu minni stofnun en sjálfur veðbankinn. Jeg neyðist því til að taka það svo, að þessi háttv. þingmaður vilji annaðhvort fella frv. eða fresta málinu, og mun hann þó það hvorugt gera í neins þágu, og ekki heldur kjördæmis síns.

Þingmaðurinn sagði, að það væri ekki tekið föstum tökum á jarðabótalánunum í frv. En slíkt er einmitt gert í 15. gr., eins og jeg tók fram áðan. Og ef svo færi, að einhver vildi enn fá sjer viðbótarlán, þá er honum leiðin að bönkunum jafnopin eftir að veðbankinn er kominn á eins og áður.

Það hefir áður verið á það bent hjer í umræðunum, að reikningsfærsla bankans yrði mjög flókin samkvæmt till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og er það rjett.

Að lokum vil jeg þó geta þess, að jeg felst fyllilega á eina brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Það er brtt. við 22. gr. frv., um, að ekki skuli greiða meira í varasjóð bankans en 1% af lánum.

Eiríkur Einarsson: Hæstv. fjrh. (M. G.) vítti mjög formið á brtt. okkar, og þótti honum sjerstaklega upphaf till. óverjandi: „Nú hefir bankinn takmarkað fje til umráða .....“.

Jeg held nú einmitt, að þetta orðalag eigi mjög vel við, ef miðað er við það hártoganalaust, að bankinn getur fengið mjög mikið fje til umráða, ef veðbrjefin seljast bæði fljótt og vel. Hver, sem því vill skilja, hlýtur að geta skilið, hvað átt er hjer við með orðinu takmörkun. En ef hjer á að fara út í orðhengilshátt, þá býst jeg við, að margt megi finna bæði í öðrum þingskjölum og í ræðum háttv. þm.

En annað, sem fram kom í ræðu hæstv. fjrh. (M. G.), fanst mjer þó meiru skifta, og það var, að honum þótti of þröngt til orða tekið í till. minni, að miða við lán til jarðræktar, og taldi, að t. d. jarðakaup gætu ekki heimfærst þar undir. Þessu vil jeg svara því, að þegar jeg talaði um þessa till. mína, nefndi jeg sem dæmi hús og þess háttar, og áttu þá jarðakaupin eins að geta, og ekki síður, heimfærst undir orðalag till. eins og húsin; þannig er því varið, að með góðum vilja, þá má leiða eitt af öðru. Og svo mun mega gera hjer, ef bankastjórinn yrði ólíkur fjármálaráðherra og frjálsmannlegur, eins og sá maður er, sem hefir samið frv. og líklegur er til forstöðu við hinn nýja banka. (*M. G.*: Ekki verður hann nú altaf). Nei, ekki heldur hæstv. fjrh. með sínar skýringar.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagðist einnig lesa það út úr orðum mínum, að jeg hefði lítið traust á landbúnaðinum, og færði það til, að jeg hefði sagt, að brjef jarðræktardeildarinnar mundu seljast ver heldur en veðbrjef bankans sjálfs. En þetta var ekki sagt í neinu óvirðingarskyni við landbúnaðinn, heldur af því, að það er algild regla, að stór stofnun muni selja veðbrjef sín betur

en litlar sjerkreddustofnanir. Og leyfi jeg mjer að kalla þessa fyrirhuguðu jarðræktardeild því nafni.

Hæstv. fjrh. (M. G.) mæltist að lokum til þess, að við tækjum till. aftur. Því get jeg þegar svarað fyrir mitt leyti, að jeg vil alls ekki taka till. aftur. Jeg tel ákvæðin, sem í henni eru, svo mikilsverð, að hún má alls ekki takast aftur, nema því aðeins að annað enn betra komi í staðinn. Og það get jeg gengið inn á, að ef hæstv. fjrh. (M. G.) eða aðrir háttv. þm. vilja við 3. umr. málsins koma fram með till., er gengur í sömu átt og mín, en sem fer lengra, þá mun jeg hiklaust stíga sporið líka og greiða atkvæði með henni; það væri mjer auðvitað kærast, ef treysta mætti að fram gengi.

Jeg mun því hiklaust láta þessa till. koma til atkvæða nú, og sjá hvað setur um frekari breytingar.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var fram haldið 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 16. apríl, var enn fram haldið 2. umr. (A. 170, 258, n. 282 (frá minni hl. peningamálanefndar), 290, 320).

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Mjer finst stjórnin hafa fengið óþarfa ákúrur hjá háttv. þm. fyrir skilning þann, sem hún hefir lagt í þál. frá 1919 um að hrinda máli þessu áleiðis.

Þó að jeg ætti ekki sæti í stjórninni þá, vil jeg þó segja það, að mjer virðist stjórnin eigi engar ákúrur skilið fyrir það, hvernig hún ljet sendimann sinn haga störfunum. Það var í alla staði rjett og nauðsynlegt að athuga veðbankamálið sem allra víðtækast. Enda hefir sendimaður stjórnarinnar gert þetta, og mönnum ber saman um, að hann hafi leyst þetta trúnaðarstarf sitt vel af hendi, því jeg get ekki sjeð, að aðferð hans við undirbúning þessa máls þurfi að koma í bága við hag landbúnaðarins. Hitt er annað mál, að till. sendimanns ná lengra en til landbúnaðarins eins, af því hann miðar sig við, að veðbanki sje einungis einn að svo stöddu, og taki við veðdeildinni.

Þegar mál þetta kom til 1. umr., taldi jeg það ekki nauðsynlegt, að málið kæmist gegnum þingið nú til fullnaðarafgreiðslu, ef það hins vegar fengi þá meðferð, sem hægt væri, og að ráða mætti því til fullra lykta á næsta þingi, vel undirbúnu. En þrátt fyrir þetta, er jeg samt ekki á sömu skoðun og háttv. minni hl. um það, að alls engin not gætu orðið að svona stofnun nú um ófyrirsjáanlegan tíma. Því eins og kunnugt er, er þessum banka ætlað að starfrækja núverandi veðdeild, og þó þar sje ekki um nýtt verkefni að ræða, mundi það sjálfsagt gera starfsemi veðdeildarinnar liflegri og betri, ef árferðið verður ekki því óhagstæðara í öllum peningamálum, og þá er heldur ekki hægt viðgerðar hvort sem er. Hjer er gert ráð fyrir ýmsum þeim breytingum á lögum og reglum veðdeildarinnar, sem jeg hefi trú á, að verði til bóta. Einnig mundi það örfa og bæta starfsemina, að sjerstakur forstjóri verður fyrir þessum málum, og þyrfti eigi að hafa hugann verulega á öðru, því vitanlega hefir veðdeildin verið höfð nokkuð í hjáverkum hjá Landsbankanum að undanförnu. Er það ekki sagt stjórn hans til ámælis. Því það er eðlilegt, að víxlabanki geti ekki sint mjög mikið slíkum málum.

Eins og fleiri finn jeg það aðallega að frv., að hvergi er í rauninni trygður sá aðaltilgangur bankans að styrkja landbúnaðinn aðallega. Hins vegar hefi jeg ekki

haft tíma til þess að sökkva mjer nægilega í málið og brtt. þær, sem fram eru komnar, til þess að jeg þori algerlega að taka afstöðu. Þó virðist mjer brtt. á þskj. 258 alveg ófullnægjandi. Þar á móti finst mjer ýmislegt gott í brtt. á þskj. 290, frá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), þó jeg hafi ekki getað borið það fullkomlega saman, hvernig þær falla inn í frv. að öðru leyti. Mjer virðist það jafnvel dálítið vafamál um deildaskiftinguna, sem þar er gert ráð fyrir, þó tilgangurinn sje annars sá sami og jeg hafði hugsað mjer. Um brtt. á þskj. 320, frá þeim háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) og fleirum, finst mjer dálítið svipað og um brtt. á þskj. 258, nema hvað hún er ákveðnari, og mun jeg, að svo komnu, helst hallast að henni. Yfirleitt vona jeg, að nefndin taki þetta aftur til athugunar, og verður þá til 3. umr. hægt að skapa sjer rökstuddari skoðanir á þessu í einstökum atriðum.

Í sambandi við það, sem annars hefir verið talað um veðdeildina, vildi jeg benda á það, hvað veðdeildin hafi hjálpað mönnum hlutfallslega lítið til þess að eignast ábýli sín; hún hefir meira styrkt húsabyggingar í kaupstöðum. Þá hefir í sambandi við þjóðjarðasöluna verið talað ekki lítið um það að efla sjálfsábúðina. 1905 og 1907 voru samþykt lög um sölu opinberra eigna til ábúendanna, einmitt í þeim tilgangi fyrst og fremst að hjálpa við sjálfsábúðinni. En nú stendur einmitt, þrátt fyrir þetta, svo á, að mikill fjöldi jarða er í leiguábúð, líka þó einstakir menn eigi þær. En það er áreiðanlega ekki síður, heldur miklu fremur, þörf á því að koma slíkum jörðum í sjálfsábúð heldur en opinberum eignum. Og til þess að greiða fyrir því, ætti stofnun eins og sú, sem hjer er um að ræða, ekki síst að vera hjálpleg.

Það hefir ætíð verið talið mikilsvert að skapa hvatir hjá mönnum til jarðræktar og umbóta á jörðum yfir höfuð. Hefir þjóðjarðasalan verið talin besta hvöt í þeim efnum; með öðrum orðum sjálfsábúðin. Hygg jeg, að þó að ræktunarsjóðnum sje varið til jarðræktar, þá muni það skamt hrökkva, og því vera þörf á, að meira sje varið til hennar af fje bankans og meira að gert. Jeg skal eigi segja neitt um það, hvort hægt sje eða heppilegt að hafa ákvæði í frv., sem færi í þessa átt, enda þótt mjer sýndist, að þess væri þörf, en hitt taldi jeg sjálfsagt, að þetta kæmi fram við umræðurnar.

Jeg hefi eigi komið fram með brtt. við frv. sökum þess, að jeg hefi ekki haft tíma til þess að undirbúa slíkt. Jeg tel það sjálfsagt, sökum þess, hve bankinn hefir litlu úr að spila meðan hann er að komast á laggirnar, að fara varlega í allan rekstrarkostnað við hann, og er því fyllilega samþykkur frv., að rjett sje að hafa einungis 1 bankastjóra í byrjun, og 2 af bankastjórum Landsbankans honum til aðstoðar sem meðstjórnendur. Hins vegar sýnist mjer ástæðulaust að borga meðstjórnendum þetta starf sjerstaklega, því fyrirhöfn þeirra eykst að litlum eða engum mun frá því, sem nú er við veðdeildina, og auk þess eru þeir sæmilega launaðir. Væri svona varlega í farið með stjórnarkostnaðinn, og auk þess lítill annar tilkostnaður til starfsmanna við bankann, þá hygg jeg, að enginn þurfi mjög að óttast kostnaðargrýluna.

Pjetur Þórðarson: Hæstv. atvrh. (P. J.) tók það skýrt fram í ræðu sinni, að hann hefði ekki haft tíma til að athuga þetta mál nægilega. Kemur þetta vel heim við mína skoðun. Ræða hæstv. atvrh. (P. J.) bar þess líka ljósan vott, því að enda þótt góðar athugasemdir kæmu frá honum, þá var ræðan samt nokkuð á reiki og sundurlaus. Sannaði hann með henni það, sem

hann hjelt fram við 1. umr. máls þessa, að málið væri ekki svo enn undirbúið, að ekki þyrfti að koma sjer saman um ýms atriði og undirbúa málið betur.

Sjerstaklega vil jeg leggja áherslu á það, að hjer er horfið frá grundvellinum undir þál. 1919. Væri raunar eigi svo mikið um þetta að segja, ef eigi væri svo ráðstafað ræktunarsjóðnum, sem hjer er gert. Sannfærist jeg um það æ betur og betur, að með ráðstöfun þeirri verði, svo að segja, hinni einu stoð landbúnaðarins í þessu efni kipt undan honum og skotið undir kaupstaðina, og þá fyrst og fremst Reykjavík. Satt er það, að gildar ástæður mæla með því, að láta ekki þau tækifæri, sem gefast kunna landbúnaðinum til viðreisnar, ónotuð, en aðalatriðið í þessu máli er það, hvaða trú menn hafa á því, að peningar fáist til þessarar lánsstofnunar. Skyldi jeg vera fús á að samþykkja frv. þetta, ef jeg teldi nokkur líkindi á, að nægilegt fje fengist í náinni framtíð til þess að fullnægja almennum veðlánum. En eina lindin, sem úr hefir verið ausið, veðdeild Landsbankans, er nú þornuð. En fylgjendur þessa frv. hafa eigi enn vakið trúna á það, að banki þessi verði annað en pappírsgagn fyrir landbúnaðinn, að minsta kosti lengi fram eftir; væri því illa farið með ræktunarsjóðinn, ef frv. næði fram að ganga óbreytt.

Brtt. á þskj. 258 tel jeg mjög lítils virði. Sýnist mjer barnalegt að halda, að ákvæði um slíkan forgöngurjett landbúnaðinum til handa kæmi að nokkru haldi, og reglugerðarákvæði í þessa átt mundi ekkert stoða, því að utan hjá því mætti sífelt komast. Virtist mjer hæstv. atvrh. (P. J.) vera mjer sammála hjer um.

Eigi fæ jeg heldur sjeð, að brtt. á þskj. 320 bæti hjer um í nokkru verulegu, og erum við hæstv. atvrh. (P. J.) þar ósammála. Er þar aðeins vikið við forsendunum, líklega eftir till. hæstv. fjrh. (M. G.), en bókstafurinn er hinn sami í báðum tilfellunum, og meiningin sem sje sú að reyna til þess að fá einhverju um þokað frá frv., landbúnaðinum eða lánsþörf hans í hag. En þó sýnist mjer, að taki langt út yfir allan annan rökstuðning fylgjenda frv., þegar þeir telja trygginguna fólgna í manninum, sem veita á bankanum forstöðu. Því þó að maðurinn sje ungur og hraustur og hversu mikill landbúnaðarvinur, sem hann kann að vera, þá er tryggingin samt lítil, svo framarlega sem bankanum er lengra líf ætlað en manninum.

Mig minnir, að háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gæti þess, þegar hann mælti með brtt. sínum, að hann ætti að etja við mótstöðu úr öllum áttum. Jeg skal nú taka það fram, að jeg er ákveðinn í því að greiða brtt. hans flestum eða öllum atkv., því verði frv. samþykt, þá er að þeim hin mesta bót. Hitt þykir mjer aftur á móti sennilegt, að nauðsyn beri til að samræma þær við frv. sjálft betur en enn hefir verið kostur. Er jeg sannfærður um, að ef fleiri atriði væru tekin til athugunar, mundu breytingar verða gerðar á þeim; skal jeg þar til nefna ýmislegt viðvíkjandi stjórn bankans, fyrirkomulagi hans og veðdeildarinnar, sem til hans á að hverfa, o. fl.

Því hefir verið haldið fram, að brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) mundu auka störf við bókfærslu og gera hana erfiðari. Má vel vera, að þetta sje rjett, en jeg tel þar fyrir sjálfsagt, að leggjast ekki undir höfuð að koma deildinni á, því að hún er bráðnauðsynleg.

Annars er í frv. sjálfu, 2. gr., gert ráð fyrir að taka að sjer mjög umfangsmikla sjerdeild, er hafi sín sjerstöku lög og reglugerðir og reikningshald; er því eigi stofnað með till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) til neinna þeirra erfiðleika, sem eigi voru áður fyrir hendi.

Það gæti annars verið full ástæða til

þess að athuga, hvernig það samrýmdist við þessa stofnun, að taka veðdeild Landsbankans, með lögum hennar og reglugerðum frá 10. nóv. 1913 algerlega óbreyttum, og sameina hana stofnuninni.

Meðal annars hefir 4. flokkur veðdeildarinnar heimild til að gefa út bankavaxtabrjef fyrir 5 miljónir króna. Þessi heimild hefir enn ekki verið notuð nema að hálfu leyti, sökum þess að örðugt hefir reynst að selja bankavaxtabrjefin. Ef veðdeildin verður nú tekin inn í þessa stofnun eins og hún leggur sig, og óbreytt, þá vefst fyrir mjer, hvernig á að nota þessa fyrnefndu heimild hennar, hvort gefa eigi út öll þau bankavaxtabrjef, sem henni tilheyra, og nota svo heimildina áfram, eða hvort stöðva eigi framkvæmdir veðdeildarinnar, að svo miklu leyti, sem þær eru eigi þegar stöðvaðar, og þá, ef til vill, að breyta einhvað þeim reglugerðum, sem hún hefir starfað eftir.

Jeg býst nú ekki við að geta rakið hjer neitt til hlítar þau athugaverðu atriði, sem athugunar þyrftu í máli þessu, og því tek jeg þann kostinn að leggja það til, að málið verði ekki samþykt að þessu sinni. Hins vegar er jeg stofnuninni fylgjandi, vil einungis, að þetta mál verði betur íhugað. Læt jeg þetta nægja til að gera grein atkvæðis míns um brtt. á þskj. 290, en jafnvel þó þær verði samþyktar, mun jeg samt sem áður ekki treystast til að greiða frv. atkvæði mitt.

Stefán Stefánsson: Flestir háttv. þm. hafa sjálfsagt orðið þess varir, hve umkvartanir bænda undanfarin ár hafa verið háværar, út af því að geta ekki fengið lán í bönkunum, sem mættu standa um nokkur ár, eða með öðrum orðum samsvöruðu atvinnurekstri þeirra. Bankarnir lána aðallega til mjög skamms tíma, en bændur þurfa á löngum lánum að halda; önnur lán koma þeim að litlu liði. Óskir þeirra hafa því gengið í þá átt, að komið væri á fót lánsstofnun, er sniðin væri við þeirra þarfir. Jeg hygg því, að það hafi glatt margan bóndann, er hann frjetti, að nú lægi fyrir Alþingi frv. um fasteignabanka, sem ætti að verða stoð þeirra og stytta.

En þegar jeg fór að athuga frv., þá sýndist mjer svo miklir annmarkar á því gagnvart bændastjettinni, að hún hefði þaðan lítils trausts að vænta. Sló sú hugsun mig, að mest af fjenu mundi fara til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum, og þá einkum til húsabygginga í Reykjavík, þar sem bankinn verður þar, og íbúum þess kaupstaðar því hægust heimatökin.

Með öðrum orðum, mjer virtist mundi verða að nokkru leyti sama ástandið áfram og bændur sömu olnbogabörn fyrir kaupstaðarbúum og áður. Jeg hygg, að flestum háttv. deildarmönnum hafi dottið eitthvað líkt í hug og mjer, enda eru þegar komnar fram breytingartillögur frá nokkrum þm., sem bera það fyllilega með sjer.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) flytur tillögur, sem eiga að miða að því að tryggja bændum lán til jarðræktar, og ræður til, að sjerstök deild verði stofnuð við bankann, er nefnist „Jarðræktardeild Ríkisveðbanka Íslands“. Á tilgangur hennar að vera sá að veita lán *aðeins* til jarðræktar, sem trygð sjeu með veði í þeirri fasteign, sem láninu er varið til jarðræktar á, eða trygð á annan hátt.

Ætlast hann til, að bankinn gefi út og selji *sjerstök* bankavaxtabrjef fyrir þeim upphæðum, sem bankinn ver til slíkra lána. Jeg get nú ekki sjeð, að þessi skifting á bankanum leiði til meiri útlána til sveitabænda eða landbúnaðarins, miklu fremur virðist mjer, að skiftingin geti orðið þess valdandi, að verðbrjef bankans seljist ver, eða þessarar deildar, þegar ekki standa á bak við þau allar þær tryggingar, sem bankinn hefir. En það yrði auðsjáanlega til þess, að útlánsfje deildarinnar yrði að

því skapi minna. Af þessum ástæðum get jeg því ekki fallist á þær brtt. háttv. þm., sem að skiftingunni lúta.

Háttv. þm. Mýra (P. Þ.) neitaði því ekki, að það sjerstaka reikningshald, sem af þessu leiddi fyrir bankann, mundi fremur auka fyrirhöfnina með reikningshaldið, en vildi þó styðja að stofnun sjerstakrar deildar, en sagði hins vegar ekki beinlínis um það, hver áhrif skiftingin mundi hafa á sölu bankavaxtabrjefanna, ef hún kæmist á. Allar tryggingarnar, sem nefndar eru í 7. gr., hljóta að vera öruggasta og sjálfsagðasta skilyrðið fyrir því, að brjefin seljist. Mín afstaða gagnvart þessum tillögum er því aðallega af ótta við það, að brjefin muni ekki seljast, ef tryggingarfje sjóðsins skiftist. Og ef brjefin ekki seljast, þá er ekki meira fje til en nú. Þetta er nú mín skoðun á brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.).

Þá er það brtt. á þskj. 258 frá hv. 1. þm.Árn. (E.E.) og hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.). Mjer geðjast betur að henni, því að hún ætlast ekki til, að það verði nein sjerstök deild, en nokkurt aðhald að bankastjórunum, að láta jarðabótalán sitja fyrir. En hún fer líka of skamt, því að hún á aðeins við jarðræktarlán, en það eru fleiri lán, sem landbúnaðurinn þarf, bæði til jarðakaupa, rekstrarkostnaðar, bæja- og húsabygginga í sveitum. Þessi lán til landbúnaðarins er mest um vert. Það er öllum kunnugt, að bændur þessi síðustu ár hafa lítið eða ekkert bygt nema það, sem allra nauðsynlegast hefir verið. Þeir hafa ekki treyst sjer til þess, en fjöldi bænda mun byggja bæina upp af nýju, er byggingarefni fellur, ef þeir fengju þá hentug lán. Þessu legg jeg mest upp úr. Þess vegna hefi jeg og 1. þm. Rang. (Gunn. S.) komið með brtt. á þskj. 320. Hún veitir bankastjóranum það aðhald, sem hægt er með breytingum á frv., en ef gengið er lengra, þá yrði eiginlega frv. algerlega fært í annað form. Að kveða harðar að orði en gert er í tillögu okkar, hygg jeg að naumast sje gerlegt, því stjórn bankans hefir þar sannarlega mjög verulegt aðhald.

Það gladdi mig að heyra undirtektir hæstv. atvrh. (P. J.) undir þessa tillögu. Jeg þykist vita, að hann hafi allmikið hugsað um þetta atriði, þó hann hafi ekki gert brtt. við frv.

Jeg hefi svo ekki fleiri orð að segja um tillöguna, en það eitt er víst, að hún er fram komin af velvild til landbúnaðarins, og mjer þótti vafasamt, hvort það reyndist heppilegt að ganga lengra í þessu falli.

Jeg teldi það slælega að verið af þessu þingi, ef það treysti sjer ekki til að samþykkja þetta frv. með þessari meginbreytingu. Sumir hafa sett það fyrir sig, að það væri illa undirbúið. En að hverju leyti? Etli það tæki miklum breytingum til batnaðar, þó að það yrði hjer til meðferðar þing eftir þing? Sá maður, sem það hefir samið, hefir undirbúið það svo rækilega, að ekki er að búast við, að gerðar verði stórar umbætur á því, þó að því verði frestað. En ef það er til þess að fá fullvissu fyrir að brjefin seljist, þá hugsa jeg að menn megi lengi bíða, því það sjá menn fyrst fyllilega, þegar til þess kemur.

Jeg mun því greiða atkvæði með frv., í fullu trausti þess, að alt verði gert til að selja bankavaxtabrjefin, og að það takist.

Frsm. (Jakob Möller): Það er nú margt og mikið búið að tala um þetta mál, en mig langar þó til að tefja háttv. deild ofurlítið.

Það eru þó raunar fá orð, í svo löngum umræðum, sem þarf að svara.

Háttv. frsm. minni hlutans (J. A. J.) vill láta fresta stofnun fasteignabankans. En samkvæmt forsendum hans í nál. minni hl., þá virðist það ekki vera nein „frestun", sem fyrir honum vakir, heldur ætlast hann til þess, að horfið sje algerlega

frá því að stofna veðbanka á þessum grundvelli, og vill beinlínis láta fella frv., og þar með að vísu fresta, að það komi til framkvæmda um fyrirsjáanlegan tíma!

Hann segir í ástæðunum, að bankavaxtabrjefin seljist, en byggir í ræðum sínum á óseljanleik þeirra.

Meiri hl. byggir á því, að það sje hægt að selja slík brjef hjer á landi eins og annarsstaðar, og bendir á sjerstaka aðferð til að fá menn til að kaupa þau. Sú aðferð hefir verið reynd í öðrum löndum og gefist þar vel. Ef háttv. minni hluti ætlar að fá menn til þess að fallast á þá kenningu, að Ísland sje í þessum efnum undantekning frá almennri reglu, þannig að hjer geti engan veginn átt við sama fyrirkomulag á fasteignabanka eins og í öðrum löndum, vegna þess, að bankavaxtabrjef sjeu óseljanleg hjer, þá verður hann að gæta þess, að sönnunarskyldan hvílir á honum.

Háttv. frsm. minni hl. (J. A. J.) gat þess, að útbú Landsbankans á Ísafirði hefði gert talsvert til að koma bankavaxtabrjefunum út, og tekist það svo, að þar hafi selst meira en annarsstaðar, að tiltölu. Það er sönnun þess, hvaða þýðingu það hefir, að eitthvað sje gert til að selja þau. — Meiri hl. byggir á því, að með því að stofna sjerstakan veðbanka sje einmitt unnið að því, að meira verði gert til að selja vaxtabrjefin. Og einmitt með þetta fyrir augum er í frv. gert ráð fyrir umboðsskrifstofum úti um landið. Að starf slíkra umboðsskrifstofa muni ekki verða til ónýtis, má einmitt ráða af því, sem háttv. frsm. minni hl. (J. A. J.) sagði um bankavaxtabrjefasöluna á Ísafirði. Ef háttv. frsm. minni hl. hefir getað selt meira en gert hefir verið annarsstaðar, þá má gera ráð fyrir því, að mörgum svo áhugasömum mönnum, dreifðum út um land alt og algerlega óháðum hinum bönkunum, mundi verða mikið ágengt í þessum efnum.

Það var alls ekki tilgangurinn að móðga háttv. frsm. (J. A. J.), er jeg sagði, að það, að hann liti svo óhýrt til þessa máls, mundi ef til vill stafa af því, að hann einmitt veitir forstöðu bankastofnun, er fæst við almenna bankastarfsemi. Ef svo væri, sem jeg gat til, þá finst mjer það bera vott um lofsverða umhyggju hv. þm. (J. A. J.) fyrir stofnuninni, sem hann ber ábyrgð á.

Þá verð jeg að leiðrjetta misskilning, sem kom fram hjá sama háttv. þm. (J. A. J.) á því, sem jeg sagði um sölu bankavaxtabrjefa til útlanda. Þótt aðallega sje bygt á sölu þessara bankavaxtabrjefa innanlands, þá er ekki þar með sagt, að alls ekki sje gert ráð fyrir því, að markaður geti orðið fyrir þau erlendis. Það er svo alstaðar í öðrum löndum, að aðalmarkaður vaxtabrjefa slíkra stofnana er innanlands. Verður að gera ráð fyrir því, að eins verði hjer. En þó má gera ráð fyrir einhverri sölu til útlanda í framtíðinni, þegar stofnunin er kunn orðin, og það er einmitt í frv. gert ráð fyrir þessu, því að heimildin til að selja heila flokka fyrir fram er auðvitað gefin með sölu til útlanda fyrir augum.

Í raun og veru þarf jeg ekki að svara háttv. frsm. (J. A. J.) fleiru. Það gildir einu, hvort vextirnir af skuldabrjefum stofnsjóðanna ganga beint til bankans til að standast kostnaðinn, eða þeir eru greiddir til ríkissjóðs, og hann leggur bankanum svo aftur fje, til að standa straum af rekstrinum. Bæði sjóðirnir og bankinn eru og verða eign ríkisins, og spurningin er því aðeins um það, í hvorn vasann eigi að láta þetta fje. Ef bankann á að stofna, þá er óhjákvæmilegt að greiða rekstrarkostnað hans. Jeg get ekki fallist á það, að það sje á nokkurn hátt heppilegra að leggja bankanum árlega einhvern styrk

í fjárlögum, og síst yrði það fremur til að ávinna honum traust. — Spursmálið um þessa vexti getur því aldrei orðið neitt höfuðatriði, og ekki neitt sjálfstætt atriði, ef að öðru leyti verður talið rjett að stofna bankann.

Háttv. þm. Mýra (P. Þ.) er ekki alveg sammála háttv. frsm. (J. A. J.). Hann þvertekur ekki fyrir, að komið geti til mála að stofna veðbanka á fyrirsjáanlegum tíma, en álítur, að það sje ekki rannsakað, og sjerstaklega horfir hann í það að leggja ræktunarsjóðinn í bankann. En hann gerir þó ráð fyrir, að þessi stofnun verði einhverntíma í náinni framtíð tímabær. Hann segir hins vegar, að bankinn verði pappírsgagn fyrst um sinn, og þess vegna vill hann fresta framkvæmdunum. En það er hætt við því, að sú ástæða til frestunar verði altaf fyrir hendi, þegar til á að taka. Það, að bankinn verði aðallega „pappírsgagn" fyrst í stað, verður aldrei umflúið, hvað lengi sem frestað verður stofnun hans. Hvers vegna á þá að draga stofnun hans von úr viti? Ef háttv. þingmaður ekki hugsaði sjer, að þetta gæti lagast, og að aldrei kæmi sá tími, að bankinn yrði annað en pappírsgagn, þá væri það eðlilegt, að hann vildi fresta.

Viðvíkjandi því, að 4. fl. veðdeildarinnar hafi ekki getað starfað neitt að ráði undanfarin ár, þá er þess að gæta, að samkvæmt lögum veðdeildarinnar verður vöxtunum ekki breytt. Brjefin eru því óseljanleg nú, þar sem sparisjóðsvextir og vextir af föstum innlánum eru jafnvel töluvert hærri en vextir af brjefunum. En þessu þarf að breyta. Vextir af fasteignalánum verða að vera breytilegir, eins og aðrir vextir. Og í frv. er einmitt gert ráð fyrir því, að bankinn geti gefið út brjef með mismunandi vöxtum.

Mönnum er sárt um og bera kvíðboga fyrir því, að landbúnaðurinn verði hafður útundan, eða verði ekki látinn sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum atvinnuvegum. — Það kom greinilega fram hjá háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), að hann hefir ekki gert sjer ljóst, af hverju sá ótti helst ætti að geta stafað.

Jeg vil því benda á það, að vissulega má gera ráð fyrir því, að landbúnaðurinn verði ver settur, meðan veðdeildin er í sambandi við almennan viðskiftabanka; að bankastjórnin liti minna á hag hinna aðkomnu, stopulu viðskiftamanna en hinna föstu viðskiftavina bankans. Þessir föstu viðskiftavinir bankans hafa oft margvísleg viðskifti með höndum, og það getur oft komið sjer vel, bæði fyrir þá og bankann, að geta flutt þunglamaleg viðskiftalán úr bankanum yfir í veðdeildina. Þannig er hætt við því, að veðdeildin sje oft og einatt notuð til að ljetta af bankanum, og minna tillit tekið til þess, hver „verðugastur" er, og sjerstaklega þá einmitt hætt við, að landbúnaðurinn verði útundan. — Og einmitt af þessu, meðal annars, hve mjög það getur verið freistandi fyrir bankann að misbrúka veðdeildina, ætti mönnum að geta skilist, að þetta samband sje óheppilegt.

Jeg vil taka það fram, að jeg get fyrir mitt leyti alls ekki fallist á rökfærslu þeirra manna, er halda því fram, að landbúnaðurinn eigi sjerstaklega að hafa forgangsrjett að lánum úr veðbankanum, *vegna þess* að ræktunarsjóðurinn og kirkjujarðasjóðurinn verða lagðir til bankans. Eins og þessir sjóðir sjeu sjereign landbúnaðarins! Þeir eru sameiginleg eign alls landsins, þó að þeir hafi verið notaðir eingöngu til að styrkja landbúnaðinn, og hann hafi sölsað þá undir sig. Kirkjujarðir og þjóðjarðir eru sameign alls landsins, og þá einnig andvirði þeirra, þegar þær eru seldar, og ætti því öll þjóðin að njóta sjóða þessara jafnt.

Hvað því viðvíkur, að jarðræktarlán verði látin ganga fyrir, þá tel jeg þó hins

vegar engan vafa á, að það verði gert. Jeg verð að líta svo á, að slík fyrirtæki sjeu einhver hin þörfustu, sem til mála getur komið, að bankinn eigi að veita fje til, og ber þá af þeirri ástæðu að sjálfsögðu að láta þau sitja fyrir. Það verður að gera ráð fyrir því, að bankanum verði altaf stjórnað af skynsamlegu viti, og það má gera ráð fyrir því, að stjórn bankans verði að minsta kosti ekki hliðhollari öðrum atvinnugreinum en landbúnaðinum. En hvað sem því liði, þá yrði nú eftirsjónin að þessum umræddu sjóðum ekki mikil. Þess ber að gæta, að sjóðirnir eru nú algerlega útlánaðir. Til útlána framvegis verður því aðeins það, sem borgast af gömlu lánunum. Það fje verður vitanlega ekki að engu, þó að sjóðirnir hverfi undir veðbankann, en alveg víst má telja, að *því* verði eingöngu varið til landbúnaðarlána. — Hins vegar er um það að ræða að nota þessa óhandbæru sjóði til þess að afla handbærs fjár til nýrra lánveitinga til allskonar þjóðþrifafyrirtækja, og er þá að athuga, hvernig það fje fæst. Það verður að fást frá öllum stjettum, ekki eingöngu frá bændastjettinni. En ef bankinn yrði fyrirfram stimplaður sem eingöngu eða fyrst og fremst „lánsstofnun fyrir landbúnaðinn", þá gæti það orðið til þess, að aðrar stjettir legðu síður fje sitt í vaxtabrjef bankans. (*Fjrh.*: Þm. vill eðlilega draga taum kjördæmis síns). Jeg þakka hæstvirtum fjármálaráðherra „komplimentin". En afstaða mín í þessu máli stjórnast ekki að neinu leyti af hreppapólitík. Jeg hefi það eitt fyrir augum, að þessi fyrirhugaða stofnun verði sem styrkust og megi sem mest gagn vinna öllum stjettum. Ef jeg vildi landbúnaðinum ilt og hugsaði aðeins um kjördæmi mitt, þá mundi jeg sennilega hallast að till. háttv. samþm. míns, 3. þm. Reykv. (J. Þ.), um tvískiftingu bankans, án þess að jeg þar með vilji gefa í skyn, að slíkt vaki fyrir honum. Fyrir mjer vakir ekki nein togstreita, heldur vil jeg stofna fasteignabanka fyrir alt landið, og draga ekki taum annars helmings þjóðarinnar, á hins kostnað, að neinu leyti. Ef vakinn yrði stjettarígur í sambandi við þetta mál, mætti svo fara, að bankastofnun þessi yrði svo óvinsæl, að hún yrði að engum notum fyrir neinn; ekkert annað en „pappírsgagn".

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) taldi æskilegra, að stofnanirnar væru 2, en ekki 1. Jeg get skilið þessa skoðun eftir till. hans, sem er í samræmi við þær. En höf. frv. hefir þótt þessi leið óheppileg, og er jeg honum þar sammála. Jeg held, að 2 keppandi stofnanir hlytu að spilla hvor fyrir annari, t. d. við sölu brjefa. Það er hætt við að minsta kosti önnur stofnunin, ef ekki báðar, biðu hnekki við þessa tilhögun, enda kemur það fram í till. háttv. þingmanns, að hann hefir haft grun um, að svo yrði.

Sami háttv. þm. (J. Þ.) sagði, að veðdeildin hefði orðið landbúnaðinum að litlu gagni. Ef til vill hefir hann gert of lítið úr því gagni, sem landbúnaðurinn hefir haft af veðdeildinni, en ekki er ólíklegt, að það hefði mátt verða meira. Jeg hefi nú bent á það, af hverju þetta muni stafa, sem sje sambandinu við Landsbankann. En hinu hefi jeg ekki haldið fram, og jeg býst ekki við, að háttv. þm. (J. Þ.) geri það heldur, að um vísvitandi tilhneigingu bankastjórnarinnar í þá átt að láta landbúnaðinn sitja á hakanum hafi verið að ræða.

Veðdeildin og Landsbankinn, sem er almennur viðskiftabanki, eru svo ólíkar stofnanir, að ekki er eðlilegt að hafa þær undir sömu stjórn. Alt öðru máli er að gegna um sameiginlega fasteignalánsstofnun fyrir sveitir og kaupstaði. Og

hvað jarðræktarbrjefunum viðvíkur, þá geta þau eins verið sjerstök, þó að stjórn bankans sje ein. Jarðræktarlán verða veitt til skemri tíma, og er eðlilegt, að brjefin verði, samkvæmt því, útgefin til skemri tíma en önnur brjef bankans.

Þá hjelt háttv. þm. (J. Þ.) því fram, að ákvæðin um jarðræktarlánin væru óljós í frumvarpinu, og á þeim væri ekki tekið nægilega föstum tökum. Og það var ekki nema eðlilegt, að háttv. þingmaður teldi till. sínar bæta úr því. Um það vil jeg ekki þrátta, aðeins benda á það, að brtt. háttv. þm. (J. Þ.) eru, að efni til, teknar upp úr samsvarandi grein frv., og jeg fæ ekki sjeð, að orðalag þeirra nái betur þeim tilgangi, sem ætlast er til. Jeg hefi áður sýnt fram á þetta, og tel óþarfa að gera það aftur, en ef háttv. deildarmenn eru enn í vafa, bið jeg þá að lesa saman 15. gr. frv. og brtt., og sannfæra þannig sjálfa sig. Það er á báðum stöðum gert ráð fyrir að veita lán til jarðabóta út á jarðeignir, en þau lán á ekki að greiða fyr en jafnóðum og jarðabæturnar eru gerðar. Samkvæmt frumvarpinu njóta þessi lán sama rjettar, þó að þau sjeu í raun og veru lakar trygð en önnur lán, eða með öðrum veðrjetti. Vaxtabrjefin, sem bankinn gefur út fyrir þessum lánum, verða trygð eins og önnur brjef hans. Tryggingin í heild sinni verður ef til vill rýrari, en með þessu eru þó einmitt jarðabótalánin gerð auðveldari á kostnað annara lána. Ef til væri sjerstök stofnun fyrir þessi lán eingöngu, gæti slíkt ekki orðið, og yrðu því brjef þeirrar stofnunar ver trygð en hin brjefin, og stofnunin stæði ver að vígi. Brtt. háttv. þm. (J. Þ.) geta því ekki orðið til þess að hlaða undir jarðabótalánin, heldur þvert á móti.

Um aðrar brtt. háttv. þm. (J. Þ.) get jeg verið stuttorður. Jeg get fallist á sumar þeirra, þó að jeg sjái ekki sjerstaka ástæðu til þess að samþykkja þær. Helst væri það till. um virðingarnar, en hún er í beinu sambandi við tvískiftinguna, og kemur því ekki sjerstaklega til atkvæða. Jeg er heldur ekki á móti brtt. við 16. gr., en þó vil jeg benda á það, að slíkt ákvæði, sem þar er um að ræða, er ekki einsdæmi eða með öllu óþekt í löggjöf. Erlendis er veðbönkum gefin heimild til að hafa hönd í bagga með hvernig sveitar- og bæjarfjelög haga sjer í lántökum sínum, og sje jeg ekki sjerstaka ástæðu til að óttast það.

Brtt. við 22. gr. er ekki stórvægileg, en vera má, að heppilegra sje að taka þetta fram.

Um lántökugjaldið er það satt, sem hv. þm. (J. Þ.) sagði, að það hefir ekki þekst hjer fyr en í 4. veðdeild; en það er ekki eins óskiljanlegt eða óþarft og háttv. þm. (J. Þ.) vill vera láta. Þetta tíðkast annarsstaðar, og er vitanlega til þess eins að efla stofnunina, sem sje, að afla með því varasjóðnum tekna. Sama er að segja um eigendaskiftagjöldin. Bankanum er nauðsynlegt að „fylgjast með“ öllum eigendaskiftum, því að verðmæti veðanna og trygging sú, sem í þeim felst, getur farið eftir því, hver á þau. Þess vegna er sjálfsagt að leggja einhverjar sektir við því, ef bankanum er ekki gert aðvart um eigendaskiftin. En þess er vert að geta, að í 4. flokki veðdeildar er þetta skyldugjald, sem greiða ber við öll eigendaskifti, hvort sem þau eru tilkynt eða ekki.

Þá vill háttv. þm. (J. Þ.), að stjórnin borgi út stofnfje bankans smátt og smátt. Stjórninni er þetta vitanlega í sjálfsvald sett, og gæti hún gert hvort sem hún vildi. En jeg tel óheppilegt að draga úr tryggingunni af ásettu ráði, með því að ákveða þetta. Það þarf ekki að óttast, að ríkisstjórnin eigi erfitt með að greiða þessa tryggingu, því hún getur lagt hana fram í ríkisskuldabrjefum, ef henni líst

svo. Þá hefi jeg minst á aðalatriðin úr ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og svarað því, sem jeg áleit athugavert.

Jeg sný mjer þá að háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) og till. hans á þskj. 320. Hann gat þess, að það væri á valdi bankastjórnarinnar, hve langt ætti að ganga í því, að láta landbúnaðinn sitja í fyrirrúmi. Þessi ummæli áttu að taka broddinn af till. hans og gera hana aðgengilegri. En jeg hygg, að svo fari, sem hv. þm. (St. St.) benti á, hvaða skorður, sem kunna að verða reistar. Bankastjórnin hlýtur altaf að ráða því, hvað langt skuli ganga í þessu efni, og ómögulegt er að gefa ákveðna reglu um það. Setjum svo, að bankastjórninni berist á einum degi 20 lánbeiðnir úr kaupstöðum, en 10 úr sveitum; hvað á hún þá að gera? Ef hún veitir 9 af kaupstaðabeiðnunum, en 5 af hinum, þá er ilt að segja, hver sitji í fyrirrúmi í raun og veru. Eins geta tryggingarnar verið mismunandi og bankastjórnina vantað fje, þegar lánbeiðnirnar berast t. d. frá sveitunum. Ef setja ætti ströng ákvæði, yrði það engum til góðs; það yrði til þess eins, að komið gæti fyrir, að bankinn lægi með fje sitt og þyrði ekki að binda það.

Hæstv. fjrh. (M. G.) beindi spurningu til nefndarinnar um vextina af fje stofnsjóðsins, eða þeim sjóðum, sem hann verður stofnaður af. Hann sá eftir þeim, og skal jeg ekki lá honum það. Honum þótti óþarfi að ætla varasjóði bankans svo miklar tekjur, og benti á varasjóði veðdeildanna. En þeir eru aðeins til tryggingar veðdeildinni, eins og hún er nú, eða hennar vaxtabrjefum. Við tryggingu þeirra brjefa má ekki hrófla, og verður þessu því ekki breytt. Og þó að ríkissjóður missi vexti af þessum margumræddu sjóðum, þá er þess að gæta, að þeim verður varið til að efla stofnunina, og er þetta því ekki sama sem að kasta þessu fje á glæ. Það getur þó komið til mála, að nefndin geti fallist á, að bankinn greiði hærri vexti en 2% — að þeir hækki t. d. úr 2% í 3%, en jeg tel vafasamt, að það sje til bóta, því ríkissjóð munar þetta ekki miklu, en bankanum er það meira virði.

Þá spurði hæstv. ráðherra (M. G.) hvers vegna ætti að skrásetja vaxtabrjef bankans í stjórnarráðinu. Jeg býst við, að það sje aðeins tryggingarákvæði, en jeg hefi ekki athugað það nánar, hve verulega þýðingu það hefir.

Hæstv. ráðherra kunni illa við það, að svo er fyrir mælt, að bankastjórnin semji, en ráðherra staðfesti reglugerð bankans. En þetta ákvæði er, eins og nú er, í veðdeildarlögunum, og sje jeg ekki ástæðu til að amast við því.

Þá var hæstv. ráðherra (M. G.) eitthvað að amast við ákvæðum 19. greinar frv. En í því sambandi þarf hann ekkert að óttast, því að með þessum ákvæðum er ríkissjóður vitanlega ekki skyldaður til að takast neina ábyrgð á hendur. Ákvæði þessi koma því aðeins til framkvæmda, að þingið taki síðar upp þá stefnu að hlynna að grasbýlarækt á landinu á þennan hátt, með því að ábyrgjast þannig lán til þeirra, eða í öðru lagi getur hjer verið um að ræða húsabyggingar í kaupstöðum o. fl. Hann viðurkendi þó, að vel mætti vera, að farið yrði að vinna að ræktun landsins með grasbýlarækt, en það liggur í augum uppi, að til þess þarf fje, og það fje er tæplega hægt að fá nema með einhverjum tilstyrk ríkissjóðs. Sama er að segja um húsagerð, ef húsnæðisskortur þrengir að, og hefir stjórnin viðurkent það, með því að styðja slík byggingarfyrirtæki, sem hjer er um að ræða, þó ekki hafi það verið í stórum stíl.

Loks taldi hæstv. ráðherra (M. G.)

óþarfa að launa bankastjóra og endurskoðendur Landsbankans fyrir störf þeirra við þessa bankastofnun. Við álítum það þó viðkunnanlegra, og það er heppilegra, ef það er rjett, að menn vinni betur það, sem vel er launað. Við gerum þetta ekki að kappsmáli, að minsta kosti ekki hvað endurskoðendurna snertir. Þeirra starf verður væntanlega svipað því, sem verið hefir. Um bankastjórana er nokkuð öðru máli að gegna, því að þeir verða að ætla starfi sínu við veðbankann sjerstakan tíma, og verður starfið þannig beinlínis aukið starf á þeim frá því, sem verið hefir.

Jeg ætla svo ekki að segja fleira að sinni. Jeg get yfirleitt verið þakklátur háttv. þingmönnum fyrir það, að þeir hafa talað vingjarnlega um málið, og jeg vona, að frv. nái fram að ganga með sem minstum breytingum.

Jón Þorláksson: Jeg ætla fyrst að minnast á eitt lítið atriði, sem ekki kemur við brtt. mínum. Háttv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) hefir þrisvar gert að umtalsefni afstöðu háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), í sambandi við hann sem bankastjóra. Til þess er lítil ástæða, og er það í litlu samræmi við það, að sjálft frv. ætlast til þess, að tveir af bankastjórum Landsbanka Íslands skuli vera meðstjórnendur bankans fyrst um sinn, og þannig skipa meiri hluta stjórnar hans. Jeg held, að það sanna í máli þessu sje, að ekki þurfi að gera ráð fyrir mótstöðu af hendi landsbankastjórnarinnar gegn þessum veðbanka. Jeg er miklu hræddari um, að þessari stofnun muni ganga ver að selja brjef sín, er hún missir það samband við Landsbankann, er veðdeildin hafði. Jeg held, að öllum sje það ljóst, að brjefin hafi selst betur í veðdeildinni, einmitt vegna sambands hennar við bankann.

Þá vil jeg minnast á brtt. mínar og þau andmæli, sem komið hafa fram gegn þeim hjer í deildinni. Það hefir verið sagt, einkum af háttv. 1. þm. Árn. (E. E.), að þær hefðu í för með sjer óþarfa aukning bókfærslu og skriffinsku. Þetta er alveg tilhæfulaust, eins og háttv. þm. Mýra. (P. P.) hefir rjettilega bent á. Þessi fasteignabanki byrjar með því að starfrækja 5 deildir, og þó sú 6. komi í viðbót, þá skiftir það engu máli. Það þarf ekki að gefa út fleiri bankavaxtabrjef, og það þarf heldur ekki að gefa út fleiri skuldabrjef eða veita fleiri lán. Bókfærslan er öll sú sama og áður, nema ef þarf að skifta henni niður í fleiri bækur en ella.

Þá kem jeg að öðru mikilvægara atriði, sem fundið hefir verið að. Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) talaði annarsvegar um það, að brtt. mínar veiktu fyrirtækið í heild sinni, og hjelt því hins vegar fram, að jarðræktardeildin væri lakar trygð en bankinn í heild sinni. Þessu hvorutveggja skal jeg nú svara.

Það nær ekki nokkurri átt, að tillögur mínar veiki stofnunina, þar sem þær fara fram á, að stofnsjóðurinn verði aukinn úr 3 upp í 4 miljónir kr. Það er þó miklu fremur styrkur. Raunar fer jeg fram á, að ekki skuli skylt að leggja fram allar þessar 4 miljónir kr. þegar í stað, því að mjer hafði ekki hugkvæmst ráð til þess, en jeg kannast við, að það er rjett athugað hjá háttv. frsm. meiri hl. (Jak. M.), að þetta má gera á þann hátt, að gefin sjeu út ríkisskuldabrjef, og gæti jeg því fallist á þá breytingu á tillögu minni, að alt stofnfjeð yrði lagt fram á þennan hátt þegar í upphafi, og þá er ekki hægt að tala um, að stofnunin sje veikt.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, jarðræktardeildinni. Jeg skildi fyrst af ummælum háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), hvað átt hefði verið við með áður fram komnum ummælum frá háttv. 1. þm. Árn. (E. E.), að gert væri ráð fyrir því í till.

mínum, að tryggingarnar í 7. gr. nái ekki til bankavaxtabrjefa jarðræktardeildarinnar. Þetta er misskilningur. Stofnsjóður jarðræktardeildarinnar er henni til tryggingar, og stofnsjóður aðaldeildar er þeirri deild sjerstaklega til tryggingar, en hinar tryggingarnar eru sameiginlegar og óskiftar; það er ábyrgð ríkisins og varasjóðurinn. Yfir höfuð gera mínar brtt. engar breytingar á tryggingarákvæðum 1. liðs 7. gr. Þótt jeg helst hefði viljað tvær lánsstofnanir, þá hefi jeg ekki í brtt. mínum farið svo langt. Stofnunin er aðeins ein, því varasjóðurinn er einn, svo og aðrar tryggingar. Af þessu hefir svo loks verið dregin sú ályktun, að brjef jarðræktardeildarinnar seldust ver en hin. Sú ályktun fellur auðvitað burt með forsendunum. Jeg geri ekki ráð fyrir því, en skal þó viðurkenna, að ef um sölu erlendis væri að ræða, þá gæti hugsast, að lítill markaður væri fyrir jarðræktarbrjef þar. Jeg get ímyndað mjer, að erlendis þyki varhugavert að kaupa brjef, trygð af ræktun lands, er liggur jafnnorðarlega og Ísland. En jeg held, að frv., eins og það er, spilli ekki síður fyrir sölu hinna brjefanna. Menn í útlöndum verða tregari til að verja fje í fyrirtæki á því landi, sem þeir hafa ekki trú á. Þess vegna er hentugra að taka jarðræktardeildina út úr, enda verður altaf markaður fyrir brjef þeirrar deildar innanlands.

Hæstv. atvrh. (P. J.) vildi ekki „gera sjer miklar skrúplur“ út úr togstreitunni milli kaupstaða og sveita. Það er leiðinlegt að heyra slíkt, en það er ekki óalgengt, að menn nú á tímum geri sjer heldur far um að auka þá togstreitu, þótt ekki væni jeg hæstv. atvrh. (P. J.) um neitt slíkt. En jeg verð að líta svo á, og umræður í þessari háttv. deild hafa sýnt það, að það er ekki að ófyrirsynju sagt, að með frumvarpinu sje stofnað til togstreitu milli kaupstaða og sveita. Sú togstreita er beinlínis komin hjer inn í deildina með brtt. á þskj. 258 og 320. Og jeg er ekki í neinum vafa um það, að takist ekki að afgreiða þetta mál svo, að hjá þessari togstreitu verði komist, þá verður það fyrirtækinu til hins mesta hnekkis. Þess vegna er best að stilla svo í hóf, að ekkert verði úr slíku, og að því lúta brtt. mínar, að skilja ræktunarsjóðinn frá. Hann verður ávalt ásteytingarsteinninn, og honum þarf að ryðja úr vegi. Sú tillaga er hvorki af því fram komin, að jeg beri sjerstaklega hag kaupstaðanna eða hag sveita fyrir brjósti, heldur af því, að jeg vil, að hver fái sitt.

En svo geri jeg ráð fyrir, að lánveitingar til jarðakaupa og húsabygginga falli undir aðaldeildina. Hæstv. atvrh. (P. J.) gerði ekki alveg rjettan samanburð, að því er mjer fanst, er hann sagði, að það væri ótækt, að það væri ekki eins greiður aðgangur að lánum til jarðakaupa í sveitum og til húsabygginga í kaupstöðum. Jeg held, að það sje nú ekki svo vont, að ógreiðari aðgangur sje til þess að kaupa jarðir, því að slík lán eru oft misbrúkuð, og það væri ilt, ef stofnunin stuðlaði að aukningu jarðabrasks. Og mjer er það beinlínis ánægja að sjá það, að höfundi frumvarpsins hefir verið það ljóst, að það megi ekki verða svo rúmt um jarðakaupalán, að það verði til þess að koma á jarðaprangi. En jeg skal kannast við það, að það ætti að vera jafngreiður aðgangur að lánum til jarðabóta og nauðsynlegra húsabygginga í sveitum eins og til húsabygginga í kaupstöðum.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 258 og 320, og verð jeg að segja, að jeg get hvoruga þeirra aðhylst. Að efninu til fellur mjer betur við till. á þskj. 258, þótt hún sje nokkuð óhönduglega orðuð. En hin till. væri ágæt, ef hún stæði í frv. til laga um sjerstaka lánsstofnun fyrir land-

búnaðinn. Jeg skyldi þá hafa greitt henni atkvæði mitt, en þar sem nú er verið að ræða um stofnun fasteignabanka, sem á að vera jöfnum höndum fyrir sveitir og kaupstaði, þá er till. mjög ósamngjörn. Því að það er auðsætt, að fjárráð þessarar stofnunar verða um langt árabil ekki meiri en svo, að eingöngu yrði hægt að veita lán til landbúnaðar, ef till. næði fram að ganga. Það væri því sama og að gera bankann að stofnun fyrir landbúnaðinn, og inn í hana væri svo tekin, það er í reyndinni lögð niður, sú stofnun, er verið hefir fyrir kaupstaðina, veðdeild Landsbankans.

Háttv. frsm. (Jak. M.) gat þess, að það mundi mega gefa út sjerstök brjef, til styttri tíma en önnur brjef, eftir frumvarpinu óbreyttu. Jeg held, að frv. geri alls ekki ráð fyrir því, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að flokkarnir verði tveir, með mismunandi háum vöxtum.

13. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að sjerstök virðing megi undan falla, ef lánið fer ekki fram úr ½ af skattvirðingarupphæð fasteignarinnar. Líklega er átt við, að lán, sem veitt er að viðbættu áður fengnu láni, fari ekki fram úr hálfri skattvirðingarupphæðinni. Segjum nú svo, að bóndi treysti sjer til að rækta svo og svo mikið á ári, og biður um lán til þess. Nú mundi bankinn ekki treysta sjer að veita slíkt lán fyrir meira en 1, 2 eða 3 ár. En þegar sá tími er liðinn, þarf bóndinn að fá viðbótarlán. Þá er það mjög óhagkvæmt, að fram þurfi að fara ný virðing á allri eigninni. Að þessu efni lýtur 6. brtt. mín, að í reglugerð megi setja, að viðbótarlán úr jarðræktardeild megi veita, án þess að nýtt mat á eigninni í heild fari fram. Þetta ákvæði þarf að komast inn í frv., ef jarðabótalán eiga að verða almenn, en það er þar ekki nú.

5. brtt. mín rýmkar heimildina til veitinga á jarðræktarlánum. Jeg tel forsvaranlegt að gera það, ef þau lán eru sett í sjerstaka deild.

Jeg verð að segja það, að þessar till. mínar eru ekki sprottnar upp úr umræðum málsins hjer í deildinni. Efni þeirra er gamalt í huga mínum, því að mjer hefir lengi verið ljóst, að ef lánveitingar eiga að geta fleygt ræktun landsins áfram, þá þarf að vera greiðari aðgangur að þeim lánum en að fasteignaveðlánum alment, en til þess þarf að vera sjerstök lánsstofnun, eða sjerstök deild í lánsstofnun, fyrir þau lán. Með tímanum þarf að rýmka enn þá meira um þessi lán en brtt. mínar fara fram á, og vil jeg minnast á eitt atriði því viðvíkjandi.

Brtt. mínar gera eingöngu ráð fyrir jarðræktarlánum til jarðeigenda. En ef jarðrækt landsins á að komast í gott horf, þá þarf einnig að vera unt að veita ábúendum slík lán, þótt ekki eigi þeir jarðirnar. Jeg sje enga leið fyrir veðbankann að veita þessi lán samkvæmt frv., en ef stofnuð verður sjerstök jarðræktardeild, þá er nokkuð öðru máli að gegna, og mætti þá finna til þess einhver ráð. Ef til vill þarf þá að gefa út til þess sjerstakan flokk skuldabrjefa, en út í það skal jeg ekki fara nú. Jeg tel mikla þörf á, að slík lán geti verið fyrir hendi, sjerstaklega handa þeim ábúendum, sem hafa langan ábúðartíma. Mætti tryggja slík lán í sambandi við ákvæði ábúðarlaga með því, að jarðeigenda sje gert að skyldu að kaupa jarðabótina, þegar leiguliðinn flytur af jörðinni.

En þetta held jeg, að verði afarerfitt að sameina veðbankanum, eins og hann verður eftir frv., nema að það veiki traust hans.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal vera stuttorður, enda fátt komið fram, sem

hnekt hafi staðhæfingum okkar minni hl. nefndarmanna.

Hv. framsögumaður meiri hl. (Jak. M.) segir, að við verðum að sanna, að erfitt verði að selja bankavaxtabrjefin. Nú vil jeg segja, að sönnunarskyldan í þessu máli hvíli á háttv. meiri hl., en jeg veit, að þeir hvorki geta nje gera tilraun til að sanna, að brjefin seljist; þvert á móti hefir háttv. frsm. (Jak. M.) játað erfiðleikana á því. Það er altaf erfitt að sanna það, sem ekki er komið fram. En við bæði getum og höfum bent á sterkar líkur fyrir því, að svo muni verða, — líkur, sem ekki verða hraktar, nema með reynslunni sjálfri.

Nú hafa t. d. verið til sölu skuldabrjef, ágætlega trygð af ríkinu sjálfu, og býst jeg við að minsta kosti sje háttv. þm. Ak. (M. K.) kunnugt um, að af þeim hefir selst sáralítið. Þessi vel trygðu brjef, sem seld voru undir „pari", gefa sterkar líkur fyrir því, að veðbrjef bankans muni að minsta kosti ekki seljast betur, nema þá að vextirnir verði afarháir, en slíkt tel jeg ekki heppilegt, enda beinlínis bannað með lögum að taka meira en 6% ársvexti af lánum gegn 1. veðrjetti í fasteignum. Og ef að því ráði verður horfið að hækka mikið vextina, þá held jeg, að ver sje farið en heima setið um stofnun bankans.

Háttv. frsm. (Jak. M.) sagði, að það væri óheppilegt, að veðdeildin stæði í sambandi við Landsbankann. Jeg get gengið inn á það, að þetta sje óheppilegt fyrir bankann, en það er aftur heppilegt fyrir veðdeildina. Bankinn sjálfur hefir hlaupið undir bagga með veðdeildinni og keypt vaxtabrjef hennar, af því þau ekki hafa selst. Þetta hefði ekki orðið, ef veðdeildin hefði ekki staðið í sambandi við bankann, en einmitt þetta samband hefir til þess orðið, að veðdeildin hefir getað veitt góð og ódýr lán.

Jeg finn ekki ástæðu til þess að fara út í einstakar greinar frv., af því að við minni hl. peningamálanefndar erum algerlega á móti því, að frv. verði samþ., jafnvel með þeim breytingum, sem hjer hafa fram komið.

Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) gat þess, að það þyrfti að vekja trú manna á bankavaxtabrjefunum og kenna mönnum að kaupa þau. Já, það þarf að vekja trúna, en það þarf jafnframt að efla möguleikana til að kaupa. Því þeir eru sáralitlir fyrir hendi, nú sem stendur. Jeg held að trúin ein nægi þar ekki, þótt sterk sje hjá sumum.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði, að sjer væri sjerstaklega sárt um afstöðu mína til þessa máls. Jeg veit ekki almennilega, hvað hv. þm. (Gunn. S.) á við með þessu. Mínir hagsmunir eru samir, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki. Jeg á að vísu hús á Ísafirði, sem jeg þyrfti að fá lán út á. En jeg er á móti frv. af því jeg tel það gagnslaust nú.

Þessi sami háttv. þm. (Gunn. S.) sagði, að bankarnir hefðu legið á ríkisskuldabrjefunum og ekkert reynt til að selja þau. Þetta er algerlega rangt með farið. Jeg veit til þess, að bankarnir hafa talsvert mikið reynt til að selja þessi brjef, en ekki tekist það. (*Gunn. S.*: Það hefi jeg ekki orðið var við). Allir vita, að þessi brjef eru til sölu, þótt ekki sjeu þau beinlínis auglýst.

Ekki legg jeg heldur mikið upp úr þeim ummælum þessa háttv. þm. (Gunn. S.), að fá þyrfti sjerstakan mann, til þess að kenna mönnum að kaupa brjefin. Jeg er hræddur um, að sú kensla verði árangurslítil, og muni tæplega borga sig, því líklega þarf að greiða þessum manni einhverja þóknun fyrir kensluna. Jeg held, að sumir menn hjer í Reykjavík hafi kent fáráðum mönnum fullmikið í verðbrjefakaupum.

Hæstv. atvrh. (P. J.) gat um það, að meiri hluti veðdeildarlánanna mundi hafa

verið veittur kaupstöðunum til húsabygginga. Út af þessum ummælum hefi jeg átt tal við fyrverandi bankastjóra Landsbankans. Hann sagði þvert á móti, að sveitalánin hefðu verið látin sitja fyrir kaupstaðalánunum, og sveitunum aldrei neitað um lán, ef fje var fyrir hendi.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) mintist á gleði bænda úti um land, er þeir hefðu frjett um þessa fyrirhuguðu bankastofnun. En jeg held, að bændur sjeu naumast svo lítt hugsandi yfirleitt, að þeir gleðjist yfir máli, sem þeir ekki þekkja til, annað en fyrirsögn frv., og vita ekki, hvort er til bóta. Ef þeir þektu efni þessa frv., er jeg viss um, að gleði þeirra myndi fljótt snúast í gremju.

Margir háttv. þm. líta svo á, að þetta frv. sje mjög vel bygt. En það geta þeir einir sagt, sem hafa blinda, óbilandi trú á erlendu fyrirkomulagi.

En jeg hefi ekki slíka trú; vil fremur líta á skoðun en trú í slíkum málum. Jeg hygg, að þetta frv. þurfi mikilla endurbóta við, ef það á að koma okkur að notum. Og jeg sje ekki, að það verði lagað svo á þessu þingi, að jeg geti greitt því atkvæði mitt.

Það, sem hefir valdið því, að við háttv. þm. Mýra (P. Þ.) snerumst á móti frv. þessu í nefndinni, var þetta:

1. Að okkur þótti þar ekki sjeð fyrir nægilegum og hagkvæmum lánum til bænda.

2. Að nýju bankavaxtabrjefin mundu ekki seljast.

3. Að bankastofnunin er afarkostnaðarsöm og kemur að sáralitlu gagni, en gerir stórt ógagn, t. d. með hækkuðum vöxtum á lánsfje þeirra sjóða, sem fyrir eru.

Brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) bæta hjer lítið úr skák.

Jeg held, að ekki verði hægt að koma lánveitingum til landbúnaðarins í sæmilegt horf, nema með því að setja á stofn alveg sjerstaka lánsstofnun, sem þá væri utan við veðbankann. Jeg held, að það sje engin bót að fá lán með 6—7% vöxtum til jarðræktar. Slík lán mun mega alveg eins fá annarsstaðar, og síst með verri kjörum.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal aðeins stikla á stærstu steinunum.

Út af ræðu hæstv. atvrh. (P. J.) vil jeg taka það fram, að jeg tel drátt á framkvæmdum þessa máls afaróheppilegan og líka þarflausan. Frv. þetta er svo vandlega samið og vel athugað, að betur undirbúið frv. mun ekki hafa komið fyrir þingið í langa tíð. Jeg held því, að ekki sje að vænta betri undirbúnings, þótt málið yrði nú saltað í kjöltu stjórnarinnar.

Háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) talaði um, að bankinn yrði pappírsstofnun; slíkt eru ómaklegar hrakspár, enda fjarstæða, þar sem bankinn fær strax nokkurt veltufje. Hann harmaði ennfremur að ræktunarsjóðurinn legðist niður. Eins og nú standa sakir, munar sáralítið um lán þau, er veitt eru úr ræktunarsjóði út um sveitir, en með brtt. okkar háttv. þm. Eyf. (St. St.) er einmitt farið fram á það, að sveitirnar sitji fyrir lánum, og er það mikilsvert atriði fyrir sveitarhjeruðin.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) talaði um togstreitu milli kaupstaðanna og sveitanna, og sagði, að við vildum með brtt. okkar gera sveitunum hærra undir höfði. Þetta má satt vera. En þess ber þá að gæta, að sveitunum hefir hingað til altaf verið gert lægra undir höfði í þessu efni.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) þarf jeg fáu að svara. Það hefir verið margsýnt fram á það áður, að ástæður hans fyrir því, að vera á móti frv. eru sáraveigalitlar. Það má að vísu setja sig á háan hest og spá hrakspám um sölu bankavaxtabrjefanna. En jeg get þá með sama rjetti spáð hinu gagnstæða, að brjefin í framtíðinni muni

seljast ágætlega, og stuðst þar ekki við ómerkilegri líkur um jafntrygg brjef.

Frsm. (Jakob Möller): Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) virðist hafa misskilið, eða að minsta kosti ekki lagt alveg rjettan skilning í orð mín um samband veðdeildarinnar og bankans. Hann virtist skilja þau svo, að jeg teldi stjórn bankans óvinveitta veðdeildinni. Það hefi jeg ekki sagt. En hitt sagði jeg, að það væri ekki nema eðlilegt, að bankastjórarnir ljetu sig aðalbankann mestu varða, en veðdeildin sitji þar af leiðandi nokkuð á hakanum.

Jeg held því enn fram, að veðbankinn eigi að verða óháður Landsbankanum, en þó hefi jeg ekki þar með sagt, að hverskonar samband hljóti að vera stórskaðlegt veðbankanum í byrjun.

Og jeg get vel fallist á það, að eitthvert samband við hinn bankann hafi einhver þægindi í för með sjer fyrir veðbankann fyrst framan af, meðan ekki er kleift að fá honum forstjóra, sem ekki þurfi um annað en hann að hugsa, því jeg læt mjer ekki koma til hugar, að meðstjórnendur veðbankastjórans, bankastjórar Landsbankans, muni leggja stein í götu hans. En svo má nokkuð í milli vera, hvort veðbankinn er algerlega undir sömu stjórn og Landsbankinn, eða algerlega slitinn frá honum. Og nú gerir frv. ekki ráð fyrir því að slíta sambandinu algerlega fyrst í stað, og þarf þá engin grýla að vera að svo komnu.

Þar sem háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vjek að því, að hjer á landi væri alveg sjerstakur markaður fyrir jarðræktarvaxtabrjef, þá held jeg, að því sje frekar slegið fram sem líklegri tilgátu, vegna þess, að háttv. þm. (J. Þ.) hyggur, að menn vilji kaupa þessi brjef sjerstaklega vegna velvildar til jarðræktarinnar. Jeg hefi ekki eins mikla trú á þessari velvild. Það kann að vera, að einhverjir kaupi slík brjef fyrst í stað, sjerstaklega með það fyrir augum að styðja að lánveitingum í þessa átt, en jeg hefi heldur litla trú á því til frambúðar. Þessari „almennu velvild" eru oftast takmörk sett.

Það hefir verið fundið að því, að brtt. á þskj. 258 sje óhönduglega orðuð, þar sem sagt sje að „bankinn hafi *takmarkað* fje til umráða". Hæstv. fjrh. (M. G.) segir, að þetta sje lokleysa, því að vitanlega geti bankinn aldrei haft ótakmarkað fje. Jeg get þó ekki sjeð, að það sje nein vitleysa að komast svo að orði, því það er vitanlegt, að eftirspurnin er takmörkuð, því að bankinn má aðeins veita lán gegn 1. veðrjetti í fasteignum, eða álíka öruggum tryggingum. Ef hann hefir nægilegt fje til að fullnægja þessari eftirspurn og meira, þá má vel segja, að hann hafi ótakmarkað fje til umráða. En þá hefir hann takmarkað fje, ef hann getur ekki fullnægt eftirspurninni. En jeg viðurkenni, að háttv. tillögumenn hefðu getað orðað þetta betur; en ekki ættu menn að setja það svo mjög fyrir sig, að þeir þess vegna samþ. fremur till. á þskj. 320.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að það stafaði af ónógri athugun hjá mjer, að jeg áleit, að bankinn mundi standa ekki lakar að vígi til að veita jarðræktarlán, þó brtt. hans ekki yrðu samþyktar. En jeg held, að þessum háttv. þm. (J. Þ.) hafi orðið það á að gera aukaatriði að aðalatriðum, einmitt af því, að hann hafi ekki athugað málið nógu vandlega. Ákvæðið, sem hann vill koma að um virðingarnar, er að mínu viti algert aukaatriði. Það getur aldrei orðið neinn þröskuldur á vegi manna, sem þurfa að fá lán, að þeir verða að láta nýja virðingu fara fram á eign sinni. Og auk þess hygg jeg, að ákvæði frv. sje alveg fullnægjandi. Það getur engu máli skift, hvort fyrirhugaðar jarða-

bætur á að vinna á 4—5 árum eða alt að 10 árum; því að þær má eins meta fyrirfram, hvort sem er, og ákveða lánsupphæðina eftir því.

Jeg sagði nú að vísu við 1. umr., að jeg hefði athugað frv. svo vandlega, að jeg þættist geta fullyrt, að á því þyrfti engar breytingar að gera. En þar með sagði jeg auðvitað ekki, að það væri loku skotið fyrir það, að aðrir gætu sjeð betur og fyndu eitthvað, sem ástæða væri til að breyta. Og þannig gæti jeg, háttvirtum spm. mínum (J. Þ.) til þægðar, vel fallist á slíka breytingu, sem hjer um ræðir, ef sjerstök tillaga kæmi þar að lútandi til 3. umræðu. En eins og hún er, er ekki hægt að samþykkja hana.

Þá er það fullkominn misskilningur hjá háttv. samþm. mínum (J. Þ.), að ekki sje hægt samkvæmt frv. óbreyttu að gefa út sjerstaka brjefaflokka til styttri tíma en gert er ráð fyrir, að vaxtabrjefin sjeu yfirleitt í umferð. Það er að vísu svo fyrirmælt, að ekki megi vera nema tveir flokkar (seriur) opnar í einu, en innan þeirra flokka geta verið sjerstakar deildir til mislangs tíma.

Þá vjek háttv. samþm. minn (J. Þ.) að leiguliðalánum. Jeg sje ekki, að betur sje sjeð fyrir þeim með till. hans heldur en í frv. sjálfu. Það þarf talsvert meira til þess, að slík lán verði veitt, en í hans tillögum felst. Það er rjett, að í frv. er ekki gert ráð fyrir því, að lán sjeu veitt út á jarðabætur aðskildar frá jörðu. Það er heldur ekki í brtt., og það verður aldrei gert, því að jarðabæturnar verða aldrei frá skildar, jafnvel þó að leiguliði hafi lífstíðarábúð. Því ef leiguliðinn deyr áður en lánið er endurgreitt, þá er tryggingin þar með farin, því jarðabótin verður ekki skilin frá jörðinni, en hún er annars manns eign. Til þess að bæta úr þessu, þarf að setja sjerstök lög, og þá á þá leið, að jörð skuli vera að veði fyrir slíkum lánum, þó að lántakandi sje ekki eigandi jarðarinnar. En til þess að það verði gert, þarf ekki brtt. háttv. samþm. míns (J. Þ.) með.

Háttv. frsm. minni hl. (J. A. J.) talaði í svipaða átt og áður. Hann þóttist ekki vera skyldur til að sanna, að staðhæfingar sínar um, að brjefin væru óseljanleg, væru rjettar, en kvaðst hafa leitt sterkar líkur að því. Jeg neita því, að þær líkur sjeu svo sterkar, að þær ósanni reynslu allra annara þjóða. Það má vel vera, að þau seljist illa í byrjun, því alt nýtt mætir venjulega mótspyrnu og ótrú. Líkt má segja um sölu ríkisskuldabrjefa. Þau hafa aldrei verið seld fyr hjer á landi, og þess vegna get jeg neitað því, að sala þeirra hafi gengið hrapallega. Það seldist af þeim fyrir miljón króna, og jeg get ekki sagt annað en að það sje ágæt útkoma í fyrsta sinni. Meira átti aldrei að selja almenningi, og þó að salan gengi seint, verður að taka tillit til þess, hvað lítið var gert til þess að fá menn til að kaupa þau. (*Fjrh.*: Þess þurfti ekki, þau seldust samt). Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), þau seldust samt, og jeg verð að halda því fram, að sú sala gefi mikið fremur góðar vonir um sölu slíkra brjefa í framtíðinni.

Háttv. frsm. (J. A. J.) heldur, að fasteignavextir sjeu og eigi að vera óbreytanlegir. En þetta er vitleysa. Fasteignalánavextir hljóta að hækka og lækka með öðrum vöxtum. Í öðrum löndum mun þeim að vísu hafa verið haldið óhreyfanlegum, víðast hvar að minsta kosti. En af því leiðir auðvitað að sjálfsögðu verðfall á vaxtabrjefunum, þegar almennir vextir hækka. Eru menn nú alment farnir að viðurkenna það, að hitt muni heppilegra, að hafa vextina breytilega.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 290,1. feld með 17 : 6 atkv.
— 290,2. tekin aftur.
— 290,3.1.—2. tekin aftur.

4.—7. gr. samþ. með 19 : 1 atkv.

Brtt. 290,4. tekin aftur.

8.—11. gr. samþ. með 19 : 1 atkv.

Brtt. 320 samþ. með 15 : 5 atkv.
— 258 kom ekki undir atkv.
— 290,5. tekin aftur.

12. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 290,6.—7. teknar aftur.

13.—15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 290,8. samþ. með 17 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 290,9. samþ. með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ., Gunn. S., H. K., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St.

nei: Þorl. G., Þorst. J., B. J., E. E., Jak. M., J. A. J., J. B., M. P., B. Sv.

Brtt. 290,10. samþ. án atkvgr.

22. gr., svo breytt, samþ. með 22 : 1 atkv.
23.—24. gr. samþ. með 21 : 1 atkv.

Brtt. 290,11. tekin aftur.

25.—27. gr. samþ. með 18 : 1 atkv.
28.—37. gr. samþ. með 21 : 1 atkv.
38.—44. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 : 2 atkv.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 337, 345).

Fjármálaráðherra (M. G.) Það eru nokkur orð um brtt. mína á þskj. 345. Í raun og veru er það ekkert nýtt, sem jeg þar fer fram á, heldur hefi jeg tekið það alt fram við 2. umr. málsins.

Aðalbreytingin er í því fólgin að takmarka tillagið til varasjóðs, þannig, að það fari ekki fram úr 3 miljónum króna, en að ákvæðið um það, að alt andvirði seldra þjóðjarða renni í stofnsjóðinn, falli niður. Jeg vil í þessu sambandi benda á það, að ekki er of mikið fje í ríkissjóði, og því ekki hyggilegt að binda fje hans í sjóðum, fram yfir það, sem nauðsynlega þarf. Og jeg vil, að 3 milj. króna sje nægilegt framlag til stofnsjóðsins. Hins vegar getur mikið fje komið inn fyrir þjóðjarðasöluna, ekki síst ef seld yrðu sum kauptún landsins, t. d. Vestmannaeyjar. Um þetta hljóðar 1. brtt. mín, og er 2. brtt. afleiðing þar af.

Jeg hefi áður tekið það fram, að mjer þykja vextir af stofnfjenu of lágir, og því kem jeg með brtt. um að hækka þá úr 2% upp í 4%. Bankinn lánar þetta fje út aftur með 6%, og því finst mjer það sæmilegur gróði fyrir hann á stofnfjenu, þótt hann greiði af því 4% vexti. Brjef

bankans ættu að vera vel trygð, þó ekki myndist afarstór varasjóður undireins. Þetta er svo trygg stofnun, þar sem hún aðeins lánar út á 1. veðrjett, að ekki ætti að þurfa að gera ráð fyrir tapi. Enda hefir og sú raunin á orðið um veðdeild Landsbankans.

Á 4. brtt. við 16. gr. legg jeg ekki neina sjerstaka áherslu; þykir þó betra og rjettara, að hún verði samþ., af því hún er í samræmi við gildandi lög.

5. og 6. brtt. er um það, að bankastjórar Landsbankans og endurskoðendur skuli ekki hafa sjerstök laun fyrir störf sín við veðbankann. Eru þær fram komnar vegna þess, að jeg álít, að bankastjórarnir muni losna við eins mikil störf eins og þessum nýju störfum nemur. Auðvitað á þetta aðeins að gilda meðan sambandið helst milli bankanna.

Sama máli er að gegna um endurskoðendur reikninganna. Sýnist það óþarfi að fara að búa hjer til tvo nýja endurskoðendur.

Þessar brtt. mínar snerta ekki aðalatriði málsins, en frá sjónarmiði ríkissjóðsins lítur frv. talsvert öðruvísi út, ef þær verða samþ.

Það ætti að muna nálægt einni miljón fyrir ríkissjóðinn á næstu 10 árum, en þó ekki að skaða bankann, því brjef hans verða samt sem áður vel trygð.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg er í raun og veru ekki við því búinn að svara þessum brtt. hæstv. fjrh. (M. G.), þær hafa komið hjer fram skyndilega og sem þruma úr heiðskíru lofti. En fjarri fer því, að mjer sýnist þær yfirleitt vera til bóta. Seinni brtt. legg jeg þó ekkert kapp á. En hinar munu vera sprottnar af misskilningi og hljóta að verða til þess að veikja bankann. Verð jeg því að telja þær óheppilegar.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að ef brtt. sínar verði samþyktar, þá græði, eða spari, ríkissjóður 1 miljón á næstu 10 árum. En ef nú frv. verður samþ. óbreytt, þá er aðeins sá munurinn, að landið leggur hjer 1 miljón í sjóð, í stað þess að eyða því fje jafnharðan. Er jeg hissa á, að hæstv. fjrh. (M. G.) skuli setja sig á móti slíku, því þessari miljón er þá komið undan eyðslu, og hefði mjer fundist það honum líkara að vilja stuðla að því.

Þá talaði hæstv. fjrh. (M. G.) um það, að bankinn gæti vel borgað 4% af stofnsjóði, þar sem hann mundi taka 6% af lánum. En þetta er alls ekki rjett. Bankinn mun ekki fá 6% af skuldabrjefum sjóðanna, og um vexti af lánum í framtíðinni er ekkert hægt að segja; geta bæði hækkað og lækkað. Og ef illa gengur og vextir lækka að mun, þá getur vel svo farið, að bankinn geti alls ekki greitt starfskostnað bankans, og einmitt til þess að varna því, að svo geti farið, er þetta ákvæði í frv., að bankinn skuli aðeins greiða 2% af stofnfjenu, meðan hann er að koma undir sig fótunum.

2. og 3. brtt. eru í sambandi við 1. brtt., og legg jeg því á móti, að þær verði samþyktar. Þær skifta ríkissjóðinn litlu, en veikja bankann að nokkrum mun.

Við brtt. við 16. gr. hefi jeg ekkert að athuga. Þótt slík ákvæði sjeu í lögum um slíka banka erlendis, þá er auðvitað ekki þar með sagt, að þau sjeu nauðsynleg eða að slíkt eigi við hjer. Held þó að þetta sje frv. fremur til bóta.

Sama er að segja um brtt. um endurskoðendurna, við hana hefi jeg ekkert að athuga.

Hitt er miklu athugaverðara, að ætla ekki bankastjórum Landsbankans nein laun fyrir störf sín við þennan fyrirhugaða banka. Jeg benti á það við 2. umr. málsins, að þó ef til vill störfin í sjálfu sjer verði ekki meiri, þá breytist aðstaðan til þess að framkvæma þau mjög svo. Áður

gátu bankastjórarnir tekið veðdeildarstörfin jöfnum höndum með öðrum bankastjórnarstörfum. En veðbankastörfunum þurfa þeir að ætla sjerstakan tíma. Sýnist því ekki nema sanngjarnt, að þeir fái fyrir það sjerstaka þóknun.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið að öðru leyti. Það er áður rætt og þm. búnir að taka afstöðu til þess.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get alls ekki viðurkent, að brtt. mínar hafi komið hjer fram sem þruma úr heiðskíru lofti. Jeg var búinn að tilkynna það við 2. umr., að jeg hefði í hyggju að koma fram með brtt. um þessi atriði, og jeg samdi þessar till. strax eftir 2. umr. og sendi þær í prentsmiðjuna í gær. Svo þetta er alls ekki rjett hjá háttv. þm.

Annars hefi jeg litlu að svara háttv. frsm. (Jak. M.). Það er ekki satt, að hjer sje um það eitt að ræða, hvort peningarnir skuli vera eyddir eða óeyddir, heldur um 100 þús. kr. óbeint framlag úr ríkissjóði til bankans, og þó að bankinn ef til vill eyði því ekki, hefir ríkissjóður ekki föng á að leggja slíkt fram, að minsta kosti ekki eins og útlitið er nú.

Það er hreinasta fjarstæða hjá þessum háttv. þm. (Jak. M.), að bankinn geti ekki starfað, ef brtt. mínar verða samþ., því vaxtamunurinn er samt mikill. Og þó bankinn ef til vill ekki fái 6% af öllum lánum, þá fær hann þó altaf meira en 4%.

Það, sem háttv. frsm. (Jak. M.) því tók fram í þessu efni, getur alls ekki komið fyrir.

Frsm. (Jakob Möller): Það er algerlega misskilningur hjá hæstv. ráðherra (M. G.), að jeg hafi sagt, að bankinn gæti ekki starfað, ef brtt. hans yrðu samþ. Bankinn starfar jafnt fyrir því. En ef halli verður á rekstri hans, þá á ríkissjóður að borga það fje, samkvæmt frv. En jeg vil ekki, að þannig sje um hnútana búið, að bankinn þurfi að leita styrks til ríkissjóðs, svo að segja til daglegra þarfa. Jeg held að það væri miklu hollara fyrir þessa stofnun, að geta orðið sjálfstæð, og það sem fyrst.

Hins vegar finst mjer, að hæstv. fjrh. (M. G.) geri helsti mikið úr því, hve erfitt sje að ná í fje í ríkissjóðinn. Og jafnvel þó erfitt sje um fjárhaginn í bili, þá má þó gera ráð fyrir því, að úr þessum vanda rakni aftur, áður en langt líður, og er því rangt að miða svo mjög við það í þessu sambandi.

Þetta bankamál er framtíðarmál, og jeg sje ekki, að það sje rjett að skera öll framlög til hans við neglu sjer, þó að nú sje hart í ári fyrir ríkissjóðinn.

Eiríkur Einarsson: Jeg held, að allir þeir, sem eru þessu frv. hlyntir á annað borð, ættu að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir samþykkja þessar brtt. frá hæstv. fjrh. (M. G.).

Þessar brtt. rýra möguleika bankans til þess að vaxa. Þær rýra tryggingu veðbrjefa hans og draga úr því fje, er annars mundi renna í varasjóð bankans.

Jeg held því, úr því sem komið er, að það ætti að skerast í odda um þetta mál, að nú komi það fram hjer við atkvæðagreiðsluna, hverjir hafi trú á að gera alvarlega tilraun til þess að koma veðbankanum á fót, og hverjir hafi á því enga trú. Mjer líka illa þessi millispor hæstv. fjrh. (M. G.), þar sem hann vill klípa af og draga úr, og mjer finst, að jeg geti ekki kallað slíkt full heilindi við málið.

Jeg held, að framkvæmd þessa máls byggist mest á því, að bankavaxtabrjefin verði seljanleg. En ef þau eiga að verða vel seljanleg, þá þurfa þau að vera vel trygð. En úr þeirri tryggingu vill nú einmitt hæstv. fjármálaráðherra draga með

till. sínum. Þess vegna mun jeg greiða atkvæði móti þessum brtt., og vona, að margir fleiri háttv. deildarmenn geri það líka.

Sama máli er að gegna um brtt. um laun bankastjóranna. Með þeim greiði jeg ekki heldur atkvæði, því mjer finst, að einmitt það, sem gerir stofnunina sterklega, meðal annars sje það, að þeir menn, sem að henni starfa, vinni fyrir kaupi, og með því sje sýnt, að starf sje af þeim heimtað. Enda munu þeir þá og rækja störf sín betur, því að slík er nú einu sinni stefna tímans nú, að fæstir vilja vinna fyrir ekki neitt.

Annars skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta mál. En þó vil jeg taka það fram að lokum, að mjer finst það mjög varhugavert að vera að koma hjer fram með brtt. nú við 3. umr. málsins, og það um ekki óverulegri atriði en þetta.

Jeg vil minna menn á það, að höfundur þessa frv. hefir rannsakað þetta mál, bæði lengi og gaumgæfilega. Væri það því furðumikil fljótfærni, ef þingmenn færu nú að samþykkja breytingar á frv. í hugsunarleysi, og það breytingar, sem alveg eru nýkomnar fyrir augu háttv. þingmanna og þeir geta ekki enn verið búnir að átta sig á til neinnar hlítar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg neita algerlega þeim getsökum háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) í minn garð, að brtt. mínar sjeu sprottnar af óheilindum við málið. Jeg hefi alveg eins mikinn rjett til að segja, að brtt. sú, sem hann bar fram við 2. umr. hafi verið sprottin af óheilindum við málið. En mjer dettur slíkt ekki í hug, því að það er ekki vandi minn að gera mönnum upp óhreinar hvatir að orsakalausu, en háttv. þm. (E. E.) gerir þetta altaf, og fer jeg nú að halda, að á honum sannist málshátturinn: „Margur heldur mig sig".

Það er ástæðulaust að þrátta um það, hvort það ríði bankastofnuninni að fullu, þótt hún greiði 4% vöxtu af tryggingarfjenu. Jeg er sjálfur sannfærður um, að það sje óhugsandi. Því að ef svo væri, hvernig færu þá yfirleitt bankar og sparisjóðir að lifa?

Jeg kæri mig ekki um að festa fje það, sem kann að koma inn fyrir seldar þjóð- og kirkjujarðir. Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að þetta væri líkt minni fjármálastefnu. Það getur verið, en jeg skammast mín ekkert fyrir þá stefnu, að vilja ekki binda fast það fje í dag, sem jeg þarf að nota á morgun.

Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) heggur nokkuð nærri yfirboðurum sínum, bankastjórum Landsbankans, að segja, að þeir vilji ekkert gera, nema þeir fái borgun fyrir. En þótt svo væri, þyrfti ekki að auka neitt við laun þeirra, þó veðbankinn komi í stað veðdeildarinnar, því starf þeirra eykst ekki við það. Munurinn er aðeins sá, að í stað þess að vinna óákveðinn tíma fyrir veðdeildina, þurfa þeir að hafa ákveðinn tíma fyrir veðbankann.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skildi ekki hvað háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) átti við með því, að þeir sem ætluðu sjer að fylgja frv., „yrðu að byggja trú á að koma málinu í gegn".

Jeg er ekki eins hræddur og háttv. meiri hluti við það, þó bankinn þurfi að greiða fulla vexti af því fje, sem honum er fengið. Arður bankans á vitanlega að geta borgað meira en rekstrarkostnaðinn, og bankinn á ekki að lifa á hlunnindum á ríkissjóðs kostnað. Í öðrum löndum, þar sem heilbrigðara skipulag er á bankamálum en hjer á landi, er slík aðferð ekki við höfð. En með hinu fyrirhugaða skipulagi er sýnilegt, að bankinn verður að fá fleiri tugi þúsunda króna styrk frá stofnsjóðunum eða ríkissjóði, til þess að geta

borgað rekstrarkostnaðinn. Ef þetta er ekki tómthúsmenskustimpill á peningastofnun, veit jeg ekki, hvernig markað verður skýrara.

Jeg skil vel stefnu hæstv. fjrh. (M. G.) og annara gætinna manna, sem vilja ekki binda alt þjóðjarðafje fyrir fram. Og það þarf engan að undra, að minni hlutinn, háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) og jeg, getur fallist á þessa skoðun, þar sem við álítum, að bankinn muni ekki koma að neinum verulegum notum í fyrirsjáanlegri framtíð.

Háttv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) segir, að það gildi einu, í hvorn vasann er látið, ríkissjóðs eða veðbankans. Sá er þó munurinn, að vasi veðbankans er með einu meinlegu gati, og út um það gat fer alt, sem ríkissjóður leggur fram af vöxtum stofnsjóðanna, og skilar því í vasa bankastjórnarinnar, sem að óþörfu gleypir tugi þúsunda á ári hverju.

Jeg bjóst við því, að flytjendur frv. myndu jafnhliða því flytja frv. til breytinga á þeim lögum, sem ríða í bág við veðbankafrv. Jeg vil þar benda á 16. gr. laga nr. 50, 1917, og lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta.

Hún hljóðar svo:

„Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í prestlaunasjóð. til að launa sóknarpresta þjóðkirkjunnar".

Þetta og fleira nægir til að benda á undirbúningsleysið og flaustrið í þessu máli.

Annars er málið svo lítt undirbúið, að jeg tel það hrapallegt að samþykkja það á þessu þingi. Það er líka afaróheppilegt að ráðast í bankastofnun þegar lánsvextir eru með hæsta móti. Það hlýtur að verða til þess að minka traust bankans hjá lántakendum, þegar bankinn byrjar með svona háum vöxtum. Og ekki verður það til að auka traust þeirra, sem eiga að kaupa bankavaxtabrjefin. Það er ekki hægt að sanna, að við höfum á rjettu að standa í þessu, en allar líkur benda til þess.

Jeg hefi heyrt því fleygt, að forlög frv. muni vera ráðin hjer í deildinni. Jeg vil því ekki draga tímann til einskis, en læt þá, sem rjeðu því, að frv. kom fram, ráða úrslitum þess. Vegna þekkingar minnar á þessum málum, hefi jeg ekki getað látið frv. ganga fram mótmælalaust.

Sigurður Stefánsson: Eins og kunnugt er, bar jeg fram till. til rökstuddrar dagskrár við fyrstu umræðu, af því jeg áleit málið ekki nægilega undirbúið. En eftir tillögum góðra manna hjer í deildinni, tók jeg till. aftur í svipinn, þar til sjeð yrði, hverjar umbætur yrðu gerðar á frv. í meðferð deildarinnar. Nú er málið komið til 3. umr., eftir miklar umræður, en það hefir sannfært mig um, að dagskrá mín var orð í tíma talað, því málið hefir í rauninni ekkert grætt við þær enn. Jeg sje ekki betur en fylgi manna við frv. sje eingöngu bygt á von og trú. Frv. hefir allmikinn kostnað í för með sjer, stofnun 3 nýrra embætta með allháum launum. En veltufje handa bankanum er í rauninni ekkert. Jeg kalla ekki sjóðina veltufje, því að þeir eru fastir og óhreyfanlegir. Það er því í raun og veru verið að setja á laggirnar stjórn yfir peningalausan banka.

Mjer er sárast um ræktunarsjóðinn, sem á að hverfa í þessa ríkisveðbankahít. Það er hægt að leiða rök að því, að bændur muni ekki hafa eins hagkvæm not af þessum sjóði, eftir að þessi banki hefir verið stofnaður, eins og nú, og eiga þeir þó nógu erfitt uppdráttar með lántökur nú.

Mjer er sjerstaklega ant um, að þing og stjórn leggist á eitt um að koma á fót nothæfri og hagkvæmri lánsstofnun fyrir land-

búnaðinn. En með þessu verður það ekki gert. Embættiskostnaðurinn mun fyrst um sinn eta mikinn hluta ræktunarsjóðsvaxtanna, sem nú ganga nær því óskiftir til hjálpar landbúnaðinum. Og jeg sje hvergi veltufje til að byrja með, nema trú og von um, að bankavaxtabrjefin seljist. En sje litið til reynslunnar, þá virðist það mjög hæpið að lifa í þeirri von, að brjefin muni fljúga strax út og þessi banki er stofnaður. Það er sjerstaklega hæpið eins og fjárhagur einstaklinganna er nú. Þeim veitir ekki af öllu sínu fje, til þess að kaupa lífsnauðsynjar. Það er engin ástæða til að ætla, að nafnið geri svo mikið, að menn láti lífsnauðsynjar sínar sitja á hakanum, og kaupi í þess stað þessi Ríkisveðbankabrjef, þó að nafnið sje veglegra en „veðdeildar"brjef.

Jeg tók það fram við 1. umr., að mjer líkaði ekki undirbúningur málsins. Ekki af því, að jeg vantreysti höfundi frv., en hann er þó ekki meira en maður, og „betur sjá augu en auga". Það er skylda þingsins að láta þetta mál ganga í gegnum þann hreinsunareld, að stjórnin hafi nægan tíma til að athuga það rækilega, áður en kemur til kasta þingsins að ráða úrslitum. Nú hefir hæstv. atvrh. (P. J.) kvartað hjer um það, að hafa ekki haft tækifæri til að íhuga málið sem skyldi.

Hjer er vikið frá þeim grundvelli, sem þál. frá 1919 var bygð á, og eingöngu var miðuð við lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Jeg játa, að mjer er ekki svo ant um lánsstofnun fyrir kaupstaðina, að jeg vilji offra fyrir hana friðindum frá landbúnaðinum. Jeg hafði ætlað mjer að fara nokkrum orðum um kirkjujarðasjóðinn í þessu sambandi, en háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) hefir tekið af mjer ómakið. En hvar á prestlaunasjóðurinn að fá þessa upphæð, sem frá honum er tekin? Jeg veit ekki, hvort höfundur frv. hefir athugað það, en þar sem jeg finn enga athugasemd um þetta við frv., og ekkert hefir komið fram um það frá nefndinni í umræðunum, þá er mjer næst að halda, að hlaupið hafi verið yfir það atriði. En þetta er aðeins ný sönnun þess, að málið þarfnast rækilegrar athugunar hjá stjórninni.

Jeg held, eins og hæstv. fjrh. (M. G.), að það sje varhugavert fyrir ríkissjóð að binda ræktunar-, kirkjujarða- og viðlagasjóðina fasta í þessari stofnun. Eftir öllum veðurmerkjum að dæma mun ríkissjóði áður en langt um líður ekki veita af þeim styrk, sem hann getur haft af þessum sjóðum, sjerstaklega viðlagasjóðnum.

Jeg leyfi mjer að afhenda forseta svo hljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár:

„Í því trausti, að stjórnin taki mál þetta til rækilegrar athugunar og undirbúnings, sjerstaklega að því, er kemur til sjerstakrar lánsstofnunar fyrir landbúnaðinn, og leggi frumvarp í þá átt fyrir Alþingi, svo fljótt, sem nokkur tök eru á að koma því máli í nothæfa framkvæmd, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni".

Jeg er ekkert smeykur við að bera fram þessa dagskrá, þó jeg búist við, að hún verði feld hjer. Jeg þarf hvorki að standa blár nje bleikur fyrir bændastjett þessa lands fyrir þessa dagskrá, sem jeg flyt af heilum hug til landbúnaðarins.

Frsm. (Jakob Möller): Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að stefna sú, sem kæmi fram í brtt. hans, væri sjer lík. Hann vildi vita vissu sína um, að útgjöldin á morgun yrðu ekki ríkissjóði ofvaxta. Jeg get að vísu ekki neitað því, að brtt. líkjast í nokkru fjármálastefnu hæstv. fjrh. (M. G.), en vissulega þó ekki skemtilegustu einkennum hennar. Því þegar útgjöldin eru orðin um 8 miljónir, þá sje jeg ekki að skifti miklu, hvort til eru 60 þús. meira eða minna

af handbæru fje. Upphæðin er svo hverfandi lítil, en á hinn bóginn engan veginn um það að ræða að gera hana að eyðslufje, heldur þvert á móti, að koma henni undan eyðslu.

Með einni brtt. sinni vill hæstv. fjrh. (M. G.) girða fyrir það, að andvirði seldra þjóð- og kirkjujarða renni í stofnsjóð bankans. Þessi tillaga skiftir í raun rjettri engu máli, því þegar tekið er tillit til þeirrar mótspyrnu, sem á síðari árum hefir risið gegn sölu slíkra jarða, er varla hægt að búast við, að mikið komi inn á næstu árum. Nema ef hæstv. fjrh. (M. G.) er alvara með að selja Vestmannaeyjar.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) hafði í þriðja eða fjórða sinn yfir sama lesturinn, svo honum þarf jeg ekki að svara nú.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hneykslaðist á því, að fylgi við þetta mál væri bygt á trú og von. Jeg ímynda mjer, að sumum komi á óvart, að einmitt hann skuli hneykslast á því. En það virtist mjer þó vera aðalinntak ræðu hans, að hann sagðist hvorki skilja upp nje niður í þessu, og finst mjer ekki ástæða til að þrátta um það við hann.

Gunnar Sigurðsson: Jeg get lýst því yfir, að mjer er þvert um geð, að veðbankinn sje í nokkru háður Landsbankanum. En jeg ætla mjer ekki að gera það að kappsmáli nú, en jeg álít, að þingið eigi að telja það skyldu sína að gera hann sem fyrst sjálfstæðan.

Þá er það dagskrá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Mjer finst stundum, að jeg sje ekki staddur á Alþingi þegar jeg er hjer í deildinni; sjerstaklega á þetta sjer stað þegar um stórmál er að ræða. Það er verið að hrúga upp frv. um alt mögulegt, sem engu varðar, en þegar stórmál koma, þá vilja sumir, og þá sjerstaklega háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), vísa þeim frá með rökstuddri dagskrá.

Jeg held, að ekkert stórmál hafi verið betur undirbúið en þetta. Hæfur maður hefir rannsakað það ítarlega, og stjórnin hefir áður leitað álits fróðs manns erlendis, Krabbe skrifstofustjóra. Hann áleit ekki tiltækilegt að hafa stofnanirnar tvær, enda tíðkast það hvergi. Það væri haganlegast að hafa landbúnaðinn í sambandi við kaupstaðina, og þegar svo er ákveðið, að hann skuli sitja í fyrirrúmi, ætti það ekki að verða til óhagræðis. Það væri til einskis gagns að vísa málinu nú til stjórnarinnar og láta hana grauta í því til næsta þings, því jeg skil ekki, að hún geti mikið um bætt. Málið er orðið svo þaulundirbúið, að varla er þess að vænta, að nokkuð veigamikið komi fram í því, sem nýtt er. Og það þætti mjer lítill sæmdarauki þessu þingi, að fresta þessu frv. og láta stjórnina sitja á því um óákveðinn tíma, þegar það hefir eytt tíma sínum í hjegómleg frumvörp, sem vel hefðu mátt bíða, eða betur væru ófædd. Þetta er ekki sparnaður á starfskröftum þingsins.

Bjarni Jónsson: Háttv. allsherjarþm., N.-Ísf. (S. St.) var reiður og uppbelgdur í þessu máli. Hann kvað það tísku, að stórmál fengju að hvíla sig hjá stjórninni milli þinga, og er það að skapi hans að fresta öllu, sem til framfara horfir, í lengstu lög. En háttv. þm. (S. St.) láðist að geta þess, að flest þessi frv. hafa komið óbreytt frá stjórninni, enda hafa þau verið send þangað með líkum hug og hv. þm. (S. St.) ber til þessa máls. Háttv. þingmaður fræðir menn á því, að hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) hafi ekki sett sig inn í þetta mál, en þó að svo sje, ef til vill, ástatt um hann, þá á það á eng-

an hátt við alla stjórnina, enda hefir hún haft nægilegt tækifæri til að kynna sjer málið. Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) hefir t. d. komið með allítarlega brtt. við frv., og sýnir það, að ekki er hann málinu með öllu ókunnugur. Það gæti komið til mála að fresta þessu máli, ef það væri illa undirbúið og eitthvað væri að því unnið milli þinga. En undirbúning hefir það hlotið ákjósanlegan, og það er brent fyrir, að hjer á landi sje unnið að málum milli þinga. Þau eru látin liggja til næsta þings, og oftast lengur, og þegar þau koma fram að lokum eru þau með öllu óbreytt. Dagskrá þessa háttv. þingmanns (S. St.) bætir því ekkert úr undirbúningi málsins, enda getur hún varla verið komin fram í því skyni.

Þá sagði háttv. þm. (S. St.), að bankinn yrði alveg peningalaus og brjefin seldust ekki. Þetta sagði háttv. þm., sem hvorki ætlar að standa blár eða bleikur frammi fyrir kjósendum. Þetta vinnur hann að því að efla og styrkja lánstraust landsins. Hann tímir ekki að sjá af örfáum krónum til þess að halda lífinu í ungum, efnilegum mönnum, sem geta orðið þjóðinni til gagns eða sóma síðarmeir. En þó kallar hann út yfir veröldina, að landið sje svo illa statt, að brjef þess seljist ekki og alt sje hjer að fara í hundana. Og þessi málsvari landbúnaðarins stendur hjer bæði blár og bleikur frammi fyrir þingheimi og lýsir vantrausti sínu á þessum atvinnuvegi. Jeg vona, að háttv. kjósendur fari að skilja sparnaðarræður og bölsýnismas þessa háttv. vinar þeirra. Nú hefir hann snúið broddinum að sjálfum þeim, og mega þeir þá finna velvild hans.

Að endingu vildi jeg ráða háttv. þingmanni til að hafa dagskrár sínar færri, en rökstyðja þær betur.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla ekki að svara háttv. þm. Dala. (B. J.) orði til orðs, enda er það einskis manns meðfæri að eltast við öll slagorð og þóttafull digurmæli þess þingmanns, sem best þykist hafa vit á öllu, en ber skynbragð á fæst það, sem hann fer með. Það var við engu góðu að búast frá þessum háttv. þingmanni, enda fór hann með öfugmæli ein. Hefði jeg sagt, að jeg væri á móti því, að þessi lánsstofnun kæmist á, hefði hv. þm. (B. J.) ef til vill fundið orðum sínum stað. En því var ekki til að dreifa. Jeg vildi aðeins fresta málinu, til þess að það fengi frekari undirbúning. Og jeg álít, að slíkt stórmál verðskuldi það fyllilega.

Háttv. þm. (B. J.) talaði um, að stjórnin legði málin oftast óbreytt fyrir næsta þing, og sæti á þeim til einskis gagns. Þetta er ekki rjett og sannar ekkert. Ef stjórnin leggur þetta frv. fram aftur óbreytt, þá er það mjer sönnun þess, að frv. sje bygt á góðum rökum, og þá er jeg fúsari til að greiða því fullnaðaratkvæði mitt en ella. Munnskálp háttv. þm. í þessu efni sannar því ekkert frekar en annað, sem hann bar fram.

Þá sagði háttv. þm. (B. J.), að jeg væri lítill vinur atvinnuveganna og stæði illa á verði um fjárhag landsins. Enginn sanngjarn maður hefði skilið orð mín svo, en háttv. þingmanni var vel trúandi til þess. En ef hann hefði ráðið fjármálum þessa lands, þá er jeg viss um, að ekki væru einungis allir þeir sjóðir, sem hjer um ræðir, upp etnir, heldur einnig ríkissjóður og lánstraust landsins steindrepið. Sú hefir fjármálastefna hans verið, frá því fyrst er hann skreið hjer inn á þingið. Hann hefir ekkert gert annað, sem í frásögur er færandi, en að snapa bitlinga handa sjer og vinum sínum og vandamönnum. Hann hefir skimað í allar áttir eftir molum, sem kynnu að hrjóta í eyðslusvelg hans. Svoleiðis peyjum ferst ekki að lasta þá menn, sem vilja varna því, að fje landsins sje

sóað í vitleysu og gegndarleysi. Það er nauðsynlegt að vera fastheldinn á fje gagnvart háttv. þingmanni, því fljótt sæi í botninn á skúffunni, ef hann mætti ráða.

Jeg endurtek það, að jeg stend hvorki blár nje bleikur fyrir till. minar í þessu máli, en háttv. þm. Dala. (B. J.) mundi blygðast sín fyrir fjármálastefnu sína, ef sú list væri honum ekki löngu týnd, að kunna að skammast sín.

Jeg get verið stuttorður gagnvart hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Hann þóttist heyra það á ræðu minni, að jeg skildi ekkert í málinu. En nokkuð svipað get jeg sagt um ræður hans í þessu máli. Jeg skal játa það, að jeg er ekki bankafróður maður, en jeg er ekki heldur neinn ákafamaður, sem reyni að stofna 3 ný embætti við peningalausan banka, þó að hann sje látinn heita Ríkisveðbanki Íslands.

Jeg sagði ekki, að brjefin mundu alls ekki seljast, en jeg benti á reynsluna í þessu efni. Veðdeildarbrjef 4. veðdeildar eru óseld fyrir 4 milj. kr., og er því nægur tími til stefnu enn að stofna til nýrrar brjefaútgáfu.

Fjárhagur landsins getur farið svo, ef illa er á haldið, að lánstraustið þverri, og vissasta ráðið er að fara eftir till. háttv. þm. Dala. (B. J.) og eyða meiru en aflað er. En það er eðlilegt, að sá háttv. þingmaður vilji setja landið á höfuðið, setja það á sveitina. Hann metur yfirleitt sveitarlimi meira en aðra menn, og vill veita þeim allskonar fríðindi. Það er því engin furða, þótt hann sje ánægður með fjáraustursstefnu sína, því að hann telur eyðsluseggi og óhófsmenn kjarna þjóðarinnar, og metur íslensku þjóðina því mest, ef hún glatar fjárhagslegu sjálfstæði sínu. En jeg held að það sje ekkert ódæðisverk, þótt reynt sje að sporna við þeirri fjármálastefnu.

Ekki veit jeg hvernig háttv. þingmanni verður við, er hann þarf að biðja Dani eða aðra hjálpar, eftir að hann hefir komið fjárhag landsins í kaldakol, en þess mætti geta til, að fullveldisgorgeir hans yrði þá ekki eins hávær og hann er stundum hjer í deildinni.

Jeg ætla ekki að lesa háttv. þm. lengri lestur í þetta skifti, en þó á jeg eftir að taka til bænar mikið af hjegómabulli hans og gífuryrðum. Jeg hafði hugsað mjer að láta þetta bíða betri tíma, en háttv. þingmaður hefir knúð það fram með slagorðum sínum og ósvífnum dylgjum í minn garð. En jeg get látið hann vita, að hann getur átt von á ósviknum eldhúsdegi, ef hann hefir ekki hægt um sig framvegis, þó jeg í lengstu lög vilji hlífast við því.

Magnús Jónsson: Jeg get ekki verið sammála þeim háttv. þm. Dala. (B. J.) og háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) um, að dagskráin verði til þess eins, að frv. verði samþykt óbreytt á næsta þingi. Eftir dagskránni er stjórninni heimilt að bera fram frv. um landbúnaðinn einan, og slíta hann þannig út úr eðlilegu samhengi. Ef dagskráin hefði engar aðrar verkanir en að fresta málinu, væri hún saklaus en óþörf, en því er ekki að heilsa. Hún verður til þess að koma inn í málið sundrungu og tvískinnungi, og er því hættuleg. En jeg vil ekki blanda mjer í þær deilur, sem orðið hafa um hana milli einstakra manna.

Jeg vil þá heldur snúa mjer að brtt. hæstv. fjrh. (M. G.), og get jeg ekki lagt mikið upp úr þeim. Jeg tel það óviðkunnanlegt, að stofnun þessi verði hluti af Landsbankanum og lifi á bónbjörgum hjá honum. Jeg skil ekki, að það verði til þess að gera þennan nýja banka sjálfstæðari.

Mjer skildist það á hæstv. fjrh. (M. G.),

að ríkissjóður mætti ekki binda í þessari stofnun fje það. er hann þyrfti til daglegra þarfa. Jeg held, að slíku sje ekki til að dreifa, en ef svo væri, bætti brtt. hæstv. fjrh. (M. G.) ekki úr. Hún fer fram á það, að andvirði seldra kirkjujarða renni ekki í þennan banka, heldur þann, sem fyrir er. Með þessu verður sjóðurinn klofinn í tvent, og er það í alla staði óeðlilegt. Jeg held ekki, að þetta andvirði nemi miklu, og ekki þurfi að óttast, að mikið fje festist á þann hátt. Jeg veit, að Vestmannaeyjar yrðu stór biti, en í frv. er sett undir þann leka, því að þetta á aðeins að gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Hjer er bent í þá átt, að breyta eigi, ef eitthvað óvænt kemur fyrir, ef að höndum ber stóra upphæð, sem ekki þykir ráðlegt að leggja í sjóðinn.

Þá er brtt. um að hækka vexti úr 2% í 4%, og nær það ver tilgangi sínum en eldra ákvæðið. Það verður til þess að varasjóður, ræktunarsjóður, kirkjujarðasjóður og viðlagasjóður aukast, en sá vöxtur verður ekki handbært fje. Ef þetta er ekki rjett skilið, bið jeg menn að leiðrjetta mig, en þetta sýnist ekki handbært fje, fljótt á litið.

Bjarni Jónsson: Jeg vil benda á það, að það getur ekki náð til mín, sem hæstv. forseti (B. Sv.) sagði. Jeg talaði aðeins um rökstuddu dagskrána, en jeg varð að koma við þau rök, er hv. flm. (S. St.) flutti fyrir henni, og meðal þeirra voru þau, að öll veðurmerki væru til þess, að landið þyrfti að taka til þessara sjóða, og því væri óvarlegt að festa þá. Og þótt hv. flm. (S. St.) hafi þar fengið tækifæri til að halda dálítinn ræðustúf um mig persónulega, brigslað mjer um fjárdrátt og fólskuverk, þá er jeg svo vanur að heyra slíkt frá smámennum hjer og annarsstaðar, að jeg kippi mjer ekki upp við það. En svo vjek hann að fjármálastefnu minni, og kvað landið munu komast á húsganginn og verða að fleyta fram lífinu á bónbjörgum, ef minni stefnu væri fylgt. Jeg hefi nú þegar fyrir ári síðan ráðið stjórninni að taka gjaldeyrislán. Og það hefir þegar sýnt sig, að það mundi betur hafa borgað sig en svíðingsháttur sá, er kemur fram í því að vilja klípa og narta utan af öllum fjárveitingum, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þykir giftudrjúgast. Hann er nú reyndar flúinn úr salnum, svo hann heyrir ekki mál mitt; líklega hefir hann búist við því, að jeg mundi taka mildari tökum á honum, ef jeg sæi ekki framan í hann.

Hjer er um tvær andstæðar stefnur að ræða. Önnur þeirra ber öll merki og einkenni svíðingsháttarins og smámunasemninnar. Þeirri stefnu fylgir háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Mín stefna er aftur á móti sú, að fara með viti og fyrirhyggju með fjármál landsins, hafa augu á hverjum fingri, sjá ekki eftir smáupphæðum, en þekkja þann rjetta tíma, þegar stórútgjöld eru til þjóðþrifa. Jeg vil ekki að landið sje neinn grútarháleistur með fjárveitingar til ungra manna, skálda og listamanna o. s. frv., sem hafa fórnað sjer, svo að landið fari ekki á mis við alla fíngerðari og háleitari þætti menningarinnar. Þessir menn hafa allir fórnað sjer, því að þeir helga sig alla því starfi, sem þeir vita að þeir geta aldrei lifað af. Þetta eru þessir svo kölluðu bitlingamenn. Að styrkja þessa menn er kallaður óhæfilegur fjáraustur af þeim hermikrákum, sem geta aldrei lagt neitt til frá sjálfum sjer, en eru í sífellu að tyggja upp sparnaðarreglur annara. Þessir aumingja bjálfar, eins og þm. N.-Ísf. (S. St.), geta hermt eftir Magnúsi Stephensen, stagast í sífellu á sparnaðarreglum hans, en hafa ekki vit hans á að nota þær. Það er svíðingsháttarinn, sem gæti komið landinu á kaldan

klakann, og það er fólskuverk að hrópa út um allan heim, að nú sje fjárhag landsins svo komið, að íslensk verðbrjef verði ekki seld. Þetta eru fávíslegar aðfarir, líklega ekki gerðar af neinni illmensku, en ef nokkur tæki mark á slíkum ummælum, þá er það víst, að það gæti mjög spilt fjárhag landsins og veikt traustið á því.

Jeg hygg, að ástæður þær, sem færðar hafa verið fyrir þessari rökstuddu dagskrá, reynist ekki svo veigamiklar, þegar til atkvæða á að ganga. Þetta mál, þ. e. fasteignaveðbanki, hefir verið til umræðu síðan jeg kom á þing árið 1909; það hefir legið fyrir og verið rætt þing eftir þing, hver stjórnin á fætur annari hefir starfað að undirbúningi málsins, og þessi banki ávalt verið talinn einhver sú mesta nytjastofnun, sem ráðist væri í að koma upp. Það hefir verið tekið fram, eins og auðvitað er, að ekki getur komið til mála að koma upp sjerstakri stofnun fyrir landbúnaðinn. Slík stofnun mundi verða altof lítil, og auk þess að mun dýrari allur rekstur hennar, þegar við hlið hennar kæmi önnur stofnun fyrir bæjarbúa og þá, er stunda aðra atvinnu en landbúnað. En það var háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem á síðasta þingi, líklega af vangá, hjelt því fram, að þessi stofnun ætti eingöngu að vera fyrir landbúnaðinn. En það eru líka Íslendingar og líka menn, sem búa í bæjunum, og það verður ekki hjá því komist að taka tillit til þeirra. Og þegar allar þeirra þarfir koma saman, þá er það ekki nema sjálfsagt. Háttv. þingmaður hefir alls ekki kynt sjer þetta mál, en rökstudda dagskráin er fram komin, svo að honum vinnist tími til að athuga þetta mál fyrir næsta þing.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil aðeins svara háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) nokkrum orðum, og er það ekki vanþörf, því að hann hefir algerlega misskilið, hvað hjer er á ferðinni. Hann sýnist ekki vita það, að vextir ræktunarsjóðsins og kirkjujarðasjóðsins eru notaðir til árlegra gjalda ríkissjóðs, svo að það hefir sannarlega mikið að segja fyrir hann, hvaða vexti þessir sjóðir gefa. Þjóðjarðasala og kirkjujarða heldur áfram fullum krafti, og engar líkur til þess, að frá þeirri stefnu verði horfið, heldur er þvert á móti ýmislegt, sem bendir til þess, að kauptúnin verði einnig seld, og þá kemur stórfje í þessa sjóði. Og jeg veit það og sje vel, að það er ekkert vit í að festa þetta fje alt í þessum banka, því að það er líka rangt, að hægt sje að breyta þessu þegar vill, því að það væri að rýra tryggingu fyrir bankavaxtabrjefunum, og það er ekki hægt, nema samþykki eigenda þeirra komi til, en slíkt samþykki er ómögulegt að fá, þegar af þeirri ástæðu, að enginn veit, hvar eigendur eru, nema lítill hluti þeirra.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) þótti það smámunasemi af mjer að láta mig skifta 60—100 þús. kr. á ári. Hann um það, en jeg skammast mín ekki fyrir það, og það man jeg, að í gær barðist hann á móti 50.000 kr. árlegum skatti (bifreiðaskattinum), af því að hann hjelt, að hann mundi eyðileggja landið. Jeg ann háttv. þingmanni vel þessarar sanngirni, sem hjer kemur fram.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg þarf aðeins litlu við að bæta, vildi leiðrjetta misskilning, sem fram kom hjá háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Vextirnir af kirkjujarðasjóði renna ekki í stofnsjóðinn, heldur í prestlaunasjóð, að frádregnum 5%, sem fara í kirkjujarðasjóð. Hjer er því að ræða um 50% vaxtatap fyrir kirkjujarðasjóð, svipað fyrir ræktunarsjóð, og ennþá meira fyrir viðlagasjóð. En um þetta væri ekkert að segja, ef vöxtunum væri varið til styrktar við-

bankastofnunum landsins, en því verður varið til stofnunar á nýjum óþörfum embættum. Það má lengi segja, eins og hv. frsm. meiri hl. (Jak. M.) um brtt. hæstv. fjrh. (M. G.), sem jeg ætla ekki að fjölyrða um, þau orð: „Þetta má standa, það gerir ekkert til". En ekki tel jeg þetta sæmileg rök í slíku stórmáli.

Jón Þorláksson: Jeg veit, að maður verður að venja sig á það í allri þolinmæði að hlusta á rangfærslur og útúrsnúninga, án þess að taka til máls, en mjer fanst hv. þm. Dala. (B. J.) ganga svo langt í þessu, að jeg get ekki þagað við því. Hann hafði eftir þm. N.-Ísf. (S. St.) tvö atriði, og rangfærði bæði.

Fyrst var það, að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að verðbrjef þessa banka mundu ekki seljast, og það hefir verið gerð grein fyrir því, að brjef, sem miðuð væru við hæstu útlánsvexti, sem mega vera á fasteignaveðlánum, mundu ekki seljast. Úr þessu gerði hv. þm. Dala. (B. J.) það, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefði sagt, að íslensk verðbrjef gætu alls ekki selst. Það sjá allir, að þetta er alt annað en sagt var.

Hitt atriðið voru þau ummæli háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að fjárhagur landsins væri nú svo erfiður, að varhugavert væri að festa sjóðina, þar eð svo gæti farið, að til þeirra þyrfti að grípa. Þetta skyldi hv. þm. Dala. (B. J.) svo, að sjóðina ætti að uppeta. Jeg held, að allir sjái, að með þessu frv. er verið að taka mikið veðmæti af ríkissjóði og setja það sem tryggingu fyrir nýjum skuldbindingum. Það er auðsætt, að tryggingar ríkissjóðs eru skertar með þessu, og það er mjög varhugavert. Ríkissjóður skuldar nú á annan tug miljóna. Háttv. þm. Dala. (B. J.) vill nú láta ríkissjóð taka enn lán og auka skuldirnar. Og ef til lántöku kemur fyrir ríkissjóð, býst jeg við, að lánveitendur líti fyrst og fremst á það, hvaða eignir ríkissjóður eigi, eða með öðrum orðum, að þá þurfi að taka til þessara trygginga. Það er því ekkert undarlegt, þótt varhugavert þyki að láta þessar eignir ríkissjóðs til tryggingu annara framkvæmda. Og það er ekki annað en skilningsleysi þm. Dala. (B. J.), sem birtist í ummælum hans um að taka sjóðina til þess að eta þá upp.

Bjarni Jónsson: Jeg vil aðeins bera af mjer þá ámæli, að jeg hafi misskilið hv. þm. N.-Ísf. Það var alt rjett, sem jeg sagði, en þar sem nú flokksbróðir hans ætlar að fegra hans orð, þá lýsir það vel hjartalagi hans. Jeg þoli vel, að þessir menn segi, að jeg hafi ekki vit á þessu máli, á meðan þeir geta ekki sýnt, að þeir hafi vit á því sjálfir.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Ísf. (S. St.) feld með 22 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., S. St., J. A. J., J. Þ.

nei: M. K., Ó. P., P. J., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. S., M. G., M. J., B. Sv.

Einn þm. (M. P.) fjarstaddur.

Brtt. 345,1. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G.

nei: M. K., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., B. Sv.

Einn þm. (M. P.) fjarstaddur.

Brtt. 345,2. tekin aftur.
— 345,3. feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. H., E. Þ., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., Ó. P., P. J., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þór. J.
nei: E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., P. O., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. Sv.
Einn þm. (M. P.) fjarstaddur.

Brtt. 345,4. samþ. með 15 : 2 atkv.
— 345,5. samþ. með 15 : 4 atkv.
— 345,6. samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 356).

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (G. B.): Frv. þetta er flutt af peningamálanefnd Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til þeirrar sömu nefndar í þessari deild, að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til peningamálanefndar (sjá A. bls. 1663) með 12 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 566 (minni hl.), n. 580 (meiri hl.)).

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Meiri hl. peningamálanefndarinnar hefir ekki treyst sjer til að fallast á frv. þetta skilyrðislaust og óbreytt.

Meiri hl. getur ekki felt sig við að binda þessa 3 sjóði, sem frv. nefnir, ræktunarsjóð, viðlagasjóð og kirkjujarðasjóð, sem allir eru nauðsynlegir, hver á sínum stað. Þessar 3 miljónir kr. eru ekki afhentar bankanum sem *rekstrarfje,* enda getur það ekki verið, þar sem þeir standa mestmegnis í lánum og verðbrjefum. Upphæðin getur því ekki verið til annars ætluð en sem *tryggingarfje,* að minsta kosti um mörg ár. Þetta virðist með öllu óþörf eyðsla.

Slíkur banki sem þessi þarf tvennskonar fje, *tryggingarfje* og *rekstrarfje.*

Sem tryggingarfje væri nægt að afhenda bankanum í byrjun svo sem 400 þús. kr., svo hann geti gefið út 1. flokkinn, sem mundi vera hæfilega stór svo sem 3 miljónir kr., en trygging fyrir 3 miljónum kr. á að vera eftir frv. 1/8 af brjefum þeim, sem eru í umferð, eða 375 þús. kr.

Sem *tryggingarfje* væri því nægt að afhenda bankanum í byrjun sem svarar þessari upphæð.

Hið eina af þessum 3 miljónum króna, sem virðist vera ætlað sem veltufje í byrjun, er vaxtamunurinn á 10 árum á milli 2% og vaxta þeirra, sem sjóðirnir njóta, og mun það ekki vera öllu meira en rekstrarkostnaðurinn, eða jafnvel ekki sem honum nemur.

Það virðist því á misskilningi bygt að afhenda bankanum 3 miljónir króna sem *tryggingarfje,* og að binda þar með alveg að óþörfu þessa stóru upphæð, sem samsvarar tryggingu fyrir 24 miljónum króna. En bankinn þarf *veltufje, greitt í reiðupeningum,* ef hann á að verða sjálfstæður banki, eins og frv. ætlast til.

Og hvers vegna þarf hann veltufje?

Af því hann ætlar að verða sjálfstæður banki, og ætlar að geta gert eitthvert gagn,

annað en að skapa stöður fyrir bankastjórana.

Og nú munu menn spyrja: Af hverju var veðdeildinni í upphafi aðeins afhent tryggingarfje? Svarið er: Af því veðdeildin stóð í sambandi við allstóran banka, í samanburði við hana, stóð þar sem fósturbarn bankans, sem lagði henni alt veltufjeð til frá 1900—1919.

Landsbankinn lánaði úr veðdeildinni, og notaði bankans fje, innlánsfje bankans, til að kaupa fyrir brjefin af lántakendum.

Þegar tregt gekk að selja brjefin aftur, eða vextirnir voru um tíma afarháir, þá mun hafa komið fyrir, að bankinn hafi legið með um 2 miljónir króna í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar. Þetta verður Ríkisveðbankinn að geta gert, ef hann ætlar að vera sjálfstæður, eins og frv. ætlast til. Þess vegna þarf bankinn útlagt veltufje, ef hann á að stofnast. Skuldabrjef þessara sjóða nægja honum ekki.

Nú hefir veðdeildin aflað sjer mikils tryggingarfjár, auk þess, sem henni hefir verið lagt það til frá landssjóði og Landsbankanum.

Hvers vegna á þá að leggja hana niður? Og hvers vegna vill landsbankastjórnin ekki leggja veðdeildinni til veltufje með sömu kjörum og áður?

Og hvers vegna snýr þingið sjer ekki til Landsbankans með þá ósk, að bankinn fari jafn vel með þetta fósturbarn sitt og áður?

Engin von er um, að nýr óþektur fasteignabanki, sem á að gera alt það sama og veðdeildin gerir, sje færari um að selja bankavaxtabrjef sín en veðdeildin, ef landsbankastjórnin gerir skyldu sína í þessu efni. Og hún getur, ef hún vill, haft umboðsmenn úti um alt, hjer og erlendis, til að selja brjefin eins og Ríkisveðbankinn.

Vilji menn njóta allra ákvæða í frv., þá má koma þeim að í næsta veðdeildarflokki.

Meiri hl. álítur þetta mál ekki nógu vel undirbúið, og hvergi á fremur við orðtakið: „það verður vel að vanda, sem lengi á að standa“ en einmitt þegar um þesskonar löggjöf er að ræða.

Síðar er svo örðugt að breyta; það gera skyldurnar við kaupendur bankavaxtabrjefanna.

Eigi að stofna lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, eins og þál. frá 1919 ætlast til, þá virðist vera opnasti vegurinn, að landbúnaðarhjeruðin stofni 1 eða fleiri veðlánsstofnanir fyrir landið á þann hátt, sem bent er á í nál. meiri hl. á þskj. 580, og þá með dálitlum styrk úr ríkissjóði til varasjóðsstofnunar. Og slíkar stofnanir geta starfað óáreittar af þingi og stjórn, sem mikils er um vert. Ef máli þessu er vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, þá mun gefast tækifæri til að athuga málið nánar, og það leggur meiri hl. til. Frv. er áreiðanlega ekki þroskað til að verða að lögum.

En svo eru ýmsar spurningar, sem jeg leyfi mjer að leggja fyrir þá, sem meira vita en jeg:

Vill Landsbankinn sleppa veðdeildinni? Um það virðist enginn vita.

Varasjóður veðdeildarinnar er, að mínu áliti, eign Landsbankans að hálfu, og á þá ríkissjóður hinn helminginn. 31. des. 1919 nam hann 377259 kr.

Vill nú Landsbankinn gefa sinn hluta? Landsbankinn á hálft tryggingarfje veðdeildarinnar. Helmingur þess mun hafa numið á sama tíma 585700 kr. Vill Landsbankinn skilyrðislaust afhenda öðrum banka og annari stjórn þetta tryggingarfje? Eða mun hann ekki öllu heldur heimta það afhent sjer frá hinni nýju stofnun, þannig, að hún verði að setja annað fje í staðinn?

Og loksins: Er það löglegt og áhættulaust að afhenda veðdeildina annari lánsstofnun?

Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um

alt þetta hjá þeim, sem vilja láta frv. nú ganga fram óbreytt. Með þessum formála leggur meiri hl. til, að frv. sje vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Og kem jeg þá að brtt., sem gerðar eru til vara.

Nefndin hefir ekki haft tíma til að yfirvega frv. eins ítarlega og skyldi, því það þarf bæði mikinn tíma og fagþekkingu til að gagnrýna slíkt mál og þetta til hlítar. Þó hefir hún gert við það nokkrar brtt., og skal jeg nú gera nokkra grein fyrir þeim í fám orðum.

Jeg skal þá fyrst minnast á 2. gr., þótt engin brtt. sje við hana. Vildi jeg aðeins biðja háttv. deild að athuga það, hvort afhending veðdeildar Landsbankans, eins og þar er gert ráð fyrir, muni vera tiltækileg.

Við höfum ekki heldur gert neina brtt. við 3. gr., en jeg vil samt benda á, að rjettara muni að kalla fje það, sem hjer er um að ræða, veltu- og tryggingarfje heldur en stofnfje, því bankinn kemst ekki hjá að nota hvorttveggja.

Á 4. gr. ætti þá líka að verða þessi breyting. Annars fer brtt. við hana fram á, að feld verði niður ákvæðin um, að fjeð verði greitt úr þessum þrem sjóðum, heldur greiði ríkissjóður fje þetta, þá er ríkisstjórnin sjer sjer það fært. Er aðalorsökin til þess sú, að meiri hl. nefndarinnar álítur ekki tiltækilegt að farga svo sjóðum þessum, og verða svo án þeirrar hjálpar, sem þeir veita.

Næst er 2. brtt., sem á við 7. gr. Aðalbreytingin, sem þar er um að ræða, viðkemur röðinni á tryggingarfje því, er taka skal til, er á tryggingum þarf að halda. Meiri hl. nefndarinnar þykir sjálfsagt, að fyrst sje þá tekið til varasjóðs, en ekki til skuldabrjefa lántakenda til stofnunarinnar, því venjulega er gert ráð fyrir því, að ekki sje tekið til þess ráðs að selja þau, fyr en stofnunin er að gjaldþrotum komin.

Næsta brtt. er við 12 gr. frv. Í 1. málsgr. er þar tekið fram, að lána megi gegn veði í fasteignum alt að $^3/_5$ hlutum af virðingarverði fasteignarinnar. Eins og bent er á í nál., hefir reynslan af virðingum fasteigna orðið sú, að meiri hl. nefndarinnar telur alls ekki ráðlegt að lána út á meira en ½ hluta af virðingarverði. Það er auðsætt, að höfundur frv. þessa hefir hjer orðið fyrir áhrifum af reglugerðum *„lánsfjelaganna“* dönsku og þýsku, því þau lána út á fasteignir alt að $^3/_5$ hluta virðingarverðs. En þar stendur öðruvísi á en hjer. Þar er um „solidariska“ ábyrgð að ræða, og allar jarðir sem eitt veð. — Það bólar hjer á því, eins og sumsstaðar annarsstaðar, að höfundur frv. hefir ekki þá reynslu í þessum efnum, sem æskilegt væri.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar lagt það til, að síðasta málsgrein 12. greinar falli niður. Hún er í sama anda og 1. málsgrein, að gera sem rýmst um lánin. Hún kveður á um, að í reglugerð megi setja ákvæði, sem heimili að lána út á annan veðrjett, er sjerstaklega stendur á, þó svo, að öll skuldin, sem á fasteigninni hvílir, fari ekki fram úr $^3/_5$ af virðingarverði. Þetta ákvæði telur meiri hluti nefndarinnar mjög varhugavert. — Ef slíkt ákvæði sæist í lögunum, að lána mætti út á annan veðrjett, þá myndi það eflaust spilla mjög fyrir sölu bankavaxtabrjefanna, að minsta kosti erlendis. Að taka lánsfjelögin dönsku og þýsku hjer til fyrirmyndar á alls ekki við. Þar er, eins og jeg hefi tekið fram áður, alt öðru máli að gegna og minna í hættu á alla kanta, þar sem um samábyrgð á öllum eignum er að ræða.

Ákvæðið um áhættugjaldið fjelli þá líka að sjálfsögðu niður, enda væri það áreiðanlega ekki sem best fallið til að auka traust bankans.

4. brtt. á við 13. gr. og hljóðar um það, að 2. málsgrein hennar falli niður. Sú

málsgrein er um það, að í vissum tilfellum þurfi sjerstök virðing vegna lántökunnar ekki að fara fram. Nú er þessi almenna virðing eða mat á fasteignum, sem nota á, mjög svo óábyggilegt, og verður því óábyggilegra, sem lengra líður frá því, er virðing er gerð, og auk þess verður að ætlast til, að slíkar lánsstofnanir, sem þessi, hafi sjálfar öll venjuleg skjöl og skilríki á hendi, sem snerta lánin. Telur meiri hl. nefndarinnar af þessum sökum ekki ráðlegt að bregða frá þeirri reglu, að sjálfstæð virðing fari fram í hvert sinn, sem lánað er út á einhverja fasteign.

Brtt. við 14. og 15. gr. eru þær sömu og brtt. við 1. málsgrein 12. greinar, og þarf jeg því ekki að víkja frekar að þeim.

Þá kemur 7. brtt. við 18. gr. Þótt frv. þetta sje yfirleitt fremur myndarlega samið og ljóst, þá er þessi grein mjög óljóst orðuð. Í þessari grein er gert ráð fyrir, að veðlánsfjelög geti orðið stofnsett, og Ríkisveðbankanum þá heimilað að kaupa skuldabrjef þessara fjelaga. Er hjer svo komist að orði, meðal annars: „getur þá bankinn keypt skuldabrjef slíkra fjelaga eða veitt þeim lán, gegn tryggingu í veðskuldabrjefum fjelagsmanna og öðrum eignum hvers fjelags, auk sameiginlegrar ábyrgðar lántakenda fjelagsins“.

En í upphafi greinarinnar stendur: „Nú verða stofnuð veðlánsfjelög — með sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna“. Það er augljóst, að hjer er annaðhvort um tvítekningu að ræða, eða það er í síðari staðnum átt við persónulega ábyrgð. — Að minsta kosti mætti skilja það svo. Meiri hluti nefndarinnar hefir því lagt til, að þau orð falli burtu.

Síðari breytingin á 18. grein eru aðeins tvö orð, sem er bætt inn til skýringar.

8. brtt. er einnig aðeins til skýringar.

Þá er næst 9. brtt. við 25. gr. Þar er gert ráð fyrir, að gjaldið til varasjóðs sje frá ¼% upp í ¾% af eftirstöðvum lánsins. En reynslan hefir sýnt, að gjaldið má ekki vera svo lágt, ef bankinn á að geta borið þann kostnað, sem á hann er lagður. Ef síðari talan eða hámarkið þykir of hátt, sem brtt. tekur til, þá er stjórnarráðinu í lófa lagið að taka lágmarkið, — en það mun þó vart of hátt.

Þá er í þessari málsgrein tekið fram, að stofnunin geti lagt mismunandi gjald á lántakendur. Það hygg jeg að varla verði heppilegt, og mun rjettast að leggja jafnt á alla og láta alla njóta sama rjettar. — Leggur meiri hluti nefndarinnar því til að fella þetta ákvæði burt.

3. málsgrein 28. greinar vill meiri hl. fella niður. Þar stendur svo, að aukaafborgunum og endurborgunum lána megi verja til nýrra útlána. Þeim, sem kaupa verðbrjefin, mun finnast þau standa nógu lengi, þó öllu, sem innborgast, sje varið til að innleysa þau. Þess vegna vill meiri hl. fella þetta ákvæði í 28. gr. niður. Enda nema aukaborganir, sem greiddar eru í peningum, svo lítilli upphæð, að enga praktiska þýðingu hefir að lána það út aftur, en aftur getur það haft ill áhrif á útlendinga, sem kaupa eiga hlutabrjefin, sjái þeir að aukaborgunum á ekki líka að verja til að innleysa brjefin.

3. málsgrein 29. greinar vill meiri hl. einnig fella niður. Þar er svo sagt, að af fje varasjóðs megi veita lántakendum aukalán í peningum, alt að þeirri upphæð, sem afföll af bankavaxtabrjefum þeim nema, er þeir fá lán sín greidd með.

Mjög er fjarlægt meiri hlutanum að álíta, að rjett sje að leyfa að lána úr varasjóði. Vanalega er reglan sú, að snerta hann ekki til annars en að borga með honum tap, sem bankinn verður fyrir, ef nauðsynlega þarf. Engin ástæða er til að ákveða, að úr honum megi taka fje til að lána út á sama hátt og í þessari málsgrein. Slík smálán eiga menn að geta fengið í hinum bönkunum.

Þá er 10. brtt. b við 29. gr. 4. málsgr. Í þessari málsgrein er gert ráð fyrir, að varasjóður skuli ávaxtaður í bankavaxtabrjefum bankans sjálfs, eða á annan tryggilegan hátt. Þetta er nú gott og blessað; en venjan er nú sú, að ávaxta ekki varasjóð eingöngu í brjefum stofnunarinnar sjálfrar, heldur einnig í brjefum annara stofnana. Þar sem þessi er nú venjan, að ávaxta varasjóð ekki eingöngu í brjefum stofnunarinnar sjálfrar, þá hefir meiri hlutinn lagt til, að láta „ávaxtað í innlendum ríkisskuldabrjefum" standa á undan: „bankavaxtabrjefum bankans sjálfs", til merkis um það, að aðalreglan eigi einmitt að vera sú, að ávaxta þau í innlendum ríkisskuldabrjefum.

30. gr. vill meiri hlutinn láta fella burtu. Leiðir það beint af því, að meiri hl. vill fella niður ákvæðið um, að sjóðirnir renni inn í bankann, því 30. gr. er öll um þessa sjóði. Þarf ekki að skýra þessa brtt. neitt frekar.

13. brtt. er við 38. gr. Í henni er lagt til, að bankanum stjórni 2 bankastjórar, en ekki 3, eins og í frv. Það er samskonar fyrirkomulag eins og var í Landsbankanum áður. Getur meiri hl. ekki sjeð, að bankinn muni verða svo stór fyrst, að 2 bankastjórar nægi ekki. Og til að halda kostnaðinum niðri, vill meiri hl. nefndarinnar láta annan endurskoðandann, þann, sem kosinn er af stjórninni, sem á að vera kritiskur endurskoðari, skera úr, ef hinir 2 bankastjórar ekki geta komið sjer saman, eins og gæslustjórarnir gerðu áður við Landsbankann.

Brtt. 13 b. er orðabreyting, sem leiðir af 13 a.

14. brtt. a. er um, að 1. málsgr. 39. gr. orðist svo: „Bankastjórarnir ráða alla starfsmenn bankans og víkja þeim frá". Hjer er gert ráð fyrir, að bankastjórarnir sjálfir ráði starfsmenn sína.

Oft hefir verið talað um nauðsyn þess hjer í þinginu, að bankastjórnirnar sjálfar hefðu vald til að ráða þjóna sína. Margoft hefir reynslan sýnt, að annað er ekki tiltækilegt. Reynslan hefir sýnt, að ekki er hægt að hafa stjórn á banka, nema bankastjórarnir ráði sjálfir starfsfólkið og ráði hvenær það fer frá starfanum aftur. Við veðdeild Landsbankans hefir sú aðferðin verið höfð. Bankastjórarnir hafa sjálfir ráðið bókara við hana, en ekki stjórnin, og hefir það reynst mjög vel. Full trygging ætti það að vera, að stjórnarráðið velur bankastjórana sjálfa, svo óþarfi er frá því sjónarmiði, að stjórnin skipi einnig starfsmennina.

14. brtt. b. leiðir beint af breytingunum á undan.

15. brtt. leggur til, að 1. málsgr. 40. gr. orðist svo: „Báðir bankastjórarnir skulu undirskrifa, er gefa skal út eða framselja bankavaxtabrjef, önnur verðbrjef eða aðrar skuldbindingar".

Nauðsynlegt er að hafa ákvæði um, að báðir bankastjórarnir verði að undirskrifa, þótt slysast hafi inn í lög Landsbankans, að undirskrift eins nægi. Ákvæðið í frv. um, að bankastjórarnir geti falið þjóni sínum að skrifa undir í sinn stað, með einum bankastjóra, er óhæft. Því engin trygging felst í því, þótt þjónn skrifi undir. Þjónninn er nærri því neyddur til að skrifa undir með yfirboðara sínum það, sem hann óskar. Auk þess vita þjónarnir ekkert, hvað um er að vera. Nær hefði legið, að bókarinn eða gjaldkerinn í Landsbankanum hefði fengið rjett til að undirskrifa, þar sem þeir eru skipaðir af stjórninni.

En til þess að það geti litið sæmilega út í augum útlendinga, sem kaupa eiga brjefin, verður að ákveða, að gildi hafi aðeins undirskrift tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og annars endurskoðarans.

Síðari málsgrein 40. gr. fellur burt sökum þess, að samkvæmt brtt. kemur hún inn í 38. gr.

41. gr. vill meiri hl. nefndarinnar gerbreyta. Í brtt. hans við þá grein er gert ráð fyrir, að bankastjórarnir skuli hafa fastákveðin árslaun. Þar sem hjer er um opinbera starfsmenn að ræða, getur ekki annað átt við. Sjerstaklega er meiri hl. á móti því ákvæði frv., að bankastjórarnir fái sjerstaka þóknun fyrir að koma út brjefunum, því það er þeirra skyldustarf að koma þeim út.

b-liður 15. brtt. leiðir af því, að við viljum hafa tvo bankastjóra, báða jafn valdamikla.

17. brtt. er við 42. gr. Viljum við aðeins bæta einu orði inn í greinina, orðinu stjórn, svo þar standi, að endurskoðunarmennirnir eigi að rannsaka stjórn og rekstur, til þess greinilega komi fram, að endurskoðunin eigi að vera „kritisk".

Loks leggur nefndin til, að einni grein sje bætt við, þar sem tekið er fram, að öll lagaákvæði, er komi í bága við þessi lög, sjeu numin úr gildi. Þetta ákvæði er nauðsynlegt sökum þess, að lög þessi höggva mjög nærri eldri lögum og breyta þeim, t. d. veðdeildarlögunum; en venja er að taka fram í nýjum lögum, sem breyta eldri, að hin eldri sjeu úr gildi numin.

Þá hefi jeg gert grein fyrir öllum brtt.; en jeg vil taka fram einusinni enn, að þessar brtt. eru eingöngu til vara. Aðalatriðið fyrir okkur er, að fá málinu vísað til stjórnarinnar, til frekari athugunar og undirbúnings.

Því hefir verið haldið fram, að slíkt væri algerlega tilgangslaust, þar sem stjórnin væri með málinu og því fylgjandi að það næði fram að ganga nú á þessu þingi. En þar til er því að svara, að þegar athugað er, hversu flókið og umfangsmikið mál þetta er, þá er óhugsandi, að stjórnin hafi getað sett sig inn í málið, jafn önnum kafin og hún er. Og því er markleysa að segja nokkuð um það nú, hvort hún er með því eða móti.

Við 9. grein höfum við ekki borið fram neina breytingartillögu. Á eitt ákvæði í þeirri grein vil jeg þó minnast. Þar er svo ákveðið, að hver deild megi ekki standa lengur en 55 ár. En 55 ár er altof langur tími. Væri hann hafður svo hár, mundi það fæla útlendinga frá að kaupa brjefin. Reynslan er sú annarsstaðar, að menn fráfælast að kaupa brjef, sem ekki er hægt að fá innleyst fyr en eftir mannsaldur, og því stefnir alt að því þar að stytta tímann. Venja sú, er áður var, að selja brjefin til 55 eða jafnvel 90 ára, má heita úr sögunni. Nú dugir ekki lengur að hafa tímann svo langan; við verðum að hafa hann styttri, eins og allir aðrir. Við þetta bætist svo það, að mín reynsla er sú, að landsmenn óska ekki eftir svo löngum lánum. Er þeim var sjálfum leyft að ákveða, til hve langs tíma þeir tækju lánið, tóku þeir það venjulega til 25 ára. Kom fyrir, að beðið var um 40 ára lán, en aldrei til lengri tíma. Og jeg verð að álíta, að þau fyrirtæki, sem eigi geta borgað hagkvæm lán á 25—30 árum, eigi ekki skilið að fá lán.

Jeg hefi orðið alllangorður, en þetta mál er svo merkilegt, að ekki dugir að hroða því af; það verður að ræðast og athugast. Vona jeg að þær skýringar, sem jeg hefi gefið, sjeu sannar og rjettar, því annað en það, sem jeg veit satt og rjett, hefi jeg eigi viljað segja.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Eins og háttv. frsm. heiri hl. (B. K.) tók fram, var ágreiningur innan nefndarinnar um þetta mál. Meiri hl. vill fresta málinu: en minni hl. ræður eindregið til, að málið nái fram að ganga og frv. verði samþ.. helst án brtt. Enda er það svo, að verði frv. breytt hjer, mun tæplega vinn-

ast tími til að afgreiða málið á þessu þingi.

Vil jeg þá fyrst víkja að nefndaráliti meiri hl. og svo að brtt.

Háttv. meiri hluti talar um, að minsta kosti fram til 1919 hafi veðdeildin verið ódýrasta lánsstofnunin, sem kostur var á, og það af því, að þangað til hafi Landsbankinn haldið uppi verðinu á bankavaxtabrjefunum. En eftir 1919 hafi þetta breyst og bankinn hætt að halda uppi verði þeirra. Höfuðmisskilningur nefndarinnar er í því fólginn, að hún heldur, að veðdeild eða veðbanki geti sjálfur ráðið því, með hvaða verði menn vilja kaupa vaxtabrjefin, en slíkt fer auðvitað eftir því, hvernig eftirspurnin er eftir brjefunum, en það fer eftir peningamarkaðinum eða almennum peningavöxtum. Í raun og veru er eðlilegt, að Landsbankinn kaupi brjefin með fullu tilliti til hvernig peningamarkaðurinn er; alt það, sem hann gefur fyrir þau þar fram yfir, er í raun og veru gjöf til veðdeildarinnar, en ekki „bankmæssigt". Nú er enginn markaður fyrir veðbrjefin, því menn geta fengið hærri vexti fyrir peninga sína annarsstaðar. Af því leiðir, að veðbrjefin hafa lækkað. (*B. K.*: Í hvaða verði eru þau nú?). Jeg veit það ekki nákvæmlega. (*B. K.*: Jeg held þau standi í 74%). Þegar verðbrjefin eru komin svo lágt, veigra menn sjer við að taka veðdeildarlán, jafnvel þótt „effektiv" vextir af láninu væru á þeim tíma, sem lánið væri tekið, ekki hærri en peningamarkaðurinn er, því bæði kemur sjer illa að missa svo mikinn hluta af láninu strax, betra að missa í hærri vöxtum yfir lengri tíma, og auk þess, þegar lánið er einu sinni tekið, við þessu „kúrs"-falli, þá þýðir ekki að endurgreiða það, þó vextirnir lækkuðu, því kúrsfallið verður að nást upp á löngum tíma. Menn mundu mikið fremur vilja taka lán með hærri vöxtum og litlum afföllum, því ef peningamarkaðurinn lækkar og vextirnir fara mikið niður, þá er hægt að endurgreiða lánið og fá nýtt lán með betri kjörum.

Af þessu sjest, að eins og nú standa sakir, er ekkert gagn að veðdeild Landsbankans, bæði seljast brjefin ekki og afföllin á þeim svo mikil, að menn treystast ekki til að taka lán.

Háttv. meiri hluti efast um, hvort lögum samkvæmt megi leggja veðdeildina undir Ríkisveðbankann. Þetta virðist þó varla geta verið efamál, þar sem allar reglur veðdeildarinnar haldast óbreyttar, að því er þær og brjef þeirra snertir. Eftir sömu reglu mætti þá ekki hagga við stjórn og fyrirkomulagi Landsbankans, frá því, sem var þegar veðdeildin var stofnuð. Rjett er það, að í þingsályktunartillögunni var eingöngu gert ráð fyrir landbúnaðarbanka, en hjer í þessu frv. er bankanum ætlað stærra verksvið. Jeg býst við því, að sökum þess, hve fámennir vjer erum enn, muni ekki hægt að hafa eins margar tegundir banka hjer eins og annarsstaðar.

Þá vík jeg nokkuð að sjóðunum, sem á að nota sem stofnfje. Það er rjett, að sjóðir þessir eru stofnaðir í þeim tilgangi, sem segir í nefndaráliti meiri hlutans, og vafalaust hafa þeir gert mikið gagn, en spursmálið verður, hvort þeir verða ekki að enn meira gagni með því að nota þá sem seglfestu í Ríkisveðbankann. Því meiningin með Ríkisveðbankanum er að byggja hann svo upp, að hann geti bætt úr þeirri brýnu þörf, sem er á því, að geta fengið lán út á fasteignir til lengri tíma.

Háttv. framsögumaður meiri hl. (B. K.) sagði, að það ætti eingöngu að nota þetta fje til tryggingar, en mætti ekki nota það til veltu; en þetta er rangt hjá háttv. frsm. (B. K.), því að í 30. gr. stendur: „Jafnóðum og bankinn innheimtir lán þau, er stofnsjóður verður útlagður

með samkvæmt 4. gr., skal ávaxta stofnsjóðinn í íslenskum ríkisskuldabrjefum, bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og stjórnarráð telja trygg". Og seinna í sömu grein stendur: „Má og verja því fje til útlána um stuttan tíma, ekki yfir 6 mánuði, gegn handveði í bankavaxtabrjefum bankans". Það er nú í þessari grein sagt beinum orðum, að fjenu megi verja til útlána um styttri tíma, og auk þess er sagt, að fyrir stofnsjóðinn megi kaupa bankavaxtabrjef, en bankavaxtabrjefin eru einmitt seld til þess að útvega bankanum veltufje. Þetta sýnir ljóslega og ómótmælanlega, að stofnsjóðurinn hefir fleiri hlutverk en að vera til tryggingar, þar sem bæði má brúka hann til að útvega bankanum veltufje, og svo beint til útlána.

Háttv. meiri hluti heldur því fram, að hlutverk sjóðanna fari að miklu leyti forgörðum, með því að leggja þá inn í bankann, og að þeir komi að meiri notum þar, sem þeir eru nú. En það er efasamt, hvort t. d. ræktunarsjóðurinn kemur að meira haldi nú en hann mundi gera með því að styðja að því, að þessi banki kæmist á fót, sem gera má fastlega ráð fyrir, að nái langtum lengra en smásjóðir með lánum sínum. Einnig segir háttv. meiri hluti, að það sje mjög varhugavert að taka viðlagasjóðinn og binda hann í lánum, því það geti veikt lánstraust landsins. En fyrst er nú það, eins og kunnugt er, að viðlagasjóður er nú allmjög bundinn í lánum, og svo er á hitt að líta, að Ríkisveðbankinn verður eign landssjóðs, og fer því sú miljón, sem taka á úr viðlagasjóðnum, úr einum landssjóðsvasanum í annan, og verður varla sjeð, að það geti veikt lánstraustið.

Það bergmálar nú í báðum deildum, sem varla mátti nefna í byrjun þingsins, að eina leiðin til þess að losa landið úr þessum vandræðakröggum, sem það nú er í, sje að taka lán. Og víst er um, að þetta er rjett; þarna er bráðabirgðahjálpin, en til þess að tryggja framtíð landsins er ein leið, sú, að styrkja atvinnuvegi vora og styðja alla framleiðslu landsins. Og varla verður sjeð, að annað mundi meira hjálpa annari aðalgrein framleiðslu vorrar, landbúnaðinum, en löng lán, sem banki eins og þessi ætti að geta veitt.

Vitaskuld er það, að aðalskilyrðið fyrir því, að bankinn geti starfað, er, að hægt sje að fá nægilegt veltufje handa honum, með því að útvega markað fyrir bankavaxtabrjefin; og þó þessu máli væri nú frestað til næsta þings, þá er engin ástæða til að ætla, að málið verði betur undirbúið þá en það er nú, og það verður heldur ekki hægt að segja þá með meiri vissu en nú, hvort hægt verður að selja bankavaxtabrjef. Um slíkt er ekki hægt að segja með vissu, fyr en tilraun hefir verið gerð í þá átt. En það vita allir, hve afarþýðingarmikið mál þetta er, og það er því sjálfsagt að gera þessa tilraun sem allra fyrst.

Ákvæðin um lánshæðina út á fasteignirnar telur hv. meiri hl. að sjeu bygð á of mikilli bjartsýni. En eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið um þetta efni, þá mun þessi leið vera sú, sem mest tíðkast erlendis, þó það sje að vísu nokkuð misjafnt; t. d. má geta þess, að „Landmandsbanken" lánar út á ⅗ virðingarverðs, og svo mun vera um fleiri banka. Einnig ber að gæta þess, að það, sem er sett hjer í frv., er hámarkið, en svo getur reglugerð sú, sem samin verður, sett takmarkanir á því, hve mikið er lánað út á fasteignir. Hitt er annað mál, að virðingar á fasteignum nú eru svo óábyggilegar og ónákvæmar, að ekki er hægt að reiða sig á þær, og meðan þessu er ekki kipt í lag, hjálpa varla nokkur lágmarksákvæði fyrir því, hvað lána

megi, ef óheppni er með. Þess vegna verður bankinn að hafa menn í sinni þjónustu, sem treysta megi á, að meti með rjettsýni og samviskusemi, og ef þessu verður kipt í lag, þá mun varla stafa hætta af því, þó hæst megi lána út á ⅗ af andvirði jarðanna. Það má heldur ekki sýna altof mikla hræðslu í lánveitingunum, því þá gæti svo farið, að lánin gætu ekki komið að þeim notum, sem ætlast er til.

Háttv. meiri hluti heldur því fram, að ef útvega ætti markað erlendis fyrir brjefin, þá væri mjög hættulegt að hafa hámarkið svo hátt, sem frv. fer fram á, en jeg get ekki sjeð, að hjer sje um annað en grýlu að ræða, þar sem ákvæði eins og þetta tíðkast einnig erlendis.

Háttv. meiri hluti telur, að rjettara væri að hafa sjerstakar lánsstofnanir fyrir landbúnaðinn, og aðrar fyrir hús og sjávarútveg, í líkingu við „Kreditforeninger“ í Danmörku og Þýskalandi, en jeg held, að of margar lánsstofnanir mundu gera sölu brjefanna örðugri, því altof margar tegundir brjefa mundu fremur flækjast hver fyrir annari.

Böðvar Bjarkan upplýsir í athugasemdum sínum, að í Svíaríki hafi reynslan orðið sú, að lánsfjelögin eyðilögðu hvert annað, og var þess vegna það ráð tekið að sameina þau í einn veðbanka, með víðtæku starfsviði.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram, þá er jeg eindregið á móti rökstuddu dagskránni, sem háttv. meiri hluti hefir borið fram, og vona jeg, að málið fái jafngreiðan gang í þessari háttv. deild eins og það fjekk í háttv. Nd., og að dagskráin verði því feld. Það er mjög mikil nauðsyn á, að mál þetta nái sem fyrst fram að ganga, og það hefir verið svo að segja óskiftur áhugi fyrir því á Alþingi, og gömul tillaga er það hjeðan frá Alþingi, að bankastofnunin verði bygð á þessum sjóðum.

Jeg leyfi mjer því að hverfa frá þessum almennu athugasemdum við frumvarpið, og vil með nokkrum orðum minnast á brtt. þær, sem háttv. meiri hluti hefir komið fram með, og geri jeg það í því trausti, að rökstudda dagskráin verði feld.

1. brtt. er við 4. gr., að greinin orðist svo: „Stofnfje bankans greiðir ríkissjóður af hendi, þegar ríkisstjórnin sjer það fært“. Þessi breyting er alveg sama sem að drepa málið, eða að minsta kosti að draga það um ófyrirsjáanlega langan tíma. Jeg skil brtt. svo, að það sje gert ráð fyrir, að stofnsjóðurinn sje lagður fram í peningum. En hvenær má búast við því, að ríkissjóður hafi svo mikið fje handbært, að hann geti lagt fjeð fram, eða að hann geti fengið lán með svo vægum vöxtum, að hægt verði að nota það sem stofnfje? Af þessari ástæðu leyfi jeg mjer að mæla á móti brtt., því að samþykkja hana væri sama og fella málið eða samþykkja dagskrána.

2. brtt. fjallar um hverjar tryggingar bankinn skuli hafa, og eru þær þar taldar upp. Þessi breyting er raunar engin efnisbreyting, því að í frv. stendur, að til tryggingar vaxtabrjefum bankans skuli vera: „1. skuldabrjef, er bankinn fær frá lántakendum, 2. varasjóður bankans, 3. stofnsjóður bankans, 4. ábyrgð ríkissjóðs fyrir 12½% af upphæð bankavaxtabrjefa í umferð, þegar taka þarf til ábyrgðarinnar“, en í brtt. stendur: „*Auk* veðskuldabrjefa þeirra, sem bankinn fær frá lántakendum, og öðrum kröfum hans, *skal* trygging fyrir bankanum vera: 1. varasjóður bankans, 2. stofnsjóður bankans, 3. ábyrgð ríkissjóðs“ o. s. frv., svo í raun og veru er röðin sú sama. Það er eðlilegast, að skuldabrjef þau, sem bankinn

fær frá lántakendum, sjeu fyrsta tryggingin, en hinsvegar mundi, praktiskt sjeð, fyrst verða gripið til varasjóðsins, ef hann er ekki bundinn. Jeg legg því til, að brtt. verði feld, með því hún er óþörf, og einnig b- og c-liðurinn, sem eru afleiðing af a-liðnum.

Þá er 3. brtt. við 12. gr., um að í stað ⅗ komi ½. Jeg þarf lítið um þessa brtt. að segja, því jeg hefi áður gert grein fyrir afstöðu minni til hennar. Jeg sje heldur enga ástæðu til að hafa þetta öðruvísu heldur en annarsstaðar gerist, t. d. í „Landmandsbanken" og „Norges Hypotekbank" og „Kreditforeninger" dönsku og víðar. Að öðru leyti vísa jeg til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta atriði.

B-liðurinn í sömu brtt. er um að síðasta málsgrein 12. gr. falli burt. Þar stendur „— að bankinn geti tekið gildan veðrjett næst á eftir veðtrygðum skuldum eða kvöðum ákveðinnar tegundar, eða til ákveðinna stofnana, þó svo, að lán bankans, að viðbættum eldri skuldbindingum á eigninni, fari eigi fram úr ⅗ af verðgildi hennar". Satt að segja held jeg, að engin hætta sje á að lána út á annan veðrjett, þegar alt lánið er bundið við ⅗ af virðingarverði eignarinnar, og flestar útlendar lánsstofnanir áskilja sjer heimild til þess að lána út á annan veðrjett í sjerstökum tilfellum, enda ekkert við það að athuga, ef bæði lánin til saman eru innan þeirra takmarkana, sem bankanum er annars heimilt að lána.

Þegar Íslandsbanki var stofnaður, þá var þeim, sem kaupa vildu hluti, gefin heimild til að gefa út skuldabrjef fyrir hlutaupphæðina, og áttu þau að vera trygð með 20% af virðingarverði jarðarinnar. Jeg man ekki betur en að einhver lög sjeu til um það, að veðdeildarlán mætti lána út á þessar jarðir, þrátt fyrir hin á hvílandi 20%, þannig, að tekið var auðvitað tillit til þeirra þegar lánsupphæðin var ákveðin. Það væri of mikill „formalismus" að banna yrði slík lán, og legg jeg því til, að þessi brtt. sje feld.

Þá er 4. brtt. við 13. gr. Þar er sjerstakt ákvæði um, að eigi þurfi að fara fram virðing, ef lánsupphæðin eigi fer fram úr ½ skattvirðingunni. Virðist auðsætt, að þegar svona strangt ákvæði er sett um lánsupphæðina, að skoða megi lánið svo vel trygt, að eigi sje annað en formsatriði að heimta sjerstaka virðing.

Þá koma 5. og 6. brtt. við 14. og 15. gr. Það eru samskonar breytingar og við 12. gr., og get jeg vísað til þess, sem jeg sagði um hana.

Næst er 7. brtt. við 18. gr. Hún fer í þá átt, að orðin „auk sameiginlegrar ábyrgðar lántakenda, fjelagsins" falli burt. Háttv. frsm. minni hl. (B. K.) skýrði þetta á þann veg, að ákvæðið væri ónauðsynlegt, og benti á að jafnvel gæti komið til mála, að með þessu væri að ræða um persónulega ábyrgð fjelagsmanna. En vitanlega væri persónuleg ábyrgð í þessu sambandi hrein fjarstæða, enda verða orðin ekki skilin á þá leið. Annars þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um þetta, því háttv. frsm. (B. K.) lagði litla áherslu á þetta atriði.

Þá er 8. brtt. við 22. gr. Þar stendur, að þegar fasteign er seld, skuli kaupandi tilkynna bankanum eigendaskiftin, að viðlagðri sekt. 1% gjaldi af veðskuldinni, en meiri hl. nefndarinnar vill bæta við: „eins og hún er á þeim tíma". En það er ekki hægt að misskilja setninguna eins og hún er orðuð, því vitanlega er þar eigi átt við hina upphaflegu lánsupphæð, heldur eins og lánið er á þeim tíma, er sala fer fram. Hver einasti lögfræðingur mundi skilja þetta á þann veg, og brtt. háttv. meiri hl. er því allsendis óþörf.

Þá kemur 9. brtt. við 25. gr., er fer í þá átt, að árstillagið til varasjóðsins

skuli vera ¾%—1%. Í frv. er gjald þetta ákveðið ¼%—¾%. Satt að segja virðist mjer engin ástæða til að breyta þessu. Veðdeildargjaldið er, eins og kunnugt er, ½%, og hefir ávalt verið nægilegt. Hjer er farið fram á, að gjald þetta verði ¼%—¾%, og þar sem ½% hefir reynst nóg í veðdeildinni, þá virðist óþarfi að gera ráð fyrir, að ¾% muni eigi reynast nógu hátt. Jeg held því, að heppilegast sje að halda ákvæðinu, en í reglugerð má ákveða, ef svo sýnist, mismunandi gjald fyrir mismunandi tegundir lána, og ef þörf sýnist, má halda sjer að hámarksgjaldinu.

Þá kem jeg að 10. brtt. við 28. gr. Hún fer í þá átt, að 3. málsgrein falli burt. En svo er ákveðið í 3. málsgrein þeirrar greinar, að „auka-afborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist fyrir þann tíma, er önnur lán sama flokks eiga að vera greidd".

Nú er það svo, að háttv. meiri hluti byggir úrfelling sína á því, að lántakendum sje gert rangt til með því, að þessi upphæð sje eigi notuð; því þetta mundi leiða til þess, að bankavaxtabrjefin yrðu eigi innleyst eins fljótt og annars gæti orðið. En þá má aftur líta á hitt, sem hv. frsm. (B. K.) sagði, að af fje þessu er ekki mikið greitt í peningum, svo miklar vonir geta ekki brugðist í þessu efni hjá eigendum bankavaxtabrjefanna, enda hafa þeir engin loforð fyrirfram fyrir því, að þessar aukagreiðslur komi þeim til góða. En hins vegar getur það verið hentugt fyrir bankann að mega veita ný lán fyrir þessar upphæðir, í stað þess að innleysa brjefin.

10. brtt. b., við sömu grein, er afleiðing af hinni brtt., svo jeg þarf ekki að fara um hana fleiri orðum.

Þá er það 11. brtt., við 29. gr., um að 3. málsgrein falli burt, en sú málsgrein hljóðar um, að af fje varasjóðs megi veita lántakendum aukalán í peningum, alt að þeirri upphæð, er afföll á bankavaxtabrjefum þeim nemur, er þeir fá lán sín greidd með.

Höf. frv. segir þetta tekið úr þýskum veðlánalögum. Tilgangurinn er, að þessi viðbótarlán greiðist á styttri tíma en hin lánin. Og að því er þessi viðaukalán snertir, sem aðeins eiga að standa stutt, þá getur eignin verið góð trygging fyrir þeim, þó hún sje ekki góð trygging fyrir lánum, sem eiga að standa mjög lengi, því á löngum tíma getur eignin breyst svo mjög.

Þá er önnur brtt. við sömu gr. 4. málsgr., er fer í þá átt að kveða á um, að fje varasjóðs skuli ávaxtað í innlendum ríkisskuldabrjefum, auk bankavaxtabrjefa bankans sjálfs.

En þetta er óþarft ákvæði, vegna þess, að í greininni stendur: „í bankavaxtabrjefum bankans sjálfs, *eða á annan tryggilegan hátt*", og undir þetta ákvæði falla auðvitað ávalt ríkisskuldabrjefin, sem vitanlega eru tryggustu verðbrjefin.

12. brtt. er um, að 30. gr. falli burt. Um hana þarf jeg ekki að ræða, því hún er sjálfsögð afleiðing af 1. brtt. háttv. meiri hl., og hlýtur því að verða samþ., gangi hún í gegn, en falla ella.

Þá er 13. brtt. við 38. gr. Hún fer í þá átt, að í stað þriggja bankastjóra skuli þeir aðeins vera tveir, og ef ágreiningur verður um málefni bankans, þá skeri stjórnkjörni endurskoðandinn úr.

Í fasteignabönkum annarsstaðar er venjulega 1 bankastjóri og 2 meðstjórnendur, og svo er gert ráð fyrir hjer. Það þykir jafnan hagkvæmara að hafa bankastjórana 3, til þess að atkvæði verði eigi jöfn, ef bankastjórnina greinir á. Í brtt. háttv. meiri hl. er og gert ráð fyrir, að slíkur ágreiningur geti komið fyrir, og

þá er gert ráð fyrir, að „kritiski“ endurskoðandinn ráði úrslitunum. En hvernig á þá endurskoðandinn að koma fram sem gagnrýnandi um störf bankans, þegar hann hefir áður bundið atkvæði sitt sem bankastjóri, og einmitt líklegt, að ágreiningurinn verði ekki nema um stórvægileg atriði í bankanum. Jeg sje ekki betur en þetta ákvæði meiri hl. sje mjög óheppilegt.

Næst er 14. brtt. við 39. gr. Hún kveður á um það, að bankastjórnin skuli ráða alla starfsmenn bankans. Mjer virðist það miklum mun tryggilegra, að stjórnin skipi bæði bókara og gjaldkera. Því hefir verið haldið fram af frsm. meiri hl. (B. K.), að örðugt mundi fyrir bankastjórn að losna við þessa starfsmenn, ef þeir væru stjórnskipaðir.

Jeg verð að líta svo á, að ef þessir starfsmenn gerðu eitthvað verulegt af sjer, þá sje ávalt í lófa lagið að kæra þá, og stjórnarinnar að víkja þeim úr stöðu sinni, ef um alvarlegar sakargiftir væri að ræða. Og svo er annað, sem kemur til greina í þessu sambandi. Við skyldum segja, að í bankastjórastöðurnar veldust varmenni, sem ávalt kemur fyrir víða um heim og *getur* komið fyrir hjer. Mundi þá eigi vera heppilegra, að stjórnin skipaði menn þessa, en að þessir sömu menn gætu valið þá eftir sínu höfði. Það er meiri trygging í því fólgin bankanum til handa, að stjórnin skipi þessa menn en bankastjórnin. Þeir verða við það óháðir bankastjórninni, en annars gætu þeir átt á hættu, að þeim yrði fleygt úr bankanum fyrir smávegis misklíð, ef við ráðríka bankastjórn væri að eiga.

15. brtt. a. er afleiðing af 14. brtt. um, að bankastjórnin skipi alla starfsmenn bankans, og sama er að segja um 15. brtt. b. Þarf jeg því eigi að ræða sjerstaklega um þær.

Þá kem jeg að 16. brtt. við 41. gr. Hún er um laun bankastjóranna, og er lagt til, að þau sjeu ákveðin 6000 kr. Um það má vitanlega deila, hve há laun skuli vera; en mjer virðist eigi rjett að gera þeim lægra undir höfði en bankastjórum Landsbankans.

Og í frv. er einmitt ákveðið, að aðalbankastjórinn skuli hafa sömu laun og bankastjórar Landsbankans.

Mjer virðist rjett, að tekið sje fram, að menn, sem gegna stöðum eins og bankastjórastöðum, þurfi að vera með öllu fjárhagslega óháðir. Þeir eiga að hafa svo ríf laun, að engin ástæða sje fyrir þá að fást við nein áhættu- eða atvinnufyrirtæki, hverrar tegundar sem er. Með því að skera laun þeirra um of við neglur sjer, er skapaður breiður vegur til margvíslegra gróðafyrirtækja fyrir bankastjórana, er oft getur stórkostlega skaðað álit stofnunar þeirrar, er þeir eru settir yfir.

Mjer virðist sjálfsagt að útiloka þetta, og tel eigi að um minni laun geti verið að ræða en ákveðin eru í frv.

Þá er 17. brtt., við 42. gr. Sú grein kveður á um, að endurskoðunarmenn bankans skuli hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, og vill meiri hl. bæta þar við: „og stjórn“. En sú viðbót er allsendis óþörf. Því að vitanlega er eigi unt að hafa eftirlit með rekstri bankans, nema jafnframt sje litið eftir gerðum stjórnar hans.

Þá kem jeg að 18. brtt. Þar segir svo: „Með lögum þessum eru úr lögum numin öll lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög“. Þessi brtt. er algerlega óþörf, af þeirri ástæðu, að það er lögfræðileg v[illegible] indaregla, að þegar eldri lög rekast á ný lög, þá verða eldri lögin að víkja fyrir þeim nýrri, og þarf því ekki að samþykkja þessa brtt.

Jeg hefi nú farið í gegnum allar breytingartillögurnar, og legg nú til, að þær verði allar feldar. Og vona svo, að frv.

nái fram að ganga óbreytt. Og jeg er í engum vafa um, að þessi banki á að geta orðið þjóðinni til nytsemdar.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Háttv. frsm. minni hl. (S. E.) er nú búinn að tala í nær því hálfan annan klukkutíma. — Jeg get því búist við að verða nokkuð langorður, því að jeg hefi allmörgu að svara.

Háttv. frsm. (S. E.) sneri sjer fyrst að nál. — Hann tók það fyrst fram, að verð verðbrjefa yrði að miðast við gangverð, því að það væri venja í útlöndum. En þetta var ekki gert hjer frá 1900 til 1918, af þeirri ástæðu, að miðað var altaf við innlánsvextina og að Landsbankinn nýtur hlunninda af veðdeildinni, því að hann fær stórfje frá henni árlega til að lána út með miklu hærri vöxtum en hann borgar veðdeildinni, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp, hvað það var á árinu 1919, sem hver flokkur átti inni:

1. flokkur .. .. kr. 392933.00
2. flokkur .. .. — 365754.00
3. flokkur .. .. — 348948.00
4. flokkur .. .. — 116804.00

Þetta fje fær bankinn með 2½—3% vöxtum, og má geta nærri, hvað hann græðir á því. Og með þessu móti gat hann vel haldið uppi verðinu á bankavaxtabrjefunum, og því hefði bankinn átt að halda áfram. Við getum því sjálfir haldið uppi gangverðinu, eins og gert var til ársins 1919, þegar líka aðallega er bygt á innlenda markaðinum. Það er því alveg rangt, sem frsm. minni hl. (S. E.) sagði, að verð verðbrjefanna yrði að miðast við peningamarkaðinn, þ. e. útlánsvextina.

Þá sagði hann og, að verðbrjef veðdeildarinnar seldust ekki, en nú er búið að setja þau niður í heimsmarkaðsverð, og hví seljast þau þá ekki? Og hvernig heldur hann, að verðbrjef Ríkisveðbankans seljist frekar?

Þá sagði hann ennfremur, að enginn vildi taka lán í veðdeildinni, með þeim kjörum, sem þar væru nú. Og er jeg honum alveg sammála um það, og að ekkert gagn sje í veðdeildinni eins og hún er nú.

Þá tók hann það fram, að ef veðdeildin yrði afhent Ríkisveðbankanum, þá yrðu án efa allar reglur hennar haldnar. En jeg efast nú einmitt um það, því í lögum veðdeildarinnar stendur:

> „Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka".

Þær reglur verða þó vissulega ekki haldnar, sem er þó höfuðatriðið, hver á að *stjórna* veðdeildinni.

Þá kom hann að sjóðunum og sagði, að ekkert gagn væri að þeim, því að þeir væru svo litlir, og fyrir því yrði að stofna stóran veðlánabanka. En jeg skil ekki, hvernig á að fara að stofna þennan banka, þegar ekkert veðdeildarbrjef selst, þó að búið sje að setja þau niður í 74%.

Þá kem jeg að 30. gr. Háttv. frsm. minni hl. (S. E.) vildi vefengja það, sem jeg sagði um 30. gr., að engin ákvæði væru þar, sem sýndu, að verja ætti fje til þess að kaupa verðbrjef veðdeildarinnar. Hann las greinina upp, og jeg held, að jeg verði að gera það líka. Þar stendur:

> „Jafnóðum og bankinn innheimtir lán þau, er stofnsjóður verður útlagður með samkvæmt 4. gr., skal ávaxta stofnsjóðinn í íslenskum ríkisskuldabrjefum, bankavaxtabrjefum bankans sjálfs, eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og stjórnarráð telja trygg".

Hjer er ekki sagt, að þetta fje eigi sjerstakl. að nota til þess að kaupa brjef bankans, enda koma slíkar greiðslur í svo smáum

stíl, að seint safnast fje að mun til brjefakaupa, þegar sjóðirnir standa mest í lánum. Svo segir ennfremur:

„Meðan fje sjóðsins kann að bíða þess að verða þannig komið fyrir, skal það ávaxtað í Landsbanka Íslands eða annari tryggri peningastofnun, er stjórnarráðið samþykkir".

Hjer segir, ef bankinn hefir handbært fje, má eigi verja því til annars en ávaxta það í Landsbankanum, eða annari peningastofnun, sem stjórnin telur trygga. (*S. E.*: Jú, líka til að kaupa verðbrjef). Og loks segir:

„Má og verja því til útlána um stuttan tíma, ekki yfir 6 mánuði, gegn handveði í bankavaxtabrjefum bankans, eða öðrum verðbrjefum, er stofnsjóðinn má geyma í samkvæmt þessari grein.

Handveðlán þessi mega ekki hærri vera en 8% fyrir neðan gangverð hinna veðsettu brjefa á þeim tíma, er lán er veitt.

Nú hefir bankinn orðið fyrir tapi, og varasjóður hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef sjóðurinn á þennan hátt lækkar um 10%, má bankinn ekki halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að bankinn skuli halda áfram störfum, og með hvaða skilyrðum".

Jeg get því ekki sjeð, að þetta eigi að vera til útlána um langan tíma, alt að 40 árum, eins og er meiningin með bankann. Og það er ekki nokkur ábending, ekki einu sinni í 4. gr., að þetta sje annað en tryggingarfje. Jeg hefi marglesið greinina, og skil þetta vel, en hún er svo óskýrt orðuð, að jeg er í vafa um, að höfundurinn hafi skilið hana sjálfur.

Þá sagði háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), að landbúnaðinum væri meiri hagnaður að því að fá stóran banka en að hafa ræktunarsjóðinn. Þetta gæti verið rjett, ef trygging væri fyrir því, að bankinn hefði fje og lánaði með sömu kjörum. Jeg skal taka það fram, að jeg teldi gott að fá stóran banka, ef skilyrði væru fyrir hendi til þess að stofna hann. En jeg tel það ekki svo nauðsynlegt, að eigi megi fresta því eða gera neinar brtt., einungis til þess að tefja málið ekki.

Þá sagði og háttv. frsm. (S. E.), að það væri ekki of hátt að lána ⅗ af verði eignanna, því að Landmandsbanken lánaði svo mikið. En því verð jeg þar til að svara, að það er annað að bjóða verðbrjef frá velþektum og stórum banka, eins og Landmandsbanken er, heldur en frá landi, sem eigi er þekt að öðru en fátækt, eins og Ísland er.

Og til þess að komast hjá því að lána of mikið út á eignirnar, þá ætti bankinn að hafa trúnaðarmenn úti um land. (*S. E.*: Trúnaðar og virðingarmenn). En þeir hafa nú reynst allmisjafnir þessir trúnaðarmenn; en virðingarmenn úti um land hafa reynst mikið betur, og því betur, sem lengra dregur frá Reykjavík.

Þá tók hann það fram, að það skerti ekki lánstraust landsins, þó að viðlagasjóðurinn væri tekinn, en meiri hl. nefndarinnar er algerlega á annari skoðun, og leggur því eindregið á móti því, að hann sje skertur.

Jeg skal svo fara fljótt yfir sögu og aðeins drepa á helstu atriðin úr ræðu háttv. frsm. (S. E.), sem eftir eru.

Hann sagði, að það væri óskiftur áhugi allra landsmanna fyrir þessu máli, en jeg verð að segja það, að jeg hefi hvergi orðið var við það. Jeg hefi þó ferðast um alt kjördæmi mitt og hvergi orðið var við neinn áhuga fyrir því. En hitt veit jeg, að það er óskiftur áhugi manna fyrir því, að veðdeildin komist aftur í sama horf og áður, því að jeg hefi ekkert heyrt nema óánægju yfir því, að veðdeildin skuli ekki geta veitt lán eins og áður.

Annars var alt, sem háttv. frsm. (S. E.)

sagði, einungis í þá átt að hindra að málið tefjist, en talaði ekkert um það, hvort brtt. væru rjettmætar eða ekki. Alt veltur á því hjá honum, að brtt. verði ekki samþyktar, hversu rjettmætar sem þær eru, svo málið tefjist ekki. En hann gat ekki bent á eitt einasta atriði, sem benti í þá átt, að ekki gæti dregist að bankinn tæki til starfa, þó að hann væri stofnaður.

Einna verst tókst honum að svara athugasemdunum við 7. gr. Hann gat ekki komist út frá því öðruvísi en með því að slíta út úr sambandi tvær breytingartillögur, sem þurftu að lesast saman. Meðal annars sagði hann, að það væri eðlilegast að ganga fyr að skuldabrjefum einstaklinga en varasjóðnum. En þótt hann færi um allan heim, myndi hann hvergi sjá svo að farið, heldur eins og 1. brtt. okkar segir, að fyrst sje gengið að varasjóði, þá að tryggingarfjenu, og síðast að landssjóði. Og það mundi þykja allkyndugt, ef farið væri að auglýsa til sölu nokkur skuldabrjef einstakra manna, ef bankinn gæti ekki staðið í skilum.

Jeg vil því í þessu sambandi benda honum á 2. brtt. okkar; hún er í þremur liðum, a., b. og c., og ef hann les c.-liðinn, þá sjer hann, að þar stendur: „Á eftir orðunum „Ef taka þarf til tryggingannaˮ komi: 1—3ˮ. — Hann hlýtur því að sjá, ef hann athugar þetta, að brtt. ætlast til, að fyrst sje tekið til varasjóðsins.

Þá áleit frsm. minni hl. (S. E.), að á sama stæði, hvort lánað væri út á 1. eða 2. veðrjett í slíkum banka, ef lánin samtals væru eigi látin yfirstíga ⅗ virðingarverðs.

Hvernig stendur þá á því, að menn skoða 2. veðrjett ekki eins tryggan, spyr hv. frsm. minni hl. (S. E.). Það getur auðvitað altaf átt sjer stað, að lán gegn 2. veðrjetti sjeu fulltrygg, en þegar við förum að bjóða brjefin út erlendis, þá horfir málið öðruvísi við en ef um viðskifti einstakra manna hjer heima væri að ræða. Þá verðum við að geta sýnt, að tryggingin sje hin allra besta. Við eigum alt undir þeim, sem ætlast er til að kaupi brjefin, og verðum að líta á málið með þeirra augum, en ekki eingöngu okkar eigin.

Þá talaði háttv. frsm. minni hl. (S. E.) um, að ný virðing væri ónauðsynleg, og taldi næga tryggingu að byggja á hinu reglulega mati, sem fram fer 10. hvert ár. En til dæmis um, hve áreiðanleg sú virðing er, vil jeg geta þess, að jeg á hús við Vesturgötu, og er það virt á 27.200 kr. Leigan eftir húsið er tæp 700 kr. Hvernig á nú að taka svona virðingu gilda? Virðingarnar eru yfirleitt óábyggilegar, en það er meira en „formalismusˮ, sem hann nefndi svo, að vilja hafa þær sem rjettastar, og heimta að alt sje í lagi. Þess þarf einmitt, til þess að halda verði brjefanna uppi.

Jeg get ekki verið að þrátta við háttv. frsm. minni hl. (S. E.) um það, hvort ofaukið sje orðunum: „auk sameiginlegrar ábyrgðar lántakenda fjelagsinsˮ í 18. gr. Hann vill ekki láta sannfærast. En nú stendur í upphafi greinarinnar: „Nú verða stofnuð veðlánsfjelög, er ná yfir takmörkuð landsvæði, með sameiginlegri ábyrgð fjelagsmannaˮ. Hvers vegna á nú að taka fram aftur um ábyrgðina, ef átt er við hið sama? Ef farið er að taka þetta upp aftur, þá lítur svo út, sem hið síðarnefnda sje persónuleg ábyrgð. Orðalagið bendir til þess.

Um 9. lið brtt. á þskj. 580 hjelt hann því fram, að gjaldið væri nóg eins og það er ákveðið í frv., og benti á reynslu veðdeildarinnar því til sönnunar. En hefir hann tekið eftir því, hvernig háttað er sambandi veðdeildarinnar og Landsbankans? Og hvernig getur hann sagt um, hvort þetta gjald er nóg? Það er lögbundin upphæð, sem veðdeildin má verja til

kostnaðar, og jeg get fullvissað hann um það, að hún er ekki nóg, og væri þó því enn síður nóg, ef veðdeildin væri sjerstök stofnun.

Þá vill hann ekki, að sem mestu sje varið til þess að leysa brjefin inn. En jeg segi, að það sje hagur fyrir bankann að leysa brjefin sem fljótast inn, til þess að flokkarnir sjeu sem styst lifandi. Hann segir ennfremur, að þetta sje tekið eftir lánsfjelögunum þýsku. Já, það er nú einmitt það. Þetta fyrirkomulag er sniðið um of eftir þeim, en á ekki við hjer, því að hjer er ekki gert ráð fyrir „solidariskri" ábyrgð veðanna.

Þá taldi hann hættulegt að láta „kritiska" endurskoðandann vera bankastjóra í viðlögum. Við þetta mun nú samt verða að hlíta, og fyrst í stað, meðan starfsemi bankans er lítil, getur það varla gert mikið til.

Hann telur meiri tryggingu að stjórnin skipi bókara og gjaldkera heldur en láta bankastjórnina gera það. Hvernig stendur á því, að bankastjórnin hefir skipað núverandi bókara veðdeildarinnar, og ekkert orðið að sök? Þó hefir hann gegnt starfinu í 14 ár og farist vel. Hann hefir ekki sýnt yfirmönnum sínum mótþróa, en það hafa aðrir starfsmenn bankans gert árum saman, og sitja þó enn, af því að stjórn bankans hefir ekki vald yfir þeim. Þannig er reynslan.

Hann vildi láta bankastjórana hafa ríflegt laun, svo að þeir þyrftu ekki að leita sjer tekna utan embættisins. Þegar um slíka stofnun er að ræða, sem engin vissa er fyrir um, hvort gefur nokkurn arð, sem teljandi sje, eða ekki, þá held jeg næstum því, að rjettara sje að hafa launin ekki mjög há til að byrja með, og hækka þau þá heldur síðar. Jeg verð að segja það, að jeg lifði við 6000 kr. laun, án dýrtíðaruppbótar, öll þau ár, sem jeg var bankastjóri, og hafði engar tekjur utan hjá. Þóttist jeg vinna starf mitt trúlega, eftir því sem jeg gat, þótt launin væru ekki hærri.

Loks gat hann þess, að síðasta brtt. okkar væri óþörf. Það getur verið. En jeg hefi nú aldrei sjeð afgreidd lög, sem breyta eldri lögum, svo að þess hafi ekki verið getið í þeim, að hin eldri væru úr gildi feld.

Jeg hefi þá svarað stuttlega flestu í ræðu háttv. frsm. minni hl. (S. E.), og þykist jeg hafa sýnt, að hann hafi ekki hnekt þeim rökum, sem jeg flutti fram í fyrri ræðu minni.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) endaði ræðu sína á því, að ekki væri hnekt rökum hans. Það er nú von, að honum finnist svo, því að hverjum þykir sinn fugl fagur. En háttv. deild verður nú að dæma um það.

Hann minntist á verð brjefanna og hneykslaðist á því, er jeg sagði, að þau yrðu að hlýða lögmálum viðskiftalífsins. En jeg verð að halda fast við það. Hvort sem það er Landsbankinn eða annar banki, sem heldur verði brjefanna hærra en þau ganga á almennum markaði, með hliðsjón af vaxtahæð þeirra og almennum vaxtakjörum á hverri stundu, þá er það ekki venjuleg bankastarfsemi, heldur stuðningur. Hann sagði, að bankinn hefði þau hlunnindi á móti, að hafa ca. 1 milj. kr. af fje veðdeildarinnar með lágum vöxtum mikinn hluta ársins. En sá vaxtasparnaður mundi lítt hlíta, til þess að það borgaði sig fyrir bankann að halda uppi verði brjefanna.

Jeg sýndi rækilega fram á, hvers vegna menn geta nú ekki tekið lán, þegar afföll brjefanna eru svo mikil, jafnvel þótt vextirnir, að meðtöldum afföllum, yrðu ekki hærri en svo, að lánið mætti teljast sæmilegt, eftir núverandi peningamarkaði. Ef svo færi, að bankavextirnir lækkuðu inn-

an skamms, þá yrðu þeir að sitja með háu vextina allan tímann, því að ekki dygði að taka nýtt lán til að greiða hið gamla. Þá kæmu afföllin á fá ár, og þá yrðu vextir þeirra ára alveg óbærilegir. Annað mál væri, ef veðbankinn kæmi og gæfi út brjef með hærri vöxtum, sem hægt væri að selja með minni eða sama sem engum afföllum. Þá væri hægt að taka nýtt lán, til að greiða hið gamla, ef vextir lækkuðu. Það mundi borga sig, og þá þyrfti ekki að dragast með háu vextina marga tugi ára, þótt vaxtakjör hafi batnað.

Jeg vík aftur að því, sem háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) sagði, að ekki væri heimilt að afhenda veðdeildina. Þar er því til að svara, að allar reglur um veðdeildarbrjefin og vaxtakjör haldast óbreytt, þótt þetta sje fengið í hendur veðbankanum. Breytingin er ekki meiri en þótt Landsbankanum væri breytt, og enginn mundi þá telja, að það mætti ekki gera vegna veðdeildarinnar.

Í sambandi við þetta er annað atriði, sem jeg gleymdi að minnast á áðan. Hv. frsm. (B. K.) spurði, hvað Landsbankinn mundi segja um afhendingu veðdeildarinnar. Jeg hefi nú engin tök á að svara því ákveðið, því jeg náði ekki í bankastjórnina í hljei því, sem varð á umræðunum, en jeg veit, að bankastjórn Landsbankans fylgist svo vel með því, sem hjer gerist, að hún hefði hreyft mótmælum, ef henni hefði þótt þetta athugavert.

Þá mintist háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) á sjóðina. Það er satt, að úr þeim hafa verið veitt ódýr lán, en þau hafa náð altof skamt. Nú á að taka þessa dreifðu krafta og sameina þá alla, svo að meira gagn verði af. Sameina þá, svo að lán geti orðið veitt langtum fleirum en áður, löng lán, auðvitað með sem hagfeldustum kjörum og hægt er. En þá kemur spurningin: Getur bankinn fengið peninga til þess? Það er aðalatriðið. Og þar veltur alt á sölu vaxtabrjefanna. Hið fyrsta af höfuðhlutverkum bankans er að vinna upp markað fyrir þau. Og það getur maður, sem gengur óskiftur að starfi, betur en bankastjórn, sem er önnum kafin við ýms önnur aðalhlutverk. Hvort þetta tekst eða ekki, er ekki hægt að segja með fullri vissu; úr því verður að skera með tilraun, en jeg vona alls hins besta. Á næsta þingi er ekkert fremur hægt að sjá þetta fyrir. Það sjest ekki nema með reynslu. Nú veltur á því, hvort Alþingi vill gera slíka tilraun. Jeg vil það, og jeg veit, að margra augu hvíla á gerðum þingsins í þessu máli. (*B. K.*: Og stofna 3 ný embætti við tilraunina). Það er nú ekki nema 1 embætti, sem stofnað verður í bráð, því að tveir af bankastjórum Landsbankans eiga að gegna störfum aðstoðarbankastjóra fyrst um sinn, og það endurgjaldslaust.

Jeg vildi annars óska, að þessi banki gæti sem fyrst staðið á eigin fótum, en jeg lít svo á, að í bili sje ekkert á móti því sambandi, sem hjer er gert ráð fyrir. Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) furðaði sig á því, að jeg teldi landbúnaðinum meiri styrk í stórum banka, þótt lánin þar yrðu dýrari, en smásjóðum, sem veittu ódýr lán og fá. Jeg ætla að standa við það, að þetta sje svo. Þótt lánin úr þessum sjóðum, sem gert er ráð fyrir að myndi stofnfje bankans, hafi jafnan verið mjög ódýr, þá hafa þau komið altof fáum að liði, sökum þess, hve sjóðirnir voru smáir.

Jeg ætla því, að sú verði raunin á, ef þessi banki nær að eflast, að landbúnaðinum verði drjúgum meiri stuðningur að honum.

Þá sagði háttv. þingmaður, að jeg vildi gefa í skyn, að ríkissjóður væri óskertur, þótt úr viðlagasjóði væri tekin ein miljón og lögð í stofnsjóð bankans. Já, í raun og veru. Hjer er ekki um annað að ræða en að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn.

Að því er snertir það, hve mikinn hluta af virðingarverði fasteignanna skuli lána út á þær, þá býst jeg við, að lengi megi deila um það atriði. Eru fordæmin þar sjálfsagt jöfnum höndum, ýmist ½ eða ⅗ hlutar. Er mjer vel kunnugt um það, að víða er hámarkið ⅗ hlutar, og hefir þó ekki komið að skaða.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) vefengdi þau orð mín, að sjá mætti óskiftan áhuga landsmanna á því, að slíkur banki sem þessi verði settur á stofn, og benti hann á dagblöðin sínu máli til sönnunar. En jeg verð nú að benda háttv. þingmanni á það, að vilji landsmanna kemur víðar í ljós en í blöðunum. Í þessu máli hefir hann lýst sjer á undanförnum þingum, með almennum áhuga þm. á því, og vitaskuld eru þingmenn oft, bæði í þessu og öðrum málum, ímynd þjóðarinnar.

Þá er jeg kominn að brtt., og skal jeg þar fara fljótt yfir sögu, og ekki þreyta háttv. deild lengi úr þessu. Um 1. brtt. skal jeg taka það fram, að verði hún samþykt, þá er það sama sem sú rökstudda dagskrá, sem hjer liggur fyrir, væri samþykt, því að ríkissjóður gæti ekki með nokkru móti lagt fram fje með svo ódýrum kjörum, sem þyrfti fyrir bankann.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á brtt., sem háttv. þm. sagði, að mjer hefði gengið verst að verja. Það er brtt. við 7. gr. Viðvíkjandi henni vil jeg halda því fram, í fyrsta lagi, að hún þýðir það sama, sem hún á að breyta, og í öðru lagi, að ef hún gerir á nokkra breytingu, þá muni rjettara að hafa þetta eins og það er í frv., því þar sem starfi bankans er þannig farið, að um skiftistarfsemi er að ræða, þannig að bankavaxtabrjef eru seld og lán veitt, þá væri eðlilegast, að fyrst væri gengið að skuldabrjefunum.

Viðvíkjandi brtt. við 25. gr. skal jeg taka það fram, að jeg tel ekki rjett að hafa ákvæðið um árstillagið í varasjóð hærra en frá ¼% til ¾%. Reynslan hefir orðið sú, að það tillag hefir ekki einasta orðið nóg til að borga með kostnaðinn, heldur hefir og orðið afgangur til að leggja í sjóð. Ekki veit jeg heldur til þess, að annarsstaðar hafi farið verið langt fram úr þessu.

Að aukaafborgununum mætti verja til nýrra lána, hefi jeg gert grein fyrir áður, og skal ekki fara frekar út í það. Jeg hefi einnig minst á það, hve varhugavert það sje og óviðeigandi, að endurskoðandi bankans „fungeri“ einnig sem bankastjóri, þegar um stærri lántökur er að ræða. Með því móti yrði hann endurskoðandi sinna eigin gerða, en það telja fæstir heppilegt fyrirkomulag. Þætti mjer hitt þá eðlilegra, að hafa bara einn aðalbankastjóra með 2 aðstoðarmönnum, eins og hjer er farið fram á, og er það einnig altítt í fasteignabönkum erlendis.

Að því er snertir laun þessa bankastjóra, þá skal jeg geta þess, að mjer finst ekki ástæða til að hafa þau lægri en laun bankastjórnar Landsbankans.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) tók bókara veðdeildar Landsbankans sem dæmi því máli sínu til sönnunar, að heppilegra væri, að bankastjórnin skipaði bókara og gjaldkera en landsstjórnin. En jeg vil nú halda því fram, að slíkt einstakt dæmi segi hvorki af eða á um þetta, því auðvitað er það oft undir sjerstökum atvikum komið, hvort vel tekst eða illa til með val slíkra manna.

Þá álítur háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) það nauðsynlegt að taka fram, að með lögum þessum sjeu úr gildi numin eldri lög, sem eru í ósamræmi við þau. En jeg tel það með öllu óþarft, því að það liggur í hlutarins eðli, að þegar árekstur verður milli lagaákvæða, þá falla eldri lög úr gildi fyrir þeim, sem nýrri eru.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg ætla mjer ekki að ganga inn á ræðu háttv. frsm. minni hl. (S. E.) í einstökum atriðum, enda býst jeg við, að það hefði engan árangur. Jeg vil aðeins taka það fram, viðvíkjandi því, sem háttv. þingmaður heldur fram um, að rjettara sje að lána með meiri vöxtum, en minni afföllum, að mitt álit er það, að ekki þurfi að stofna sjerstakan banka til þessa, heldur aðeins nýja 5. deild í Landsbankanum.

Þá sagði háttv. frsm. minni hl. (S. E.), að sá, sem samið hefði frv., hefði gert það eftir tilmælum stjórnarinnar, og komst þannig að orði, eins og þá væri sjálfsagt að samþykkja það. En jeg veit ekki betur en að það sje engin nýlunda hjer, þótt slík frv. strandi, sem jafnvel milliþinganefndir semja.

Viðvíkjandi því, að þörf verði á að bæta nú við einum manni, skal jeg benda á það, að 1917 var seinast bætt við nýjum bankastjóra við Landsbankann, svo að bankastjórnin yrði færari um að rækja starf sitt, og jeg ætla, að við það ætti nú að sitja, og þeim sje vorkunnarlaust að halda þessu veðdeildarstarfi áfram. Man jeg, að meðan jeg var við bankastjórn, vorum við aðeins tveir, sem afköstuðum þessu sama starfi, og tel jeg því naumast ná nokkurri átt að láta 4 menn vera að dunda við það nú. Verði bankastjórar Landsbankans ófáanlegir til að rækja starfið vel áfram, er ekki annað en láta þá fara frá.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg geri ekki ráð fyrir að koma með mikið nýtt fram í þessu máli, enda virðist það nú vera talsvert rætt orðið, eftir því sem hægt er við að búast að svo stöddu og á svo naumum tíma, sem því er afskamtaður.

Jeg vil þá fyrst láta þá skoðun mína í ljós, að jeg hygg það ofætlun háttv. deild að taka við svo miklu vandamáli og hafa ekki meiri tíma til sinna umráða en nú er eftir. Og mjer finst það ganga ósvífni næst að ætla sjer að hrapa að því að samþykkja slíkt frv. sem þetta, eins og nú er í ráði, án þess að ganga inn á nokkrar brtt., sem við það eru gerðar. Jeg skal líka geta þess, að jeg er og hefi verið mótfallinn þessu frv. Jeg get ekki með nokkru móti sjeð, að það sje nokkur bót á bráðri þörf. Jeg sje ekki heldur, að það gangi í sömu stefnu og þál. sú, sem samþykt var 1919 og það stafar frá. — Banka þann, sem þar var talað um, átti að miða við lán til landbúnaðar. En hjer er að ræða um allskyns fasteignaveðslán, þar á meðal lán til langs tíma út á ótryggar fasteignir, sem fara mjög illa saman við lán til landbúnaðarfyrirtækja. Þó væri ekkert á móti þessu að segja, ef þetta fje væri ekki einmitt tekið frá landbúnaðinum, sem með þessu átti þó að vinna fyrir.

Þá get jeg ekki sjeð, að bankinn hafi nokkurt rekstrarfje — aðeins 3 miljónir kr. í eintómum pappírslöppum. Jeg hygg, að hann verði fyrst um sinn að mestu veltufjárlaus, þrátt fyrir þá. Að vísu geta þessar miljónir komið að liði sem trygging, en þó því aðeins, að þær sjeu ekki líka notaðar sem veltufje.

Háttv. frsm. minni hl. (S. E.) komst svo að orði, að þetta væri ábyggileg stofnun og myndi verða til blessunar fyrir þjóðina, ef nægur markaður yrði fyrir brjefin. En það er einmitt þetta, sem jeg er vantrúaður á. Jeg get ekki sjeð, að nokkrar líkur sjeu til þess, að þessi bankavaxtabrjef seljist nokkru hóti betur en veðdeildarbrjefin, úr því ekki tekst lengur að selja þau. Óttast jeg, að hjer gæti heldur mikillar bjartsýni hjá háttv. frsm. minni hl.

Þá sagði háttv. sami þm., að óskiftur

áhugi væri hjá þjóðinni á þessu máli. Jeg get gengið inn á, að háttv. þm. hafi þar sagt rjett, ef hann telur áhuga einstöku þjóðmálagasprara óskiftan þjóðarvilja og þeirra, sem hugsa sjer að fá eitthvað upp úr fyrirtækinu fyrir sig og sína. Jeg held að það sje hjá fáum landbændum áhugi fyrir því að fá svona lög í stað þess, sem þeir hafa. Jeg skal samt vitaskuld ekki þvertaka fyrir það, að ekki verði hægt í þessu máli, eins og stundum í öðrum, að fá þjóðina upp með duglegri „agitation", til að skifta um skoðun. En jeg þori að fullyrða, að ennþá er þetta ekki orðin þjóðarósk. Hitt skal jeg aftur fúslega játa, að fjöldi manna, sem gjarna vilja fá lán, er þess mjög fýsandi, að veðdeildin gæti staðið betur í stöðu sinn en nú er.

Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði lakara, að brjefin væru með svo miklum afföllum, enda þótt vextir væru lágir. Hitt væri betra, að hafa hærri vexti, en minni afföll. Þessu er jeg alveg sammála. En hv. frsm. meiri hl. (B. K.) hefir bent á, hvernig hægt væri að bæta úr ástandi því, sem nú er, með því að hætta að selja brot það, sem eftir er af 4. deildinni, og stofna nýja með hærri vöxtum, og þar af leiðandi minni afföllum. Þetta ráð kostar lítið, að minsta kosti þyrfti ekki að setja nýjan bankastjóra, þann 4., í Landsbankann, þótt þetta væri gert, því af því mundi ekki leiða mikinn verkauka.

Stofnun þessa banka virðist ekki muni vera hreinn ágóði fyrir landbúnaðinn, þar sem gert er ráð fyrir, að inn í hann renni tveir sjóðir, sem hafa verið notaðir til styrktar landbúnaðinum næstum eingöngu. Kirkjujarðasjóðurinn veitti minsta kosti sveitaprestum lán, en sjerstaklega er það þó ræktunarsjóðurinn, sem eftirsjón er í. Getur verið, að mig taki sjerstaklega sárt til þess sjóðs, sökum þess, að hann hefir verið mitt óskabarn, eins og hann hefir alt frá fyrstu verið óskabarn allrar þjóðarinnar. Og jeg get meira að segja kallað hann mitt einkabarn, því að hugmyndin um að stofna slíkan sjóð er runnin frá mjer einum. Árið 1897 fekk jeg landbúnaðarnefnd, sem jeg átti þá sæti í, til þess að flytja frv. um stofnun þannig lagaðs sjóðs. Var sjóðurinn þá kallaður Búnaðarsjóður Íslands. Frv. dagaði uppi 1897. En 1899 varð frv. að lögum, en nafninu á sjóðnum var þá breytt, og eftir uppástungu búfræðingafundar í Borgarfirði var sjóðurinn nefndur „Ræktunarsjóður Íslands". Fleiru var breytt frá frv. 1897. Aðalbreytingin kom frá 1. þm. Skagfirðinga, sem þá var Ólafur Briem. Eftir hans uppástungu var ákveðið, að andvirði seldra þjóðjarða skyldi renna í sjóðinn, en áður hafði verið ætlast til, að gjaldstofnarnir yrðu aðrir. Frv. varð að lögum 3. mars 1900, og í þessi 20 ár, sem ræktunarsjóðurinn hefir starfað, hefir hann verið óskabarn allra landbúnaðarmanna þessa lands. Upphaflega var sjóður þessi eingöngu verðlaunasjóður og til að styrkja menn til jarðabóta. En 1905 var honum breytt. Var þá ákveðið, að úr honum skyldi lána fje til jarðabóta og ábýliskaupa. Síðan þessi breyting var gerð, hefir sjóðurinn lánað mikið. Hann hefir styrkt bændur og hreppa mjög til ýmissa nytsamra framkvæmda, með því að lána þeim. Þannig hefir hann t. d. gert ýmsum mögulegt að ráðast í samgirðingar, sem að öðrum kosti mundu ekki hafa getað ráðist í þær. Til ábýliskaupa hefir sjóðurinn líka lánað. Oft hafa þau kaup komið miklu góðu til leiðar, aukið endurbætur og framfarir á jörðum. Loks setti þingið 1917 inn í lögin þá breytingu, að ræktunarsjóðurinn mætti einnig lána til verkfærakaupa, einkum til að kaupa ný verkfæri, sem líklegt þætti, að reynast mundu vel hjer. Allar 3 brtt. við hið upphaflega frv.. hafa farið í þá átt að gera sjóðinn æ gagnlegri landbúnaðinum.

Raunar sagði háttv. frsm. minni hl. (S. E.), að sjóðir þessir væru svo litlir, að lítið sem ekkert gagn væri að þeim. Þó er ætlast til, að 1 milj. kr. verði tekin úr hvorum sjóð og lagt í hinn nýja banka, og 1 milj. kr. höfum við nú hingað til kallað peninga.

Þar sem jeg er í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, get jeg veitt upplýsingar um lánbeiðnir, sem nú komu til ræktunarsjóðsins, og hversu mikið fje var veitt, sökum þess, að það er stjórn Búnaðarfjelagsins, sem gefur tillögur um þær lánveitingar. Lánbeiðnir komu upp á samtals um 200 þús. kr., og yfir 150 þús. kr. voru veittar. Meira hefði sjóðurinn getað veitt, ef ekki hefði stjórn Búnaðarfjelagsins dregið úr lánveitingum, sökum þess, að það býst sjálft við að þurfa að taka lán í sjóðnum, vegna búnaðarsýningarinnar í sumar.

Lán þessi voru flest veitt til samgirðinga og stærri jarðabóta. Lánað var og til að kaupa 1 jörð.

Ætli ekki sje nú ástæða til að efast um, að hinn fyrirhugaði banki geti lánað meira en 150 þús. kr. til landbúnaðarframkvæmda fyrstu árin? En það er nokkuð sem víst er, að stór breyting verður hvað kostnaðinn snertir, verði bankinn stofnaður, því að nú er lítill kostnaður, sem hvílir á sjóðnum. En við Ríkisveðbankann verður stofnað sjerstakt embætti. Og það hygg jeg ráða miklu um áhuga sumra með frv. þessu, að með því er verið að stofna nýtt embætti handa sjerstökum manni.

Mjer finst talsvert athugavert að kippa alt í einu að sjer hendinni, er þingið hefir einu sinni ákveðið, að þessu fje skuli varið til verfærakaupa og verðlauna. Jeg kann eigi við að taka aftur það, sem þingið hefir einu sinni veitt. En það verður minsta kosti gert með verðlaunin, verði þetta samþykt, því að ekki mun ætlast til, að Ríkisveðbankinn veiti verðlaun.

Þeir, sem vilja taka ræktunarsjóðinn og slengja honum saman við þennan banka, þeir eru að taka óskabarn landsins og kasta því í ljónagröf. Þeir eru að taka það fje, sem varið hefir verið til jarðabóta, og verja því í óþörf laun til manns, sem hefði átt að geta unnið eitthvað þarfara.

Að minni hyggju er best að vísa máli þessu til stjórnarinnar, til frekari undirbúnings. Því þótt jeg hafi verið harðorður um málið, eins og það liggur nú fyrir, þá er allhugsanlegt, að hægt verði að breyta frv. svo, að jeg geti samþykt hverja grein í því. En til þess þarf að athuga frv. betur en svo, að ein deildarnefnd geti gert það. Jeg mun því greiða atkvæði með dagskránni, og nái hún ekki fram að ganga, þá með brtt.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Ekki mun þýða neitt að halda uppi löngum umræðum, en nokkur orð verð jeg þó enn að segja. Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) sagði ósvífni að ætlast til, að menn samþ. frv. þetta óbreytt. Engum hefi jeg skipað að samþ. það. En jeg býst ekki við, að hann geti kallað það ósvífni, þótt þeir, sem ekki álíta brtt. til bóta, samþ. frv. óbreytt og greiði atkvæði móti brtt. Jeg hefi tvisvar farið gegnum brtt., og get ekki sjeð, að þær sjeu til bóta, og því get jeg ekki greitt atkv. með þeim. Hvað hv. 4. landsk. þm. (G. G.) gerir, því ræður hann sjálfur.

Bæði háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) og háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) eru komnir á þá skoðun, að veðdeildin, eins og hún nú er, geti ekkert hjálpað. En ætli ekki sje þá rjett að grípa tækifærið og stofna einmitt nú Ríkisveðbankann, og sameina hina 3 sjóði, svo meira gang verði að þeim en verið hefir hingað til? Annarsstaðar er siður að hafa veðlánabanka sjerstaka. Sambandið við Landsbankann álít jeg aðeins

eigi að vera til bráðabirgða. -- Aðalhlutverk hins nýja bankastjóra, fyrst um sinn, er að selja hlutabrjefin og lána fengna peninga út aftur. Hingað til hefir enginn einn bankastjóri Landsbankans haft þetta starf eitt með höndum, og því vil jeg ekki ámæla þeim nje bera þeim á brýn, að þeir hafi unnið óeðlilega lítið að sölu brjefanna. En þess krefst jeg, að hinn nýi bankastjóri gefi sig að sölunni með dugnaði, og má þá búast við meiri sölu en hingað til.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) gerði mikið úr því, að hjer væri verið að búa til nýtt embætti. Sagði hann, að áhugi stuðningsmanna frv. væri sá einn, að koma vissum manni í embættið. Skrítið er að beina því að mjer, að jeg styðji þetta frv. til þess að koma vissum manni í bankastjórastöðuna, þar sem jeg er stjórnarandstæðingur, en það er stjórnin, sem skipar í embættið, og jeg ræð því að sjálfsögðu engu um skipun þess.

Jeg er margbúinn að sýna, að sjóðirnir eru ekki eingöngu tryggingarfje, heldur auka þeir líka veltufje bankans.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hneykslaðist mjög á því, að jeg skyldi segja, að óskiftur vilji þjóðarinnar stæði á bak við þetta frv. En jeg get staðið við það. Margir þingmenn hafa sagt mjer, að mikill áhugi hafi verið meðal kjósenda sinna á að Ríkisveðbankinn kæmist sem fyrst á fót.

Jeg skil vel, að háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) sje ant um ræktunarsjóðinn. En um hann er mjer líka ant. Og með því að láta hann renna inn í bankann er hann ekki gerður að neinu olnbogabarni, heldur mun hann á þann hátt einmitt gera landbúnaðinum enn meira gagn. — Háttv. þm. (G. G.) sagði, að þetta ár væru lánaðar 150 þús. úr ræktunarsjóðnum. En hvað fullnægir það þörfum landbúnaðarins á Íslandi? Það er ekki stór upphæð. Hann bar kvíðboga fyrir því, að verðlaunastarfsemi ræktunarsjóðsins hætti, yrði hann sameinaður Ríkisveðbankanum. En vel mætti sjá fyrir því, að sú starfsemi hjeldi jafnt áfram fyrir það, með því að veita úr ríkissjóði einhverja fjárhæð til verðlauna. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið. Vil aðeins að endingu mæla með því, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Sigurður Jónsson: Ræður frsm. hafa verið mjög svo hógværar og bróðurlegar. Hefði jeg ekki beðið mjer hljóðs, hefði mjer ekki fundist út af þessu bregða hjá háttv. 4. landsk. þm. (G. G.). Hafði hann stóryrði, sem hjer væri verið að brjóta lög og rjett. Sagði hann, að með þessu frv. væri verið að kasta ræktunarsjóðnum í ljónagröf. Áhugamál væri þm. það eitt, að koma vissum manni að embætti með því að samþykkja þetta frv. Jeg er nú viss um, að allir þm., sem samþ. þetta frv., gera það af áhuga fyrir málinu sjálfu, og verði frv. felt, þá er traðkað bæði vilja þings og þjóðar. Ræktunarsjóðurinn nær skamt. Fyrir lán úr honum er lítið hægt að gera. Ríkisveðbanka verðum við að fá, og þess fyr sem bankinn er stofnaður, því fyr mun hann geta farið að starfa í svo stórum stíl, að um muni. Því hygg jeg misráðið að fresta málinu nú; það þarf að byrja á framkvæmd þess nauðsynjamáls strax, og nota árshlutann, sem eftir er, til undirbúnings stofnunar bankans.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 580 feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., B. K.

nei: G. Guðf., G. Ó., K. E., S. E., S. J., S. F., E. Á., G. B.

1. gr. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., K. E., S. E., S. J., S. F., E. Á., G. Guðf., G. B.
nei: H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., B. K., G. G.

2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 580,1. feld með 8 : 6 atkv.

4. gr. samþ. með 8. shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 580,2. feld með 8 : 6 atkv.

7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Halldór Steinsson: Jeg sje enga ástæðu til að halda áfram með atkvgr., þar eð sjáanlegt er, að samtök liggja á bak við, til að fella allar brtt. meiri hl., og er því tímatöf ein og leikur að atkvgr.

Forseti (G. B.): Ef háttv. meiri hluti óskar þess, að brtt. á þskj. 580 sjeu ekki bornar upp til atkvæða, þá er sjálfsagt að verða við því, en hins vegar skal jeg geta þess, að jeg fæ ekki sjeð, að hjer ráði nein slík samtök, sem háttv. þm. (H. St.) talaði um, og sjest það best á því, að jeg sjálfur hefi greitt atkvæði með sumum brtt. á nefndu þskj.

Brtt. 580,3. feld með 7 : 5 atkv.
— 580,4.—18. teknar aftur.

8.—11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
12.—27. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
28.—37. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
38.—44. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 356).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Á., G. Guðf., G. Ó., K. E., S. E., S. F., S. J., G. B.
nei: G. G., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. H. K., B. K.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 633).

---

30. Bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Á 62. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja (A. 486).

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin leyfði án atkvgr. að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Karl Einarsson): Það eru aðeins örfá orð þessu viðvíkjandi. Alt, sem frv.

þetta hefir inni að halda, er það, að tíma þeim, sem aukaniðurjöfnunin fer fram á, verði breytt. — Eftir gildandi lögum á hún að fara fram í júnímánuði, en þar sem sá tími hefir reynst óhentugur, vegna innheimtu, þá er hjer farið fram á, að hann verði færður til, og niðurjöfnunin fari fram í aprílmánuði.

Það er hjer um enga aðra breytingu að ræða á lögunum en þessa, og vil jeg því óska eftir, að háttv. allshn. vildi athuga þetta, án þess að því sje beint vísað til hennar, svo það fái að ganga nefndarlaust áfram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 486).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 486).

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til mals.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Þetta frv. er í raun og veru mjög meinlaust, og hefi jeg ekkert við það sjálft að athuga. En jeg stóð upp til þess að mótmæla skilningi, er leggja mætti í greinargerð frv. Þar er helst svo að sjá, sem leggja eigi útsvar á alla þá, er stunda atvinnu við eyjarnar, en það nær ekki neinni átt. Háttv. deild hefir felt

líkt ákvæði úr lögum um bæjarstjórn á Siglufirði, og kemur því ekki til mála að láta þennan skilning komast að hjer.

Þetta vildi jeg segja út af greinargerðinni, sem fylgir frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 642).

31. Sveitarstjórnarlagabreyting.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (A. 349).

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að málið mætti samt taka til meðferðar.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Fjárhagsnefnd flytur frv. þetta eftir tilmælum stjórnarinnar. Það er fram komið vegna þess, að lausafjártíund fellur niður við fasteignaskattinn, en hún hefir verið grundvöllur niðurjöfnunar. Það er auðsætt, að eitthvað verður að koma í staðinn, og gefur frv. grundvöll til niðurjöfnunar, og verður hann svipaður því, sem nú er, eins og sjá má í ástæðum fyrir frv. Jeg sje ekki ástæðu til að rekja það hjer, vona, að menn hafi áttað sig á því og taki frv. vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 349).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Þarf engu við að bæta það, sem jeg tók fram við 1. umr. um tilgang frv. og ástæður fyrir því. Vil þó geta þess, til þess að fyrirbyggja misskilning, sem jeg hefi orðið var við, að þó að svo líti út fyrir, að sýslunefnd geti ekki bygt á ákvæðum þessara laga, þar sem skattaskýrslurnar eiga ekki að koma inn fyr en í maí samkvæmt frv., sem nú er á ferðinni gegn um þingið, en sýslufundir þá afstaðnir víðast hvar, eða alstaðar, þá hefir það enginn áhrif. Sýslunefndin ákveður aðalupphæð hins niðurjafnaða gjalds, sem svo sýslumaður reiknar út eins og önnur manntalsþinggjöld.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 349).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 349).

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Þetta mál er flutt af fjárhagsnefnd Nd., og geri jeg því ráð fyrir, að því verði vísað til sömu nefndar hjer, að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 443).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg tók ekki eftir því, að þetta frv. var á dagskrá, og hefi því ekki búið mig undir neina framsögu, enda býst jeg ekki við, að þurfi langa ræðu.

Eins og háttv. þdm. er kunnugt, þá er nú svo háttað tekjum sýslusjóða, að þær eru að mestu leyti greiddar úr sveitarsjóðum og jafnað niður á þá að ⅓ eftir tölu verkfærra karlmanna, en að ⅔ eftir samanlagðri tölu lausafjár og ábúðarhundraða.

Nú er litið svo á, að frv. það um fasteignaskatt, sem nú liggur hjer fyrir háttv. deild, kippi, ef samþykt verður, grundvellinum undan þessari niðurjöfnun. Því er hjer tekin upp önnur regla, sú, að jafna gjaldinu niður að ⅓ eftir tölu verkfærra karlmanna, eins og áður, að ⅓ eftir skattamati fasteigna og að ⅓ eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu í hverjum hreppi fyrir sig.

Þetta frv. stendur þannig í sambandi við frv. um eignar- og tekjuskatt, og væri því viðkunnanlegra, að það kæmi ekki til 3. umræðu fyr en betur sjest, hvað um það verður.

Sigurður Jónsson: Jeg var í nokkrum vafa um, við hvað ætti að miða 3. atriðið, um skuldlausa eign og tekjur. Eftir hvaða skýrslum á að fara? Líklega eftir þeim skýrslum, sem fram koma í sambandi við eignar- og tekjuskattinn. En jeg vildi benda háttv. nefnd á, hvort ekki væri rjett að koma með brtt. til skýringar einmitt þessu atriði.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Að sjálfsögðu verður þetta miðað við skýrslur skattanefnda samkvæmt tekjuskattslögunum, þegar þau eru komin í gegn. Og einmitt þess vegna benti jeg á, að rjett væri að draga 3. umr. Hún ætti, hvort sem er, ekki að taka langan tíma.

ATKVGR.

1. gr. frv. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 349).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg gat þess við 2. umr., að frv. væri svo nátengt fasteignaskattsfrv., að það væri óviðeigandi, að það væri gert að lögum meðan hitt væri óútkljáð. Leyfi jeg mjer

því að æskja þess, að hæstv. forseti taki málið aftur af dagskránni og fresti því þar til síðar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 650).

32. Útflutningsgjald.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um útflutningsgjald. (A. 433).

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að málið mætti samt taka til meðferðar.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Frv. þetta flytur fjárhagsnefnd eftir ósk hæstv. fjrh. (M. G.), sem hefir samið það eins og það er lagt fram. Í því eru samskonar ákvæði og í gildandi stimpilgjaldslögum, sem gera allar útfluttar afurðir stimpilgjaldsskyldar. Nefndin hafði hugsað sjer að framlengja stimpilgjaldslögin um eitt ár. En hún fjell frá því, og leggur í þess stað til, að útflutningsgjald komi fyrir stimpilgjald af afurðunum, sem gildi aðeins eitt ár.

Það var samt ekki með fúsum vilja gert, að nefndin tók að sjer flutning þessa frv., og einn nefndarmanna var því algerlega andvígur. Þó var það ekki af þeim ástæðum hvað gjaldið snerti í sjálfu sjer, heldur af hinu, að takmörk væru fyrir gjaldþoli þjóðarinnar. Nefndin vill ógjarnan leggja skatta á framleiðslu landsins, og var öll sammála um, að slíkt er ekki gerlegt, nema þegar sjerstaklega stendur á. En nú sýnist henni sú sjerstaka þörf vera fyrir hendi. Þörfin á tekjuaukanum er nú svo brýn, eins og fram vindur um fjárframlög úr ríkissjóði, að það verður að leggja skatta á þjóðina, jafnvel hvort sem gjaldþoli hennar er misboðið eða ekki.

Frv. á því að bæta dálítið úr þeirri rýrnun, sem orðin er og fyrirsjáanlega verður á tekjuaukafrv. stjórnarinnar og gjaldaaukningunni í fjárlögum og fjáraukalögum, ef gengið er út frá því, að tekjuaukafrv. stjórnarinnar hafi átt að jafna hallann á fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir þingið. Samtals má gera ráð fyrir, að sá tekjuhalli nái upp undir 1½—2 milj. á árinu 1922; svo má gera ráð fyrir allmiklum halla, sem flyst frá þessu ári. Hvað þessi halli verður mikill samtals, er ekki unt að segja um, en hræddari er jeg þó við þetta yfirstandandi ár en árið 1922, hvernig sem reynslan verður.

Útflutningsgjaldið er að vísu nokkuð hátt. En bæði er það, að fasta útflutningsgjaldið frá 1919 er felt úr gildi með frv. um útflutningsgjald af síld, og með því frv. fylgir líka endurgreiðsluheimild, sem er svo víðtæk, að það er ómögulegt að segja, hve mikill tekjuhalli getur hlotist af henni. Þess vegna hefir nefndin gengið inn á að flytja frv. Hve mikið frv. gefur í ríkissjóð, fer eftir því, hvernig afurðirnar seljast. Það má búast við, að það verði upp undir 400 þús., og

er óhætt að fullyrða, að það verði ekki undir 300 þús. kr. Er þá gengið út frá, með þeirri upphæð, að afurðir landsins seljist meira en helmingi lægra en árið 1919. Það hefir ekki verið enn gert upp, hvað mikið megi bjóða gjaldþoli þjóðarinnar. En eins og sakir standa nú, er ekki hægt að nema staðar með skattaálögur, ef þjóðarbúskapurinn á ekki að fara í strand.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433).

Jón Sigurðsson: Jeg get ekki látið þetta mál fara svo gegn um háttv. deild, að hvorki sje hreyft neinum athugasemdum eða mótmælum. Það eru þó ekki einstök atriði frv., sem jeg vildi gera að umtalsefni að þessu sinni, heldur stefna frv. í heild sinni. Öll sanngjörn skattalöggjöf hlýtur að stefna að því, að skattarnir komi sem sanngjarnlegast niður á einstaklingum þjóðfjelagsins og á stjettum þess. En hjer er ekki því að heilsa. Hjer kemur gjaldið eingöngu niður á þeim, sem framleiða eitthvað. Allir verslunarmenn, allir iðnaðar- og handverksmenn og aðrir þeir, sem taka laun sín í peningum, sleppa alveg. Um þetta væri ekki ástæða til að fást, ef þær stjettir, sem ekkert framleiða til útflutnings, greiddu einhvern skatt til ríkissjóðs, sem framleiðendur greiða ekki, og sem mætti færa til jafnaðar móti útflutningsgjaldinu, en því er ekki til að dreifa. Þetta verður því ekkert annað en sjerskattur á framleiðendum, umfram það, sem aðrir þurfa að bera. Nú er það öllum lýðum ljóst, í hverri kreppu einmitt framleiðslan er stödd, bæði til lands og sjávar. Það mun því ekki ofmælt, að miklu meiri ástæða væri til þess að ljetta undir með framleiðendum, svo sem unt væri, heldur en að hlaða á þá sjersköttum, sem hljóta að hjálpa til að halda þeim í kreppunni, lengur en ella mundi, og tefja fyrir viðreisn framleiðslunnar í landinu.

Hitt er annað mál, að þetta frv. er auðvitað fram komið af aðkallandi þörf ríkissjóðs, og þessar þarfir viðurkenni jeg fyllilega. En jeg vil reyna að fullnægja þeim á annan og sanngjarnari hátt. Vil jeg þar benda á þá leið, að hækka heldur tekju- og eignarskattinn; á þann hátt mætti fá jafnháa fjárupphæð og þá, sem ætlað er, að útflutningsgjaldið gefi af sjer, án þess að íþyngja sjerstaklega nokkurri einstakri stjett, og margfalt fleiri, sem bæru þessa skattabyrði, og kæmi því ljettara niður á hverjum einstökum, nánast eftir efnum og ástæðum. Þessu vildi jeg aðeins skjóta fram til athugunar fyrir háttv. fjárhagsnefnd, en sje að öðru leyti ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið að sinni; mun greiða því atkvæði til 3. umræðu, en heldur ekki lengra.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Hv. 1. þm. Skagf. (J.S.) tók það nú fram, sem jeg hafði bent á við 1. umr. málsins, um það, sem ósanngjarnt væri í stefnu þessa frv. Það var líka síður en svo, að fjárhagsnefnd væri henni hlynt í sjálfu sjer, þó hún hafi ekki sjeð sjer fært að leggjast á móti frv., vegna knýjandi tekjuþarfar ríkisins. En það er alveg rjett, að það er hart að þurfa að skattleggja framleiðsluna, ekki síst nú, einkum þar sem komið getur fram misrjetti milli hjeraðanna, eins og hjer getur orðið. En viðvíkjandi því, sem háttv. þm. (J. S.) sagði um það, að hækka heldur tekju- og eignarskattinn í staðinn, vil jeg taka það fram, að bæði þyrfti

hækkun hans að vera alltilfinnanleg, og svo er þessi skattur í rauninni svo í þoku, að alveg er óvíst, hvað hann kann að gefa af sjer. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til þess að fara út í frumvarpsgreinarnar sjálfar.

Einar Þorgilsson: Háttv. 1. þm. Skagf. (J. S.) hefir tekið fram ýmislegt, sem jeg vildi sagt hafa við þessa umræðu, svo að jeg get verið því stuttorðari. Að vísu viðurkenni jeg fyllilega tekjuþörf ríkissjóðs, til þess að jafna fyrirsjáanlegan tekjuhalla, og skyldu þá, er hinu háa Alþingi ber til þess að reyna til þess að ráða bót á því, ef nokkur vegur sæist. En hinsvegar get jeg ekki viðurkent það, að sú leið, sem í þessu frv. er ráðgert, að farin verði, geti talist svo heppileg eða sanngjörn, að rjett væri af háttv. deild að fallast á hana. Ástand framleiðslunnar er alkunnugt, bæði til sjós og lands, og er það því hreinasta neyðarúrræði að hallast að því ráði, er hjer fyrirliggjandi frv. fer fram á, enda það og viðurkent af öllum, og nú síðast af háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.). Jeg verð því að líta svo á, að sanngjarnara — og jafnvel tryggara fyrir ríkissjóð — mundi vera að taka þessa umræddu upphæð með t. d. auknum skatti á eign og tekjur. Jeg mun því greiða atkvæði á móti frv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. samþingismanni mínum (J. S.) er kunnugt um það, að jeg er ekki, frekar en hann sjálfur, meðmæltur gjaldi þessu í sjálfu sjer. En nauðsyn brýtur lög. Það er knýjandi nauðsyn að afla einhvers tekjuauka, til að hamla á móti tekjuhalla þeim, sem fyrirsjáanlegur er 1922. Þess vegna var þessi leið valin í þetta skifti. Og jeg verð að halda því fram, að hún sje, þrátt fyrir alt, eftir atvikum, heppilegri og sanngjarnari en t. d. sú leið, sem háttv. þm. (J. S.) benti á, sem sje hækkun tekju- og eignarskattsins, því hann þyrfti að hækka alment um 40—50%, og mundi mönnum þykja það koma hart niður, enda þykir ýmsum sá skattur þegar orðinn nógu þungbær. En hvað svo sem úr þessu kann að verða, vona jeg að málinu verði leyft að ganga til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 : 5 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 2 atkv.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 433).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vil aðeins geta þess, að jeg skírskota til þess, sem jeg hefi sagt áður í umræðunum um tekjuskattinn, viðvíkjandi brtt., er þar kom fram, og ætla því ekki að fjölyrða um þetta mál frekar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. Þ., M. G., M. K., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. J., H. K., J. A. J., J. B.

nei: J. S., M. J., M. P., P. O., Þorl. J., Þorst. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., B. Sv.

Einn þm. (Ó. P.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 433).

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mál þetta er flutt af fjárhagsnefnd Nd., samkvæmt minni beiðni. Ástæður til þess voru þær, að svo mikið er víst, eftir hækkun gjaldahliðar fjárlagafrv. og af meðferð tekjufrv. stjórnarinnar, að fyrirsjáanlegur er tekjuhalli 1922,og átti þetta að vega nokkuð á móti. Háttv. deild er kunnugt um, að útflutningsgjaldsfrv. var ekki meðal tekjufrv. stjórnarinnar, og var það af því, að hún er mótfallin þessu gjaldi, nema bráðnauðsynlegt sje, til að halda jafnvægi gjalda og tekna eða draga úr tekjuhalla, og nú er einmitt sú nauðsyn fyrir hendi; og jeg vona, að háttv. deild verði eins vel við þessari nauðsyn og háttv. Nd. Ef þess er ekki kostur að láta þetta mál ganga fram nema það fari til nefndar, þá óska jeg, að það gangi til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 9 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 606).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Frv. þetta er borið fram eftir beiðni hæstv. fjrh. (M. G.) af fjárhagsnefnd Nd., og gekk fram breytingalaust í háttv. Nd. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu á þskj. 606, þá er útflutningsgjald, nema þá mjög lágt, varhugaverður tekjustofn, en nú er viðurkend þörfin á peningum í ríkissjóð, og þykir því rjett að mæla með frv. Það er óhætt að segja, að háttv. Alþingi geri sitt til þess að afla ríkissjóði tekna, og það jafnvel svo, að alt er reytt, sem líkur eru til, að náist. Raunar er þessi tekjustofn ekki nýr, því að jafnhátt útflutningsgjald hefir verið greitt eftir stimpilgjaldslögunum, en var þar sett aðeins til bráðabirgða. En það vill nú oft verða svo, að þó lög sjeu sett til bráðabirgða, þá eru þau oft framlengd, og getur vel svo farið, að eins verði með þessi lög. Eftir áætlun er gert ráð fyrir, að þetta gjald gefi af sjer 250—300 þús. kr. tekjur, og mun það síst of hátt reiknað. En ef frv., sem nú er til einnar umr. í Nd., um útflutningsgjald af síld o. fl., kemst í gegn, þá losnum vjer við gamla útflutningsgjaldið eftir útflutningsgjaldslögunum frá 1881 og 1919. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ., og telur, að það muni fremur ljetta á þjóðinni frá því, sem nú er, verði bæði þessi umgetnu frv. samþykt, eins og telja má víst.

Björn Kristjánsson: Jeg stend aðeins upp út af orðum, sem fjellu hjá háttv. frsm. (G. Ó.), að nefndinni, óskiftri, hefði þótt útflutningsgjaldið miður góður skattagrundvöllur.

Þetta vildi jeg leiðrjetta, því jeg held því fram, að það sje besti skattagrundvöllurinn hjer á þessu landi. Og jeg vænti þess, að það verði tekið sem fyrst upp aftur, því bæði er það, að það er mjög gott að innheimta þetta gjald og að ríkissjóður hefir þar vissar tekjur af, og kemur óskert til ríkissjóðs og almenningur finnur minst til að greiða það. Þessi lög hafa nú staðið í 40 ár, og skatturinn þótt rjettur og heppilegur, og mun

þingið vonandi taka hann upp seinna. Að vísu má kannske afla sömu tekna með prósentu-útflutningsgjaldsfrv. því, sem á ferðinni er, en það er umsvifameira og ekki eins heppilegt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það mun rjett vera hjá háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.), að þessi skoðun hafi komið fram hjá honum í nefndinni, en mjer fjellu víst svo orð, að nefndin hefði hjer verið öll sammála, en það mun þó óhætt að segja, að hinir allir hafi haft þá skoðun. Það eru nú nokkuð skiftar skoðanir um það, hversu útflutningsgjald er heppilegt, þó það sje að vísu kostur, að það er gott að heimta það inn, eins og þm. (B. K.) tók fram. En yfirleitt mun það vera skoðun þjóðarinnar, að óheppilegt sje að skatta framleiðslu, en eins og nú stendur á, verður að afla ríkissjóði tekna þar, sem hægt er, og verður þó ekki auðið að ganga viðunanlega frá fjárlögunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 : 1 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 9. shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 433).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12. shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.
(Sjá A. 659).

---

33. Veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. (A. 601).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að málið mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Eins og kunnugt er, skeði það mikla slys 12. nóvember síðastliðinn í Borgarnesi, að hús það, er sýslumaðurinn bjó í, brann til kaldra kola, svo skyndilega, að sama sem engu varð bjargað, og brunnu margskonar skjöl og bækur, og þar á meðal afsals- og veðmálabækur sýslunnar. Þó mun hafa bjargast registur yfir skjöl, sem venjulega eru færð í slíkar bækur, að því er Borgarfjarðarsýslu snertir.

Þetta er mjög bagalegt fyrir sýsluna, því nú eru fasteignir þar ekki veðhæfar og vantar allar sannanir fyrir eignarrjetti eða öðrum umráðarjetti þeirra.

Til þess að ráða bót á þessu fór viðkomandi lögreglustjóri þess á leit við mig, að jeg flytti þetta frv. hjer á Alþingi, og það þarf helst afgreiðslu þegar á þessu þingi. Frv. er samið af ágætum lögfræðingi fyrir tilstilli stjórnarinnar, og vona jeg því, að það þurfi lítilla breytinga við. Ef nokkru þyrfti að breyta, væru það tölustafir, sem má breyta í prentuninni.

Jeg vona, að hið háa Alþingi taki þessu

frv. með snarræði og lofi því að ganga með óvenjulegum hraða með afbrigðum frá þingsköpum, svo að það geti orðið á þessu þingi lög frá Alþingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) hefir gert grein fyrir nauðsyn þessa frv. Það er að nokkru leyti borið fram fyrir hönd stjórnarinnar. Það er auðsætt, að einhver slík ráðstöfun er óhjákvæmileg. Það getur verið athugavert við þetta frv., að það hefir rjettindamissi í för með sjer fyrir einstaka menn; nýleg skuldabrjef geta jafnvel orðið ónýt eftir þessum lögum. Það hefir ekki þótt athugavert að gefa út lög, sem ónýta gömul skuldabrjef, en það má segja, að það sje nýmæli að gera svo að segja alveg ný veðskjöl rjettminni eða jafnvel rjettlaus. En þó verður ekki sagt, að þetta komi í bága við eignarrjettarákvæði stjórnarskrárinnar. Jeg hefi borið þetta undir lögfræðing, sem jeg hefi mikið álit á, og leit hann eins á það mál. Kröfurnar ónýtast heldur ekki, þó að veðið ónýtist, en þær geta orðið að þoka fyrir öðrum kröfum. Jeg held, að ekki verði hjá því komist að setja slík ákvæði, því ef það væri ekki gert, mundu fasteignir verða mörgum erfið eign; þeir gætu hvorki selt þær eða veðsett.

Jeg vona, að deildin leyfi málinu að ganga svo fljótt, að hægt verði að afgreiða það sem lög frá þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 601).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 601).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 atkv.

2.—10. gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 75. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 601).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. **án atkvgr.**

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 671).

---

34. Seðlaútgáfa Íslandsbanka, hlutafjárauki o. fl.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 25. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. (A. 379).

Á sama fundi, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Forseti (G. B.): Áður en vjer göngum til dagskrár vil jeg vekja athygli háttv. fundarmanna á frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., sem útbýtt hefir verið á þessum fundi.

Hjer er að ræða um eitt hið mesta og brýnasta nauðsynjamál þjóðarinnar, mál, sem ekki þolir bið, en hefir þegar beðið of lengi. Tíminn líður; þetta er 25. apríldagur, og enn hefir ekkert verið gert, engu til lykta ráðið um þessa þjóðarnauðsyn. Það er af þessum ástæðum, að jeg hefi leitað og fengið samþykki hæstv. stjórnar til þeirra afbrigða frá þingsköpum, að mega halda annan fund á eftir þessum og hafa þá á dagskrá: Frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. (þskj. 379) til 1. umr.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning í minn garð, þá verð jeg að taka það fram, að jeg er ekki algerlega samþykkur þessu frv., heldur þvert á móti í ýmsum meginatriðum mótfallinn því. En alt stendur til bóta, og málið þolir ekki bið. Öll þjóðin stendur á öndinni af eftirvæntingu, og þingið verður að gera eitthvað.

Fari svo, að hæstv. deild samþykki þessi afbrigði frá þingsköpum, þá mun jeg að sjálfsögðu láta líða tvær nætur milli 1. og 2. umr., eins og lög standa til. Að svo mæltu vil jeg bera undir háttv. fundarmenn, hvort þeir vilja veita þá undanþágu frá þingsköpum, að frv. til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. verði tekið til 1. umr. á fundi, sem settur verði kl. 3½.

Sigurður Eggerz: Jeg vil vekja eftirtekt hæstv. forseta á, að stjórnin hefir lagt fyrir Nd. samskonar frv. og hjer er um að ræða, og að mál þetta er nú að koma úr nefnd og mun verða tekið fyrir þar á morgun.

Forseti (G. B.): Þetta frv., sem hjer er um að ræða, er borið fram af 8 þm. þessarar hv. deildar, og áleit jeg mjer skylt að sýna þeim þá virðingu að taka frv. eins fljótt fyrir og unt væri, en þm. eru sjálfráðir, hvort þeir samþykkja að það verði tekið fyrir strax í dag. Mjer er það ekki kappsmál. En hitt er mjer kappsmál, að þingið taki sig saman og framkvæmi eitt-

hvað í máli því, sem frv. þetta fjallar um, nú þegar.

ATKVGR.

Afbrigði feld með 4 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. H. K., S. J., S. F., B. K., E. Á., G. G., G. Guðf., G. Ó., Jóh. Jóh.
nei: S. E., H. St., H. Sn., K. E.
Forseti (G. B.) greiddi ekki atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Árnason): Þótt það geti legið beint við, um leið og gerð er grein fyrir frv. því, sem hjer liggur fyrir, að fara almennum orðum um það fjárhagsástand, sem nú ríkir hjer og liggur bak við þær till., sem felast í frv., þá geri jeg það ekki að svo komnu máli. — En öllum hlýtur að vera ljóst, hve náið samband er milli afkomu þjóðarinnar og þeirrar aðalpeningastofnunar, sem frv. fjallar um.

Fjárhagsástandið er svo þrautrætt, bæði innan þings og utan, og öllum háttv. þdm. svo ljóst, að óþarfi er að fjölyrða um það. Það hafa fallið ýmislegir dómar um það, hver sje hin eiginlega orsök þeirrar fjárhagskreppu, sem þjóðin nú er stödd í. Jeg tel það ekki mitt hlutverk hjer að kasta sök á neina einstaka menn fyrir það, að svo er komið ástandinu. Það verður að vera aðalatriðið, að finna einhverjar leiðir út úr vandræðunum, og um leið að reyna að fyrirbyggja, að slíkt komi fyrir aftur í framtíðinni. Og það er álit okkar flm., að frv. stefni í áttina til þess.

Það var stutt liðið á þingtímann, er báðar deildir kusu hvor sína nefnd, til að íhuga peningamál og þar með bankamál landsins. Hafa báðar nefndirnar unnið saman og meðal annars fjallað um frv. stjórnarinnar um seðlaútgáfurjett. Þessi samvinnunefnd hefir haft málið ærið lengi með höndum, og má vísa til nál. þess, sem fram er komið frá meiri hl. nefndarinnar um ástæðurnar til þessa.

Sjerstaklega finn jeg ástæðu til að gera grein fyrir því, að jeg hefi ritað undir það nál. — að vísu með fyrirvara — en er þó einn af flm. þessa frv.

Að því er mig snertir, þá ber lítið annað á milli en í hvaða formi málið eigi að leggjast fyrir þingið.

Um kjarna málsins er jeg algerlega sammála meiri hl. samvinnunefndar. Kjarni málsins er sá í mínum augum, að Íslendingar fái nú í sínar hendur fullan íhlutunarrjett um stjórn aðalbanka landsins, með þeirri aðstöðubreytingu, sem það hefir í för með sjer.

Meðnefndarmenn mínir hafa kosið þá aðferð að koma fyrst fram með tillögu um framlenging seðlaútgáfurjettarins, og síðan búast þeir við að koma fram með till. um það, á hvern hátt rjettur ríkisvaldsins yfir bankanum yrði trygður. Jeg hefi talið rjettast, að hvorttveggja fylgist að. Það er því ekki um andstöðu að ræða af minni hálfu gegn þeim till., sem meðnefndarmenn mínir í háttv. Nd kunna að bera fram um það, sem jeg tel þungamiðju frv. Það er aðeins formsatriði, sem skilur.

En það tel jeg mikilsvert atriði, að reynt sje til að vinna í bróðerni að úrslitum þessa mikilvæga vandamáls. Og jeg geri ráð fyrir, að við flm. þessa frv. munum taka til athugunar þær brtt., sem fram kynnu að koma, ef þær ekki raska grundvelli málsins

Skal jeg svo í sem stystu máli víkja að aðalatriðum frv.

Fjórar fyrstu greinar frv. kveða á um skipulag seðlaútgáfurjettarins: Hversu mikið skuli leyft af þeim, hvernig þá skuli draga inn, um tryggingar seðla og gjald það, sem bankinn greiði í ríkissjóð.

Jeg vil taka það fram, að frá mínu sjónarmiði er þessi kafli frv. *ekkert aðalatriði*. Jeg lít svo á, að þar sem aðalmarkmiðið, sem á að nást með frv., er það, að Íslendingar fái fullan íhlutunarrjett um stjórn bankans og rekstur, þá væri ekki þörf á því nú að kveða á um framtíðarskipulag seðlaútgáfunnar, því það hafi ríkisvaldið þá hvort eð er í hendi sjer.

Jeg vil því leggja áherslu á þá skoðun mína, að ef þetta frv. verður samþykt, þá sje það á valdi Alþingis að ákveða, hvernig seðlaútgáfunni verði hagað. Og jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að næsta þing ráðstafi seðlaútgáfurjettinum til Landsbankans. Jeg mun því, hvað mig snertir, þrátt fyrir það, að jeg ljet ekki þetta seðlaskipulag, sem frv. gerir ráð fyrir, standa í vegi fyrir samkomulagi við háttv. samflutningsmenn mína, vera fús á að taka til greina brtt., sem fram kynnu að koma í þá átt að skipa seðlaútgáfunni til bráðabirgða.

Í 5. gr. frv. er komið að aðalkjarna málsins. Er hann sá, eins og jeg hefi þegar tekið fram og vikið er að í greinargerð frv., að með því að ríkið keypti svo marga hluti, sem þyrfti til þess, að það yrði aðalráðandinn á hluthafafundinum, þá trygði það sjer full tök á því, hvernig því fje verður varið, sem það leggur fram eða ábyrgist. Með öðrum orðum, stjórn bankans færist yfir í íslenskar hendur.

Þessi hugmynd, að koma Íslandsbanka undir íslensk yfirráð, er annars ekki ný. Á Alþingi 1907 var samþ. í Nd. frv. um að kaupa hlutabrjef í Íslandsbanka, alt að tveim milj. kr. Var það auðsjáanlega tilgangurinn að koma bankanum undir íslenska stjórn. Málið hafði mikinn byr í Nd. En því miður eyddist málið í Ed. Var því vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá og eins atkvæðis mun. Málið fjell þá, því miður, niður í höndum stjórnarinnar.

Jeg segi því miður, því það er ekki óhugsandi, að ef þessi stefna hefði þá komist í framkvæmd, þá hefðu okkar fjárhagslegu ástæður verið betri nú.

Nú er það aftur orðið að dagskrármáli að Íslandsbanki komist undir íslenska stjórn.

Þeir munu vera fjölmargir, sem eru þeirrar skoðunar, að það, að Íslandsbanki komist undir íslensk yfirráð, sje eitt af því allra fyrsta, sem gera þarf, til þess að losa landið úr yfirstandandi vandræðum. Það mun meira að segja ekki ofmælt, að það sje þjóðarvilji, að Íslandsbanki sje sem mest gerður að innlendri eign, undir innlendri yfirstjórn.

Til þess að þetta geti orðið, verður vitanlega að stofna til samninga af ríkisins hálfu við núverandi hluthafa bankans. Þetta getur orðið með tvennu móti. Annaðhvort með því, að landið kaupi svo mikið af hinum gömlu hlutabrjefum bankans, að það fari með meiri hluta atkvæða, eða að Íslandsbanka sje gert að auka hlutafje sitt um alt að 100%, og ríkið kaupi svo mikið af þessum nýju hlutabrjefum, að yfirráð þess sjeu trygð. Í greinargerð frv. er vikið að báðum þessum leiðum. Og þó frv. geri aðallega ráð fyrir því, að yfirráðin sjeu trygð með nýjum hlutum, þá er að sjálfsögðu opin leið til þess að kaupa gömlu hlutina að einhverjum hluta, náist viðunandi samkomulag um það. Má í þessu sambandi vísa til ummæla meiri hluta samvinnunefndar í peningamálunum.

Orðalag 5. gr., að Íslandsbanki skuli „auka hlutafje sitt um *alt að 100%* á þann hátt, að ríkissjóður leggur fram hlutafjáraukann“ á því að miðast við það, að yfirráð ríkissjóðs verði trygð. Og fyr en sú vissa er fengin, kemur vitanlega ekki til mála að leggja fram fje af hálfu ríkisins.

Þess vil jeg einnig geta, út af orðalagi 5. gr., „þegar hann (ríkissjóður) sjer sjer fært", þá er með því átt við, að þetta fari fram þegar á þessu sumri. En til þess, að svo megi verða, þarf að tryggja tvent. Fyrst og fremst það, að það lán fáist, sem þarf til þess að gera bankann starfhæfan, og í öðru lagi þarf að ganga úr skugga um það, hvernig hagur bankans er þá, því vitanlega er ekki tilætlunin að leggja fje í bankann, nema að alt sýnist fullkomlega trygt. Ákvæði 6. gr., um 2 þingkosna eftirlitsmenn með bankanum, standa í beinu sambandi við aðaltilgang frv., að ná honum undir íslensk yfirráð. Þykir sjálfsagt, að ríkið láti þegar rækja slíkt eftirlit, þar sem það ætlar að taka við stjórn bankans. Um hitt, að þetta verði framtíðarskipulag við bankann, er líkt að segja frá mínu sjónarmiði og um skipun seðlaútgáfurjettarins. Þegar landið hefir náð yfirráðum yfir bankanum, hefir það í hendi sinni, hverja skipun það gerir í þessu sem öðru.

Jeg skal að lokum taka það fram, að frumvarp þetta er fram komið sem samkomulagsgrundvöllur um þetta mikla vandamál. Grundvöllur, sem í aðaldráttunum markar þá stefnu, sem vjer hyggjum vera rjettasta. En þess ber að gæta, að *framkvæmd málsins* á þeim grundvelli, er þingið leggur til, er stórum þýðingarmikil. Þá framkvæmd á þingið fyrst og fremst undir stjórninni. Þess vegna er það ekki lítilsvert, að hún haldi þar fast á vilja þingsins og hagsmunum ríkisins. Og ríkisstjórnin verður að vera sjer þess fullkomlega meðvitandi, að á henni hvílir mikil ábyrgð í þessu mikla fjárhagslega sjálfstæðismáli.

Sigurður Eggerz: Við þessa 1. umræðu verður óhjákvæmilegt að minnast alment á nokkur atriði, sem snerta peningamálin, og býst jeg við, að hæstv. forseti hafi ekkert við það að athuga.

Fjárhagskreppan er nú búin að standa í heilt ár. Orsakir hennar eru taldar ýmsar. Eitt af verkefnum peningamálanefndarinnar var að rannsaka orsakirnar. En um það atriði hefir ekki birst neitt álit frá nefndinni ennþá, enda hygg jeg, að hugur hennar hafi nær eingöngu snúist að því, hvernig hægt væri að komast út úr fjárkreppunni. Ein ástæðan til þessarar kreppu, sem allir telja aðalástæðuna, er mismunurinn á innfluttum og útfluttum vörum, eða að meira hefir verið flutt inn en út. En ástæðurnar til þessa mismunar geta aftur verið ýmsar. Því miður vantar verslunarskýrslur fyrir árin 1919 og 1920. En að þessu leyti voru stríðsárin 1914, 1915 og 1916 hagstæð. Þá var útflutningur mikill. Og ef sjerstakt gengi hefði þá verið á íslenskri krónu — en enn höfum vjer ekki sjerstaka íslenska krónu — þá hefði það áreiðanlega verið töluvert yfirgengi, að minsta kosti yfir danska krónu.

Árið 1917 er aftur flutt út fyrir 14 milj. kr. minna en inn. Stafar þetta ekki beint af því, að á því ári hafi verið sjerstaklega lítil framleiðsla, heldur af því, hversu samgöngum var farið þá. Kafbátahernaðurinn stóð sem hæst, menn gátu ekki sent vörurnar út. Þetta kemur að sjálfsögðu fram á næsta ári, og verður útkoman það ár því mikið betri; hallinn 1918 er um 5 miljónir. Frá 1919 vantar skýrslur, en jeg hefi spurt hagstofustjóra hvernig hann haldi, að hlutfallið hafi verið það ár milli útflutnings og innflutnings. Sagði hann, að á því ári hefði verið flutt út fyrir um 68 milj., en inn vissi hann til, að búið var að flytja fyrir 60 miljónir, en sagði, að innflutningurinn gæti verið meiri, en bjóst við, að undir öllum kringumstæðum yrði jafnvægi á ár-

inu. Um árið 1920 kvaðst hann ekkert geta sagt. En út frá því má ganga, að á því ári muni hafa verið flutt út stórum minna en inn, og af þeim mun muni kreppan fyrst og fremst stafa. En ástæðurnar til þessa mismunar munu vera ýmsar. Fyrst og fremst verðfallið á íslensku afurðunum, og svo hitt, að verðfallið kom að mönnum óvörum. Það kom að mönnum jafnsofandi og verðhækkunin á stríðsárunum. Upp á það, hvað verðhækkunin kom mönnum að óvörum, get jeg nefnt eitt dæmi. Á þinginu 1915 bar sjálfstæðisflokkurinn fram þingsályktunartill. um að kaupa miklar vörubirgðir fyrir landið, vegna væntanlegrar hækkunar. Þetta náði ekki fram að ganga, sökum þess, að meiri hluta þingmanna var ekki ljóst, að nokkur hækkun væri í aðsigi. Jeg nefni þetta dæmi, til að sýna, hve erfitt menn áttu með að átta sig á því, hvaða áhrif stríðið hefði á verðlagið. Að sínu leyti eins áttu menn bágt með að átta sig á, hvaða áhrif stríðslokin mundu hafa á verðlagið. Margir bjuggust við áframhaldandi hækkun, og drógu því á langinn að selja vörur sínar. Af þessu, meðal annars, stafar kreppan. Hún stafar einnig af því, að menn voru farnir að treysta of mikið á sjálfa sig. Ýms höpp, sem þeir urðu fyrir, og sem í raun og veru voru að þakka stríðstímunum, þökkuðu þeir fyrirhyggju sinni. Af þessu leiddi of mikið sjálfstraust, og menn fóru að ráðast í ýms stór, en vafasöm fyrirtæki. Þar á meðal má nefna hin miklu botnvörpungakaup á hinum allra óhentugasta tíma. En þau kaup hafa auðvitað reynt mikið á þolrif bankanna; því auk kaupverðsins, sem var fram úr hófi, þá þarf feiknafje til rekstrar hverjum botnvörpungi. Og því er ver, að efni þau, sem söfnuðust fyrir hjá ýmsum einstökum mönnum á stríðsárunum, munu nú horfin, einmitt sökum þess, að menn hafa ekki kunnað sjer hóf. Ástæðurnar til fjárkreppunnar eru sjálfsagt fleiri en jeg hefi nú talið upp, en jeg skal ekki fara lengra út í það mál.

Aðalatriðið er það, að fjárkreppan stendur enn, og er altaf að versna. Allir þeir, sem stunda útgerð eða verslun, og standa þar, sem viðskiftaöldurnar skella fastast á, hljóta að standa á öndinni.

Fjárkreppan kemur, eins og eðlilegt er, fyrst í ljós út á við. Yfirfærslan stöðvast. Nú er mjög lítið hægt að færa yfir. Þeir, sem versla, verða því að taka lán erlendis, eins og menn urðu að gera í gamla daga. Þeir, sem komast að bestum kjörum, mega borga skuldina hjer inn í banka, og er sú innborgun skoðuð endanleg greiðsla, en flestir komast ekki að þeim kjörum, því þeir verða flestir ekki aðeins að borga peningana inn í banka eða setja tryggingu fyrir þeim, heldur einnig að ábyrgjast gengismun, sem sumir í einfeldni sinni eru farnir að halda fram, að muni reynast okkur til happs.

Í Ísl.banka hafa safnast fyrir stórupphæðir; munu þær nú nema samtals 8—9 miljónum. Þessar upphæðir, sem fjöldi erlendra skuldhafa eiga í bankanum, og vitanlega eru stöðugt að kalla eftir, hljóta að veikja lánstraust landsins dag frá degi, lánstraust landsins, sem er dýrmætasti höfuðstóll þess, sem safnað hefir verið saman fyrir atorku og óþreytandi elju bestu manna þessarar þjóðar. Þessar mörgu erlendu upphæðir naga lánstraustið eins og rottur nótt og dag. Það er ekki út í bláinn, að jeg kalla lánstraust landsins höfuðstól, því jeg hefi sjeð, að hjá vísindavinum er lánstraustið „teoretiskt" nefnt svo. En því miður hlýtur þessi höfuðstóll að vera farinn að eyðast, þótt jeg hafi heyrt fullyrðingar frá stjórninni um, að þessum höfuðstól sje óhætt. Aðeins ein leið *var* og *er* til að bjarga þessum höfuðstól, eins og

nú stendur, og það er lánsleiðin. Eins og kunnugt er, heyrðust, þegar áður en þing kom saman, raddir um, að einasta leiðin til bjargar væri að taka lán. Og bent var á að fara í þeim erindagerðum til þess lands,sem bæði lánaði Dönum og Norðmönnum, nefnil. Ameríku, og ekki síst sökum þess, að gengið var þar þá mjög hátt. Ef lánið hefði verið tekið þar, og hver efast um, að lánið hefði fengist, mundi hafa græðst mikið á gengismismun. En eins og jeg hefi oft sagt áður, þá var það ekkert aðalatriði, að vinna á gengismuninum, heldur hitt, að bjarga aðalhöfuðstól landsins — lánstraustinu. En því er ver og miður, stjórnin tók ekkert lán, og heldur ekki er kunnugt um, að hún hafi neitt leitað fyrir sjer um lán, sem þingið gæti gripið til, ef því hefði virst lántaka nauðsynleg.

Jeg minnist þess, að hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um margskonar lán í þingbyrjun, er hann lagði fram fjárlögin. Hann nefndi þá ýms lán, sem hann áleit óheppilegt að taka. Jeg játa, að til eru þau lán, sem mjer er illa við að taka. Það eru þau lán, sem tekin eru til að bjarga jafnvæginu milli árlegra tekna ríkissjóðs og útgjaldanna; þau lán eru beinlínis tekin til að eta þau upp, og slík lán eru, í raun og veru, hreinasta neyðarúrræði. Hefði stjórnin sett það á oddinn, að þingið skildi svo við fjárlögin nú, að slíkt lán þyrfti ekki að taka, hefði jeg verið henni þakklátur. En jeg játa, að til þess hefði þurft karlmensku, sem jeg vænti ekki af þessari stjórn.

Nú kem jeg að aðalatriðinu. Hvað á að gera, til þess að kippa þjóðinni upp úr þeirri óláns fjárkreppu,sem hún er nú komin í? Það er vitanlega aðalatriðið. En áður en jeg svara þessari spurningu, verð jeg að víkja ögn að peningamálanefndinni. Jeg játa, að langur dráttur hefir orðið á því, að nefndin skilaði áliti sínu. En ástæðurnar til þess hafa verið ýmsar. Fyrst og fremst sú, að málið var illa undirbúið af stjórnarinnar hálfu. Frv. það, sem hún lagði fyrir Nd., gat þannig ekki verið nein lausn á þessu máli. Jeg býst við, að stjórnin hafi trúað því og búist við, að ef frv. þetta yrði samþykt, mundi það styrkja svo lánstraust Íslandsbanka, að það hjálpaði bæði honum og landinu. En eins og tekið er fram í nefndaráliti meiri hl. peningamálanefndar, er engin von um, þó þetta frv. yrði samþ., að það gæti á nokkurn hátt bjargað því, sem bjarga þarf. Það er nú líka síður en svo, að samkomulag sje hjá bönkunum um þetta frv. Í ástæðunum fyrir stjórnarfrv. er sagt, að samkomulag sje um flest aðalatriðin. Og þó er svo langt frá, að sá bankinn, Íslandsbanki, sem frumvarpið á að bjarga, sje ánægður með það. Annar bankastjóri Íslandsbanka er algerlega mótfallinn frv., en hinn hefir ýmislegt við það að athuga. Bankastjórar Landsbankans eru heldur alls ekki ánægðir með frv. Einkanlega sjá þeir ýms vandkvæði á að taka við aukinni seðlaútgáfu, meðan ekki er leyst úr yfirfærsluvandræðum Íslandsbanka. Og auk þess gerir Landsbankinn ákveðna kröfu til þess að hafa seðlaútgáfuna, og Íslandsbanki gerir hina sömu kröfu, og hefir væntanlega rjett til þess samkvæmt stjórnarfrv. Þetta mál er því í sannleika með öllu óundirbúið af stjórnarinnar hálfu, og þetta var þó einmitt mál, sem stjórnin átti að undirbúa.

Annað er það, sem hefir orsakað hve peningamálanefndin hefir verið seinvirk, og það er viðfangsefni hennar, áreiðanlega erfiðasta málið á þessu þingi. Takist Alþingi að greiða úr því, hefir það unnið mikið og þarft verk fyrir þjóðina, en takist því það ekki, þá verða eftirmæli þingsins ófögur, og það þótt hinum mikla frumvarpasæg stjórnarinnar verði hroðað af, því mörg þeirra hefðu í raun og veru gott af að hvíla sig, og sum þeirra mættu

gjarnan sofna hinum langa svefni. En eins og jeg tók fram áðan, hin mikla alvara, sem hvíldi yfir þessu máli, gerði það að verkum, að nefndin þaulreyndi að ná samkomulagi um úrlausn þess, því að líkur voru til, ef samkomulag fengist, að þá mundu tillögur nefndarinnar komast í gegnum þingið. En samkomulagið brast á endanum; en þó er vonandi, að upp úr þessu starfi nefndarinnar fáist lausn, sem að gagni megi koma, og á jeg þar við tillögur meiri hl.

Nú er þá svo komið, að meiri hl. þessarar nefndar hefir skilað af sjer nefndarálitinu, og gert þar grein fyrir þeim tillögum ýmsum, sem hann vill gera í málinu, og borið fram nú þegar eitt frv. í Nd.

Hjer er nú komið fram annað frv., og er einn af þeim mönnum, sem var í minni hl., meðflm. að því. Eins og nefndarálit meiri hlutans ber með sjer, ætlaði meiri hl. að bera fram sjerstakt frv. um hlutafjárkaup í Íslandsbanka, og þungamiðjan í því frv. átti að vera sú, að landið eignaðist meiri hlutann af öllu hlutafjenu. Í þessu frv. er nú eitt atriði, sem einmitt fer í þá átt; aðeins er ekki lögð, eftir orðalaginu, næg áhersla á, að landið eignist meiri hluta hlutafjárins, en orðalagið má altaf laga í þessu efni, ef meiningin er hin sama.

Það er nú gleðilegt, að samkomulag skuli nú verða um þetta verulega atriði í málinu. Og þetta atriði hefir nú raunar frá byrjun sýnst sjálfsagt, því að um leið og landið tekur á sig byrðar, til þess að hjálpa bankanum, þá er ekkert eðlilegra en að það um leið fái öll yfirráðin yfir bankanum. Um leið og þetta að sjálfsögðu styrkir lánstraust bankans, og kemur þannig atvinnuvegum landsins að notum, þá eykur það um leið verðgildi hluta hinna erlendu hluthafa, og ættu þeir því ekki síður að hafa áhuga á þessari lausn á málinu.

Ef landið eignast meiri hluta brjefanna, þá skapast fullur friður um bankann, en allir sjá, hve miklu máli það skiftir fyrir hverja peningastofnun sem er.

En til þess að hlutafjárkaupin komist á, þá þarfnast samþykki hluthafanna. En samkvæmt því, sem jeg tók fram áðan, geri jeg ráð fyrir, að ekki standi á því.

En það þarfnast meira. Það þarfnast lán. Og ber þá alt altaf að sama brennideplinum. Fram hjá honum verður ekki komist. En þótt meiri hlutinn sje ánægður yfir, að minni hlutinn hefir getað fallist á þetta verulega atriði í málinu, þá er ágreiningur um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar. Meiri hlutinn vill nú sem sje skipa seðlaútgáfunni til bráðabirgða til eins árs, en eftir að hlutafjárkaupin hafa farið fram, þá vill hann gera endanlega skipun á seðlaútgáfunni. Þegar ófriðnum er lokið um bankann, þá er fyrst í alvöru tími kominn til þess að leysa seðlaútgáfuspursmálið og láta fagmennina ráða þar.

Það getur verið, að Íslandsbanki eigi að vera seðlabanki áfram, en það getur líka verið, að Landsbankinn eigi að vera það. Einmitt af því að meiri hlutinn hefir ákveðið hallast að þessari bráðabirgðalausn, þá er frumvarpið í Nd. borið fram að tilhlutun hans. En það er aðeins bráðabirgðaráðstöfun á seðlaútgáfunni, sem felst í því frv., en aðalatriðið er hlutafjárkaupin.

Og í sambandi við þau vil jeg þá, í tilefni af því, sem háttv. 2. þm. Eyf. (E. Á.) sagði, taka fram, að auðvitað verði hlutirnir ekki teknir í bankanum, nema að allur hagur hans sje áður athugaður.

Jeg spyr nú, ef búist er við þessari lausn á undan hlutafjártökunni, hvaða ástæða er til að koma með ráðstafanir um endanlega lausn á seðlaútgáfu bankans nú þegar, að lítt athuguðu máli í hinu mesta flaustri? Er það af því, að búist sje við að það auki lánstraust bankans, ef þessi

skipun kemst á? Jeg get varla búist við, að hinum erlenda lánveitanda. Privatbankanum, sem Íslandsbanki hefir haft fyrir aðalviðskiftabanka, muni þykja nokkuð aðgengilegra að lána bankanum, þótt seðlaútgáfunni sje skipað á þann hátt, sem hjer er farið fram á, því 1. janúar 1925 á seðlaútgáfan að vera komin niður í 5 miljónir kr., og eftir þann tíma, til loka einkaleyfisins, verður seðlaútgáfan að jafnaði ekki meiri en heimilað er í hinum upprunalegu lögum um Íslandsbanka. Menn gleyma því, að Íslandsbanki hefir lagt eða leggur áhersluna á, að fá seðlaútgáfunni skipað til lengri tíma, til þess að fá frið um bankann. En nú er sá friður trygður, ef hlutafjárkaupin takast, trygður á þann eina varanlega hátt.

Það er því víst, að skipun seðlaútgáfunnar nú til lengri tíma hefir engin áhrif á lánstraustið. Í því efni eru hlutafjárkaupin aðalatriðið. En svo er annað. Ef nú ekkert verður af hlutafjárkaupunum, hvar stöndum við þá að hausti, eftir þessu frumvarpi? Á þá bankinn að leysa inn þá seðla, sem eru fram yfir 2½ milj.? Ákvæðið um skipun seðlaútgáfunnar er fallið burt, ef hlutafjárkaupin takast ekki, og þá verður, ef svo tekst, að leggja alt í hendur stjórnarinnar og ákveða alt með bráðabirgðalögum. Því þá ekki að aðhyllast frv. í Nd., og skipa málinu til eins árs?

Það hefir verið sagt í sambandi við hlutafjárkaupin, að ef landið kaupir hlutabrjefin, muni þau hækka í verði. Jeg geri ráð fyrir, að brjefin verði keypt eftir því, hvers virði þau eru, að undangenginni rannsókn, en ekki eftir því, hvað þau standa þann og þann daginn á markaðinum.

Það gladdi mig að heyra, að háttv. 1. flm. (E. Á.) lagði aðaláhersluna á, að landið næði yfirráðum yfir bankanum. Hitt taldi hann aukaatriði, um skipun seðlaútgáfunnar. Þetta orð skildi jeg svo, að hann gæti gengið inn á það fyrirkomulag, að seðlaútgáfunni yrði skipað til bráðabirgða. Jeg verð nú að segja, að þó hlutafjárkaupin sjeu auðvitað aðalatriðið, til þess að greiða úr fjárkreppunni, þá er skipun seðlaútgáfunnar í sjálfu sjer vandasamt atriði og snýr aðallega að framtíðinni, og þarf því að leysast eftir ítarlega rannsókn og af fagmanni. Og því er jeg bráðabirgðalausninni svo mjög fylgjandi.

Eitt atriði er ennþá, eins og háttv. 1. flm. (E. Á.) gat um, sem hefir mikla þýðingu, og það er, hvernig framkvæmd þessa máls verður. Málið er ekki hægt að leiða til lykta án þess að leggja allmikið vald í hendur stjórninni. En jeg verð að segja — því er ver og miður — að mjer er illa við að leggja svo mikið vald í hendur núverandi stjórnar. Það verður að halda á þessu máli með festu, og stjórnin verður að hafa traust í þinginu. En þessi stjórn hefir það ekki. Og eins og tekið hefir verið fram, þá verður stjórnin að hafa dug í sjer til þess að taka lán. Allir eru nú að verða sammála um það, bæði vinir og óvinir stjórnarinnar, að fram hjá lántökunni verði ekki komist.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg ætla mjer ekki að fara út í þetta frv., sem hjer liggur fyrir, vegna þess, að það er ekki stjórnarfrv. Frv. stjórnarinnar var tekið út af dagskrá í Nd., og bíður eftir frekari framkvæmdum í óákveðinn tíma. En jeg vona, að hæstv. forseti leyfi mjer að svara því, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) vjek að stjórninni.

Hann gat þess, að aðalástæða fyrir fjárkreppunni væri mismunur á því, sem væri flutt inn og út, og er jeg honum þar sammála. Þetta sjest meðal annars á því, að kreppan kemur aðallega fram sem skortur á fje erlendis. Þannig fer þegar verðmæti útfluttu vörunnar nægir ekki til að greiða

andvirði þeirrar vöru, sem flutt er inn í landið. En jeg get nú ekki sjeð, að það sje hægt að ásaka stjórnina, þótt afurðirnar falli; það eina, sem hún getur gert, er að greiða fyrir heppilegri sölu. Þessa kreppu er því ekki hægt að færa á reikning stjórnarinnar, og mjer skildist, að hann viðurkendi það.

Hann sagði ennfremur, að kreppan hefði nú staðið í heilt ár, en það er ekki rjett. (*S. E.*: Nærri heilt ár). Það er heldur ekki rjett. Það er eitt ár síðan, að fyrst fór að bóla á örðugleikum fyrir Íslandsbanka, og það er ekki sama og kreppan. Í nóvember fyrra árs áleit bankinn það sjálfur, að hann mundi losna úr allri kreppu, ef vörurnar seldust. Það, sem olli kreppunni, var, að afurðirnar fjellu, og eru enn að falla. Þegar jeg var í Kaupmannahöfn í haust í október og nóvember, átti jeg fund með bankastjórum beggja bankanna, og álitu þeir, að þeir yrðu skuldlausir fyrir nýár. Þetta sýndi sig að vera rjett hjá Landsbankanum, en ekki hjá Íslandsbanka, vegna þess að fiskurinn seldist ekki, og fjell þar að auki í verði.

En jeg sje ekki, að hægt sje að saka stjórnina, þó hún hafi ekki sjeð fyrir óorðna hluti. Enda játaði háttv. þm. (S. E.) það, að ekki væri frekar hægt að sjá þetta fyrir en hækkunina, þegar hún var á ferðinni. Alt kemur þetta manni að óvörum. Hann talaði um, að lánstraustinu væri spilt. Um það skal jeg ekki þræta. En jeg vil benda háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) á það, að það fer ekki vel á því, að þingmenn sjeu að tala um það, að lánstraustið sje á förum, jafnvel þótt satt væri. Föðurlandið á rjett á, að þm. spilli ekki fyrir því. Hins vegar get jeg bent háttv. þingm. (S. E.) á það, að lánstraustið er alls ekki horfið, því að Landsbankinn fekk nýlega 4 milj. kr. lán í Englandi, gegn ábyrgð ríkisins, og hærra lán í Danmörku en nokkru sinni áður. Þess gætti líka í ræðulok hans, er hann talaði um, að hægt mundi vera að fá lán handa Íslandsbanka, að hann teldi lánstraustinu ekki spilt. Jeg neita alls ekki, að viðskiftakreppan hafi ill áhrif, en það eru fleiri þjóðir í svipuðu ástandi, og mikið má vera, ef kreppan stafar ekki að nokkru af því, að sumar viðskiftaþjóðir okkar eiga ilt með að borga, og þar á jeg við Spán og Ítalíu. Og jeg hefi sterkan grun um, að þar sje selt meira af fiski en enn er borgað. Háttv. þm. (S. E.) sagði ennfremur, að við hefðum átt að fara eins að og Danmörk, að taka lán. En hvers vegna gerðu Danir það? Til þess að borga andvirði eigna Þjóðverja í Suður-Jótlandi. Við keyptum enga landshluta eða annað slíkt, og þurftum því ekki lán í sama tilgangi og Danir. Hann vítti það einnig mjög, að *engin* lán hefðu verið tekin. Jeg benti nú á áðan, að Landsbankinn hefði tekið lán í Englandi og Danmörku, og einnig hefi jeg getið þess í Nd., að Landsbankinn hefði fengið allstórt viðskiftalán í Ameríku. Þm. (S. E.) viðurkendi, að ekki ætti að taka lán til eyðslu, heldur til framkvæmda. Hvaða framkvæmdir voru það í haust, sem taka átti lán til? Jeg býst við, að hann svari: „Til að kaupa Íslandsbanka“. Það hefði engin haft á móti því, ef hefði átt að gera það. En hver vissi um, að þingið vildi kaupa hluti í bankanum, og hvar var heimild til þess? Ekki gat hann búist við, að stjórnin tæki lán til að lána út aftur Pjetri eða Páli. Slíkt mundi jeg ekki vilja gera upp á mína ábyrgð. Stjórnin hefði tekið lán handa Landsbankanum, ef hann hefði þurft þess með. Íslandsbanki lýsti því yfir, að hann þyrfti ekki lán um áramót, en stutt var frá áramótum til þings. Jeg býst við, að þm. hefði reist sig hátt, ef stjórnin hefði

farið að taka lán og troðið því upp á Íslandsbanka, án þess að hann hefði að nokkru leyti farið þess á leit.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði ennfremur, að það þyrfti stjórn, sem setti það á oddinn, að fjárlögin yrðu ekki afgreidd með margra miljóna tekjuhalla, en hann tryði ekki núverandi stjórn til slíkrar karlmensku. Það undrar mig ekki, þótt hann treysti ekki núverandi stjórn til þessa, því að þá þyrfti hann að trúa henni til meiri karlmensku en sjálfum sjer, því ekki þorði hann að setja slíkt á oddinn, meðan hann var ráðherra, en varð að láta sjer lynda, að fjárlögin væru afgreidd með miklum tekjuhalla. Annars er best að geyma að tala um það, þar til fjárlögin verða afgreidd, með hve miklum tekjuhalla stjórnin lætur sjer lynda að taka við þeim.

Hann sagði, að stjórnarfrumvarpið um bankamálið hefði verið illa undirbúið. En jeg gat ekki skilið hann öðruvísi en hann teldi ýmislegt gott við það, og teldi frv. ólíkt betra en frv. það, sem hjer liggur fyrir, og hefir hann vafalaust rjett fyrir sjer í því.

Hann vefengdi það, að bankastjórar Íslandsbanka hefðu orðið samdóma stjórninni um frv. hennar í aðalatriðunum. Jeg fullyrði, að það sje rjett. En stjórnin hefir ekki leitað samkomulags nema við einn bankastjóra Íslandsbanka, og það er sá bankastjóri, sem mestu ræður um það, hvað samþykt er á hluthafafundunum, en um einn bankastjórann er það kunnugt, að hann vill engu breyta um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar. En það er ómögulegt, og dettur engum öðrum í hug að halda því fram, að halda áfram sömu leið og farin hefir verið til enda leyfistímans. Jeg þori því að fullyrða, að útlendi bankastjórinn vill ganga að frv., að undanteknu einu ákvæði. En hitt undrar mig ekki, þótt bankastjórinn hafi látið það í ljós við nefndina, að hann kysi breytingar á stjórnarfrv., því að frv. er ekki eins og hann vildi helst hafa það. Og stjórnin áleit, að ekki bæri að taka eingöngu tillit til þess, hvernig stjórn Íslandsbanka vildi fá frv., heldur miklu fremur, hve langt hún yrði leidd til samkomulags.

Háttv. þm. (S. E.) sagði ennfremur, að Landsbankinn vildi ekki þann seðlaútgáfurjett, sem ráðgerður væri í stjórnarfrv. (*S. E.*: Jeg vildi óska, að ráðherrann tæki rjett eftir því, sem jeg segi). Hvað sagði þingmaðurinn þá? (*S. E.*: Jeg skal segja það, þegar jeg tek til máls). Jeg skal þá hlaupa yfir það, því að jeg hefi nóg að segja við háttv. þm.

Háttv. þingmaður sagði, að með frv. væri engin trygging fyrir, að bankinn fengi rekstrarfje. En jeg hefi áður upplýst það, að fyrir því eru eins miklar líkur og mögulegt er að krefjast. Jeg hefi gefið skýrslu um það í peningamálanefndinni, og það hefir ekki verið vefengt. En það verð jeg að segja, að það er hart að heyra háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) finna að þessu, þar sem samskonar ákvæði var í frv. 1919, sem hann var með í að flytja. (*S. E.*: Jeg var ekki með því frv.). Jú, það var borið fram af allri stjórninni, og háttv. þm. verður að bera sinn hluta ábyrgðarinnar á því, þar sem hann átti þá sæti í stjórninni.

Það hefir verið fundið að því, að stjórnin skyldi ekki koma með frv., sem væri í samræmi við skoðun meiri hl. þingsins.

Frv. stjórnarinnar var lagt fram í Nd. og vísað þar til nefndar, og ennþá, eftir 10 vikna starf, hefir nefndin eigi getað komið sjer saman um neitt frv. Og hvernig átti svo stjórnin að vita um það á síðastliðnu ári, hvað mundi verða ofan á í þinginu? Að heimta að stj. viti fyrirfram um vilja þingsins er og verður fjarstæða. Jeg sagði áðan, að nefndinni hefði gengið erfiðlega að koma sjer saman um nýtt frv.; hún

hefir verið klofin, ekki einungis tvíklofin, heldur í mörgum hlutum, og ekki bólar enn á frv. frá nefndinni. Og þó að þessu frv.standi einstöku menn úr peningamálanefndinni, þá er það ekki frá nefndinni samt.

Mig undrar ekki, þótt háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sje trauður í því að leggja núverandi stjórn vald það í hendur í þessu máli, sem ráðgert er í frv. En jeg skal vera þess albúinn að afhenda honum völdin, þegar hann sýnir mjer, að hann hafi meiri hl. þings að baki til að taka þau í sínar hendur; jeg skal ekki halda í þau. En spá mín er sú, að hann verði ekki einungis í andstöðu við núverandi stjórn, heldur og við allar stjórnir, sem hann er ekki í sjálfur.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg hefi ekki búið mig undir neina framsöguræðu í þessu máli, eins og aðrir þeir, sem hjer hafa tekið til máls. En mjer þykir ástæða til að biðja mjer hljóðs, af því jeg er einn af flm. frv. og einn af þeim, sem haf aunnið að samningu þess. Mjer þykir og rjett að geta þess, að þriðji maðurinn í nefndinni, sem ekki er talin meðal flm., á meiri þátt í þessu frv. en nokkur annar. Jeg á við hv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Þótt það hafi atvikast þannig, að hann er ekki meðal flm., þá veit jeg ekki betur en hann sje því fullkomlega samþykkur og geti talist meðal flm. frv. hjer í deildinni.

Það hefir verið rætt hjer um fjárhagsvandræðin. Allra hugur hefir snúist um það, hvernig ætti að bjarga sjer úr þeirri þröng, sem þjóðin er í. En það spursmál getur þó tæplega orðið leyst, nema menn geri sjer grein fyrir, hvernig á þessu stendur. Orsökin er fyrst og fremst sú, að áætlun sú, er bankarnir gerðu um hlutfallið milli útfluttrar og aðfluttrar vöru, reyndist ekki rjett. Verð útfluttu vörunnar árið 1920 reyndist 16 milj. lægra en við var búist, og sjá allir, að okkur munar um minna. Og síðan er hagað sjer eftir þessari áætlun af bankastjórunum og atvinnurekendum landsins, þangað til fjötrarnir eru komnir á alla, bæði bankana og atvinnurekendurna.

Jeg er samdóma þeim háttv. deildarmönnum, er tekið hafa til máls um frv., að aðalkjarni þess sje í 5. gr., þeirri ráðstöfun, að auka hlutafje Íslandsbanka um 100% og láta ríkissjóð leggja fram þann hlutaauka eins fljótt og unt er. Því að jeg hefi þá trú, að ef þetta ákvæði kemst í gegn í þinginu, þá muni að einhverju leyti rakna úr þeirri kreppu, sem nú þjáir alla okkar atvinnuvegi; ekki kannske að öllu leyti, en landið getur að sumu leyti betur greitt úr henni, þegar það hefir fengið þessa aðstöðu.

Ef fjárhagslegt traust ríkisins er nokkuð — og það vona jeg að sje — þá getur ríkið ekki betur gert en að bjóða það fram í því skyni að auka með því lánstraust bankans. Þetta er þýðingarmesta atriðið og kjarni málsins.

Það má ef til vill deila um það, hvort rjett sje að ganga í fjelag við bankann á þessum tíma, en jeg veit ekki, hvaða tími er hentugur, ef það er ekki þegar bankinn er í þröng. Frá landsins sjónarmiði ætti ekki að líta óvænlega út um hlutakaupin nú, er hlutabrjefin hafa lækkað í verði á kauphöllinni, jafnvel óeðlilega mikið, og líkur eru til, að sú lækkun hafi nokkur áhrif á mat brjefanna.

Til þess er ætlast, að skipaðir verði 5 menn, 2, er sameinað Alþingi kýs, 2 valdir af hluthöfum Íslandsbanka og 1, er hæstirjettur tilnefnir, til þess að meta hlutabrjef bankans.

Sjálfsagt er að taka til greina þau andmæli, er fram kunna að koma gegn þessu skipulagi, og vil jeg því segja: Bjóði aðrir

betur. En jeg efast um, að rjettlátari leið verði fundin.

Jeg get ekki skilið háttv. 2. landsk. (S. E.) þegar hann er að tala um það vald, sem ríkisstjórninni er fengið með þessu. Stjórnin fær ekkert vald í hendur með þessu; hún á ekki að ákveða verð hlutabrjefanna. Hluthafarnir, Alþingi og hæstirjettur velja þá menn, er fara með þetta mál.

Stjórnin fær ekkert vald í málinu, nema til þess að útvega peninga til þessa fyrirtækis. Og jeg hugði eigi, að eftir allar þær ávítur, utan og innan þessara veggja, sem stjórnin hefir fengið fyrir að hafa ekki tekið lán, þá reyni þeir menn, sem mest hafa átalið hana fyrir þetta, að aftra því, að hún taki lán, er hún sjálf vill gera það.

Annað höfuðatriði frv. er seðlaútgáfurjetturinn. Honum er skipað að nokkru, en ekki til frambúðar, aðeins fyrir þann tíma, sem leyfistími bankans nær yfir, til 1933, og aðeins að því, er tekur til Íslandsbanka, því á þessu tímabili til 1933 á bankinn að afhenda seðlaútgáfuna. Frambúðarskipulagið verður þá ákveðið síðar. En það skipulag, sem nú er, er ekki viðunandi.

Þegar svo er, að aðalseðlabanki landsins hefir ekki rjett til að gefa út meira en 2½ miljón kr., en seðlafúlgan í landinu er komin upp í 11—12 miljónir, þá verður að gera á þessu einhverja betri skipun, þegar þessi banki hefir jafnframt að lögum rjett til þess að banna, að aðrar stofnanir en þessi banki gefi út seðla í ríkinu, meðan leyfistími hans stendur. Hjer er því einungis verið að skipa seðlaútgáfurjettinum fyrir þann tíma. Hvernig farið verður með seðlana eftir 1924, er enn óráðið, hvað gert verður við seðlana jafnóðum og Íslandsbanki dregur þá inn. Það er því villandi að halda því fram, að hjer sje verið að gera endanlega skipun um seðlaútgáfuna.

Deiluatriðið er hjer að öðru leyti það, að nokkrir vilja láta Íslandsbanka einungis fá seðlaútgáfurjettinn til eins árs — til bráðabirgða, — en aðrir vilja láta hann fá þennan rjett til 1924. Þetta er það mikla atriði, sem sumir gera hjer að svo miklu kapps- og deilumáli.

Mjer þykir undarlegt þetta deiluefni, því vitanlegt er, að það er bankanum til stórra óþæginda að vita aldrei, hvernig seðlaútgáfurjetti sínum er hagað, nema fyrir eitt og eitt ár í senn. Það hlýtur að spilla lánstrausti bankans og gera honum enn ógreiðara fyrir á þessum fjárkreputímum.

En mjer finst fyrra atriðið, sem jeg nefndi, kaupin á hlutabrjefum bankans, og þetta standa í nánu sambandi hvort við annað. Jeg vil, að um leið og landið leggur stórfje í Íslandsbanka, að það fje komi að fullu gagni; vil ekki, að tekið sje af honum með annari hendinni það, sem rjett var að honum með hinni; vil ekki rjetta honum aðra hendina, en smeygja hengingaról um háls honum með hinni.

Jeg get ekki sjeð, hver áhætta er í því fólgin, þótt bankinn fari með seðlaútgáfurjettinn til 1924, ef við höfum öll tök á honum.

Eitt ákvæði þessa frv., sem vel mætti telja 3. höfuðatriðið, er um eftirlitið. Það er gert ráð fyrir því, að eftirlitið af hálfu ríkisins verði skerpt að miklum mun. Jeg skil ekki annað en að rjett sje, að eftirlitið sje sem best, þegar landið tekur bankann að sjer á þennan hátt.

Jeg get skilið það, að menn deili á um það t. d., hvort seðlaútgáfan eigi að vera 5 eða 6 miljónir 1924, en hitt skil jeg ekki, að menn geti deilt um það, að banki, sem landið á að hálfu leyti, megi fara með seðlaútgáfurjettinn til 1.jan.1925.

Jeg verð að segja það, að eftir 10 vikna sorglegt starf í þessari sælu peningamálanefnd hugsa jeg með óhug til þess, ef við nú þyrftum að setjast á rökstóla aðrar

10 vikur á næsta þingi, til að ráða fram úr þó ekki stærra máli en þessu. Jeg verð því að álíta, að best sje að ráða þessu máli til lykta nú, því eigi bætir það vinnubrögðin, þó það sje látið flækjast fyrir fleiri þingum.

Þess hefir verið getið til, að hluthafar Íslandsbanka myndu ekki vilja taka í hönd ríkisvaldsins, þegar það rjetti hana fram. Slíkt er ef til vill hægt að hugsa sjer, en þá ber ríkisvaldið ekki ábyrgðina, heldur hluthafar bankans. En nú hefir fjármálaráðherra lýst því yfir, að miklar líkur sjeu til þess, að bankinn muni ganga að þessu, og sama segir sá bankastjórinn, sem farið hefir með umboð hluthafa á fundum bankans; auk þess liggur þetta beinlínis í hlutarins eðli, því þó að þeir vildu neita, þá geta þeir það ekki. Hin eina breyting, sem hugsanleg er, er sú, að hluthafarnir sjálfir treystu sjer til að leggja fram fje, til þess að bjarga bankanum. Um það er ekkert að segja, því þá björguðu þeir sjálfir sínum eigin banka, og þá væri heldur engin ógæfa skeð.

En ef þeir höfnuðu tilboði ríkisvaldsins. Hvar væri þá komið? Þá væri líklega ekkert úrræði annað en vandræðaráðstöfun, sem sje sú bráðabirgðaráðstöfun til næsta þings, sem meðnefndarmenn mínir hafa verið að burðast með í vetur og viljað láta gera. Þá gerði stjórnin það, sem meiri hl. peningamálanefndar vill láta gera, það er að segja, ef það er hægt að tala um nokkurn vilja hjá þeim, því mjer finst hann vera nauðalítill. (*H. St.*: Hvað vilja flutningsmennirnir?). Þeir vilja hjálpa bankanum, og með því hjálpa atvinnuvegum þessa lands. (*S. E.*: Bestu hugmyndirnar eru frá okkur, en ekki þeim). Þeir hafa ekkert borið fram hjer í deildinni og bíða enn eftir aðgerðum annara.

Það er vitanlegt, að þetta skipulag á seðlaútgáfunni, sem hjer er gert ráð fyrir, styrkir betur lánstraust bankans en bráðabirgðafyrirkomulag, og það er einmitt það, sem við þurfum að gera, og auka hlutafjeð og gera meira en 1 árs ráðstöfun með seðlaútgáfurjett bankans.

Þessar tvær ráðstafanir, lántaka til hlutafjáraukningar og ákvörðun um seðlaútgáfurjettinn, ættu að verða til þess að útvega bankanum það rekstrarlán, sem hann þarfnast svo mjög, en allur atvinnurekstur þessa lands er svo mjög við bundinn.

Sigurjón Friðjónsson: Því hefir verið haldið fram frá upphafi þessa þings af háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) o. fl., að stjórnin hefði átt að taka lán, til þess að greiða úr viðskiftakreppunni. Við þetta er í sjálfu sjer ekkert að athuga. En hitt er athugaverðara, að þeir hafa ekki komið með nein ráð um það, hvernig láninu ætti að verja. Jeg hygg, að því verði best varið þannig sem hjer er ætlast til. Því að tæplega getur það komið til mála, að ríkið taki lán til að lána aftur einstökum mönnum.

Annar vegur er auðvitað til, og hann er sá, að taka lán og láta Landsbankann hafa það, og mjer væri það í rauninni geðfelldast. En jeg hefi heyrt, að bankinn vildi ekki og gæti ekki tekið að sjer þær skyldur, sem af því myndu leiða, því að þá þyrfti hann að taka að sjer viðskiftamenn Íslandsbanka. Það virðist því eina leiðin, að styrkja Íslandsbanka. En á hvern hátt það verði heppilegast, geta auðvitað orðið deildar skoðanir um.

Jeg tel það heppilegast, að ríkið styrki hann einungis á þeim grundvelli, að það nái á einn eða annan hátt valdi yfir honum. Þess vegna er það, að mjer og fleirum hefir sýnst það tiltækilegast, að ríkið kaupi svo mikil hlutabrjef í bankanum, að það ráði mestu um bankann eftirleiðis.

Mjer skilst háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) vera þessu samþykkur. (*S. E.*: Er það frá okkur, að kaupa bankann?). Það veit jeg ekki, en jeg hygg, að það sje frá engum, er sitja hjer, því að það er gömul hugmynd.

Niðurstaða okkar er því sú, að rjettast sje að styðja Íslandsbanka á þennan hátt, og að af því mundi leiða, að ríkið kæmist þá af með minni lántöku en á nokkurn annan hátt. Því að lánstraust bankans mundi batna, svo að hann gæti bjargað sjer sjálfur. Og undarlegt er, ef menn vilja ekki fremur aðhyllast þetta frv. en frv. Nd., sem stefnir ekki að öðru en velta því ástandi, sem nú er, enn þá áfram um eitt ár.

Um seðlaútgáfurjettinn er það að segja, að úr því bankinn nú hefir þennan rjett, er ekki rjett, nje heppilegt, að taka hann af honum sviplega; fyrir því er slegið föstu, að hann hafi hann enn um stundarsakir, og sleppi honum síðan smátt og smátt.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal lofa háttv. deild því að vera stuttorður.

Fyrst verð jeg að segja það, að aðalmarkmið mitt með því að styðja að framgangi frv. þess, er hjer liggur fyrir, er það, að reyna að koma í veg fyrir það, að verslun og sjávarútvegur þessa lands fari í kaldakol, því að það mundi fyrirsjáanlega hafa gjaldþrot ríkisins í för með sjer. En jeg fæ ekki betur sjeð en að eitt af aðalskilyrðunum til þess að forða því, sje að veita Íslandsbanka þann stuðning af ríkisins hálfu, að hann neyðist ekki til, eða sjái sjer hag í því, að loka og hætta starfsemi sinni. Því að þá þyrfti mikið fje, ef losa ætti alla þá, er skulda honum, við skuldir sínar til hans, og hjálpa þeim auk þess til þess að halda atvinnuvegi sínum í horfi.

Jeg vona og treysti því, að ef frv. þetta verður bráðlega að lögum, þá muni það reynast Íslandsbanka sú stoð og sá styrkur, sem hann þarf með, til þess að geta tekið upp aftur fulla starfsemi sína, bæði við útlönd og innanlands, og sú mun vera skoðun flutningsmanna frumvarps þessa.

Hins vegar vil jeg nota tækifærið og það, hvernig komið er fyrir bankanum, til þess að færa yfirráðin yfir bankanum inn í landið, og haga þá stuðningnum svo, að hann sje skilyrði fyrir því. Því að sjálfsögðu eiga yfirráðin yfir öllum peningastofnunum hvers ríkis að vera innlend, og það var út úr neyð, og af því að þá var það álitið bráðnauðsynlegt, til þess að fá bráðnauðsynlegt fje inn í landið, að gengið var að því á sínum tíma að veita Íslandsbanka hlunnindi þau, er hann fekk, þótt yfirráð hans væru í höndum útlendinga. Þegar bankinn er að meiri hluta innlendur, þá er von til, að friður verði um hann, en það er nauðsynlegt. Þetta legg jeg mikla áherslu á, og þá ekki síður hitt, sem jeg gat um, að bankinn gæti haldið áfram. Dugir þá ekki að skera hjálpina svo við neglur sjer, að hluthafarnir kjósi fremur að láta bankann hætta starfsemi sinni en að taka við henni. — Þetta vona jeg, að öllum háttv. þdm. sje ljóst.

Halldór Steinsson: Jeg ætlaði ekki að taka til máls við þessa umr., en það voru nokkur ummæli, sem fjellu hjá nokkrum háttv. þdm., og sjerstaklega hjá hæstv. fjrh. (M. G.), í gær, sem komu mjer til að standa upp. Ennfremur finn jeg mig knúðan til að skýra nokkuð frá gangi

málsins í peningamálanefndinni og því, hvernig þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er orðið til.

Jeg hafði í fyrstu vonað það og treyst því, að þessu stærsta vandamáli þingsins yrði haldið utan við pólitískan reipdrátt og flokkadrætti, og skoðað í ljósi almenningsheilla og þarfa þjóðarinnar, en ekki gegnum þröngsýnisgleraugu pólitiskra skoðana. En sú von hefir ekki ræst. Nefndin er klofin, og við því er nú raunar ekkert að segja, ef það væri á heilbrigðum grundvelli, að hún hefði klofnað. Það getur verið eðlilegt, að ekki hafi allir sömu skoðun um aðalatriðin. En svo er ekki hjer. Allir nefndarmenn voru sammála um það, að ráða þyrfti fram úr vandamálinu og reyna að ráða bót á fjárkreppunni. Allir voru þeir sammála um það, að eina leiðin væri að taka lán, og allir, að ef til vill einum undanskildum, voru sammála um, að því láni væri best varið til þess að kaupa hluti í Íslandsbanka, svo að meiri hluti hans yrði innlendur, og jafnvel fá bankanum nokkurt fje að láni til starfsins.

Í fullu samræmi við þetta er það, að álit meiri hluta peningamálanefndar er komið fram. Meiri hlutinn leit svo á, að beinasta leiðin væri sú, að framlengja seðlaútgáfunni um 1—2 ár, og í öðru lagi að koma fram með frv. um lántöku og þátttöku ríkisins í Íslandsbanka. Það frv. er ekki komið fram, en það stafar eingöngu af þeim býsnum, sem skeð hafa í þessari háttv. deild. Jeg segi býsnum, því að svo má vel nefna það, er nokkrir þm. taka traustataki á frv., sem annar þingmaður, sem þó er ekki flm., hefir samið, og bera það fram. Jeg veit ekki, hvort höfundinum hefir verið sýnd sú kurteisi, að bjóða honum að vera meðflm., eða hvort hann hefir ekki viljað kannast við faðernið. En hitt veit jeg, að það var vendilega forðast að sýna það öðrum í peningamálanefnd en þeim, sem eru meðflytjendur þess. Þetta sýnir hversu hjer er unnið í myrkrum og forðast að láta verk sín koma í dagsljósið. Jeg hefi getið þessa, til þess að menn sjái, hverjar krókaleiðir eru farnar í þessu stórmáli, sem öllum öðrum fremur þarf að ganga hreint og beint að. Jafnframt vil jeg nota tækifærið til þess að láta þessu ekki ómótmælt, en hversu þinglegt það er, læt jeg aðra dæma um.

Út í einstakar greinar frv. ætla jeg ekki að fara, heldur geyma það til 2. umr. Kjarni frv. er góður, en utan um hann er vafið ýmsu óþörfu og ýmsu, sem spillir málinu. Frv. þarf því eigi alllítillar lagfæringar við, ef hægt á að verða að notast við það.

Háttv. 1. flm. frv. (E. Á.) talaði stilt og öfgalaust, eins og hans var von og vísa. Hann benti á, að frv. gæti orðið samkomulagsgrundvöllur í málinu. En hann ætti að þekkja svo vel skoðanir manna í peningamálanefndinni, að hann ætti að hafa meðvitund um það, að til þess að ná samkomulagi, þarf frv. að taka allmiklum breytingum. En jeg efast ekki um, að hann fyrir sitt leyti sje fús til að ganga inn á þær breytingar á frv., er gerðu það aðgengilegt.

Hæstv. fjrh. (M. G.) fór óvirðulegum orðum um peningamálanefndina. Sagði hann, að hún hefði setið að störfum í 10 vikur, væri þríklofin og málin kæmu frá henni í brotum. Þetta kann rjett að vera, en mjer virðist ekki tiltökumál, þótt hún hafi setið í 10 vikur, nje heldur hitt, þótt ekki sjeu allir nefndarmenn sammála. En þeir eru nú einmitt sammála um aðalatriðin, svo að málin koma hrein frá nefndinni, en ekki í brotum. En það er til önnur nefnd og heitir landsstjórn. Hún hefir ekki setið 10 vikur, heldur bráðum 7 sinnum 10 vikur, og þykir henni víst síst of lengi, þótt flestum öðrum þyki fullnóg. Hún er

líklega ekki altaf þríklofin, því að oftlega virðist hún þrein í þeim störfum, sem til lítilla þjóðheilla horfa. Og þó að málin komi óneitanlega í brotum frá henni inn á þing, þá fá þau þar helst þá áheyrn, að þau eru möluð mjölinu smærra.

Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) sagðist efast um að þeir, sem ekki fylgdu frv., hefðu nokkurn vilja, en þó komst hann að þeirri niðurstöðu, að þeir vildu framlengingu seðlaútgáfunnar til bráðabirgða. Þessa ályktun virtist hann draga af því, að við bárum ekki fram enn eitt frv. Við litum nú svo á, að laga mætti þetta frv., og því bárum við ekki fram annað. En gagnvart hinu er það að athuga, að ef ekki næst samkomulag við hluthafana um hlutakaup ríkisins, þá verður óhjákvæmilegt að gefa út bráðabirgðalög, hvort sem er, þegar í sumar. En þá litum við svo á, að heppilegra yrði að framlengja strax um eitt ár.

Annars vona jeg, að laga megi þetta frv. svo, að flestir í þessari hv. deild sætti sig við.

Sigurður Eggerz: Jeg vil hefja mál mitt með því að svara hæstv. fjrh. (M. G.) nokkrum orðum frá því í gær. Annars var nú ræða hans mest almenns efnis, og kom hvergi við frv., sem hjer liggur fyrir. Er það undarlegt, að stjórnin skuli ekki segja álit sitt um þetta frv., þar sem hún hefir þó lagt annað frv. um sama efni fyrir þingið. Annars virðist nú svo, að stjórnin telji það frv. hafa heldur lítið fylgi, því að nú hefir hún látið taka það út af dagskrá hvað eftir annað.

Þá sný jeg mjer að ræðu hæstv. fjrh. (M. G.).

Fyrst vil jeg geta þess, að jeg hefi aldrei kent stjórninni um fjárkreppuna. Jeg benti einmitt á ýmsar ástæður þess að hún skall á. En hitt hefi jeg sagt, og stend við, að stjórnin hefir ekkert gert til þess að bæta úr fjárkreppunni. Eina færa leiðin var að taka lán, en þá leið má stjórnin ekki heyra nefnda. Og jeg verð að segja það, að mjer finnast varnir stjórnarinnar fyrir því, að hún tók ekki lánið, heldur einkennilegar. Eina og aðalástæðan er sú, að bankastjórar beggja bankanna hafi ekki viljað lán. Hæstv. fjrh. (M. G.) kvaðst hafa talað við sinn bankastjórann frá hvorum bankanum úti í Kaupmannahöfn og fengið þessi svör.

Það er nú vitanlega ekki á mínu færi að dæma um, hvað þeim hefir farið á milli. En svo mikið hefi jeg heyrt hjá hinum bankastjórum Landsbankans, að þeir töldu lánleiðina líklega. Og jeg álít ekki rjett af stjórninni að skjóta ábyrgðinni af sjer yfir á bankana. Stjórnin á þó að standa yfir bönkunum, en ekki öfugt. Og það, að bankarnir þóttust ekki þurfa lán, er engin afsökun. Svo framarlega, sem stjórnin gat útvegað lánsfje mitt í peningakreppunni, þá var engin hætta á, að ekki væri hægt að verja því í þarfir landsins. Þetta minnir mig á annað, sem gerðist hjer á Alþingi 1915. Þá var borin fram tillaga frá Sjálfstæðisflokknum um það, að draga kornforða að landinu. Þá kom fram sú mótbára, að ekki væri til hús að geyma kornið. Þessi mótbára er eins.

Hæstv. fjrh. (M. G.) skaut því fram, að stjórninni hefði ekki dottið í hug að fá Íslandsbanka slíkt lán. En má jeg spyrja: Hví ekki þá að fá Landsbankanum það til forráða og ráðstöfunar? Jeg trúi því ekki, að Landsbankinn hefði drepið hendi við því. Og ef hann hefði gert það, hefði áreiðanlega komið þungt hljóð úr mörgu horni. Og það hefði mátt vera meira en í meðallagi máttlaus stjórn, sem ekki hefði fundið einhverjar leiðir, til þess að láta þjóðbankann lúta vilja sínum, ef hann hefði þannig ætlað að gera henni alt ófært, þegar velferð landsmanna lá við.

En það er sá stóri sannleikur í þessu máli, að stjórnin, sem við höfum nú, er jafnan máttlaus, þegar til stórræðanna kemur.

Þá vil jeg leyfa mjer að minna hæstv. fjrh. (M. G.) á það, að það var ekki fyrst hjer á Alþingi í vetur, að stjórninni var bent á, að lán þyrfti að taka, heldur var það gert í blöðunum í sumar. Það var því ekki „forsjálni eftir á".

Og þegar svo hæstv. fjrh. (M. G.) kom með þá broslegu yfirlýsingu, að hann vildi yfirleitt ekki taka lán, þá er mjer óhætt að segja, að það sló undrun á menn. — (*M. G.*: Það var ekki skilyrðislaust). Ja, það kom eitthvert yfirklór á eftir, en hann sýndi viljann í verkinu í utanför sinni. Við danska blaðamenn sagði hann, að við vildum engin lán taka í Englandi. Jeg efa ekki, að þeim orðum hefir fylgt sannfæring, en það sýnir aðeins þröngsýni hans. Og jeg tel engan efa á því, að ef stjórnin hefði tekið gjaldeyrislán, þá hefði hún verið lofuð nærri jafnalment og hún nú er löstuð, og það jafnvel af þeim, sem eru að verða kunnir landshornanna milli fyrir það, hve mikið þeir hafa getað fyrirgefið stjórninni.

Það er annars nokkuð einkennileg skoðun hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að ekki megi með nokkru móti minnast á lánstraust þjóðarinnar hjer inni í þingsalnum. Hvar á þá að ræða um slík mál, ef fulltrúum þjóðarinnar er bannað að tala um þau á sjálfu Alþ.? Ættu þm. ef til vill að draga ráðherrana út í horn og hvísla að þeim áhyggjum sínum í þessu efni? Það dugir sannarlega ekki að hvísla að þessari stjórn, því þó það sje hrópað til hennar um þau mál, sem rjettmæt eru, þá heyrir hún ekki.

Það var ekki rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að jeg hefði sagt, að lánstraust landsins væri *farið*. Jeg mælti ekki einu orði í þá átt, en hitt sagði jeg, að lánstraustið væri dýrmætur höfuðstóll, sem þjóðin með miklum erfiðismunum hefði dregið saman, og þeim höfuðstól væri nú *hætta* búin. Annars má hæstv. fjrh. (M. G.) og hæstv. stjórn — því vitanlega á öll stjórnin hjer jafnt hlut að máli, þótt hæstv. fjrh. sje jafnan nefndur — vera viss um það, að það eru ekki umr. hjer á Alþ. sem rýra lánstraust þjóðarinnar, heldur hitt, hvernig vjer stöndum í *skilum*. Þetta er hið órjúfanlega lögmál viðskiftalífsins, og gildir jafnt fyrir þjóðir og einstaklinga. Og stöndum vjer þá ef til vill í skilum? Eru ekki fjöldamargir erlendir skuldeigendur að krefja okkur, svo að segja daglega? Og er ekki svarið altaf það sama: „Við getum ekki borgað". Fjöldi skilvísra manna stendur nú sem óskilamenn gagnvart erlendum lánardrottnum sínum, bara sökum þess að bankarnir geta ekki yfirfært fje þeirra. Það eru þessar erlendu skuldakröfur, sem naga ræturnar undan lánstrausti landsins og ógna þeim dýrmæta höfuðstól, sem jeg hefi verið að minnast á.

Og ef svo heldur áfram, að þessum kröfum verði ekki sint, hefir þá hæstv. stjórn og Alþingi gert sjer í hugarlund, að hverju stefnir? Með þeim hætti glatast lánstraustið smátt og smátt að fullu og öllu, ef ekki er bætt úr í tíma. Og lítið mun það duga, þótt stjórnin biðji menn að hafa hljótt og breiði huliðsblæju yfir hættuna, sem á ferðum er. Það er sjaldnast, að sjúklingnum verði það að aldurtila, þótt læknirinn segi, hvað að honum gengur og hvernig ráðin verði bót á meini hans, heldur hitt, ef ekkert er aðgert til að ráða bót á því.

Mjer hefir fundist með köflum eins og hæstv. stjórn væri að reyna að loka skilningi þeirra manna, sem eru þó að reyna að rýna eftir rjettri leið út úr þessum torfærum. Jeg held, að þeim starfa fylgi sú ábyrgð, sem hæstv. stjórn gerði rjettast í að taka ekki á sínar axlir. Jeg hefi heyrt hæstv. fjrh. (M. G.) bera því við, oftar en einu sinni, að ástandið væri svip-

að í öðrum löndum. Eftir því, sem jeg veit best, þá yfirfæra bæði pósthús og bankar nágrannalandanna fje á milli ríkja, og það þótt um miklar upphæðir sje að ræða. En hvernig er það hjer hjá oss? Aðeins örsmáar upphæðir fást fluttar gegnum pósthúsið, og það þegar vel lætur, því stundum er því lokað með öllu. Íslandsbanki yfirfærir ekkert í bili og Landsbankinn sáralítið. Það er hjer hætta á ferðum, sjúkdómur í þjóðlífinu, sem þarf endilega að lækna. Og sú lækning verður að koma sem allra fyrst.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði í sambandi við lántökuna, að það væri öðru máli að gegna um lántöku Dana; því fje hefði verið varið til að kaupa land fyrir. Það er ekki rjett hjá hæstv. ráðherra, að hjer sje alt öðru máli að gegna, því þótt vjer höfum ekki í hyggju að kaupa nýtt land, þá ætlum vjer að verja þessu fje til að verja það land, sem við eigum, og tryggja okkur þann rjett, sem vjer að guðs og manna lögum eigum yfir því.

Hæstv. fjrh. (M. G.) hneykslaðist mjög á því, sem jeg sagði um fjárlögin og tekjuhallann, og kvað mjer ekki farast að tala mikið um þær sakir, því jeg hefði ekki barist svo hraustlega gegn tekjuhallanum í minni tíð. Það er hreinasta misminni hjá hæstv. fjrh. (M. G.), því það var einmitt þetta, sem jeg gerði. Jeg barðist af öllum mætti gegn tekjuhallanum, og gaf út fjölda af tekjufrv., í því skyni að draga úr honum. Og þó stóð öðruvísi á þá en nú. Þá voru menn vongóðir um, að stríðsjelin væru að stytta upp og sýndist bjartara í lofti, en nú sjest ekkert nema sortinn, hvert sem horft er. Þá vonuðust menn eftir, að tekjur landssjóðs mundu aukast, en nú geta menn ekki vonað neitt í því efni fyrstu árin. Þvert á móti, því horfurnar fyrir atvinnuvegi vora eru ekki glæsilegar í bili.

Gjaldeyrislán það, sem hjer er um að tala, er einmitt ætlað til þess að bjarga atvinnuvegunum. Og þótt það verði ekki tekið, þá er það fjarstæða að ímynda sjer, að hjá því verði komist að taka lán. Munurinn verður aðeins sá, að í stað eins stórláns af ríkisins hálfu, þá kemur mesti fjöldi smálána hjá ótal erlendum skuldhöfum, sem verða að lána okkur nauðugir viljugir. Nú sem stendur eru innstæður erlendar í Íslandsbanka um 8—9 milj. kr., sem yfirfæra þarf.

Hæstv. stjórn hefir tekið það óstint upp, sem jeg sagði í gær um afstöðu bankastjóra Íslandsbanka til frv. stjórnarinnar, sem er nú á ferðinni í háttv. Nd.

Hæstv. fjrh. (M. G.) kannast nú þó við, að annar bankastjóri Íslandsbanka sje andvígur frv., og það eitt sýnir, hvort jeg hefi farið með staðlausu stafi. Í brjefum til peningamálanefndanna sjást einnig athugasemdirnar, sem hinn bankastjórinn hefir gert við frv.

Um afstöðu Landsbankastjórnarinnar nægir að vísa til nefndarálits meiri hl. og þess, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. Bankastjórar Landsbankans komu á fund hjá undirnefnd peningamálanefndar, og ræddu málið þar. Að vísu var jeg ekki á þeim fundi, en upplýsingarnar hefi jeg frá mönnum úr undirnefndinni, sbr. og nál., er jeg vísaði til áðan.

Meiri hl. peningamálanefndar var, eftir rannsókn þá, sem nefndin gerði í málinu, fullkomlega sannfærð um, að þó frv. stjórnarinnar yrði samþykt, þá yrði með engu móti með því greitt úr peningavandræðunum. Og víst er um það, að Íslandsbanki hefir ekki á neinn hátt treyst sjer til að lýsa því yfir, að hann fengi nægilegt lánstraust hjá „Privatbankanum", þó stjórnarfrv. yrði samþykt; þvert á móti hefir hann sagt, að hann vissi ekki um, hvað lánstraustið yrði mikið fyr en hann færi suður til K.hafnar að leita fyrir sjer um það.

Það er rjett, að hæstv. fjármálaráðherra

gaf nefndinni í skyn í byrjun þings, svo jeg tali mjög varlega, að ef frv. stjórnarinnar yrði samþ., þá mundu yfirfærslurnar lagast, því þá mundi Íslandbanki fá lán hjá „Privatbankanum“. En þegar spurt hefir verið um, hvað mikið lán hann mundi fá, þá hafa svörin jafnan verið á reiki. Og í hinni síðustu tíð hefir hæstv. fjármálaráðherra mjög lagt áherslu á þá visku, sem hann hefir eftir Privatbankanum, að á þessum tímum geti enginn banki sagt við annan, að hann geti veitt honum eins mikið lán og hann þurfi. Þetta vil jeg ekki rengja. En hitt þykir mjer harla ótrúlegt, að bankinn geti ekki nefnt einhverja lágmarksupphæð, sem hann undir öllum kringumstæðum vill lána. En svo lítur út, sem stjórnin hafi verið lítið áköf í að ganga eftir greiðum svörum.

Annars skal jeg taka það fram, að jeg er sannfærður um, að þetta spursmál um yfirfærsluna verði aldrei leyst með neinum lögum um seðlaaukningu, heldur einungis með lánum í einhverri mynd.

Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir misheyrst, þar sem hann segir, að jeg í ræðu minni í gær hafi látið í ljós efa um það, að þetta frv. stjórnarinnar fengi samþykki hluthafafundar. Jeg sagði ekki eitt orð um það, en í öðru sambandi talaði jeg um það, hvort hluthafafundur mundi ganga að hlutafjárkaupunum, og kvaðst jeg búast við, að hluthafar gerðu það, þar sem hlutum þeirra með því móti yrði best borgið.

Þá barmaði hæstv. fjrh. (M. G.) sjer sáran yfir því, að sjer hefði verið alveg ómögulegt að vita það fyrir fram, hvað ofan á yrði á þingi í bankamálunum. Þessu trúi jeg vel. Og má þó ekki gera lítið úr þeim áhuga, sem stjórnin hefir sýnt í því að grenslast eftir, hvað ofan á yrði í hverju máli hjer á þingum. Því meiri áhuga í því efni býst jeg aldrei við að nokkur önnur stjórn sýni.

Þá vjek hæstv. fjrh. (M. G.) að því í ræðu sinni, að hann væri fús á að afhenda mjer völdin, ef jeg gæti sannað, að jeg hefði meiri hluta að baki mjer. Jeg skal nú alveg sleppa að ræða um mig í því sambandi, því að fleiri eru til á þingi en jeg, sem við stjórn gætu tekið. En mig langar til að spyrja hæstv. fjrh. að því, hvers vegna stjórnin lagði þá ekki niður völdin, þegar traustsyfirlýsingin á hana var feld í háttv. Nd.? Um leið og það var gert, þá hætti hún að vera þingræðisstjórn. Hvers vegna skyldi hún þá ekki hafa sagt af sjer, nema af því, að hennar eina áhugamál er það að hanga? Annars væri hún fyrir löngu farin frá. Jafnvel gamlir aldavinir hennar, trygglyndu öldungarnir úr Framsókn, sem eru alt annað en byltingagjarnir, hafa ráðlagt henni að fara, því þeir hafa ekki talið það fært, að hún sæti, eftir að hún hætti að vera þingræðisstjórn. Þetta er tekið skýrum orðum fram í blaði þeirra, „Tímanum“. En stjórnin situr enn. Og ef einhver bendir henni á, að hún ætti helst að fara, þá er svarið jafnan: „Ef þú getur sannað, að þú hafir stuðning meiri hlutans til að mynda stjórn, þá skal jeg fara“. Eins og nokkur fari að brjótast í því að mynda nýja stjórn, meðan sú gamla situr, og það þó hún sitji í trássi við þingið.

Jeg ætla að spá því, að þegar þessar aðfarir hæstv. stjórnar verða athugaðar í næði, þá muni verða tekið mjög hart á þeim. Í löndunum kringum okkur er þessu þannig varið, að ef nokkur vafi leikur á um fylgi stjórnanna, þá heimta þær sjálfar traustsyfirlýsingu, og neita ella að fara með völdin; en hjer situr stjórnin róleg, þó enginn greiði atkvæði með trausti til hennar.

Jeg skal geta þess, að það var hæstv. fjrh. (M. G.), sem gaf mjer tilefni til að hreyfa nú þessu máli, og úr því jeg

á annað borð gerði það, þá hefi jeg orðið að segja hæstv. stjórn sannleikann, þó bitur sje. En það má jeg fullyrða, að þessi stjórn hefir komið málum vorum í það horf, að hvorki mig eða annan mun langa til þess að taka nú við af henni, og fyrir mitt leyti segi jeg það, að jeg mundi ekki gera það, nema það væri hrein „pólitisk nauðsyn".

Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.), sem er einn af litlu góðu börnum stjórnarinnar, afsakaði lánleysi hæstv. stjórnar með því, að hún hefði verðlagt of hátt um 15 miljónir króna þær vörur, sem óseldar hefðu verið árið 1920. Nú, — en maður hefði þó getað vænst, að þegar þessi mistök urðu augljós, að þá hefði stjórnin fengið sjónina aftur. En það sorglega er, að stjórnin hafði aldrei opið auga fyrir, hvað var að gerast í þessum málum.

Sami hv. þm. (S.H.K.) sagði líka, að annað væri ekki lagt í hendur stjórnarinnar en lántakan. En henni hefir nú, eins og kunnugt er, orðið helsti bumbult við að taka lán, og býst jeg við, að vel mætti svo fara, þótt reynt yrði á ný, að hana brysti huginn til. Annars er alls ekki víst, að verð hlutanna verði ákveðið á þann hátt, sem stendur í frv. Það getur vel verið, að bent verði á aðrar leiðir til að ákveða verð hlutanna.

Mjer fanst annars ræða háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) snúast aðallega að hlutabrjefakaupunum.

Hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) leit svo á, að með hlutabrjefakaupunum væri bankanum rjett hendin. Jeg er því fullkomlega samþykkur. En svo sagði hann, að það, sem Alþingi biði þannig fram með annari hendinni, tæki það með hinni, ef það skipaði seðlaútgáfu bankans aðeins til bráðabirgða til eins árs, eins og meiri hl. peningamálanefndar vill.

Mjer skildist á ræðu þessa háttv. þm. (S. H. K.), að hann teldi skipun seðlaútgáfurjettarins þýðingarmikla fyrir „kredit"bankans. En gleymir þá ekki hv. þm. (S. H. K.) því, að verði frv. þetta samþykt, en hluthafar vilja svo ekki ganga að hlutafjáraukanum, þá fellur skipun seðlaútgáfunnar um leið burtu, og í því tilfelli verður hún því ekki „kredit"-auki. En ef hlutabrjefakaupin takast, þá er lánstraust hans trygt og það fengið, sem bankinn hugðist að fá með endanlegri skipun seðlaútgáfunnar, að friður yrði um bankann og ekki þyrfti á hverju þingi að verða umtal um hann. Ákvæðin í þessu frv. um endanlega skipun seðlaútgáfu bankans til ársins 1933 eru því óþörf, hversu sem á er litið, og undir öllum kringumstæðum mjög óheppileg, þar sem þau eru sett í svo miklu flaustri. Fái landið yfirráðin yfir bankanum, þá er hagur landsins og hluthafanna í bankanum hinn sami um að bankastarfsemin gangi sem best. Í því er fólgin besta trygging fyrir því, að einnig seðlaútgáfunni verði á eftir sem haganlegast skipað. Allir sjá líka, að engin trygging er fyrir, að þessi flaustursskipun seðlaútgáfunnar, þó samþykt yrði, hjeldist, því þegar landið er orðinn aðalhluthafinn, með fullu atkvæðamagni í samræmi við hluti sína, þá getur hann breytt skipulaginu síðar eins og honum þóknast. Og þó þessi skipun verði gerð, að því er hlutabankann snertir, nú, þá er seðlaútgáfunni að öðru leyti ráðstafað. Svo mikið er flaustrið; enda auk þess ekki hægt að gera út um þetta á tryggilegan hátt, fyrr en það er sjeð, hvort úr hlutafjárkaupunum verður.

Leið sú, sem meiri hl. vill fara, er þess vegna áreiðanlega rjettari. Hann vill láta ákveða skipun seðlaútgáfunnar aðeins til bráðabirgða til eins árs. En að þeim tíma liðnum láta gera eins fljótt endanlega skipun á henni og tök eru á, enda býst meiri hlutinn við, að þá verði landið búið að eignast meiri hluta af

hlutafjenu. Þá er kominn tími til að athuga alla seðlaútgáfuna frá rótum, og ákveða með aðstoð fagmanns, hvernig henni skuli háttað í framtíðinni.

Ef sú skyldi nú aftur verða raunin á, að hluthafarnir vildu ekki ganga að hlutafjáraukningunni, sem jeg áleit óheppileg fyrir þá, og í raun og veru fyrir alla, — hvernig skilur þingið þá við þetta mál, ef engar aðrar ráðstafanir verða gerðar en þær, sem felast í þessu frv.? Jeg sje ekki betur en þegar haustið kemur, yrði ekki til nein skipun um seðlaútgáfuna, ef bankinn vill ekki ganga að hlutafjáraukningunni.

Það má segja, að stjórnin geti þá gefið út bráðabirgðalög. En eins og jeg hefi áður tekið fram, er slíkt með öllu óviðeigandi. Ef farið verður að ráðum meiri hl. og bráðabirgðafyrirkomulagið samþykt, þá er einnig í þessu tilfelli sjeð fyrir öllu til næsta þings.

Jeg skildi ekki, hvað háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) meinti, er hann í ræðu sinni var að tala um hengingaról, í sambandi við till. meiri hlutans. Jeg skildi það ekki sökum þess, að fyrir meiri hl. var sú eina hugsun vakandi, að gera það skipulag á málum þessum, sem bjargaði bæði þjóð og banka. Ef nota má orðið um nokkuð, sem þessu máli við kemur, þá má nota það um viðaukann í þessu frv. um seðlaútgáfuna, því hann gæti orðið hengingaról á hið góða samkomulag í þinginu um þetta mál.

Jeg verð að taka í sama strenginn og háttv. þm. Snæf. (H. St.), að ummæli háttv. aðalframsögumanns glöddu mig. Hann sagði, að þetta frv. bæri að skoða sem samningsgrundvöll. Þessi ummæli hans, sem jeg álít, að hann hafi ekki aðeins talað fyrir sinn munn, heldur flokks síns, gefa mjer von um, að hægt verði að breyta frv. þannig, að kjörin um hlutafjelagskaupin megi haldast, með nauðsynlegum breytingum, en endanleg skipun á seðlaútgáfunni verði feld, en bráðabirgðaskipun komi í staðinn.

Háttv. 1. landsk. (S. F.) þarf jeg ekki að svara mörgum orðum. Hann er einn af átta feðrum þessa undrabarns. Jeg verð að skjóta því inn, að þótt feðurnir sjeu átta, þá kvað þó enginn þeirra eiga það, heldur háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Þetta skiftir nú í sjálfu sjer ekki miklu máli. En einn misskilning vil jeg leiðrjetta, sem kom fram hjá þessum háttv. þm. (S. F.). Hann virtist álíta, að aðalfv. meiri hl. peningamálanefndarinnar væri frv. það, sem nú liggur fyrir Nd. Þetta er misskilningur hjá mínum góða vini. Þetta frv. er algert bráðabirgðafrumvarp. Aðalfrv. er um hlutakaupin. Og eins og háttv. þm. Snæf. (H. St.) tók fram, þá mundi það nú komið fram, ef þetta frv., sem hjer liggur nú fyrir, hefði ekki komið, og við hefðum enn von um að fá því breytt í það form, sem við getum unað við.

Jeg verð að afsaka við háttv. þingmenn, að jeg hefi orðið nokkuð langorður, en það hefir orsakast af því, að jeg hafði margt að segja, og varð að segja það alt nú, þar sem þetta er í annað og síðasta sinn, sem jeg tek til máls við þessa umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Aðallega eru það hinir ráðherrarnir, sem hjer standa fyrir svörum. Yfirleitt tel jeg ekkert gagn mundi af því verða, þótt jeg færi líka að tala um þetta mál, þar sem skoðanir okkar allra á því eru mjög svo líkar.

Það voru nokkur ummæli í ræðu háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), sem komu mjer til að standa upp. Rjett mun það vera hjá þessum háttv. þm. (S. E.), að ágreiningur nokkur var innan stjórnarinnar um frv. 1919. En ekki held jeg það hafi verið rjett hjá honum, að frv. hafi ekki verið full-

gert, er hann fór utan. Frv. var þá fullgert frá hendi höfundar þess, og nokkuð hafði um það verið rætt, en ekki var það lagt fram á ráðherrafundi fyr en í fjarveru hans.

Það er rjett, að hann hreyfði mótmælum, sjerstaklega gegn því atriði frv., sem hann áðan nefndi, um hlutafjáraukningu. Sömuleiðis er það satt, að jeg var ekki allskostar ánægður með frv., en gat þó sætt mig við það.

Háttv. 2. landsk. (S. E.) sagði, að engan mundi fýsa að ganga inn í stjórn landsins, eins og alt væri í pottinn búið. Alment tekið skal jeg ekki rengja þetta. Og jeg verð auðvitað að trúa því, að þessu sje svo farið um háttv. 2. landsk. (S. E.), úr því hann segir það. Jeg ímynda mjer þá og, að þing og þjóð trúi þessu líka um hann.

Háttv. 2. landsk. (S. E.) sagði, að stjórn sú, sem nú er, væri ekki þingræðisstjórn. Jeg bjóst ekki við umræðum um þetta mál nú, þar sem það sýnist ekki koma mikið við málefni því, sem hjer er nú til umræðu. (*S. E.*: Tilefnið var gefið af fjármálaráðherra í gær). Jeg er ekki viss um, að nokkurt tilefni til þessara ummæla hafi komið þar; jeg heyrði þá ræðu.

Ósköp einföld leið fyrir andstæðingana til þess að prófa þetta er að bera fram vantraustsyfirlýsingu í sameinuðu þingi. Slíkt hefir fordæmi í „parlamentariskri" sögu þessarar þjóðar, og sú leið hefir altaf verið farin hjer, þegar andstæðingar hafa hafist handa til að koma ráðuneyti frá, að bera fram vantraustsyfirlýsingu, sem alt þingið hefir tekið afstöðu til. Og jeg get fullvissað háttv. þm. um það, að það skal ekki þurfa að taka nema örstutta stund að prófa í sameinuðu þingi, því að ráðuneytið mun ekki hirða um að krefjast neinna umræðna.

Hitt er alveg nýtt, að stjórnarandstæðingar beri fram traustsyfirlýsingu á stjórn, og greiði svo sjálfir atkvæði gegn sinni eigin tillögu, eins og gert var í háttv. Nd. Og það er ekki einungis nýtt í þingsögu þessarar þjóðar, heldur þekkist slíkt hvergi mjer vitanlega. Enda hefi jeg heyrt, að þetta tiltæki stjórnarandstæðinga sje orðið ræmt erlendis.

Jeg vildi óska, að háttv. 2. landsk. (S. E.) kæmi fram umræðulaust með vantraust á stjórnina í sameinuðu þingi. Það þyrfti ekki að taka nema svo sem 10 mínútur að komast að, hvaða fylgi stjórnin hefir. (*S. E.*: Má jeg skjóta fram einni spurningu?). Já. (*S. E.*: Ef jeg bæri fram vantraustsyfirlýsingu í sameinuðu þingi og henni yrði snúið í traustsyfirlýsingu og hún feld, teldi stjórnin það þá nægilegt til að fara frá?). Jeg var svo heppinn að lýsa yfir í háttv. Nd., áður en traustsyfirlýsingin kom fram frá stjórnarandstæðingum, hversu ósæmilegt jeg áliti að bera slíkt fram, og þess vegna þurfti jeg ekkert að segja þar um þetta eftir á. Og háttv. þm. (S. E.) mun geta gert sjer í hugarlund, hvert svar mitt mundi verða við þessari spurningu hans.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg mun verða að svara hinni löngu ræðu háttv. 2. landsk. þm. (S. E.). En fyrst vil jeg fara nokkrum orðum um ræðu háttv. þm. Snæf. (H. St.). Hann sagði, að jeg hefði farið niðrandi orðum um nefndina. Jeg sagði ekkert annað um hana en að hún væri minst þríklofin, en slíkt er engin niðrun. En það átti víst að vera niðrun um stjórnina, þar sem hann sagði, að hún væri þríein eins og guð. Jeg tel það nú reyndar frekar hól en niðrun að líkja henni, að þessu leyti, við guð. Og jeg býst við, að hún muni einnig líkjast guði almáttugum í því, að hún geti ekki, frekar en hann, gert öllum til hæfis, jafnvel ekki háttv. þm. Snæf. (H. St.).

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði undarlegt, að jeg hefði ekkert talað um

frv. það, sem hjer liggur fyrir, í ræðu minni í gær. En það er alls ekkert undarlegt, því bankamálin heyra ekki undir mig, heldur atvinnumálaráðherra. Jeg svaraði eingöngu sökum árása hans á mig fyrir það, sem jeg hefði gert og ekki gert.

Þessi háttv. þingmaður (S. E.) sagði, að stjórnin hefði flúið frá sínu frv. En það er alls ekki satt, þó hún hafi tekið það af dagskrá, þar til sjeð eru forlög hinna bankamálafrumvarpanna. Henni fanst nefnilega nægilegt, að tvö frumvörp lægju fyrir sama daginn um sama efnið í sömu deild, þótt ekki bættist við það þriðja.

Háttv. þm. (S. E.) sagði, að stjórnin hefði ekkert gert til að ljetta kreppuna. Þetta segir hann, þótt jeg hafi margsinnis lýst því yfir hjer í þinginu, að Landsbankinn hafi, með tilstyrk stjórnarinnar, tekið meira lán en nokkurntíma fyr, síðan hann var stofnaður. Þingmaðurinn fer því hjer með rangt mál. (*S. E.*: Ríkið sjálft tók ekki lánið, heldur bankinn). Bankinn tók lánið, en með ábyrgð ríkissjóðs. Kannske háttv. þm. (S. E.) meini það, að stjórnin eigi altaf að standa með lánsfjeð í höndunum og kalla til allra: Viltu fá lán, hjer eru nógir peningar.

Háttv. þm. bar brigður á, að jeg hefði skýrt rjett frá því, sem fór á milli mín og bankastjóranna utanlands í sumar. Háttv. þingmenn verða að ráða því sjálfir, hverjum þeir trúa betur, háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) eða mjer.

Háttv. þm. (S. E.) sagði ennfremur, að jeg vildi skjóta ábyrgðinni yfir á bankastjórana. Jeg er fús til þess að bera sjálfur alla ábyrgðina. En jeg skammast mín ekkert fyrir að hafa leitað ráða bankastjóranna, en fyrir hitt mundi jeg skammast mín, hefði jeg orðið að segja, að jeg hefði ekki leitað ráða þeirra um slíkt mál. Lítið kemur sagan, sem háttv. þm. sagði um tillögu sjálfstæðisflokksins 1915, þessu máli við. Ekki minnist jeg þess, að mótstöðumenn þeirrar tillögu hafi barið því við, að hús mundi ekki fást undir vörur þær, sem sjálfstæðisflokkurinn vildi láta kaupa. En hinu man jeg eftir, að aðeins fáir dagar eru liðnir, síðan maður úr sjálfstæðisflokknum, sem sje þingmaðurinn sjálfur (S. E.), bar það fram sem eina aðalástæðuna gegn tóbakseinkasölunni, að ekki mundi verða hægt að fá hús undir tóbakið, og þarf þó ólíkt minna húsrúm fyrir það en kornið.

Jeg vil spyrja þessa lánspostula um, til hvers stjórnin hafi átt að nota lánið. Nú er komið á daginn, að lánið á að nota til þess að kaupa hluti í Íslandsbanka. En eins og jeg sagði í gær, er ómögulegt að ætlast til þess, að stjórnin taki lán til að styrkja þann banka. Sumir hafa sagt, að stjórnin hefði átt að taka lán og láta það liggja í Ameríku, til að græða á kúrsmismun. En jeg hefi oft sagt, og segi enn, að út í slíkar kúrsspekulationir fyrir ríkissjóð mun jeg aldrei leggja, og álít slíkt ekki sæmandi nokkurri stjórn.

Þm. (S. E.) gat um, að talað hefði verið um lántöku löngu fyrir þing. Blöðin hefðu talað um það. Ef maður ætti að hlaupa eftir öllu, sem blöðin tala um, getur maður komist langt; en jeg hygg, að þm. (S. E.) fái ekki marga til að taka undir með sjer um það, að frekar eigi að fara eftir blöðunum en bankastjórunum í þeim efnum. Hann skýrði rangt frá því, hvað jeg hefði sagt í blöðunum, er jeg kom heim í haust, og kallaði leiðrjettingu mína yfirklór, og hann vildi auðsjáanlega ekki leiðrjetta þetta ranghermi sitt. Hann gat þess ennfremur, að stjórnin hefði mikið verið lofuð, ef hún hefði tekið lán. Það getur verið. En stjórnin hefir ekki verið að leita lofs, heldur reynt að gera það, sem var rjett. Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) finst það nú ef til vill þröngsýni, að reyna frekar að gera það, sem er rjett, heldur en að afla sjer lofs.

Hann undraðist, að þingmenn mættu ekki tala um, að lánstraustið væri á förum, og tók til dæmið um sjúklinginn og læknirinn. Læknirinn hrópar ekki upp hvað að sjúklingnum gangi, heldur reynir hann að lækna hann. Það er heldur ekki besta ráðið til að bæta lánstraustið, að þingmenn baði út öllum öngum í þingsalnum og hrópi, að lánstraustið sje farið.

Hann fjölyrti mjög um það, að nauðsynlegt væri að standa í skilum. Þar erum við sammála. En jeg held samt, að ekki ríki svo heimskuleg skoðun erlendis, að Ísland geti ekki staðið í skilum, þó einstaka menn geti það ekki, og jeg vona, að mönnum skiljist, að þótt banki geti ekki útvegað „valuta“ erlendis, þá þurfi landið ekki að vera „insolvent“. Það er því einber heimska að álíta bankann sama og landið. Íslandsbanki hefir orðið að láta sína viðskiftamenn vita, að hann geti ekki yfirfært. (*S. E.*: Landsbankinn getur það ekki heldur). Það er ósatt, Landsbankinn getur það víst og hefir getað það. Jeg veit vel, að alt þetta er einungis gert til þess að ráðast á stjórnina, gert til þess að sverta hana, en höfundar árásarinnar skirrast ekki við að leggja lánstraust landsins í sölurnar. Jeg veit ekki hverju þeir hlífðu, ef þeir gætu komið stjórninni frá.

Hann (S. E.) sagði, að pósthúsið væri því nær lokað; jeg þykist vita að hann meini að því er kemur til póstávísana til útlanda. Er það svo undarlegt, þótt haft sje eftirlit með greiðslum í póstávísunum, þareð annar bankinn getur ekki yfirfært, og skyldur, sem á bankanum hvíla, mundu falla á herðar ríkisins? Þm. (S. E.) vildi láta taka lán til þess að borga skuldir einstakra manna. Stjórnin átti að ganga fyrir Pjetur eða Pál og segja: „skuldar þú? Ef svo er, þá skal jeg borga fyrir þig“. (*S. E.*: Hæstv. ráðherra er nú reiður). Jeg er ekki reiðari heldur en háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) þegar hann talaði; það þori jeg óhræddur að leggja undir dóm áheyrendanna. Hann hældi sjer mjög yfir því, að fjárlögin hefðu verið hallalaus 1919, þegar hann var ráðherra, en jeg get fullvissað háttv. þingmenn um það, að það eru þau hallamestu fjárlög, sem samþykt hafa verið. Ekki er samt svo að skilja, að jeg sje að ásaka hann fyrir það; jeg bendi honum að eins á þetta, en *hann* ásakaði mig um, að jeg gerði það að engu kappsmáli að fá fjárlögin samþykt hallalaus nú, en það er nú vafasamt að dæma þannig fyrirfram, því það er ekki enn þá búið að ganga frá þeim.

Um það, hvort Íslandsbanki væri samþykkur stjórnarfrumvarpinu eða ekki, má geta þess, að í athugasemdunum við frv. stóð ekki annað en að hann væri samdóma í flestum aðalatriðum. Auðvitað getur það ætíð orkað tvímælis, hvað eru aðalatriði og hvað ekki. Hitt er rjett, að það var einungis samið við einn bankastjórann, en það var sá, sem fer með atkvæði erlendra hluthafa og hafði meiri hlutann að baki sjer, en einn bankastjórinn var veikur og fjarverandi. Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) virtist rengja sögusögn mína um, hvað hefði farið á milli mín og Privatbankans í Höfn. Jeg gat þess nú áðan, og tek það fram aftur, að jeg legg það hverjum og einum á vald að gera það upp við sjálfan sig, hvorum okkar hann trúir betur. Ennfremur sagði háttv. þm. (S. E.), að stjórnin hefði verið þefvís á að finna það út, hvað ofan á mundi verða í þinginu; hann segir þetta víst vegna þess, að honum finst fylgi stjórnarinnar of mikið; jeg lái honum það ekki, en jeg vil, í þessu sambandi, undirstrika orð hæstv. forsætisráðherra (J. M.) um vantraust á stjórnina í sameinuðu þingi, og jeg skora á háttv. þm. (S. E.) að gera það, ella mun jeg líta svo á,

að hann sjái sjer það ekki fært. Það er næsta barnalegt hjá honum að halda því fram, að stjórnin vilji hanga og hanga, og einnig að traustsyfirlýsingin hafi fallið í Nd. Hann gleymir því alveg, þessi háttv. þm. (S. E.), að til þess að fella mál þarf meira en helmingur deildarmanna að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Í því tilfelli, er hjer ræðir um, tóku 12 þátt í atkvæðagreiðslunni, en 15 ekki, svo að engin ályktun er tekin. Einnig hafa stjórnarandstæðingarnir breitt það út, að allir prófessorar lagadeildar Háskóla Íslands væru þeim samdóma, að traustsyfirlýsingin væri feld. En það er ekki rjett. Jeg hefi talað við einn þeirra, og hann var ekki þeirrar skoðunar, og sennilega ekki hinir heldur.

Jeg er allsóhræddur við dóm þjóðarinnar fyrir þrásetu stjórnarinnar. Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) hefir ekki endanlegan dóm um það mál, og jeg beygi mig ekki fyrir hans dómi, en fyrir dómi þjóðarinnar beygi jeg mig, og bíð hans óhræddur.

Björn Kristjánsson: Það var ekki ásetningur minn að fara að halda ræðu við þessa umr., því að jeg vil ekki blanda mjer inn í neinar flokkadeilur.

Jeg ásetti mjer það í byrjun að gera það fyrir þetta mál, sem jeg gæti, án tillits til nokkurra flokka, og það hefi jeg haldið. Jeg vissi, að þótt jeg væri harðorður í garð Íslandsbanka og stjórnarinnar út af þessu ástandi, þá var það með rjettu, en ekki af því að jeg væri á móti sjálfri stjórninni, heldur eingöngu að jeg áleit það vera málinu fyrir bestu, að fundið væri að stjórnleysinu á bankanum, sem hafði svo ilt af sjer leitt.

Jeg tek til máls út af aths. háttv. þm. Snæf. (H. St.). Jeg samdi þetta frv. með háttv. þm. S.-M. (S. H. K.), eins og jeg mundi hafa gert það fyrir sjálfan mig, án tillits til allra flokka, og jeg er ekki flm. þess, eins og háttv. þm. Snæf. (H. St.) og fleiri furðar mjög á, af þeirri einföldu ástæðu, að *jeg ákvað það sjálfur*. Svo er mál með vexti, að eftir að jeg og háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) höfðum gengið frá frv. eins og við álitum best, þá kom fram tillaga þess efnis, að ríkissjóður gerðist ekki hluthafi að meiru en 3 milj. kr., en jeg neitaði því harðlega, af því að jeg áleit, að þá væri ekki trygging fengin fyrir því, að ríkið ætti nægilega mikið í bankanum til þess að geta haft þar nægilega hönd í bagga með rekstri hans. Þess vegna vildi jeg ekki flytja málið. Síðan vissi jeg ekkert um þetta, fyr en einn þm. hjer í deildinni sýndi mjer próförk af frv. og bauð mjer að vera með, og sá jeg þá, að mótmæli mín höfðu verið tekin til greina. Jeg sagði að jeg kærði mig ekki um að vera flm. — þeir voru þegar orðnir 8 —, en gat þess, að jeg væri því samþykkur eins og áður, úr því að því væri í engu spilt. Þegar málið er þannig komið, þá álít jeg þessa úrlausn málsins heppilegasta fyrir bæði þjóðina og bankann, en jeg ætla mjer ekki að blanda mjer í neinar flokkaþrætur, eins og jeg gat um áðan. Jeg hefi fengið alveg nóg af að hlusta á 7 vikna flokkaþras, þó jeg ekki gefi mig í deilur hjer. Jeg fylgi því frv. eins og áður, sem heppilegustu lausn málsins fyrir alla, en legg lítið upp úr því, þótt jeg sje ekki flm. Jeg legg meira upp úr því, að þingmenn vilja nota undirbúning minn á frumvarpinu, að þeir vilja vinna að framgangi málsins með kostgæfni og alúð.

Eins og sjest á frv., er þrengt að seðlaútgáfurjettinum, en þótt bankanum sje þar markaður þrengri bás, þá verður ekki annað sagt en að seðlaútgáfurjetturinn sje veittur nokkuð rífur, og ætlast jeg til, að bankinn noti ekki þennan rjett, nema eftir því, sem sönn seðlagjaldmiðilsþörf

krefur á hinum ýmsu tímum. Jeg held því fram, og set það að skilyrði, svo framarlega sem jeg á að veita frv. þessu lið, að landið taki annaðhvort 4½ milj. kr. hlut í bankanum eða alls ekki neitt. Jeg vil ekki, að landið fari að leggja fram fje til bankans, án þess að hafa yfirráðin. Jeg óska því, að þetta verði ofan á, með heill þjóðarinnar fyrir augum.

Menn vita, að jeg er enginn sjerlegur stuðningsmaður stjórnarinnar, svo skoðun mín á þessu máli getur ekki stafað af neinu stjórnarfylgi. Jeg hefi aðeins hag þjóðarinnar í huga. Þess vegna gæti jeg vel, hvað sem þessu máli líður, gefið stjórninni trausts- eða vantraustsyfirlýsingu, hvenær sem vildi.

Sigurður Eggerz: Jeg er nú dauður eftir þingsköpunum, en hæstv. forseti hefir leyft mjer að gera athugasemd, með því skilyrði, að jeg verði mjög stuttorður, og verð jeg að sjálfsögðu að beygja mig undir skilyrðið. Jeg get því ekki svarað hæstv. fjrh. (M. G.) nú, en geymi það til 3. umr. Aftur á móti örfá orð út af ræðu hæstv. forsrh. (J. M.). Ráðherrann beindi þeim tilmælum til mín, að jeg bæri fram vantraustsyfirlýsingu á stjórnina í sameinuðu þingi. Jeg veit, að jeg þarf ekki að fullvissa um það, að jeg er, hvenær sem er, reiðubúinn að greiða stjórninni vantraustsyfirlýsingu. Hæstv. stjórn veit og, að í þeim flokki, sem jeg er í, var samþykt að bera fram vantraustsyfirlýsingu á stjórnina snemma á þinginu, og kom hún fram í háttv. Nd., enda ætti að vera nægilegt fyrir hæstv. stjórn að heyra vilja neðri málstofunnar í þessu efni. Örlög þessarar vantraustsyfirlýsingar urðu þau, sem nú er kunnugt. Einn af þingmönnum Framsóknarflokksins kom með traustsyfirlýsingu á stjórnina. Átti Sjálfstæðisflokkurinn engan þátt í því, en fyrir háttv. þingmanni mun hafa vakað, að hann vildi knýja fram atkvæðagreiðslu um traust eða vantraust á stjórnina, en koma loðnu dagskránum, sem á leiðinni voru, fyrir kattarnef. Auk þess mun hann hafa viljað innleiða sið nágrannaþjóðanna, að stjórnin leitaði sjer traustsyfirlýsingar, þegar tvísýnt væri um fylgið. Traustsyfirlýsingin fekk nú ekkert atkvæði, og tók þá háttv. þm. Dala. (B. J.), sem af hálfu Sjálfstæðisflokksins flutti vantraustsyfirlýsinguna, hana aftur, og þóttist þá, sem vonlegt var, hafa fengið fulla sönnun fyrir fylgisleysi stjórnarinnar. Á því augnabliki hætti stjórnin að vera þingræðisstjórn. Við þetta bættist svo, að gömlu trúu öldungarnir í Framsókn rjeðu stjórninni að segja af sjer, eftir því sem blað þeirra skýrir frá. Jeg get því ekki eftir þetta búist við því, þó vantraust yrði samþykt á stjórnina, að hún segði af sjer. Enda mætti altaf búast við því, að því vantrausti yrði snúið upp í traust, sem svo auðvitað yrði felt. (*Forseti*: Þetta kemur ekki málinu við.) Jú, það kemur málinu við, því jeg fekk leyfi til að svara hæstv. forsrh. (J. M.), og þá verð jeg að svara því, sem hann sagði.

Skörungur einn á Vesturlandi, sem var mikill dýravinur — jeg ætla að kalla hann Pjetur — innleiddi þá reglu að rota kindurnar, því að honum þótti slátrunin svo ómannúðleg. Fátækur bóndi á Skarðsströndinni, sem þótti vænt um Pjetur, frjetti þetta, og varð honum þá að orði, að hann skildi ekki í jafngóðum manni og honum Pjetri, að hann skyldi vilja láta tvídrepa skepnurnar. En stendur ekki eitthvað líkt á hjer? Ef jeg nú færi enn að koma með vantraustsyfirlýsingu, væri það ekki tilraun til að vilja „tvídrepa“?

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) leiddi þetta inn í umræðurnar, og jeg svaraði. Mjer finst skörin ætla að færast upp í bekkinn, þegar

hann getur búist við, að stjórnin fari að svara fyrirspurn, er hann leggur fyrir hana. Samt sem áður, þótt mjer beri engin skylda til þess, ætla jeg að svara, því mjer er þetta ekkert hitamál.

Stjórnin hefir auðvitað rjett til þess að biðja um traustsyfirlýsingu, en jeg hefi altaf haldið því fram, að hún, og hennar fylgismenn, eigi rjett á að ákveða, hvort þetta skuli gert og hvenær. Mótstöðumenn hennar hafa aftur á móti engan rjett til þess; þeir geta aftur komið henni frá með samþykt vantrausts.

Það hefir að vísu komið fyrir í þingsögu vorri, að vantraustsyfirlýsing var borin upp aðeins í Nd., og var þar um leið lýst afstöðu hinnar deildarinnar, eða meiri hl. hennar.

Margt hefir óþekt komið fram af hálfu stjórnarandstæðinga hjer í ár, að jeg tali ekki um það kynlega fyrirbrigði, að bera upp tillögu um traust, sem flm. fella sjálfir, og sem flm. vantraustsins, þm. Dala. (B. J.) hafði þau orð um, að það væri *þinghrekkur*. Það hafði auðsjáanlega komið til orða, að þm. (B.J.) tæki að sjer flutning till., en svo djúpt gat hann þó ekki fallið sjálfur.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vildi aðeins slá því föstu, að traustsyfirlýsingin fjell ekki í Nd., hvað sem háttv. 2. landsk. þm. (S.E.) segir. (*S. E.*: Hvað segir fundarbókin?). Mig varðar ekkert um, hvað fundarbókin segir, heldur aðeins um ákvæði þingskapanna þessu viðvíkjandi. Jafnframt vil jeg endurtaka áskorun mína til háttv. þm. (S. E.), um að bera fram vantraustsyfirlýsingu til stjórnarinnar í sameinuðu þingi, og geri hann það ekki, lít jeg svo á, að hann þori það ekki.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg þarf nú ekki mikið að segja. Mjer leið annars þannig við þennan ljúfa lækjarbununið frá háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), að vel getur verið, að eitthvað hafi dottið úr mjer af því, sem hann sagði. Jeg skal aðeins gera að umræðuefni eitt atriði í ræðu hans -- jeg held, að ekki sje annað í ræðu hans viðvíkjandi þessu frv., sem máli skiftir —, og það er um skipulag seðlaútgáfu Íslandsbanka.

Hann telur seðlaútgáfunni eins vel eða betur fyrir komið með bráðabirgðaráðstöfun. Jeg hafði þau orð um þetta ákvæði, að það gæti vel orðið bankanum að hengingaról. Jeg gerði líka grein fyrir því, hvernig á þessu stæði, og það var, að lánstraust bankans væri svo hæpið, að hann mætti ekki við því að vera í sífeldri óvissu um það, hvernig seðlaútgáfu hans yrði skipað; eiga það sífelt undir teningskasti þingsins. Það er sú hengingaról, sem jeg talaði um, bjargirnar, sem vel gætu orðið náðjargir, ráðið, sem vel gæti orðið óráð.

Mig langar til, af því þm. hlýtur að meta nokkurs ummæli eins bankastjóra þessa banka, að lesa upp kafla úr viðtali, sem Tofte bankastjóri átti við blað eitt hjer í bænum og hnígur í sömu átt og jeg hefi haldið fram í þessu máli. Það er á þessa leið:

> „Frv. í Nd. er eingöngu til bráðabirgða, til eins árs. Nú álít jeg það óhjákvæmilegt skilyrði, að málum bankans sje þannig skipað, að tjaldað sje til meira en einnar nætur, og að eigi þurfi að byrja á nýjan leik þegar á næsta þingi. Til þess að bankinn geti starfað, þarf að komast fast skipulag á seðlaútgáfurjettarmálið. *Meðan bankinn á að búa við þá óvissu, sem verið hefir, má teljast ókleift að fá lán erlendis.* Síðastliðin ár hafa útgáfuheimildir bankans verið óvissar frá ári til árs, og það eitt út af fyrir sig hefir

gert starfsgrundvöll hans slæman. Varanlegt skipulag á seðlaútgáfunni er ómissandi, og hvað það snertir, er frv. til mikilla bóta".

Jeg held, að þm. hefði gott af að lesa þetta. (*S. E.*: Jeg hefi lesið það). Það er ekki nóg, að þingmaðurinn hafi lesið það, ef hann hefir ekki skilið það. Þetta er mergurinn málsins um seðlaútgáfurjettinn, hvort skipa eigi honum til frambúðar eða ekki. Það er það, sem um er deilt. Viðtalið við bankastjórann sannar það, sem jeg sagði í gærdag, og þarf jeg ekki að ræða um það frekar.

Ekki dettur mjer í hug að blanda mjer í deilur þingmannsins og stjórnarinnar. Það er vitanlegt, að hann sjer ávalt flugur, þegar honum dettur stjórnin í hug, og þess vegna koma þessar leiðinlegu og tilefnislausu ræður hans um stjórnina innan um mál, sem verið er að ræða.

Háttv. þm. (S. E.) sagði í gærdag við einn þingmann, sem ekki var á sama máli og hann, að sælir væru einfaldir. Jeg trúi því vel, að þeir einföldu sjeu sælir. En af því gæti kannske leitt það, að hinir tvöföldu væru vansælir. Jeg held, að þingmaðurinn sje tvöfaldur í þessu máli. Hann kvaðst vilja gera alt, sem unt væri, til að koma bankanum á rjettan kjöl, en mælti þó gegn þeim ákvæðum frv., sem helst koma honum að liði. Og því get jeg vel trúað því um háttv. þingmann, að hann sje vansæll í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Á 59. og 61. fundi í Ed., dagana 30. apríl og 3. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r.

Flm. (Einar Árnason): Jeg vil fyrir hönd flutningsmanna frv. óska að málið sje tekið af dagskrá.

Sigurður Eggerz: Jeg vil telja það mjög óheppilegt, að mál þetta sje tekið af dagskrá nú, þegar búið er að ákveða, að þingi sje slitið fyrir 15. þ. m. Jeg leyfi mjer því að mótmæla því algerlega, að málið sje tekið af dagskrá.

Jóhannes Jóhannesson: Mjer finst ekki undarlegt, þó að mál þetta sje tekið af dagskrá. Því þegar það er búið að vera um 11 vikur í nefnd, og er nýlega komið frá henni, getur eigi undarlegt talist, þó að þingmenn þurfi einhvern tíma til að átta sig á því. Hitt þykir mjer undarlegt, að mótmælin gegn því, að það sje nú tekið af dagskrá, koma úr sömu átt og neitunin um afbrigði frá þingsköpum, þegar málið, til að flýta fyrir því, átti að koma til 1. umræðu.

Sigurður Eggerz: Það var rökstutt um daginn, hvers vegna máli þessu var neitað um afbrigði frá þingsköpum, og mjer nægir að vísa til þeirra raka. Jeg verð að telja það næsta óeðlilegt, að flm. þessa máls hafi eigi áttað sig á því ennþá. Og jeg mótmæli því ennþá, að mál þetta sje tekið af dagskrá. En verði atkvæðagreiðsla um það, hvort málið skuli tekið af dagskrá eða ekki, þá beiðist jeg þess, að fram fari nafnakall um það.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg vil benda á, að ef mál þetta er tekið af dagskrá, þá mun það flýta svo fyrir, að fjárlögin geta komið til 2. umr. næstkomandi laugardag, sem annars er mjög hæpið.

Halldór Steinsson: Jeg verð að líta svo á, að þetta sje alls ekki til að flýta fyrir fjárlögunum, og annað liggi á bak við þetta. Mál þetta er mál málanna nú á þingi, og þarf sannarlega ekki síður að flýta fyrir því en fjárlögunum. Það hefir líka verið tekið áður 2—3 af dagskrá, svo að deildarmenn ættu að vera búnir að átta sig á því. Jeg leyfi mjer því að leggja á móti því, að það verði tekið af dagskrá.

Forseti (G. B.): Jeg hefi tvisvar sinnum tekið mál þetta af dagskrá áður. Fyrst var það gert af því, að þess var óskað, til þess að hægt væri að koma að brtt. við það. (*S. E.*: Jeg hefi aldrei viljað láta taka það af dagskrá. Jeg mótmæli því). Jeg vitna undir skrifarana, hvort eigi sje rjett frá skýrt. Í gær tók jeg málið af dagskrá sökum þess, að fundur hafði staðið alllengi, er að því kom, og jeg vildi ekki seinka fyrir störfum fjárveitinganefndar, með því að láta það koma til umræðu þá, því að búast hefði þá mátt við, að fundur hefði orðið að standa mikinn hluta dagsins.

Nú legg jeg það því í deildarinnar vald, hvort hún vill láta taka málið af dagskrá eða ekki, og mun jeg að sjálfsögðu verða við þeirri ósk, að um það fari fram nafnakall. En jeg tek það fram strax, að jeg skorast undan að greiða atkvæði sjálfur, því að þetta lýtur að fundarstjórn.

ATKVGR.

Samþ. með 8 : 4 atkv. að taka málið af dagskrá, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. H. K., S. J., S. F., B. K., E. Á., G. Guðf., G. Ó., Jóh. Jóh.

nei: H. St., H. Sn., K. E., S. E.

Einn þm. (G. G.) fjarstaddur og forseti (G. B.) greiddi ekki atkvæði.

Málið tekið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 379, 451, 452, 453, 501).

Brtt. 501 var of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Flm. (Einar Árnason): Þegar mál þetta var fyrst á dagskrá, var það rætt allmikið; þess vegna skal jeg ekki fara mikið út í efni frv. nú, en snúa mjer að þeim brtt., sem fram hafa komið.

Eru þá fyrst tvær brtt., sem komið hafa fram við 5. gr. — Önnur frá háttv. þm. Snæf. (H. St.), en hin frá háttv. 2. landsk. þm. (S. E.). Við flm. frv. höfum athugað brtt. þessar, og höfum fallist á brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.). Þessi brtt. er í raun og veru ekki efnisbreyting, heldur kveður hún skýrara á um þá hugsun, sem í greininni liggur og var tilætlun okkar flm., sem sje, að það fari fram nákvæm rannsókn á hag bankans, áður en lagt er út í hlutafjárkaup. Þetta er ekki nema sjálfsagt. En jeg vil taka það fram, að þó við teljum nauðsynlegt og sjálfsagt að rannsaka allan hag bankans, þá viljum við ekki, að það skiljist á þá lund, að við með þessu ákvæði viljum gera hann tortryggilegan í augum almennings.

Skal jeg svo eigi fara frekar út í þetta, þar sem enginn ágreiningur er um till., en snúa mjer að brtt. á þskj. 451, sem þeir flytja í fjelagi háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) og háttv. þm. Snæf. (H. St). Brtt. þessar fara í þá átt að fella úr frv. það framtíðarskipulag á seðlaútgáfurjettinum, sem í frv. er gert ráð fyrir; stendur þá aðeins eftir í frv. ákvæðin um hlutafjárkaup ríkisins og seðlaútgáfan til eins árs.

Við flm. getum ekki fallist á að fella niður þessar greinar frv. að þessu sinni, því við viljum láta frv. þannig lagað fara til háttv. Nd., svo hún geti tekið ákvörðun um það eins og það nú er.

1. brtt. á þskj. 451, við 1. gr., gengur í þá átt að stytta seðlaútgáfurjett Íslandsbanka frá 1. des. 1924 til 1. maí 1922. Um þessa brtt. er það að segja, að nokkrir af okkur flm. hafa getað fallist á hana, en aðrir telja hana varhugaverða, en vilja þó ekki setja sig beinlínis á móti henni. Jeg býst því við, að brtt. þessi verði samþ., og fyrir því hefi jeg leyft mjer, ásamt háttv. 1. landsk. þm. (S. F.), að koma með brtt. á þskj. 501, til þess að samrýma 2. gr. frv. við 1. gr. þess, ef áður greind brtt. á þskj. 451 verður samþ.

Ætla jeg svo eigi að segja meira að svo stöddu, fyr en jeg hefi heyrt ástæður þær, sem flm. brtt. bera fram. Fæ jeg þá ef til vill ástæðu til að tala frekar.

Sigurður Eggerz: Jeg get að því leyti sagt hið sama og háttv. flutningsmaður, að mál þetta var rætt töluvert hjer við 1. umræðu, og nægir því, að sumu leyti, að vísa til þess, sem jeg sagði þá. Jeg reyndi þá að draga upp sem skýrasta mynd af því ástandi, sem er nú í landi voru, og reyndi að skýra fyrir háttv. deild, hve kreppan væri alvarleg og gripi fast um sig.

Hæstv. fjrh. (M. G.) reyndi að láta myndina líta öðruvísi út. Reyndi eins og áður að varpa öðrum blæ yfir ástandið en þeim raunverulega. Hann sagði, hvað yfirfærslurnar snerti, þá væri það aðeins eitt hlutafjelag, sem ekki gæti yfirfært. En þetta hlutafjelag er hvorki meira eða minna en annar aðalbanki landsins, Íslandsbanki. En við það bætist, að pósthúsinu hefir verið lokað nú um nokkurn tíma, eða því sem næst, því að eigi hefir verið hægt að yfirfæra gegn um það, nema aðeins örlitlar upphæðir. Og við þetta má svo líka bæta Landsbankanum, því að hann hefir eigi yfirfært nema lítið eitt. En auðvitað býst jeg við, að það sje af varúð.

Það stendur því óbreytt, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls, að ástandið er mjög alvarlegt í landinu. Og augu þjóðarinnar hvíla enn fastara á þinginu en nokkru sinni áður.

Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) fór þeim orðum um tillögur meiri hl. peningamálanefndar, að þær ættu að vera bjargir fyrir bankann, en yrðu nábjargir, ættu að vera ráð, en yrðu óráð. Þetta er að vísu skáldlega sagt. En jeg býst við, að þegar farið er að kryfja tillögur okkar til mergjar, þá verði annað ofan á. Það er *nú* orðið samhuga álit meiri og minni hl. nefndarinnar, að aðalbjargráðið, að því er bankann snertir, sje hlutafjártakan. En rjett er að taka fram, að þetta ráð kom fyrst fram í nefndinni úr meiri hl., og hafði þá lítið hljóð.

En aðalágreiningurinn er nú um það, hvort skipa eigi seðlaútgáfu Íslandsbanka *nú þegar út leyfistímann*, eða gera fyrst bráðabirgðaráðstafanir til 1 árs, eins og meiri hl. vill, en skipa seðlaútgáfu ríkisins yfir höfuð endanlega þegar hlutafjárkaupin hafa farið fram.

Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) gerir mikið úr því, hve nauðsynlegt sje, að bankinn fái nú þegar seðlaútgáfurjettinum endanlega skipað, og heldur því fram, að lánstraust bankans sje undir því komið.

En ef það er athugað, hvað felst í þessu skipulagi, sem hinir 8 þm. eru að bjóða, þá er nú engan veginn víst, að hluthafar Íslandsbanka fagni eins óstjórnlega yfir því og háttv. þingmaður býst við.

Í árslok 1924 má bankinn ekki hafa í umferð meira en 5 miljónir í seðlum, og frá þeim tíma til enda leyfistímans, 1933, á hann að draga inn seðla sína alla, þannig, að sem næst jafnhá fjárhæð sje dregin inn á ári hverju og tekin úr viðskiftaveltu.

Útkoman verður því sú, að eftir 4 ár verður seðlafúlga sú, er bankinn hefir í umferð, eigi meiri en samkvæmt hinum upprunalegu lögum, sem sje 2½ miljón króna, en úr því fer hún að síga niður

fyrir þá upphæð, þangað til hún verður engin. En það er vitanlegt, að þó leyfistíminn yrði eigi ákveðinn nema til eins árs, þá heldur þó bankinn aldrei minni seðlaútgáfurjetti en hann hefir eftir upprunalegu lögunum, auk þess, sem reynslan hefir altaf verið sú, að hann hefir fyrirhafnarlaust fengið seðlaútgáfurjettinn framlengdan. Það er því mikið vafamál, hvort frv. þetta vekur svo mikla gleði hjá bankanum.

Aðalatriðið er, að það þarf mjög mikla athugun og yfirvegun um, hvernig skipa eigi seðlaútgáfurjettinum framvegis og hverjir eigi að hafa seðlaútgáfurjettinn. Eins og kunnugt er, þá hefir sífeldur ófriður staðið um bankann að undanförnu. En er landið er búið að eignast bankann, mun ófriðnum linna með öllu. Bankinn mun ekki svo mjög hafa verið hræddur við það, hvernig seðlaútgáfurjettinum yrði skipað, heldur við hinn mikla óróa, sem altaf hefir verið í kring um bankann í hvert skifti er hann hefir þurft að fá seðlaútgáfurjettinn framlengdan. Og þeim óróa linnir ekki, fyr en landið er búið að fá yfirtökin yfir bankanum. Þá fyrst skapast friður um bankann, ef skipun stjórnar hans tekst ekki því óhöndulegar. Og eigi fyr en svo er komið, er hægt að koma sjerþekkingu fagmanna að við skipun seðlaútgáfurjettarins, því eins og jeg hefi tekið fram í nefndinni, þá hygg jeg, að rjett væri að fá færan erlendan bankamann til aðstoðar í þessu efni.

Jeg vil því eindregið halda því fram, að þess þurfi ekki vegna lánstrausts bankans, að gera endanlega ráðstöfun með seðlaútgáfurjettinn, heldur sje það hlutafjártaka ríkisins, sem eykur bankanum lánstraust. Og þar sem bankinn er þá kominn inn úr ófriðaröldunum, þá næst þó einnig það með hlutafjártökunni, sem bankinn hingað til hefir viljað aðallega ná með endanlegri skipun seðlaútgáfunnar, nefnilega það, að fá frið um starfsemi hans.

Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) bar mjer það á brýn, að jeg færi með tvöfeldni í þessu máli. Þetta eru ekki vingjarnleg ummæli. Einmitt af því, að við höfum starfað saman í peningamálanefndinni, veit hann, að þetta er sú stefna, sem jeg fylgdi í upphafi og fyrstur hefi stungið upp á í nefndinni, að landið fengi yfirráðin yfir bankanum, sú stefna, sem jeg hefi altaf fylgt, af því jeg held, að hún sje sú álitlegasta, eins og málið nú horfir við.

Mjer komu því allóvart þessi ummæli þingmannsins, að jeg hafi sýnt tvöfeldni í þessu máli. En vera má, að háttv. þingmanni hafi sárnað það, að jeg skyldi drepa á óskabarn hans, stjórnina, í þessu sambandi, og fyrir þá sök hafi hann haft þessi ummæli um mig. Náið er nef augum.

Jeg get vísað til fyrri ummæla minna um brtt. okkar þm. Snæf. (H. St.) og mín; þær fara í þá átt, að gera bráðabirgðaráðstöfun á seðlaútgáfunni til eins árs.

Skal jeg þá minnast á tvær brtt., sem fram hafa komið við 5. gr. Önnur þeirra, er frá þm. Snæf. (H. St.), en hin er frá mjer. Jeg skal þá strax upplýsa það, að þó að við höfum komið með sína brtt. hvor okkar, er það ekki af því, að okkur beri nokkuð á milli, heldur af því, að jeg kunni betur við annað orðalag. Jeg kunni ekki við að segja: „Íslandsbanki skal auka“ o. s. frv. Kunni nefnilega ekki við að skipa hlutafjelagi að auka hlutafje sitt, því með lögum er ekki hægt að fyrirskipa það. Vildi jeg heldur segja: „Hlutafje Íslandsbanka má auka“ o. s. frv. En vitanlega þýðir þetta í raun og veru sama í báðum tilfellunum.

Aðalbreytingin frá frv. í báðum tillögunum er í því fólgin, að við leggjum áherslu á það, að bankinn auki hlutafje

sitt um *eigi minna en* 100%. Flm. frv. hafa ef til vill meint þetta, en ekki orðað það nægilega skýrt í frumvarpinu, því að þeir segja „alt að 100%“, en með gr., þannig orðaðri, er frv. með öllu óaðgengilegt.

Hin breytingin, sem í tillögum okkar felst, er sú, að stjórnin geti neitað að leggja fram hlutafjáraukann eftir að matið á hlutabrjefunum er farið fram, ef henni sýnist það ekki tækilegt. En jeg hefi sett inn í mína tillögu, að hún skuli, hálfum mánuði eftir að matið er farið fram, segja til, hvort hún ætli að leggja fram hlutafjáraukann eða ekki.

Það felst í rauninni alveg það sama í brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.) og brtt. minni, eins og jeg hefi tekið fram. Það er aðeins örlítill orðamunur, sem þar skilur á milli. Og úr því hans till. fær hjer betri byr, þá tek jeg mína till. aftur. Áður en jeg fer svo frekar út í þetta, þá langar mig að minnast lítið eitt á brtt., sem kom frá háttv. 2. þm. Eyf. (E. Á.) og háttv. 1. landsk. þm. (S. F.). Jeg er rjett nýbúinn að sjá brtt. og skil hana svo, að samkvæmt henni geti bankinn ráðið allmiklu um það, hvað mikinn seðlaútgáfurjett hann fái aukinn þann tíma, sem eftir er af einkaleyfi hans, því samkvæmt tillögunni verður sú upphæð af seðlum, sem bankinn hefir úti 1923, lögð til grundvallar, þannig, að sú upphæð verður dregin inn með jöfnum greiðslum á hverju ári, sem eftir verður þá af einkaleyfistímanum. Ef jeg því skil þetta rjett, og á því mun enginn vafi, þá er með þessu búin til hvöt hjá bankanum til að hafa sem allra flesta seðla í veltunni, og þykir mjer það allóviturlega ráðið. Jeg verð því að telja þessa breytingu til verra eins frá landsins sjónarmiði, en ef bankinn leggur mikla áherslu á aukna seðlaútgáfu, þá verður brtt. til hagnaðar fyrir hann.

Það leiðir af till. okkar háttv. þm. Snæf. (H. St.), að við leggjum til, að síðari málsgrein 1. gr. verði feld niður, og sömuleiðis 2. og 3. gr. En hvað viðvíkur gullforðanum, þá teljum við sjálfsagt, að hann verði fluttur upp til Reykjavíkur, enda er nú till. á leiðinni þess efnis.

Þá leggjum við til, að 6. gr. verði feld niður. Í henni er ákvæðið um endurskoðunarmenn bankans. Þetta ákvæði getur að vísu samrýmst seðlaútgáfunni, þó að til bráðabirgða sje, en jeg verð að álíta, að ekki sje ástæða til að auka enn við dýrum starfsmönnum við banka, sem ekki er stærri en þessi. En hitt vil jeg, að sú krafa sje gerð, að meiri hluti bankaráðs komi saman iðulega og ræki skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum bankans. Bankaráðið verður að finna til ábyrgðar þeirrar, — jeg verð að segja til hinnar miklu ábyrgðar, sem á því hvílir í þessu efni.

Það er meining okkar háttv. þm. Snæf. (H. St.) að leggja mikla áherslu á þetta atriði. Jeg hygg, að ef bankaráðið færi að rækja skyldu sína, þá sje eins mikil trygging fengin í því efni eins og ef endurskoðunarmenn væru til kvaddir.

Þá leggjum við einnig til, að 7. og 8. gr. verði feldar niður, enda eiga þær greinar ekki við bráðabirgðafyrirkomulagið.

Viðvíkjandi 10. gr. skal jeg aftur á móti taka það fram, að svo framarlega, sem ekki verður gengið að hlutafjárkaupunum, þá verða engin lög til um seðlaútgáfu Íslandsbanka á næsta hausti, en jeg býst ekki við, að ætlast sje til þess, að allir seðlar bankans, fram yfir 2½ milj., verði innleystir fyrir þann tíma, enda væri það sama og að loka bankanum. Nú kann því ef til vill að verða svarað, að stjórnin verði þá að framlengja seðlaútgáfuna með bráðabirgðalögum. En jeg verð að telja það mjög *illa* farið, að þingið sleppi svo gálauslega valdi sínu í slíku stórmáli, sem jafnmikið er deilt um, í hendur stjórn-

arinnar. Jeg sje auk þess ekki betur en háttv. deild geti vel fallist á brtt. okkar háttv. þm. Snæf. (H. St.), að þessi lög gildi til næsta Alþingis, því hvað er eðlilegra?

Jeg ætla, áður en jeg sest niður, að geta þess, að það urðu mjer vonbrigði að heyra ræðu háttv. 1. flm. (E. Á.). Jeg hefði getað búist við því, eftir fyrstu undirtektum hans í þessu máli, að hann gæti tekið tillit til brtt. okkar háttv. þm. Snæf. En svo hefir ekki orðið. Hann hefir ekki tekið minsta tillit til aðalbrtt. okkar.

En það er eins með þessi vonbrigði og önnur, að maður verður að reyna að bera þau með þolinmæði, en verst væri það, ef þetta yrði til þess, að málið kæmist ekki í gegnum þingið.

Það var annars meining mín og hv. þm. Snæf. (H. St.), að æskilegt væri að reyna, hvort ekki sje leið til þess að koma með sjerstakt frv. um hlutafjelagskaupin. — Þetta var upphaflega tilætlun meiri hl. peningamálanefndar. Þar sem allir í þessari háttv. deild eru sammála um það, að sjálfsagt sje að auka hlutafje bankans, þá sýnist mjer, að slíkt frv. mundi eiga greiðan gang í gegnum þingið. Það væri til mikilla bóta, að þessi kjarni úr málinu kæmist klaklaust í gegnum þingið.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg gat þess við 1. umræðu þessa máls, að meiri hluti þingmanna mundi vera orðinn þeirrar skoðunar, að óhjákvæmilegt væri að ríkið tæki lán, á einn eða annan hátt, til þess að greiða úr viðskiftakreppunni út á við. Um meðferð þess lánsfjár hafa mönnum hugkvæmst þrír vegir: 1. að ríkisstjórnin, eða þar til valdir menn, ráðstöfuðu lánsfjenu, sem þó yrði vitanlega gert á ábyrgð ríkisins, en að sjálfsögðu gegn tryggingum. 2. að lánsfjeð yrði fengið Landsbankanum til meðferðar, á ábyrgð hans, og 3. að það sje notað til viðrjettingar Íslandsbanka.

Jeg hafði þau orð um fyrstnefndu aðferðina við 1. umr. þessa máls hjer í deildinni, að hún gæti tæplega komið til mála í alvöru. En nú sje jeg í Alþýðublaðinu, í ritgerð eftir Hjeðin Valdimarsson, og heyri úr fleiri áttum, að ýmsum þyki þetta tiltækilegasta aðferðin. Frá mínu sjónarmiði horfir það, eins og áður, þannig við, að hún sje óálitlegust. Í fyrsta lagi vegna þess, að með því móti yrði lítið eða ekkert bætt úr lánstraustsskorti bankans, og að ábyrgðin af lántökunni kæmi þá líka beinast niður á ríkinu. Í öðru lagi vegna þess, að með þeirri aðferð mundi lántaka ríkisins þurfa að verða stærst; og í þriðja lagi vegna þess, að af því leiddi sjerstakan kostnað, nefndarkostnað, því að sjálf mundi ríkisstjórnin vitanlega ekki geta haft þetta með höndum. Og satt að segja virðist mjer árangurinn af nefndarskipunum ríkisins undanfarið ekki vera svo glæsilegur, að hann geti hvatt til þess úrræðis. Um það, að ábyrgð af lántöku kæmi með þessu móti beinast, og jafnvel þyngst, niður á ríkinu, vil jeg bæta því við, að hver hin leiðin, sem farin er, af þessum þremur, verður banki milliliður, sem tekur við ábyrgðarhættunni, eftir mætti, þó ábyrgðin af Landsbankanum hvíli raunar aftur að öllu leyti á ríkinu að lokum. En ábyrgð af Íslandsbanka hvílir fyrst og fremst á hluthöfunum, og þótt ríkið taki þá ábyrgð á sig að nokkru leyti, ef það gerist hluthafi í bankanum, þá heldur hún þó áfram að hvíla á hinum hluthöfunum að hinu leytinu.

Um það, að ríkið þurfi mestrar lántöku við, sje fyrstnefnda aðferðin höfð, er það að segja, að fróðir menn álíta, að þörf muni á 10—20 miljón kr. lántöku — fram yfir það, sem fengið er, að mjer skilst,

til þess að til fulls rakni úr viðskiftakreppunni, sem þó er ekki víst, að yrði nema í bráð. Ef ríkið ráðstafaði sjálft lánsfjenu með hinni fyrst nefndu aðferð, virðist liggja næst, að það tæki nefnt lán að mestu eða öllu leyti. En með hvorritveggja hinni aðferðinni getur lántaka ríkisins eða ábyrgð þess á lánum orðið bönkunum, öðrum eða báðum, að bakhjarli, til stuðnings bráðabirgðalántökum, er ríkið sem slíkt hefði ekki beinlínis veg eða vanda af. Um efling Landsbankans er það að segja, að sú leiðin er mjer geðfeldust, og eins og kunnugt er, hefir ríkið þegar styrkt hann til allstórrar lántöku, sem jeg vil segja gott eitt um. En hitt er líka kunnugt, að Landsbankinn treystist ekki til að taka að sjer viðskiftin út á við að öllu leyti, eins og sakir standa, og því síður mun hann treystast til að taka skuldunauta Íslandsbanka á sína arma.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að Magnús Sigurðsson bankastjóri, sem þó er ekki talinn halda í taum Íslandsbanka um of, hefir sagt við mig, að hann sæi ekki annan veg út úr hinum yfirstandandi vandræðum en þann, að styðja Íslandsbanka til að rísa á legg og taka upp starf sitt út á við af nýju, og jeg ætla að hann hafi sjeð þetta og sagt með rjettu.

Jeg skal nú með þessum formála snúa mjer alveg að því, sem hjer er einkum til umræðu, eflingu Íslandsbanka, og byrja á því að leggja áherslu á, að hluttaka ríkisins í bankanum mundi gera hvorttveggja í senn, fá bankanum starfsfje, þar sem hlutafjeð er, og afla honum trausts út á við, svo að tiltölulega auðvelt ætti að verða fyrir hann að fá það rekstrarfje til viðbótar af eigin ramleik, sem hann annars kann að þurfa.

Þeirri grýlu var skotið fram í Morgunblaðinu 27. f. m., að sú hlutafjáraukning, sem ráðgerð er í frv. af ríkisins hálfu, mundi leiða af sjer eftirspurn hlutabrjefa einstakra manna og verða tilefni til þess, að með þau yrði braskað, svo þau hækkuðu í verði, sem svo virtist eiga að skoðast sem einhver stór hætta fyrir landið. En auðsætt er, að slík eftirspurn væri einmitt talandi vottur um vaxandi traust á bankanum, og einmitt slíkt traust er það, sem allra nauðsynlegast er að fá, eins og sakir standa, enda mundi verðhækkun hlutabrjefa einstakra manna fylgja verðhækkun hlutabrjefa ríkisins að sama skapi, og verður ekki sjeð, að það sje óttalegt.

Fyrir þeim mönnum, er svona hugsa, virðist vaka það, að ágóði sá, er skiftist á hlutabrjefin, hljóti að verða meiri, er þau hækka í verði, og koma fram sem hækkandi skattur á viðskiftin. En það, að ríkinu sje tryggður meiri hluti atkv. á hluthafafundi og yfirtökin í stjórn bankans, ætti að vera full trygging fyrir því, að um þetta væri ekki mikið að óttast. Hitt er röksemd, sem meiri ástæða er til að líta við, að skuldasúpu Íslandsbanka kunni að vera þannig háttað, að athugavert sje fyrir ríkið að taka á sig þá ábyrgð á henni, sem það mundi gera með því að gerast hluthafi í bankanum. En til þessa er því að svara, að varasjóður bankans, sem er orðinn mikill, stendur þó fyrst fyrir skuldunum, það sem hann nær, og að áliti kunnugra manna mundi hann nægja fyrir þeim að öllu leyti. En ef svo reyndist ekki, þá hvílir þó sú ábyrgð eða áhætta, sem af því kynni að stafa, áfram á hinum gömlu hluthöfum að hálfu leyti, miðað við, að ríkið legði fram hálft hlutafjeð. Og þó það fengi af þessu einhvern skell, gæti það orðið tilvinnandi, til þess að komast hjá öðrum stærri skelli. En annars er sjálfsagt, að fram fari rannsókn á hag bankans áður en til hluttöku ríkisins kemur, og er vitanlega til þess ætlast.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á seðlaútgáfurjettinn. Sú skipun, sem um

hann er gerð í frv., virðist hafa orðið að ásteytingarefni, einkum þeim mönnum líklega, sem næstir standa Landsbankanum. Nú er það vitanlegt, eða að minsta kosti er um það vitnisburður ýmsra þingmanna úr peningamálanefndinni, að Landsbankastjórnin treystist ekki til að taka þegar við þeim hluta seðlafúlgunnar, sem þeim banka var ætlaður í frv. ríkisstjórnarinnar. Mun hafa verið litið svo á, að seðlaauki Landsbankans mundi renna jafnskjótt út úr landinu, eins og sakir standa, og koma til baka sem nokkurskonar ávísanir á bankann, sem honum mundi geta stafað vandræði af. Að ætla Landsbankanum þegar nokkurn hluta seðlaútgáfunnar, virðist því ekki tiltækilegt. Nú mun á hinn bóginn mega telja það víst, að seðlaútgáfurjetturinn sje Íslandsbanka ekki svo lítil baktrygging, honum til lánstraustsauka, og er því eðlilegt, að honum sje nauðsynlegt, að tryggilega sje um það búið, að þessi rjettur sje ekki harðneskjulega af honum tekinn. En þar sem sterkar líkur hafa komið fram um það, að bankinn mundi hafa gengið inn á þá skipun seðlaútgáfurjettarins, sem stungið var upp á í stj.frv., og þar sem það virðist í sjálfu sjer skynsamlegt og heppilegt, að seðlaútgáfurjetturinn hverfi ekki frá Íslandsbanka í einni svipan, heldur smátt og smátt, ef það annars þykir rjettara að fá hann öðrum banka í hendur, þá virðist ekki ástæða til að stiga út af þeim grundvelli, sem stjórnin hefir lagt að þessu leyti, meira en svo, sem hagsmunir Landsbankans og vilji stjórnar hans gera nauðsynlegt. Þar sem Landsbankastjórnin, svo sem áður er sagt, treystist ekki til að taka þegar við þeim hluta seðlafúlgunnar, sem þeim banka var ætlaður í stjórnarfrv., virðist sá vegur eðlilegastur, sem lagður er með þessu frv. En vel getur verið, að stytta megi þann tíma, sem Íslandsbanka er þar ætlaður seðlaútgáfurjetturinn allur. Og þó mjer sýnist heppilegra fyrir bankann, að einhverju sje slegið föstu nú þegar um það, hvernig hann skuli afhenda seðlaútgáfurjettinn, og sjerstaklega það, að hann skuli ekki þurfa að gera það sviplega, þá ætti hann þó á hinn bóginn ekki að þurfa að óttast mjög harðneskju af ríkisins hálfu í því efni, þegar það er orðið stór hluthafi í honum. Jeg álít, að ef þingið getur orðið ásátt um aðalatriði þessa máls, hlutafjárbankann, þá megi ekki láta það standa á öðrum atriðum þess, og að um þau eigi menn að sveigja til hver við annan sem allra mest.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á brtt. þær, sem fyrir liggja. Brtt. á þskj. 452 og 453 eiga það sameiginlegt, að þær kveða skýrt á um það, að rannsókn skuli fara fram á hag Íslandsbanka, áður en ríkisstjórnin ákveður til fulls um hlutafjáraukann. Raunar felst þetta í frv., því án slíkrar rannsóknar getur mat það á hlutabrjefunum, sem 5. grein ráðgerir, ekki farið fram. Og að sjálfsögðu mundi ríkisstjórnin ekki sjá sjer fært að leggja hlutafjeð fram, ef hagur bankans reyndist mjög ískyggilegur. En jeg skal ekki bera á móti, að þetta sje tekið skýrar fram, og get vel sætt mig við hvora brtt. sem er um það efni.

Um brtt. á þskj. 451 er öðru máli að gegna. Jeg er ekki óhræddur um, að þær geti orðið þeim, sem að Íslandsbanka standa, sá þyrnir í augum, sem orðið gæti málinu að falli, og mjer sýnist þær ekki svo þýðingarmiklar frá neinu öðru sjónarmiði, að rjett sje að setja málið í hættu þeirra vegna. Jeg býst því við að greiða atkvæði á móti þeim að svo stöddu. Þó get jeg sætt mig við 1. brtt., og er brtt. okkar hátv. 2. þm. Eyf. (E. Á.) miðuð við það, að sú till. nái fram að ganga.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði um það, hvernig brtt. okkar

háttv. 2. þm. Eyf. (E. Á.) kæmi við, ef hans brtt. yrði samþ., þá skal jeg taka það fram, að þar er jeg honum ekki sammála. Hann sagði, að brtt. okkar gæti haft þær afleiðingar, að Íslandsbanki hefði mjög mikið fyrirliggjandi af seðlum 1. maí 1922. En á því er, að minni hyggju, ekki mikil hætta. 4. gr. frv. tryggir það, að bankinn mun ekki hafa meira af seðlum í gangi en nauðsynin krefur. Þess vegna er engin hætta því samfara að samþ. brtt. þeirra háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) og háttv. þm. Snæf. (H. St.) við 1. gr. frv., ef brtt. okkar gengur einnig fram.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Hjer hefir margt verið sagt, sitt frá hvorri hlið, og því er ef til vill minni ástæða fyrir mig að tala margt. Fáein orð verð jeg þó að segja. Jeg legg áherslu á, að allir deildarmenn eru **sammála um** aðalkjarna málsins, því jeg tek undir það með háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), að 5. gr. frv. er það, sem mestu máli skiftir. Þess vegna er minni ástæða til að fara út í deilur um atriði, sem ekki eru jafnmikilvæg, enda þótt sum þeirra skifti líka allmiklu máli.

Fyrst vil jeg víkja að því, sem fram er komið um 5. gr. frv. Brtt. 2. landsk. (S. E.) við þessa gr. er úr sögunni, og þarf því ekki að eyða orðum um hana. Það liggur fyrir að samþykkja annaðhvort orðalagið, eins og það er í frv. hinna átta eða brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.). Jeg get þegar lýst því yfir, að jeg fyrir mitt leyti er ekki á móti orðalagi brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.). En mjer þykir vænt um, að hann hefir beðið um orðið, því mig langar til að hann geri frekar grein fyrir tillögu sinni, því það getur haft talsverða þýðingu, hvernig ber að skilja orðalag hennar. Mikið ríður á að orða svo, að ekki geti orkað tvímælis, hvað meint er. Sumir hafa áreiðanlega misskilið eða þá rangfært tilgang 5. gr. frumvarpsins.

Sumir hafa skilið greinina svo, að tilgangurinn væri ekki sá að láta rannsaka hag bankans, og þó er gert ráð fyrir, að 5 menn skuli meta hlutabrjef bankans, en óskiljanlegt er mjer, hvernig það ætti að vera hægt, án þess að rannsaka hag bankans. Að þessu leyti er því ekki um neina efnisbreytingu að ræða í brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.); bæði brtt. hans og frv. hinna 8 ætlast til, að hagur bankans sje rannsakaður.

En brtt. er efnisbreyting að því leyti, að nokkurt vald í þessu máli er þar lagt í hendur stjórninni. Stjórnin tekur sjer það ef til vill til inntekta, að menn vilja nú láta hana hafa afskifti af þessu máli, og ekki vil jeg taka af henni þann heiður. Samkvæmt brtt. á stjórnin að skipa menn, sem skoða eiga hag bankans, og eftir upplýsingum þeirra og tillögum hlýtur stjórnin að fara, er hún ákveður, hvaða afstöðu hún þá tekur til bankans. Þessu er ekki gert ráð fyrir í frv. Þó getur þetta ákvæði brtt. fallið saman við frv., þannig, að stjórnin skipi þá menn til að athuga hag bankans, sem þingið hefir þegar kosið til að meta verð hlutabrjefanna. Mjer virðist þetta ekki ótiltækilegt. En rjett er að gera sjer grein fyrir, til hvers hjer er ætlast. Og jeg vona, að skýring háttv. þm. Snæf. (H. St.) verði svo, að jeg geti greitt því orðalagi atkvæði mitt, sem hann hefir borið hjer fram.

Þá er seðlaútgáfurjetturinn. Því hefir verið haldið hjer fram af háttv. 2. landsk. (S. E.) að ekki þurfi annað til að koma bankanum á rjettan fót en ríkissjóður leggi fram fje það til hlutafjárauka, sem frv. fer fram á. Ekkert skal jeg um það segja, en þó finst mjer þessi yfirlýsing ekki verulega sannfærandi, þegar hún kemur frá þessum háttv. þm. (S. E.). Mjer hefir nefnilega skilist á ræðum hans, að lánstraustið, þessi mikli „höfuðstóll" landsins, sje, að hans dómi, mjög skert, ef ekki

farið, fyrir aðgerðir landsstjórnarinnar. (*S. E.*: Aldrei geta þeir haft rjett eftir). Háttv. þm. (S. E.) getur leiðrjett, er jeg hefi talað, finnist honum jeg fara ranglega með orðum hans. Þegar háttv. þm. (S. E.) hefir lýst þessu yfir (*S. E.*: Ósatt), þá skil jeg eigi, hvernig hann getur fullvissað um, að hlutafjáraukinn einn sje nægilegur, því tvísýnt ætti þá að vera um hann. Mjer finst ekki rjett að halda því fram, að engin þörf sje á að athuga líka seðlaútgáfuna og nota hana einnig bankanum í hag, til þess að efla lánstraust hans. Að skipa seðlaútgáfunni aðeins til eins árs, eins og háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) og skoðanabræður hans vilja gera, minnir á það, að leigja jörð aðeins til eins árs. Slíkt skipulag á ábúð jarða þykir ekki vænlegt til þess, að nokkrar framkvæmdir geti átt sjer stað til að bæta jörðina. Sama er hjer, verði seðlaútgáfu Íslandsbanka aðeins skipað til eins árs, þá eru lítil líkindi til þess, að bankinn geti vænt sjer lánstrausts. En verði henni skipað til fleiri ára, þá er það álit margra, og þar á meðal bankastjóranna við bankann, að það muni auka lánstraust hans. Og þar sem nú vitanlegt er, að bankann vantar peninga, þá er viðurhlutamikið að gera ekki alt, sem í þingsins valdi stendur, til að styrkja lánstraust hans. Þess vegna hygg jeg, að þingið ætti að hugsa sig vandlega um, áður en það neitar að semja nú þegar um seðlaútgáfuna fyrir þann tíma, sem eftir er af leyfistíma bankans.

Hins vegar hefir því verið haldið fram af háttv. 2. landsk. (S. E.), að bankinn sje í raun og veru að skila af sjer seðlaútgáfunni, og þess vegna sjeu þetta ekki nein hlunnindi fyrir bankann. Þetta er nú rjett og ekki rjett. Hjer skiftir það mestu máli, að bankinn hafi seðlaútgáfurjettinn fyrri árin af leyfistímanum, vegna þeirra örðugleika, sem hann nú er í; en það skiftir minna máli, þó seðlaútgáfan rýrni síðari árin. Við eigum að ráða fram úr þeim vandræðum, sem nú eru og framundan eru, en það munu aðrir verða til að ráða fram úr þeim eftir 1928. Það er þess vegna ekki ástæða til annars en semja um seðlaútgáfurjettinn fyrir allan leyfistímann, ef það gæti orðið til þess að auka lánstraust bankans.

Þá talaði háttv. þm. (S. E.) um það, að ef sú breyting, sem hann ber fram við 1. grein, ekki kemst í gegn, og ef það skipulag kemst á, sem frv. fer fram á, þá muni bankinn streitast við að hafa sem allra mest úti af seðlum, og að þetta sjeu hin mestu lokaráð.

Það hefir nú þegar verið tekið fram af háttv. 1. landsk. (S. F.) að þetta er hinn megnasti misskilningur á málinu, og það liggur þannig í því, að 4. grein kontrolerar þetta algerlega. Hún skapar tryggingu fyrir þessu, þar sem svo er ákveðið þar, að ef útgáfan fer yfir 7 miljónir, þá greiði bankinn fulla forvexti af því, eða með öðrum orðum greiði 62,5% af þeim seðlum. Jeg get því ekki skilið, að bankinn streitist við að hafa seðla úti með slíkum kjörum, allra síst svo nemi 10—12 milj. króna. Heldur mun þetta verða það gagnstæða, og bankinn mun reyna að hafa sem minst úti af seðlum, nema hann sjái sjer einhvern sjerstakan hag í því og þess sje fullkomin þörf.

Þá þótti háttv. þm. (S. E.) það undarlegt, að jeg skyldi fara að rifja upp ræður frá fyrra fundi, er mál þetta var fyrst til umræðu, sjerstaklega um „einfeldni“ og „tvöfeldni“. Öll deildin veit nú vel, hvernig stendur á þessu, og það var sjálfur þingmaðurinn, sem gaf fyrst tilefni til þessa, þar sem hann brá einum þingmanni um einfeldni, og því var hann mintur á orðið tvöfeldni, og verður það bara kaup kaups. Hann sagði, að jeg hefði brugðið

sjer um tvöfeldni, af því jeg væri stjórnarsinni. Þetta finst mjer nú heldur bera vott um einfeldni. Auðvitað vita allir, að hann er ekki tvöfaldur í andstöðunni á móti stjórninni, því í andstöðu sinni til stjórnarinnar hefir hann verið heill og óskiftur frá upphafi vega. (*Forseti*: Gott ef þm. vildi halda sjer við efnið). Jeg held mjer við efnið og svara einungis því, sem tilefni var til að svara. Jeg tel það mjög undarlegt, að vilja ekki líta við að semja um seðlaútgáfu bankans fyrir allan leyfistímann, meðan engin rök eru færð fyrir, að annað sje nægilegt.

Þó fje eigi að leggja fram til að stofna Íslandsbanka af nýju, þá er það fje ekki fyrir hendi nú, en það getur skift mánuðum þangað til það fæst.

Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) lýsti með hjartnæmum orðum, hve hörmulegt ástandið væri nú og hve tímarnir væru ógurlegir. Finst mönnum þá ekki æskilegt, að við gætum nú þegar skilið við málið svo, að við mætti una, og sú breyting yrði gerð á högum bankans, að hann fengi nægilegt lánstraust?

Jeg get tekið fram, að jeg er mótfallinn öllum brtt., sem komið hafa fram frá hv. 2. landsk. þm. (S. E.) og háttv. þm. Snæf. (H. St.), nema brtt. við 5. gr.

Ennfremur tel jeg brtt. á þskj. 501 til engra bóta, en jeg býst þó við, að þær verði samþyktar, þareð þær eru bornar fram til þess að fá samræmi við 1. gr., ef brtt. háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) og hv. þm. Snæf. (H. St.) við hana verða samþ. Það er ekki svo að skilja, að það sje í neinu tilliti hættulegt fyrir bankann, heldur tel jeg það varasamt fyrir landið, því þetta hefir það í för með sjer, að bankinn gengur þeim mun harðara að sínum viðskiftavinum, og það á þeim tímum, sem fjárhagslegir örðugleikar stríða hvaðanæva að. Í þessu liggur hættan. En jeg kýs þó miklu fremur það skipulag, því jeg álít, að það sje betra bæði fyrir land og lýð heldur en eftir brtt. 451.

Annars er vitanlega margt fleira, sem ræða má um, þó að jeg ætli ekki að lengja umræður með lengri ræðu, en vil þó aðeins benda á, að 1. greinin er orðrjett tekin upp úr stjórnarfrv., og geri jeg ráð fyrir, að koma megi fram með brtt. við hana og lagfæra, ef þörf þykir.

Þar er talað um eldri og yngri seðla, en ekki nánar tiltekið, hvað sjeu eldri og yngri seðlar; en það er ekki minst á gerð seðlanna, sem mundi þó vera heppilegt.

Eitt er það enn, sem má athuga, og það er það, að í síðustu málsgrein 7. greinar er gert ráð fyrir, að ef seðlar týnist og það sannist, hve miklu það nemur, þá á það að vera samningsatriði á milli bankans og stjórnarinnar, hversu fer um andvirði seðlanna. En ef nú ekki semur? Það er ekki ætíð gefið, að bankanum og stjórninni semjist, og er því best að slá einhvern varnagla við slíkum ágreiningi, sem rísa kynni.

Hv. 1. landsk. þm. (S. F.) talaði um, að það væri ekki þörf á endurskoðendum með því skipulagi, sem hjer um ræðir, þegar endanlegt skipulag væri komið á bankaráðið. En þess vegna er nú þetta ákvæði sett inn, að þetta endanlega skipulag vantar. Og við vitum ekki, hvenær það kemst á, en þangað til sú breyting kemst á, að skipað verði nýtt bankaráð, er starfi við bankann eftir þörfum hans, ætti þessi endurskoðun að vera til mikilla bóta.

Halldór Steinsson: Jeg á hjer tvær brtt. á tveimur þskj. Aðra þeirra flyt jeg einn, en hina með háttv. 2. landsk. þm. (S. E.). Hvað þá brtt. snertir, sem jeg flyt einn, þá vildi jeg láta það koma skýrt fram, hvernig hagur bankans stæði, og að hlutabrjefin væru eigi keypt fyr en rannsókn hefði farið fram í því efni, svo það sje

ekki hægt að segja, að þar sje köttur í sekknum. Jeg tek það fram, að jeg geri það ekki af tortrygni eða vantrausti á hag bankans, heldur til þess, að stjórnin geri skyldu sína og gæti hags ríkisins. Jeg skal einnig geta þess, að jeg tel það miklu skifta, hverja stjórnin fær til þess að rannsaka hag bankans, og væri eðlilegast, að stjórnin skipaði til þess þá 3 Íslendinga, sem ætlast er til í frv., að meti verð hlutanna. Hins vegar tel jeg óeðlilegt, að þeir 2 menn, er Íslandsbanki kveður til matsins, taki þátt í rannsókn á hag bankans.

Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) sagði, að það væri enginn efnismunur á brtt. og frv.greininni, en jeg verð að segja, að það er talsvert mikill munur.

Í frv. kemur ekki annað fram en einungis að meta verð hlutabrjefanna; þar er ekki talað um neina frekari rannsókn á hag bankans.

Hvað snertir brtt. þær, sem jeg flyt með hv. 2. landsk. þm. (S. E.), þá þarf jeg fátt um þær að segja, því hv. 2. landsk. þm. (S. E.) hefir talað með þeim, en jeg kann þó betur við að minnast á það örfáum orðum, hvað fyrir mjer vakti. Eins og sjest á frv. er það aðalkjarni málsins, að ríkið kaupi hlutabrjef í bankanum, og nái um leið yfirráðum yfir honum.

Sjálfur seðlaútgáfurjetturinn er aukaatriði, því ef þetta skipulag kemst á, þá verður seðlaútgáfu bankans hagað eftir því, sem best hagar ríkinu, og þá um leið bankanum, sem er orðinn ríkiseign.

Það er því fjarstæða að halda því fram, að það hafi nokkur áhrif á traust bankans, hvort seðlaútgáfunni verður skipað endanlega eða til bráðabirgða, svo framarlega sem kaupin takast.

Enda álíta flm. sjálfir það mjög varhugavert að skipa seðlaútgáfunni endanlega, fyr en útsjeð sje, að ríkið nái kaupum á hlutabrjefum, eins og sjest á síðustu grein frv., þar sem gert er ráð fyrir, að lögin falli úr gildi á næstkomandi hausti, ef ekkert verður af kaupunum.

Það er gert ráð fyrir í 6. gr. frv., að við bankann sjeu tveir kritiskir revisorar, en jeg tel það óþarft; því um leið og landið eignast bankann, þá þarf enga kritiska endurskoðendur, frekar en við Landsbankann, sem er eign landsins. Þar að auki er nú yfir bankanum bankaráð, og þó að það sje nú kannske nafnið tómt sem stendur, þá getur Alþingi krafist þess, að það gerist starfandi og hafi fult eftirlit með störfum bankans. Það eru einnig tvö ákvæði í grein þessari, sem eru algerlega ófær. Það fyrra er það, að endurskoðendur þessi skuli eiga að vera kosnir af sameinuðu þingi. Jeg þarf ekki að færa rök að því, hve fráleitt ákvæði þetta er, því flestir háttv. þm., sem hjer sitja, vita, að flestar slíkar kosningar hafa á sjer meiri eða minni pólitískan blæ. En slíkt verðum við umfram alt að forðast, þegar er að ræða um kosningar í jafnvandasamar stöður.

Hitt ákvæðið er það, að þeir eigi að vera launaðir af bankanum sjálfum. Það miðar að því að gera þá ósjálfstæða og ókritiska; þeir verða bankanum bundnir, og því óhæfir til starfsins. Ef jeg ætti bú norður á landi, og jeg hefði grun um, að þar færi ekki alt fram með feldu, þá mundi jeg ekki biðja ráðsmanninn að launa þeim revisor, sem jeg sendi til höfuðs honum. Nei, þeir menn ættu að sjálfsögðu að vera launaðir úr ríkissjóði.

Þetta, sem jeg nú hefi sagt, er það, sem sjerstaklega vakti fyrir mjer með breytingartillögunum, en jeg býst við, að allir sjeu sammála um það, að kjarni frv. sje góður, og vona jeg, að samkomulag náist innan deildarinnar, svo þetta mikla nauðsynjamál nái fram að ganga.

Björn Kristjánsson: Í framhaldi af því, sem jeg sagði í þessu máli við 1. umræðu,

og með sjerstöku tilliti til brtt. á þskj. 451, langar mig að segja fáein orð, sjerstaklega um aðalágreiningsefnið í þessu máli.

Eitt aðalatriði skiftir flokkum í þessu máli:

1. hvort framlengja eigi seðlaútgáfuna í eitt ár, eða

2. hvort framlengja eigi hana fyrir allan tímann, sem eftir er af seðlaútgáfutímabilinu.

Ef alt væri með feldu, að Íslandsbanki starfaði með sama lánstraustinu og áður og engin opinber eða leynileg tilraun hefði verið gerð af fáum ábyrgðarlausum mönnum utan þings til þess að koma bankanum fyrir kattarnef, þá væri vandalaust að skera úr deilunni, því þá stæði hjerumbil á sama, þó framlengingin væri gerð aðeins til eins árs. En nú stendur svo á, að bankinn hefir mist lánstraust sitt í bili, og þessir ábyrgðarlausu utanþingsmenn, er jeg nefndi, hafa leynt og ljóst haft hin óheillaríkustu áhrif á málið.

Áreiðanlega munu hinir erlendu lánardrotnar Íslandsbanka og landsins fá að vita, hvað er að gerast hjer hjá oss. Þeir fá áreiðanlega að vita um þing-„móralinn" í peningamálunum, og um þá hættu, sem stafað gæti af því að veita seðlaframlenginguna aðeins í eitt ár, eigandi, ef til vill, von á því, að bankinn verði leiddur á höggstokkinn að ári liðnu.

Jeg mundi ekki vilja lána banka, sem þannig væri settur, þó jeg hefði nóg fje, því það er „tekniskt" ómögulegt fyrir banka að skila af sjer öllum seðlum, er að mun er í umferð, fyrirvaralítið.

Þess vegna er viturlegt að láta bankann skila af sjer seðlunum smám saman á fleiri árum. Þess vegna virðist mjer engin von um, að það gæti orðið bankanum að liði að fá eins árs framlengingu, þegar svona er ástatt, eins og jeg hefi lýst.

Það ættu menn þegar að sjá og vita það eins vel og að tveir og tveir eru fjórir.

Um þetta atriði, sem er aðalágreiningsatriðið, ætti því alls ekki að þurfa að deila.

Og það er, því miður, of lítil trygging fyrir því, að hið mista lánstraust fáist aftur, þó ríkið leggi fram 4½ miljón kr. hlutafje. Það mundi mikið hjálpa, ef „*privat*"-menn vildu leggja það fje fram. En af því að það er *ríkið*, sem á að leggja þetta fje fram, þar sem sá böggull fylgir skammrifi, að bankinn á að setjast undir yfirráð þess þings, sem að nokkru leyti virðist standa undir áhrifum óvina bankans utan þings, — (*H. St.*: Þetta er ekki sæmilegt). Háttvirtur þingmaður veit, að jeg segi satt, og þá er mjer nóg; — þá má nærri geta, að tilboð ríkisins um hlutafjáraukninguna er ekki sjerlega aðlaðandi í augum erlendra fjármálamanna, ef þá ekki er um leið gengið frá hinu aðalatriðinu, seðlaútgáfunni, svo að bankinn geti losnað undan árlegum flokkspólitiskum áhrifum þingsins.

Tryggingin fyrir viðreisn bankans virðist því aðeins vera sú, að þingið *sýni í verkinu*, að það vilji styrkja bankann og reisa hann við aftur, en það getur það með því eina móti að leysa bankann *nú þegar* undan flokkspólitísku áhrifunum, og að semja um leið um seðlaútgáfuna í einu lagi fyrir þann tíma, sem eftir er af leyfistímanum upphaflega, um leið og þingið styrkir bankann með fjárframlagi eða hlutafje.

Annars trúir enginn þinginu fyrir því máli framvegis. Það hefir þá glatað öllu trausti þeirra manna erlendis, sem líklegastir væru til að veita bankanum lánstraust.

Og hvað yrði þá um lánstraust landsins sjálfs?

Þá er hin hliðin.

Vill Íslandsbanki halda áfram rekstri sínum upp á það að fá seðlaframlengingu

í eitt ár? Og getur hann með því móti unnið nauðsynlegt gagn? Hvar er tryggingin fyrir því?

Og hafa breytingartillögumenn fullvissað sig um þetta?

Hver á að borga þær yfir 34 milj. króna, sem aðeins heimabankinn á hjá innlendum viðskiftamönnum í lánum og víxlum með stuttum gjaldfresti? Ætla undirróðursmennirnir að taka þá greiðslu að sjer? Landsbankinn getur það ekki, því er margyfirlýst.

Og hvernig fer fyrir þessum mönnum, sem skulda yfir 34 miljónir, og öðrum, sem skulda útbúunum, ef enginn getur borgað fyrir þá?

Ekki er ólíklegt, að bankinn yrði að ganga nokkuð hart eftir skuldum sínum, til þess að geta greitt þær um 16¾ miljón krónur, sem heimabankinn skuldar innlendum mönnum, fyrir utan það, sem hann skuldar útibúunum og erlendis.

Geta andstæðingar bankans, innan þings og utan, gert glögga grein fyrir, hvernig fer um þessa viðskiftamenn, ef þingið neyðir bankann til að hætta viðskiftunum.

Og loksins vil jeg minnast á eitt atriði enn. Utan nefndar gerði jeg mjer far um að leita upplýsinga um hag bankans.

Eftir því, sem jeg komst næst, verður tap hans — ef honum er nú hjálpað eftir þörfum — hvergi nærri allur varasjóðurinn. Fyrir utan varasjóðinn á bankinn 4½ miljón kr. hlutafje. Þrátt fyrir það koma undirróðursmennirnir utan þings og segja, að ekki megi leggja fje í bankann úr ríkissjóði, nema *rannsókn* fari fram á hag bankans. (*S. E.*: Eins og fór fram í Landsbankanum um árið?) En slík rannsókn, *sem þeir meina*, er einhver sú hættulegasta meðferð, sem hægt er að beita við banka, sem er í þröng. Og auðvitað er stungið upp á því af undirróðursmönnum, til þess að gera bankanum sem örðugast fyrir. Það væri beinasti vegurinn til þess að skapa uppþot og ótta almennings. En setjum nú svo, að undirróðursmennirnir hefðu rjett fyrir sjer, að bankinn ætti ekki fyrir skuldum.

Hvað mundi þá ske? Annaðhvort gæti bankinn að lokum ekki innleyst alla seðla sína, eða hann gæti ekki borgað alt sparisjóðsfjeð.

Og hvernig yrði þá farið að? Ríkissjóður yrði að sjálfsögðu að bera hallann, þó ekki væri nema af praktiskum og siðferðilegum ástæðum. Það mundu öll lönd gera, er svo stæði á.

Um innlausn seðlanna hefi jeg haldið hinu sama fram í ritgerð minni „Bankaseðlar“ 1914.

En ef menn nú eiga við það, að nauðsynlegt sje að rannsaka bankann, til þess að ríkissjóður kaupi ekki köttinn í sekknum, er hann kaupir hina nýju hluti, þá virðist svo umbúið í 5. gr. frv., með skipun nefndar þeirrar, sem þar um ræðir, til að ákveða sannvirði hlutabrjefanna, að ekki eigi miklu að skeika. Og ekki mun sú nefnd ákveða verðið athugunarlaust.

Og svo vill svo vel til, að svo er ákveðið í 7. gr., að hinir „kritisku“ endurskoðendur hljóta að taka til starfa, er lög þessi öðlast gildi, og ættu þeir að geta verið búnir að meta, hversu mikið af lánum bankans eru ótrygg, áður en nefndin ákveður verðið á hlutabrjefunum.

Jeg segi þetta ekki til að andmæla athugun stjórnarinnar, sem felst í tillögum háttv. þm. Snæf. (H. St.) og hv. 2. landsk. þm. (S. E.). Sú athugun gerir engum banka mein og getur engu spilt.

Þó samið sje við Íslandsbanka nú um seðlaútgáfuna, þá getur ekki verið um það að ræða, að hann haldi seðlaútgáfurjettinum áfram eftir 1933. Til þess er hann of mikill „spekulationsbanki“ og til þess hefir hann of mikinn sparisjóð.

Alveg er sama máli að gegna um Landsbankann, hann er líka „spekulationsbanki“

nú orðið, og hefir nú miklu stærri sparisjóð en hinn. Af þessum tveimur ástæðum getur hvorugur bankinn verið seðlabanki framvegis, nema með svo mikilli breytingu á fyrirkomulagi þeirra, að þeir alls ekki mundu vilja vinna fyrir að taka á móti seðlunum. Þess vegna verður framtíðarseðlabanki Íslands að vera sjerstakur banki, og gæti hann vel haft veðdeildina í sambandi við sig, eða hinn fyrirhugaða Ríkisveðbanka, báðum til stuðnings.

Seðlabanki má hvorki vera spekulationsbanki nje reka sparisjóðsviðskifti. Og seðlar hans eiga jafnan að vera innleysanlegir með gullmynt, því það dregur úr hættunni, að gefið sje út of mikið af seðlum, eins og gert hefir verið.

Þó er þetta ekki einhlítt, af því menn hafa aldrei lært að biðja um gull í íslenskum seðlabanka. Það er þá aðeins einhlítt, að seðlabankinn sje skyldur til að *bjóða fram* gull jafnt seðlum, eins og gerist í mörgum löndum. Og það er eina rjetta notkun seðlanna, að láta þá af hendi, er almenningur kýs þá fremur en gull, þæginda vegna. Ef frv. nær fram að ganga óspilt, geri jeg mjer fylstu vonir um, að brátt greiðist úr fjárkreppunni, en það er aðalatriðið.

En eigi fell jeg samt frá þeirri skoðun minni, að bankinn þurfi að komast undir ábyggilegri stjórn og yfirstjórn en verið hefir. Er það skuld þingsins og stjórnarinnar, ef svo verður eigi, eftir að bankinn er kominn undir innlend yfirráð.

Sigurður Eggerz: Jeg verð að játa, að jeg heyrði ekki nema sumt af því, sem háttv. 1. landsk. þm. (S. F.) sagði. En mjer skildist á honum, að bankinn mætti hafa ástæðu til að óttast, að harkalega yrði tekið á honum, ef seðlaútgáfurjetti hans yrði nú ekki skipað til enda tímabilsins. En jeg hygg, að bankinn þurfi ekki að óttast slíkt, þegar landið er orðið stærsti hluthafi bankans, því þá væri það landinu í óhag, ef gert væri við bankann annað en það, sem honum væri hagur í.

Í ræðu háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) kom fátt nýtt fram, en þó gægðist þar fram misskilningur, sem jeg neyðist til að leiðrjetta.

Háttv. þm. (S. H. K.) sagði, að jeg segði, að höfuðstóll landsins, lánstraustið, væri horfinn. Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði hið sama við 1. umr. þessa máls. En jeg sagði aðeins, að þessi höfuðstóll landsins hlyti að vera farinn að rýrna, eftir því að dæma, hvernig með hann hefði verið farið.

Hitt eru aðeins ráðþrotaöfgar, að bera mjer á brýn, að jeg hafi viðhaft ummæli, sem jeg aldrei hefi látið mjer um munn fara. En það dylst engum, eins og jeg hefi margtekið fram, að sterkasta vörnin um þennan dýrmæta höfuðstól var, að lán hefði verið tekið í tíma. Og þó mikið hafi verið vanrækt, þá vona jeg þó, að þjóðin sje enn eigi svo heillum horfin, að enn megi ekki takast að fá lán, en nú veit jeg, að það muni erfitt eða margfalt erfiðara. Frá bankans sjónarmiði er mikill munur á fyrirkomulagi því, sem ráðgert er í frv., og brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Á.) og háttv. 1. landsk. þm. (S. F.). Það er sýnilegt, að samkvæmt brtt., ef hún verður samþykt, þá getur bankinn skapað sjer sjálfdæmi um það, hve mikið hann hafi úti af seðlum, þegar hann á að byrja að draga þá inn.

Háttv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) sagði, að ef brtt. okkar háttv. þm. Snæf. (H. St.) yrði samþ., þá væri sama freisting fyrir bankann til að hafa úti mikið af seðlum. En þetta er ekki rjett, því eftir okkar till. á ekki að skipa seðlaútgáfunni nema til eins árs, og ekkert sagt um, hvernig henni verði skipað framvegis, enda framtíðarseðlaútgáfan þar af leiðandi ekki bundin við það, hvað mikið verður úti af seðlum, að því ári liðnu, en samkv. brtt. hv. 2. þm. Eyf. (E. Á.) og háttv. 1. landsk. þm. (S.

F.), þá er framtíðarseðlaútgáfan bundin við, hvað mikið bankinn má hafa úti af seðlum 1923. (*S. H. K.*: Það er búið að sanna, að þetta er vitleysa). Hvað er sannað? (*S. H. K.*: Það er sannað, að bankanum er það stór kostnaðarauki og óhagur að hafa úti meira af seðlum en hann nauðsynlega þarf). Þetta sýnir, hve háttv. þm. (S. H. K.) yfir höfuð er grunnskreiður í þessu máli. Bankann munar það engu, þótt hann hafi úti 2—3 miljónir kr. meira af seðlum seinasta mánuðinn á undan þeim tíma, sem hámark seðlaútgáfunnar er miðað við. En það nægir til þess að skapa honum aukna seðlaútgáfu, það sem eftir er af einkaleyfistíma hans, og því meira, sem hann bætir við sig seinasta mánuðinn, því meiri verður seðlaútgáfan.

Ef háttv. þm. (S. H. K.) skildi málið, þá mundi hann vera smáyrtari. Það er einfeldnislegt að treysta því, að bankinn hafi ekki meira úti af seðlum en hann nauðsynlega þarf, þegar hann er sjálfur látinn ráða því, hver topppunktur seðlafúlgunnar skuli vera.

Háttv. þm. (S. H. K.) heldur að öðru leyti fast við það, að svona löguð skipun á seðlaútgáfurjettinum til 1933 sje hið eina, sem bjargað geti bankanum. En þetta er marghrakið. Lánstraustið skapast við hlutafjáraukann, en ekki við skipun seðlaútgáfunnar fyrir lengri tíma, enda augljóst, að þegar landið er orðið stærsti hluthafinn, þá gæti það, ef það vildi, breytt seðlaskipun þeirri, sem nú yrði gerð. Svo ekki einu sinni er hægt að segja, að hluthafarnir erlendu hafi nokkra tryggingu fyrir, að sú skipun á seðlaútgáfunni, sem háttv. þingmaður vill flaustra af nú, haldist framvegis.

Háttv. þm. (S. H. K.) finst það einfeldnislegt af mjer að vera á móti stjórninni. Já, sumir telja rjettast að vera með öllum stjórnum, en í þeirra tölu verð jeg ei. En hitt veit háttv. þm. (S. H. K.) nú, að jeg hefi ekki verið að dvelja við ýmsar smáyfirsjónir, sem stjórnin hefir gert, en aðeins vítt hana fyrir stóru syndirnar, eins og þau hin miklu mistök, sem enginn veit enn, hvað miklu valda, að lán var ekki tekið til þess að bjarga landinu úr viðskiftakreppunni.

Þá hjelt háttv. 2. þm. G.-K.(B. K.) afarlangan lestur, og virtist vera að berjast við ósýnilegar verur einhversstaðar úti í bæ, sem hann sagði, að væru að reyna að veita bankanum banatilræði. Jeg læt hann einan um sínar ósýnilegu verur. En jeg verð að segja það, að eigi virðist vera neitt meiri velvilji hjá honum að fornu eða nýju til bankans en hjá okkur, þm. Snæf. (H. St.) og mjer, og jeg get ekki sjeð, að hann sýni á neinn hátt meiri vilja á að koma bankanum í rjett horf heldur en við.

Þá sagði sami háttv. þingmaður, að það væri sama og leggja bankann á höggstokkinn að ákveða ekki seðlaútgáfurjettinn nema til eins árs. (*B. K.*: Ekki sagði jeg nú það). Jeg skrifaði það eftir þingmanninum þegar hann sagði það. (*B. K.*: Jeg sagði, að það væri hægt að leggja bankann á höggstokkinn á næsta ári, ef eigi væri ákveðið um seðlaútgáfurjettinn nema til eins árs). (*S. H. K.*: Alt vitlaust, sem þingmaðurinn fer með). Nú þykir mjer aðstoðarmaður háttv. 2. þm. G.-K. gerast allólmur. En aðalatriðið fyrir bankann er, að ríkið kaupi hlutabrjef í honum, eins og jeg hefi margtekið fram.

Annars er það dálítið broslegt, að það var einmitt hv. 2. þm. G.-K. (B.K.), sem í nefndinni átti fyrstu tillöguna um það að ákveða seðlaútgáfurjettinn aðeins til eins árs. (*S. H. K.*: Ósatt, það var enginn ákveðinn). Er það jeg eða 2. þm. Sunnmýlinga, sem hefir orðið? (*S. H. K.*: Jeg tala þegar farið er með bein ósannindi).

(*Forseti* hringir). Jeg kalla nefndina til vitnis um það, hvort jeg segi ekki satt, og það er ekki *jeg*, sem er vanur að fara með ósannindi. (*S. H: K.*: Ekki jeg heldur, eða vill hv. þm. beina því til mín?). Jeg er ekkert hræddur við hávaðann í 2. þm. Sunnmýlinga. (*S. H. K.*: Ó, ekki jeg heldur við háttv. 2. landsk. þm.). (*Forseti* hringir: Jeg slít fundi, ef menn tala svona saman, þangað til mönnum verður rórra í skapi).

Jeg veit ekki, hvað sagt er úti í bæ, eins og háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.), um það, hvernig haga skuli rannsókn á bankanum, en jeg hefi einungis haldið því fram, að fara ætti fram athugun á hag bankans, til þess að hægt sje að meta verðmæti hlutanna. En ef fara ætti fram rannsókn á honum, eins og Landsbankanum forðum, teldi jeg alveg ósæmilegt, því að sú rannsókn var ranglát og hefði getað orðið bankanum hættuleg, ef hann hefði ekki áður staðið á föstum fótum, vegna þess hve gætilega honum hafði verið stjórnað. Enda sýndi sig, að lítið varð úr því tapi, sem verið var að hrópa upp með. Mjer dettur ekki í hug að ætlast til, að slík rannsókn fari fram á Íslandsbanka. En kannske þm. G.-K. (B. K.) viti eitthvað um það, hverjir hafa staðið á bak við gömlu rannsóknina. (*B. K.*: Þeir sömu, sem vilja láta þessa rannsókn fara fram).

Þá hjelt háttv. þm. (B. K.) því fram, að hin endanlega skipun á seðlaútgáfurjettinum væri aðalráðið til þess að leysa bankann úr kreppunni. En jeg hefi margtekið fram, að jeg tel það aukaatriði, en hlutafjárkaupin í bankanum sjeu aðalatriðið til þess að rjetta bankann við. Og þá fyrst, þegar þau eru gerð, sje ástæða til þess að tala um, hvernig skipa eigi seðlaútgáfurjettinum endanlega.

Þá spurði þingmaðurinn, hverjir ættu að borga þær 34 miljónir, sem einstakir menn skulduðu bankanum. Jeg veit ekki, hvernig hann spyr. Heldur hann að nokkrir aðrir eigi að borga þær heldur en þeir sjálfir, sem skulda? Því að það hefir aldrei verið meining vor að leysa menn frá skuldum þeirra, enda væri það skárra glapræðið.

Ef nú okkar fyrirkomulag, háttv. þm. Snæf. (H. St.) og mitt, verður ekki samþykt, þá berum við enga ábyrgð á því, þótt ekki rakni úr fjárkreppunni. En ef brtt. okkar verða samþyktar, þá er það trygt, að þetta frv. kemst í gegnum þingið. En eins og frv. er nú, mun það fá þungan andblástur.

Annars vildi jeg láta skipa milliþinganefnd, til þess að athuga öll bankamálin, og að hún fengi sjer svo erlendan sjerfræðing til aðstoðar, því að okkur vantar slíkan mann. Væri þetta stórnauðsynlegt, til þess að koma góðu skipulagi á bankamál vor.

Jeg skal svo að lokum taka það fram, að jeg tel hlutafjárkaupin, ef þau fara fram með fullri forsjálni, stórt sjálfstæðismál, sem allir skyldu vara sig að spyrna á móti.

Halldór Steinsson: Aðeins örfá orð, til þess að svara háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.).

Hann vildi halda því fram, að þingið, og sjerstaklega peningamálanefndin, hefði orðið fyrir utanaðkomandi áhrifum og ljeti stjórnast af þeim. Þetta eru óviðeigandi ummæli, og leyfi jeg mjer því að vísa þessum aðdróttunum heim, bæði fyrir mína hönd og nefndarinnar. Það getur vel verið, að hann hafi fundið sjálfan sig veikan fyrir slíkum áhrifum, en það var ekki sæmilegt að vera að opinbera sig hjer, og því síður að drótta því að öðrum.

Háttv. þm. (B. K.) sagði, að það væri með hag bankans fyrir augum að ákveða seðlaútgáfurjettinn til svona langs tíma. En jeg vil nú spyrja: Er það að hafa hag

bankans fyrir augum, að sleppa öllu, ef ekki verður af kaupunum?

Þá sagði og háttv. þingmaður, að það væri að setja bankann á höggstokkinn, að ákveða seðlaútgáfurjettinn aðeins til eins árs. Slíkt er tæplega hugsanlegt að geti átt sjer stað, þegar bankinn er orðinn innlend stofnun, að þingið fari þá að leggjast á sitt eigið afkvæmi, og hefi jeg aldrei heyrt jafnmiklu vantrausti lýst á þinginu, að halda að það fari að leggjast á sína eigin stofnun og eyðileggja hana. Jeg vona því, að hv. þm. G.-K. (B. K.) sje einn um þá skoðun.

Þá sagði þingmaðurinn, að peningamálanefndin hefði sofið í 7 vikur, og undantók þar engan. Þó hefir hann varla búið þetta frv. til sofandi. En raunar hefi jeg heyrt, að menn geti í dáleiðslu eða sofandi ástandi skrifað ýmislegt, og sje þetta frv. þannig til orðið, þá skal mig eigi undra, þó að á því sjeu ýmsir annmarkar.

En ef menn líta á brtt. okkar með opnum en ekki sofandi augum, þá hljóta allir að sjá, að þær miða að því að efla hag bankans, og landsins um leið.

Björn Kristjánsson: Jeg ætlaði ekki að taka frekar til máls að þessu sinni, en það voru orð háttv. þm. Snæf. (H. St.) í dag, sem koma mjer til þess.

Út af þeim ákvæðum 6. gr., að hafa tvo menn til eftirlits með stjórn og rekstri bankans, sagði háttv. þm., að bankinn hefði nú yfirstjórn, sem ekki þyrfti að styrkja.

Jeg skal taka það fram að jeg og flm. frv. álitum, að nauðsynlegt væri að hafa þannig lagaða endurskoðendur í bankanum. Þetta er því orsök þess, að þetta ákvæði komst inn í frv. Og stakk jeg sjálfur upp á að hafa þannig lagaða „kritisk Revision" við Landsbankann, er jeg var þar bankastjóri.

Þá þótti honum óhæfilegt, að sameinað Alþingi ætti að kjósa þessa menn. En jeg teldi, að það væri ekki heppilegra að stjórnin ætti að skipa þá. Vel getur verið um aðra heppilegri leið að ræða, en hann sýndi ekki fram á hana.

Þá þótti honum óheppilegt, að þessir menn væru launaðir af bankanum. Jeg fyrir mitt leyti teldi heppilegra, að þeir væru launaðir af ríkissjóði, en af hlíf við ríkissjóð vildum við ekki setja þetta ákvæði inn í frv., og skyldi jeg því vera fyrstur manna til þess að gangast inn á þetta, ef háttv. þingmaður vill koma með brtt. um það.

Ennfremur þótti háttv. þm. (H. St.), að það hefði verið óhæfa að segja, að peningamálanefndin hefði sofið í 7 vikur. Þó nú þetta þyki hart, þá er það samt satt, því að við komum saman nær því á hverjum degi og gerðum ekkert, og því líkt ósamkomulag hefi jeg aldrei þekt, síðan jeg kom á þing.

Hvað snertir áhrifin utan þings á þingmennina, þá skal jeg algerlega undanskilja hv. þm. Snæf. (H. St.). En allir þingmenn eru ekki þannig settir.

Þá talaði hann um, að við hefðum ekki haft hag bankans fyrir augum, er við sömdum frv., því að ef frv. yrði samþykt, þá misti bankinn seðlaútgáfurjettinn. En slíkt liggur við borð, hvort sem er. Er þá eigi annað fyrir stjórnina en að gefa út bráðabirgðalög, einmitt eins og þessir hv. þingmenn vilja nú. Það ætti því ekki að vera mikill vandi fyrir stjórnina. Jeg skal taka það fram, að jeg hefi alls ekki vantraust á þinginu sem heild, heldur á einstöku mönnum, því að menn eru altaf misjafnlega sjálfstæðir. Og fyrir því er svo komið í þetta sinn, að þetta mál málanna

er ekki komið lengra, og engin vissa er fyrir því, að það komist nokkurntíma í viðunandi mynd út úr þinginu.

Jeg þarf ekki að svara neinu verulegu í ræðu háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), því að hann kom ekki með nein rök á móti því, sem jeg sagði. En jeg vil aðeins svara því, sem hann skaut að mjer og vildi láta deildina skilja, að jeg hefði staðið á bak við þá rannsókn, sem gerð var á Landsbankanum 1909. En því er þar til að svara, að það eru *þeir sömu menn, sem standa á bak við þetta mál* og stóðu á bak við rannsóknina þá; hafa þeir gert sjer það að pólitískri starfsemi að hafa miður góð áhrif á bankamál landsins.

Jeg átti engan þátt í því.

Jeg sagði við 1. umr. um frv. þetta, að jeg byggist ekki við, að nein sú brtt. kæmi fram við það, sem til bóta væri. Þó mun jeg geta sætt mig við brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.). Tel hana vera til lítilla skemda. Líka mun jeg nokkurnveginn geta sætt mig við brtt. á þskj. 501, þótt jeg álíti hana ekki til bóta, hvorki fyrir bankann eða þjóðina.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg get tekið undir með háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) um það, að ekki er ástæða til að svara miklu þeim rökum, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) bar fram. Þar sem það er hjer aðalatriðið, að ef nú er ekki samið um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar fyrir allan leyfistímann, þá þarf ekki aðeins að leggja fram fje til þess að eignast meiri hlutann í bankanum, heldur er hætt við að landið þurfi líka að standa straum af rekstrarfje handa honum. Og jeg er ekki viss um, að landið væri viðbúið því. Og þessi sami háttv. þm. (S. E.) hefir nú haldið því mjög fram, að lánstraust landsins væri skert orðið, og ætti hann því fremur að fallast á rök mín. Hins vegar vil jeg ekki, að hann sje að reyna að koma á mig ábyrgð á þeim brtt., sem jeg hefi talað um hjer og mælt í móti.

Annars skal jeg virða þessum háttv. þm. (S. E.) það til vorkunnar, þótt hann væri nokkuð æstur í dag. Þeir atburðir voru að gerast í háttv. Nd., sem hafa haft miður holl áhrif á skapsmuni hans. Það er nú bráðum komið að þinglausnum, og þáttv. þingmaður verður nú að líta yfir þessa vertíð sína, og sjá! hann hefir aflað lítið. Hann hefir róið alla vertíðina og aldrei fengið einn í hlut, og því hefir nú farið sem farið hefir.

Guðmundur Björnson: Herra forseti! Það er svo ástatt, eins og háttv. þdm. er kunnugt, að jeg hefi átt sæti í bankaráði Íslandsbanka síðan í sumar sem leið. Nú hefir oft verið haft orð á því, að þeir menn, sem Alþingi hefir kosið í þetta bankaráð, hafi starfað lítið þar, og jafnvel hafa nú hjer fallið orð um það, hve lítið þeir láti til sín taka. Jeg hefi nú ekki kvatt mjer hljóðs til þess að bera neitt af mjer um þetta. Þó vil jeg leyfa mjer að segja það, að jeg hefi gert mjer fult far um að kynna mjer alla hagi bankans, bæði út á við og inn á við. Höfum við bankaráðsmenn haldið til þessa marga fundi einir, og líka fundi með bankastjórunum. Okkur er því allvel kunnugt um hag bankans.

Okkur var það ljóst í vetur, að eitthvað þurfti að gera, til þess að koma bankanum á rjettan kjöl aftur. Kom þá þegar til umræðu, og einkum frá bankans hálfu, að skipa þyrfti seðlaútgáfunni endanlega og varanlega. En jeg var þá þegar í vafa um, hvort það væri eina færa leiðin, eða hvort aðrar kynnu að finnast betri. Og síðan smáþroskaðist sú skoðun með mjer, að besta leiðin út úr kreppunni væri sú, að landið yki hlutafje bankans svo, að hann væri um leið gerður að íslenskri stofnun. Þess vegna er jeg þakklátur

þeim háttv. átta þm., sem flutt hafa þetta frv., því að það eitt, af þeim þremur frv., sem fram hafa komið, felur í sjer þetta þjóðráð.

Jeg tel skyldu mína að geta þess, að jeg hefi átt tal við þann bankastjórann, sem elstur er, og hefir hann talið, og vafalaust með rjettu, að bankinn hafi orðið fyrir mjög röngum dómum í sumum blöðunum, og jeg verð að segja það, eftir kunnugleika mínum tel jeg það öldungis víst, að bankinn eigi vel fyrir öllum skuldum, sje „solvent", sem svo er nefnt.

Þegar jeg minnist á hlutafjárkaupin, þá eru einkum tvö atriði, sem jeg vildi ræða um. Annað er það, að sumir hafa borið brigður á, hvort unt mundi að útvega svo mikið fje, sem til þess þarf, en það eru 4½—5 milj. kr. Um þetta vil jeg geta þess, að jeg hefi átt tal við hæstvirta landsstjórn, og samkvæmt því viðtali tel jeg alveg óhætt að treysta þeirri stjórn, sem nú situr, til að útvega fjeð.

Annað er það, að nokkrir hafa dregið í efa, að hluthafar mundu ganga að hlutakaupum ríkisins. Jeg verð nú að leyfa mjer að telja þetta hreinustu fjarstæðu. Til þess að sjá það þurfa menn hvorki að vera kaupmenn nje bankafróðir. Það liggur í augum uppi, að þegar gömlu hlutafjelagi, sem ekki er þá því betur statt, er boðin slík þátttaka, þá er það sú besta traustsyfirlýsing, sem fyrirtækið getur fengið. Þetta veldur því, að gömlu hlutirnir hljóta að stíga í verði. Jeg er því viss um, að hluthafarnir hljóta að taka þessu tilboði með gleði. Það er *þeirra* hagur líka, og svo er jafnan, þegar ný hlutaka er boðin fram í gömlum fjelögum, þá er meira að segja oft svo erlendis, að nýju hluthafarnir fá nokkuð af gömlu brjefunum ókeypis. Svo mikilsverð er hin nýja hluttaka talin. Þetta vita efalaust ýmsir háttv. þdm., þótt enginn hafi minst á það.

Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að sagt hefir verið, að hlutabrjef Íslandsbanka væru nú boðin úti í Kaupmannahöfn fyrir 70 af hundraði. Nú hefi jeg fengið áreiðanlega vissu fyrir því, að þetta er aðeins örlítið hrafl af brjefum, sem boðin eru fram. Langmestur hluti brjefanna liggur óhreyfður, og brjefin eru víst alls ekki föl fyrir minna en „pari". Og jeg efast mjög um, að þau sjeu föl hjá sumum, þótt jafnvirði sje í boði.

Þá er hitt meginatriði frv. Það er skipun seðlaútgáfunnar. Jeg verð að segja það, að mjer virðist mjög vandasamt verk að ganga frá því til langs tíma, eða svo, að til frambúðar megi verða. Virðist mjer allmikil tvísýna á, að það megi takast á þessu þingi, þar sem nú er orðið svo áliðið þingtímans. Og jeg er sannfærður um, að bankinn kemst á rjettan kjöl aftur, ef hlutakaupin takast, og þess vegna tel jeg óhætt að láta hitt bíða. Það er engin ástæða fyrir bankann að tortryggja þing nje stjórn.

Hvað hefi jeg fyrir mjer í því? Jeg hefi það fyrir mjer, að bankinn hefir nú ár eftir ár orðið að leita til þings og stjórnar um aukna seðlaútgáfu, og hefir honum aldrei verið neitað. Og honum hefir ekki verið neitað um þetta, því að það hefði verið sama og að gera þjóðinni tjón. Þess vegna hefir Íslandsbanki enga ástæðu til að rengja þing og stjórn í þessu efni, og það því síður hjer eftir, ef hlutakaupin takast.

Þá minnist jeg og í þessu sambandi orða háttv. sessunautar míns (B. K.) um það, hvað ætti að verða um seðlaútgáfuna, þegar Íslandsbanki fer að draga inn seðla sína. Hann efast um það, og jeg líka, að seðlaútgáfan væri betur komin í höndum þeirra banka, sem nú eru, annars eða beggja, heldur en í höndum landsins sjálfs. Væri þá ef til vill besta úrræðið að stofna

sjerstakan banka, til þess að fara með seðlaútgáfuna.

Jeg bið hina háttv. átta flm. frv. að virða mjer til vorkunnar, þótt jeg sjái þessi vandkvæði á að skipa seðlaútgáfunni til frambúðar nú þegar. Mun jeg því naumast greiða atkv. með frv. óbreyttu, enda er jeg sannfærður um það, að bankanum er það enginn hnekkir, þótt seðlaútgáfunni sje óskipað til næsta þings, ef hlutafjárkaupin takast.

Þá er enn ein hlið þessa máls, sem jeg vildi minnast á. Það er pólitíska hliðin. Það er nú enginn leyndardómur, að Landsbankinn hefir alla tíð legið undir því ámæli, að hann væri pólitískur banki. Og því verður ekki neitað, að svo hafi sýnst. Því segi jeg: Vörum okkur, ef hjer kemur annar ríkisbanki, að hann verði ekki líka pólitísk stofnun. Þar sje jeg hættu, og fyrir því vildi jeg vekja máls á einu atriði, sem aðrir hafa ekki minst á, og það er, hvort ekki væri rjett að selja aftur síðar hlutabrjef ríkisins í Íslandsbanka. Auðvitað mætti aðeins selja þau íslenskum mönnum og með tryggingu fyrir því, að þau gengju ekki út úr landinu, líkt og er um Eimskipafjelag Íslands. Gæti jafnvel komið til mála að gera Landsbankann líka að hlutabanka. Það eitt hygg jeg mundu geta losað bankann undan pólitískum áhrifum.

Við höfum gert of mikið að því að tala um þennan eina banka, en höfum ekki tekið fyrir bankamál landsins öll. Þau eru ekki nærri nógu vel athuguð. Þess vegna hygg jeg langbest að láta það bíða, sem þolir bið, og gera nú enga lokaráðstöfun. Mjer dettur í hug, að best myndi að skipa milliþinganefnd, til þess að rannsaka málið og hafa það tilbúið fyrir næsta Alþingi. En jeg vil ekki láta skipa hana á venjulegan hátt, heldur svo, að Búnaðarfjelagið tilnefni einn mann, útgerðarmenn einn, Kaupmannaráðið einn og Samvinnufjelögin einn, en landsstjórnin skipi einn, sem sje formaður nefndarinnar. Ætti sú nefnd auk þess að hafa heimild til að ráða í sína þjónustu vel æfðan og færan erlendan bankamann. Síðan kæmi hún með tillögur sínar, og hefði þær tilbúnar fyrir næsta þing.

Sigurður Eggerz: Jeg er þakklátur hæstv. forseta (G. B.) fyrir margt, sem hann lagði til þessa máls. Jeg vil minna á það, að jeg sló fram í dag till. um skipun nefndar, en jeg gerði enga tillögu um það, hvernig nefndin skyldi skipuð, en það hefir hæstv. forseti gert. Þó vil jeg geta þess, að jeg mundi láta nefndina fá aðstoð sjerfræðinga, ef jeg mætti ráða.

Jeg þarf ekki mörg orð til þess að svara háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) og hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.). Þeir sýndu röksemdaþrot sín með því að segja, að ræða mín hefði ekki verið svara verð. Sannleikurinn er sá, að mín rök hafa orðið þeim of þung.

Hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) var að vorkenna mjer, að jeg hefði verið æstur út af till., sem var til umr. í hv. Nd. Jeg hafði nú enga hugmynd um, hvernig það fór, fyr en eftir að jeg talaði. Og um vertíðarhjal hans er það eitt að segja, að jeg hefi aldrei komið til þings til þess að draga hlut frá borði.

Hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) kvaðst engan þátt hafa átt í bankarannsókninni 1909. Þeir trúa því sjálfsagt, sem trúa vilja.

ATKVGR.

Brtt. 451,1.a. samþ. með 10 : 3 atkv.

— 451,1.b. samþ. með 8 : 3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 451,2 feld með 9 : 5 atkv.

— 501,a.—b. samþ. með 8 : 2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 : 1 atkv.

Brtt. 451,3 feld með 9 : 1 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 452 tekin aftur.
— 453 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 451,4 feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., H. St., H. Sn., K. E., S. E., G. B.
nei: G. G., G. Ó., Jóh. Jóh., S. H. K., S. J., S. F., B. K., E. Á.

6. gr. samþ. með 8 : 6 atkv.

Brtt. 451,5.—6. teknar aftur.

7.—9. gr. samþ. með 9 : 2 atkv.

Brtt. 451,7 tekin aftur.

10 gr. samþ. með 10 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 513, 532).

Brtt. 532 var of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Halldór Steinsson:. Jeg þóttist hafa gert ítarlega grein fyrir skoðun minni á 6. gr. þessa frv. við 2. umr. málsins, og fyrir því tel jeg óþarfa að fara mörgum orðum um brtt. mína og háttv. 1. landsk. þm. (S. F.) á þskj. 532.

Jeg sagði þá, að jeg teldi þessa endurskoðun óþarfa, því þegar bankinn væri orðinn eign ríkisins gæti ríkisstjórnin orðið mestu ráðandi um stjórn hans. En til þess að kveða skýrt á um þetta, þá hefi jeg, ásamt 1. landsk. þm. (S. F.), komið með áðurgreinda brtt., um að ríkisstjórnin skipi tvo af þremur bankastjórum bankans. Jeg vænti því, að þessi brtt. fái góðar undirtektir. Og skal svo geta þess, að ef þessi brtt. verður samþ., þá er aðeins eftir einn agnúi á þessu frv., og hann er hin endanlega ákvörðun um seðlaútgáfuna.

En þrátt fyrir þennan agnúa vildi jeg leggja til, að þetta frumvarp yrði nú samþ. eins og það nú verður með brtt.

Að endingu skal jeg svo geta þess, að jeg er samþykkur þeim, sem stungið hafa upp á því að skipa nefnd, sem svo tæki sjer sjerfræðing til aðstoðar, til þess að athuga öll bankamálin í heild sinni. Og sje þetta gert, þá lít jeg svo á, að þingið gerði skyldu sína í bankamálunum, þar sem það hjálpaði bankanum fram úr mestu vandræðunum, og gerði jafnframt gangskör að því, að bankamálunum í heild sinni yrði í náinni framtíð skipað í sæmilegt horf. Gæti þá enginn með sanngirni legið því á hálsi fyrir slælegar aðgerðir í þessu efni.

Sigurður Eggerz: Eins og jeg hefi áður sagt, þá legg jeg aðalhersluna á hlutafjárkaup ríkisins í bankanum, til þess, að landið nái á þann hátt yfirráðum yfir honum, og hefi jeg áður rökstutt þetta ítarlega.

Um hitt atriðið, að skipa seðlaútgáfunni endanlega, hefi jeg margtekið fram, að jeg væri á móti, því jeg tel heppilegra, að það sje gert þegar bankinn er orðinn eign landsins. En þrátt fyrir þennan agnúa, mun jeg greiða atkvæði með frv. til Nd., í þeirri von, að það verði lagfært þar, og ef svo heppilega tekst, að háttv.

Nd. lagfæri frv. í þá átt, sem jeg óska, þá þykist jeg nú mega vera viss um, að það verði frv. ekki að falli hjer.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg ætla með nokkrum orðum að gera grein fyrir brtt. á þskj. 532. Jeg leit svo á, að endurskoðendurnir væru nauðsynlegir til þess að benda ríkisstjórninni á misfellur, sem fyrir gætu komið, svo hún gæti þá gripið í taumana, ef henni sýndist. En ef ákveðið verður, að ríkisstjórnin skipi tvo af þremur bankastjórum bankans, þá fellur þörfin á endurskoðendunum að mestu eða öllu leyti niður. Jeg tel það líka galla, að fara að stofna þarna tvö ný embætti, hliðstæð bankastjórastöðunum, ef komist verður hjá að álíta það brýna nauðsyn, enda ekki laust við, að það líti svo út, sem þessir menn væru settir til höfuðs bankastjórninni.

Ennfremur vil jeg benda á, að næsta þing muni að líkindum gera nýja ráðstöfun um bankaráðið, sem menn hafa verið óánægðir með, og gæti þetta þá, þ. e. endurskoðendurnir, komið aftur til athugunar.

Svo skal jeg taka það fram, viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði um endanlega ákvörðun á seðlaútgáfunni, að engin ákvörðun er um það gerð í frv., hvað gera eigi við seðlana, sem Íslandsbanki skilar.

Að endingu skal jeg lýsa ánægju minni yfir því, að hv. 2. landsk. þm. (S. E.) skuli ætla að vera með frv., og tel jeg það deildinni til mikils sóma, ef hún afgreiðir það með öllum greiddum atkvæðum.

ATKVGR.

Brtt. 532,2. samþ. með 12 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., G. Guðf., G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., S. E., S. J., S. F., E. Á., G. B.

nei: S. H. K., B. K.

Brtt. 532,1. þar með talin samþ.

Frv., svo breytt, samþ. í einu hljóði með atkv. allra deildarmanna og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 541).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að þessu frv. og frv. um seðlaútgáfurjett o. fl. verði vísað umræðulaust til 2. umr.

Tel jeg ástæðulaust, að málið fari í nefnd, því að það tefur tímann, en nú mjög að þingslitum liðið. Munu frv. þessi geta komið til 2. umr. á laugardaginn, því fjvn. mun tæpast hafa fjárlögin þá tilbúin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 541, 597, 617, 628).

Magnús Kristjánsson: Þegar frv. á þskj. 520 var hjer til 2. umr., urðu undir-

tektir ekki sem skyldi, eða eins og hefði mátt búast við, að þær yrðu. Þess vegna berum við flm. þess frv. fram brtt. á þskj. 617 við þetta frv., sem hjer liggur fyrir.

Það er ekki meining mín að ræða málið ítarlega nú, því það hefir þegar verið gert, en aðeins minnast á brtt. og þau atriði, sem standa í nánu sambandi við þær. En jeg get ekki komist hjá að minnast lítillega á þær tvær stefnur, sem koma fram í þessum tveim frv., á þskj. 520 og 541.

Úr því það lítur út fyrir, að hv. deild geti ekki fallist á frv. á þskj. 520, sem hún þó verður að játa, að sje það besta, sem komið hefir fram í málinu, þá finnum við flm. frv. okkur knúða til þess að koma fram með brtt. á þskj. 617.

Við 2. gr. frv. viljum við gera þá breytingu, að í stað þess að frv. gerir ráð fyrir, að seðlainnlausn Íslandsbanka verði jafnhá upphæð á ári hverju, frá 1. maí 1922 til loka leyfistímans, leggjum við til, að hún verði ein miljón á ári fyrstu árin, en fari síðan lækkandi þannig, að allir seðlarnir verði innleystir fyrir lok leyfistímans.

B.-lið brtt. þarf ekki að skýra; það er svo sjálfsagt, að seðlarnir gangi til þjóðbankans, að um það geta engar deilur orðið. —

Þá er brtt. við 5. gr. frv. Þar kemur fram sá stefnumunur, sem áður hefir verið minst á. Í Ed.-frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin skuli, eins fljótt og verða má, kaupa hluti í Íslandsbanka, þannig, að hlutafje bankans aukist um 100%. Við álítum aftur á móti heppilegra, ef nauðsynlegt er að hjálpa honum, að gera það þá með því, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir bankann, eða láni honum fje, þannig, að ríkið veiti honum annaðhvort ábyrgð á 6 miljónum eða 5 milj. kr. lán. En með því er ekki afráðið, að ríkið kaupi hluti í bankanum. Við álítum þetta bæði svo stórvægilegt og afdrifaríkt mál, að það sje óverjandi að hrapa að því á nokkurn hátt.

Þó að við fjellum frá aðalbreytingunni í 1. grein frv. á þskj. 520, þá höldum við fast við, að þessar brtt. eigi fram að ganga. Og jeg get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að jeg get tæplega greitt frv. atkvæði, ef þessar brtt. verða ekki samþyktar.

3. og 4. brtt. eru afleiðingar af hinum fyrri, og þarf ekki að orðlengja um þær.

Hjer liggja fyrir fleiri brtt. Fyrst á þskj. 597 frá 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Eina af þeim, 4. brtt., get jeg aðhylst. Hinar tel jeg muni fremur spilla frv. heldur en bæta það.

Þá eru brtt. á þskj. 628; um þær er ekki annað að segja en það, að hv. flutningsmenn virðast ekki hafa hugsað málið nógu rækilega. Jeg get ekki sjeð, að brtt. eigi við frv., en því kynni að mega breyta svo fyrir 3. umr., að hægt verði að fallast á þær.

Jeg get ekki fallist á, að 6. gr. falli burt, ef frv. á að ganga fram.

Þá verð jeg lítillega að minnast á stefnumuninn, sem kemur fram í frumvörpunum.

Háttv. Ed. álítur, að mest ríði á, að landið taki Íslandsbanka á sína arma og bjargi honum út úr vandræðunum á þann hátt. Það lítur út fyrir, að sumir hv. þm. sjeu haldnir af einhverjum ótta fyrir því, að annars verði bankinn að hætta störfum sínum. Þetta hlýtur að stafa af því, að þeir hafi ekki rannsakað málið niður í kjölinn.

Jeg játa það, að það væri óheppilegt, ef Íslandsbanki hætti starfsemi sinni. En alt má kaupa of dýru verði. Jeg álít, að ríkið taki of miklar skuldbindingar á sig, ef frv. er samþ. Að kaupa hluti tel jeg óframkvæmanlega leið, meðan ekki hefir verið rannsakað ástand bankans til hlítar. En að lána gegn hæfilegum tryggingum, hygg

jeg ekki eins hættulegt. Þetta er aðalskoðanamunurinn.

Þá er hitt, að hvað sem við leggjum í sölurnar til þess að koma Íslandsbanka í viðunanlegt ásigkomulag, þá verður það á kostnað Landsbankans. Því eftir því sem ríkið tekur á sig meiri skuldbindingar hans vegna, eftir því dregur meira úr vexti og viðgangi þjóðbankans. Jeg held, að með því, sem verið er að gera í þessu máli hjer á þingi, þá verði það alment álit landsmanna, að of langt sje gengið í því að hlynna að Íslandsbanka, en Landsbankinn sje látinn sitja á hakanum.

Okkur finst ekki vera rjett að veita Íslandsbanka hlunnindi á hlunnindi ofan fyrir nálega ekkert, eða að veita honum seðlaútgáfurjettinn fyrir sama gjald og upphaflega. Það er ekkert undarlegt, þó bankanum hafi verið veitt upphaflega sæmileg kjör, þegar tekið er tillit til þess, hverjar vonir menn gerðu sjer um starfsemi hans. Það sjest af inngangi laganna 1905 um stofnun Íslandsbanka, að menn gerðu sjer mjög glæsilegar vonir um hann, en því miður hafa þær vonir brostið. En nú, þegar þessar vonir eru allar þrotnar, þá er það sjerstaklega varhugavert að veita bankanum mikil hlunnindi, án þess nokkuð verulegt komi á móti, og veita seðlaútgáfurjettinn fyrir óhæfilega lágt gjald. Og það er mjög einkennilegt og varhugavert að verðlauna bankann fyrir frammistöðu hans.

Þá er aðeins eitt atriði enn, sem virðist ekki nógu athugað í Ed.-frv. 2. málsgrein 2. gr. hljóðar svo:

„Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkissjóðs, og skal fyrir 1. júní 1922 ákveðið með lögum, hversu seðlaútgáfu þessari skuli komið fyrir framvegis".

Jeg vil biðja hæstv. fjrh. (M. G.) að skýra frá því, hvort bankinn eigi að hafa ótakmarkaðan seðlaútgáfurjett áfram, eða hvort á að miða við seðlaupphæð þá, sem í umferð verður 1. maí 1922.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara lengra að svo komnu út í málið.

Eiríkur Einarsson: Það er nú fyrirsjáanlegt, hvern rekspöl þetta mál ætlar að taka, og er nú það frv., er síður skyldi, komið fram fyrir hitt, er betra var og ættað hjeðan úr háttv. deild. En um það er ekki að fást. En til þess að færa málið í svo gott horf, sem unt er, vildi jeg og annar háttv. þingmaður gera okkar til, og bárum við því fram brtt. á þskj. 628, er lýtur að því að koma inn í frv. ýmsu af því skársta, er fram hafði komið áður í málinu, en þetta Ed.-frv. ekki borið gæfu til að fylgja á eftir. Einnig eru hjer brtt. viðvíkjandi bráðabirgðaskipun á seðlaútgáfunni, er jeg hefi fyr rætt um. Með því að við flutningsmennirnir höfum hugsað okkur að láta brtt. þessar bíða 3. umræðu og koma þá fyrst til atkv., þykir mjer óþarft að ræða þær nú, en skýra þær betur þá, er einnig verður sjeð, hvernig málið skilst við þessa 2. umræðu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi aðeins skýra frá því í fám orðum, hversvegna jeg hefi talað svo lítið um þetta frv. Það var nefnilega samkomulag um það í ráðuneytinu, að hæstv. fjrh. (M. G.) talaði fyrir hönd ráðuneytisins alls í máli þessu, og með því að enginn ágreiningur er um málið í ráðuneytinu, hefir oss þótt nægja, að einn tali fyrir þess hönd.

Jeg veit, að flestir háttv. þm. líta svo á, að rjett sje, bæði landsins vegna og einnig til gagns fyrir Íslandsbanka, að samkomulag verði, bæði innan þessarar háttv. deildar og einnig við háttv. Ed., og vil jeg því vona, að menn geti sveigt svo til, að samkomulag verði.

Jakob Möller*) : Jég get ekki sjeð annað en að háttv. Ed. hafi skipað seðlaútgáfunni til bráðabirgða, og það gerir frv. líka. En þar er ákveðið, að Íslandsbanki afhendi seðlaútgáfuna í hendur ríkisins fyrir það tímabil, sem eftir er. Þetta fer því ekki langt frá því, sem meiri hl. nefndarinnar hafði hugsað sjer.

Það fer þó betur á því, eins og ætlast er til í brtt. minni, að afhendingin fari fyrst fram. Hitt eru alveg aukaatriði og verða ekki framkvæmd, nema bankinn verði algerlega einstakra manna eign, og seðlaútgáfan þá að sjálfsögðu engin hjá honum, því hún hyrfi þá til ríkisins.

Önnur brtt. fellir niður aðra grein, en tekur hana að vísu upp aftur í síðustu brtt. Þriðja grein er feld niður.

Það skiftir litlu máli, hvort hún er eða ekki. Brtt. er að vísu ómerkileg, en hún leggur þó til, að bankinn greiði 2% í stað 1% af ómálmtrygðum seðlum. Þetta er auðvitað heppilegra að því leyti, að það er tekjudrýgra fyrir ríkið.

Það mætti minnast á það, hvernig skilja ætti 4. gr. frv. Því svo mætti skilja hana, að bankinn megi ekki tryggja nema 33% af seðlum sínum.

Jeg lít svo á, að greiða beri þetta umtalaða gjald af þeim hluta seðlanna, sem ógulltrygður er. Það væri líka rangt að fara að stemma stigu fyrir því, að bankinn trygði seðla sína, ef hann hefir ráð á því. Annars væri æskilegt að fá upplýsingar um þetta.

Hvað snertir 5. brtt., þá er áskilið í 5. gr. frv., að fram megi fara endanlegt mat á hlutabrjefum eftir 2 ár. Þessi frestur er ekki nærri nógu langur.

Jeg vík þá dálítið að öðrum brtt. Það er þá brtt. á þskj. 617. Jeg greiði ekki atkv. með þeim, þó þær sjeu fram bornar af flm. nýja frv., þá eru þær bygðar á þeim grundvelli, að jeg tel þær ekki til bóta.

Brtt. á þskj. 628 eru þannig gerðar, að ómögulegt er að samþykkja þær. (*Forseti*: Þær voru teknar aftur til 3. umr.).

Það væri ekki illa viðeigandi að benda flm. á, hvernig þær koma heim við frv. Það á að lána Landsbankanum 3 miljónir í seðlum, og þó eigi sjáanlegt, að dragast eigi af seðlum Íslandsbanka.

Sveinn Ólafsson: Mjer hefir skilist, að það væru aðallega tvö atriði, sem væru mikilsvarðandi í þessu máli. Í fyrsta lagi að koma Íslandsbanka á skrið, eða í starfhæft ástand, t. d. með láni eða ábyrgð fyrir láni, svo hann geti leyst af hendi ætlunarverk sitt. Og í öðru lagi að ná seðlaútgáfunni í hendur ríkisins, að svo miklu leyti sem hagfelt er að svo stöddu.

Jeg hefi ekki fundið nein stór atriði önnur; hitt eru aukaatriði, í samanburði við þessi tvö.

Til þess að ná þessum tvöfalda tilgangi, bárum við 3 fram frv. á þskj. 520. En það lítur nú ekki út fyrir, að háttv. Nd., og því síður háttv. Ed., geti felt sig við það, En til þess að þetta gæti skipast skaplega og sem greiðast, þá kom okkur saman um að geyma okkar frv. frá 2. umr. og koma fram með brtt. á þskj. 617 við frv. Ed., og hefir frsm. (M. K.) talað fyrir þeim ljóslega og sýnt fram á nauðsyn þeirra. Verði þessar till. samþ., þá verð jeg að segja, að málið sje komið í sæmilegt horf, þó ekki sje svo æskilegt, sem skyldi. Jeg verð að taka það fram, að stjórnarfrv. sem fyrir lá í þingbyrjun, leysti sæmilega úr öðru framannefndu atriði, seðlaafhendingunni til ríkisins, en hinu atriðinu, að koma bankanum í starfhæft ástand, er þar miður svarað, og virtist liggja

*) Þm. (Jak. M.) hefir ekki yfirfarið ræðuna, og er hún því prentuð hjer eftir óleiðrjettu handriti innanþingsskrifarans.

beint við að fella inn í stjórnarfrv. ákvæði um það. Í þess stað er nú rekið gegnum þingið frv., sem að flestu er miklu lakara, en þó hagstæðara Íslandsbanka. Við flm. frv. á þskj. 520 höfðum einmitt stjórnarfrv. að undirstöðu.

Það má auðvitað sitt hvað segja um aðrar brtt., sem fram hafa komið við frv.; sumar eru til lítilla bóta, aðrar — að mínu viti — til skaða. Jeg get ekki gert mjer grein fyrir því í svip, hvernig frv. myndi reynast, ef þær yrðu samþyktar, en okkar feldar, en mjer virðist öll meðferð málsins einhliða; lúta að því að tryggja hagsmuni Íslandsbanka.

Jeg finn svo ekki ástæðu til þess að fara lengra út í málið að sinni. Jeg hefi aðeins viljað skýra það, eins og það horfir við mjer, og leggja áherslu á það, að sú skipun, sem jeg hefi talað um, og nálgast má með samþykki á tillögum okkar þm. Ak. (M. K.) og þm. Ísaf. (J. A. J.), komist á, eða sem næst því, sem frv. á þskj. 520 stefnir að.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil byrja með því að endurtaka það, sem jeg hjelt fram áður hjer um annað frv., að samkomulag þarf að komast á; menn verða að sveigja til skoðanir sínar, heldur en að láta slíkt mál enda í illdeilum og orðhengilshætti. Það er ekki hægt að búast við því, að skoðanir 42 manna falli alveg saman í stóru og smáu; þær eru eins margar og mennirnir. Þetta virðist mjer einnig vaka fyrir flutningsmönnum brtt. á þskj. 617, þar sem þeir hafa hætt við að halda fram frv. sínu, en koma með brtt. í staðinn. Er því einnig vonandi, að þeir leggi ekki svo ríka áherslu á þær allar, að þeir geti ekki fylgt samkomulagi, þó að á einhverjum öðrum grundvelli verði. Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að ekki mætti hrapa að hlutakaupum í Íslandsbanka. Jeg er honum alveg sammála. Og mjer sýnist 5. gr. í frv. háttv. Ed. svo úr garði gerð, að naumast geti verið um slíkt að ræða, ef eftir henni yrði farið. Þar er bæði gert ráð fyrir þriggja manna mati, og svo eiga kaupin að liggja undir úrskurð stjórnarráðsins. Þá sagði háttv. þm. (M. K.) einnig, að það, sem gert væri fyrir Íslandsbanka í þessu efni, drægi úr Landsbankanum. Jeg neita því ekki, að Landsbankinn væri öflugri, ef hann væri eini bankinn hjer. En flestir munu þó nú á þeirri skoðun, að einveldi eða einokun í þessum málum sje ekki holt, enda getur oft verið gott, bæði fyrir bankann og viðskiftamennina, að skifta störfunum. Hitt skal jeg ekki fara út í, hvort það er rjett, að vonirnar um Íslandsbanka hafi brugðist. Hann hefir áreiðanlega gert mjög mikið gagn, og gerir enn nú með því að taka á sig mikið af tapi þessara ára, og vorkenni jeg honum það reyndar ekki, þegar litið er á gróða hans árin áður, enda hvorttveggja háð venjulegum viðskiftareglum.

Út af fyrirspurnum um skilning 2. málsliðar 2. gr., skal jeg geta þess, fyrir mig persónulega, að jeg skil hann þannig, að seðlafúlga sú, sem úti er 1. maí 1922, eigi 1. maí 1923 að hafa lækkað um $^1/_{10}$. Hitt gæti verið efamál, hvort hjer ætti að reikna eftir almanaksári, eða frá 1. maí. Fleira þarf jeg ekki að taka fram í þessu sambandi, enda talaði hv. þm. Ak. (M. K.) hóflega og hjelt sjer við málið.

Um brtt. á þskj. 628 er óþarft að tala, þar sem þær eru teknar aftur. Út af orðum hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um seðlaútgáfuna þarf jeg heldur ekki að fjölyrða. Það gladdi mig, að hann kvaðst ekki vilja gera þetta að kappsmáli. Að öðru leyti get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt, bæði um bankann sem seðlabanka og „privatbanka“.

Annar háttv. þingmaður (Sv. Ó.) gat þess, að sig hefði undrað, að stjórnarfrv.

hefði ekki verið lagt til grundvallar. Jeg fyrir mitt leyti er nú hættur að undrast það, þegar þess er gætt, hverjir völdust í peningamálanefndina og hve sundurleit hún er að skoðunum. En jeg vil undirstrika það, að þessu valda breyttar kringumstæður frá því að stjórnarfrumvarpið var samið, og svo hið fasta samkomulag um málið í háttv. Ed. Það er rjett, sem háttv. sami þm. (Sv. Ó.) tók fram, að í frv. vantar lánsheimild. En hún er á leiðinni annarsstaðar, eins og kunnugt er, svo jeg, fyrir mitt leyti, hefði alt eins vel kosið, að hún hefði staðið í þessu frv., að því leyti, sem henni væri ætlað að ná til Íslandsbanka.

Um brtt. á þskj. 617 get jeg lýst því yfir, að mjer finst vel hægt að ganga að a-lið 1. brtt., þar sem talað er um, að Íslandsbanki dragi inn meira en í frv. segir, enda er hóflega í sakirnar farið, og stjórnarráðið á að setja nánari reglur.

2. brtt. held jeg, að ekki verði kostur að koma fram, vegna samkomulags háttv. Ed., og yrði því aðeins til að tefja málið, að samþykkja hana, enda skiftir það litlu máli, hvort þetta er gert á þessu þingi eða því næsta, þar sem málið er hvort sem er í þingsins höndum. Jeg hefði einnig gjarnan getað gengið inn á 2. lið í 2. brtt., ef hann hefði ekki verið settur þannig í samband, að annaðhvort verður að samþykkja eða fella alt saman. En ákvæðin í hinni nýju 6. gr. gera ófært að samþykkja það alt.

Jakob Möller: Jeg hefi lítið að segja í viðbót við það, sem jeg hefi áður sagt. Þar sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagðist undrast það, að ekkert hefði verið gert til þess að bæta úr bráðustu þörfinni, þá skilst mjer, að hann eigi þar við, að ekki var gert ráð fyrir lánsheimild áður, en það er gert í þessu frv. En því er löngu lýst yfir, að slíkar tillögur mundu koma frá peningamálanefnd, og var aðeins beðið eftir því, hvernig færi um seðlamálið. En það var frá upphafi óþarft að blanda saman seðlamálinu og leiðinni út úr fjárkreppunni. En nú eru þessar till. komnar, svo að háttv. þm. (Sv. Ó.) þarf ekki að undrast lengur.

Þá vil jeg snúa mjer að hæstv. fjrh. (M. G.). Mjer skildist helst á honum, að hann vildi ekki láta eiga neitt við hlutakaupin, og að bankinn ætti eingöngu að vera „privatbanki“. (*Fjrh.*: Nei!). En það, sem jeg vildi þá sagt hafa, er, að ef svo væri, er mjer lítt skiljanlegt ástfóstur stjórnarinnar við þetta frumvarp. Og þá skil jeg ekki, hvað kemur til, að stjórnin æskir, að þetta frv. gangi fram.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagðist aldrei skilja, hvað vekti fyrir þeim, er vildu fresta ráðstöfun seðlaútgáfunnar. Það kemur til af því, að sem stendur er Alþingi ekki einrátt um skipun seðlaútgáfunnar, og þeir aðiljar, er koma til greina, eru engan veginn á eitt sáttir um það, hvernig henni skuli fyrir komið. Hjer liggja t. d. fyrir brtt. frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Ekkert veit maður, hvernig þeim verður tekið af hinum aðiljanum. Það er mjög sennilegt, að að þeim verði gengið, en vissa er engin fyrir því. Þeir, sem álíta, að ekki sje hægt að skipa seðlaútgáfunni, svo til frambúðar sje, nú sem stendur, álíta, að fyrst þurfi að fá samningsgrundvöll um seðlaútgáfuna til lokatíma Íslandsbanka. Hann hefir enn leyfi til að gefa út seðla, og ef hann neitar, þá getur Íslandsbanki ekki gefið út fleiri seðla. Viðvíkjandi því, sem þessi háttv. þm. (Sv. Ó.) sagði, um að stjórnarfrv. hefði ekki verið lagt til grundvallar, þá virtist okkur ekki svo frá því gengið, að það væri hægt. Jeg býst við, að hæstv. stjórn gæti komið sínu frv. fram hjer, ef hún vildi. Annars gætu flutningsmenn að frumvarpinu á þskj. 520 ráðið nokkuð af

undirtektum undir frv., hvers vegna þetta var ekki hægt, því frv. stjórnarinnar er bygt á sama grundvelli og þeirra. En sá hængur er á, að ekki náðist samkomulag við Íslandsbanka. Og þetta er fyrsta ástæðan til þess, að nefndin treysti sjer ekki til að byggja á grundvelli stjórnarfrumvarpsins, og því lagði hún til, að skipun seðlaútgáfunnar yrði frestað þangað til málið væri svo undirbúið í samráði við bankann, að vissa fengist fyrir því, að að henni yrði gengið. Þar fyrir er ekkert á móti því að setja í lög, að Íslandsbanki skuli afhenda seðlana á þessu árabili; það er líklegt, að hann gangi að því, en engin vissa er fyrir því.

Jeg gleymdi að taka það fram um brtt. á þskj. 628, að viðvíkjandi 2. brtt. er það að athuga, að fráleitt er með öllu að ætla að draga það til næsta þings að athuga, hvort hjálpa skuli bankanum eða ekki. Ef þessi till. verður samþ., þá erum við alveg jafnnær hvað kreppuna snertir eftir sem áður.

Magnús Kristjánsson: Það er í raun og veru lítið, sem jeg þarf að svara háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Í fyrri ræðu hans komu ekki fram nein rökstudd mótmæli gegn brtt. okkar á þskj. 617. Hann ljet aðeins í ljós, að hún væri óþörf, af því, að eina skilyrðið til þess að ráða öllu um starfsemi Íslandsbanka væri að eignast meiri hluta hlutafjárins. Þetta getur verið rjett, að minsta kosti að nokkru leyti, en háttv. þm. er þá líklega nýlega kominn á þá skoðun, því þótt jeg hafi nú ekki nýlega lesið frv. hans og háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) þá minnir mig samt, að þar sje engin bending í þá átt. Þessi ástæða er því í mótsögn við það, sem háttv. þm. (Jak. M.) hefir áður sagt.

Annað atriði, sem þessi háttv. þm. (Jak. M.) færði fram gegn brtt., var það, að horfið hefði verið frá þeim upprunalega grundvelli. Það hefir ekki verið vikið frá þeim upprunalega grundvelli, en það er til lítils að viðhafa fögur orð um samningaviðleitni, ef alls ekkert má víkja frá þeim grundvelli, sem maður helst hefði kosið að fram næði að ganga.

Fleira var nú ekki í þessari fyrstu ræðu hans, en í annari ræðunni sagði hann, og bygði tillögur sínar á því, að Íslandsbanki hefði einkarjett til seðlaútgáfu í landinu. Þessu leyfi jeg mjer að mótmæla, því að það er sitt hvað að hafa einkarjett til seðlaútgáfu og að hafa rjett til að hindra, að aðrir gefi þá út. En þótt þessi skilningur háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) væri rjettur, sem nú ekki er, þá gagnar hann lítið málsstað hans, því að hitt er ómótmælanlegt, að hafi bankinn haft þennan rjett, þá hefir hann löngu fyrirgert honum. Og vildi háttv. þm. (Jak. M.) mótmæla þessu, þá mætti úr því skera með dómi, og mjer væri ekki mikið á móti skapi, þótt til þess kæmi, að málið yrði lagt undir úrskurð dómstólanna. Jeg er ekki í neinum vafa um það, hver afdrif málsins yrðu þá, en annars þarf ekki til þess að koma, þar sem þinginu er innan handar að gera bankanum það skiljanlegt, að hann er ekki einráður um sína starfsemi hjer á landi. Þá gat þm. (Jak. M.) þess, að ekki væri von, að stjórnarfrv. fengi góðan byr í peningamálanefndinni, þar sem hún hefði fengið þær upplýsingar, að bankinn gengi ekki að því. Þetta hygg jeg ekki vera rjett hjá háttv. þm. (Jak. M.), því alveg hið gagnstæða mun hafa átt sjer stað, að bankinn tjáði sig fúsan til að ganga að frv. Háttv. þm. (Jak. M.) virðist koma hjer fram sem málsvari eða málafærslumaður Íslandsbanka, og stingur það ekki alllítið í stúf við alt hans tal um verndun á rjettindum þessa lands.

Þá kem jeg að ræðu hæstv. fjrh. (M. G.). Jeg var mjög ánægður yfir því, að

í upphafi ræðu sinnar talaði hann svo sem hann vildi reyna að koma á samkomulagi í deildinni og milli deildanna. Hann talaði um það, að þingmönnum bæri skylda til að sveigja til á sínum skoðunum, eins og þeim væri mögulegt, án þess að brjóta móti sannfæringu sinni. Um þetta er jeg honum alveg sammála og þótti vænlega horfa meðan hann ræddi málið á þessum grundvelli.

Hæstv. fjrh. (M. G.) gat þess, að litlar líkur væru um það, að samkomulag gæti náðst við Ed., nema ef vera skyldi um a-lið 1. brtt. við 2. gr. Það er þó eitt spor í rjetta átt. Aftur á móti taldi hann litlar líkur fyrir því, að b-liðurinn næði fram að ganga. Sá liður er nú heldur ekki neitt aðalatriði, og við flutningsmenn munum ekki leggja neitt kapp á hann, ef það væri líklegra til samkomulags að öðru leyti. En þegar kom að 2. brtt., þá fór í raun og veru að líta miður vel út um samkomulag, því hæstv. fjrh. (M. G.) gaf í skyn, að þýðingarlaust mundi vera að leita samkomulags um það atriði, þar sem Ed. mundi halda fast við, að ríkissjóður tæki 100% hlut í Íslandsbanka. Þetta kom mjer dálítið undarlega fyrir, því að með okkar brtt. er þetta alls ekki útilokað. Það hlýtur að vera hitt atriðið, sem deilt er um, að í okkar frv. á þskj. 520 er ætlast til þess, að ríkisstjórnin veiti bankanum þá hjálp, sem sagt er að hann þurfi, með því, annaðhvort að ganga í ábyrgð fyrir láni hans vegna eða þá að veita honum hæfilegt lán, ef það álitist heppilegra. Það er þetta ákvæði, sem virðist vera erfiðasti steinninn í götu fyrir samkomulagi. Þetta er aðalatriði málsins, því að ef við erum sammála um, að landið ætti að eiga hlutdeild í bankanum, en gætum ekki ráðist í það fyr en eftir óákveðinn tíma, þá hlýtur þeim, er mest bera hag bankans fyrir brjósti, að vera það áhugamál, að hitt fyrirkomulagið nái fram að ganga.

Við viljum veita bankanum stuðning og láta standa opið, að landið fái hlut í bankanum, eftir nákvæma rannsókn á öllum hag hans. Mjer er með öllu óskiljanlegt, hvernig hægt er að gera úr þessu ágreiningsefni milli deildanna.

Menn kynnu nú að segja, að Ed. mundi halda því fram, að með sínu frv. væri öllu náð. En þetta er ekki rjett, því að þar er ekki gert ráð fyrir þessari aðstoð, sem þarf að framkvæma svo fljótt sem unt er, ef hjálpin á að koma að gangi. Ef það er rjett, sem jeg fyrir mitt leyti efa og mótmæli, að háttv. Ed. reyndist svo óþjál, að hún vilji ekki aðhyllast okkar frv., þá væri ekkert óeðlilegt, að þessi háttv. deild hefði svo mikla metnaðartilfinningu, að hún ljeti ekki þannig setja sjer stólinn fyrir dyrnar, og ljeti sjer þá ekki mikið um finnast, þótt málið færi í sameinað þing. Þess vegna er það með öllu hættulaust, þótt okkar brtt. verði samþyktar.

Þá gat hæstv. fjrh. (M. G.) þess, að hann vildi gefa til kynna, að landið væri ekki til fyrir Landsbankann, heldur væri Landsbankinn til fyrir landið. Þetta skil jeg ekki, nema ef honum hefir fundist, að við flutningsmenn drægjum of mikið taum Landsbankans. En jeg held, að þessa gæti alls ekki í okkar frv. (*Fjrh.*: Þetta er útúrsnúningur!). Jeg hefi skrifað niður þessi ummæli; jeg hefi alls ekki reynt að snúa út úr þeim, en skal játa, að jeg skildi þau ekki.

Jeg skal taka það fram, að það er ekki ástæðulaust að athuga það, sem svo mjög er talað um nú, að landið eignist Íslandsbanka. Jeg álít það ekki neitt sjerlega æskilegt. Jeg hygg, að það, sem við eigum að vinna að, sje að þjóðbankinn efli sig svo, að hann geti fullnægt þörfum

þjóðarinnar. Að styðja að því, að landið eignist báða þessa banka, er sama og að stuðla að því, að hvorugur geti unnið til fullnustu það verk, sem þeir eiga að leysa af hendi. Það er gamalt máltæki — jeg veit ekki hvort jeg ætti að hafa það yfir, — sem segir, að ekki eigi að sletta því í tvær kollur, sem varla er nóg í eina.

En um hitt, hvað snertir hlutabankann með útlenda fjeð, þá er sjálfsagt að sýna honum svo lipurlega meðferð og svo mikla aðstoð, sem mögulegt er, án þess að ganga á rjett hins bankans, sem löggjafarvaldinu einkum ber að styðja.

Jeg tel æskilegt til frambúðar, að Landsbankinn verði studdur sem allra mest, og Íslandsbanki einnig svo, að hann geti int störf sín af hendi sem verslunarbanki. Þessu hvorutveggja held jeg, að megi koma í kring, ef till. okkar flm. verða samþyktar.

Þó ekki sje loku fyrir það skotið, að ríkið, eftir nákvæma rannsókn, leggi allmikið fje í Íslandsbanka sem hlutafje, þá má þó síst leiða af því, að þjóðbankinn fyrir þær sakir verði olnbogabarn þings og þjóðar. Mjer finst að ekki sje laust við, að á þeirri stefnu bóli dálítið hjer. En henni er jeg algerlega mótfallinn.

Jeg vænti þess, að hæstv. fjrh. (M. G.) vilji nú beita sínum áhrifum í þá átt, að samkomulag náist og þessar brtt. verði samþ. í þessari háttv. deild.

Í öðru lagi, að hann beiti áhrifum sínum til þess, að samkomulag náist milli deildanna. Og í þriðja lagi, ef það ekki fæst, þá, að samkomulag geti orðið um frv. og brtt. í sameinuðu þingi.

Og jeg er hræddur um það, að ef okkar brtt. verða nú feldar, þá sje mjög vafasamt, hvort við flm. getum fallist á frv.

Jeg hefi ekki ennþá fengið skýrt svar frá hæstv. fjrh. (M. G.) við þeirri fyrirspurn, hvort seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka í frv. ætti að miðast við seðla í umferð 1. maí 1922, eða þá það, sem seðlaútgáfan kynni að komast hæst á árinu, eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur. Jeg verð, að svo komnu máli, að leggja þann skilning í orð hæstv. fjrh. (M. G.), að þetta eigi aðeins við þá seðla, sem í umferð eru 1. maí 1922, og að það sje þar með ákveðið, að Íslandsbanki megi aldrei gefa út seðla umfram þá upphæð, sem í umferð verður 1. maí 1922.

Þetta er fyrir mjer talsvert mikið aðalatriði, og þætti mjer því gott að fá við því skýr og ákveðin svör.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vil biðja háttv. þingdeildarmenn að athuga það, að hæstv. fjrh. (M. G.) lítur svo á, að líklegt sje, að hlutafjárkaup ríkisins verði ekki fyr afráðin, þó efri deildar frv. verði samþ. óbreytt. Jeg er honum þar sammála. Jeg býst við, að drátturinn á hlutafjárkaupunum verði að miklu leyti sá sami, hvort sem brtt. okkar flm. verða samþyktar eða ekki.

Munurinn, sem hjer er um að ræða og ágreiningur er um, er því sá, að eftir frv. Ed. er það lagt á vald stjórnarinnar, hvort hún skuli kaupa hluti í Íslandsbanka eða ekki. En eftir till. okkar flm. er svo ráð fyrir gert, að endanleg ákvörðun um þau kaup skuli heyra undir næsta þing. Og þykir mjer satt að segja kynlegt, ef þingið getur nú ekki tekið þann kostinn að geyma sjer ákvörðunarrjettinn um svona mikilsvert og þýðingarmikið atriði.

Jeg vona nú, að jeg þurfi ekki að taka hjer aftur til máls, því mjer sýnist, að þessi skoðanamunur ætti að geta jafnast án þess. Þætti mjer best á því fara, að deildin sýndi nú eindreginn vilja sinn í þessu máli og samþykti till. okkar með miklum meiri hluta. Þá treysti jeg því, að hv. Ed. felli ekki málið, og gæti þá ekki hlotist annað af en málið kæmi í sameinað þing.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg gleymdi áðan að svara fyrirspurn frá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) viðvíkjandi skilningi á 4. gr. frv. um tryggingu seðlanna. Jeg játa, að það er dálítið vafasamt, hvernig eigi að skilja þetta í sambandi við 1. gr. En jeg held, að það sje meining háttv. Ed., að gjaldið greiðist af öllum þessum seðlum, ca. 62,5%, og mundi álíta mig bundinn við það.

Jeg er þessum háttv. þm. (Jak. M.) sammála um það, að rjett sje að samþ. 1. brtt. hans; jeg held, að hjer sje um að ræða villu í frv., því auðvitað er það ríkissjóður, sem gefur seðlana út.

Það er og rjett hjá þessum háttv. þm. (Jak. M.), að seðlaútgáfan er samningamál. En jeg vil bara ekki frest á þeim samningum, heldur hygg jeg rjettast, að út um það sje gert nú.

Sami háttv. þm. (Jak. M.) hafði skilið orð mín á þann veg, að jeg vildi gera Íslandsbanka að privatbanka. Það sagði jeg ekki, en jeg sagðist hingað til hafa verið á þeirri skoðun, að það væri rjett. En jeg vil ganga langt til samkomulags um ýms atriði, þótt veruleg sjeu.

Jeg fæ ekki sjeð, að hlutakaup í bankanum sjeu neitt glæfraatriði, ef tryggilega er um mat á þeim hlutum búið. Og ef landið síðar vill annaðhvort breyta bankanum eða láta hann hætta, þá er það ávalt hægt, þar sem meiri hluti hlutafjárins er þá orðinn innlent fje.

Út af orðum háttv. þm. Ak. (M. K.) vil jeg taka það fram, að það er enginn ágreiningur milli okkar út af 1. brtt., heldur bara út af 2. brtt.

Jeg hefi tekið það fram, að jeg er fylgjandi 2. lið 2. brtt., en þessi liður er, því miður, þannig orðaður, að hann verður að bera upp í einu lagi með 1. lið. Ágreiningurinn milli okkar háttv. þm. Ak. (M. K.), er sá, hvort heimila eigi stjórninni að kaupa hluti fyrir næsta þing eða ekki. Sýnist mjer það í raun og veru ekki stórvægilegt atriði, nema svo sje, að háttv. þm. Ak. (M. K.) setji þetta ákvæði inn, í þeirri von, að næsta þing hindri kaupin; þá játa jeg, að þetta sje verulegt atriði. En ef sú er ekki meining hans, þá er þetta aðeins dálítið fjárhagsatriði, og hefir stjórninni oft verið falið það, sem meira er um vert.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hjelt, að háttv. Ed. mundi ekki taka brtt. illa. Jeg held einmitt, að hún muni taka þeim illa, og að minsta kosti verða þær til þess að tefja þingið, ef þær verða hjer samþyktar. Og jeg tel það skyldu okkar að tefja ekki þingið að óþörfu.

Þessi sami háttv. þm. (M. K.) vildi ekki skilja það, að jeg sagði, að Landsbankinn ætti að vera fyrir landið, en landið ekki fyrir bankann. Jeg tók þar upp orð háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), og jeg álít, að það eigi að styðja Íslandsbanka jafnframt. Ágreiningurinn er um það, hvað langt eigi að ganga til þess að hjálpa bankanum. Og þó jeg ekki vilji, að Íslandsbanki fari í hundana, þá er það algerlega óþarft og óviðeigandi að gefa það í skyn, að jeg vilji hafa Landsbankann að olnbogabarni.

Það er satt, að jeg sagði, að ekki væri víst, að hlutafjárkaupin yrðu um garð gengin fyrir næsta þing. En stjórnin hefir heimild til þess að ljúka þeim eftir frv. Hvort hún notar þá heimild, er ekki hægt að segja um að svo stöddu.

Í enda a-liðs brtt. á þskj. 617 stendur, að stjórnin skuli setja nánari reglur um innköllun seðlanna. Um það, hvernig þær reglur kynnu að verða, get jeg ekkert sagt nú.

Jeg þóttist svara þessum háttv. þm. (M.

K.) fullskýrt áðan um skilninginn á 1. lið 2. gr. En það er álitamál, hvort miða eigi við almanaksár eða við 1. maí.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira, og vona, að umræður fari að styttast. Vil aðeins endurtaka, að það, sem á milli ber, er þetta:

Á að heimila stjórninni að láta hlutakaupin fara fram fyrir næsta þing eða ekki.

Eiríkur Einarsson: Jeg þarf ekki að láta hjer á mjer bæra um brtt. mínar, þar sem þær ekki koma til atkvæða nú.

En það, sem kom mjer til að standa hjer upp, voru ummæli háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), sem hann beindi sjerstaklega til mín.

Voru þau um það, hvernig jeg gæti rjettlætt það að bera fram 2. brtt., um að skipa nefnd til þess að athuga, hvernig eigi að styrkja Íslandsbanka. Jeg hlyti þá að vera á því að hjálpa bankanum. Þetta er alveg rjett. Jeg vil gjarna hjálpa bankanum, en ekki fyr en trygg rannsókn hefir farið fram á hag bankans, eins og jeg líka hefi áður tekið fram. Jeg lít svo á, að því ver sem hag Íslandsbanka er komið, því nauðsynlegri sje trygg rannsókn áður en ríkið leggur fje fram til hans. Vildi jeg ákveða, að þeirri rannsókn yrði lokið ekki seinna en fyrir næsta þing; henni má gjarnan vera fyr lokið.

Aðalatriðið er það, að bjarga landinu úr fjárvandræðunum, og mest um vert, að það takist. Hitt er ekki höfuðatriði, hvort kasta eigi fjenu í Íslandsbanka eða Landsbankann, bara að því fje sje vel varið til góðra þarfa í landinu og á örugggan hátt.

Og ef það verður ofan á að skipa nefnd milli þinga til að rannsaka fjármálin, þá finst mjer síður ástæða til að skipa málum Íslandsbanka til fullnustu nú. Rjettast að láta nefndina hafa öll fjármálin til athugunar, en vera ekki að skilja eitt undan. Vegna þeirra athugana, er háttv. þm. (Jak. M.) gerði við 1. brtt. mína á þskj. 628, að þar væri ekki fult samræmi, þá verð jeg að mótmæla því; ef brtt. er lesin með athygli, sjest, að hún getur vel staðist eins og hún er og að þar er ekkert ósamræmi. Ákvæðið samkvæmt brtt. yrði ekki skilið á annan veg en þann, að Íslandsbanki skyldi draga inn seðla, sem svaraði því, er Landsbankanum yrði veitt til viðbótar. Seðlaútgáfan í heild takmarkast af viðskiftaþörfinni, eins og síðari liður brtt. við 1. gr. segir.

Bjarni Jónsson: Það kom hjer fram í umræðunum áðan vefenging á því, að Íslandsbanki hefði einkarjett til seðlaútgáfu í landinu. Jeg held ugglaust, að bankinn hafi þann einkarjett, að undanteknum ¾ milj., sem Landsbankinn hefir útgáfurjett á að lögum. Enginn getur því gefið út seðla í þessu landi, nema með samningum við Íslandsbanka.

Jeg get ekki verið nefndinni samþykkur um breytingar þær, sem háttvirtur 1. þm. Reykv. (Jak. M.) kemur með. Það er ekki til neins, að stjórnin leiti til dómstólanna, þar sem skýlaus lög Alþingis eru fyrir aukningunni, og hefir bankinn þá ekki mist rjettinn til að gefa út nema það, sem er umfram 2½ milj. kr.

Ef rannsókn yrði hafin gegn bankanum, mundu dómstólarnir líta á það, hvort hann hefði brotið af sjer þau rjettindi, en hitt er varanlegt, og einkarjettindin hefir hann ekki brotið af sjer.

Það er ekki til neins að halda því fram, að verið sje að sóa með rjettindi landsins, því að það er ekki hægt að brjóta þá samninga, sem gerðir hafa verið, heldur verður að hlíta þeim og halda þær skuldbindingar, sem hafa verið gerðar af Alþingi.

Jeg segi þetta óhræddur, þótt málaflutningsmenn ríkisins haldi því fram, að Ís-

landsbanki hafi brotið þau lög, er þeir vitna til. Jeg var á móti því í upphafi, að þessi rjettindi væru veitt, en úr því þau voru veitt með lögum, þá vil jeg halda því fram, að þau verði ekki með lögleysu af honum tekin.

Ef þessi lög ganga fram hjer í þinginu, en hluthafafundur gengur síðan ekki að þeim, þá eru lög þessi ónýt. Þess vegna hefi jeg borið fram frv. um að heimila stjórninni að hjálpa bankanum, hvað sem um frv. þetta verður. Það er varlegra að setja þessa heimild um lánveitingu til handa Íslandsbanka, ef svo færi, að þessi lög um hlutakaupin yrðu ónýt, þótt þau næðu fram að ganga hjer í þinginu; hún skaðar ekki; en það er betra, að stjórnin standi ekki uppi ráðalaus, ef illa tekst til.

Aðalatriðið er, að ríkið gerist hluthafi í bankanum, og fái þannig mest ráð yfir honum, eða með öðrum orðum kaupi bankann; en það er aftur aðalatriðið fyrir bankann og atvinnuvegi landsins, því að lánstraust bankans verður ekki betur treyst en með því að landið taki hluti í honum.

Jeg get ekki skilið það, að jafnframt því, sem landið fær umráð yfir bankanum, að þess sje þá krafist, að hann afsali sjer seðlaútgáfurjettinum. Jeg skil ekki það hugsanasamband. Jeg er ekki á móti því, að með tíð og tíma fái Landsbankinn seðlaútgáfurjettinn, eins og farið er fram á í frv., ef þá Landsbankinn sjálfur og stjórnin fallast á þetta fyrirkomulag.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) taldi það hentugast, að bæði Íslandsbanki og Landsbankinn færu ekki með seðlaútgáfuna, en svo væri þriðji bankinn, sem aðallega væri seðlabanki; enda mun það hentugast svo, að þeir bankar sjeu óháðir, sem fara með aðalviðskifti landsmanna, því að þeir munu þá ekki eins óragir og seðlabankar.

Mjer finst það því nægileg bráðabirgðaráðstöfun, sem farið er fram á í frv. þeirra háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) og háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), þar sem gert er ráð fyrir að framlengja þennan rjett um eitt ár. Nú er bráðum hluthafafundur í Íslandsbanka, og þá getur stjórnin samið við fundinn og lagt það samþykki fundarins fyrir næsta þing. Þetta væri beinust og skynsamlegust aðferð, að mjer skilst, ef vel væri um búið, og vildi jeg reyna, hvort þetta gæti ekki tekist, og hugsa að aðrir vilji það líka. Það er þá einasta að menn treysta ekki stjórninni til þess, og finst mjer það hart um fylgismenn hennar. En jeg, sem átti frumkvæðið að vantraustsyfirlýsingu á stjórnina, jeg þori vel að eiga það undir henni, að hún framfylgi þessum lögum, þótt dyggustu fylgifiskar hennar vilji ekki eiga það á hættu.

Það er ekki til neins að ætla að binda bankann með þessu, og það er því bara vantraust á stjórnina, ef menn vilja ekki veita henni þessa heimild. En jeg geri þetta ekki að kappsmáli, ef menn vilja heldur, að frv. gangi fram og álíta það nægilega trygt. Það yrði ekki annað en frestun á þessu, sem farið er fram á í brtt. háttv. þm. Ak. (M. K.) og fleiri, að þeir vilja láta nefnd þessa ákveða verð þeirra hluta, er ríkið keypti í bankanum. En þessi hjálp þolir ekki slíka bið; hún verður að koma strax, eða svo fljótt sem auðið er, ef á að gera það. Þess vegna þarf þingið að setja það þegar í lög, svo að viðskiftamenn bankans í öðrum löndum sjái tiltrúna, og munu þeir þá ljetta fyrir viðskiftum bankans.

Það er alls ekki af umhyggju fyrir útlendri bankastofnun, að jeg er á móti því, að þessu sje frestað, heldur af því, að útvegurinn og aðrir atvinnuvegir hvíla meira á þessum banka en hinum, því að hann hefir haft meira fjármagn. Og þó menn vildu steindrepa bankann, þá mundu menn stein-

drepa íslenska atvinnuvegi um leið. Ef það ráð yrði tekið að gera bankann innlendan, þannig, að landið yrði aðaleigandinn, þá mundi það í framtíðinni koma í veg fyrir deilur. Jeg sje heldur ekkert á móti því, að það yrðu tveir innlendir bankar, eða fleiri.

Jeg geri ráð fyrir, að það hafi verið hugsun háttv. Ed., að nefnd yrði sett milli þinga til að rannsaka þetta, og að hún muni þá fá sjer erlendan, óhlutdrægan bankafræðing til aðstoðar, og get jeg vel fallist á það. Nú er þá ekki annað að gera heldur en ráðstafa seðlaútgáfunni með bráðabirgðaskipulagi, en um leið tryggja bankanum ákveðið hlutafje.

Það hefir verið fátt ver gert landinu en þegar 1909 var felt frv. í Ed., sem samþykt hafði verið í þessari deild, að taka hluti í þessum banka fyrir 2 miljónir kr.; þá mundi hann þessa stund vera í höndum ríkisins og þá mundi hagur ríkisins og hagur þessa banka standa öðrum fótum en hann nú gerir. Jeg vil þó ekki taka undir þann vesaldarbarlóm, sem dagsdaglega heyrist um hag hans og landsins. Jeg vildi láta í ljós að jeg álít, að það ætti að kippa þessu úr Ed.-frv., eins og till. hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) fer fram á, en láta standa um hlutakaupin. Það kann vel að vera, að mönnum finnist jeg vera óþjóðlegur í þessu, enda var jeg einusinni kallaður danski Bjarni. En fyrir mjer er hvorki Íslandsbanki nje Landsbanki, heldur landið alt og hagur þess, og ef hans vegna þarf að styrkja útlenda bankann, þá það, og ef þarf að hjálpa báðum bönkunum, þá það.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að segja það, að mjer kemur undarlega fyrir sjónir, hvað brtt. á þskj. 617 eiga erfitt uppdráttar. En mjer verður það skiljanlegt, þegar jeg athuga, hve þunglega er tekið í frv. á þskj. 520, því að það fer að miklu leyti í sömu átt.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að ákveðið hefði verið í Ed.-frv. að kaupa hluti í bankanum og að það væru ekki glæfraráð. Jeg get fallist á það, en það þarf að gera fyrst ítarlega rannsókn um, að alt sje þar með feldu. Hins vegar virðist mjer, þegar svona mikil áhersla er lögð á að gera það nú þegar, þá orki það tvímælis, hvort það sjeu glæfraráð eða ekki.

Jeg vildi spyrja hæstv. fjrh. (M. G.) í hverju skyni ætti að gera þetta. Mjer skilst, að eigi að kaupa þessa hluti til þess á þann hátt að ná yfirráðum yfir bankanum. Landsmenn hafa altaf sjeð eftir því, að seðlaútgáfurjetturinn fór í hendur útlendinga fyrir svo lítið. Og það er eðlilegt. Jeg hygg, að þess sjeu fá dæmi, að útlendur hlutabanki fari með rjett, sem innlendum mönnum einum ber að fara með. Það er skoðun mín, að seðlaútgáfurjettinum mætti ná á annan hagkvæmari hátt en með hlutakaupum í bankanum.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það væri ekki mikilsvert atriði, hvort hlutakaupin færu fram á undan þessari rannsókn eða eftir. En mjer finst það mikilsvert atriði fyrir þingið, og þá ekki síður þjóðina.

Án þess jeg vantreysti stjórninni á nokkurn hátt að fara með þetta, þá finst mjer langt um tryggilegra, að þingið ákveði og samþykki það, áður en það er um garð gengið, því að það er miklu eðlilegra.

Jeg veit annars ekki, hvað er betur tilvalið árásarefni á stjórnina, ef þingið ekki verður ánægt með framkvæmdir hennar í þessu efni. Jeg held jeg muni það rjett, að einn háttv. þdm. gæfi það í skyn, út af tiltölulega smávægilegu atriði, að ef ekki tækist samkomulag við stjórnina, mundi hann óska að leitað væri landsdóms. En hjer er atriði, sem ekki er minna, og mundi þá líklega vera leitað til landsdóms, ef

ekki tækist vel. En jeg hygg líka, að stjórnin muni álíta það hyggilegra að eiga ekki þá óháð á hættu með því að ráðast í slíkt vafafyrirtæki.

Hæstv. fjrh. (M. G.) tók það fram, að aðalágreiningurinn virtist vera um það, hvort nú ætti að ráða fram úr þessu, eins og brtt. okkar fara fram á. En jeg álít þetta mjög mikilsvert atriði, sem felst í brtt. á þskj. 617.

Áður en jeg sest niður, vil jeg taka það fram, að ef 5. og 6. gr., eins og við höfum lagt til í brtt. okkar, verða feldar, þá býst jeg ekki við að geta fylgt frv. í þeirri mynd sem það er nú, jafnvel þótt afleiðingin yrði sú, að það yrði að lengja þingið, því að þetta er svo mikilsvert atriði, og það hefir stundum verið lengt fyrir minna en þetta, og það er þó fjarri mjer að óska eftir langri þingsetu.

Út af athugasemdum háttv. þm. Dala. (B. J.), að við gætum ekki haft tök á Íslandsbanka, ætla jeg að segja nokkur orð. Hann hjelt því fram, að seðlaútgáfurjettarinn, þegar um væri að ræða það, sem gefa þyrfti út fram yfir 2½ milj., væri algerlega háður samþykki Íslandsbanka. En jeg vil halda því fram, að hann hefir brotið ákvæðin um seðlaútgáfurjettinn, og um það ættum við að geta orðið sammála; einkum að því er snertir ákvæði laganna frá 18. maí 1920 um yfirfærslu fyrir Landsbankann. Því verður ekki mótmælt, að þau ákvæði hefir hann brotið. En hvað kynni að verða gert úr því, ef leitað yrði til dómstólanna, skal jeg láta ósagt.

Þá kom háttv. þm. Dala. (B. J.) með þá óbeinu spurningu, hvort rjett væri að krefjast þess, að bankinn afsalaði sjer seðlaútgáfurjettinum. Þessari spurningu vil jeg einnig varpa fram, því ef fastákveðið er að kaupa bankann, þá sje jeg enga ástæðu til að taka seðlaútgáfurjettinn af honum, þar sem landið fær þá full umráð yfir þeim rjetti..

Kaupin eru hugsuð til að afla bankanum trausts, svo að hann geti tekið til starfa á ný með nýjum kröftum.

Í annan stað, úr því áhersla er lögð á kaupin, þá er það ekki síður traust að útvega bankanum lán með ábyrgð ríkissjóðs og heimild til að auka hlutafjeð.

Jeg held yfir höfuð, að honum sje ekki sýnt minna traust með tillögum okkar heldur en eftir frv.

Svo að lokum þetta: Mig fyrir mitt leyti skiftir það miklu, ef sú ráðstöfun, sem gerð yrði, bæri það með sjer, að þeir, er afgreiddu þetta mál á Alþingi, gætu skoðast sem málalið Íslandsbanka. Jeg vil heldur halda mig utan við það og vera á móti frv.

Jakob Möller: Það er aðeins stutt athugasemd út af ræðu háttv. þm Ak. (M. K.), er hann sagði, að Íslandsbanki hefði ekki einkarjett til seðlaútgáfu hjer. Háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir að vísu svarað því, en til þess að taka af öll tvímæli, skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp inngang laga nr. 66 frá 1905. Þar stendur svo:

> „Ráðuneytinu fyrir Ísland heimilast að veita hlutafjelagi, sem þeir hæstarjettarmálafærslumaður Ludvig Arntzen, R. af D. og stórkaupmaður Alexander Warburg, báðir í Kaupmannahöfn, standa fyrir, leyfi til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, er nefnist „Íslandsbanki“ og hafi einkarjett um 30 ára tímabil til að gefa út seðla, er greiðist handhafa með mótuðu gulli þegar krafist er“.

Eftir þessu er það öldungis ótvírætt, að bankinn hefir einkarjettinn. Um hitt ætla jeg ekki að ræða eða deila, hvort bankinn hafi brotið hann af sjer. Víst er um það, að hæstv. stjórn byggir ekki á því, því að hún álítur, að það þurfi samninga við bankann til að fá þessu breytt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það eru aðeins örfá orð út af ummælum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann sagði, að ef stjórnin framkvæmdi hlutakaupin, þá gæti það orðið ágætt árásarefni á stjórnina. Þetta er rjett hjá þingmanninum. En hann ætti að sjá það, að stjórnin mun ekki gera annað í þessu máli en henni þykir nauðsynlegt. Jeg er ekki hræddur við landsdóm í sambandi við það. Jeg mun í þessu máli sem öðrum einungis gera það, sem jeg treysti mjer til að standa við. Annars ættum við að hraða þessu sem unt er. Jeg held að lenging þingsins komi sjer illa, vegna skipsferðarinnar, og jafnvel af öðrum ástæðum, svo jeg álít það skyldu okkar að láta þingið ekki standa lengur en orðið er.

Sami háttv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að ef landið ætti bankann, þá gæti hann verið seðlabanki áfram. En það fer nokkuð eftir því, hvaða hlutverk hann hefir. Aðalviðskiftabanki landsins á ekki að vera seðlabanki.

ATKVGR.

Brtt. 628,1.—4. teknar aftur til 3. umr.
— 597,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 597,2 feld með 15 : 3 atkv.
— 617,1.a. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 617,1.b. tekin aftur, en tekin upp af 2. þm. Reykv. (J. B.) og feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., J. A. J., J. B., M. K., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.
nei: B. H., E. Þ., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þór. J., B. J.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 597,3 tekin aftur.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 597,4.a. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 597,4.b. feld með 14 : 5 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 617,2. Afbrigði um að bera þennan lið till. undir atkvæði í tvennu lagi feld með 11 : 12 atkv.

Brtt. 617,2 feld með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. B., M. K., M. P., Sv. Ó., Þorst. J., E. E., B. Sv.
nei: Jak. M., J. S., J. Þ., M. G., M. J., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., Gunn. S., H. K.

Brtt. 597,5 feld með 13 : 7 atkv.

5. gr. samþ. með 15 : 4 atkv.

Brtt. 597,6 tekin aftur.
— 617,3 sjálffallin, með því að brtt. 617,2 var feld.

6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 617,4 feld með 15 : 7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 4 atkv.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 636, 654).

Brtt. 654 var of seint fram komin. Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 654 og verð að fara fáum orðum um aðalefni þeirra, þó menn annars sjeu orðnir þreyttir á umræðum um þetta mál.

Brtt. mínar fara fram á, að inndráttur seðlanna byrji 31. okt., vegna þess, að samkvæmt undanfarinni reynslu er mest af seðlum í umferð á þeim tíma, og það er auðvelt að draga inn seðlana á þeim tíma ársins, þegar seðlafúlgan fer minkandi, en hitt er óframkvæmanlegt án mikilla óþæginda, að draga seðla inn á tímabilinu frá 1. maí til 31. október, þegar seðlaveltan er að aukast.

Jeg verð einnig að líta svo á, að talsverða áherslu verði að leggja á það, að seðlamergðin sje ekki of mikil í umferð í einu. Þess vegna hefi jeg gert brtt. um það, að 31. október 1922 megi upphæðin ekki vera meiri en 8 miljónir. Þetta er meðal annars nauðsynlegt, ef gildi íslenskrar krónu á að geta haldist í hendur við gildi dönsku krónunnar. Það lánast aldrei, ef svo mikið er haft í umferð af innlendum seðlum, að enginn útlendur seðill haldist hjer við stundinni lengur. Það er alkunn regla í bankafræði, að betri gjaldeyririnn flýr þann lakari, ef nógu mikið er gefið út af þeim síðari.

Jeg hefi í sambandi við þetta kynt mjer það, hvernig seðlaumferðinni hefir verið háttað undanfarin 10 ár, og í samræmi við niðurstaðan þar er það, að jeg hefi lagt til, að upphæðin verði 8 miljónir 31. október 1922. Annars hefir verið talað um það, að leyfa 5—6 milj. að vorinu, en það svarar til talsvert meiri upphæðar hlutfallslega en 8 milj. að haustinu. Hjer er því í rauninni um minkun á seðlamergðinni að ræða, þó talan sýnist hærri á pappírnum. Þegar umferðin hefir komist hæst, hefir seðlafúlgan numið um og yfir 11 milj. (1918 og 1920). Þó búast megi við því, að þetta verði lægra næsta ár, án þess að lagaákvæði sjeu um það sett, er þó rjett að samþ. till. En fari svo, að 8 miljónir yrðu ekki nógar, er altaf til það úrræði, sem undanfarið hefir verið beitt, en helst ætti ekki að þurfa að gera, nema í brýnni þörf, — sem sje, að stjórnin gefi út bráðabirgðalög um seðlaaukningu, auk þess sem Alþingi kemur saman áður, og þá mætti gera breytingu, ef nauðsyn þætti.

En samt ætti eitthvert hámark ávalt að vera til. Að þessu lúta brtt. mínar, að gera inndráttartímann hagkvæmari og setja sanngjarnt hámark fyrir seðlamergðinni.

Eiríkur Einarsson: Það er nú sjeð, að hið háa Alþingi ætlar að ganga frá máli þessu með því að koma framtíðarskipulagi á seðlaútgáfuna. Þó jeg hafi verið á annari skoðun um þetta mál og eigi ekki þátt í þessum úrslitum, hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt., til þess þó að leitast við að gera málið úrslitaskárra frá mínu sjónarmiði.

Því hefir verið haldið fram, og það er mín skoðun, að undirbúningur máls þessa væri ónógur að ýmsu leyti, og þess vegna ætti að fresta endanlegum málalokum.

Ein hlið málsins hefir þó verið sæmilega undirbúin. Frá Íslandsbanka hendi lá sem sje fyrir samkomulagsboð um það, að láta af hendi seðlaútgáfurjettinn smámsaman, og nú þegar að 2¼ milj. kr., gegn því að fá ívilnanir, t. d. um yfirfærsluskylduna. En þar sem þetta er nú svona, þykir mjer sem þingið megi ekki ganga þegjandi fram hjá þessu, án þess að færa sjer það tilboð bankans að einhverju leyti í nyt; er fyrst að samþykkja handa þjóðinni þann rjett, sem vitanlega er fáanlegur, en síðan óvissuna.

Jeg er í tillögum mínum alls ekki að beitast á móti tilraunum til að hjálpa Íslandsbanka, t. d. um hlutafjárauka, lán eða ábyrgð, ef varúðar er gætt; en að afsala sjer því vilyrði, sem hann sjálfur er búinn að gefa um ríflega afhendingu seðlaútgáfunnar nú þegar og síðan smám saman, það tel jeg með öllu óforsvaranlegt.

Hinar brtt. mínar eru bein afleiðing af þeirri fyrstu, þó að undanskilinni 9. brtt., að halda í ítarlegt horf skipuninni, sem af þessu mundi leiða. Annars mintist jeg á þessi sömu málsatriði áður, í sambandi við bankafrv. þeirra þriggja þm. Nd., þegar það var til umr. Og þar sem því frv. var vel tekið af meiri hl. þm., þá bjóst jeg við, að þessar brtt. mínar fengju betri byr, ef haldið væri sömu orðatiltækjum, er grundvöllurinn er sá sami hvort eð er. Taldi jeg óforsvaranlegt að láta það besta úr málinu veslast upp, án þess að sjeð yrði, hvort það mætti ekki fram ganga.

Þá er 9. brtt., sem er sjer á parti og ekki viðvíkjandi þessum 3 milj. kr., heldur lýtur hún að því, að meðan ekki er samið við Íslandsbanka, þá haldist þau seðlaútgáfukjör, sem nú eru. Það er ekki rjett að slaka til á meðan eða á undan því að þessir samningar fara fram. Slíkt væri mjög óhyggilegt. Og ennfremur er gert ráð fyrir því með b-lið 9. brtt., að ef ekki gengur saman með ráðamönnum Íslandsbanka fyrir 30. sept., þá þurfi bráðabirgðaskipun, sem jeg hefi gert tillögur um, að næði til 1. maí 1922.

Jeg veit ekki til, að gildandi ákvæði um þetta nái lengur en til 1. júní þ. á., og því þarf að hafa þessa viðaukatill. Og að jeg vilji halda þeim ákvæðum, að ekki skuli breytt um yfirfærsluskylduna, er einnig vegna þess, að jeg vil í engu slaka til við bankann á undan samningum. Enda getur það vel flýtt fyrir þeim, að láta alt bíða óbreytt.

Jeg vænti þess, að háttv. þm. sjái, að höfuðatriði till. minna er að veita en ekki neita landinu um 3 milj. kr. útgáfurjett, er það á kost á, sem jeg vil telja rjett spor í áttina til að auka sjálfstæði landsins og traust á því, en að hafna slíku væri óverjandi.

Sveinn Ólafsson: Við 2. umr. tók jeg að nokkru leyti fram það, sem mjer þykir athugavert við frv. á þskj. 636. Jeg tók þá fram meðal annars, að mjer væri með öllu óskiljanlegt, hvers vegna Alþingi ekki vildi nú taka því boði, er lá fyrir í þingbyrjun frá Íslandsbanka, að sleppa þegar hindrunarrjettinum að útgáfu 2¼ milj. króna í seðlum. En það kom þá í ljós, að meiri hluti háttv. þm. vildi hallast að svipaðri skipun og frv. bendir til, þótt hún sje bein eftirgjöf rjettar ríkisins, og því þýðir lítið að berjast gegn þessu lengur, þótt hjer sje gengið ótrúlega langt í því að hlynna að Íslandsbanka á kostnað ríkisins. En til þess nú að reyna að komast nær þessum háttv. þm., þá hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. ásamt háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), og mjer þætti undarlega við bregða, ef háttv. þingdeild sæi sjer ekki fært að samþ. þær, svo hóglegar sem þær eru og mjög til bóta þeim vandræðabúningi, sem frv. hefir fengið.

Þessar brtt. okkar eru báðar á þskj. 654, 6. og 8. brtt.

6. brtt. á þskj. 654 á við 2. gr. frv. og lýtur að því að ákveða það, sem annars í greininni er óákveðið og óljóst, hvernig fara skuli með þá aukaseðla, er kunna að verða fram yfir það, sem í umferð er 1. maí 1922, þegar bankinn á að byrja að sleppa seðlunum. Þessi brtt. ætti að skýra sig sjálf, og mjer finst í raun og veru óþarft að gera ítarlega grein fyrir henni, því hv. þm. munu þegar hafa kynt sjer hana í sambandi við greinina. Vitaskuld er ætlast til þess, að þessir aukaseðlar verði ekki hjá Íslandsbanka, heldur Landsbankanum,

og svo hefir hæstv. fjrh. (M. G.) skýrt þetta. Komist brtt. að, þá er með öllu horfinn hugsanlegur ágreiningur um það, hvernig eigi með aukaseðlana að fara.

Síðari brtt. okkar er við 5. gr. og lýtur að því að gera tryggilegri undirbúning undir hlutakaupin. Jeg vildi ekki koma fram með brtt. við fyrri hluta greinarinnar, þótt mjer væri það skapi næst, þar sem sagt er, að hlutabrjefin *„skuli kaupa“*, sem í sjálfu sjer er fjarstæða, því að þar ætti aðeins að vera *heimild* til að kaupa; en til samkomulags hefi jeg þó aðeins komið fram með þessa brtt. Mjer virðist harla *lítil trygging fyrir því*, eins og greinin er nú, að þessi nefnd ákveði verð hlutanna óhlutdrægt, því að hana skipa meðal annara 2 fulltrúar bankans sjálfs, sem vart munu láta á sjer standa að hugsa fyrst um hans hag. Svo á að kjósa 2 menn af Sþ. óhlutbundnum kosningum, og verður það því hrein og bein meiri hluta kosning þeirra manna, sem nú er sýnt, að fremst og fyrst hafa hag bankans fyrir augum. Eðlilegra er nú að hafa hlutfallskosningu, eins og við leggjum til, svo að þeir fáu, sem í minni hluta eru, geti einnig haft áhrif á kosninguna.

Nefndin á eftir okkar tillögu alls ekki að ákveða verðið, heldur aðeins gera till. til stjórnarinnar eða þá Alþingis, sem svo samþykkir þær eða hafnar. Jeg tel nefndarskipunina fráleita, eins og hún er í greininni, og verkefni nefndarinnar alt of víðtækt, eins og nú stendur á, og þess vegna hefi jeg ekki sjeð mjer annað fært en að gera síðustu tilraun til að koma heppilegra og — jeg vil segja — rjettlátlegra skipulagi á þetta, og það getur eflaust orðið með þriggja manna nefnd, sem kosin er hlutbundinni kosningu og fenginn er tillögurjettur í stað ákvörðunar.

Það eru ýmsar aðrar brtt. á þskj. 654, en jeg hefi ekki haft tíma til að bera þær saman við frv., af því að þær komu einmitt fram á þessu augabragði. En brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) nálgast þó mjög þá hugsun, sem liggur að baki brtt. okkar háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) við 2. gr. Þess vegna hefði jeg getað fallist á þær, ef háttv. flm. (J. Þ.) hefði ekki lagt til að fresta seðlaafhendingu bankans enn af nýju um 6 mánuði, frá 1. maí til 31. okt. 1922. En það er sama og að rýra rjett ríkissjóðs til seðlatökunnar og draga enn meir fram hlut bankans en komið er.

Um 5. brtt., frá sama háttv. þm. (J. Þ.), er ekkert að segja; hún er afleiðing þeirrar fyrri og til samræmis sett. En þessar brtt. háttv. þm. (J. Þ.) tel jeg ekki mega komast að, af því að þær rýra rjettinn þeim megin, sem jeg vil láta hann vera ríkastan, rýra rjett ríkisins og Landsbankans.

Annars læt jeg skeika að sköpuðu um það, hvernig fer með brtt. okkar háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), og vænti þess, að þeirra góði málstaður bjargi þeim.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil láta mjer nægja í fáeinum orðum að segja hvernig jeg lít á brtt. þær, sem fram hafa komið við þessa umr. Jeg tek þá fyrst brtt. háttv. 1. þm. Árn. (E. E.). Þær hafa flestar komið fram áður, hjer um bil eins eða alveg með sömu orðum, en ekki náðst samkomulag um þær, svo að það virðist vera tilgangslítið að bera þær fram nú á ný. Og jeg verð að leggja á móti þeim nú, af sömu ástæðum og við 2. umr., en þær ástæður hirði jeg ekki um að fara að telja nú aftur við þessa umr. Þó vil jeg sjerstaklega minnast á síðustu brtt. hans, sem virðist vera á litlu viti bygð, eins og flest annað í þessu máli, sem komið hefir frá þessum háttv. þm. (E. E.), þessum alkunna þokuhnetti þingsins.

Frv. á sem sje að öðlast gildi strax, en koma þó ekki til framkvæmda, og ef svo hlut-

hafafundur fæst ekki til að ganga að frv., þá skal sama skipulag og nú er um seðlaútgáfuna gilda til 1. maí 1922.

Jeg sje nú enga ástæðu til þess að gefa bankanum í skyn, að geti hann ekki gengið að frv., þá fái hann að halda öllum rjettindum sínum áfram. Hjer er verið að auka á rjettindi hans, en það er lítt í samræmi við ummæli þm. (E. E.) í þessu máli. Jeg vil halda fast við það, að það sje nú þegar ákveðið, að Íslandsbanki geti ekki haldið því fram síðar, eða nokkur vafi komist að um það, að hann eigi að halda seðlaútgáfunni áfram.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að ræða þessar till. frekar; þær eru afturgöngur, og þegar samkomulag er fengið á öðrum grundvelli, þá er ekki ástæða til að vera að halda þeim á lofti.

Þá kem jeg að brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um takmörkun seðlaútgáfunnar. Hann velur þann tíma, þegar mest er úti af seðlum, til að takmarka á. Að þessu leyti álít jeg brtt. hans vera til bóta, því sjálfsagt er að takmarka seðlaútgáfuna, eftir því, sem viðskiftalífið þolir. En það er þó dálítill ágalli, að tíminn skuli vera framlengdur til hausts 1922, þó að það af minni hálfu skuli ekki verða gert að kappsmáli. Sama er að segja um 2. brtt. hans. Hún er alveg í samræmi við þá fyrstu.

Um fyrri till. frá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er það að segja, að svo framarlega sem till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) verður samþ., þá er þessi till. útilokuð. Þetta vildi jeg aðeins benda á, og jafnframt það, að ef þessi brtt. verður samþ., þá sýnist mjer, að Íslandsbanki hafi dálitla hvöt til að hafa sjerlega mikið af seðlum úti 1. maí 1922.

Þá kem jeg að síðari tillögu hans og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.). Að henni get jeg ekki gengið, því að þar er öllum vandanum skelt á stjórnina. Það er miklu betra eins og er í 5. gr. frv., að verð hlutanna sje ákveðið af þessari nefnd; og svo er annað atriði, sem sje það, að mjer skilst að ekki eigi annað mat að fara fram en þessara manna, er Alþingi kýs. Aðeins annar aðilinn á, eftir till. þessari, að tilnefna menn í þessa nefnd. Slíkt er mjög óaðgengilegt og varla frambærilegt, því að það hlýtur að vera sanngjörn krafa, að báðir aðiljar hafi jafnt tækifæri til að koma fram sínum kröfum, og svo sje óvilhallur oddamaður, sem skeri úr. Ef háttv. þm. (Sv. Ó.) keypti hlut, þá þætti honum víst óaðgengilegt, ef seljandi einn ætti að tilnefna menn til að meta hann. Mjer skildist á háttv. flm. (Sv. Ó.), að honum þætti ekki sanngjarnt ákvæðið í 5. gr. Jeg held nú einmitt, að það sje mjög sanngjarnt, að hvor aðili tilnefni 2 menn og æðsti dómstóll landsins oddamann. Og jeg get ekki gert þeim mönnum, sem Alþingi velur, upp svo hræðilegar sakir, að þeir láti hag bankans ganga fyrir hag síns eigin lands. Sama máli er að gegna um oddamanninn.

Ef ekki má treysta þeim mönnum, sem Alþingi útnefnir á þennan hátt, þá fæ jeg ekki sjeð, hverjum megi treysta. Og ef æðsta dómstól landsins má ekki treysta til þess að útnefna óvilhallan oddamann, sýnist mjer flest sund lokuð. Hverjum getum vjer þá eiginlega treyst?

Gunnar Sigurðsson: Jeg fjell frá orðinu við 2. umr. þessa máls; kveð mjer því hljóðs nú, þar sem jeg hefi sjerstöðu til þessa máls.

Þá get jeg lýst yfir því þegar, að jeg er frv. samþykkur í því að hjálpa Íslandsbanka úr þeim kröggum, sem hann nú er kominn í, vegna þess, að slíkt er nauðsynlegt til þess að bjarga atvinnuvegunum. Jeg er einnig samþykkur frv. í því, að veita tilstyrk með hlutafjárkaupum og sömuleiðis að styrkja bankann með lántökum.

En hins vegar er jeg algerlega á móti

endanlegu skipulagi seðlaútgáfunnar nú þegar. Og sannfæring mín er sú, að seðlaútgáfan eigi helst að vera hjá hvorugum bankanum, og þó síst hjá Íslandsbanka.

Jeg gat og um það við 1. umr., að seðlaútgáfan mundi verða langtryggust í höndum veðbankans. Þetta liggur og í augum uppi. Enginn er svo heimskur, að hann vilji ekki heldur veð í fasteign en í víxlum og öðrum þeim pappírum, sem bankarnir hjer hafa nú að bjóða.

Jeg legg því mikla áherslu á það, og vænti þess af stjórn og þingi, að góðir og víðsýnir menn verði nú kosnir til þess að athuga bankamálin rækilega, og það menn, sem ekki þykjast of góðir að leita upplýsinga sjer fróðari manna útlendra um það, hvernig þessi bankamál megi best skipast. Jeg legg meiri áherslu á þetta en frv. þingsins um málin, því við þm. erum engir sjerstakir bankafræðingar, sem ekki er heldur von til.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) mótmælti um daginn þeim orðum mínum, að Íslandsbanki væri spekulationsbanki, og sagði hann vera útgerðar- og verslunarbanka. Hann ætlaðist til, að jeg tæki þessi orð aftur. Það þykir mjer satt að segja nokkur frekja hjá háttv. þm. (J. Þ.). Enginn getur mótmælt þessu. Bankinn er að vísu útgerðarbanki líka. En það er ekki mikill munur á útgerð og spekulation, og hann hefir verið rekinn hjer á síðustu árum einmitt sem slík. Er það ekki t. d. spekulation að senda mestallan fisk af Íslandi árið sem leið í heildsölu, eins og Íslandsbanki gerði? Útgerð fylgir líka áhætta mikil. Það er einmitt vegna áhættunnar, að útgerðarbankar verða að taka hærri vexti en t. d. veðbankar.

Út af orðum hæstv. fjrh. (M. G.) vil jeg taka það fram, að mjer virðist ekki tryggilega gengið frá hlutafjárkaupunum í frv. eins og það kom frá háttv. Ed. Það hefir verið svo hjer á þinginu, að þingmenn hafa nokkuð skifst í tvö horn, eftir því hvort þeir hafa talið sig málsvara fyrir Íslandsbanka eða Landsbankann. Þess vegna gæti jeg trúað því, að ef þingið kysi 2 menn til að rannsaka bankamálin, þá muni annarhvor þeirra verða Íslandsbanka hlyntur. Svipað má segja um hæstarjett, að þó jeg enganveginn væni þá menn, er þar eiga sæti, um græsku, þá er mjer þó um það kunnugt, að sumir þeirra muni eiga hluti í Íslandsbanka.

Jeg geri því þá kröfu sem þm. fyrir landið fyrst og fremst, að úr því þingið nú bregst drengilega við til að hjálpa bankanum, að þá sje þó öll aðgæsla höfð og ekki hlaupið í neinar gönur.

Það þarf að fara fram nákvæm rannsókn á bankanum áður en hlutakaupin fara fram. Og hluthafarnir verða þá að sætta sig við fall á hlutabrjefunum, ef rannsóknin sýnir að það er rjett.

Jakob Möller: Það var dálítið atriði í ræðu hæstv. fjrh. (M. G.), í sambandi við brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem kom mjer til þess að standa upp.

Mjer skilst sem sje, að hæstv. fjrh. (M. G.) sje nú kominn að nokkuð annari niðurstöðu en við síðustu umr. þessa máls. Jeg gerði þá fyrirspurn til hæstv. stjórnar um það, hvernig afhending seðlaútgáfunnar í hendur ríkissjóðs ætti að fara fram, hvort heldur neðan frá eða ofan frá, eða með öðrum orðum, hvort Íslandsbanki ætti að hafa útgáfu toppseðlanna á hendi til loka leyfistímans eða ríkissjóður að taka við henni strax. Og hæstv. fjrh. (M. G.) sagði þá, að sú væri meiningin, að sú útgáfa fjelli til ríkissjóðs.

Eftir till. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) skilst mjer, að það sje aftur á móti meiningin, að toppurinn sje í höndum Íslandsbanka. Skildist mjer á hæstv. fjrh., að

hann gengi inn á þessa till., og hefir hann þá allmjög snúið við blaðinu. Ef því er slegið föstu, að Íslandsbanki eigi að draga inn á fyrsta ári 1 miljón af seðlum, þá leiðir af því, að sú miljón fellur til ríkissjóðs. En það verður þá væntanlega föst útgáfa, svo Íslandsbanki hefir toppseðlana eftir sem áður. Jeg hefi raunar ekkert sjerstakt við þetta að athuga, en vildi aðeins vekja athygli á því.

Jeg legg ekki mikið upp úr því að ákveða hámark seðlaútgáfunnar 31. okt. 1922, og tel þá brtt. í raun og veru þýðingarlausa. Gat og ekki betur skilið en að háttv. till.maður segði, að stjórnin gæti þá, ef þörf væri, heimilað bankanum að gefa út meiri seðla en að þessu hámarki, 8 milj. kr., og auðvitað yrði það gert, hvað sem þessu hámarki líður. Sem stendur sje jeg ekki neinar líkur til þess, að ekki verði þörf fyrir meiri seðlaútgáfu á næsta ári en 8 milj. kr. En til þess að bæta úr þeirri þörf, vill þá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) helst láta kaupa og flytja inn danska seðla. Jeg get nú fullvissað háttv. þm. um það, að til þess verður ekki gripið, heldur mun stjórnin að sjálfsögðu leyfa bankanum að auka seðlaútgáfu sína eftir þörfum, og láta hann þá heldur greiða vöxtu af þeim seðlum í ríkissjóð heldur en til útlendra banka. Hitt, að flytja inn erlendan gjaldmiðil til almennra viðskifta, væri hrein fjarstæða.

Það hefir verið mikið um það rætt og ritað í öllum löndum, hvernig eigi að fara að því að takmarka seðlaútgáfuna. Er ástandið í því efni síst verst hjer, því að seðlaútgáfan hjer er t. d. helmingi minni en í Danmörku. Og stafar það að vísu vafalaust að miklu leyti af því, að viðskiftum okkar er þannig háttað, að við þurfum ekki eins mikið í reiðufje.

Jeg býst við því, að það verði örðugt hjer sem annarsstaðar að ákveða seðlaútgáfunni takmörk. Ef seðlar eru innleysanlegir og of miklir, þá er komið með þá í bankana aftur og þeir leystir inn, og seðlaútgáfan takmarkar sig þannig sjálf. En ef seðlar eru óinnleysanlegir, þá er öllu verra við þetta að fást. Sýnist þá eina leiðin til takmörkunar sú, að láta bankann greiða vexti af seðlaútgáfunni, þannig, að hann geti engan hag haft af óhæfilega mikilli seðlaútgáfu. Að setja eitthvert hámark, svona alveg út í bláinn, getur orðið viðskiftalífinu og öllum atvinnurekstri stórhættulegt, ef því er þá framfylgt. Að öðrum kosti er það þýðingarlaust.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að eina ráðið til þess að íslenskur gjaldeyrir hjeldist í fullu verði væri að takmarka hann þannig, að ávalt væri líka erlendur gjaldeyrir í landinu jafnframt.

En gallinn á þessu er sá, að útlendi gjaldeyririnn helst því aðeins í landinu, að hann sje ekki verðmeiri en sá innlendi. Annars er hann fluttur út. Fyrir þessu er full reynsla fengin hjer á landi, auk þess, sem það liggur í hlutarins eðli. Þetta er því ekkert ráð, eins og allir geta sjeð. Enda mundi og verða „tvíeggjuð" hjálpin í því, að takmarka íslenskan gjaldeyri og flytja inn útlendan. Það er svo um erlendan gjaldeyri, eins og hverja aðra vöru, að hann fæst ekki fyrir ekki neitt. Ef við kaupum hann, þá aukast auðvitað skuldirnar við útlönd að sama skapi, lánstraustið rýrist, og afleiðingin verður auðvitað, að gengi íslenskrar krónu hlyti að lækka, en ekki að hækka.

Emfremur talaði þessi háttv. þm. (J. Þ.) um það „nýja hugtak" að gefa út nýja seðla, eftir því sem viðskiftaþörfin krefur. En jeg verð að vekja athygli hv. þm. á því, að þetta hugtak er jafngamalt Íslandsbanka. Hann hafði upphaflega að lögum heimild til þess að gefa út seðla alt að 2½ milj. Fyrst í stað þurfti ekki að gefa út fulla miljón kr., en síðan fór

seðlaútgáfan smáhækkandi, en vitanlega hafa altaf verið gefnir út seðlar, eins og talið hefir verið að viðskiftaþörfin krefði. Hjer er því ekki komið inn á neina nýja braut. Það er aðeins erfiðara nú, vegna óinnleysanleika seðlanna, að ákveða seðlaþörfina. En í því skyni er alveg þýðingarlaust að setja svona hjegóma-ákvæði um hámark seðlaútgáfu í lög, og það því fremur, þegar fyrirfram er heimilað að fara upp úr því.

Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um brtt. hv. 1. þm. Árn. (E. E.) sem „afturgöngur". Mjer þótti það dálítið merkilegt. Svipaðar till. hafa að vísu komið hjer fram áður, í frv., sem gekk til 2. umr., en var aldrei drepið. Það er því með öllu óviðeigandi að kalla þetta afturgöngur. Og mjer sýnast þessar till. að mörgu leyti svo merkilegar, að jeg vonast til, að hæstv. stjórn geri nú grein fyrir afstöðu sinni til þeirrar skipunar, sem þar er farið fram á. Og það ætti hann því fremur að gera, sem hann, einmitt þegar þessi skipun var hjer til umr. áður, skaut því til flm., að þeir skyldu ekki leggja kapp á að koma því frv. fram, en koma heldur fram með brtt. í sömu átt við Ed.frv. eins og þeir nú hafa gert. Og þó hæstv. fjrh. (M. G.) segi nú, að háttv. Ed. muni ekki samþ. þessar brtt., þá er það engin ástæða, enda liggur ekkert fyrir um það frá háttv. Ed. Og jeg veit ekki til, að þær hafi verið lagðar fyrir deildina, svo að hún gæti átt-að sig á þeim. Stjórnin þarf því að gera grein fyrir því frá eigin brjósti, en ekki frá brjósti háttv. Ed., hvers vegna þessar brtt. megi ekki ganga fram. Það er vitanlegt, að Landsbankinn leggur nú mikla áherslu á að fá rjett til þess að gefa út þær 3 milj. kr., sem stjórnarfrv. heimilaði honum. Brtt. háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) fara fram á hið sama, og sýnist því undarlegt af stjórninni að virða þær að vettugi.

Jeg skal svo ekki frekar gera grein fyrir afstöðu minni til þessara till. En vona, að stjórnin geri aðra grein fyrir afstöðu sinni til þeirra en þá, að háttv. Ed. sje á móti þeim.

Þessar till. háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) fara einmitt í þá átt, sem stjórnarfrv. fór, með skýringum tveggja ráðherranna, og er því kynlegra, hvað hæstv. stjórn virðist nú vera þeim fjandsamleg.

Sveinn Ólafsson: Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir að nokkru leyti tekið af mjer ómakið, þar sem hann benti rjettilega á það, að eftir tillögum háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og eftir því sem orðin fjellu hjá hæstv. fjrh. (M. G.), þá hljóti aukaseðlarnir að verða gefnir út af Íslandsbanka, og rjetturinn er þá hjá honum, en ekki hjá ríkissjóði.

Það er því bersýnilegt, að af þessum tvennum tillögum lúta brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) meira að því að draga fram hlut Íslandsbanka gagnvart ríkinu eða gagnvart Landsbankanum.

Fyrir þá skuld álít jeg ekki, eins og jeg hefi tekið fram áður, tiltækilegt að ljá þeim lið.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, en víkja nokkuð að því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði um tillögur okkar þm. Ísaf. (J. A. J.) á þskj. 654. Hann hjelt því fram, að tillögur okkar væru ekki aðgengilegar, meðal annars vegna þess, að ef þær næðu fram að ganga, þá gæti það orðið hvöt fyrir Íslandsbanka til þess að reyna að hafa sem mest af seðlum úti, þegar innlausnartími þeirra byrjaði. En jeg hygg, að það sje á valdi stjórnarinnar, hvað mikið er í umferð á þeim tíma. Það má máske segja, að bankinn gæti farið að lána sem mest út og gefa sem mest út af seðlum, rjett áður en innlausnin byrjaði. Það er óviðfeldið að gera ráð fyrir slíku, og það ætti að vera á valdi

stjórnarinnar, hvort seðlaumferðin er hæfileg.

Mjer virtist hæstv. fjrh. (M. G.) aðhyllast frekar brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) heldur en okkar þm. Ísaf. (J. A. J.), en það kom ekki skýrt fram í orðum hans.

Hæstv. fjrh. (M. G.) mótmælti því, að matið á hlutabrjefunum væri ekki fulltrygt eftir frv. Munurinn á þessu er, að eftir frv. eiga fulltrúarnir að ákveða verðið, en eftir tillögum okkar eiga þeir aðeins að gera tillögur um það, og er þetta geysimikill munur. Hitt er það, eins og jeg tók fram, að ekki er verið að væna þá menn, sem kosnir verða af Alþingi, um það, að þeir meti ekki rjett verð hlutabrjefanna. Það er svo langt frá, að í till. okkar liggi nokkurt slíkt vantraust, og er því óþarfi að leggja þá meiningu inn í hana. Það væri heldur engin ástæða að gruna menn um slíkt, en trygging fyrir því, að þetta mat yrði rjett, er ekki meiri heldur en ef farið væri eftir till. okkar. Það hefir komið fram í umræðunum, þó mjer sje ekki fyllilega ljóst, hvaða þýðingu það hefir, að dómendur í hæstarjetti sjeu hluthafar í Íslandsbanka. Þótt svo væri, tel jeg enga ástæðu til að vantreysta þeim.

Að það sje ósanngjarnt gagnvart bankanum, að aðeins þingkjörnir fulltrúar segi álit sitt um það, hvað þeir telji sanngjarnt verð brjefanna, get jeg heldur ekki sjeð. Matið á að vera algerlega óhlutdrægt og bygt á nákvæmri rannsókn.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta.

Eiríkur Einarsson: Hæstv. fjrh. (M. G.), sem jeg hjelt að mundi taka brtt. mínum feginsamlega, verður hið versta við, og þykir mjer það undarlegt. Ákvæðið um 3 milj. kr. handa Landsbankanum er ættað frá stjórnarfrv., og var það atriði þess, er gaf því helst gildi. Ráðherrann er meira að segja orðvondur og talar um afturgöngur. Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) tók það rjettilega fram, að brtt. mínar verða síst nefndar því nafni. Þær eiga skyldast við frv. háttv. þriggja Nd.-þingmanna, er aldrei hefir sálast, en gekk hið síðasta, er maður sá til þess, til 2. umr., og var hið besta þessara frv., er fram hafa komið í bankamálum. Verði því um afturgöngur að ræða í sambandi við þetta mál, munu þær varla koma fram fyr en víg hafa farið fram, og verða þeir þá að líkindum fyrst fyrir slíku, er leggja á banaráðin. Hefir hæstv. fjrh. (M. G.) hjer gert sitt til í þeim efnum, er hann legst á móti góðu máli, og hittir hann sig þar sjálfan fyrir.

Um brtt. mína viðvíkjandi bráðabirgðaskipulagi seðlaútgáfunnar vil jeg taka það fram, að hún er í samræmi við frv. að öðru leyti. Það hefi jeg tekið fram áður við umr. þessara mála. Það, sem jeg vildi fyrst koma í veg fyrir, er afsláttarpólitíkin, að slakað verði á öllu að óreyndu, hvort saman gengur við bankann.

Gerist hæstv. fjrh. (M. G.) ólíkur sjálfum sjer, ef hann vill setja Íslandsbanka þyngri kosti í þessum efnum og þykir jeg gefa honum helsti undir fótinn með ákvæðinu. Ef ráðherrann getur haldið þessu málefni í enn tryggara horfi en jeg hefi gert tillögu um, hvernig sem fer, skyldi það gleðja mig.

Jón Þorláksson: Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) taldi, að í brtt. minni fælist aukning á seðlaútgáfu Íslandsbanka og að rjettur bankans væri aukinn með því, að tímatakmark innköllunar seðlanna er fært frá 1. maí til 31. okt. Aukningin er aðeins í orði, en ekki á borði, eins og jeg áður hefi gert grein fyrir. En um tímann er það að segja, að þótt settur væri 1.

maí, þá mundu seðlarnir í reyndinni ekki verða dregnir inn fyr en seðlaþörfin fer að minka, eftir 31. okt., og jafnvel ekki fyr en í árslok, eins og hæstv. fjrh. (M. G.) þegar hefir útlistað. Mjer hefði verið alveg sama, þótt ákveðið hefði verið 31. okt. 1921, en jeg treysti mjer ekki til að gera neina skynsamlega till. um ákvörðun seðlamergðarinnar 31. okt. 1921, vegna þess, að seðlaþörfin á þeim tíma er svo mjög komin undir ráðstöfunum bankans frá fyrri hluta ársins, sem þegar eru um garð gengnar. En sje sett lögákveðið hámark fyrir seðlaumferðinni 31. okt. 1922, þá getur bankinn í tíma gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að komist verði af með hina ákveðnu seðlamergð.

Jeg er sjerstaklega mótfallinn VI. brtt. á þskj. 654, frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.), því að af henni mundi leiða meira seðlaflóð en áður hefir verið í landinu. Íslandsbanki mun þá, vegna sinna eigin hagsmuna, freistast til að hafa sem allra mesta seðla úti 1. maí 1922, því að við það eykst seðlaútgáfa hans hlutfallslega fyrir öll þau ár, sem eftir eru af leyfistímanum. Það er gróði fyrir hann að hafa sem mesta seðla úti þennan dag, þó hann þurfi að borga fulla forvexti af því, sem er fram yfir 7 miljónir kr. Og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) má ekki halda, að neinir erfiðleikar sjeu á því fyrir bankann að koma seðlunum út. Ekki er annað en að veita þau lán, sem um er beðið. Þar við bætist svo, að eftir brtt. á að gefa út af ríkissjóðs hálfu alla aukaseðla, sem þarf umfram það, sem Íslandsbanki hefir úti 1. maí. Þótt Íslandsbanki færi ekki frekara í sakirnar en það að hafa úti 7 milj. 1. maí, þá mundu þar til svara einar 13 milj. kr. 31. okt. Yfir höfuð er ekki hægt að setja seðlamergðinni nein takmörk eftir þessari brtt. VI á þskj. 654. Reynist hámark það, er jeg sting upp á, 8 milj. 31. okt. 1922, of lágt, þá má, eins og jeg þegar hefi sagt, breyta því á næsta þingi.

Hjer hefir verið mikið talað um svo nefnda „toppseðla", hvor bankinn ætti að gefa þá út, meðan seðlaútgáfan væri í höndum tveggja banka. Alt þetta tal er á misskilningi bygt, því að strax og orðin er nokkur veruleg seðlaútgáfa, einnig hjá þeim bankanum, sem minna hefir, þá hljóta að verða „toppseðlar" hjá þeim báðum, þ. e. þeir báðir að hafa færri seðla í umferð þann tíma árs, sem seðlaumferðin er minst, heldur en þann tímann, sem hún er mest, nema einhverjar alveg sjerstakar ráðstafanir sjeu gerðar með lögum eða á annan hátt, til þess að annarhvor bankinn á hverju ári innkalli svo mikið af sínum seðlum, sem nemur öllum mismuninum á mestu og minstu seðlafúlgu í umferð.

Viðvíkjandi seðlamergðinni skal jeg einungis bæta því við, að allir okkar bankafróðustu menn, að minsta kosti þeir, sem ekki eiga nú sæti í bankastjórn, leggja mjög mikla áherslu á, að seðlamergðin sje takmörkuð meðan seðlarnir eru óinnleysanlegir. En þegar sú stund kemur, að þeir verða innleystir með gulli, þá takmarkast útgáfan af því, án þess að löggjafarvaldið þurfi að reisa skorður við henni. Vitanlega er ekki þörf á slíkum takmörkunum, ef mönnum stæði á sama, þótt okkar gjaldeyrir hefði lægra gengi en danskir seðlar, og sumum hefir fundist það vera rjetta leiðin að lofa slíkum gengismun að koma fram. En jeg held, að það sje ekki rjetta leiðin, heldur sú, að reyna að halda uppi jafngengi við danskan gjaldeyri, en þá má ekki hafa meira af seðlum í umferð en vera mundi eða fært þætti, ef okkar seðlar væru innleysanlegir — ekki með gulli, heldur með

dönskum Þjóðbankaseðlum. Þetta mundi vera besta ráðið til að halda okkar seðlum í sama verði og dönskum seðlum.

Að öðru leyti skal jeg geta þess um mínar brtt., að jeg hefi leitað fyrir mjer í háttv. Ed., hvort frv. með breytingum mínum mundi ná samþykki þeirrar deildar, og eftir því, sem best verður vitað, er ekkert því til fyrirstöðu.

Jakob Möller: Jeg hafði búist við, að hæstv. fjrh. (M. G.) tæki til máls á undan mjer. En það gerir vitanlega ekkert til; jeg veit, að svar hans kemur, þótt seinna verði, og jeg get þá hagað atkvæði mínu eftir upplýsingum þeim, er hann gefur. En það, sem kom mjer til að standa upp, voru ummæli samþm. míns, háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Hann sagði, að jeg hefði oft minst á „toppseðlana" svokölluðu. Þetta er alveg rjett, en það er af því, að jeg veit, hve mikla þýðingu þeir hafa í þessu máli. Það er viðurkent af hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að tilgangur hans sje, að Íslandsbanki hafi toppseðlana fyrst um sinn, en mjer skilst, að svo verði til loka leyfistímans. Og jeg held, að það sje háttv. samþingismaður minn, sem misskilur þetta, en ekki jeg. Hann segir, að auðvitað hljóti toppseðlarnir að verða hjá báðum bönkunum, sem með seðlaútgáfuna fari. Jeg veit, að bankarnir líta öðruvísi á þetta. Og jeg veit ekki betur en að það hafi verið alveg ófrávíkjanlegt skilyrði af Íslandsbanka hálfu, að hann hjeldi toppseðlaútgáfunni. Ekki skal jeg neita því, að svo mætti koma seðlaútgáfunni fyrir, að tveir bankar geti haft þessa toppseðlaútgáfu á hendi. En þá er mjer spurn um það, hvort það mundi affarsælla, eða hvort þá yrði hægra að hafa eftirlit með seðlaútgáfunni og seðlaþörfinni!

Að öðru leyti vek jeg aðeins athygli á því, að hjer er að nokkru leyti verið að semja um rjett, sem Íslandsbanki hefir og ekki verður af honum tekinn, nema hann brjóti hann af sjer eða afsali sjer honum. En hæstv. fjrh. (M. G.) hefir látið það í ljós, að hann telji hann ekki hafa brotið rjettinn af sjer, og skilst mjer þá, að hitt verði að vera „á hreinu", hvort hann vill afsala sjer rjettinum. Það kemur auðvitað ekki til, ef það er rjett, sem jeg held fram, að hann haldi toppseðlaútgáfunni samkvæmt till. háttv. samþm. míns (J. Þ.).

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að allir bankafróðir menn teldu það fyrsta skilyrðið til að koma bankamálunum í gott horf, að takmarka seðlaútgáfuna. Jú, mikið rjett. Á þessu hafa allir „teoretikarar" um heim allan verið að klifa árum saman. En það gengur illa að koma því við í framkvæmdinni. Það er vitanlega rjett, að seðlaútgáfan ætti ekki að vera meiri en nauðsyn ber til, en vandinn er að ákveða nauðsynina. Og þrátt fyrir alt tal hinna bankafróðu manna, þá hefir þetta hvergi tekist. Og það er gersamlega þýðingarlaust að setja lög um það, að hinn 31. okt. 1922 megi ekki vera meira en þetta og þetta í umferð af seðlum, því að það verður samt látið vera meira, ef þörf krefur.

Sami háttv. þm. (J. Þ.) talaði enn um verðfall á íslenskum seðlum, í samanburði við danska seðla, og vildi flytja danska seðla inn í landið, að mjer skildist til þess að halda íslenskum seðlum uppi í verði innanlands. En mjer er spurn: Hvað er greið leið til að lækka gengi á íslenskum seðlum einmitt innanlands, ef ekki sú, að flytja danska inn? Þá mundi verða þvílíkt kappboð um dönsku seðlana, til þess að senda þá til útlanda aftur, að jeg efast ekki um, að fljótlega yrðu boðnar 20 kr. íslenskar fyrir hverjar 10 danskar. Það verð jeg að segja, að er mjög illa til fundin leið til að *hækka* gengi íslensku seðlanna, og það mundi koma okkur í slíkar fjárhags-

legar ógöngur, að slíkt hefði ekki þekst hjer áður.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer sýnist vera orðið allþunnskipað í sætum deildarinnar, og skal jeg því reyna að vera stuttorður, þótt jeg þurfi að svara nokkrum háttv. þm.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði, að hjer berðust tveir flokkar í þinginu. Drægi annar taum Íslandsbanka, en hinn taum Landsbankans. Sjálfur virtist hann telja sig nokkurskonar hvítan engil, sem stæði utan við flokkadrátt þennan. Jeg veit ekki, hvaðan þessum háttv. þm. (Gunn. S.) kemur rjettur til að bera þingbræður sína slíkum brigslyrðum. Hann sagði, hv. þm. (Gunn. S.), að ráðstöfun sú, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. frv., um skipun oddamannsins, gæti hæglega leitt til hlutdrægni. Kvað hann sjer kunnugt um það, að meiri hluti hæstarjettardómaranna ætti hluti í Íslandsbanka. Það má vel vera. En jeg verð nú að segja það, að ef þetta á að hafa þau áhrif, að þeir verði hlutdrægir í þessari útnefningu, þá er fátt sem treysta má í þessu landi. Hvernig á þá að dæma um mál, sem rísa kunna milli ríkisins og bankans, því að sú er tilætlunin, að dómstólarnir skeri úr, ef ágreiningur kemur þar upp. En annars er það venja, að vera ekki að blanda æðstu dómstólum inn í „parti"-deilur.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að jeg hefði skift um skoðun í máli þessu, og bygði það á því, að jeg mælti með brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). En jeg fæ ekki sjeð neitt ósamræmi í því, þótt jeg gefi ákveðna skýringu í einhverju máli, og taki svo vel brtt., sem fram kemur í því máli síðar.

Sami háttv. þm. (Jak. M.) sagði, að jeg hefði ekki fært fram neinar ástæður fyrir því, að jeg væri á móti brtt. háttv. 1. þm. Árn. (E. E.). En jeg sagði, að þær mundu ekki ganga í gegn í þinginu. Þá ástæðu kvaðst hann ekki taka gilda, en það er hægur vandi að berja hausnum við steininn og heimta nýjar og nýjar ástæður, en jeg er ekki skyldur að hlaupa eftir því. (*Jak. M.*: Hvaða sannanir eru fyrir því að þær nái ekki fram að ganga?). Jeg get ekki sannað, að þær komist ekki í gegn, og háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) getur ekki sannað, að þær nái fram að ganga. En jeg legg undir dóm háttv. þm., hvorum þeir trúi betur. (*Jak. M.*: Reynslan sker úr). Alveg rjett.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að matið á hlutunum yrði að vera óhlutdrægt. Það er mikið rjett. Jeg álít, að ráðstafanir þær, sem 5. gr. frv. gerir í því efni, sjeu fullnægjandi til þess að fyrirbyggja hlutdrægni, þar sem aðiljarnir eiga að útnefna til matsins sína 2 mennina hvor og hæstirjettur oddamanninn. Það var útúrsnúningur hjá honum, er hann sagði, að Íslandsbanki yrði að taka þann kost að gefa seðla sína, til þess að koma þeim út. Hann mun hafa ráð á að losna við þá án þess.

Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) sagði, að ef stjórnin gæti bent á betri veg en þann, sem hann kemur með, þá gæti hann fallið frá till. sínum. Jeg hefi aldrei hrósað mjer af því, að jeg væri slyngur í að finna nýja útvegi, en það sem hann er að burðast með, geta allir fundið upp. Það er sem sje ekkert annað en upptugga af því, sem áður hefir komið fram. Annars skal jeg ekki beina mörgum orðum að honum nú; það getur verið, að mjer gefist færi á að ávarpa hann í öðru máli hjer á þinginu að skilnaði. Hann talaði um það, að stjórnin mætti vera sjer þakklát fyrir að bera það fram, sem hún hefði komið fram með í upphafi. Það gæti nú verið, að hún væri

það, ef hann hefði þá borið það fram rjett og óbrjálað. En sem vænta mátti er ekki því að heilsa.

Sami háttv. þm. (E. E.) kvað það rangt að kalla þessar till. afturgöngur. En er jeg talaði um afturgöngur, þá átti jeg við peningamálanefndina, því að þessar till. eru ekkert annað en afturgöngur úr henni. Hann spurði, hve margir þm. ættu hluti í Íslandsbanka. Það er mjer ókunnugt um. Jeg get aðeins lýst yfir því, að jeg á engan hlut í honum og hefi aldrei átt.

Um toppseðlana, sem hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) var að tala um, skal jeg að endingu geta þess, að það er rjett hjá háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að þeir geta aldrei verið hjá Íslandsbanka til lengdar, eftir að hann fer að draga inn seðla sína með $^1/_{10}$ hluta á ári hverju. Þetta skilja allir; þess er jeg fullviss.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal vera stuttorður. Hæstv. fjrh. (M. G) var óvenjulega ákveðinn og harðorður í síðustu ræðu sinni. Það er sennilega af því, að flestir þeirra, sem hann átti orðastað við, eru dauðir, að hann hefir talið sjer óhætt að tala svona digurbarkalega. Jeg sný alls ekki aftur með það, að hjer á þinginu skiftast menn í tvo flokka, og er annar með Íslandsbanka, en hinn með Landsbankanum. Hitt sagði jeg aldrei, að jeg væri hvítur engill, sem væri mitt á milli flokka þessara. Mjer hefir fremur virst hæstv. stjórn vilja vera „hvítur engill“ á alveg sjerstakan hátt, nefnilega sem fullkominn skoðanaleysingi í máli þessu. Hún hefir altaf verið að leita hófanna um, hver stefnan yrði yfirsterkari, því víst vildi hún fylgja því, sem ofan á yrði, því hún er trygg og vinföst. Annars situr síst á fjármálaráðherra (M. G.) að láta sem hann þekki ekki þennan stefnumun, því að jeg veit ekki betur en að hann hafi sjálfur verið að brígsla þingmönnum um það, að þeir drægju taum Landsbankans. (*Fjrh.*: Alls ekki). Jú, það kom fram gagnvart 1. þm. Árn. (E. E.). (*Fjrh.*: Ósatt). Þetta er sannleikur, sem deildin getur vitnað. Jeg sný heldur ekki aftur með það, að það er alls ekki tryggilega gengið frá greininni um hlutakaupin. Þótt hæstirjettur tilnefni einn manninn til matsins, þá er alls ekki loku fyrir það skotið, að hlutdrægni geti komist að. Annars er hæstv. fjrh. (M. G.) farinn að feta í fótspor meistara síns, forsætisráðherra, og vanda um ræður manna hjer á þingi. En slíkt er ekki þeirra, heldur forseta, ef ástæða er til. En það er eins og sumir menn megi ekki heyra talað skýrt og skorinort hjer á þingi, heldur vilja þeir hafa eintóma skoðanaþoku og hugsanagraut. En jeg skal þó viðurkenna það, að margir eru verri með það en hæstv. fjrh. (M. G.). En að öðru leyti skal jeg láta hann vita það, að ef hann ætlar að fara að vanda um við mig, þá tek jeg það mjög óstint upp.

ATKVGR.

Brtt. 654,I. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., M. P.

nei: St. St., Þorl. G., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., H. K., J. S., J. Þ., M. G., M. J., P. J., P. O., P. Þ., S. St.

Þrír þm. (B. Sv., Ó. P., M. K.) fjarstaddir.

Brtt. 654,II.a.—II.b. samþ. með 13 :10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., P. O., St. St., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ., S. St.

nei: Jak. M., J. B., M. P., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S.

P. J. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (B. Sv., Ó. P., M. K.) fjarstaddir.

Brtt. 654,III.—IV. teknar aftur.
— 654,V. samþ. án atkvgr.
— 654,VI. tekin aftur.
— 654,VII. tekin aftur.
— 654,VIII. feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. B., M. J., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., E. E., Gunn. S.

nei: H. K., J. S., J. Þ., M. G., M. P., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., S. St.

Þrír þm. (B. Sv., Ó. P. og M. K.) fjarstaddir.

J. A. J. greiddi ekki atkv.

Brtt. 654,IX.a.—b. feld með 14 : 8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 3 atkv. og endursent Ed.

Á 75. fundi í Ed., föstudaginn 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 665).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Halldór Steinsson: Það mun óhætt að segja, að þetta mál, bankamálið, hefir verið langvandasamasta málið, sem fyrir þessu þingi hefir legið, og um það hefir líka verið háð hörðust barátta. Baráttan hefir snúist um það, hvort styðja bæri Íslandsbanka, reisa hann við og gera starfhæfan, eða hvort alt skyldi halda áfram að sitja fast í sama feninu og áður.

Viðreisnarstefnan hefir nú orðið ofan á, sem betur fór. Og það er þessari háttv. deild að þakka. Hún sýndi svo góðan skilning og mikla festu í málinu, að háttv. Nd. varð að haga gerðum sínum með hliðsjón af vilja þessarar deildar. Þess vegna getum við skoðað þetta frv. ennþá sem okkar verk, því að breytingar þær, sem það hefir tekið í háttv. Nd., eru mjög smávægilegar. Jeg vona því, að háttv. deild sýni frv. sama sóma og áður og afgreiði það í einu hljóði sem lög.

Sigurður Eggerz: Jeg tók það fram við síðustu umr. þessa frv. hjer í deildinni, að vegna ákvæða, sem þá komust inn í það, gat bankinn ráðið miklu um það, hve mikla seðlaútgáfu hann hefði framvegis, með því að hafa nógu mikið úti af seðlum, þegar hann byrjaði að draga inn seðlana samkv. frv. Nú hefir þessu verið breytt í háttv. Nd., með því að setja inn í frv. ákvæði um það, að bankinn megi ekki hafa úti meiri seðla en 8 milj. kr. 31. okt. 1922. Þetta tel jeg til bóta.

Þrátt fyrir það, þótt jeg telji enn vera töluverðan galla á frv., þann galla, að seðlaútgáfu bankans er nú skipað fyrir lengri tíma, en það átti ekki að gera fyr en á eftir hlutabrjefatökunni, með aðstoð fagmanns, eins og jeg hefi áður lagt áherslu á, þá er þó fengið þar aðalatriðið, sem eru kaup á hlutabrjefunum til handa ríkissjóði. Mun jeg því fylgja frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 675).

---

35. Lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa stjórninni til þess að taka gjaldeyrislán. (A. 508).

Á 65. og 68. fundi í Nd., dagana 9. og 12. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það mun ekki vanþörf fyrir mig að biðja háttv. deild velvirðingar á því, að jeg ber fram fyrir hana frv. um fjármál, því að sumir hafa haldið því allmjög á lofti, að jeg beri lítið skynbragð á þá hluti. Jeg skal gjarnan viðurkenna, að jeg hefi lítið vit á fjármálum, enda hefi jeg lítið fengist við fjárreiður um dagana. Þó er ein tegund fjárreiðna, sem jeg hefi talsvert fengist við — skuldir. Af þeim hefi jeg allmikla reynslu. Og við þá reynslu hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje hægt að borga skuld, nema eitthvað sje til að borga hana með. Þegar greiðslufjeð vantar, verður að taka nýtt lán, til þess að losna við gömlu skuldina. Þetta er sú eina aðferð, sem mjer er kunn. Ef til vill hafa aðrir fundið aðra leið, og væri jeg þeim mönnum þakklátur, ef þeir vildu benda mjer á hana, því að þá gæti jeg kannske losnað við það lítilræði, sem jeg á eftir af þessari vöru. En á meðan enginn gerir það, verð jeg að halda mjer við mína aðferð.

Jeg býst við, að þessu sje líkt háttað með þjóðina og einstaklinginn, svo að ef hún ekki hefir fje til þess að greiða skuldir sínar, þá verði hún að taka lán til þess að standa í skilum. Jeg hefi verið svo heimskur að halda því fram, að lántaka sje nauðsynleg til þess að bjarga Íslandi úr fjárkreppu þeirri, sem það nú er komið í og hefir verið í um hríð. Aðrir hafa sagt þetta óþarfa. En þar geta þeir aðeins hafa átt við ríkissjóðslán eða lántöku stjórnarinnar fyrir ríkisins hönd, því að landið er altaf að taka lán, og það jafnvel á hverjum degi. Það er aðallega sjerstök lánategund, sem jeg kalla *ræningjalán*. Þau eru þannig, að maður hjer fær peninga, eða peningavirði, að láni hjá manni í útlöndum. Peningarnir eru borgaðir hjer í banka. Lántakinn fer til bankans og spyr um peningana. „Jú, hjer eru þeir", segir bankinn, „en þú færð þá ekki, því að jeg ætla mjer að taka þá til láns, hvort sem þú vilt eða ekki." Að því er jeg best veit, hafa safnast hjer um 3 milj. slíkra lána, en eigendur eru ýmsir menn og stofnanir víðsvegar um lönd.

Þá heyri jeg sagt, að nefnd manna hafi bannað póststjórninni hjer að borga fje í útlöndum, þó hún vel geti gert það í öðrum löndum en Danmörku, með því að hún hefir póstávísanir til þess, og þarf aðeins leyfi til þess að nota þær Þetta sagði mjer maður, sem veit áreiðanlega um það og óhætt er að treysta.

Þó aðeins sje litið á virðingu landsmanna og tiltrú, þá virðist það heppilegast að taka eitt stórt lán á einum stað, og greiða á þann hátt hinar fleiri skuldir. Yrði slíkt lán tekið með fúsum vilja veitanda til ákveðins tíma. Vitanlega yrði að taka það til nokkurra ára, því að skuldin yrði ekki greidd upp á fyrstu árunum, meðan framleiðslan er að ná sjer upp aftur.

Það er margt, sem hefir stuðlað að því að koma okkur í þessar skuldir. Ill sala á afurðum landsins erlendis, skemd á fiski og umboðssala og verðleysi landbúnaðarafurðanna. Á sama tíma hefir verið keyptur fjöldi skipa og veiðarfæra dýru verði. Hefir þetta alt hjálpast að við að

auka skuldirnar og rýra gjaldþol landsins.

Þá veit jeg ekki betur en að Íslandsbanki sje í slíkri fjárkreppu, að hann getur ekki af eigin ramleik útvegað sjer lánsfje. Virðist þá rjett, að ríkið taki lán, bæði fyrir hann og Landsbankann.

Jeg þykist því geta fært fullar sönnur á þörfina á lántökuheimild fyrir stjórnina. Jeg ber þetta frv. ekki fram fyrir beiðni stjórnarinnar eða þingmanna eða annara manna, heldur eingöngu af því, að mjer þótti þessu seinka um of.

Jeg álít svona heimildar þörf, hvað sem hinu háa Alþingi þóknast að gera í bankamálunum. Þó horfið yrði að því ráði að kaupa hluti í Íslandsbanka, þá verður það ekki gert þegjandi eða undirbúningslaust. Fyrst þyrfti að fara fram gagngerð rannsókn á öllu ástandi bankans og ákveða verðmæti hlutanna, að henni lokinni, en þá þyrfti að lána bankanum fjeð á meðan.

Þó að sú stefna yrði ekki ofan á að kaupa hluti í Íslandsbanka, þá er engu að síður þörf á lántöku, til þess að geta gegnt þörfum landsmanna. Landsbankinn þarf líka á lánum að halda. Hann hefir hingað til flutt fje til útlanda eftir megni og orðið að taka lán í útlöndum, sem jeg hygg, að stjórnin hafi tekið ábyrgð á. En það lán er aðeins til bráðabirgða — á að endurgreiðast á þessu ári. Hann þarf því lán til nokkurra ára, til þess að geta staðið í skilum og haldið áfram starfsemi sinni.

Auk þess hefir Landsbankinn flutt yfir peninga, síðan Íslandsbanki hætti því, með þeim hætti, að honum er borgað inn með Íslandsbanka-seðlum og borgar sjálfur fyrir þá fult verð með dönskum seðlum erlendis. Þessu þarf að ljetta af honum, svo að hann skaðist ekki, ef alt í einu skyldi koma sjerstakt gengi á íslenska krónu. Íslandsbankaseðlana þarf því stjórnin að kaupa af honum fyrir erlendan gjaldeyri, og nota þá síðan til að borga landsómögum, embættismönnum og slíku fólki.

Jeg hjelt, að hæstv. stjórn vildi gjarnan fá svona heimild, þó að enginn mundi ætlja hana fyrir að taka lán án þess að hafa hana.

Lánsupphæðina hefi jeg sett alt að 15 milj. Ekki er það vegna þess, að jeg sje viss um, að það muni nægja, en jeg bjóst við því, að háttv. deildarmönnum mundi hrjósa hugur við því, ef jeg nefndi hærri upphæð. Jeg held, að þetta muni ekki nægja nema til bankanna, en ef þess væri ekki alls þörf, þá er engin hætta á, að hæstv. stjórn kunni ekki að takmarka sig.

Jeg leit svo á, að hæstv. stjórn mundi vilja fá þessa heimild, áður en bankamálunum er til lykta ráðið, til þess að geta hafið nauðsynlegan undirbúning lántöku, t. d. gæti hún símað til sendiherrans í Kaupmannahöfn og látið hann búa í haginn fyrir sig. Ef til vill hefir hæstvirt stjórn þegar gert þennan undirbúning, eða einhvern annan, þá er það vitanlega frjálst fyrir mjer, því þetta er aðeins getgáta manns, sem ekkert þekkir til. Það getur varla liðið langt áður farið verður að selja íslenska seðla erlendis, jafnvel fyrir hvaða verð sem fæst. Getur þá ekki hjá því farið, að gengið verði lágt, en jeg vil sporna við því, að svo verði.

Jeg veit um eitt stórt fyrirtæki hjer, sem er mjög illa statt, þó að það eigi mikla peninga, vegna þess, að það vantar gjaldeyri til þess að borga efni þau, sem það þarf til framleiðslu sinnar. Þetta fyrirtæki er smjörlíkisgerð Reykjavíkur. Hún hefir gert mikið gagn, því hún framleiðir góða vöru, sem bæði er betri en hin útlenda og sparar hana. Hún sparar landinu allan muninn á því, að kaupa tilbúið eða efnið tómt, auk þess, sem hún bætir vörugæðin. Mætti nefna mörg dæmi

þessu lík, sem jeg þó ekki hirði um að sinni.

Hæstv. stjórn svarar náttúrlega fyrir sig, hvort hún óskar eftir heimild þessa frv. Jeg geri það að engu kappsmáli, ef hún kærir sig ekki um það. Jeg vildi aðeins gera mína skyldu, úr því að þeir, sem nær hæstv. stjórn standa, urðu ekki til þess. Hjer voru um tíma nokkrar viðsjár með mönnum, svo ekki var á víst að róa fyrir stjórnina. En nú hefir hún fengið yfirlýst fylgi svo margra háttv. þingmanna, að hún getur óhrædd starfað að því, sem henni virðist nauðsynlegt og gott.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil þakka háttv. þm. Dala. (B. J.) fyrir hugulsemina, því það er langt frá því, að jeg taki það illa upp fyrir honum að bera fram þetta frv., eða ætli að leggjast á móti því. Jeg sje þó ekki ástæðu til að taka endanlega afstöðu til frv., fyr en sjeð verður um gerðir þingsins í bankamálunum. Sumir álíta rjettara að setja ákvæði þessa frv. inn í hin fyrirhuguðu lög um bankamálin. Stjórnin er líka með þessu sett í nokkurn vanda. Vildi jeg t. d. gjarnan fá að vita, hve mikið er ætlast til, að þetta fjelag fái að láni, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) talaði sjerstaklega um.

Jeg vil stinga upp á, að frv. verði hleypt til 2. umræðu, því þá verður væntanlega betra að taka afstöðu til þess. Jeg veit ekki um það enn, hvort háttv. deild vill láta ríkið veita Íslandsbanka lán. Fyr en það er afgert, er ekki rjett að gera út um þetta frv. Því er rjett að láta það heldur vera samferða Íslandsbankafrv. Jeg veit ekki, hvað háttv. þm. Dala. (B. J.) meinti með sumu af því, sem hann sagði. En jeg get tekið það aftur fram, að jeg tek flutning þessa frumvarps alls ekki sem neina óvináttu frá hans hálfu.

Bjarni Jónsson: Jeg furða mig ekkert á því að heyra svör hæstv. fjrh. (M. G.). Jeg bar þetta frv. ekki fram sem stjórnarandstæðingur, heldur vegna þess, að jeg áleit það nauðsyn. Jeg hefi aldrei verið stjórnarandstæðingur á þann hátt, að jeg vildi svala mjer á stjórninni til óhags fyrir landsmenn.

Í Íslandsbankafrv. verður það tekið fram, hvað mikið og hvernig stjórnin má veita Íslandsbanka lán. En það er á valdi hæstv. stjórnar, hvað hún lánar Landsbankanum.

Frv. mitt skyldar ekki stjórnina til að taka alt lánið. Ef hún álítur það betra, getur hún látið bankana taka lán sjálfa, en tekið ábyrgð fyrir þá.

Jeg sagði í fyrri ræðu minni, að þó það yrði heimilað með lögum, að ríkið kaupi hluti í Íslandsbanka, þá yrði það ekki gert fyr en reiknað hefði verið út, hvers virði hlutirnir væru. Þetta gæti tekið alllangan tíma, svo bankinn þyrfti að fá fje áður, annaðhvort út á eigið lánstraust eða frá stjórninni. Það fer vitanlega alt eftir viðburðanna rás, og þingið á ekki að binda stjórnina svo, að hún geti ekki gert það, sem henni þykir hyggilegast.

Og auðvitað liggur mjer ekki á, ef hæstv. stjórn liggur ekkert á.

Fjármálaráðherra (M. G.): Þegar jeg talaði um heimild til þess að lána Íslandsbanka, þá gekk jeg út frá bankalögunum. Um heimild þeirra verður ekki vitað, fyr en þau eru til lykta leidd. Þess vegna vil jeg, að það frv. og þetta verði samferða. En stjórnin hefir vitanlega heimild til þess að taka eða ábyrgjast lán fyrir Landsbankann, og sjálfur getur hann tekið lán eins og hann vill og álítur sjer kleift. Annars má vel bíða með að tala um þetta til 2. umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 508).

Jakob Möller: Jeg á brtt. við þetta frv. en henni hefir ekki verið útbýtt fyr en í dag og stendur ekki á dagskránni, svo það er ef til vill rjett að bíða með hana til 3. umr.

Forseti (B. Sv.): Þar sem till. hefir ekki verið útbýtt fyr en í dag, þá getur hún ekki komið til atkvæða nú, nema með afbrigðum frá þingsköpum.

Jakob Möller: Jeg vil aðeins vekja athygli háttv. þingdeildarmanna á till., svo að þeir búi sig undir að greiða atkvæði um hana. Mjer fanst nauðsynlegt að bæta einhverju svona ákvæði í frv., þó að seðlafrv. gangi fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 508, 622, 653).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg stend upp til þess að lýsa því yfir, að jeg felst á till. hæstv. fjrh. (M. G.), og hefði flutt mína till. upphaflega svo, ef jeg hefði vit að, að stjórnin sætti sig betur við það form.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það hefir orðið að samkomulagi að aðhyllast brtt. mínar, og vona jeg, að háttv. deild hafi ekkert við það að athuga.

Jakob Möller: Jeg á brtt. á einhverju þingskjali, sem jeg get fallist á að taka aftur, og aðhyllist þá till. hæstv. fjrh. (M. G.). Jeg skil það líka vel, að hæstv. ráðherra hafi fundið einhverja þörf á því að breyta að minsta kosti fyrirsögn frv., og hann hefir líka gert það og sett „til lántöku fyrir ríkissjóð", í stað „gjaldeyrislán". En það væri fróðlegt að vita, hvers konar lán stjórnin hygst nú að taka. Jeg hefi fyrir mjer prentaða fjármálaræðu hæstv. fjrh. (M. G.) í þingbyrjun, og þar flokkar hann öll hugsanleg lán í 4 flokka:

Eyðslulán,
verslunarlán,
lán til arðvænlegra fyrirtækja og
gróðalán („Spekulations"-lán).

Hann tekur það skýrt fram um alla þessa flokka, að ekki gæti komið til mála, að stjórnin tæki slík lán, og hann telur óþarfa að taka gjaldeyrislán, enda nái þau lán sjaldnast tilgangi sínum. Nú vill hæstv. ráðherra kalla þetta lán til þess að bæta úr viðskiftakreppunni. En er þá um nýjan flokk lána að ræða? Eða fellur lán þetta ef til vill undir gengislán?

Þá vildi jeg spyrja, hvaða álit stjórnin hafi nú á lánspostulunum, sem hún hefir svo mikið talað um. (*Fjrh.*: Sama og áður). Þá skil jeg ekki, hvers vegna stjórnin fetar í fótspor þeirra. Það hefir ekki komið fram neitt nýtt í málinu; ástandið nú er aðeins eðlilegt áframhald ástandsins, sem var í þingbyrjun. Sje nú þörf á lántöku, hverju nafni sem nefnist, þá var það áreiðanlega þá líka.

Þetta ætti að vera nægilegt, til þess að sýna háttv. deildarmönnum snarsnúning stjórnarinnar, en hitt er eftir að vita, hvað valdið hefir.

Fjármálaráðherra (M. G.): Lánið á að vera til þess að kaupa fyrir væntanlega hluti í Íslandsbanka, og hjelt jeg að háttv. þm. (Jak. M.) þyrfti ekki að láta segja sjer það. Þetta lán getur hæglega fallið undir einn flokk lána, sem hann taldi upp, lán til arðvænlegra fyrirtækja. En háttv. þm. ætti að geta sjeð, að ekki kom til mála, að stjórnin tæki þetta lán fyrir þing, meðan alt var í óvissu, hvernig snúist yrði við þessu máli.

Háttv. þm. (Jak. M.) ætti líka að vita, að stjórnin hefir útvegað Landsbankanum öll þau lán, sem hann hefir farið fram á og álitið sjer nauðsynleg. Alt þetta er ljóst öllum nema ef til vill háttv. þm. (Jak. M.), af því, að hann vill nota alt til þess að skamma stjórnina. Jeg er fyrir löngu hættur að kippa mjer upp við aðfinningar hans, enda eru þær sjaldnast á rökum bygðar. Og jeg get fullvissað hann um, að jeg hefi sama álit á honum nú og jeg hafði í þingbyrjun. Jeg hefi það álit á honum, að lítill vilji og enn minni alvara hafi legið á bak við öll digurmæli hans, enda sýnir starf hans í peningamálanefndinni, að svo hafi verið; sú nefnd hefir ekkert gert. Og jeg get fullvissað háttv. þm. (Jak. M.) um, að jeg hafi meiri hluta deildarinnar með mjer í því, að óheppilegt hefði verið að taka lán þau, sem hann rjeði til. Og ef jeg á að fara áfram með stjórn fjármálanna, mun jeg fara varlega í allar lántökur, því að jeg hefi sömu skoðun á því máli og í þingbyrjun.

Annars hefi jeg gaman af því, að háttv. þm. (Jak. M.) er altaf að finna ný og ný gullkorn í ræðu minni við 1. umr. fjárlagafrv., og hampar þeim mjög. Annars þætti mjer gaman, ef þessi þm. (Jak. M.) greiddi atkvæði móti frv. eftir alt lánanöldrið.

Jakob Möller: Jeg get ekki trúað öðru en að það hafi komið háttv. deildarmönnum á óvart, hvernig hæstv. ráðherra (M. G.) vill flokka þetta lán. Hann telur það lán til arðvænlegra fyrirtækja, en til hlutakaupa í Íslandsbanka skilst mjer, að ekki hafi verið stofnað í þeim tilgangi. Það mun að minsta kosti vera meining þingsins, að það sje ekki gert til þess að græða á hlutunum, heldur til þess að afla landinu gjaldeyris erlendis. En ef hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) ætlar að taka lánið sem lán til arðvænlegra fyrirtækja og til að græða á því, þá hefir hann hringsnúist enn harkalegar en jeg hugði. Jeg hjelt, að hann liti á lán þetta sem neyðarúrræði, en hann þykist nú líta á það sem „spekulation". Á þeim lánum hneykslaðist hann mest í þingbyrjun, en það lítur út fyrir, að margt hafi breyst í höfði hæstv. ráðherra (M. G.) síðan. Þá var talað um, að rjett hefði verið að taka lán í Ameríku, og það hefði að vísu að nokkru leyti verið „spekulation", en „spekulation", sem landið hefði grætt á. Úr því, að lán átti að taka, eða þurfti að taka, þá hefði það ekki átt að fæla stjórnina frá því að leita þess í Ameríku, að víst mátti telja, að landið gæti grætt hálft lánið á gengismismun, þó að kalla mætti það „spekulation". Nú verður varla um neina slíka „spekulation" að ræða. Það er víst ekki annað fyrir en að krjúpa enn einu sinni sambandsþjóð vorri, og á því græðist ekki. Danska krónan er nú í lágu verði, en þegar greiða á lánið verður hún líklega komin í fult verð. Þetta er því þveröfug „spekulation", eða „spekulation", sem tapast á.

Hæstv. stjórn getur skemt sjer við það að hæla sjálfri sjer fyrir varkárni. Aðrir verða víst ekki til þess. Og sú varkárni hefir orðið landinu dýr, því að nú neyðist hæstv. stjórn til þess að taka lán, sem jeg býst við, að með rjettu megi kalla því nafni, sem hæstv. ráðherra (M. G.) viðhafði áðan. Jeg býst við því, að það reynist oss sannnefnt „óskapalán".

Það var eðlilegt, að hæstv. ráðherra (M. G.) reyndi að bera í bætifláka fyrir hringsnúning sinn, en jeg læt háttv. deild um að dæma um það, hvernig honum hafi tekist það.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. þm. (Jak. M.) ruglaði viljandi saman „spekulationslánum" og lánum til arðvænlegra fyrirtækja.

Jeg held því fram, að kaup á hlutum í banka fyrir sannvirði geti verið, og sje venjulega, arðvænt fyrirtæki. Og það ætti ekki að spilla, að með þessu má hjálpa atvinnuvegunum. Annars var það ekki lán sem þetta, er jeg átti við í oftnefndri ræðu minni, því að jeg hafði þá ekki, fremur en aðrir, hugmynd um, hver lausn yrði á bankamálunum á þinginu.

Þessi háttv. þm. (Jak. M.), sem er þrár eins og staður áburðarhestur, talar mikið um hringsnúning. Honum kemur það aldrei til hugar að sveigja til, til samkomulags; honum þykir það óskiljanlegt, að 42 menn skuli ekki allir standa á sinni skoðun eins og hundur á roði. Hann sveigir aldrei til, hann snýst óviljandi í hring í einfeldni sinni. Jeg get til skemtunar bent honum á einn slíkan snúning. Hann hefir barist gegn bankafrv. stjórnarinnar, en er nú með þessu frv., sem öllum kemur saman um, að sje mjög í svipaða átt og hann hefir áður mælt sterklega á móti.

Jakob Möller: Jeg gat ekki mælt þessu frv. stjórnarinnar bót vegna óheilindanna í undirbúningi þess. Það var óskýrt og loðið, og ekkert lá fyrir frá stjórnarinnar hálfu, sem gæti bent á, að samkomulag næðist um frv. Nú er búið að skýra og bæta frv. með brtt., og Landsbankinn hefir látið álit sitt í ljós og getur fallist á frumvarpið. Þetta frv. og aðstæður þess eru því gerólíkar stjórnarfrumvarpinu, sem enn væri ómögulegt, eins og í upphafi. — Og hvað er þá annars um afstöðu hæstv. stjórnar að segja til þessa fósturs síns?

Hæstv. ráðherra (M. G.) talaði um að sveigja til. Fyr má nú rota en dauðrota. Það lítur helst út fyrir, að hæstv. ráðherra (M. G.) telji það jafnvel lofsvert að sveigja svo til, að hann verði að breyta gegn sannfæringu sinni, og get jeg vel trúað honum til að gera það. Hitt er annað mál, hve heilbrigt eða heillavænlegt er að hafa slíka stjórn. Eða hæstv. ráðherra (M. G.) ætlar ekki að breyta gegn sannfæringu sinni, og ekkert lán að taka, og er hann þá að blekkja þingið. Get jeg vel trúað honum til þess.

Gunnar Sigurðsson: Jeg verð að telja mig til lánspostulanna. Það er ekki rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að ókleift hafi verið og óheppilegt að taka lán í sumar. Flestir voru sammála um, að það væri sjálfsagt. Það lán átti þó ekki að ganga til Íslandsbanka eins, heldur einnig til Landsbankans, og getur hæstv. ráðherra (M. G.) þess vegna ekki borið fyrir sig, að stjórnin hafi ekki haft heimild til að taka lán handa Íslandsbanka. Um það var aldrei að ræða. Jeg vil nú brýna hæstv. ráðherra (M. G.) á því, að vera ekki of smátækur á láninu; hjer er mikið í veði og við verðum að komast úr kreppunni sem fyrst. Og jeg vona, að hæstv. ráðherra (M. G.) leiti þar upplýsinga, sem þekking er meiri fyrir, en fari ekki eingöngu eftir sínu eigin fjármálahöfði, sem jafnan mun reynast innantómt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að stjórnin hefði sveigt of mikið til. Þetta er ekki rjett. Hann segist trúa mjer til að blekkja

þingið og til að breyta gegn sannfæringu minni. Hann um það; en það er víst, að með sauðargæru sinni blekkir hann engan, og sannfæring hans mun í því einu fólgin, að alt sje rangt, sem stjórnin gerir. Það er von, að hann sje skapillur nú í þinglokin, er hann sjer, að allar tilraunir hans í þrjá mánuði til að fella stjórnina, hafa stórum aukið fylgi hennar.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði, að hægt hefði verið að taka lán handa Landsbankanum í sumar. En veit hann ekki það, sem allir vita, að Landsbankinn hefir fengið öll þau lán, sem hann taldi sjer nauðsynleg. Þá vildi hann, að ekki yrði tekið smálán. Jeg fer vitanlega eftir því, sem jeg álít rjettast, og jeg álít rjettast að fara varlega. Mjer kemur það ekki á óvart, þótt háttv. þm. (Gunn. S.) treysti mjer ekki í þessu máli. Og jeg vil í þessu sambandi minna þennan háttv. þm. (Gunn. S.) á það, að hann lofaði á öndverðu þingi að koma með vantraust á mig á þessu þingi. Það hefir hann ekki gert enn, og þá eðlilega af þeirri ástæðu, að hann vissi, að hann gat ekki komið því fram.

Gunnar Sigurðsson: Það var ekki alveg rjett skýrt frá hjá hæstv. ráðherra (M. G.), en jeg kippi mjer ekki upp við það, fremur en vanalega. Jeg get komið með vantraust, ef hann vill, en jeg get ekki gert að því, þó að háttv. þingmenn sjeu svo fylgispakir þessari vandræðastjórn, að þeir feli henni að fara með mikilsverð mál, þó að hún lýsi því yfir, að hún sje þeim mótfallin. En ef hæstv. ráðherra (M. G.) vill endilega vantraust, þá er enn tími til að bera það fram.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg óska altaf eftir því, að háttv. þingmenn uppfylli þau loforð sín, er þeir gefa, og ekki síst á þingi. Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) telur sig víst ekki bundinn við loforð sín; en jeg endurtek áskorun mína um vantraustsyfirlýsingu til mín.

Gunnar Sigurðsson: Jeg krefst að fá að gera stutta athugasemd. Jeg sagði það, og það er ekki nema eðlilegt, að í öllu því þvargi af frv., sem stjórnin dröslar hjer inn á þing, illa undirbúnum og hálfhugsuðum, að ekki verði hægt að taka þau öll til bænar, þegar menn, þar að auki, verða að eyða tíma í það að brjótast undan því óstjórnarfargi, sem landið á við að búa. Annars er hjer aðeins um eitt frv. að ræða, og jeg stend mig vel við það, þó að það bíði til næsta þings að bera fram breytingar við það. Enda er það ekki óvanalegt, þótt lögum sje breytt á þingi Íslendinga.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer er ekki kunnugt um svo miklar framkvæmdir af hálfu háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að hann hefði ekki getað komist yfir að athuga frv., sem borin eru fram í þinginu, og honum ferst helst að tala um illa undirbúin mál, sem ekki hefir nenningu í sjer til að koma með brtt., og segist jafnvel stundum verða að láta það bíða næsta þings(!!). (*Gunn. S.*: Það er hægt að segja alt þegar maður er dauður, en við eigum eflaust eftir að sjást!). Eigi harma jeg það og mun hvergi hopa, þótt þessi andlegi sveinstauli sæki að, því að hans vopn eru brothætt og sljó.

ATKVGR.

Brtt. 622 tekin aftur.

— 653,1 samþ. með 17 : 1 atkv.

— 653,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed. með fyrirsögninni *Frv. til laga um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.*

Á 75. fundi í Ed., föstudaginn 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 666).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. u m r.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki þreyta háttv. deild með langri ræðu. Enda gerist þess ekki þörf, því að jeg hefi oft lýst hjer skoðun minni á nauðsyn þessarar lántöku.

En það er eitt atriði, sem jeg vil minna á. Jeg kann illa við að hafa lánsheimild eins ótakmarkaða og hún er í þessu frv. Þar er ekkert hámark. Þetta segi jeg þó ekki af því, að jeg sje hræddur um, að stjórnin misbeiti heimildinni, en jeg tel yfirleitt óviðkunnanlegt að veita lánsheimild þannig lagaða. Ef til vill kem jeg því með brtt. til 3. umr., en þó ekki, ef jeg sje, að málinu væri með því teflt í voða, því að það gleður mig mjög, að alt þingið er komið á þá skoðun, að nauðsyn sje að taka lán.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) taldi það galla á þessu frv., að ekki er þar tekin fram sú fjárhæð, sem upphaflega var þar. Jeg skal játa það, að þetta er mjer að kenna. Mjer þótti það nefnilega viðsjárvert að láta umheiminn sjá, að svo fámenn þjóð sem Íslendingar fari fram á svo mikið lán í einu — 15 miljónir króna, sem væri hlutfallslega það sama og Danir tækju að láni 450 miljónir króna.

Finst mjer í alla staði heppilegra að hafa þetta svo, sem nú er.

Út af ummælum háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) um, að jeg hafi nú loks getað fallist á þessa lántöku, skal jeg taka það fram, að jeg hefi aldrei verið á annari skoðun en að rjett væri að heimila landsstjórninni að taka lán. Auk þess er nú fram komin ný ástæða til þess, þar sem ákveðið er að kaupa hlutabrjef Íslandsbanka — en til þess þarf vitanlega mikið fje.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar nú, en vísa til ræðu minnar um þetta mál í háttv. Nd.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla ekki heldur að vekja hjer neinar umræður um þetta mál, en vísa, eins og hæstv. fjrh. (M. G.), til þess, sem jeg hefi áður sagt um það við mörg tækifæri hjer í deildinni.

Tími þingsins er nú mjög að þrotum kominn, og vil jeg því ekki stofna lánsheimildinni í nokkurn voða, með því að koma fram með brtt, þó jeg, eins og jeg tók fram hjer áðan, mundi hafa talið það rjettara, og þá af þeim ástæðum, er jeg þá tók fram.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil enn taka það fram fyrir hönd stjórnarinnar, að ef nauðsyn er á, þá verður heimildin notuð. (*S. E.*: Lítur þá hæstv. stjórn á þetta sem heimild, sem hún þurfi ekki að fara eftir, frekar en hún vill?). Heimildin verður náttúrlega notuð, ef hlutabrjef í Íslandsbanka verða keypt, og að öðru leyti, ef nauðsyn krefur. Eru það nú tilmæli mín til hæstv. forseta, að mál þetta

verði tekið til 3. umræðu nú þegar á eftir. (*S. E.*: Væri ekki rjettara að láta það bíða til kl. 1?).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Sigurður Eggerz: Það gleður mig stórlega, að hæstv. stjórn leggur nú orðið svo mikla áherslu á lántöku, að hún hefir ekki einu sinni þreyju í sjer til þess að bíða til kl. 1 með afgreiðslu málsins.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það gleður mig enn meira, að háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) skuli vera farinn að fylgja svo fast fram málum stjórnarinnar sem hann fylgir þessu frv., því að þótt þetta frv. hafi upphaflega komið fram í háttv. Nd., þá stendur nú varla stafur eftir af því, eftir að þær brtt., sem jeg kom með í hv. Nd., voru samþyktar, og það með öllum greiddum atkvæðum, ef jeg man rjett.

Sigurður Eggerz: Jeg býst ekki við, að hæstv. ráðherra (M. G.) geti með rjettu kvartað undan því, að jeg fylgi ekki stjórninni að málum, þá sjaldan hún hefir heillavænlegt mál fram að færa. Annars vil jeg benda á það, að það er fjarri því, að hæstv. stjórn eigi nokkrar þakkir skilið fyrir framgöngu sína í þessu máli, því hún hefir, eins og hæstv. ráðherra (M. G.) veit, alls ekki gert þetta af sjálfsdáðum, heldur höfum við kúgað hana til þess.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg hygg þá, að enn minni ástæða sje fyrir háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) að þakka sjer eða peningamálanefnd þetta frv. Eins og kunnugt er, hefir sú nefnd legið með þetta mál í 3 mánuði, án nokkurra framkvæmda — en þó var það loks maður utan nefndarinnar, sem kom fram með frv. Þurfa því háttv. nefndarmenn ekki að láta stórt af afrekum sínum í þessu máli.

Sigurður Eggerz: Það var aldrei meiningin, að peningamálanefnd kæmi fram með till. sínar um lántökuna fyr en í þinglokin. Auk þess kom þetta frv. frá einum af aðalmönnum Sjálfstæðisflokksins, og var fram borið af honum í fullu samkomulagi við flokkinn.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vildi aðeins þakka háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) fyrir skemtunina. (*S. E.*: Háttv. þm. gleymir hæstv. fjrh. (M. G.)).

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 676).

---

36. Útflutningur og sala síldar.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um Síldveiðifjelag Íslands. (A. 402).

Á 58. og 60. fundi í Nd., dagana 29. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Frumvarp þetta er framkomið að tilhlutun stjórnar Síldveiðifjelags Íslands, eins og sjá má af þskj. 402. Stjórn fjelagsins hefir látið frv. fylgja greinargerð; en þó þykir mjer viðkunnanlegra að bæta þar við nokkrum orðum.

Það er oft tekið svo til orða, að fiskimiðin kring um strendur Íslands sje einhver auðugasta gullnáma heimsins. Þetta er auðvitað eins og það er virt; en það er víst, að þetta má til sanns vegar færa; en þá er um leið að líta á það, hvort þessi gullnáma hafi ávalt orðið þjóðinni til blessunar. Mjer virðist nokkuð skorta á það, að svo hafi ætíð verið. Þjóðina skorti lengi hagsýni og áræði til þess að notfæra sjer þessi gæði, og framleiðslan var lengi framan af ekki verslunarvara. En útlendingar komu snemma auga á þessi auðæfi og hagnýttu sjer þau. En eftir því sem þjóðin mannaðist, fóru menn að veita því eftirtekt, að óviðfeldið væri að útlendingar tækju öll þessi gæði rjett fyrir húsdyrum vorum. Þess vegna hafa menn nú á síðustu árum lagt meira kapp á það að hagnýta sjálfir auðsuppsprettur landsins. Og þá óviðfeldið væri að útlendingar tækju öll vor stendur fullkomlega jafnfætis sjómönnum annara landa, ef ekki feti framar. En það má segja, að fullgeist hafi verið af stað farið. Þjóðin hefir varið tugum milj. til þess, að atvinnuvegurinn væri stundaður með þeim tækjum og á þann hátt, sem samsvaraði kröfum nútímans. En því miður hefir reynslan orðið sú, að sú viðleitni virðist ekki hafa svarað kostnaði. Og ástæðurnar liggja í því, að samkepni útlendinga hefir valdið því, að það, sem framleitt var, kom ekki að fullum notum, með því að keppinautarnir áttu hægara aðstöðu hvað markaðinn snerti, og þeir innlendu menn urðu þá ver úti í viðskiftum sínum. Það má segja, að þessi 3 síðustu ár hafi verið óhagstæð, og það mun ekki vera of djúpt tekið í árinni að segja, að þessi atvinnuvegur standi nú á barmi glötunarinnar, ef ekki er að gert. Það er því eðlilegt, að hugsandi menn og forgangsmenn í þessum atvinnurekstri geri eitthvað til að ráða bót á þeim misfellum, sem nú eru, og stofni með sjer fjelagsskap í því skyni að vinna að því, að atvinnuvegurinn verði rekinn á sem hagkvæmastan hátt. Stefna þessa frv. er nú sú, að takmarka veiðina, með því að gera útlendingum erfiðara fyrir en verið hefir til að keppa við innlenda menn. Í öðru lagi að reyna að haga sölunni svo, að síldin verði aðallega seld hjer á landi, seld á skipsfjöl hjer. Á síðari árum hefir þetta verið lítt mögulegt, því kaupendur hafa gert með sjer samtök um að heimta vöruna flutta heim til sín, eða þangað sem þeim hentaði best.

Í þriðja lagi kemur það atriði til greina, að framleiðslan verði hæfilega mikil, svo verðfall verði ekki af því, að of mörg framboð sjeu fyrir hendi. Og enn er eitt atriði, sem getur orðið til hagnaðar, en það er, að allir standa jafnt að vígi að njóta bestu kjaranna. Auk þess er áhersla á það lögð, að nákvæmt eftirlit sje haft með vöruvönduminni og að tilraunir sjeu gerðar til þess að auka markaðinn fyrir hana.

Jeg hygg nú, að háttv. þingdeild sje það ljóst, að hjer er ekki um neinn hjegóma að ræða, heldur mjög mikilsvert mál. Enda hefir fregnin um þetta mál flogið svo að segja land úr landi og vakið feikna eftirtekt. Af þessu virðist mjer mega ráða, að þar sem þessir útlendingar telja þennan at-

vinnuveg svo þýðingarmikinn fyrir sig, þá sje hann það ekki síður fyrir oss, ef rjett er á haldið. Ef þessi fjelagsskapur kæmist á fót, þá er líklegt, að koma megi alveg í veg fyrir það, að stórtjón hljótist af þessum atvinnurekstri nú þegar á þessu ári. Það er því beinlínis skylda þingsins að sjá fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga.

Það gæti komið til mála að setja inn í þetta frv. ákvæði um að fresta framkvæmd laganna, ef fullkomin vissa fengist fyrir því, að nú væru fyrir hendi viðunanleg tilboð frá útlendum fjelögum um kaup á þeirri síld, sem veidd yrði á þessu ári, t. d. sem svaraði 150 þús. tunnum.

Nefndin hefir nú við athugun frv. gert nokkra breytingu á því, t. d. felt burtu ákvæði, er fjelagið lagði mjög mikla áherslu á, en sem nefndin áleit, að mundi valda deilum við erlend ríki. Frv., eins og það var, gerði útlendingum með öllu ómögulegt að stunda veiði hjer; en slíkt fær ekki staðist, því margir útlendir menn hafa öðlast rjett búsettra manna hjer, að því er snertir verkun aflans á landi, og þá er ekki hægt að meina þeim að veiða utan landhelgi og verka á stöðvum sínum á landi. En úr því að þessu er breytt, sje jeg ekki, að frv. geti valdið neinni óánægju milli landsstjórnarinnar og annara ríkja.

Nefndin hefir einnig gert aðrar breytingar, t. d. að allir fjelagsmenn fái sama rjett, hvort sem þeir leggja meira eða minna af mörkum. Í upprunalega frv. var þetta eigi nægilega skýrt fram tekið. Nefndin hefir síðan sjeð, að breyta mætti orðalagi á 1. gr. frv., og mun koma með breytingu í þá átt við 2. umr.

Jeg vildi beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, ef frv. verður samþ. nú, að láta það koma svo fljótt til umræðu aftur, að frá því megi ganga í þessari viku hjer í þessari deild.

Jón Baldvinsson: Það eru aðeins örfá orð. Jeg heyrði ekki, hvort hv. frsm. (M. K.) mintist á það, að ekki hefðu allir í sjútvn. verið óskiftir um þetta frv. Jeg fyrir mitt leyti ljet í ljós, að jeg væri ósamþykkur ýmsum ákvæðum þess.

Meira ætla jeg svo ekki að segja við þessa umr., nema tilefni gefist.

Stefán Stefánsson: Mjer þótti mjög mikið á vanta, þegar þetta frv. kom fram, að nefndin skyldi ekki gefa einhverjar bendingar frá eigin brjósti um það, hvernig hún liti á málið. Nefndin hefði átt að birta allar þær helstu upplýsingar, sem hún hlýtur að hafa aflað sjer við nána athugun málsins.

Tilgangur frv. er að sjálfsögðu sá, að reyna að tryggja Íslandi svo sem unt er síldveiðina og markaðinn erlendis fyrir íslenska síld. Og því er ekki að neita, að næðist þetta, þá væri það mikilsvert, næðist það með því móti eða á þann hátt, að við þá ekki bökuðum okkur tjón á annan hátt í viðskiftunum við önnur ríki. En ráðið til þess að tryggja þessa verslun okkar líst mjer helst eftir frv. eiga að vera það, að banna útlendingum að verka síld í landhelgi og í landi. Það kann að vera, að þetta sje eina ráðið, en samt er jeg nú ekki trúaður á það, því að á síðari árum hafa útlendingar veitt mjög mikla síld utan landhelgi, t. d. hefi jeg fengið upplýsingar um, að á árinu 1919 hafi Svíar aflað með þessu móti 70 þús. tunnur síldar, sem þeir svo fluttu til Svíþjóðar og seldu þar sem íslenska síld. Þetta gefur mjer bendingu um það, að það sje spursmál, hvort tilgangi þessa frv. verði náð, þótt bann sje sett um verkun á landi eða í landhelgi, hvort það verði ekki einmitt til að hvetja útlendinga til að haga þannig síldarverkuninni framvegis, svo allar þær þúsundir króna, sem ríkissjóður, verkafólk og land-

eigendur hafa orðið aðnjótandi, tapist með öllu, en þeir hafi svo íslenska síld á markaðinum, sem spilli sölunni alveg á sama hátt og eins mikið fyrir okkur eins og sú, sem verkuð er í landi eða í landhelgi. Og ef þetta frv. yrði þess valdandi, þá væri ver farið en heima setið. Mjer hefir því dottið í hug, hvort ekki væru önnur ráð, sem grípa mætti til, t. d. að öll síldarsalan kæmist undir eina stjórn. Eða mundi óhugsandi, að Norðmenn og Svíar yrðu tilleiðanlegir til þess að láta stjórnina, eða máske stjórn Síldveiðifjelags Íslands, standa fyrir sölunni?
einnig að því leyti, að það geti stofnað

Annars er þetta mjög athugavert mál, okkur í hættu gagnvart öðrum viðskiftum okkar við þessar nágrannaþjóðir. Nú er það svo, að selt er mikið af útfluttu saltkjöti til Noregs, og ef þeir tækju ákvæði þessa frv. illa upp, þá væri hægt um vik fyrir þá að gjalda líku líkt og láta hart mæta hörðu.

Um þessa hlið málsins verður heldur eigi sagt með vissu, en hún getur orðið allalvarleg, ef þannig verður við snúist af Norðmönnum.

Nú höfum við trjáviðarverslun okkar aðallega við Norðmenn og Svía, og mætti svo fara, að þau viðskifti yrðu gerð okkur erfiðari, ef frv. þetta næði fram að ganga.

Og hvernig standa svo sakirnar fyrir innlendum útgerðarmönnum gagnvart bönkum? Fá þeir nægilegt fje þaðan sem stendur til þess að reka útveginn í stórum stíl?

En ef varnað yrði öllum útlendum mönnum frá því að verka hjer síld í landi, og með því kastað frá ríkissjóði og verkalýð öllum þeim þúsundum króna, sem þaðan koma, án þess þó, að við getum hagnýtt okkur alla þá framleiðslu, sem markaðurinn þolir erlendis af íslenskri síld, þá teldi jeg slíkt eigi hyggilega ráðið.

Annars tel jeg, að fara eigi varlega í þessa útilokunarstefnu, ef svo mætti vera, að hún gæti orðið til þess að hálfgert verslunarstríð við helstu viðskiftaþjóðir okkar hlytist af. Og sýnist mjer, að hjer megi um fram alt eigi hrapa að neinu að lítt hugsuðu máli. Því sje nokkur hætta á, að þetta ráð spilli okkar kjötsölu eða geri viðskiftin að öðru leyti erfiðari, þá er það óráð.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sagðist hafa látið þá skoðun sína í ljós í nefndinni, að hann væri málinu mótfallinn. En jeg varð engra mótmæla var hjá honum, að minsta kosti eigi hvað snertir takmarkanirnar til þess að tryggja innlendum mönnum veiðina. Hitt má vera, að hann hafi fremur kosið smávægileg fyrirkomulagsatriði öðruvísi, og er það eigi nema eðlilegt, þar sem þessi háttv. þm. (J. B.) hefir sjerstöðu í ýmsu, sem þar að lýtur.

Þá hefir háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) látið í ljós eindregið, að hann teldi varhugavert að samþ. þetta frv. Verð jeg að vorkenna honum, að hann skuli eigi af undanfarinni reynslu hafa látið sannfærast um, að hjer er þörf skjótra úrræða. Hefði jeg óskað, að hann hefði haft betri málstað að verja en hann nú hafði.

En afstaða hans mun nú hafa orðið þessi sökum þess, að nokkur hluti kjósenda hans hefir misskilið, hvað hjer var á ferðinni, og krafist þess svo af honum, að hann hjeldi fram máli þessu. En jeg vona, að þessi háttv. þm. (St. St.) sjái að sjer í tíma og bæti ráð sitt.

Háttv. sami þm. (St. St.) sagði, að það þyrfti að leita upplýsinga í málinu. Jeg sje eigi annað en málið liggi alveg ljóst fyrir. Hjer er ekki farið fram á annað en það, að innlendir menn og útlendir, sem öðlast hafa rjettindi innlendra manna, bindist samtökum um það að gera þennan atvinnu-

veg arðvænlegri en verið hefir að undanförnu, ef unt er.

Sje jeg eigi, að altof mikla áherslu megi leggja á það, þó að einhverjum útlendingi kynni að líka þetta miður. Er hjer heldur eigi farið fram á að svifta neinn rjettindum, sem hann hefir áður haft, og er því útlendum mönnum, búsettum á Siglufirði, enginn órjettur ger. En það sýnist mjer sjálfsagt að varna því, að útlendir menn flykkist hingað til að eyðileggja atvinnuvegi landsmanna sjálfra. Minnist jeg í þessu sambandi sögunnar um bóndann, sem kom að manni, sem áði í landi hans. Kvaðst bóndi eigi vera það lítilmenni að þola honum, að hann beitti land sitt, og sá svo um, að til þess gat eigi aftur komið. Finst mjer hjer vera líkt á komið. Væri það lítilmenska af okkur að þola útlendingum að beita svo land okkar, að við hefðum þess lítil eða engin not, og því verðum við að grípa til varnarráðstafana, þó að með nokkrum öðrum hætti sje en bóndinn viðhafði.

Jeg verð að fara nokkuð fljótt yfir sögu, enda sakar það eigi, því ástæður þingmannsins (St. St.) voru allar gamlar og alþektar og marghraktar.

Um þá ástæðu háttv. þm. (St. St.), að útlendingar mundu þá veiða þess meira utan landhelgi, þarf ekki að fjölyrða, hún hefir oft áður heyrst og reynst vera fremur veigalítil. Er jeg og þess fullviss, að svo mundi eigi verða. Þá ástæðu met jeg líka einskis, að útlendar þjóðir muni láta okkur sæta afarkostum, þó við reynum að tryggja atvinnuvegi okkar. Munu flestar þeirra hafa viðskifti við okkur vegna þess, að þær álíta, að þær hagnist á því, og munu þær halda þeim viðskiftum áfram jafnt eftir sem áður. Hvað undirskriftirnar snertir, þá má geta þess, að oft þarf eigi nema einn duglegan mann til þess að safna fjölda þeirra, en áhugi eða hagsmunir þarf eigi að vera til staðar hjá þeim, sem undirskrifa. Jeg held því, að háttv. deild ætti eigi að láta þessar undirskriftir aftra sjer frá því að samþ. frv., því eigi er kunnugt um, að þessir menn sjeu svo settir, að þeir eigi að ráða hjer öllu um.

Mun jeg því eigi svara þessu meira að sinni, nema ef fram koma mótmæli, sem eru á einhverju bygð og þörf er á að hnekkja.

Jón Baldvinsson: Mjer þykir undarlegt, að háttv. frsm. (M. K.) skyldi eigi vilja við það kannast, að jeg hefði verið ósamþykkur frv. í nefndinni í mörgum atriðum. Var þetta því einkennilegra, þar sem það var beint tekið fram, að hann skyldi geta þess, og mundi jeg þá eigi hafa tekið til máls. En sannleikurinn er sá, að jeg var í mörgu ósamþykkur frv., jafnvel eftir breytingar nefndarinnar, sem voru þó til bóta.

Jeg taldi rjett, að einkasala væri tekin á síldarframleiðslunni af ríkinu, og við því gátu erlendar þjóðir ekkert sagt. Var þetta eitt sem á milli bar. Líka taldi jeg stjórnina ekki heppilega skipaða.

Stefán Stefánsson: Það eru aðeins örfá orð sökum þess, að mjer virtist sem hv. frsm. (M. K.) tæki það nokkuð óstint upp fyrir mjer, að jeg skyldi vilja fara varlega og athuga ástæður bæði með og móti, og teldi varhugavert að athuga eigi, hvaða áhrif þetta gæti haft á verslun okkar við Norðmenn og jafnvel Svía. Að ekki sje verið að svifta neinn rjetti, má ýmislegt um segja, í það minsta að því leyti þó, að útlendingum hefir hingað til ekki verið bannað að verka hjer síld, fyr en með frv. þessu, ef það verður að lögum. Segi jeg auðvitað ekkert um, hvaða afleiðingar þetta kynni að hafa, en jeg vil láta rannsaka það. Sje jeg ekki, að sje nein lítilmenska að athuga þetta; fremur það, að hrapa að málinu og verða svo ef til vill að slá af.

Háttv. frsm. (M. K.) sagði, að útlendingar mundu því aðeins hafa viðskifti við okkur, að þeir sæu sjer í hag. Má vel vera, að það sje rjett, en færi svo, að útlendingar þeir, sem hjer eiga hlut að máli, tækju okkur þetta óstint upp, og verslunarstríð leiddi af, þá veit jeg, að háttv. frsm. (M. K.) mun mörgum öðrum frekar geta gert sjer grein fyrir, hvaða afleiðingar gætu af því hlotist fyrir okkur.

Undirtektirnar frá Siglufirði mintist jeg á vegna þess, að jeg taldi sjálfsagt að leyna ekki Alþingi þeim, og sýndist líka, að Siglfirðingar hefðu fullan rjett til þess að þær væru gerðar kunnar, þar sem þær voru samþ. á almennum borgarafundi með öllum greiddum atkvæðum, tvö hundruð og tuttugu að tölu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 64. og 65. fundi í Nd., dagana 7. og 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 402, 478, 521).

Gunnar Sigurðsson: Það blandast víst engum hugur um það, að hjer er um mjög mikið nauðsynjamál að ræða, þar sem síldaratvinnuvegurinn er. En jeg skal taka það fram, að mjer þykir þetta mál, bæði af hálfu sjútvn. og stjórnar Síldveiðifjelagsins, illa undirbúið, þótt sjútvn. hafi gert tilraunir til þess að breyta því til batnaðar.

Jeg rjeðst því í það á síðustu stundu að gera nokkrar brtt. við frv. Aðalatriðið, sem fyrir mjer vakti að koma með þessar brtt., var að útiloka það, að algerlega væri tekið fram fyrir hendurnar á útlendingum um að koma hjer síld á land, þótt hv. flm. (M. K.) teldi það nauðsynlegt. En mjer er það nú með öllu óskiljanlegt, að úr því að ekki sje hægt að meina mönnum að veiða síld utan landhelgi, að þá ætti að fara að meina mönnum að fara með síldina á land til verkunar. Það gæti líka komið okkur illa, að ganga svo hart að útlendingum þessum, þar sem vjer erum svo mjög upp á þá komnir, Svía með síldarmarkaðinn og Norðmenn með kjötmarkaðinn. Þeir gætu hæglega gert okkur þá skráveifu, sem okkur kæmi mjög illa. Hins vegar gætu þeir ekkert sagt við því, þótt þeir væru settir á sama bekk og okkar síldveiðifjelög. Það á að takmarka veiðina, og það er líka hægt, að því er útlendingana snertir. Samkvæmt 1. gr. þarf sjerstakt leyfi hjá ríkisstjórninni til þess að verka síld hjer í landi. Það er nú að vísu erfitt að skera úr því, hverjir skuli fá slíkt leyfi og hverjir ekki, en jeg sje þó ekki, að annað ráð sje fyrir hendi. Og í höndum sanngjarnrar og röggsamrar stjórnar ætti leyfisgjöfum að geta verið svo hagað, að ekki væri gengið á hlut neinna landanna. Það mundi þegar mjög draga úr komu þessara þjóða, er þeir eru neyddir til að selja í samlögum við landsmenn og með sama verði og þeir.

Eftir frv. stjórnar Síldveiðifjelagsins er hægt að banna útlendingum að verka síld hjer, en ekki hægt að koma í veg fyrir það, að Íslendingar yrðu leppar fyrir þá, og það mundi áreiðanlega verða í stórum stíl.

Í mínum brtt. er nú gengið út frá því, að fjelagsstjórnin skuli skipuð 5 mönnum, og skal ríkisstjórnin skipa formann, en fjelagið kjósa hina 4. Þetta gerði jeg til samkomulags, því að annars væri æskilegast, að stjórnin hefði sem allra mest vald. En eins

og frv. er nú, er ekki að sjá, að stjórninni sje ætlað að gera annað en að veita þessi leyfi. Að vísu á hún að samþykkja þá væntanlegu reglugerð, en það er of lítið. Satt að segja hefði jeg helst kosið, að salan væri algerlega í höndum stjórnarinnar eins og nú standa sakir.

Þessi lög eru „skematisk", beinagrind, sem á að fylla út með væntanlegri reglugerð. Jeg hefði kosið þau ítarlegri frá byrjun. Þau munu reynast mjög gölluð þegar til framkvæmda kemur, og þess vegna er ein brtt. mín sú, að þau skuli endurskoða á næsta reglulegu Alþingi. Jeg álít að um þetta mál þurfi merkilegan lagabálk; jeg fylli ekki flokk þeirra manna, sem hefir ótrú á þessum atvinnuvegi, heldur álít jeg, að síldveiðarnar muni í framtíðinni reynast þjóðinni arðsöm atvinnugrein, ef vel er á haldið.

Þá hefi jeg gert brtt. við 9. gr.; að í stað 50 smálesta komi 10 smálestir.

Mjer skilst, að það hafi vakað fyrir frv.-höfundinum, að þeir, sem hafa stærst skip, skuli og hafa mest yfirráð. En nú er það að verða uppi á teningnum, að 30—50 smálesta skip sjeu heppilegust til síldveiða og muni í framtíðinni útrýma stærri skipunum við þann atvinnuveg, og sýnist því ástæðulaust að útiloka slíka menn frá atkvæði. Þetta finst mjer óviðeigandi og hin mesta óbilgirni í garð þessara manna. Þykist jeg vita, að það hafi ekki verið tilgangur háttv. sjútvn., en það getur orðið svo í framkvæmdinni.

Jeg vil taka það fram þegar, að jeg er reiðubúinn að taka aftur brtt. mínar þangað til við 3. umr. og reyna að koma mjer saman við þá hv. þm., sem þá munu hafa í hyggju að koma fram með brtt. Jeg býst og við því, eftir lauslegu tali við hv. frsm. (M. K.), að um samkomulag geti verið að ræða um ýms atriði, nema um það að leyfa útlendingum að verka hjer síld. Jeg vil gjarnan láta takmarka veiði útlendinga hjer við land, en sú takmörkun mun koma nokkurnveginn af sjálfu sjer, þó að ekki sje beinlínis ákvæði í frv., sem banni þeim veiðina.

Þá hefir mjer láðst að fella burtu sektarákvæðið úr 10. gr., sem þó átti að falla í burtu um leið og feld var niður 4. gr. Mun jeg gera það við 3. umr.

Magnús Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að svara því nokkrum orðum, sem háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði um þetta mál við 1. umr. Mun þess þó varla vera þörf, því háttv. frsm. (M. K.) mundi hafa svarað honum á líkan hátt og jeg mun nú gera.

Þessi háttv. þm. (St. St.) lagði afarmikið upp úr þessari áskorun frá þeim Siglfirðingunum, og einnig þeim voða, sem hægt væri að stefna að okkur frá Norðmönnum og Svíum.

Jeg held nú, satt að segja, að þessar hótanir sjeu ekki mjög háskalegar. Háttv. þm. (St. St.) sagði, að Norðmenn mundu salta síldina utan landhelgi, ef frv. þetta yrði að lögum, og þannig fylla síldarmarkaðinn. Mjer er óhætt að segja, að þetta er bara grýla. Það hefir þegar verið reynt að salta síldina á skipunum, og sú reynsla hefir ekki bent í þá átt, að þetta verði gert í framtíðinni. Þarf og ekki annað en þekkja ofurlítið til síldarsöltunar, til þess að sjá, að þessi aðferð er ómöguleg.

Það er þá fyrst, að skipin rúma svo lítið — 400—500 tunnur — að það hlyti að verða nokkuð dýrt að gera út með slíku fyrirkomulagi.

Í öðru lagi er það, að aðstaðan er mjög ill til þessa úti á rúmsjó og í plássleysinu um borð, og því ekki hægt að verka síldina þar, svo í lagi sje. Hefir og reynslan verið sú, að síld, sem þannig hefir verið verkuð, hefir reynst mjög illa.

Í þriðja lagi má benda á það, að ef nokkuð er leggjandi upp úr mati á íslenskri síld, þá ætti ekki að vera hægt að koma

með ómetna síld á markaðinn sem príma íslenska síld. Ef sú ómetna síld getur þar kept við þá, sem metin er, ja, þá sje jeg ekki til hvers síldarmatið er, og væri þá rjettast að leggja það niður.

Annars skal jeg ekki fjölyrða meira um þetta atriði. Jeg býst við, að allir sjái, að þetta er algerlega marklaus ógnun.

Nokkuð meira kann hin ógnunin að hafa til síns máls, að samþykt þessa frv. geti kostað okkur viðskiftastríð við Noreg og Svíþjóð. En mikið spursmál er, hvort ekki væri út í það leggjandi, ef það væri eina ráðið til þess að vernda þennan atvinnuveg, sem getur gefið af sjer miljónir króna, ef rjett er á haldið.

Ekki eru það heldur mjög margvísleg viðskifti, sem við höfum við þessar þjóðir, og þyrfti það því alls ekki að setja okkur stólinn fyrir dyrnar, þó eitthvað dragi úr þeim viðskiftum. Helsta varan, sem við seljum Norðmönnum, er saltkjötið. Getur vel verið, að sá markaður legðist niður, ef Norðmenn settu toll á kjötið. En jeg held, að saltkjötsverkun vor verði aldrei til frambúðar, og mundi því slíkur tollur herða á okkur til þess að finna betri og hagkvæmari verkunaraðferðir. Aðrar íslenskar afurðir eru ekki til muna fluttar til Noregs, nema þá lýsi, sem Norðmenn kaupa af okkur í gróðaskyni, og færu varla að hætta því, sjer í óhag.

Frá Noregi hefir verið flutt hingað til landsins talsvert af niðursuðuvörum, en nú hefir stjórnin bannað að flytja inn slíkar vörur, að minsta kosti í bráð. Timbur getum við og fengið annarsstaðar frá, og erum ekki bundnir Norðmönnum um þá verslun.

Jeg hefi nú sýnt fram á það, að viðskiftum okkar við þessar þjóðir er ekki þannig farið, að þær geti sett okkur á nokkurn hátt stólinn fyrir dyrnar. En þó álít jeg rjett, að stofna ekki til viðskiftastríðs, nema það sje óhjákvæmilegt og eina ráðið til þess að koma síldarútveginum í sæmilegt horf.

Þá lagði háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) afarmikið upp úr andmælum Siglfirðinga gegn þessu frv. Sagði hann, að það væri bæði, að þeir hefðu best vit á málinu, enda væri þeim og annast um síldarútveginn af öllum landsmönnum. Því skal hjer alls ekki neitað, að þeir hafi vit á þessu máli. En jeg hygg, að þaðan sje síst að vænta góðra tillagna um þetta mál. Er það fyrir þá sök, að þeir munu meta það mest að fá útlendinga þangað sem flesta, til þess að stunda síldveiðarnar, en hirða minna um heill atvinnuvegarins í heild. Útlendir menn eiga mesta þá síld, sem þar veiðist, og því ekki mikið í húfi fyrir Siglfirðinga, þótt síldin seljist illa. Jeg viðurkenni það, að þetta eina bæjarfjelag verður fyrir talsverðum hnekki af ákvæði frv. um búsetuna, og væri það að vísu gott, ef hjá því væri hægt að komast.

Jeg óttast, að þótt þetta frv. verði að lögum, þá muni það samt ekki koma að tilætluðum notum, vegna þess, að mjer finst Síldveiðifjelagið hafa á sjer of mikinn prívatfjelagsblæ, og því ekki slík festa í fjelaginu, sem nauðsynlegt er. Jeg gæti trúað því, að það yrði oft freisting fyrir ýmsa að fara fram hjá ákvæðum laganna og pukra utan hjá fjelagsskapnum, þegar menn sjá sjer hag í því. Og jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þó ekki sje hægt að neita því, að allmikil trygging sje í því fólgin að bægja útlendingum frá, þá muni þó betur borga sig að leyfa þeim að stunda hjer nokkra veiði, en búa heldur sem allra best um síldarsöluna.

Jeg viðurkenni, að það væri mjög æskilegt að sneiða hjá viðskiftastríði, og jeg held, að vel mætti breyta frv. þannig, að

til óvinättu þyrfti ekki að draga milli ríkjanna. En það er með því að leggja minni áherslu á það atriðið, sem jeg líka er hræddur um, að verði erfitt í framkvæmd, sem sje að takmarka veiðina, en bæta það aftur upp með því að tryggja söluna sem allra best. En það hygg jeg, að best yrði gert með því, að landsstjórnin hefði hana á hendi. Í frv. er gert ráð fyrir því, að fjelagið sjálft hafi hana á hendi, en jeg þykist sjá það strax í hendi mjer, að þar vanti það vald og bolmagn, sem þarf til þess að koma í veg fyrir, að einstakir menn, í hagsmunaskyni í svip, geri heildinni of mikinn skaða.

Hitt álít jeg miklu tryggara, að ríkisstjórnin annist síldarsöluna. Mætti í því efni fara ýmsar leiðir, annaðhvort þá, að stjórnin skipaði sjerstaka nefnd til þess að sjá um söluna eða að stjórnin selji sjálf. Mundi jeg telja þá leið heppilegri, því mest er undir því komið, að búa vel um sölu síldarinnar.

Þá kem jeg að takmörkun 7. gr. á því, hversu mikla síld megi veiða. Jeg tók ekki eftir því í framsögu háttv. flutningsmanns, hvernig ætti að framkvæma þetta ákvæði. Og jeg held satt að segja, að sú framkvæmd verði altaf nokkuð erfið.

Ef nú fjelagið t. d. kemst að því, að ekki megi koma á markaðinn nema 120 þús. tunnur, en útgerðarmenn gætu aflað 300 þús. tunnur. Hvernig á þá að draga úr?

Er þá annaðhvort að draga jafnt af öllum eða útiloka suma útgerðarmennina algerlega.

Það liggur í augum uppi, að engin sanngirni er í því að útiloka suma frá markaðinum.

En ef hitt ráðið verður tekið, þá gæti vel svo farið, að útgerðin borgi sig ekki fyrir neinn.

Jeg býst því við, að hjer standi við bókstaf laganna, „að fjelagið geti gert þetta“, en framkvæmdin verði engin.

Jeg er því í engum vafa um, ef landsstjórnin annaðhvort annast sjálf um söluna eða felur hana færum mönnum, að þá muni verða miklu fastari tök á fjelagsskapnum og meiri trygging fyrir góðri sölu. Hins vegar er það ekki nema sanngjarnt, að Síldveiðifjelagið hefði ráð í Reykjavík, er gætti hagsmuna fjelagsins og væri eins konar ráðunautur stjórnarinnar.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Jeg á hjer ekki neina brtt., en álít rjett, að málinu verði vísað til 3. umr., því það má til að afgreiðast á þessu þingi. Því eins og nú er komið, þá munu bankarnir alls ekki lána fje til síldarútgerðar í sumar, nema einhver trygging sje fyrir hendi um síldarsöluna.

Við 3. umr. munu vafalaust koma fram brtt. við frv., í svipaða átt og jeg hefi nú talað. Og þar sem háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hefir tjáð sig fúsan til að taka sínar brtt. aftur, þá vona jeg, að við hann geti tekist samkomulag. Ennfremur vona jeg, að háttv. þm. Ak. (M. K.), sem hefir manna mestan áhuga á þessu máli, muni líta á það, hvort ekki sje mögulegt samkomulag og giftudrýgra fyrir framgang málsins — samkomulag, sem ekki sje undanhald, heldur öruggari lausn þessa mikla vandamáls.

Stefán Stefánsson: Jeg hjó eftir því í upphafi, að háttv. frsm. málsins (M. K.) mundi vera það kærara, að sem flestir tækju til máls áður en hann talaði. Skal jeg verða við þeirri ósk hans fyrir mitt leyti.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) vildi ekki leggja mikið upp úr vilja Siglfirðinga í þessu máli. Jeg get ekki verið honum þar samdóma. Þess ber einnig að gæta, að

þetta er eina röddin, sem heyrst hefir um frv. utan af landi. Og í þessum eina stað, þar sem frv. hefir verið rætt, hafa 240 atkvæðisbærir menn verið eindregið á móti því. Gæti þetta bent til þess, að líkar yrðu undirtektir undir frv. í fleiri hjeruðum, ef það væri þar rætt.

Þessi háttv. þm. (M. J.) sagði, að Siglfirðingum væri sjerstakur hagur í því, að þetta frv. yrði ekki samþykt. Það má vel vera. En þingmaðurinn á eftir að sannfæra mig um það, að landinu í heild væri ekki hagur í því líka, að frv. næði ekki fram að ganga.

Þessi sami háttv. þm. (M. J.) sagðist ekki leggja mikið upp úr því, að Norðmenn mundu verka síldina utan landhelgi. Jeg held, að þetta sje sagt æðimikið út í bláinn. Jeg gat þess við 1. umr. málsins, að árið 1919 hefðu útlendingar fiskað 70 þús. tunnur síldar á þennan hátt, og það án þess að nokkrar hömlur væru á það lagðar, að þeir fengju að verka síldina í landi. Jeg býst því við, að þetta frv. verði til þess að hvetja þá til að halda áfram þessari aðferð, en ekki til þess að letja þá. Og ef þetta fer mikið í vöxt, þá er það fyrir okkur bæði fjártap og atvinnutap. Og jeg held, að það sje mikið spursmál, hvort slíkt mundi ekki hafa áhrif á aðstöðu okkar á erlendum markaði. Jeg er ekkert að ögra með þessu, en vil aðeins benda á þetta sem afleiðing af samþykt frv.

Þessi háttv. þm. (M. J.) neitaði ekki, að af þessu frv. gæti hlotist viðskiftastríð. En vildi þó leggja út í það.*

En hitt segi jeg, að við sjeum ekki færir um að heyja viðskiftastríð. Hann gat þess líka, að ekki væri að búast við því, að þetta mál fengi heppileg úrslit, og því ekki vænst, að síldarútvegsmönnum sje það eins mikið áhugamál eins og öðrum, er stunda þennan sama útveg. En jeg legg eins mikið upp úr því, sem aðrir landsmenn en leyfisbeiðendur segja um þetta, og hygg, að þeir, sem fara fram á þetta, hafi eins mikið vit á því og hverjir aðrir.

Háttv. frsm. (M. K.) gat stuttlega um þetta við 1. umr. þessa máls. En mjer finst jeg ekki hafa fengið nægilegar upplýsingar að því leyti, hverjar afleiðingarnar af þessu kynnu að verða, hvort þær yrðu til góðs eða ills. Það eru miklar líkur til, að þær verði talsverðar á annanhvorn veginn. Það má því segja, að þetta sje mjög mikilsvarðandi mál og þurfi því vendilega athugun og undirbúning. En þessi undirbúningur virðist mjer of fljótlegur, og því þörf á meiri rannsókn á málinu heldur en þegar hefir verið gerð.

Mjer datt í hug að flytja svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

„Með því að búast má við, að nú sje komið að þingslitum og ekki vinnist tími til að athuga þetta mál svo sem þarf, þá telur deildin rjett að vísa því til stjórnarinnar til frekari rannsóknar til næsta þings, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá“.

Af þessu sjest, að jeg vil að menn fái öll þau gögn í hendur, er hægt sje á að byggja, til þess að ráða málinu til lykta. Þetta er mikilsvarðandi atvinnuvegur, því hann veitir miklu fjármagni inn í landið og mörgum atvinnu. Hann á því heimtingu á því, að honum verði sýndur sá sómi, að þetta mál sje svo vel undirbúið, sem hægt er, og fyr er ekki rjett að láta þetta frv. ganga undir atkvæði.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg mintist á þetta mál nokkrum orðum við

*) Hjer er slept úr handritinu setningu, sem virðist vera ófullkomin og óskiljanleg eftir sambandinu. Ræðumaður (St. St.) hefir ekki leiðrjett ræðuna.

1. umr., og þýðir ekkert að vera að endurtaka það.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) hefir einnig tekið af mjer ómakið, ef eitthvað hefði verið, sem ekki var áður nægilega skýrt.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) talaði nokkuð um, að þetta mál væri mjög athugunarvert, enda auðsjeð á því, að 5 brtt. hafa komið fram, sem ganga í þá átt að gera málið lítils eða einskis virði. Jeg vil fyrst, áður en jeg tala um brtt., minnast nokkuð á þær almennu athugasemdir, er þessi hv. þm. (Gunn. S.) bar fram.

Það var raunar ekki neitt nýtt; það var það sama, sem menn bera við, er þeir vilja hamla framgangi einhvers máls, að segja að það sje illa eða ónægilega undirbúið. Þetta var aðalástæðan, en hann rökstuddi hana ekki.

En því er nú svo varið með þetta mál, að það er vel undirbúið af þeim mönnum, sem best gátu undirbúið það og mest afskifti hlutu að hafa af því í framkvæmd.

Hann kvað svo að orði, að það mætti ekki verða að lögum. Hann gerði mikið úr þessari fullyrðingu, en með allri virðingu fyrir lagaþekkingu hans og reynslu í málum, þá verð jeg að segja, að hann hafi tekið of djúpt í árinni. Hann mintist á það, að það væri hættulegt að samþykkja lög eins og þessi, sem kæmu í bága við hagsmuni annara þjóða, er við kynnum að vera komnir upp á með viðskifti. Þessu hefir áður verið svarað, og þó ekki í þessu sambandi. En þessi andmæli gegn frv. eru bygð á misskilningi. Það er alls ekki ætlast til þess, að þeir útlendingar, sem hafa rjettindi hjer í landi, verði sviftir þeim, heldur verða þeir að sæta sömu kjörum og skilyrðum og landsmenn sjálfir. Það er gert ráð fyrir, að útlendingar geti ekki komið hingað hópum saman og flutt út framleiðsluna og eyðilagt markaðinn fyrir okkur. Ef háttv. þdm. skilja ekki þetta, þá furða jeg mig ekki á því, að þeir andmæla frv.

Sami háttv. þm. (Gunn. S.) gerði mikið úr því, að ef frv. kæmist til framkvæmda, þá mætti búast við, að allir útlendingar, er hafa rjettindi hjer, mundu mótmæla þessu. Þá mætti og búast við, að útlendingar gerðu úlfaþyt út af fleiru en þessu, og ekki tel jeg holt, að við sjeum mjög viðkvæmir fyrir öllu þess konar.

Jeg ætla ekki að svara þessum hv. þm. (Gunn. S.) fleiru; mótbárur hans gefa ekki frekari ástæðu til andsvara.

Þá er 1. brtt. á þskj. 521, við 1. gr. Hún er nákvæmlega eins orðuð og brtt. nefndarinnar á þskj. 478, og því þýðingarlaus.

Í 2. brtt. sinni fer þessi sami háttv. þm. (Gunn. S.) fram á, að feldar verði niður 2., 3. og 4. gr. frv. Jeg skal geta þess, að ef þessi brtt. verður samþ., þá gerir það frv. einskis nýtt. Jeg gæti aftur á móti fallist á 3. brtt. hans, að ríkisstjórnin útnefni formann fjelagsstjórnarinnar.

Þá virtist háttv. þm. (Gunn. S.) leggja talsverða áherslu á, að ákvæði 9. gr. um stærð skipanna verði breytt þannig, að hún væri ákveðin 10 smálestir, í stað 50. Honum virðist þetta áhugamál, en það stafar aðeins af misskilningi þessa háttv. þm. (Gunn. S.). Hann sagði, að það væri hart að útiloka frá fjelagsskap um þessa menn. En það er langt frá því, að það yrði gert; ef þeir sækja um inntöku, þá fá þeir hana eins og aðrir. En þetta er gert af því, að þeir þurfa þá ekki að sækja um inntöku fyr en eftir á, og því sje jeg ekki, að nein ástæða sje til að samþ. þessa brtt.

Um 5. brtt. er það að segja, að hún er alveg ónauðsynleg. Ef lögunum er eitthvað ábótavant, þá verður þeim breytt strax og gallar þeirra koma í ljós. Um brtt. á þskj. 478 þarf jeg ekki að tala, hún er aðeins til að færa 1. gr. til betra máls og ákveða nánar um innihald hennar.

Þá kvartaði háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) undan því, að honum hefði virst vera tekið ómjúkt á andmælum hans við 1. umr. En jeg man ekki eftir, að þeim hafi verið svarað á annan hátt en við átti, þó að þá kæmi dálítill skoðanamunur fram.

Jeg bjóst ekki við, að honum mundi koma það svo mjög á óvart, þótt jeg segði álit mitt nokkurnveginn skýrt og skorinort.

Sami háttv. þm. (St. St.) vill líka vísa þessu máli til betri athugunar til stjórnarinnar, og vitnaði þar til undirtekta 220 Siglfirðinga; en jeg veit ekki, hvort það hafa alt verið kjósendur. Það stendur nú alveg sjerstaklega á með þennan kaupstað. Þar hefir veiðiskapur útlendinga aukist svo mjög, en með því hefir líka reynsla fengist fyrir því, að það muni naumast arðvænlegt að stunda þennan atvinnuveg í framtíðinni, ef útlendingum fjölgar þar úr þessu.

Jeg nenni svo ekki að svara hinum einstöku atriðum; það yrði altof langt mál.

Mig furðar stórkostlega á því, að þegar fyrst var rætt um þetta mál, þá voru flestir sammála um, að nauðsyn væri á því að koma föstu skipulagi á þennan atvinnuveg. En þegar kemur til þess að taka ákveðna stefnu, þá verður þessi úlfaþytur út af því og menn sjá alstaðar ljón á veginum, og mjer liggur við að segja, að verið sje að mála fjandann á vegginn. Jeg held því fram, að hjer sje um stóra hættu að ræða, og nauðsyn beri til að reyna að fyrirbyggja hana, eftir því sem hægt er, svo þessi atvinnuvegur leggist ekki í kaldakol. Jeg vil nú vísa til greinargerðarinnar, sem frv. fylgdi, og ef háttv. þingmenn vildu hafa fyrir að kynna sjer hana, þá mundi það líklega hafa áhrif á skoðanir þeirra.

Jeg skal ekki vera langorður um dagskrána, en jeg tel það illa farið, ef hún verður samþykt; en jeg vona, að deildin lofi frv. að ganga til næstu umræðu, svo að deildarmenn, sem hafa áhuga á þessu, fái tækifæri til að reyna að finna ráð, er flestum gæti geðjast að.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg álít, að þeir, sem greiða atkvæði með þessari dagskrá, sjeu með því að eyðileggja einn álitlegasta atvinnuveg landsins.

Háttv. þingmenn ættu jafnframt að athuga það, að með því verða þeir einnig þess valdandi, að við verðum undirlægjur erlendra yfirgangsseggja.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð aðeins að taka undir þau ummæli, að þetta sje athugunarvert mál á margan hátt.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) tók það rjettilega fram, hversu athugavert það er. Jeg tel það sjerstaklega athugavert að leggja svona mikið vald og óskoraða ríkisvernd í hendur á einstöku fjelagi. En það mun vera á ferðinni tillaga þess efnis, að ríkið hafi meiri umsjón með fjelaginu, og vil jeg því ekki tefja tímann að þessu sinni, en vildi beina því til sjávarútvegsnefndar að hún, áður en hún tæki afstöðu til málsins, gæfi mjer tækifæri til viðtals um frv., og gæti þá vel verið, að málið kæmist í það horf, að una mætti við það. En að svo stöddu finst mjer rjett, að það gangi í gegnum þessa umr., og treysti jeg því, að sjávarútvegsnefnd tali við mig um málið, áður en það kemur til 3. umr.

Magnús Jónsson: Jeg ætlaði aðeins að segja, að jeg hefi sama skilning á þessu eins og háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að útlendingar eru útilokaðir eftir frv. Ef t. d. menn í Noregi og Svíþjóð sendu hingað skip, og eru ekki búsettir. (*M. K.*: Þeir þurfa að vera búsettir). Ekki veit jeg til þess, að svo sje nú, enda væri þá óskiljanlegur þessi þytur, sem mjer skilst, að mest sje einmitt út af búsetuákvæðinu.

En það er þetta, sem jeg verð að leggja meiri áherslu á, það, að síldarsölunni sje komið í gott horf, og það höfum við í

hendi okkar að gera, heldur en að takmarka veiðina. Það er líka miklu erfiðara í framkvæmdinni.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) vitnaði í fiskveiðarnar 1919, en þá var það ekkert annað en andmæli eða demonstration móti tunnutollinum. Sagði hann og, að veiðst hefðu 70 þús. tunnur af síld, sem söltuð hefði verið á skipum utan landhelgi, og að slík veiði mundi mjög fara í vöxt, ef frv. yrði samþ. En mig gildir það einu, hversu margir tugir þúsunda hafa verið fluttir út af slíkri síld, en hitt veit jeg, að það voru færri tugir góð og gild vara. Og á þá háttv. þm. (St. St.) eftir að svara því, hvernig reynslan var, og það get jeg sagt, að reynslan var sú, að það verður aldrei reynt aftur.

Eins er með hina mótbáruna, því það er ekki hægt að taka tillit til, hvað einstakir Siglfirðingar segja. Þeir hafa mestan áhuga á því, að sem flestir verki síld þar, en minni á hinu, hvernig síldarsalan gengur, eða hve mikið útvegurinn gefur af sjer; því það eru fáir Siglfirðingar, sem gera út. Með þessari rökstuddu dagskrá sinni vill þessi háttv. þm. (St. St.) gera lítið úr því að bíða eitt ár, og virðist mjer það ekki benda á sjerlegan áhuga á málinu.

Jeg fyrir mitt leyti álít það stórhaskalegt að bíða, ekki síst þar sem útvegurinn er nú lamaður eftir tvö síðustu ár og getur horfið í hendur útlendingum alveg, ef ekki er aðgert. Og þá er óvíst, að hann komist í hendur landsmönnum aftur. Útgerðarmenn eru illa staddir og geta ekki gert út, nema góð trygging sje fyrir sölu síldarinnar.

Sú ástæða, að komið sje nærri þingslitum og þing sje dýrt, er nokkuð út í bláinn og miðar að því að kasta krónunni til að spara eyrinn. Þessi atvinnuvegur veltir stórfje, svo einn eða tveir þingsetudagar mundu borga sig, ef þessu máli væri vel borgið.

Jeg treysti því fastlega, að deildin láti mál þetta ganga til 3. umr.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir óskað eftir viðtali við nefndina, sem bar þetta mál fram, og það boðar ef til vill, að einhver lausn fáist á þessu máli.

Eskilegast væri því, ef háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) vildi taka dagskrá sína aftur.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg tek undir það með háttv. síðasta ræðumanni, að dagskráin verði tekin aftur. Jeg hygg, að ekki sje ástæða til að vísa málinu frá þessu þingi, þó það kæmi seint frá stjórn síldarsamlagsins. Þetta er mikilsvert og athugavert mál, og hefði ekki veitt af að fá betri undirbúning en það hefir fengið.

Mjer er vel kunnugt um, hvernig frv. er til orðið, og er undarlegt, að sjávarútvegsnefnd skyldi ekki vera beðin fyrir það frv.

Jeg vildi andmæla því, að frv. yrði felt með rökstuddri dagskrá, en vil þó ekki segja, hvort það sje heppilegt, að frv. verði samþ. á þessu þingi. Frv. tæplega nægilega undirbúið til þess.

Jeg játa, að 3. brtt. frá 1. þm. Rang. (Gunn. S.) bætir úr: hygg, að heppilegt sje, að stjórnin hafi þar meira hönd í bagga með en frv. gerir ráð fyrir. Það er reyndar ýmislegt fleira að athuga, en jeg held jeg láti nú við þetta sitja.

Og vildi jeg svo óska, að málið mætti koma til 3. umr.

Stefán Stefánsson: Það var ekki meiningin fyrir mjer að vinna málinu ógagn með ofurkappi.

Með tilliti til þess, sem hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, og jeg býst við, að hæstv. atvrh. (P. J.) líti líkum augum á málið, tek jeg dagskrána aftur. Jeg kem með hana aftur við 3. umr., ef mjer líka ekki breytingarnar.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Mig furðar á þessum sífeldu endurtekningum um, hve málið sje illa undirbúið. Jeg verð að mótmæla að svo sje, en það er auðvitað hægur vandi að segja þetta, án þess að færa nokkur rök fyrir því.

Hvað því viðvíkur, að hæstv. forsætisráðherra þótti varhugavert að gefa fjelaginu svo mikið vald, þá er því til að svara, að valdið er ekki mest hjá fjelaginu eða framkvæmdastjóra þess, heldur hjá hæstv. stjórn. Því enginn má stunda þennan atvinnuveg án leyfis stjórnarinnar, enda öðlast lög fjelagsins og reglur eigi gildi, nema með samþykki hennar.

Til þess að útrýma þeim ótta, sem hefir gripið menn, hefir mjer dottið í hug að koma með breytingu, þess efnis, að setja í frv. ákvæði á þá leið, að stjórninni sje heimilt að fresta framkvæmdum laganna, að einhverju eða öllu leyti, ef nauðsynlegt þykir.

Ef frv. er samþykt með þessu ákvæði, gæti það þá orðið til gagns, þótt framkvæmdum væri frestað í bráð, sem jeg alls ekki geri ráð fyrir að þyrfti. Við verðum að leggja kapp á, að geta rekið atvinnuvegi okkar, án íhlutunar óviðkomandi manna. Ef það er rjett, sem haldið er fram, að útlendingar leggi kapp á að njóta hagnaðar af þessum atvinnuvegi fyrir þegna sína, þá er ekki nema maklegt, að einhver hlunnindi komi á móti.

Jeg vildi aðeins benda á, hvort þetta ákvæði gæti ekki komið til mála. Hæstv. forsætisráðherra hefir óskað viðtals við nefndina. Tek jeg því þakksamlega og vænti að málið gangi til 3. umr.

Gunnar Sigurðsson: Jeg verð að láta í ljós ánægju yfir því, að háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) skyldi taka dagskrá sína aftur, og vona jafnframt, að hún komi ekki aftur við 3. umr.

Jeg sje mig knúðan til að svara háttv. þm. Ak. (M. K.). Hann talaði illkvitnislega í minn garð og kvað brtt. mínar stafa af misskilningi. Jeg verð að álíta, að sá misskilningur sje hjá háttv. þm. (M. K.), með því hann segir þær enga breytingu á því, sem er. Þó segir hann, að brtt. mínar geri málið lítils virði. Þetta get jeg ekki skilið. Jeg álít brtt. mjög víðtækar og frv. ekki geta orðið að lögum eins og það er. Jeg legg áherslu á, að síldin komist á eina hönd, og tel það einnig þýðingarmikið atriði að takmarka framleiðsluna. Hitt aftur á móti hefir engin verulег áhrif, hvorki um söluna nje framleiðsluna, þótt útlendingar slæðist með, ef sömu lög gilda um þá.

Og svo jeg minnist á landbúnaðinn í þessu sambandi, þá hygg jeg, að til mála geti komið, að Norðmenn taki það svo óstint upp, ef frumvarpið yrði samþ. í þeirri mynd, sem það er nú, að þeir leggi innflutningstoll á saltkjöt. Og væri það ver farið.

Hvað snertir brtt. við 9. gr., þá skildi jeg ekki tilgang háttv. þm. Ak. (M. K.), að útiloka þessa menn. Það lá beinna við að gefa þeim undanþágu. Það kom talsvert annað hljóð í strokkinn hjá háttv. þm. Ak. (M. K.), þegar hann heyrði hvernig hæstv. forsrh. (J. M.) tók í málið, eins og vænta mátti. Háttv. þm. (M. K.) skifti heldur snarlega um stefnu. Annars fyndist mjer eftirleiðis vel við eiga, að hv. þm. Ak. (M. K.) sparaði sjer að láta skoðun sína í ljós um mál, fyr en hann vissi um vilja hæstv. forsrh. (J. M.); en á því er raunar sá galli, að það kemur einatt fyrir, að ilt er að vita fyrirfram um hans skoðun. Annars tek jeg ekki undir það að fela stjórninni allar framkvæmdir í máli þessu, svo mikið hefi jeg sjeð af framkvæmdasemi hennar. Það væri til að sæfa málið algerlega.

Magnús Kristjánsson: Það er að vísu leitt að tefja tímann, en jeg verð þó að segja örfá orð.

Mjer finst skilningur háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) ekki hafa glæðst, þótt honum hafi verið bent á hið rjetta í þessu máli. Hann heldur fram sömu kórvillunni, svo maður gæti hugsað, að háttv. þm. (Gunn. S.) hefði ekki lesið frv.

Þótt jeg beri fulla virðingu fyrir lögspeki háttv. þm. (Gunn. S.), þá get jeg ekki fallist á, að sá skilningur felist í frv., að útlendingar, sem fullnægja ákvæðum laganna um búsetu hjer á landi, megi ekki verka síld í landi.

Jeg þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þessi atriði, og skal ekki lengja umræðurnar. En jeg verð að víkja nokkrum orðum að seinustu athugasemdum, eða öllu heldur aðdróttunum, háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) í minn garð, þar sem hann sagði, að jeg hefði snarsnúist í máli þessu eftir skoðun hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Talsháttur inn segir, að ómerk sjeu ómagaorðin, og þyrfti því ekki að svara þessu frekar, fremur en ýmsu úr þeirri sömu átt. Og jeg held, sannast að segja, að háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hefði sjálfur orðið þess var oftar en einu sinni, að jeg hefi haldið fast við mitt mál og mínar skoðanir og ekki hvikað frá þeim, hver sem í hlut á. Og það hefði þessi háttv. þm. (Gunn. S.) gott af að leggja sjer sjálfum á hjarta, svo hann yrði ekki framvegis leiksoppur í höndum sjer verri manna.

Gunnar Sigurðsson: Jeg ætlaði aðeins að gera smáathugasemd. En þegar jeg heyrði, hvað háttv. þm. Ak. (M. K.) var merglaus, þó hann væri uppblásinn, að vanda, þá get jeg fallið frá því og skal ekki lengja umræður meira. Aðeins skal það tekið fram, að það er misskilningur hjá háttv. þm. (M. K.), að jeg hafi nokkurntíma orðið þess var, að hann hefði sjálfstæða skoðun; slíkt dytti mjer aldrei í hug að bera honum á brýn; en hitt veit jeg aftur á móti, að þingmaðurinn (M. K.) mundi ganga út í opinn dauðann fyrir skoðanir háttv. stjórnar, hve fjarstæðar sem þær væru. Háttv. þm. (M. K.) var að tala um, að jeg væri leiksoppur í höndum mjer verri manna. Jeg veit nú ekki, hver ætti að hafa áhrif á mínar skoðanir í þessu máli eða öðru. En ætti jeg hinsvegar að fara að meta það, hvort þm. (M. K.) væri betri eða verri en þeir, sem hann dansar eftir, þá býst jeg varla við, að það mat mundi falla þm. (M. K.) í vil, og er þó ilt að meta þar á milli.

ATKVGR.

Brtt. 521 tekin aftur til 3. umr.

— 478 samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 565, 521, 595, 599, 607, 615, 616).

Jón Baldvinsson: Þetta mál er upphaflega komið frá sjávarútvegsnefnd, og var ástæðum frv. lýst nokkuð við 1. og 2. umr. Á síðari árum hefir gengið mjög erfiðlega með síldarútveginn, og hafa menn sjeð, að svo búið mátti ekki standa og að það er stór voði fyrir þjóðina, ef skipulagsleysið helst áfram. Útgerðarmenn hafa líka sjeð þetta, og vilja því reyna að koma betra skipulagi á veiði og sölu síldarinnar. Þeir hafa sjeð af því, hvernig salan hefir gengið, að ekki dugir að hver bauki í sínu horni og vinni, beint eða óbeint, hver á móti öðrum. Og þetta

mál er fram komið í þeim tilgangi, að löggjöfin stuðli að samvinnu í þessum efnum.

Jeg gerði við 1. umræðu þessa máls hjer í deildinni nokkurn ágreining út af þessu frv. Sjerstaklega var jeg ekki samþykkur því að banna útlendingum síldveiði hjer við land, eins og frv. gerir, og taldi það varhugavert gagnvart öðrum ríkjum að fela einu fjelagi svo að segja öll ráð yfir síldarútveginum. Mjer virtist hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hallast að sömu skoðun og jeg. Hann sagðist búast við, að því yrði betur tekið af öðrum ríkjum, ef ríkið hefði einkasölu, heldur en ef einstakt fjelag væri „autoriserað" til þess að hafa alla síldarsöluna á hendi.

Jeg hefi nú komið fram með brtt. í þessa átt á þskj. 607, ásamt samþm. mínum, háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Þessar till. ganga í þá átt, að ríkið sjálft hafi sölu og útflutning allrar síldarinnar. Að vísu gerum við ráð fyrir, að Síldveiðifjelagið verði stofnað og hafi talsvert starfsvið. Það er ef til vill mesta mein síldarútvegsins nú, hvað markaður fyrir síld er þröngur. Því gerum við ráð fyrir, að fjelagið hafi það starfsvið að takmarka veiðina, í samráði við ríkisstjórnina. En aðaltilgangur okkar er, að ríkið hafi á hendi söluna. Með því viljum við koma í veg fyrir, að útgerðarmenn sjálfir bjóði út síldina, hver öðrum í óhag, og verði þess valdandi, að menn halda, að miklu meira sje á boðstólum en í raun og veru er, svo að verðið lækki niður úr öllu valdi.

Ekki verður heldur deilt um það, að það er miklu sæmilegra gagnvart útlendingum, að ríkisstjórnin hafi yfirtökin, heldur en að þeir sjeu settir undir íslenskt útvegsmannafjelag.

Við 1. gr. frv. gerum við þá breytingu, að ríkisstjórnin auglýsi, hvenær umsóknir um leyfi skuli vera komnar í hennar hendur. Þessa ákvæðis hefði ef til vill ekki verið þörf, en okkur fanst vissara að taka þetta fram, því upplýsingar um það, hverjir ætla að veiða síld, þurfa að koma svo snemma, að hægt sje að gera áætlun um veiðina, ef til takmarkana á henni kemur, og um sölu síldarinnar.

Þá viljum við fella niður 2., 3. og 4. gr. frv., sem fjalla um að útiloka útlendinga frá því að veiða eða verka hjer síld til útflutnings, og er það í samræmi við að ríkið hafi söluna á hendi.

Aftur á móti gerum við ráð fyrir, að 5. gr. haldist. Síldveiðifjelagið verður þá stofnað og starfar, og er ekki alveg óhugsandi, að það taki að sjer söluna með tímanum.

Þá gerum við ráð fyrir, að Síldveiðifjelagið skipi 3 menn til aðstoðar og ráðuneytis ríkisstjórninni um sölu og útflutning síldarinnar, þar sem sennilegt er, að það hafi mönnum á að skipa, sem hafa þekkingu á þessu sviði.

5. brtt. á þskj. 607 er í 5 liðum, og lúta þeir allir að einkasölu ríkisstjórnarinnar og ýmsum nánari fyrirmælum, meðal annars um að draga kostnað frá söluverði síldarinnar. Aftur á móti kemur ekki til mála, að stjórnin hafi á hendi skiftingu á söluverði síldarinnar milli eigendanna, heldur verður Síldveiðifjelagið að hafa hana sjálft.

Þá er bráðabirgðaákvæði um það, að verði Síldveiðifjelagið ekki stofnað strax, þá skuli ríkisstjórnin samt takast á hendur sölu á þeirri síld, sem útflutningshæf er metin. Það ætti að minsta kosti að vera meiri trygging fyrir sölu. En jeg hygg, að trygg sala sje eitt stærsta atriðið fyrir útveginn, t. d. til þess að auka lánstraust útgerðarmanna gagnvart bönkunum hjer.

Jeg ætla ekki að segja mikið meira að sinni. Jeg vil þó benda á, að hjer er að

velja um tvær stefnur. Önnur kemur fram í till. háttv. meiri hl. sjútvn. Hún er sú, að einu einstöku fjelagi, Síldveiðifjelagi Íslands, sje falið að hafa alt vald á síldarútveginum og útlendingum sje bönnuð veiði.

Hin stefnan, sem við höldum fram, er sú, að banna útlendingum ekki síldveiðar og láta ríkisstjórnina hafa síldarsöluna á hendi.

Meiri hluti sjútvn. vill setja ákvæði um að fresta framkvæmdum, ef stjórninni sýnist svo. Það gæti orðið til þess, að ekkert yrði úr skipulagi. Að samþykkja það ákvæði er sama og að gera ekkert í málinu.

Ef frv. verður samþykt með breytingum meiri hl. sjútvn., um heimildina fyrir stjórnina til að fresta framkvæmdum frv. að nokkru eða öllu leyti, sje jeg ekki betur en að stjórnin sje sett í hinn versta gapastokk. Annars vegar eru það innlendir síldveiðimenn, sem heimta skipulag og söluna í sínar hendur, en hins vegar útlendingar, sem vilja vitanlega frestun á öllu, og eftir þeim gauragangi, sem þegar er kominn í norska og sænska útvegsmenn út af þessu máli, er jeg ekki í miklum vafa um, að stjórnin láti undan þeim, og þá stendur alt við það sama og nú er.

Okkar till. fara meðalveginn. Þær gera ráð fyrir skipulagi meðal síldveiðimanna, en útiloka þó ekki útlendinga frá veiðum hjer við land. Og eftir þeim þurfa útlendingar að láta af hendi alla þá síld, sem þeir verka í landhelgi, til landsstjórnarinnar, til söluráðstöfunar eins og Íslendingar. Og eftir þessum till. okkar er heldur ekki gert ráð fyrir neinum undanþágum eða frestun á framkvæmdum, en slík ákvæði mundu að minni hyggju aðeins verða til þess að spilla málinu.

Gunnar Sigurðsson: Mjer þykir vænt um, að brtt. á þskj. 607 eru fram komnar, því að þær ganga inn á sömu leið og jeg hafði upphaflega hugsað mjer. Jeg held, að reynsla síðari ára hafi sýnt, að það er nauðsyn á því að koma síldarsölu vorri á eina hönd, og þá held jeg, að ríkisstjórnin sje sjálfsögð til að hafa síldarsöluna á hendi, í samráði við útgerðarmennina.

1. brtt. á þskj. 607 er í fullu samræmi við mína brtt., að öðru leyti en því ákvæði, að stjórnin skuli auglýsa, hvenær umsóknir eigi að vera komnar í hennar hendur. En jeg held, að það ákvæði sje ekki nein skemd.

2. brtt. á sama þskj., um að 2., 3. og 4. gr. falli niður, er líka í fullu samræmi við mínar brtt., um það, að útlendingar sjeu settir á bekk með okkur, en ekki skör lægra.

Viðvíkjandi fjelagsstjórninni, þá geng jeg inn á, að 5. gr. í brtt. á þskj. 607 komi í stað 2. málsgreinar í mínum brtt. En verði brtt. á þskj. 607 feld, þá tek jeg mína upp sem miðlunartillögu.

Jeg vil taka það fram, að jeg held fast við 10 smálestir í brtt. við 9. gr. Jeg bjóst við því, að háttv. frsm. (M. K.) mundi ganga inn á það, og vil spyrja hann, hvort samkomulag geti ekki orðið um það. Jeg vænti þess, að hann geri það að minsta kosti ekki að kappsmáli. (*M. K.*: Það geri jeg þó). Það þykir mjer einkennilegt.

Jeg vil mótmæla því, að stjórninni verði veittur nokkur frestur á málinu, þar sem það nú hefir dregist þrem árum of lengi og leitt af sjer 10 milj. kr. tap, minst. (*B. J.*: 15 miljóna). Jeg vil ekki stuðla til þess, að haldið verði áfram með framleiðslu á síld, til þess svo að moka henni í sjóinn. En hitt er sýnilegt, hve ótækt það er að leggja atvinnuveginn niður og láta útlendinga taka hann upp aftur.

Á næsta Alþingi má svo endurskoða lögin og breyta þeim eftir því, sem reynslan sýnir þörf á.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Um brtt. á þskj. 607, sem nú eru aðallega til umræðu, skal jeg strax taka það fram, að þær eru þess verðar, að þeim sje gaumur gefinn. Á við þær máltækið gamla, að betri sje hálfur skaði en allur, og býst jeg við, að þeir háttv. þm., sem kunna að aðhyllast þær, geri það sökum þess, að þeir telji litlar líkur til, að frv. eins og það var upphaflega nái fram að ganga, og að þeir neyðist þannig til að halla sjer að því næst besta, þegar það besta er ekki fáanlegt.

Spurningin, sem hjer liggur fyrir, virðist mjer vera þessi: Eigum vjer að ráða yfir málum vorum og vera húsbændur á okkar heimili, eða eigum við ekki að vera það?

Spurningunni er með till. þessum svarað þannig: Við erum þess ekki megnugir. Við óttumst reiði útlendra ríkja, við beygjum okkur fyrir valdinu.

Mjer virtist að í gær í ekki alveg óskyldu máli væri fjandanum gefinn 1 fingur; nú verða honum líklega gefnir 2, og má þá renna grun í, hvort öll hendin muni ekki á eftir fara. Jeg skil ekki þá menn, sem sýnist það einskis virði að ráða sjálfir einir yfir fiskimiðum vorum, sem miðla mætti öðrum af, gegn einhverju endurgjaldi. Var sú hugmynd okkar að miðla einhverju af gæðum þessum og fá hlunnindi í gegn, en það þýðir líklega ekki mikið að tala meira um það hjeðan af, því afdrif málsins munu nú ráðin. Mun eigi þykja um annað að velja en hallast að brtt. háttv. 4. þm. Reykv. (M.J.) og hv. 2. þm. Reykv. (J.B.), því að betra sje, að þær nái fram að ganga en að ekkert sje gert, þó að gagnið að þeim komi alls ekki að miklum notum. En þess skal jeg láta getið, að svo mikið ber þeim á milli og hinu upphaflega frv., að full ástæða er til að óttast, að útgerðarmenn muni eigi sinna málinu, og því enginn fjelagsskapur verða stofnaður.

Eini kosturinn við brtt. er, að söluráðstafanirnar eru sameiginlegar, en auðvitað eru þær það líka í frv., svo hjer hefir þá eigi verið breytt til batnaðar heldur.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að jeg felst ekki á brtt. við 9. gr. frá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Mun misskilningurinn enn vera fyrir hendi hjá honum.

Ákvæði 9. gr. er öllum meinlaust, en þó mörgum að gagni. Brestur þennan háttv. þm. (Gunn. S.) kunnugleik að dæma um málið, því að hann er lítt kunnugur á Norðurlandi, en þar þekki jeg gerla til. Eru á vertíðum oft aflalitlir kaflar, og er þá eðlilegt, að útgerðarmenn vilji nota þessi skip sín til síldveiða í bili; en væri það hins vegar óþægilegt að þurfa að sækja um leyfi fyrir þessi skip sín fyrirfram.

Hætta getur engin af þessu ákvæði stafað, því eigendurnir eru bundnir til að sæta öllum ákvæðum fjelagsins um söluna, eins og aðrir. Vildi jeg því mælast til, að háttv. flm. till. vildi taka hana aftur.

Magnús Pjetursson: Mig langar til þess að segja örfá orð út af einni setningu, sem hraut af vörum hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Einnig vildi jeg leyfa mjer að beina lítilli fyrirspurn til hæstv. forsrh. (J. M.) sem lögfræðings.

Jeg er ekki fróður í lögum, og síst í erlendum, og vildi jeg því spyrja hæstv. forsrh. (J. M.), hvort ekki mundi vera í lögum nágrannalandanna svipuð skilyrði sett til rekstrar atvinnuveganna og þau, sem eru í 2. gr. frv.

Hefi jeg ætíð haldið, að Ísland ætti að vera fyrir Íslendinga, og þykir mjer því undarlegur sá úlfaþytur, sem orðið hefir út af því, að útlendingum yrði sett einhver skilyrði fyrir því að mega reka hjer atvinnu sem íslenskir menn. Furðar mig það, að 1. þm. Rang. (Gunn. S.) skuli fetta fingur út í það, að útlendir menn sjeu settir skör lægra en Íslending-

ar. Má það merkilegt heita, hve sumir hv. þm. eru fljótir að glúpna, ef útlendingum kann að mislíka eitthvað.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gef mig nú ekki út fyrir neitt sjerstaklega fróðan um milliríkjalög, og vil því ekki segja neitt ákveðið við fyrirspurn háttv. þm. Str. (M. P.), því að um slíkt er sjerfræðingum einum fært að dæma.

Þó hefir mjer verið frá því skýrt, að Svíar hafi sett hjá sjer svipuð lög að einhverju leyti þeim, er hjer eru á ferðinni, en þau mættu mjög mikilli mótspyrnu. Mig minnir, að lög þessi færu í þá átt, að erlend skip mættu ekki selja afla sinn þar í landi. Þetta sætti miklum mótmælum utan að, og hygg jeg, að Svíar hafi horfið frá þessu ráði. Hins vegar mun það ekki koma í bága við alþjóðavenju eða milliríkjasamninga, þó vjer takmörkum veiðina, setjum einkasölu o. s. frv.

Um það atriði, að stjórninni væri heimilt að fresta framkvæmd laganna að nokkru eða öllu, skal jeg taka það fram, að stjórninni mundi vera lagður með því mikill vandi á herðar, og gæti það jafnvel orðið henni hin versta hengingaról. Furðar mig því eigi, þó að háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) mótmælti, að stjórninni væri þessi vandi búinn, því að þessi háttv. þm. hefir verið besti stuðningsmaður stjórnarinnar á þessu þingi.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það þarf enginn að furða sig á því, þó að mönnum, sem reka hjer síldarútgerð, sárni það, er útlendingar veiða hjer síld við strendur landsins, verka hana í landi og flytja hana út, án nokkurrar íhlutunar af okkar hálfu, og fyrirbyggja með þessu, að við komum okkar síld út fyrir nokkurt þolanlegt verð. Það er þetta, sem hefir ýtt undir útgerðarmenn að fara fram á þetta lagafrv., sem hjer liggur fyrir, sjerstaklega hvað snertir ákvæðið í 2. gr. Jeg hefi mikið talað um þetta mál við útgerðarmenn fyrir norðan, og þeim blæðir mjög í augum yfirgangur útlendinga á þessu sviði. Jeg get tekið undir með háttv. frsm. (M. K.), að ef lögin ekki taka í taumana og styðja að, þá er jeg hræddur um, að lítið verði úr fjelagsskap þeim, sem síldarútgerðarmenn hafa verið að koma á um sameiginlega sölu síldarinnar o. fl. En það er slíkur fjelagsskapur, sem jeg álít nauðsynlegan sem bakhjarl fyrir stjórnina, ef fela á henni aðalumsjón á útflutningi og sölu allrar síldar. Jeg held því að brtt. á þskj. 607, ef þær verða samþ., sjeu til skemda.

Þetta er nú sú hlið málsins, sem að okkur snýr, landsmönnum. Jeg skal ekkert um það segja, hvernig þessi lög reynast í framkvæmdinni út á við. Brtt. á þskj. 599 fara fram á, að fresta megi framkvæmd laganna að nokkru leyti eða öllu, ef stjórnin telur það nauðsynlegt. Þetta mun gert til að fyrirbyggja, að til vandræða reki, ef Norðmenn og Svíar vilja ekki sætta sig við lögin. Það er nú svo sem auðvitað, að stjórnin beitir ekki lögunum, ef hún sjer, að þá muni til vandræða horfa. Það dugir ekki að etja kappi við ofurefli. Þessar stærri þjóðir kynnu að geta látið það bitna á okkur í verkinu á þann hátt, að það væri okkur um megn að taka á móti því. En þetta frv., ef það væri gert að lögum með breytingum meiri hl. sjútvn., þá væri það góður samningsgrundvöllur fyrir okkur, ef Svíar og Norðmenn vildu ekki við lögin una. Það er eftirtektarvert, sem staðið hefir hjer í blöðunum núna, að Svíar hafi mikinn hug á og sjeu að búa sig undir að stunda síldveiðar hjer við land, til þess að geta með því fullnægt sínum þörfum fyrir íslenska síld. Heppnist þeim það, þá lokast markaðurinn fyrir Íslendinga. Mjer finst, að þeir ættu að geta sjeð eðlilega sjálfsvörn okkar í svona lögum, því að það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem njóta þess

rjettar að verka veiðina í landhelgi, lifi undir sömu lögum sem landsmenn sjálfir.

Bjarni Jónsson: Jeg heyrði því miður ekki alla ræðu háttv. þm. Ak. (M. K.), en kom inn, er hann sagði að frv. þetta væri komið frá rjettum hlutaðeigendum, útgerðarmönnum. Þetta gefur mjer tilefni til að spyrjast fyrir um það, frá hvaða útgerðarmönnum það sje komið, hvort það sje frá þeim, sem nú eru útgerðarmenn eða hafa gert út undanfarin ár, eða hinum, sem í hyggju hafa að stunda útgerð í framtíðinni. Mjer skilst, að það sje hættuleg leið að stofna fjelag með þeim hætti, sem hjer er gert ráð fyrir. Slíkur fjelagsskapur gæti haft svo mikið bolmagn í framtíðinni, að hann gæti útilokað nýja menn. Þótt mjer sje ríkt í hug að vernda þennan atvinnuveg og gera söluna hagkvæmari, þá vil jeg þó eigi þola það, að hægt sje að gera einum hærra undir höfði en öðrum í þessu efni.

Þá kem jeg að þeirri hlið málsins, sem út á við snýr. Mjer er að vísu ekki kunnugt, hversu langt oss er fært að fara í lagasetningu um þetta efni, en hygg oss sje fært að fara svo langt sem aðrar þjóðir. Mundi oss því óhætt að hafa sömu ákvæði í lögum þessum, sem Norðmenn og Svíar hafa í lögum sínum um þetta efni. Bar því nefndinni að kynna sjer lög nágrannaþjóðanna og athuga, í hverju þetta frv. væri þeim frábrugðið. Jeg hefði gaman af að heyra, hver ákvæði gilda um þetta hjá nágrannaþjóðum vorum, og bið því nefndina að gefa mjer upplýsingar um það, því að jeg veit, að hún muni vendilega hafa kynt sjer alt, er að máli þessu lýtur. Þá vil jeg og fá að vita, undir hvaða skrifstofu þetta utanríkismál muni heyra, hvort það sje 1., 2. eða 3. skrifstofan. Einnig vil jeg spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh. (J. M.), hvaða upplýsingar hann hafi fengið um kvartanir þær, er koma kunni frá stjórnum hlutaðeigandi ríkja. Jeg marka ekki, þótt jeg hafi lesið í norsku blaði, að óánægja væri út af þessu, en þykir hinsvegar ekki ólíklegt, að norska og sænska stjórnin hafi látið í ljós óánægju við íslensku stjórnina. Um þetta vil jeg spyrja hæstv. forsrh. (J. M.), svo og það, hvort hann telur það fullnægjandi, sem hann fær að vita um þetta hjá ræðismönnum Norðmanna og Svía, hvort hann treysti því, að semja til fullnustu við þá. Eða hvort stjórnirnar hafi látið þess getið, að hingað mundi koma „diplomat", sem komi fram fyrir þeirra hönd til að semja um málið, til þess að þurfa ekki að vasast með slíkt mál póst- eða símaleiðina. Jeg geri ráð fyrir, að þessari spurningu verði svarað játandi, að sendiherrans sje von með næsta skipi, og tel jeg slíkt vel farið.

Þess vegna hefi jeg spurt að þessu öllu, að jeg álít nauðsynlegt, að þingið fái glögglega að vita, hverjar umkvartanir kunni í vændum að vera. Jeg mun haga atkvæði mínu eftir upplýsingum þeim, sem stjórnin gefur. Þótt jeg vilji vernda atvinnuveg þennan, þá vil jeg gera það án þess, að úr verði misklíð eða hatur milli ríkjanna.

Jeg las það í einu norsku blaði fyrir skemstu, að hvað utanríkismálin snerti, þá væri Ísland hluti úr danska ríkinu. Þetta gefur mjer tilefni til að minna á umræður, sem fram fóru hjer í deildinni fyrir nokkrum dögum út af skilningnum á 7. gr. sambandslaganna. Hygg jeg, að ekki væri vanþörf á að aðskilja utanríkisstjórnina meira en orðið er. Það er ekki svo að skilja, að jeg álíti þetta norska blað nokkurt goðasvar í þessu efni eða að álit norsku stjórnarinnar á utanríkismálum Íslands fari eftir því, en ef til vill eru einhverjir fleiri á líku máli um þetta. Getur þá hæglega farið svo, að eftir nokkur ár verði þeir enn fleiri, ef ekki er ráðin bót á í tíma.

Jeg vil svo að endingu skora á stjórnina að fara að mínum tillögum um þessi mál. Ella mun jeg fyr eða síðar reyna að koma henni fyrir landsdóm.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer skildist svo, að háttv. þm. Dala. (B. J.) beindi þeirri fyrirspurn til mín, undir hvaða stjórnardeild þetta utanríkismál heyrði. Jeg verð að játa, að jeg skil ekki þessa fyrirspurn. Mjer er óskiljanlegt, hvernig hann fer að kalla þetta utanríkismál á þessu stigi málsins. Það er ekki utanríkismál, þótt vjer setjum lög um síldveiðar vorar. Hitt er annað mál, ef deila hefst um þessi lög við önnur ríki, þá þarf að semja, og þá fyrst er hægt að tala um utanríkismál. En engin slík deila er komin fram. Stjórnir erlendra ríkja fara ekki að hlaupa upp til handa og fóta, þótt eitthvert frv. komi fram, og segja, að þetta og þetta megi ekki gera. Mjer er kunnugt, að stjórn eins ríkis fylgist mjög vel með öllu, sem gerist í máli þessu, en engin deila er fram komin, svo það er ekki um neitt slíkt að ræða hjer. Á hinn bóginn má ekki líta of mikið niður á það, sem blöð heillar þjóðar tala um.

Magnús Jónsson: Mjer þykir það leiðinlegt, að við háttv. þm. Ak. (M. K.) skulum ekki geta orðið sammála hjer, því að tilgangur okkar er áreiðanlega sá sami, að vernda þennan þjakaða atvinnuveg. Hæstv. atvrh. (P. J.) gat um það, að von væri að útgerðarmönnum sárnaði að sjá útlendinga fiska hjer og verka hjer, án allrar umsjónar. Þetta er rjett. Þess vegna er umsjón nauðsynleg.

Það hefir verið bent á tvær höfuðleiðir. 1) takmörkun veiðinnar, og þá einkum útiloka útlendinga, og 2) að haga sölunni sem hentugast. Í frv. er aðaláherslan á takmörkuninni. Eftir því á að útiloka alla, sem ekki eru búsettir hjer á landi. En þetta getur vakið úlfaþyt. Við höfum lagt til, að þetta ákvæði yrði felt niður, og er okkur fyrir þá sök brugðið um undanhald. En undanhaldið er engu minna með frestunartillögunni.

Í brtt. okkar er aðaláherslan lögð á það, að tryggja söluna sem best. Með því móti er siglt fyrir ágreininginn, en öllu þó í raun rjettri náð. Norðmenn og Svíar mundu trauðla sætta sig við að láta stjórnina selja síldina, en mundu á hinn bóginn ekki geta komið upp neinu hljóði til andmæla, því að jafnrjetti er við Íslendinga. En þá er takmörkunin á veiðinni leidd í framkvæmd, án allrar hörku og án þess að vekja úlfúð.

Það er rangt að bregða okkur um, að við viljum, að Íslendingar hætti að vera húsbændur á sínu heimili. Við viljum það engu fremur en hv. þm. Ak. (M. K.) og aðrir góðir menn. En við vitum, að við verðum það svo best, að við lifum í þeim friði, sem unt er, við hina stærri nágranna vora og reiðum ekki að þeim hnefann upp úr þurru.

Það má meira að segja telja vafasamt, hvort þessi aðferð er sæmileg. Hjer er hnefi reiddur í því skyni að láta hinn kaupa sig undan högginu. Jeg er viss um, að ekkert erlent ríki lætur bjóða sjer slíka meðferð. Ef þetta er talið heppilegt, hvers vegna er þá ekki reynt að finna upp samskonar aðferð við t. d. Spánverja eða aðrar þjóðir, sem við eigum viðskifti við. Jeg er í mjög miklum vafa um, að þessi aðferð komi að gagni atvinnuvegi þeim, sem vernda á, og er þá ver farið en heima setið.

En með till. okkar er sama árangri náð, sem tilætlaður er með bannákvæðinu, en hún er svo úr garði gerð, að engin þjóð getur fett fingur út í þá meðferð. Landsmönnum sjálfum eru settir sömu skilmálar, og getur því ekki verið borið við af útlendingum, að þeir sjeu misrjetti beittir. En eins og jeg hefi bent á áður, er eins mikil takmörkun fólgin í ströngum sölu-

skilmálum og í banni. Tilganginum er náð, að samræma söluna, til þess að vernda síldarmarkaðinn, og það er gert með því móti, að aðrir geta ekki undan því kvartað. Og að þessi aðferð er engu minni trygging, sjest kannske best með því að athuga, að einmitt bankarnir, sem eiga svo mjög á hættu, er þeir láta fje í þennan atvinnuveg, munu vera mest með og telja sig tryggasta með þessari aðferð. Þar sem bankarnir eru, er líklega besti dómstóllinn í þessu máli.

Jeg verð að leggja mesta áherslu á 5. og 7. lið brtt. og vona, að háttv. deild samþ. þá, hvernig sem um hina fer. Jeg veit, að margir vilja fella greinina, en ef það er gert, er ekkert eftir af lögunum í raun og veru; atvinnuvegurinn er í engu tryggður. En ef brtt. okkar er samþykt, er öllu því náð, sem æskilegt er. Útlendingum er leyft að fiska og verka síld hjer við land, en þær takmarkanir eru settar, að atvinnurekstur þeirra spillir ekki markaði vorum.

Háttv. þm. Str. (M. P.) talaði um það, hve þingmenn væru fljótir að glúpna; en jeg tel það enga furðu, þegar augljóst er, að vandræði geta leitt af öllum þráa í þessu efni. Við erum ekki færir um að setja öðrum þjóðum algerlega stólinn fyrir dyrnar, og hefja ef til vill viðskiftastríð við þær. Að minsta kosti eigum við ekki að gera leik að því, þegar við getum náð sama tilgangi hávaðalaust.

Hæstv. atvrh. (P. J.) talaði um, að Síldveiðifjelagið yrði óþarft, ef till. okkar yrði samþykt. Það fæ jeg ekki sjeð. Það er eins og hver önnur samtök, og verður engu ónauðsynlegra, þó að stjórnin taki að sjer söluna. Best að hafa einmitt eitthvað slíkt, sem er töluvert umsvifamikið og reglubundið hjer á landi, því það megum við vita, að útlendum auðmönnum er allra óljúfast að þurfa að beygja sig fyrir því, og það miðar því í takmörkunaráttina.

Þá tel jeg nauðsynlegt að breyta ákvæðinu um 50 tonna báta niður í 10 tonn, en það er af mótsettri ástæðu við háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hann taldi, að með þessu móti væri mönnum, sem ættu litla báta, sýnt ranglæti, en jeg tel, að þeim sjeu veitt of mikil rjettindi með þessu.

Eins er nauðsynlegt, að þeir sjeu í fjelaginu, til þess að hægt sje að hafa eftirlit með veiði þeirra. Það gæti valdið fjelaginu mikilla óþæginda, ef margir bátar gætu veitt mörg þús. tunnur af síld eftirlitslaust, og hent því svo í fjelagið til söluráðstafana. Þetta kæmi ruglingi á samræmi það, sem stofna á til. Jeg vil því styðja það, að öðrum bátum sje ekki leyft að vera utan fjelagsins en þeim, sem eru undir 10 tonn, og með því er fjelagið fyllilega trygt.

Jón Þorláksson: Jeg vildi beina tveimur spurningum til hæstv. stjórnar. Önnur er viðvíkjandi rjetti þeirra útlendinga til að veiða hjer síld, sem áður hafa hjer veitt og eiga mannvirki og eignir hjer á landi í því skyni. Jeg vildi spyrja, hvort þessum mönnum mundi leyft að veiða hjer áfram, ef frv. yrði samþykt eins og það er nú. Mjer þætti nokkuð harðneskjulega að farið, ef þeim yrði meinað það og yrðu að láta af hendi eignir sínar fyrir lítið sem ekkert verð. Jeg vildi spyrja, hvort stjórnin gæti ekki veitt þessum mönnum undanþágu, þó að útlendingum, sem settust hjer að eftir að lögin yrðu staðfest, yrði bönnuð veiði? Og jeg vil spyrja stjórnina, hvort hún líti svo á, að þessi heimild geti falist í brtt. á þskj. 599?

Atkvæði mitt mun fara nokkuð eftir því, hvernig þessum spurningum verður svarað. Jeg get ekki stuðlað að því með

atkvæði mínu, að svo langt verði gengið í því að skerða eignir og atvinnufrelsi manna, þó útlendingar sjeu.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg vildi fyrirbyggja misskilning viðvíkjandi ummælum mínum um brtt. á þskj. 607. Jeg hefi í sjálfu sjer ekki á móti 5. liðnum. En jeg býst við, að hann yrði til þess að vekja óánægju þeirra manna, sem við lögin eiga að búa. Sú tilhögun, að láta stjórnina annast söluna, mun hafa átt erfitt uppdráttar hjá þeim, sem frv. sömdu. Jeg veit, að sú stefna er ekki vinsæl meðal síldarútgerðarmanna, að láta stjórnina eða hið opinbera vera að vasast í sölu afurðanna; þeir óttast, að það kunni að draga dilk á eftir sjer.

Stefán Stefánsson: Það eru ekki mörg orð, sem jeg vildi segja að þessu sinni. Mjer virðast brtt. á þskj. 607 öllu varfærnislegri en ákvæði frv. sjálfs. En þó að svo virðist í fljótu bragði, tel jeg varhugavert að binda nokkuð fastmælum í þessu efni nú, því að málið er mikilvægt, en ekki hugsað og undirbúið að sama skapi. Það hafa komið fram raddir um, að lögunum þyrfti að breyta þegar á næsta þingi, en jeg tel ekki heppilegt að koma á svo fljótfærnislegri löggjöf í vandamálum þjóðarinnar. Við höfum alla ástæðu til að fara varlega í þessu efni.

Jeg hjó eftir því hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að Svíar hefðu farið líkt að og nú er til stofnað hjá okkur, en orðið frá að hverfa af því, að það braut um of í bág við atvinnurekstur annara þjóða. Jeg held, að við getum varla vænst þess, að okkur líðist meira í þessu efni en Svíum. Jeg mun því taka upp aftur dagskrá þá, sem jeg bar fram um daginn, en fjell þá frá, í von um að málið gæti fengið þann undirbúning, sem á vantaði, á þessu þingi. Jeg held, að allir, sem vilja málinu vel, geti fallist á þessa leið, og vænti jeg þess, að hæstv. forseti beri dagskrána undir atkvæði.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) spurðist fyrir um það, hvort útlendingum, sem stundað hafa síldveiði hjer við land undanfarið, mundi leyfast að halda atvinnunni áfram, ef frv. yrði samþykt. Þessu verður að svara neitandi. 2. gr. tekur þar af öll tvímæli eftir minni meiningu. En ef mönnum þykir mjög ósanngjarnt að meina þessum mönnum að stunda hjer atvinnu, þá getur þingið veitt stjórninni heimild til að veita undanþágu, hvað þeim viðvíkur. En þetta kemur ekki til, ef till. á þskj. 607 verður samþykt.

Jeg held, að háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hafi lagt nokkuð mikið í dæmið, sem jeg tók af Svíum. Jeg sagði aðeins, að þeir hefðu horfið frá þessu ráði, en hitt veit jeg ekki, hvort þeir hafi verið til þess neyddir eða ekki.

Jón Baldvinsson: Þeir háttv. þingmenn, sem tekið hafa til máls, hafa tekið tillögum okkar vel, og þar á meðal háttv. frsm. (M. K.), og þykir mjer vænt um, að svo er.

Það er aðeins dálítill misskilningur hjá háttv. samþm. mínum (M. J.) um takmarkanir veiðinnar, sem jeg vildi leiðrjetta. Mjer skildist hann líta svo á, að takmarkanirnar ættu aðallega við fjelagsmenn, en þar hlýtur hann að hafa átt við 7. gr. hins upprunalega frumvarps, því eftir henni mætti líta svo á, því þar er talað um, að viðvíkjandi takmörkun veiðinnar fari með atkvæðisrjett eins og fjelagsmál væri.

En úr þessu er bætt með brtt. okkar, sem gera ráð fyrir, að ríkisstjórnin þurfi að samþykkja allar ákvarðanir fjelagsins um takmörkun veiðinnar.

Jeg er ekki alveg viss um, að það sje rjett hjá hæstv. atvrh. (P. J.), að það sje þyrnir í augum þeirra manna, sem fjelagsskap mynda, að fella niður 2. og 4. grein.

Jeg hefi talað við nokkra síldarútgerðarmenn um þetta, og þeir telja það mestu nauðsynina, að gott skipulag komist á síldarsöluna, og þeir telja engan líklegri til þess en ríkið sjálft. Aftur á móti efamál, að samkomulag náist um það meðal fjelagsmanna. (*P. O.*: Þeir, sem hafa skrifað undir, hlaupa ekki frá skuldbindingum sínum). Getur vel verið, að slíku megi treysta, eftir að undirskriftirnar eru fengnar, en þó er það nú svona, að útgerðarmennirnir, sumir að minsta kosti, treysta ríkinu betur um heppilegar framkvæmdir þessa máls heldur en væntanlegum fjelagsmönnum Síldveiðifjelagsins.

Bjarni Jónsson: Önnur af brtt. er til að ráða bót á því, að menn verði ekki útilokaðir frá þessum fjelagsskap. Hin fer fram á það, að lögin gangi þegar í gildi. Og slík brtt. er nauðsynleg, ef verða á að gagni veiðinni í sumar, að lögin gangi í gildi tafarlaust.

Jeg hefi fengið, að nokkru leyti, svarað fyrirspurnum mínum hjá hæstv. stjórn, en raunar hefir því þó ekki verið svarað, undir hvaða skrifstofu það heyri, ef kvartanir koma fram.

Mjer var aðeins svarað því, að engar umkvartanir hefðu enn komið á 1. skrifstofu stjórnarráðsins. (*Fjrh.*: Ekki á 3. skrifstofu). (*Atvrh.*: Og heldur ekki á 2. skrifstofu, eftir því, sem jeg best veit). Þá sjer maður, að fljótt mun ganga um afgreiðslu utanríkismálanna, ef spyrja þarf allar skrifstofurnar um jafneinfalt mál sem þetta.

Í frv. er aðeins sett búsetuskilyrði, en það er ekkert nýmæli, því jeg hygg, að svo muni vera í hvaða landi sem er. Hins vegar hefi jeg ekki fengið svar við því, hvað utanríkisstjórnin ætlast fyrir viðvíkjandi þessu búsetuskilyrði, að Ísland hefði til jafns við atvinnu í öðrum löndum. Vænti jeg nú að fá svar við þessu úr einhverri af utanríkisskrifstofunum.

Það er talin aðalnauðsyn þessa máls, að sölunni verði komið á rjettan rekspöl með fjelagsskap og aðstoð banka og landsstjórnar, en lendi ekki í höndum útgerðarmanna. Jeg er þeirrar skoðunar, að sölunni sje hvergi betur borgið heldur en í höndum ríkisstjórnarinnar, og mun jeg því þeirri brtt. fylgja, sem stefnir í þessa átt.

Hitt gat jeg um áður, að jeg er ekki svo hræddur um misklíð hjá öðrum ríkjum, þó að menn vilji setja skilyrði til verndunar atvinnurekendum landsins. Það getur hugsast millibilsástand um menn, sem átt hafa hjer eignir, og ætti stjórnin því að hafa rjett til þess að gera undanþágur um slíka menn, svo fyrirbygt yrði, að þeim verði skaði gerður eða misbeittir á annan hátt. Enda hygg jeg sjálfsagt, að úr þessu verði bætt, og ætti stjórninni ekki að verða skotaskuld úr því, þó að frv. verði samþ.

Annars hygg jeg, að utanríkisstjórnin, þótt ekki hefði nema eina skrifstofu, myndi geta notað þessi mál til samninga, en þar sem nýlega hefir sannast, að hún muni þreföld vera, þá mun alt ganga auðveldara fyrir henni, t. d. að hún nái samningum við Spánverja og víðar.

Annars þótti mjer það undarlegt í svari hæstv. forsrh. (J. M.), að hann vildi eins og gefa það í skyn, að jeg hefði sagt, að frv. þetta væri utanríkismál. Má vera, að jeg hafi ekki hagað orðum mínum þann veg, að ekki megi hártoga, en jeg átti við, að samningar, er rísa kynnu út af máli þessu, þeir heyrðu undir utanríkismál.

En þá þarf maður að vera vandur að orðum sínum, ef slíkt skilst ekki. Jeg gæti nú trúað, að illviljaðir menn myndu mæla á þá leið, að þegar gripið sje til slíkra svara við hógværum spurningum, þá muni stjórnin hafa litlar röksemdir fram að færa, nema það eigi þá að vera fyndni, og móti henni hefi jeg aldrei verið, ef jeg hefi getað skilið, hversu vel henni er fyrir komið.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að ekki væri að marka, þó að enn hefðu ekki kvartanir fram komið, því að aðrar þjóðir ljetu málin afskiftalaus, þangað til þau hefðu náð fram að ganga á þingi. Þetta er nú ekki allskostar rjett, því oft hefir verið kvartað áður en frv. er orðið að lögum. Að minsta kosti man jeg svo langt, að þegar kolaverslunareinokunin var á ferðinni, kom fram löng lest af sendiherrum, mig minnir 6—7, og mæltu í móti, og þetta gerðu þeir áður en þingið hafði afgreitt málið.

Vona jeg svo, að háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) mæli fyrir þeim brtt., sem við höfum borið hjer fram saman, og að hann fallist á viðbótina, sem er við 1. lið á þskj. 607. Þykist jeg því ekki þurfa að tefja hv. deild með lengri ræðu, og læt því máli mínu lokið.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá frá 1. þm. Eyf. (St. St.) feld með 18 : 4 atkv.

Brtt. 607,1. (ný 1. gr.) samþ. með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., M. G., M. J., M. P., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. E., B. Sv.

nei: H. K., J. Þ., M. K., P. J., S. St., Þorl. J., E. Þ.

Tveir þm. (J. S. og Þorl. G.) fjarstaddir.

Brtt. 616. samþ. með 14 : 5 atkv.

— 521,1 þar með fallin.

— 607,2 (2., 3. og 4. gr. falli burt) samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., M. G., M. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv.

nei: B. H., E. Þ., H. K., J. Þ., M. K., M. P., P. J., P. O., S. St., Þorl. J.

Tveir þm. (J. S. og Þorl. G.) fjarstaddir.

Brtt. 521,2, shlj. brtt. 607,2.

— 521,3 tekin aftur.

5. gr. verður 2. gr.

6. gr. verður 3. gr.

Brtt. 607,3 (ný 7. gr., er verður 4. gr.) samþ. með 18 : 1 atkv.

— 607,4 (8. gr. falli burt) samþ. með 14 : 7 atkv.

— 521,4 feld með 13 : 7 atkv.

9. gr. verður 5. gr.

Brtt. 607,5.a. (ný gr., sem verður 6. gr.) samþ. með 17 : 4 atkv.

— 607,5.b. (ný gr., sem verður 7. gr.) samþ. með 17 : 4 atkv.

— 607,5.c. (ný gr., sem verður 8. gr.) samþ. með 17 : 4 atkv.

— 607,5.d. (ný gr., sem verður 9. gr.) samþ. með 17 : 4 atkv.

— 607,5,e. (ný gr., sem verður 10. gr.) samþ. með 17 : 4 atkv.

— 599,a.—b. teknar aftur.

— 607,6 (ný 10. gr., sem verður 11. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.

— 595 kom því ekki til greina.

— 521,5 feld með 15 : 4 atkv.

Brtt. 615. (ný gr., sem verður 12. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 607,7 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 618).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr. Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. —

Guðjón Guðlaugsson: Jeg fæ ekki skilið, hvað á að gera með að koma með þetta frv. nú inn í deildina, því þing er brátt á enda, og vil jeg hafa atkvgr. um það, hvort deildin leyfir þessi afbrigði, og mun jeg greiða atkv. á móti því.

Guðmundur Ólafsson: Það hefir oft komið fyrir, að stórmál hafa komið frá hv. Nd. í þinglok, og þeim leyft að ganga óáreittum áfram, eftir því, sem tími hefir unnist til. Sje jeg ekkert á móti því, að þessu máli sje vísað til sjávarútvegsnefndar, og er þá hægt að láta það sofna þar ef vill, því að jeg býst ekki við, að það verði afgreitt nú. En málið er óneitanlega mikilsvert.

Sigurður Jónsson: Jeg hefi fylgst með máli þessu og athugað frv., og jeg sje, að ekki er hægt að samþykkja það óbreytt eins og það kom frá Nd. En málið er mjög mikilsvert, og vil jeg því, að því sje vísað til 2. umr. og nefndar, og vona jeg, að nefndin lagi það og breyti því.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð með 12 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., S. F., B. K., E. Á., G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., S. E., S. H. K., G. B.

nei: G. G., G. Guðf.

Enginn tók til máls um efni frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1653) með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., föstudaginn 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 618, n. 663 (minni hl.), 667, 668).

Frsm. minni hl. (Karl Einarsson): Jeg skrifaði nál. á þskj. 663, frá minni hl. sjútvn., og lagði til, að frv. yrði samþykt óbreytt. Mjer líkaði þó ekki frv. að öllu leyti, en það vakti fyrir mjer, að heimildin handa stjórninni til að taka síldarsöluna í sínar hendur væri svo mikilsverð, að þess vegna ætti frv. að ganga fram.

Síðan hafa komið fram brtt., sem mjer líka betur en frv. Þær taka upp einmitt þetta aðalatriði um sölu síldarinnar, en ekki annað. Jeg vil geta þess, að jeg felli mig betur við brtt. 668, því að samkvæmt henni nær einkasalan til allrar síldar, en ekki eingöngu til innlendrar. En þá tel jeg þetta einskisvirði, ef síld sú, sem útlendingar, og jafnvel þótt búsettir sjeu hjer, veiða hjer við land, er undanskilin.

Um afstöðu meðnefndarmanna minna get jeg ekkert sagt. Þeir voru á móti frv., en vildu þó leyfa, að það kæmi á dagskrá.

Halldór Steinsson: Það má segja líkt um þetta mál og önnur fleiri, sem hafa komið til okkar á þessum síðustu dögum. Það kemur frá háttv. Nd., þegar liðið er

fast að þinglokum, og er því lítill tími fyrir okkur til að athuga málið. Þó hygg jeg, að meiri hluti deildarinnar hafi verið því mótfallinn eins og það kom frá hv. Nd. En þetta er slíkt stórmál, að eigi hlýðir að leggja það á hilluna.

Á síðasta ári varð stórtap á síldarsölunni. Það tap skifti ekki tugum eða hundruðum þúsunda, heldur miljónum. Þetta hefir mikið stafað af samtakaleysi síldarseljenda. Hver hefir potað með sölu á sinni síld fyrir sig, í stað þess að hafa alla síld landsmanna á einni hendi. Flestir seldu síldina síðastliðið ár komna til Svíþjóðar, og þótt síldin væri metin hjer af lögskipuðum matsmönnum, þá dugði það ekki. Þegar til Svíþjóðar kom, var hún metin af Svíum og mikið af henni dæmt óhæf vara. Með þessu hafa Svíar smánað matsmenn vora, og enda þjóðina líka, því að þeir eru eiðsvarnir trúnaðarmenn hennar. Þetta hefði aldrei getað komið fyrir, ef öll salan hefði verið á einni hendi, og síst þó, ef landsstjórnin hefði haft söluna. Þetta tap hefir áreiðanlega mest stafað af samtakaleysi þeirra, sem seldu. Aðalatriðið er því, að koma allri sölunni á eina hönd.

Með þetta fyrir augum eru brtt. okkar hv. 1. landsk. þm. (S. F.) gerðar. Ýms önnur atriði frv. eru varhugaverð, og önnur þann veg vaxin, að þau geta vel beðið næsta þings. Jeg vil geta þess, að jeg felli mig betur við brtt. á þskj. 668, og tek því aftur 2. lið í brtt. á þskj. 667. Hygg jeg, að þessar brtt. gangi í þá átt, sem háttv. deild hefir helst hugsað sjer. Vona jeg því, að þær verði samþyktar, og er þá stigið talsvert spor í áttina til betra skipulags.

ATKVGR.

Brtt. 667,1 samþ. með 10 : 2 atkv.
— 667,2 tekin aftur.
— 668 samþ. með 9 : 3 atkv.
7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 667,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 667,4 samþ. án atkvgr.

9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 667,5 samþ. með 8 : 1 atkv.

12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 667,6 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 667,7 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 2 atkv. með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 669, 670).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Karl Einarsson: Það er óþarfi að mæla með þessari breytingartillögu, því hún gerir það sjálf. Það hefir verið felt þetta ákvæði úr frv., og veit jeg ekki hvers vegna, því lítið þýðir þótt stjórnin setji lög og reglur hjer að lútandi, ef engin ákvæði um sektir fylgja með fyrir brot á þeim. Hefi jeg af þessum sökum komið fram með þessa brtt., og vona að hún verði samþykt í háttv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 670. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 : 2 atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 677).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Háttv. Ed. hefir sýnt af sjer mikla rögg upp á síðkastið við að fella eða spilla góðum málum, sem þessi deild hefir sent til hennar. Jeg skal láta mjer nægja að benda á frv. um vjelgæslu á mótorskipum, sem drepið var þar í deildinni í einhverju bræðiskasti. Þessi Ed.-óburður, sem prentaður er á þskj. 677, er lítils virði, og læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvort hann verður látinn lifa eða ekki, úr því sem nú er komið. Raunasaga þessa frv. byrjaði snemma. Þegar í þessari deild kom í ljós undanhaldssýki hv. þingmanna, og menn eru venjulega ekki vanir að telja eftir sjer sporin, þegar á flóttabrautina er komið. Mjer þótti þetta gegna furðu í þessu máli, því hjer var reynt að marka þá stefnu, að við rjeðum sjálfir, hvernig atvinnuvegir okkar væru reknir. Jeg hefði þó reynt að sætta mig við frv. eins og það fór frá þessari deild, þó því væri mikið spilt hjer frá því sem í upphafi var, er það kom frá nefndinni, þá tjáir ekki að sakast um það nú, því ekki er hægt að breyta frv. hjeðan af í hið upprunalega horf. En það er óheppilegt, að tíminn skuli vera svona naumur, að deildirnar verði á vixl að ganga að frv., sem þær álíta gölluð og bæta hefði mátt úr, ef tími hefði til þess unnist. Jeg held, að frv. þetta sje komið í það horf, að það verði til lítils gagns eða einskis. Jeg vildi helst komast hjá því að greiða um þetta atkv., því þetta frv. verður aldrei annað en neyðarúrræði, úr því sem komið er.

Jón Baldvinsson: Það er rjett, að þetta frv. hefir tekið allmiklum stakkaskiftum í háttv. Ed. Ákvæðið um Síldveiðifjelagið er felt burtu, öll ákvæði um að sækja þyrfti um leyfi stjórnarinnar til veiða hjer við land eru skorin burt og það ákvæði, að stjórnin skyldi taka söluna í sínar hendur, er orðið að heimild. Frv. er því í raun og veru orðið alt annað; háttv. Ed. hefir gerbreytt því og alveg eyðilagt þann aðaltilgang þess, að fyrirskipa stjórninni að hafa söluna á hendi. En þó að svo sje, geta þessi lög komið að haldi, ef stjórnin vill fylgja því í þá átt, sem þessi deild vill, og nota heimildina út í æsar. Það er því miður ekki tími til að breyta því; annaðhvort verður að fella það eða samþykkja eins og það er. En það væri gott að fá upplýsingar um það, hvernig stjórnin ætlar að nota heimildina, eða hvort hún ætlar að nota hana, því ef svo er ekki, er þýðingarlaust að samþykkja frv.

Jeg er sammála háttv. þm. Ak. (M. K.), að það sje um undanhald Ed. að ræða í máli þessu, en jeg er honum ekki sammála um það, að undanhaldið hafi byrjað í þessari háttv. deild. Jeg held einmitt, að það, sem að síðustu varð ofan á hjer í þessari deild, hafi verið hin heppilegustu úrslit málsins.

En þó að þessu hafi nú verið kipt í burt og aðeins orðin eftir heimild handa stjórninni, held jeg samt, að rjettara sje að samþykkja frv.; því vilji stjórnin nota heimildina, þá getur hún vitanlega nálgast skipun. En jeg bíð eftir að heyra undirtektir stjórnarinnar og læt hjer staðar numið í bili.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það er ekki nema rjett, að stjórnin láti til sín heyra um þetta frv. eins og það er nú orðið. Ef svo er, að þeir menn (útgerðarmennirnir), sem hrundu máli þessu áleiðis í fyrstu, álíta, að gagn geti orðið að því, sem eftir er í frv., þá vill stjórnin ekki banda hendinni á móti heimildinni, og reynir þá, að því leyti, sem í hennar valdi stendur, að gera einhverja tilraun til fram-

kvæmda, því eins og málið nú er statt, verður það fyrst og fremst *tilraun*.

Jeg álít að það sje galli, að felt er burtu það, sem ráðgert var um fjelagsskap útgerðarmanna, og yfir höfuð finst mjer frv. hafa versnað síðan það fór hjeðan. Framkvæmdir í þessu máli verða að styðjast við gott samkomulag og fylgi síldarútgerðarmanna; að öðrum kosti tel jeg stjórninni það ofurefli.

Þó vil jeg ekki, eins og jeg sagði fyr, banda hendinni á móti frv., ef þeir, sem upphaflega fluttu það, telja það til bóta.

Gunnar Sigurðsson: Jeg er sammála hv. þm. Ak. (M. K.), að jeg er afaróánægður yfir þeim málalokum, sem hjer hafa orðið. Háttv. Ed. hefir breytt svo frv. þessu, að það sem áður mátti gott heita, er nú að engu orðið og alt skilið eftir í höndum stjórnarinnar. Og eftir að hafa heyrt undirtektir hæstv. atvrh. (P. J.), gef jeg ekki mikið fyrir slíka ráðstöfun.

En þó skal jeg taka það fram, að vildi stjórnin beita sjer fyrir þetta mál með oddi og egg, þá mætti mikið vinna á þessum heimildargrundvelli, með festu og vilja þessarar háttv. deildar að baki. Jeg er eins og allir vita andstæðingur stjórnarinnar, en þó sje jeg, að hún gæti mikið gagn gert í þessu máli, ef hún hefði vilja á því, og ætti hún þá að byggja á þeim grundvelli, sem Nd. Alþingis hafði lagt.

Þetta mál er svo mikilsvert, að það getur alveg riðið þessum atvinnuvegi, sem svo stopull er, að fullu, ef ekki er alt gert til þess að bjarga sölunni. Þess vegna vænti jeg, að frv. verði samþ., og vil jeg þá, sjeð frá því, skora á stjórnina að nota þessa heimild og byggja á þeim grundvelli, sem meiri hl. Nd. hefir lagt.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg veit nú ekki, hvort okkur ber eiginlega nokkuð á milli, háttv. 1. þm. Rang. (Gunn S.) og mjer.

Jeg vil byggja á þeim grundvelli, sem lagður var í Nd., að hafa útgerðarmennina með, en ekki á móti; þess vegna sakna jeg, að fjelagsskapur þeirra er numinn úr lögunum. Stjórnin verður að miklu leyti að haga sjer eftir því, sem þeim mönnum finst best og heppilegast, sem hjer eiga hlut að máli, Og þeir verða að koma sjer saman fyrst; því ella kæmu fram ólíkar tillögur.

Magnús Jónsson: Tveir háttv. þingmenn hafa nú minst á þá meðferð, sem frv. þetta hefir fengið í háttv. Ed., og verður ekki neitað, að sú meðferð er ljeleg og deildinni lítt sæmandi.

Jeg verð að andmæla því, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að orðið hefði vart við undanhald í þessari deild í máli þessu. Skilst mjer, að undanhald þetta eigi að miðast við brtt. okkar háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Við kusum aðeins aðra aðferð í einu atriði, en jukum við nýju atriði á öðrum stað, sem styrkti stórkostlega, svo að jafnvel það, sem eftir er í frv. og nýtilegt má kallast eftir útreiðina í Ed., er þó sú líftóra, sem blásin var í það af okkur. Sjest af þessu, hversu varasamt það er, þegar hið háa Alþingi er að marka sjer fasta línu með takmarkaðri þingsetu, því eflaust myndi það borga sig, þó að þingið lengdist um 2 daga, ef trygging væri fyrir því, að störf þess yrðu betur unnin.

Þá er jeg ekki sammála háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að það sje ekkert gagn að frv. eins og það er nú. Stjórnin getur efalaust gert sjer eins mikið gagn af því og frv. var, ef hún aðeins hefir einlægan vilja að framfylgja því, sem komið hefir fram hjer í deildinni. Jeg mun samþ. frv. eins og það er nú og leggja áherslu á, að þetta getur orðið grundvöllur að því, að stjórnin geti haft mikið gagn af því, ef

rjett er á haldið. Samkvæmt 2. gr. má upp í reglugerðina taka margt af því, sem var í frv.

Mjer skildist á hæstv. atvrh. (P. J.), þó að orð hans væru ekki sem skýrust nje ákjósanlegust, að hann teldi líklegt, að stjórnin myndi nota þessa heimild.

En jeg vona þá, að hún ekki aðeins noti heimildina, heldur að hún fari eins langt eins og hún sjer sjer fært, og ekki skemmra en ætlast var til hjer áður í háttv. deild.

Jakob Möller: Mjer finst þetta mál hafa tekið þeim stakkaskiftum síðan er það fór frá deildinni, að það sje ekki þekkjandi fyrir sama frv. og áður. Og það er áreiðanlegt, að frv. er orðið alt annað en þeir menn ætluðust til, er báru það fram í öndverðu.

Mig furðar á því, að sumir háttv. þdm. hafa ekki tekið eftir þeim stórvægilegu breytingum, sem frv. hefir tekið, t. d. að heimildin um að takmarka veiðina er nú í burtu feld. Þó virtist mjer, sem háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hefir rekið augun í þetta, en ætlar þó að sætta sig við frv. (*Gunn. S.*: Það má bæta úr þessu með reglugerðinni). Nei, það er ekki hægt með reglugerð, eftir að þingið hefir felt þetta ákvæði burt. En þetta er þó höfuðatriði málsins, og þessu takmarki átti lagasetning þessi að ná. (*Gunn. S.*: Stjórnin getur þá sett bráðabirgðalög). Já, hún getur sett bráðabirgðalög, en hún hefir ekki eins mikla ástæðu til þess, þegar þingið hefir sýnt, að því stendur á sama um það og telur það einskisvert.

Ef ekki veiðist meira en svo, að rjett sje hæfilegt til þess að fullnægja eftirspurninni, þá þarf ekkert að óttast; en það verður að halda uppi verðinu, þegar miklu meiri birgðir eru til en eftirspurn er fyrir, og það er þetta, sem mun reynast stjórninni fullerfitt, eftir því sem frv. er nú.

Í öðru lagi sje jeg ekki, að reglugerð þessi nái tilgangi sínum að þessu sinni, því stofnun fjelagsskaparins var stórvægilegt atriði að hafa að baki sjer. Nú er ætlast til, að stjórnin taki að sjer söluna fyrir hvern einstakan mann og borgi honum. Útlendingar munu sjálfir reyna að útvega verð á sína síld, og sje jeg ekki, að neitt fyrirbjóði þeim það að selja síldina sjálfir. Alt verður því eins og það var áður. Jeg get sem sje ekki sjeð, að þetta frv. hafi nokkra þýðingu, eða að sje til nokkurra bóta að afgreiða slík lög frá Alþingi. Þess vegna býst jeg við, að jeg geti ekki greitt atkv. með frv. eins og það er nú orðið.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg get tekið í sama streng og aðrir háttv. þdm., að mjer finst frv. hafa stórum spilst í háttv. Ed. Þó mun jeg ekki verða á móti frv. í þeirri mynd, sem það er nú, því mjer skilst, að það megi samt að gagni verða og til tryggingar atvinnuvegi þessum, ef einkasöluheimildinni er beitt.

Þess vegna vil jeg skora mjög fastlega á stjórnina að leita álits útgerðarmanna, hvort þeir ekki vilji, að heimild þessi sje notuð, og þeir fúsir að styðja að því. Stjórnin þarf að fá sjer til aðstoðar 2 góða menn, sem vanir eru síldarsölu, og slíka menn geta aðeins útgerðarmenn lagt til.

Það hefir helst spilt fyrir síldarsölunni að útlendir kaupmenn hafa flutt út heila farma af hálfverkaðri síld, áður en landsmenn gátu selt sína. Þetta spilti fyrir okkar síld og sölu hennar og áliti á erlenda markaðinum.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að lögin fyrirbygðu ekki, að útlendingar gætu selt sína síld, þá skilst mjer þó, að allir verði að lúta sömu skilyrðunum, og útlendingar geta síður fylt markaðinn með lítt hæfri vöru.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Út af ræðu háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) skal jeg geta þess, að enda þótt standi svo í 3. gr. frv., að ríkisstjórnin afhendi eigendum söluverð síldarinnar jafnóðum sem það greiðist, þá verð jeg að álíta svo, að þetta orðalag útiloki ekki, að það megi og verði að haga úthlutun síldarverðsins eftir sömu reglum og farið var eftir við úthlutun fiskverðsins í útflutningsnefndinni 1918—1919. Er það algerlega óframkvæmanlegt fyrir stjórnina að haga því á annan veg en svo, að gert sje nokkurskonar jafnaðarverð hjá öllum seljendum, er jafngóða vöru hafa.

Get jeg lýst því yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að sje þessi skilningur minn ekki viðurkendur rjettur á orðalagi 3. gr., þá getur stjórnin alls ekki framkvæmt heimildina. Ef sumt t. d. selst ágætlega, sumt illa og sumt alls ekki, þá er engin önnur leið til en jafna verðið millum seljenda.

Mega eigendur eigi bera þann halla, sem af mismunandi sölu kynni að verða, því að hann mundi oft og einatt geta átt sjer stað án þess þeir ættu nokkra sök á.

Bjarni Jónsson: Það hafa nú margir talað í svipaða átt, sem jeg hugðist að tala. Vildi jeg þó gera nokkrar sundurlausar athugasemdir.

Mjer sýnist sem háttv. Ed. hefði getað farið mýkri höndum um frv. þetta en hún hefir gert, en þar fyrir tel jeg þó sjálfsagt að samþ. frv., því jeg treysti vel stjórninni til að gera sjer mat úr leifunum.

Í takmörkunarákvörðunum, hve mikið mætti veiða, tel jeg mikla eftirsjá, en jeg hygg, að stjórnin geti haft nokkurn hemil á því. Mun stjórnin í hrossakaupum sínum hafa ákveðið, hversu marga hesta skyldi kaupa, og mun hún eins geta farið hjer að og ákveðið, hve margar síldartunnur hún vill hafa. Ef meir veiðist en hæfilegt þykir til sölu á erlendum markaði, þá verða síldareigendur að selja hana til skepnufóðurs, bræða lýsi úr henni eða nota hana á einhvern annan veg.

Hygg jeg, að stjórnin geti hjer mikið að gert, ef hún fylgir trúlega orðtækinu „farðu djarflega, en þó varlega, Gísli minn". En þá kröfu geri jeg til stjórnarinnar, að hún noti þessa heimild og telji hana fyrirskipun frá Nd. Alþingis. Hygg jeg, að ef stjórnin hefði haft söluna á hendi, þá mundi það eigi hafa komið fyrir 2 árin síðustu, að borgað væri fyrir að moka íslenskri síld í sjóinn. Lá þá fyrir stjórninni tilboð um kaup á strandvörsluskipi fyrir einungis 150000 kr., og mátti greiða andvirðið alt í síld. Ef stjórnin hefði fest kaupin þá, ættum við nú fagurbúin skip fyrir síldina, sem grotnaði í Eystrasalti, og borgað var um 10 kr. á hverja tunnu fyrir að koma henni í sjóinn. Varla mundi það heldur hafa komið fyrir, ef stjórnin hefði haft söluna á síðastliðnu sumri, að feiknin öll af síld væri flutt til Stokkhólms í gömlum og ónýtum tunnum, sem ekki þoldu hristing skipsins á leiðinni. Eigi mundi þá heldur hafa verið dyngt þangað í einu 4 skipsförmum af síld, heldur mundi hún hafa verið flutt þangað smátt og smátt.

Mætti lengur telja, þó jeg hirði eigi um, enda er þetta nóg til þess, að jeg hika eigi við að greiða frv. atkv., þó að jeg teldi hins vegar, að betur hefði á farið, að frv. gengi enn millum deilda og fengi sína endanlegu sköpun að rjettum þingsköpum. En á því mun enginn kostur, því að jeg hygg, að þingmaðurinn Sterling, sem nú ræður mestu um þingslitin, hindri það. Veit jeg eigi, hvaða kjördæmi hefir sent þennan þingmann. (*M. P.*: Hann er landskjörinn). Jæja, þá mun hann því síður láta undan þoka. En þá áskorun mína til stjórnarinnar vil jeg endurtaka, að hún telji sjer það skyldu að nota þessa heimild í samræmi við vilja Nd.

Magnús Jónsson: Jeg er sammála hæstv. atvrh. (P. J.) um, að ekki geti komið til mála, að stjórnin selji síldina í smá-„partíum“ fyrir hvern einstakan síldareiganda, og gæti því heldur eigi verið um það að ræða, að útlendingar, sem veitt hefðu síld hjer, fengju sína síld keypta.

Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að við mundum eigi hafa tekið eftir breytingum, sem orðið hefðu á frv., t. d. takmörkunin á veiðinni væri feld burtu.

Jú, við höfum athugað þetta, en þessi takmörkun var einmitt veikasti punkturinn í frv., því það var mjög tvísýnt, hvort hægt yrði að koma takmörkuninni við, en svo er enn þess að geta, að stjórnin getur vel sett takmörkunarákvæði í reglugerðina, sem alveg getur komið í stað ákvæðisins í frv. Það er langt frá, að jeg vilji mæla því bót, hvernig háttv. Ed. hefir leyft sjer að ganga frá frv., en þar fyrir álít jeg samt, að vel megi notfæra sjer þessa heimild, svo að hún komi að miklu gagni. Held jeg, að með framkvæmd þessa frv. gæti fengist nauðsynleg og góð reynsla, en hana vantar einmitt nú, og væri því vel, ef byggja mætti á henni skynsamlega á næsta þingi. Legg jeg einmitt fyrir þetta ríka áherslu á, að frv. verði samþykt. En sennilegt þykir mjer, að ómögulegt verði fyrir stjórnina að framkvæma heimildina, nema með því að koma á samtökum með síldarútgerðarmönnum. Má vera, að fjelag sje til, sem hún getur snúið sjer að.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vildi sjerstaklega andmæla því hjá háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að stjórnin hlyti að verða máttlaus milliliður. Þarf hún alls eigi að vera það, sýni hún rögg af sjer. Held jeg, að vantraust háttv. þm. (Jak. M.) á núverandi stjórn eigi sinn þátt í þessari ætlun.

Jeg hygg, að það saki lítið, þó takmörkunarákvæðið um veiðina væri felt í burtu, því að útgerð mun nú verða með langminsta móti. Held jeg, að þrátt fyrir að frv. Ed. er hinn mesti óburður og ætti helst að sendast heim á sinn fæðingarhrepp, þá sje þó, eins og nú standa sakir, rjettast að samþykkja það, því að talsverð bót má að því verða, ef sæmilega er á haldið.

Jakob Möller: Jeg hefi ekki getað breytt mikið um skoðun á frv. við umr. þær, sem fram hafa farið um það.

Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði, að það mundi mest hafa spilt síldarsölunni undanfarið, að útlendingar hefðu flutt út hálfverkaða síld og selt hana sem íslenska síld.

Hygg jeg, ef þessu er svona varið, að þá væri athugunarefni, hvort ekki mætti ná betur tilganginum með lögunum, á þann hátt að framfylgja stranglega síldarmatslögunum.

Umræðurnar um samlagssölu snerta í raun rjettri ekki málið, því hjer verður um enga samlagssölu að ræða. Það er nú úr sögunni. 3. gr. frv. verður tæplega skilin öðruvísi en svo, að stjórnin eigi að selja fyrir hvern einstakling sjerstaklega og skila honum andvirðinu. Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að stjórnin gæti ekki tekið söluna að sjer, ef þessi skilningur á 3. gr. væri rjettur. Finst mjer, að stjórnin þurfi vel að athuga þetta atriði, og sýnist mjer, að úr þessu verði tæplega öðruvísi skorið en með dómi. Gæti þá svo farið, að þetta yrði ríkissjóði nokkuð dýrt, ef dómurinn fjelli þannig, að stjórnin hefði farið rangt að. Skal jeg auðvitað eigi fullyrða, að skilningur minn á greininni sje rjettur, enda er jeg eigi lögfræðingur, en samkvæmt daglegu máli verður hún tæpast öðruvísi skilin.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að síldarsalan hefði tekist betur undanfarið, ef henni hefði verið hagað svo og svo. Má vel vera, að það sje rjett, en spurningin er,

hvort þetta frv. muni geta ráðið nokkra bót á agnúunum, sem verið hafa. Og um það verð jeg mjög að efast, eftir að háttv. Ed. hefir numið takmörkunina á veiðinni burtu, því að stjórnin er bundin við að fara eftir þeim lögum, er þingið setur.

Sami háttv. þm. (B. J.) benti einnig á, að takmörkunin næðist með því, að stjórnin ákvæði, hve mikið magn hún seldi. En þetta getur ekki verið rjett. Annaðhvort hefir stjórnin heimild til að takmarka eða hún hefir hana ekki. Hún getur að vísu neitað að selja nema eitthvert ákveðið magn, en geri hún það, getur hún ekki bannað einstökum mönnum að selja síld sína, sem þeim var fullfrjálst að veiða. Það gæti raunar hugsast, að stjórnin takmarkaði veiðina með því að gefa út bráðabirgðalög í því skyni, en þess er tæplega að vænta, þar sem það er ekki samkvæmt vilja þingsins, og sýnist það fremur óviðeigandi að hvetja stjórnina til að fara í kringum þau lög, sem þingið setur.

Skiftir hjer engu, hversu orð kunna að falla hjá einstökum þingmönnum og vilji þeirra í þessu efni. Stjórnin verður alt að einu að fara eftir þeim lögum, sem þingið hefir sett, og það er í raun og veru alveg óhugsandi, að stjórnin telji sjer leyfilegt að framkvæma það, sem að vísu fólst í hinu upphaflega frv., en hefir nú verið felt í burtu. Sýnist mjer, að þetta sje sú eina rjetta ályktun, sem hægt er að draga af frv.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) taldi það óhugsandi, að stjórnin seldi síldina í smáskömtum, en þá veit jeg ekki, hvernig ætti að selja hana yfirleitt, því að ekki verður hjá því komist að selja hana í smáskömtum, eftir því sem hún veiðist. Það var öðru máli að gegna þegar gerðir voru samningar um sölu síldarinnar til Svíþjóðar, en nú mun það óhugsandi. Ef menn hugsa sjer, að stjórnin verði bundin við það að hafa ein kaup á allri síldinni í einu, þá geta þeir, sem hún vill selja, sett henni stólinn fyrir dyrnar. Því verður stjórnin að haga sjer eins með söluna eins og einstakir menn. En hvort sem verður, þá er ómögulegt að girða fyrir það, að kaupandinn fái hina og þessa til að bjóða fyrir sig. Og þótt útlendingar fái að veiða, þá stöndum við ekki skrefi nær.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn S.) taldi það hneyksli, að trúa ekki stjórninni til að fara með þetta mál. En jeg hefi ekki sagt eitt orð í þá átt, og satt að segja hefi jeg heldur tekið hennar málstað í þetta skifti. Jeg hefi reynt að gera grein fyrir því, að þessi lagasetning, sem gert er ráð fyrir, sje óframkvæmanleg.

Háttv. samþingismaður minn var að tala um, að óþarfi væri að takmarka veiðina, af því að hún takmarkaðist af sjálfu sjer, vegna getuleysis almennings. En það hefir ekki vakað fyrir mönnum að takmarka veiði Íslendinga, heldur útlendinga. Ef háttv. þingmaður gæti fært rök að því, að þeir væru getuminni en áður, þá væri ástæða til að taka athugasemd hans til greina. En jeg veit ekki betur en að geta útlendinga sje meiri nú en áður, enda eru ríkin farin að styrkja þá til veiðanna hjer við land. Mjer finst, að þingmenn ættu ekki að villa sjálfum sjer sýnir með þessu, en gera sjer fulla grein fyrir því. Og sje ekki gagn að lagasetningu þessari, þá er rjettara að falla frá henni.

Stefán Stefánsson: Það er nokkuð til í því, sem sagt hefir verið, að þetta frv. sje mjög á annan veg en það var, er það fór hjeðan úr deildinni, enda hafa því verið valin ýms niðrandi nöfn, þar sem hv. frsm. (M. K.) nefndi það „óskapnað“ og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.).

Jeg lít svo á, að frv. þetta, ef það verður að lögum, muni hafa talsvert spillandi áhrif á síldarsölu hinna smærri útvegsmanna, er veiða síld á vjelbáta. Hagur

þeirra flestra er ekki svo, að þeir geti keypt dýrar tunnur og salt, og verða því að selja síldina nýveidda, og þá er það svo venjulegast, að hærra verð fæst fyrir þá síld hjá útlendum en innlendum mönnum, eins og eðlilegt er, þar sem þeir hafa að öllum jafnaði betri aðstöðu, bæði með söluna erlendis og flutningskostnað og annað fleira.

Hvernig mundi nú stjórnin fara að, ef útlendingur kæmi til að kaupa nýveidda síld? Sem sagt veiða margir síldina á smáum bátum, og verða því að selja í smáskömtum daglega. Og hvað gerir þá stjórnin, ef útlendingar vildu ekki kaupa þessa síld af mönnum, einmitt vegna þess, að þeir vildu ekki eiga undir því, hvort stjórnin heimilaði þeim að flytja út og selja síldina á erlendum markaði? Eða mun hún telja slíka sölu sams konar og selda erlendis, þar sem þeir menn væru kaupendur?

Flestir innlendir síldarútvegsmenn vilja ógjarnan kaupa síld af öðrum, heldur aðeins selja þá síld erlendis, sem þeir láta veiða. Jeg hugsa því, að þetta verði til þess, að þessir smáútvegsmenn verði að hætta við síldveiðar, þar sem þeir geta ekki búist við að fá það verð, sem þeir þurfa að fá, eða þá geta alls ekki selt, sem jeg hygg, að þá verði venjulega afleiðingin.

Það þarf ekki smávegis efni til að kaupa tunnur og salt, er nægi um veiðitímann. En það þarf ekki stór efni til að kaupa fáein síldarnet, og bátarnir eru litlir, og veiða þeir svo eftir hendinni, er tími og tækifæri leyfir.

Veiðiskapur þessara manna yrði stórlamaður með þessu frv., ef ekki eyðilagður.

Jeg verð að líta svo á, að takmörkun á veiðinni sje ekki heimil eftir frv. Jeg sje ekki, að stjórnin geti sett nein takmörk um það, hvenær sú mesta veiði, sem hún treystir sjer til að selja, er komin á land.

Nú stendur hjer í frv., að ríkisstjórnin afhendi eigendum söluverð síldar þeirrar, er hún selur, jafnóðum og það greiðist, en mjer skildist á hæstv. atvrh. (P. J.), að stjórnin tæki ekki að sjer framkvæmd frv. eða laganna á annan hátt en þann, að gefa jafnaðarverð. Þetta sýnist mjer stríða á móti orðalagi og meiningu greinarinnar, og því vafasamt, hvað af þessu gæti leitt í framkvæmdinni.

Málið er því bæði vafa- og vandamál, enda hefir það altaf verið að taka meiri og meiri breytingum, og er, að öllu athuguðu, eðlilegast, að það bíði úrslita næsta þings og því sje vísað til stjórnarinnar, og geri jeg það að tillögu minni, að því verði vísað til hennar að umr. loknum.

Jón Baldvinsson: Jeg játa það, að orðalag 3. gr. er dálítið óheppilegt. Jeg hygg, að þann skilning beri að leggja í ákvæði 3. gr., að meðalverð sje sett á hina seldu síld, og seljendum eða eigendum síldar afhent það meðalverð, en ekki verð þeirrar síldar, er selst í það og það skiftið, jafnóðum og hún selst. (*Jak. M.*: Hjer er það ekki tekið fram). Þegar frv. var breytt í hv. Ed., hafa verið tekin burt öll ákvæðin um Síldveiðifjelagið, en þar kom greinilega fram, að fjelagið átti að setja jafnaðarverð á selda síld. Landsstjórnin átti aðeins að afhenda Síldveiðifjelaginu andvirðið, jafnóðum og það kom inn, en fjelagið átti að hafa á hendi aðalskiftingu milli eigenda. Og ákvæði 3. gr. nú hljóta að vera bygð á sömu hugsun og fólst í þessum ákvæðum frv. áður en því var breytt. Jeg hefi átt tal um þetta við einn hv. þm. úr Ed., sem mikinn þátt átti í breytingum á frv., og ljet hann einnig þessa skoðun í ljós. Og þótt þessi orð

sjeu vafasöm, þá getur stjórnin útvegað sjer skýra heimild í þessu efni með bráðabirgðalögum.

Um takmörkun á veiðinni er ekki minst neitt á hjer. En í 2. gr. er ákvæði um það, að stjórnin geti takmarkað, hvað mikið hún taki til sölu, og það er talað um, að hún geti sett reglugerð um útflutninginn, og þá hygg jeg, að hún geti hagað því svo, að hinir smærri verði ekki útundan. Og því hygg jeg, að sá ótti hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sje ástæðulaus. En hann er andvígur frv. og vill það feigt, og er sú aðstaða hans fullskiljanleg.

Að öllu athuguðu álít jeg rjett, að deildin afgreiði málið, í trausti þess, að stjórnin noti heimildina til að taka að sjer sölu síldarinnar.

Jakob Möller: Út af því, sem háttv. samþm. minn (J. B.) sagði um skilninginn á 3. gr., að þar væri átt við jafnaðarverð, þá álít jeg að það sje ómögulegt að leggja þann skilning í hana, því að það er beint sagt, að söluverðið skuli greiðast jafnóðum og það er greitt til stjórnarinnar — hún á að afhenda það jafnóðum. Einmitt það verð, sem fæst fyrir hvert „parti", sem er selt í það og það skiftið. Það er ómögulegt að leggja annan skilning í þessi orð. Jafnaðarverð er ekki hægt að reikna út, fyr en vertíð er úti og öll síldin er seld.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Út af því, sem stendur í fyrri málsgrein 3. gr., þá álít jeg, að það geti orðið dýr til beggja handa. Sá rjetti skilningur þarf ekki endilega að vera sá, sem háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) heldur fram; það má eins skilja það á hinn veginn. Og þegar jeg fyrir mitt leyti, og í nafni stjórnarinnar, tek það hjer fram, að það verði að vera jafnaðarverð á síldinni, þá skil jeg ekki, að nokkur dómstóll mundi dæma eftir hinum skilningnum, eftir þessum fyrirvara, sem þá er samþyktur af þinginu jafnframt þessu frv., ef það nær samþykki.

Magnús Jónsson: Það er aðeins stutt athugasemd viðvíkjandi söluaðferðinni. Jeg tel óhugsandi, að stjórnin taki að sjer að selja einstök „parti" fyrir einstaka menn, heldur verður hún að skoða alla síldina sem eina heild og láta höpp og óhöpp jafnast á heildina alla. Það getur því ekki komið til mála, að einstakir útlendingar geta fengið að kaupa sinn eigin afla af sjálfum sjer, og farið svo með hann eftir sem áður á undan öðrum og spilt með honum markaðinum. Þeir geta ef til vill fengið afla sinn keyptan, ef stjórninni líst svo, en þá verða þeir að borga fyrir hann það verð, sem **stjórnin telur** gott verð, og andvirðið rennur til allra síldarframleiðenda að rjettri tiltölu. Mundu þeir þá sennilega minna ákafir í það, og alls ekki að það sje sama sem að þeir gætu „stungið af" með aflann, eins og þeir gera nú, til stórskaða fyrir Íslendinga.

ATKVGR.

Tillaga frá 1. þm. Eyf. (St. St.) um að vísa málinu til stjórnarinnar var feld með 16 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þór. J., B. H., Jak. M. St. St.

nei: Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., Gunn. S., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. J., M. K., P. O., P. Þ., S. St., Sv.. Ó., B. Sv.

Sex þm. (M. G., Ó. P., P. J., M. P., E. E. og H. K.) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 684).

Önnur mál.

I. Traustsleitun stjórnarinnar í efri deild.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10 maí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forsætisráðherra (J. M.): Það fer nú að líða að þinglokum, og vildi jeg því biðja hæstv. forseta að bera það undir þessa háttv. deild, hvort hún óski, að ráðuneytið beiðist nú lausnar eða ekki. Vildi jeg jafnframt óska þess, að þetta fari fram umræðulaust.

Forseti (G. B): Hæstv. forsætisráðherra hefir afhent mjer skriflega málaleitun sína, og hljóðar hún svo:

> *„Ráðuneytið biður um atkvæðagreiðslu um, hverjir óski, að það beiðist lausnar nú, og hverjir ekki“.*

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins spyrja um það, hvort meiningin sje sú að greiða um þetta atkvæði nú á þessu augnabliki. Þar sem hjer er um svo verulegt atriði að ræða, leyfi jeg mjer að mælast til þess, að frestur verði tekinn í málinu, svo þingmönnum gefist færi á að tala um þetta mál í þeim flokkum, sem þeir eiga heima í.

Forseti (G. B.): Jeg sje mjer ekki annað fært en að verða við beiðni hæstv. forsætisráðherra (J. M.), og þar sem hann hefir mælst til þess, að þetta sje borið upp til atkvæða umræðulaust, þá mun jeg verða við þeirri ósk hans. — Komi hinsvegar háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) fram með till. um, að málið verði rætt, mun jeg taka hana til greina og bera hana upp til atkvæða á undan.

Sigurður Eggerz: Það er hjer að ræða um traust eða vantraust á hæstv. stjórn, og verð jeg að telja með öllu óforsvaranlegt, að slíkt mál gangi í gegn umræðulaust, og verð jeg því undir öllum kringumstæðum að krefjast þess, að umræður um málið verði leyfðar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það einasta, sem hjer er um að ræða, er þetta, hvort háttv. deildarmenn vilji nú, eins og sakir standa á þessu augnabliki, að stjórnin fari frá eða ekki. — Spurningin er afareinföld og ætti að vera skiljanleg hverjum manni.

Sigurður Eggerz: Mjer er ómögulegt að skilja þetta öðruvísi en að hjer sje hreint og beint spurt um það, hvort hæstv. stjórn hafi traust þingmanna eða ekki. Að slík atkvæðagreiðsla fari fram, án þess menn fái svo mikið sem að gera grein fyrir atkvæði sínu, það álít jeg hreinustu ósvinnu. Og ef háttv. deild samþykkir slíkt, þá skoða jeg svo, sem ofbeldi sje þar með framið á þeim, sem ræða vilja málið.

Jeg vildi aðeins láta þessi orð fylgja þessari fáheyrðu athöfn, og það með, að

hjer er nokkuð á ferðinni, sem þjóðin skal fá að heyra og dæma um síðar.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg lít á þetta aðeins sem bráðabirgðaákvæði. (*S. E.*: Bráðabirgðaákvæði!!!).

ATKVGR.

Samþykt, að atkvæðagreiðsla skyldi fara fram umræðulaust, með 8 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Á., G. G., G. Guðf., G. Ó., Jóh. Jóh., S. H. K., S. J., S. F.
nei: H. St., H. Sn., S. E.
G. B., B. K., K. E. greiddu ekki atkv.

Var síðan til atkvæða gengið um það, hverjir óskuðu að ráðuneytið beiddist lausnar nú og hverjir ekki. Nafnakall var viðhaft, og sögðu

já: H. Sn., K. E., S. E., alls 3,
nei: G. G., G. Guðf., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., S. H. K., S. J., S. F., E. Á., G. B., alls 10.
B. K. greiddi ekki atkvæði.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þakka háttv. deild greið svör og góð. Það hefir ekki tíðkast hjer áður að láta slíka atkvæðagreiðslu sem þessa fara fram umræðulaust, en jeg tel óhugsandi annað en það verði talið gott fordæmi að taka upp þann sið hjer, eins og alsiða er á öðrum þingum, í stað þess að eyða hvað eftir annað mörgum dögum í umræður um traust eða vantraust. (*S. E.*: Eru umræður bannaðar þar um málið?). Háttv. þm. (S. E.) veit eins vel og jeg, að slík mál eru einatt útkljáð í einum rykk á erlendum þjóðþingum.

II. Ruðning úr landsdómi.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var rutt úr landsdómi tvennum tylftum manna, samkvæmt 8. gr. laga nr. 11, 20. okt. 1905, um landsdóm.

Forseti (G. B.): Stjórnarráðið hefir með brjefi, dags. 15. þ. m., tjáð mjer, að farist hafi fyrir á árinu 1918 að kjósa varamenn í landsdóm, samkvæmt 8. gr. laga nr. 11, 20 okt. 1905, en nú hafi varamenn þessir verið kosnir á síðastliðnu ári, að tilhlutun ráðuneytisins. Af þessum kjörnu 72 varamönnum ber því nú að nefna frá 24.

Þessum tvennum tylftum manna má ryðja hvort heldur með einfaldri kosningu eða listakosningu. Þess hefir verið farið á leit við mig, að listakosning verði viðhöfð, og hefir mjer borist einn listi, sem á standa þessi nöfn:

Jón Ólafsson, kennari í Vík,
Eggert Pálsson, prófastur á Breiðabólstað,
Einar Jónsson, hreppstjóri á Kálfsstöðum,
Ólafur V. Briem, prestur á Stóra-Núpi,
Gísli Skúlason, prestur á Stóra-Hrauni,
Magnús Jónsson, bóndi í Klausturhólum,
Gísli Jónsson, bóndi á Stóru-Reykjum,
Guðmundur Einarsson, prófastur í Ólafsvík,
Kolbeinn Jakobsson, hreppstjóri í Unaðsdal,
Kristján Linnet, sýslumaður á Sauðárkróki,
Pálmi Pjetursson, kaupmaður á Sauðárkróki,
Pjetur Ólafsson, sýslunefndarmaður á Hranastöðum,
Stefán Stefánsson, bóndi á Varðgjá,
Ingólfur Bjarnarson, hreppstjóri í Fjósatungu,
Þórður Gunnarsson, hreppstjóri í Höfða,
Halldór Stefánsson, bóndi í Hamborg í Fljótsdal,

Sveinbjörn Guðmundsson, stöðvarstjóri á Reyðarfirði,
Einar Friðriksson, bóndi í Hafranesi,
Garðar Gíslason, kaupmaður í Reykjavík,
Klemens Jónsson, fyrv. landritari í Reykjavík,
Ottó N. Þorláksson, Vesturgötu 29 í Reykjavík,
Eggert Claessen, hæstarjettarmálaflutningsmaður í Reykjavík,
Helgi Sveinsson, bankastjóri á Ísafirði,
Ottó Tulinius, kaupmaður á Akureyri,
alls 24 nöfn.

Fleiri listar hafa ekki borist, og lýsi jeg þá yfir því, að þessir tuttugu og fjórir menn, sem á listanum eru taldir, eru rjett kvaddir frá við ruðning úr landsdómi, og verða þessi úrslit tilkynt forseta landsdóms.

III. Áskorun um kvöldfundi.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (B. Sv.): Mjer hefir borist eftirfarandi brjef:

„Vjer undirritaðir alþingismenn neðri deildar Alþingis leyfum oss hjer með að óska þess, að kvöldfundir verði sem oftast haldnir í deildinni, auk hinna venjulegu deildarfunda, til þess að flýta fyrir afgreiðslu málanna.

Neðri deild Alþingis,
3. maí 1921.

Sigurður Stefánsson, Pjetur Ottesen, Þórarinn Jónsson, Pjetur Þórðarson, Þorleifur Guðmundsson, Björn Hallsson, Einar Þorgilsson, H. J. Kristófersson, Jón Sigurðsson, Sveinn Ólafsson, Þorsteinn Jónsson, Eiríkur Einarsson, Jón A. Jónsson, Þorleifur Jónsson, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson."

Þykir mjer gott að hafa brjef þetta í höndum, svo að jeg viti ger, hver vilji háttv. þm. er í þessu efni. En því hefi jeg eigi haldið kvöldfundi til þessa, að mál hafa verið í nefndum, og þær haft ærið að starfa, en meðan svo hefir verið, hafa kvöldfundir eigi verið tíðkaðir undanfarið. Hafa og nefndirnar farið þess á leit, að kvöldfundir væru ekki haldnir, og það síðast í gærkvöldi.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi ekkert á móti beiðni þessara háttv. þingmanna, heldur þvert á móti, því þá ætti frekar að mega ljúka málunum. En jeg vildi leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að kalla eftir frv. tveimur frá háttv. allsherjarnefnd, sem jeg á hjá henni, um endurbætur á kosningarrjetti manna.

Mun nefndin hafa lokið svo störfum sínum, að hún getur komið með þau, og ætti þá að vinnast tími til að halda svo marga þingfundi, að frv. þessi næðu fram að ganga, svo að kjósendur fengju rjett sinn óskoraðan. Ætti þetta eigi síður að vera hægt en það, að halda 6 þingfundi á 10 mínútum, eins og hjer var gert fyrir stuttu, til að afgreiða mál frá þinginu.

Forseti (B. Sv.): Þar sem þessi ósk er fram borin, um að flýta fyrir málum þessum, þá vona jeg, að þessi mikilvirka nefnd leggist ekki á málið, sem kallað er, og dragi ekki um skör fram að skila því frá sjer.

Sigurður Stefánsson: Þakka hæstv. forseta áminningarnar, en læt hann jafnframt vita, að nefndin mun haga sjer eftir sínum kringumstæðum.

Bjarni Jónsson: Þessi ummæli hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) munu eiga að merkja það, að nefndin ætli alls eigi að skila frv. Munu ástæður hennar fyrir því vera köpuryrði nokkur, sem fallið hafa frá mjer í garð hennar. Þykir mjer gott, að það sjáist í Þingtíðindunum, hversu göfugar ástæður henni hafa til gengið til að halda fyrir kjósendum rjetti þeirra.

Forseti (B. Sv.): Jeg legg þann skilning í orð háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að nefndin muni ætla sjer að greiða fyrir málunum. Er svo umr. lokið um mál þetta, og verður tekið til dagskrár.

IV. Leiðrjetting þingræðna.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, áður en til dagskrár væri gengið, mælti

forseti (G. B.): Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli háttv. þdm. á því, að nú þegar Alþingi er háð á hverju ári, þá virðist oss svo, forsetum og skrifstofustjóra Alþingis, að nauðsynlegt sje að byrja sem fyrst á prentun Alþingistíðindanna, til þess að þeim geti orðið lokið fyrir byrjun næsta þings. Þess vegna viljum vjer áminna háttv. þm. um að leiðrjetta ræður sínar jafnóðum og þær eru lagðar fram á lestrarsal þingsins.

Innanbæjarþingmönnum verður ekki leyft að taka ræður heim til sín eftir þinglausnir, eins og að undanförnu, en lestrarsalnum verður haldið opnum fáeina daga frá því, er síðustu ræðuköflum er þangað skilað af hendi innanþingsskrifara, til þess að þingmenn eigi kost á að fara *þar* yfir ræður þær, sem þeir áttu ekki kost á að sjá fyrir þinglok.

Á 52. fundi í Nd., s. d., ljet forseti (B. Sv.) hinu sama yfirlýst um leiðrjetting þingræðna.

V. Kosningakæra frá Ísafirði.

Á 3. fundi í Sþ., fimtudaginn 19. maí, *gaf kjörbrjefanefnd skýrslu um kosningakæru frá Ísafirði 1920* (sbr. þskj. 550).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg skal ekki þreyta menn með langri framsögu; aðeins vil jeg með fáum orðum skýra frá, að hvaða niðurstöðu nefndin hefir komist, eftir að hafa kynt sjer kosningakæruna, þingbókina, sem hefir inni að halda rannsókn hennar, og önnur skjöl henni viðvíkjandi. Um þingbókina vildi jeg segja það sama og sagt var einu sinni um aðra bók, að jeg sje eftir pappírnum í hana, því þar er óþarflega langt mál um ekki meira efni.

Allir nefndarmennirnir eru sammála um, að þingbókin beri greinilega með sjer, að rannsóknin hefir ekki leitt neitt það í ljós, sem ónýtt gæti kosninguna á Ísafirði 1919, þar sem ekki er upplýst, að áheit eða mútuboð þau, er ræðir um í kærunni, hafi haft áhrif á kosninguna, og því síður sannað, að alþingismaður Jón Auðunn Jónsson hafi haft vitneskju um, að slíku var reynt að beita. Aftur álíta 2 af nefndarmönnunum rjett að rannsaka mál þetta nánar, sökum þess, að upplýst er við rannsóknina, að Bjarni Bjarnason ökumaður hefir heitið á menn fje til þess að kjósa Jón A. Jónsson og greitt það að einhverju leyti að kosningunni lokinni; ennfremur er það upplýst með eiðsvörnum framburði eins vitnisins, að Bjarni hafi beint boðið fje í sama tilgangi. Álit tveggja nefndarmanna er nú, að þessar aðfarir Bjarna höggvi svo nærri 114. gr. hegningarlaganna, að ástæða sje til, að þetta verði rannsakað til hlítar. Við

álítum varhugavert fyrir þingið að ganga inn á þá braut, að láta óátalið, að menn gangi um og heiti fje á menn, ef ákveðinn maður verður kjörinn til þings. Jeg er ekki áfjáður í að reyna að koma mönnum í hegningarhúsið, og að mínu áliti eru hegningarlög okkar altof ströng og orðin svo mjög á eftir tímanum, að bráð nauðsyn er á endurskoðun þeirra. En úr því, að á annað borð er verið að refsa mönnum, þá á að refsa þessum manni, sannist það, að hann hafi mútað, því það er sannarlega varhugavert, fari það að tíðkast, að menn gangi um við kosningar og bjóði fram mútur beint eða óbeint. Í nefndinni kom fram sú skoðun, að ekki mætti halda rannsókn áfram, því það kæmi niður á konu mannsins og börnum, sem væru algerlega saklaus; þetta er rjett, en svo er þetta altaf. Svo er heldur ekki víst, að þótt rannsókn verði haldið áfram, þá verði maðurinn settur í fangelsi, allra síst nema einfalt. Verið getur og, að við rannsóknina sannaðist sakleysi hans, og auðvitað væri það hið besta, þótt það sje ósennilegt, eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en legg til, að málið verði frekar rannsakað, af þeirri ástæðu, sem jeg hefi áður tekið fram, að nærri liggur, að 114. gr. hegningarlaganna hafi verið brotin. Það átelur nefndin, að við rannsóknina var aðalkærandinn kallaður fyrir rjett í Reykjavík, en ekki á Ísafirði, þar sem hann kveðst, enda var slíkt augljóst, geta gefið meiri og betri upplýsingar.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi skrifað undir með fyrirvara, og hið sama hafa þeir gert háttv. þm. Ak. (M. K.) og háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.). Fyrirvari okkar þýðir ekki það, að við sjeum að efninu til ósamþykkir meðnefndarmönnum okkar, því við neitum því ekki, að það, sem stendur í skýrslunni, sje rjett. En við erum þeirrar skoðunar, að ekki sje rjett af þinginu að fara enn að vasast í þessu máli. Jeg vil engu spá um, hvernig ný rannsókn mundi enda, en við, sem til þekkjum, vitum, að mjög er vafasamt, hvort þeir, sem borið hafa fram kæruna, hafi hreinni hendur en hinir. Jeg get tekið undir það, sem hv. frsm. (Gunn. S.) sagði, að það er ljótur siður að ganga um og heita peningum, ef einhver viss maður kemst að, en mikið spursmál er, hvort því verður hætt nokkuð fremur fyrir því, þótt þetta mál verði rannsakað nánar. Auk þess er eins líklegt, að ekkert frekar sannist í málinu við nýja rannsókn. Þegar á alt er litið, er því mikið spursmál, hvort borgar sig að rekast meira í þessu máli.

Benedikt Sveinsson: Þareð engin tillaga liggur fyrir um það, hvernig fara skuli með þetta mál, þá legg jeg til, að því verði vísað til stjórnarinnar.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Meining okkar var sú, að máli þessu yrði vísað til stjórnarinnar með þeim fyrirvara, að hún láti rannsaka málið frekar.

Rjett er það, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að ekki er fyllilega upplýst, hvort 114. gr. hegningarlaganna hefir verið brotin. En þó er fullkomin ástæða til að rannsaka þetta mál nánar og láta mann þennan að minsta kosti fá alvarlega áminningu.

ATKVGR.

Málinu vísað til stjórnarinnar með 23 : 3 atkv.

VI. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 18. maí, var tekin til meðferðar

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð.

Forseta barst einn listi með nöfnum 5 alþingismanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Jón Þorláksson,
Hjörtur Snorrason,
Þorsteinn Jónsson,
Þórarinn Jónsson,
Magnús Kristjánsson.

2. Verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".

Á 3. fundi í Sþ., fimtudaginn 19. maí, var tekin til meðferðar

Kosning þriggja manna í verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".

Kosningu hlutu:

Jón Þorkelsson, þjóðskjalavörður, með 32 atkv.

Sigurður Nordal, prófessor, með 24 atkv.

Hannes Þorsteinsson, skjalavörður, með 23 atkv.

Prófessor Einar Arnórsson hlaut 19 atkv., dr. Páll E. Ólason 8 atkv., Guðmundur prófessor Finnbogason, Benedikt alþm. Sveinsson, Ólafur prófessor Lárusson og Klemens Jónsson, fyrv. landritari, 1 atkv. hver. 2 seðlar auðir.

3. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning 3 yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1920 og 1921.

Kosið var hlutfallskosningu samkvæmt fyrirmælum 15. gr. stjórnskipunarlaga nr. 12, 19. júní 1915.

Forseta bárust 3 listar með nöfnum 5 alþingismanna. Voru á A-lista: præp. hon. Kristinn Daníelsson og Matthías Ólafsson, á B-lista: Jakob Möller og Matthías Ólafsson og á C-lista: Jörundur Brynjólfsson.

Kosningin fór svo fram:

A-listinn hlaut 16 atkv.
B-listinn — 7 — og
C-listinn — 13 —, en
4 seðlar voru auðir.

Forseti lýsti kjörna yfirskoðunarmenn

Kristin Daníelsson,
Jörund Brynjólfsson,
Matthías Ólafsson.

4. Framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir það, sem eftir er tímabilsins frá 1. jan. 1920 til 31. des. 1925.

Kosningu hlaut

Síra Vilhjálmur Briem, með 19 atkv.

Klemens Jónsson, fyrv. landritari, hlaut 4 atkv., Einar Gunnarsson bóndi 2 atkv. og Guðjón Guðlaugsson alþm. 1 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

5. Yfirskoðunarmaður Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning yfirskoðunarmanns Landsbankans fyrir tímabilið frá 1. jan. 1922 til 31. des. 1923.

Kosningu hlaut

Guðjón Guðlaugsson alþm., með 19 atkv.

Ólafur Briem, fyrv. alþm., hlaut 18 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

6. Bankaráðsfulltrúi.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning eins manns í fulltrúaráð Íslandsbanka fyrir tímabilið 1921—1923.

Kosningu hlaut

Bjarni Jónsson alþm., með 20 atkv.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran alþm.

hlaut 8 atkv., Georg Ólafsson cand. polit. 2 atkv., Klemens Jónsson, fyrv. landritari, 1 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

7. Gæslustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 75. fundi í Ed., föstudaginn 20. maí, var tekin til meðferðar

Kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. jan. 1922 til 31. des. 1925.

Listakosning var viðhöfð, samkvæmt ósk margra þingmanna.

Forseta barst einn listi, er á stóð Klemens Jónsson.

Forseti lýsti því kjörinn

Klemens Jónsson, fyrv. landritara.

8. Mat á hlutabrjefum Íslandsbanka.

Á 4. fundi í Sþ., laugardaginn 21. maí, var tekin til meðferðar

Kosning tveggja manna, með óhlutbundnum kosningum, til þess að meta verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur í Íslandsbanka, samkvæmt 5. gr. nýafgreiddra laga frá þinginu um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Kosningu hlutu

Björn alþm. Kristjánsson með 17 atkv.
Þorst. hagstofustj. Þorsteinsson — 15 —

Magnús Jónsson prófessor hlaut 2 atkv., Pjetur Ólafsson kaupm. 1 og Böðvar Bjarkan lögfræðingur 1 atkv., en 22 seðlar voru auðir.

VII. Starfsmenn þingsins.

Á 5. fundi í Ed., mánudaginn 21. febrúar, og á 5. fundi í Nd., s. d., skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn Alþingis:

Skrifstofustjóri:

Jón Sigurðsson frá Kallaðarnesi (settur í sjúkdómsforföllum Einars Þorkelssonar skrifstofustjóra).

Skrifstofan:

Jón Sigurðsson (áður bæjarfógetafulltrúi), Brynjólfur Stefánsson, Helgi Hjörvar.

Skjalavarsla og afgreiðsla:

Kristján Kristjánsson.

Prófarkalesarar:

Pjetur Lárusson, Theodora Thoroddsen.

Lestrarsalsvarsla:

Ólafía Einarsdóttir, Petrína Jónsdóttir.

Innanþingsskrifarar:

Í efri deild: Ingimar Jónsson, Garðar Þorsteinsson, Pjetur Magnússon, Kristján Jónsson, Sigurjón Árnason*), Jóhann Hjörleifsson*).

Í neðri deild: Jón Thoroddsen, Vilhjálmur Þ. Gíslason, Hálfdan Helgason, Einar Sæmundssen, Magnús Magnússon, Sveinn Víkingur Grímsson, Sigurður Sigurðsson**), Bergur Jónsson**), Gústaf Jónasson***), Ari Jónsson***).

Ræðuskriftir í sameinuðu þingi annist fyrst og fremst skrifararnir í Ed., en jafnframt er það tekið fram, að allir skrifarar verða að hlíta ákvæðum forseta og skrifstofustjóra um skriftir annarsstaðar en í þeirri deild, sem þeir eru sjerstaklega ráðnir í. Verða t. d. Nd.-skrifarar að taka kafla í Sþ., ef svo ber undir, og jafnvel í Ed., og skrifarar í Ed. hins vegar að fara í Nd., ef á því verður talin þörf.

---

*) Teknir 22. febr.
**) Teknir 23. febr.
***) Teknir 5. maí.

Verðir:

Magnús Gunnarsson, Þorlákur Davíðsson, Magnús Sigurðsson, Jón Þorsteinsson.

Þingsveinar:

Björn Hjaltested, Karl Kristinsson, Gísli Sigurbjörnsson, Dagbjartur Gíslason, Stefán Bjarnarson*), Stefán Runólfsson**), Sigfús Sighvatsson, Einar Baldvin Pálsson.

Símavarsla:

Kristín Sigurðardóttir, Þórunn Aðils.

VIII. Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 79. fundi í Ed., laugardaginn 21. maí, las forseti upp skýrslu um störf deildarinnar á þessu þingi. Að því loknu mælti

forseti (G. B.): Þetta eru tölurnar, en hitt er meira um vert, að vjer höfum hjer í efri deild haft til meðferðar óvenjumörg og mikilsverð málefni. Má þar nefna frv. til laga um hlutafjelög og þau þrjú sifjamál, sem afgreidd hafa verið sem lög frá Alþingi, — þessa miklu rjettarbót, er vafist hefir fyrir þinginu undanfarin ár, en er nú loks farsællega til lykta leidd fyrir mikla vinnu og dugnað deildarmanna.

Þá ber að geta eins nýmælis, frv. um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, og tveggja þingmannafrv. mjög mikilvægra: Fyrst frv. til laga um samvinnufjelög, og loks síðasta og mesta vandamálsins, sem legið hefir fyrir þessu þingi: peningamálin, bankamálin. Það er ekki um of sagt, að þetta er mesta vandamálið, sem fyrir þinginu lá, og hefir þessi deild ótvírætt átt mestan þátt í því, hve farsællega það nú er til lykta leitt.

Jeg veit, háttv. þingbræður, þið minnist þess, að þegar við komum hingað í vetur, þá settumst við á þingbekkina í þungum þönkum, því við vissum, að nú voru erfiðari tímar á þessu landi en nokkru sinni áður í okkar minni, jafnvel erfiðari en meðan ófriðurinn mikli stóð yfir. Við vissum líka, að aldrei höfðu fyrir Alþ.legið svo mörg og mikilsverð mál, og aldrei verið úr vandara að ráða í því efni að bjarga þjóðinni fram úr fjárhagsklungrum. Jeg, sem ekki hefi annað gert en stjórna störfum þingsins, get sagt, að því meira fagnaðarefni er það, að alt hefir ráðist betur en á horfðist. Það er kunnugt, að þjóðin bar lítið traust til þessa þings í vetur þegar það kom saman. Hún vissi, að þar var enginn fastur flokkur og flest í molum, og vænti þess vegna lítilla afreka. En þetta hefir farið á alt aðra leið; og verð jeg nú að lýsa yfir því, að jeg hefi aldrei vitað betur unnið á Alþingi en í vetur, — enda hefði ekki ella tekist að leiða svo ótalmörg vandamál til lykta, sem auðið varð.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að einn af elstu og reyndustu mönnum þingsins sagði við mig í morgun, að hann færi nú miklu glaðari af þingi en hann hefði komið. — Það hefir því miður ekki æfinlega verið hægt að segja svo; en jeg vona, að í þetta skifti getum við allir tekið undir orð þessa aldna manns.

Nú vil jeg óska, að þetta mikla starf megi koma að tilætluðum notum, að þjóðin megi leysast úr læðingi fjárkreppunnar og hagur hennar blómgast á allar lundir. Jeg veit, að háttv. fundarmenn eru einhuga um það að óska fósturjörðinni allrar blessunar, og bið jeg menn að standa upp

*) Hvarf frá starfinu 26. mars.

**) Hvarf frá starfinu 19. febr., og var þá tekinn í hans stað næsta dag Sigurður Árnason.

úr sætum sínum því til sönnunar. (Allir stóðu upp).

Að lokum vil jeg svo þakka ykkur, háttv. þingbræður ljúfa samvinnu og óska ykkur góðrar heimferðar og heillar afturkomu. Segi jeg svo störfum deildarinnar á þessu þingi lokið.

Sigurður Jónsson: Það verður líklega lengi í minnum haft, hvað þetta þing hefir orðið langt, enda gengur það víst, hvað þetta snertir, næst aukaþinginu 1918. Hæstv. forseti mintist áðan á störfin, sem hafa verið af hendi leyst hjer í háttv. deild, og hve vel þau hefðu gengið, og þakkaði þetta góðri samvinnu og samkomulagi okkar þingmanna. En jeg vil þá taka það fram, að hæstv. forseti hefir ekki átt hvað minstan þátt í því, heldur einna mestan. Það eru ýmsir eiginleikar, sem þarf til þess að vera foringi, á hvaða sviði sem er. Það þarf víðsýnt og glögt auga. Þar næst röggsemi, því það er ekki nóg að sjá hvað gera þarf, heldur verður líka að framkvæma það. Loks þarf lipra lund og ljúfa framkomu, svo að hinir kostirnir fái notið sín til fulls. — Allir þessir eiginleikar mætast hjá hæstv. forseta og hafa átt sinn drjúga þátt í því að ljetta undir og flýta störfum deildarinnar.

Eftir mínum skilningi mun það hafa vakað fyrir mönnum, þegar þessi deild var stofnuð, að hjer skyldi ráðdeildin og lögfestan eiga sæti. — Jeg skal ekki fara neitt út í það, hve vel deildin hefir staðið í stöðu sinni, en skal aðeins taka það fram, að hafi hún nokkurntíma náð þessu markmiði, þá er það undir stjórn þessa hæstv. forseta og ef hún mætti að fullu mótast af þeim eiginleikum, sem hann á til að bera, þá tel jeg vel farið.

Það er því ekki einasta fyrir störf hæstv. forseta á þessu þingi, sem jeg vil leyfa mjer að þakka honum, heldur og fyrir þau góðu áhrif og heilnæma andrúmsloft, sem hann hefir veitt hingað inn í deildina, síðan hann tók að stýra störfum hennar.

Bið jeg svo háttv. deildarmenn að standa upp, í virðingarskyni við hæstv. forseta, og árnum honum allra heilla. (Allir þingdeildarmenn stóðu upp).

Forseti (G. B.): Jeg þakka innilega fyrir þessu fögru orð —, og nú óska jeg ykkur, kæru þingbræður, enn á ný góðrar heimferðar og góðrar afturkomu hjer á Alþing.

Segi jeg svo þessum fundi slitið.

B. Í neðri deild.

Á 77. fundi í Nd., laugardaginn 21. maí, las forseti (B. Sv.) upp skýrslu um störf deildarinnar. Síðan mælti

forseti (B. Sv.): Jeg skal að síðustu þakka háttv. þingmönnum fyrir góða samvinnu. Þótt stundum hafi eitthvað bjátað á, þá er það ekki meira en gengur og gerist og einatt hlýtur að verða, ekki síst á svo löngu þingi sem þessu, er nú hefir háð verið. Óska jeg svo þingmönnum farsarheilla og góðrar heimkomu og vænti, að við megum heilir hittast á komanda vetri. Segi jeg svo þessum síðasta fundi þessarar deildar á þessu þingi slitið.

IX. Þinglausnir.

Á 4. fundi í Sþ., laugardaginn 21. maí, kl. 1 miðdegis, þinglausnafundi, að lokinni dagskrá, skýrði forseti í stuttu máli frá störfum þingsins á þessa leið:

Fundir.

Í neðri deild	77
– efri deild..	79
– sameinuðu þingi	4
Alls ..	160

Mál.

A. Frumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp
   a. lögð fyrir Nd. 31
   b. — — Ed. 18
   ——— 49
2. Þingmannafrumvörp
   a. flutt í neðri deild 55
   b. flutt í efri deild 9
   ——— 64

Alls 113

Þar af:

a. Afgreidd sem lög
   frá neðri deild.. 32
   frá efri deild 39

Alls 71

(Þar af stjórnarfrv. 35
en þingmannafrv. 36).

b. Feld
   í neðri deild 4
   í efri deild 5
   ——— 9

(Þar af 2 stjórnarfrv.
en 7 þingmannafrv.).

c. Afgr. með rökst. dagskrá í Ed. 3
   ——— 3

(1. stj.frv., 2 þm.frv.).

d. Tekið aftur í efri deild 1
   ——— 1

(þingmannafrv.).

e. Ekki útrædd
   í neðri deild 22
   í efri deild 7
   ——— 29

B. Tillögur:

1. Bornar fram í neðri deild 24
2. Bornar fram í efri deild 6
3. Bornar fram í sameinuðu þingi 1

Alls 31

Þar af:

a. Afgr. til stjórnarinnar sem
   1. Ályktanir Alþingis.. 4
   2. Ályktanir neðri deildar.... 10
   3. Ályktanir efri deildar .. 2

Alls 16

b. Ályktanir um skipun nefnda
   í neðri deild 2
   í efri deild 3
   ——— 5

c. Feldar eða vísað frá
   í neðri deild 5
   í sameinuðu þingi 1
   ——— 6

d. Tekin aftur
   í neðri deild 1
   ——— 1

e. Ekki útræddar
   í neðri deild 3
   ——— 3

C. Fyrirspurnir:

Bornar fram í Nd. og báðum svarað 2
——— 2

Alls til meðferðar á þinginu 146 mál.

Síðan mælti:

forseti: Störf þessa þings hafa verið mikil, og mörg af málum þeim, sem fyrir því hafa legið, mjög vandasöm og erfið viðfangs. Einlægur vilji allra þingmanna hefir verið að taka þær ályktanir, sem að þeirra dómi væru nauðsynlegar og nægilegar til bjargráða atvinnuvegum landsins og fjárhag þess, og er það einlæg ósk okkar allra, að störf Alþingis hafi verið þannig, að þetta hafi tekist.

Að endingu vil jeg óska öllum þeim

þingmönnum, sem heima eiga utanbæjar, góðrar heimfarar og heimkomu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Í nafni og umboði hans hátignar konungsins lýsi jeg því yfir, að þessu þrítugasta og þriðja löggjafarþingi Íslendinga er slitið.

Stóð þá upp **Sigurður Stefánsson,** þm. N.-Ísf., og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn Tíundi!“

Tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.